


**Tilhugalíf : Jón Baldvin : kaflar úr þroskasögu stjórnámamanns /  
Kolbrún Bergþórsdóttir skráði.**

Jón Baldvin Hannibalsson.  
Reykjavík : Vaka-Helgafell, 2002.

<http://hdl.handle.net/2027/coo.31924100454168>

# HathiTrust



[www.hathitrust.org](http://www.hathitrust.org)

**Creative Commons Attribution**

[http://www.hathitrust.org/access\\_use#cc-by-3.0](http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-3.0)

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). Please check the terms of the specific Creative Commons license as indicated at the item level. For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>.



EX LIBRIS



•THE  
PETER DIRLAM FUND•  
THE FISKE ICELANDIC  
COLLECTION•CORNELL  
UNIVERSITY LIBRARY•



EX LIBRIS



•THE  
PETER DIRLAM FUND•  
THE FISKE ICELANDIC  
COLLECTION•CORNELL  
UNIVERSITY LIBRARY•





Ice  
DL  
380  
J66  
K65  
2002

JÓN BALDVIN  
**TILHUGALÍF**



JÓN BALDVIN

# TILHUGALÍF

KAFLAR ÚR ÞROSKASÖGU  
STJÓRN MÁLAMANN

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR  
SKRÁÐI



VAKA-HELGAFELL



**Jón Baldvin – Tilhugalíf**

© Jón Baldvin Hannibalsson og Kolbrún Bergþórsdóttir 2002

Kápa: Loftur Ólafur Leifsson

Ljósmynd á kápu: Kristinn Ingvarsson

Umbrot: Edda hf./EJ

Prentun: Oddi hf.

Vaka-Helgafell · Reykjavík · 2002

ISBN 9979-2-1653-0

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á  
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

40,416

# Efnisyfirlit

<b>KAFLI I · Blíða bernskutið</b> . . . . .	<b>11</b>
Brúðkaupið sem aldrei var haldið · Í móðurranni · Ástir og örlög · Feður og synir · Hugsjónamaðurinn Hannibal · Mörlandi frá Miðjarðarhafi? · Báturinn hét Bryndís · Stebbi skó: Sálnahirðir kratanna · Rauði bærinn · Rauði bærinn · Einvalalið til forystu · Hinn vestfirski Che Guevara · „Bannfærð sjónarmið“ · Ögurstund · Fornfrægt höfuðból · Íþróttir og andlegheit · Margt býr í þokunni · Dragspil og dunandi dans · Fyrsta kosningabaráttan · Skáldið á slóðum Fóstbræðrasögu	
<b>KAFLI II · Að slíta barnsskónum</b> . . . . .	<b>47</b>
Barist við ofurefli · Stórskotalið Ísafjarðarkrata · Rökræður í hálfra öld · Ekki illa úr ætt skotið · Borgarastyrjöld á Austurvelli · Fulltrúi Engeyjarættarinnar · Jarlinn á Leirubakka · Ofþroskuð sannleiksást · Brosið sem lýsti upp sólkerfið · Snert hörpu mína himinborna dís	
<b>KAFLI III · Uppreisnarmaður í Lærða skólanum</b> . . . . .	<b>65</b>
Beturvitringur með hugann annars staðar · Rokk og ról á sal · Árla kem ég á Ellefu ... · Vitni að pólitískri aftöku · Tvíeykin í íslenskum stjórnámálum · Þú var þín fyrsta ganga, frændi · Sæst yfir moldum Hafliða · Óverjandi málstaður og samúðin í augnaráðinu · Á síldarplani tilverunnar · Hinn rétti tónn · Fjarsamband við New York · Hin nýja stétt · Þetta mjóa mitti og þessi löngu lær · Þið bætið hvort annað upp · Vana menn vantar um borð · Sloppið með skrekkin	
<b>KAFLI IV · Alma Mater: Edinborg</b> . . . . .	<b>93</b>
Brúðarrán um borð í Gullfossi · Heimildarrit vestrænnar menningar · Borgin er byggð á sjö hæðum · Í fóstri hjá Skotum · Lenín í andaglasi · Í góðum félagsskap · Fréttafalsanir fjölmiðla · Í anda Múhameds Alís · Háski nektarinnar · Skosk þjóðernishygga · Af þjóðhetjum og umbótamönnum · Arfleifið heimsveldisins · Bækur sem breyttu lífinu · J.M. Keynes: Hagfræðikenning handa krötum · „Ósýnilega höndin“ í fatla	

- Í staðinn fyrir Marx – og Hayek · Hægri sveifla · Joseph A. Schumpeter: Kapítalism, sósíalism og lýðræði · Menntamenn og markaðurinn · Karl Popper: Opna þjóðfélagið og óvinir þess · Sannleiksvitni 20. aldar · Sjö mánuði á leið · Leyndarmál Bryndísar · Syndir feðranna · Pólítísk djamm-sessjón á Ísafirði · Bryndís: Einnar messu virði · Húsakostur og hagstjórnarvíska · Söknuður og sektarkennd · Páskaferð til Parísar
- KAFLI V · Eitt skref aftur á bak – tvö skref áfram . . . . . 143  
 Hlé á námi – sest í lagadeild · Í Austurvegi · Vitni um veröld sem var · Á bókum Moldár · SÍA og leyniskýrslurnar · „Jón kemur bráðum heim ...“ · Kommúnismi og jafnaðarstefna · Höfundur Íslands og Sovétrúboðið · *Gerska ævintýrið?* · Skáldaleyfi · Hugsjónir og hindurvitni · Gegn breska samningnum · Njósnaþingurinn sem kom út af Naustinu · Sovéskt kafbátalægi í Skötufirði? · Edinborg kvödd með stæl · Svíþjóð: Mekka jafnaðarstefnunnar · Fóstbræðralag endurvakið · „Þriðja leiðin“ · Þjóðfélagsverkfræði á la Erlander · Norræna módelið: Ótímabærar andlátsfregnir
- KAFLI VI · Heim til föðurhúsa . . . . . 179  
 Þríeyki hagstjórnarvísunnar · Hollráð dr. Benjamíns · Talað fyrir daufum eyrum · Selstúlkan og skáldjöfrarnir · Ræða efasemdarmannsins · Fjölskyldumálagníð · Gaffalbitar og gedshræringar · Að þykja vænt um fólk · „Hafið þér lesið *Ulysses*?“ · „Hvur er þessi Hannibalsson?“ · Getur dúx orðið að manni? · Uppeldisfræði og fæddir kennarar · „Ef sverð þitt er stutt – gakktu þá feti fram“ · Bolsinn og ballerínan · Við veisluborð Aldísar og Björgvins · Vesturgatan: Hús með sál · Vestfirskt sendiráð · „Hver vill reisa Ísland við?“ · Refurinn og yrðlingurinn
- KAFLI VII · „This town ain't big enough for the both of us“ . . . . . 207  
 Á vitlausum vallahelmingi · Lognið á undan storminum · Saga þín er saga vor · Mannréttindahreyfing okkar tíma · Hugmyndasmiðja íslenskra stjórn mála · Samsæriskenningar og sjálfsblekkingar · Waterloo Hannibals: Tónabíósfundur og I-listaframbod · Austri og útkjálkabláðamennskan · Austfjarðagoðinn og lúðvískan · Að greina rétt frá röngu · Vorið í Prag · Liðsmenn Moskva · Rússagullið: Pólítískir lífeyrisþegar · Spurningar sem enn biða svars · Í EFTA-nefnd: Fyrstu skrefin í átt til Evrópu · Að spila í landsliðinu
- KAFLI VIII · Ástarstjarna yfir Hraundranga . . . . . 237  
 Ungur, reiður maður · Bryndís tekur í taumana · Blað skilur bakka og egg
- KAFLI IX · Að skapa skóla . . . . . 245  
 Forsending eða nýtt tækfæri? · Bryndís í barbaríið · Skóli er ekki hús – skóli er fólk · Í þakkarskuld · Aga er þörf í (hjálpræðis)hernum · Eigi skal

- haltur ganga · Eitthvað fyrir andann · Bolungarvíkurblús · Svanasöngur skáldsins · Indíanahöfðinginn · Ung áhöfn og atorkusöm · Að leita að sjálfum sér · Að missa glæpinn · Vinnuálag í verstöðinni · Sjálfsnám í stað ítrodslu · Musterið ris · Trúboðar á ferð · Trú og vísindi
- KAFLI X · Bæjarmál og bræðravíg . . . . . 275**  
 Góður skóli · Attaniossi Bryndisar · Já, en það gæti hafa verið satt · Vestfirskt þorablót upp á nýsjálensku · Uppákomur innanlands og utan · Arftaki Hannibals · „Þetta er nóg! – þetta er nóg!“ · Illa haldið á spilum · Að uppskera eins og til er sáð · Að týna erindisbréfinu · Heilsuspillandi skeytasendingar · Vilmundarvitið · Hannibal snýr aftur · Andleg sjóferðabók · Pólitískur farandsirkus · Hermannssyni kippir í kynið · Bræðravígin eru verst · Farsinn um fyrirgreiðslupotarann · Ólafur Ragnar á refilstigum · Bedið eftir Godot · Einvígi við Íslands-Bersa
- KAFLI XI · Frá Vestfjörðum til Vesturheims . . . . . 315**  
 Nixon og Watergate · Á slóðum Vestur-Íslendinga · Andleg endurnýjun við Harvard · Samanburður hagkerfa · Kappræða aldarinnar: Friedman gegn Galbraith · Fjármálaráðherra Abessiniu · Fjarstýrðir forsetafram- bjóðendur: Carter gegn Ford · Hugsað heim · Hvers vegna eru sumar þjóðir ríkar en aðrar snauðar? · Menningarsjokk í villta vestrinu · Að lifa með stæl og deyja með stæl
- KAFLI XII · Úr pólitískri útleð . . . . . 333**  
 Til liðs við Alþýðuflokkinn · Kominn til að vera · Tveir töffarar taka á honum stóra sínum · Að þora eða þora ekki · „Það sem að helst hann varast vann ...“ · Kratafrumvarpið sem varð að Ólafslögum · Pólitísk sjúkdómsgreining · Höfundarrétturinn og háskólaprófessorinn · Skóla- meistarahjónin borin út · „Skelltu þér um borð!“ · Valdi viðátta og Cesar umbodsmáður · Málsvörn gegn breskri réttvísi · Finnbogasaga ramma · Andlegt stórveldi · Heimsmaður og hreppstjóri · „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi“ · Sitt er hvað, gæfa og gjörvileiki
- KAFLI XIII · Spámaðurinn og safnaðarbréfið . . . . . 365**  
 Veik forysta · Aftaka Ólafiu · Að reka flóttann · Tapað tafl í tímahraki · Viljinn til valda · Veröld sem var · Grundvallarsjónarmið · Jafnaðarstefna gegn frjálshyggju · Lýðræði gegn kapitalisma · Godsögnin um Sjálfstæðis- flokkinn · Ísland á undanþágu · Á atkvæðamarkaðnum · Hvað ber að gera? · Dæmisaga frá Þingvöllum · Tilfinningastormur í (bleksvörtum) kaffibolla · Samsæriskeningar og heilaspuni · Ys og þys út af engu · Kveðjustund · Málstaður til að berjast fyrir · Hvar er samherja að finna? · Saga Jóns Baldvinssonar · Gustmikill gestur og ritstjóri Þrövu
- KAFLI XIV · Á Alþingi í stjórnarandstöðu . . . . . 401**  
 Hinn mikli tímaþjófur · Utan dagskrár · Svona hefur þetta alltaf verið ...

Lög á færifandi fyrirreiðslunnar · Alþingismenn í bankastjórleik · Að setja kíkinn fyrir blinda augað · Talað yfir tónum sal · Versti viðskilnaður lýðveldissögunnar · Vitlaust forrit · Don Kíkóti og vindmyllurnar · Æðrulaus í Arnarhvoli · Fórnarkostnaður framsóknaráratugarins · Framsóknarhagfræði: Niðurtalning og skipulagshyggja · Að slá erlend lán fyrir útflutningsbótum · Að hætta annarra manna fé ·

KAFLI XV · Rödd hrópandans í eyðimörkinni . . . . .	429
Mannréttindaskrá · Atkvæðisréttur og verslunarvara · Landið eitt kjördæmi · Lægsti samnefningarinn · Prófkjör í aftakaveðri · Frambjóðendur og fjölmiðlar · Þagnarmúrinn · Hólmanga við vin litla mannsins · Er kristinn dómur (al)íslenskur? · Tófuvinafélagið hleypur í skarðið · Týndi sauðurinn – og hinir 99 réttlátu · Dagur í lífi stjórnmálamanns · Kosningaúrslit: Dagur reiðinnar · Ný helmingaskiptastjórn · Stjórnarmyndunarviðræður · Kynslóðareikningar úr skorðum	
KAFLI XVI · Formaður í (deyjandi) flokki . . . . .	459
„Man ég okkar fyrri fund ...“ · „Hvað hefur ríkistjórnin gert þér?“ · Pólitískt sprengiefni · Framboð til flokksformanns · Ég á mér draum · Hverjir eiga Ísland? · Allt að vinna – engu að tapa	
Eftirmáli við tilhugalíf . . . . .	475
Eftirmáli skrásetjara . . . . .	478
Bókarauki . . . . .	479
Vantraustræða · Svarta skýrslan · Að skapa skóla	
Nafnaskrá . . . . .	498

*Til Bryndisar*

*Lífið er eilíf leit: Leit að lífsskoðun, leit að lífshamingju,  
leit að lífsfyllingu. Þetta er í mínum huga leitin að fegurðinni  
í lífinu. Hana fann ég hjá þér og með þér.*



## KAFLI I

# Blíða bernskutið

Ég fæddist í Alþýðuhúsinu á Ísafirði 21. febrúar 1939, um hálfu ári áður en Hitler sigaði hersveitum sínum inn í Pólland og hleypti heiminum í bál og brand. Þar með hófst seinni heimsstyrjöldin. Fjölskylda mín bjó á efstu hæð í Alþýðuhúsinu af því að faðir minn, Hannibal, hafði verið frumkvöðull að byggingunni; auk þess sem hann bar ábyrgð á rekstri húss og mötuneytis fyrir verkafólk í kjallaranum. Þessi höll alþýðunnar var veglegasta samkomuhús bæjarins og byggt að stórum hluta fyrir sjálfboðavinnu fátæks verkafólks á kreppuárunum. Kreppukarlarnir létu verkin tala og Alþýðuhúsið á Ísafirði ber stórhug þeirra vitni enn í dag. Fyrir utan að vera heimili okkar var húsið kvikmyndahús, félagsheimili og miðstöð verkalyðsfélaganna. Þegar ég áratugum síðar sá hugljúfa ítalska mynd sem heitir *Cinema Paradiso* rifjádast það upp fyrir mér að eins og söguhetjan þar er ég fæddur í kvikmyndahúsi. Vinsælustu bíómyndirnar á æskuárum mínum voru Tarzan og kúrekamyndir úr villta vestrinu um útrýmingu indíána í Norður-Ameríku. Ég hélt með indíanunum. Alla tíð síðan hef ég haft ofnæmi fyrir draumaverksmiðjunni í Hollywood.

Sólveig, móðir mín, var nær dauða en lifi eftir að hafa fætt mig. Hún veiktist af barnsfararsótt og lá milli heims og helju á sjúkrahúsi upp undir ár. Læknir var búinn að skrifa upp á dánarvottorðið en átti eftir að dagsetja það. Móðir mín trúði því að hún hefði farið yfir landamærin miklu en Guð hefði af mildi sinni bænheyrt hana og sent hana til baka svo að börnin hennar yrðu ekki móðurlaus. Þess vegna trúði hún á Guð.

Sjálfur var ég veikburða fyrirburi sem hafði ekki krafta til að sjúga næringu úr pela. Arnór, bróðir minn, segist muna þegar komið var með reifastrangann heim af sjúkrahúsinu; hvítvodungurinn hefði minnt á fuglunga – var lítið annað en skinin beinin – og hafði varla krafta til að orga. Þegar móðuramma mín, Guðriður Hafliðadóttir frá Strandseljum, spurði þau tíðindi að dóttir hennar lægi fyrir dauðanum og að hinu nýfædda barni

væri vart hugað líf, greip hún til sinna ráða. Hún yfirgaf hús og heimili á Strandseljum og kom til Ísafjarðar, þar sem hún tók að sér hvítvöðunginn og þetta umkomulausa heimili ásamt eldri systkinum mínum fjórum. Hún lifgaði mig við með hafraseyði. Og þegar líf fór að færast í fuglsungann dældi hún í mig lýsi sem varð lífsbjörg mín. Síðan hef ég drukkið lýsi á hverjum morgni alla mína ævi. Í höndum ömmu braggadist ég brátt og varð hinn pattaralegasti. Ég á ömmu minni líf mitt að launa.

### Brúðkaupið sem aldrei var haldið

Á uppvaxtarárum mínum lifðu enn í munnmælum frásagnir af ýmsum forfedrum mínum og formæðrum víðsvegar við Djúpið. Margt af þessum sögum fór inn um annað eyrað og út um hitt. Ég hafði ekki enn vit til að skilja að margar hverjar voru þetta listilegar dæmisögur, sem höfðu almennt gildi þótt þær væru tengdar nafngreindri sögupersónu og staðbundnum aðstæðum. Ein slík sögupersóna sem enn lifði á vörum fólks var langafi minn, sem Hafliði hét, og var kallaður molla. Sagt var að hann færi aldrei að neinu með asa, samanber viðurnefnið, heldur hefði sitt fram með hægð og festu.

Lengi fram eftir ævi festi Hafliði ekki ráð sitt en bjó í Ögri þar sem hann var staðarhaldari eða ráðsmaður, en hann þótti sérstaklega verklaginn og hagur. Grjótgardurinn í fjöruborðinu fyrir neðan heimatúnið í Ögri, sem á að verja túnið fyrir ágangi sjávar, er listilega hlaðinn og stendur enn í dag til marks um verklagni langafa míns.

Við vörina í Ögurvikinni, þaðan sem róið var til fiskjar og lagt upp, stóð óbifanleg bjarghella sem var hættuleg bátum, sérstaklega við lendingu í brimi og ágangi. Svo lengi sem elstu menn mundu hafði verið skeggrætt fram og til baka um þá verkfræðipraut hvernig forða mætti bátum Ögurvíkinga frá því að brotna í spón á bjarghellunni. Engin niðurstaða fékkst í málið. Þá var ekkert dínamít fánlegt og þar af leiðandi enginn auður fyrir Nóbelskald. Einn góðan veðurdag þegar menn risu úr rekkju og gengu niður í fjöru til að fara í fiskiróður trúðu þeir ekki sínum eigin augum: Bjarghellan ógurlega var horfin. Og engin merki sáust um hvað af henni hefði orðið. Enginn kannaðist við fárviðri af þeim ógnarstyrkleika sem þurft hefði til að bifa henni úr stað.

Sagan segir að Hafliði molla hafi gripið til sinna ráða við stórstraumsfjöru í skjóli nætur og grafið bjarghellunni ógnardjúpa gröf, tekist að hrinda henni ofan í og mokað yfir án verksummerkja. Enginn véfengdi að þetta væru verk Hafliða mollu en þegar tímar liðu voru menn ekki á eitt sáttir um hvernig hann hefði leyst þrautina.

Í Ögri var vinnustúlka samtíða Hafliða mollu, en miklu yngri en hann, sem Þóra hét Rósinkarsdóttir. Segir sagan að hún hafi verið friðleiksstúlka og fjörkálfur hinn mesti. Hún hafði yndi af að stríða hæglætismanninum Hafliða og gekk fram á ystu nöf til að raska ró hans og fá hann til að skipta skapi. Það sóttist seint. Hitt fylgir sögunni að Hafliða hafi svo sem ekki mislíkað athyglin sem stelpa sýndi honum. Þar kom að bernskubrek stúlkunnar bitu á brynju ráðsmannsins, sem kannski var ekki gersneyddur mannlegum tilfinningum jafnvel þótt hann héldi fast við hina norrænu karlmennskuhugsjón að flika ekki tilfinningum sínum og þegja fremur en mæla ómagaorð. Að lokum ákvað hann að biðja stúlkunnar og bundu þau það með sér fastmælum. Þá hafði Þóra haft vistaskipti og var nú í vinnu-mennsku að Hesti, sem er bær við Hestfjörð. Brúðkaupið átti að fara fram að Hvítanesi þar sem var prestssetur. Ákveðið var að Hafliði skyldi mæta á tilteknum stað og stundu og húa þrisvar og þá yrði róid eftir honum frá Hesti til að ferja hann yfir. Allt gekk þetta eftir. Hafliði mætti þar sem heitir Köllunarklettur og hóaði þrisvar dimmum karlaróm. Það var brakandi þerrir og heyskapur í fullum gangi á Hvítanesi. Enginn heyrði til brúð-gumans og enginn kom ferjumadurinn. Hafliði sneri heim í Ögur, fámáll að vanda. Aldrei færði hann bónorðið aftur í tal við Þóru. Það breytti hins vegar ekki því að þau eignuðust tvö börn, Hannibal og Guðriði, ömmu mína, Hafliðadóttur, sem gamlir menn við Djúp sögðu mér að þótt hefði mestur kvenkostur á sinni tíð um gervallt Djúp og þótt víðar væri leitað.

### Guðriður á Strandseljum: Mesti kvenkostur við Djúp

Þegar ég kom í heiminn var Ólafur Þórðarson, bóndi Guðriðar, látinn langt um aldur fram. Með atbeina barna sinna hélt amma áfram búskap fram undir lok seinna stríðs. Strandsel þykir ekki mikil bújörð, sumir myndu jafnvel segja það kot. Ég varð hins vegar aldrei við annað en að þetta væri forstandsþú. Hjallurinn hennar ömmu í fjöruborðinu var í mínu minni ævinlega fullur af gómsætum mat.

Guðriður Hafliðadóttir var kona sem bar mikla persónu og hafði áhrif á alla sem henni kynntust. Hún var venjulega á peysufötum og mjög aðsóps-mikil. Hún var stór kona vexti, barmmikil og frið sýnum. Ekki var laust við að ég væri smeykur við hana því hún talaði engar barnagælur og var háðsk og snögg upp á lagið í tilsvörum. Hún var lítið fyrir að dekra fólk, en hafði húmorinn í lagi, eins og margir af afkomendum hennar. Þau Ólafur eign-

uðust níu börn og var öllum lífs auðið, nema tveimur sonum sem létust í barnæsku. Auk móður minnar, Sólveigar, voru þetta Hafliði, bóndi í Ögri, sem ég vistaðist hjá mörg sumur. Guðrún í Unaðsdal á Snæfjallaströnd, sem eignaðist sextán börn með bónda sínum, Helga í Dal, frægum sjósóknara við Djúp. Þórður sem bjó í Ögurvík og reisti þar bæ sem hét Oddi og sótti sjó. Þórður var mikill kjarnakarl og sjóhundur og átti nokkra mánuði í tírætt þegar hann lést sumarið 2002. Árni var sá sem lengst stóð fyrir búi með ömmu á Strandseljum og þegar hún loksins fluttist suður bjó hún í skjóli hans og konu hans, Guðnýjar Guðjónsdóttur. Kjartan var horfinn af þessum vettvangi þegar ég fór að fylgjast með mannlífi við Djúp, en var alla tíð starfsmaður Samvinnuhreyfingarinnar og hugsjónamaður um bindindi. Yngsti bróðirinn, Friðfinnur, löngum kenndur við Háskólabíó, var eftirlæti móður minnar. Hann hélt mikilli tryggð við áttagana, þótt hann væri fyrir löngu fluttur suður. Hann kom á Ögurárum mínum á hverju sumri til veiða við Laugardalsána í Strandseljavíkinni ásamt félögum sínum sem við strákarnir kölluðum burgeisana að sunnan.

Strandseljaættin hefur reynst frjósöm í besta lagi og margfaldast og uppfyllt jörðina. Þar munar sýnu mest um Guðrúnu og Helga í Dal og sextán börn þeirra. Ætli hin systkinin til samans séu ekki hálfdrættingar á við þau um frjósemi. Þegar Guðrún hélt upp á 85 ára afmæli sitt töldu fróðir menn að hún ætti 135 afkomendur. Guðrún lést veturinn 1988. Við bræður vorum við útförina sem fór fram frá kirkjunni í Unaðsdal. Séra Baldri Vilhelmssyni mæltist vel um hina miklu ættmóður. Djúpið var á þessum tíma í fullum vetrarskrúða. Þegar hallaði degi að lokinni erfidrykkju málaði tunglið fannir, fjöll og eyjar í fölbláu mánaskini. Kirkjan rúmaði hvergi nærri þann mannfjölda sem þarna var saman kominn. Við stóðum úti í vetrarfrostinu og fylgdumst með hinu talaða orði út um opnar dyrnar og sungum *Allt eins og blómstrið eina*, nokkuð hjáróma, út í viðáttu Djúpsins og viðerni himinhvolfsins. Snjórinn marraði undan fótum okkar þar sem við fylgdum ættmóðurinni seinustu skrefin til hinstu hvíldar. Þetta var eins og sena úr mynd eftir Bergman og liður mér ekki úr minni.

Vestfirskur framburður minn er líklega ættaður frá Strandseljum. Amma talaði vestfirsku, sem og móðir mín, en ekki Hannibal. Því hefur verið haldið fram að ég hafi tamið mér vestfirskan framburð síðar á ævinni, væntanlega til að ganga í augun á kjósendum. Þetta er ósatt. Ég lærði tungutak áttaganna við móðurkné og hafði eftir ömmu minni. Þegar ég var rifinn upp með rótum, sjó ára gamall, og sendur suður í Laugarnesskólann var mér, eins og Steini Steinarr fordum, strítt á vestfirskum framburði mínum. Ég forhertist hins vegar og lengdi aaa-ið ef eitthvað var: Það er

langur gangur/fyrir hann svanga Manga/að bera þang í fangi/fram á langa tanga.

Einu sinni sem oftast, þegar amma var flutt suður, þurfti hún á mér að halda til sendiferða. Hún bað mig að skreppa fyrir sig í kvenfatabúð á horninu á Framnesvegi og Vesturgötu. Hana vanhagaði um nærhald sem ég taldi að þýddi nærbuxur. Þegar ég vildi vita um númer svaraði hún:

„Segðu þeim að þetta eigi að passa á boldaaangskvenmann.“

Ég fór og bar upp erindið. Fyrir utan búðardömunar voru fleiri konur þar fyrir að snúðra í kvenfatnaði. Þegar búðardaman spurði um númerið fór ég með formúlu ömmu um að þetta ætti að passa á boldaaangskvenmann. Enn í dag gleymi ég ekki hlátrinum sem kvað við, konurnar tóku beinlínis bakföll af hlátri. Ég roðnaði frá hvirfli til ilja og þótti illt að vera hafður að háði og spotti af fávísnum konum sem skildu ekki vestfirsku. Síðan hef ég haft ofnæmi fyrir kvenfatabúðum. En nærhaldið fékk ég. Og fyrst amma kvartaði ekki hlýtur það að hafa passað á Djúpkonuna miklu.

Ég held að amma hafi verið framsóknarkona, þótt ég hafi svo sem ekkert sérstakt fyrir mér í því. Ég þóttist verða þess áskynja að hún hefði sérstakar mætur á Jónasi frá Hriflu. *Skinfaxi*, tímarit ungmennafélaganna, var til á Strandseljum en í það rit skrifaði Jónas sínar fyrstu innblásnu stefnuskrárgreinar um fátækt á Íslandi, fyrirheit samvinnustefnunnar og göfgi íslenskrar sveitameningar. Sæð af bæjarhláðinu á Strandseljum var fullkomlega rökrétt að fylgja slíkum spámanni, sem auk þess var í fremstu röð rithöfunda síns tíma. Það kunnir amma vel að meta. Einhverju sinni eftir að amma var flutt suður sendi hún mig út á götu til að kaupa *Mánudagsblaðið*. „Hvað vilt þú með þann snepil?“ spurði ég, og trúði ekki mínum eigin eyrum. „Hann Jónas skrifar í það,“ svaraði hún. Seinna þóttist ég skilja af þessu tilsvári að þótt Framsóknarflokkurinn risi sem skepnan gegn skapara sínum og dæmdu Jónas í pólitíska útleög, stóð amma með sínum manni. Hún sveik ekki, konan sú. Ég tók eftir því að Hannibal gætti þess að umgangast tengdamóður sína af sérstakri virðingu og forðaðist að lenda í pólitískum útistöðum við hana, sem var hyggilegt af honum.

Guðrjúður amma lést um jólaleytið árið 1958, þá 79 ára gömul. Þegar mér barst andlátsfregnin hrundi ég saman og grét eins og barn. Ég var fullur eftirsjár yfir því að hafa ekki gengið á hennar fund með brúði mína, Bryndísi, til þess að hún gæti lagt blessun sína yfir okkur. Ég er viss um að þessar konur hefðu skilið hvor aðra fullkomlega, af kvenlegri eðlisávisun: Tvær drottningar sem kjósa mönnum örlög.

## Í móðurranni

Hugur móður minnar stóð á sínum tíma mjög til þess að komast í Kennaraskólann en faðir hennar taldi kvenfólk ekkert erindi eiga í slíka skóla. Án vitundar föður síns skrifaði hún séra Sigtryggi Guðlaugssyni, skólastjóra Núpsskóla, og fékk þar skólavist. Hún tilkynnti föður sínum hvenær hún hygðist leggja fótgangandi af stað. Þá rétti faðir hennar henni kippu af roð-skinnskóm og bauðst til að fylgja henni að vatnaskilum. Móðir mín var í Núpsskóla í tvö ár. Þetta var fyrirmyndarskóli, stofnsettur og rekinn í anda danskra lýðskóla. Guðlaugur Rósinkranz, síðar þjóðleikhússtjóri, var samtímis móður minni á Núpsskóla. Það var alltaf hlýtt milli þeirra. Að því loknu fór hún á kvennaskóla á Blönduósi til Huldu Stefánsdóttur, sem var dularfulla konan í lífi Davíðs Stefánssonar, skáldsins frá Fagraskógi. Þar með var formlegri skólagöngu móður minnar lokið. Hún sneri aftur heim í áthagana og gerðist farkennari við skóla í Djúpinu, þar á meðal í Unaðsdal á Snæfjallaströnd, en settist að lokum að á Ísafirði.

Draumar hennar um skólagöngu höfðu ekki ræst til fullnustu en hún óskaði þess heitt að yngsti bróðirinn, Friðfinnur, gengi menntavegin. Hún bauð honum að koma til Ísafjarðar og dvelja á heimili hennar meðan hann færi á gagnfræðaskólann þar. Sumarið 1934 fór móðir mín á sild norður í land og hafði strákinn með sér. Hún fór með hann á fund Sigurðar gráa, skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og gekk frá því að þar fengi hann skólavist og þaðan varð hann stúdent. Ég varð snemma mjög hændur að Friðfinni, enda var hann maður sem gæddi allt umhverfið lífi með sindrandi húmor og skemmtilegum sögum.

Móður minni var margt til lista lagt. Hún var til dæmis afbragðs hannyrðakona og hafði ofan af fyrir sér með saumaskap, áður en örlögin ákváðu að hún tæki að sér hugsjónamanninn Hannibal. Þau létu aldrei blessa yfir sér því Hannibal var róttækur frihyggjumaður, utan þjóðkirkju og bardist fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Í sambúðinni með sósíaldemókratanum fæddi hún fimm börn á sex árum. Elsti bróðir minn, Arnór, var skírður í höfuðið á bróður Hannibals sem féll frá ungur. Reyndar er þetta nafn Arnórs í Vatnsfirði sem þeir Hannibal og Finnbogi Rútur, bróðir hans, töldu meðal merkari forfedra sinna. Sá Arnór var lengi prófastur í Vatnsfirði og fékkst eitthvað við skáldskap, sem mér hefur ekki þótt mjög innblásinn. Arnór, bróðir minn, varð snemma andlegur atgervismaður og fór sínar eigin leiðir. Ég held að hann hafi ekki þurft mikið á kennurum að halda. Hann var skipulagður, vinnusamur og agaður.

Ólafur er næstelstur. Sem barn var hann fjörkálfurinn í fjölskyldunni, ákaflega gláðsinna og vinsæll meðal félaga sinna. Lífið virtist honum ætíð létt og ljúft. Hann var mesti bókaormurinn af okkur systkinunum og sagt var að hann hefði lært að lesa strax eftir að hann hætti að skríða, og þá væntanlega af Íslendingasögum. Ég man ekki eftir honum öðruvísi en með hönd undir kinn að lesa í bók. Honum kippti í kyn móður minnar og Friðfinns bróður hennar, að því leyti að hann mundi allt sem hann las og varð það snemma að söguefni.

Elín er eldri systir mín. Hún var kannski sú okkar systkinanna sem helst var hænd að föður sínum. Snemma varð hún stoð og stytta móður okkar í heimilishaldinu, ósporlöt og vék sér ekki undan verkum. Hún hafði mjög þroskaða ábyrgðarkennd og þegar eitthvert okkar systkinanna braut af sér eitthvað sem þurfti að vanda um fyrir, þá var segin saga að hún tók á sig sökina.

Guðríður, yngri systir mín, var sú sem augljóslegast erfði skapsmuni föður okkar. Hún var örlynd, ráðrik og aðsópsmikil en kát og skemmtileg og meiri tilhaldsdrós en eldri systirin. Fyrsta sumarið mitt í Ögri var hún þar og hún hefur látið mig heyra það stöðugt síðan að hún hafi haldið yfir mér verndarhendi og borið ábyrgð á því að ég komst þar til manns.

Ég rak lestina. Móðir mín hafði ætlað að gefa mér nafnið Þórhallur en það breyttist því frændi okkar, Jón Baldvinsson, forseti Alþýðusambandsins, sem fæddur var á Strandseljum og hafði látist árið áður en ég fæddist, birtist henni í draumi og vitjaði nafns. Þess vegna heiti ég Jón Baldvin. Þegar ég komst til vits og ára þóttist ég kenna hönd forlaganna í nafngiftinni og að mér væri ætlað sérstakt hlutverk. Maður sem var fæddur í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og bar nafn Jóns Baldvinssonar hlyti að eiga sérstakt erindi í þennan heim. Um það efaðist ég aldrei.

### Ástir og örlög

Móðir mín elskaði Hannibal ofurheitt. Engu skipti hvað hann gerði á hennar hlut, hún fyrirgaf allt. Það er ekkert launungarmál að Hannibal var kvenhollur í meira lagi. Um það leyti sem frumburður móður minnar, Arnór, kom í heiminn, fæddist Hannibal annar sonur, sem hann átti með þýskri kennslukonu sem flust hafði til Ísafjarðar með Lúðvig Guðmundssyni, skólustjóra gagnfræðaskólans og síðar Myndlistarskólans í Reykjavík. Einnhvern tíma löngu seinna, í tilefni af mörgum búferlaflutningum fjölskyldunnar, komst ég í dagbækur og bréf móður minnar, sem geyma mörg

leyndarmál og lýsa miklum sársauka, en óendanlega sterkri ást hennar á þessum brokkgenga manni.

Skömmu áður en móðir mín lést og eftir að ég hafði sagt af mér formennsku Alþýðuflokksins, haustið 1996, birtist hún með mér í sjónvarpsþætti á spjalli við þá Ingólf Margeirsson og Árna Þórarinsson í vinsælum þætti sem hét *A elleftu stundu*. Hún var þá komin yfir nírátt en kom fram eins og hún væri fædd fyrir framan sjónvarpsmyndavélar. Hún var brilljant. Þeir fóstbræður Árni og Ingólfur spurðu hana hvert væri inntakið í því veganesti sem hún hefði innrætt okkur systkinum í uppeldinu. Hún hikaði við eitt andartak en ég greip fram í fyrir henni og sagðist vita það fyrir víst. Inntakið væri að finna í þessu vísukorni sem hún hefði farið með yfir okkur kvölds og morgna:

*Þótt pyngjan þín sé fjarri að vera full  
og fylgt þú hafir margri von til jarðar  
að skíra og móta sálar sinnar gull  
að síðstu reynist það sem mestu varðar.*

Ég hélt að þessi uppeldiskenning í bundnu máli væri eftir Steingrím Thorsteinsson en hún leiðrétti mig og sagði vísuna vera eftir Guðmund skóla-skáld. Guðmundur hafði verið búsettur á Ísafirði og var eitt af eftirlætisskáldum móður minnar, sem var bæði ljóðræn og ljóðelsk. Hún kunnir Jónas Hallgrímsson og Steingrím Thorsteinsson, líka Vatnsenda-Rósu og Bólu-Hjálmar, Jóhann Sigurjónsson, Jóhann Jónsson og Jónas Guðlaugsson og eins þá Davíð Stefánsson og Tómas Guðmundsson. Eitthvað var hún treg til að skilja snilligáfu Steins Steinars en kennari hans, Jóhannes úr Kötlum, var hennar eftirlæti. Móðir mín var komin yfir þrítugt þegar hún tók Hannibal upp á sína arma. Auðvitað átti hún marga vini og aðdáendur fyrir þann tíma, eins og við er að búast um svo kostum prýdda konu. Skáldinu frá Kötlum og henni var til dæmis vel til vina og ég veit að þau skrifuðust á. Feginn vildi ég fá að sjá þann litteratúr en hún vildi ekki flíka tilfinningum sínum og fargaði bréfum og dagbókum sem geymdu hennar leyndarmál.

Allir vissu að Hannibal var órator af guðs náð. Hitt vita færri að móðir mín var vel máli farin og kunnir flestum betur að koma fyrir sig orði þegar þess þurfti. Oft heyrði ég hana taka til máls á mannamótum og í samkvæmum. Hún kunnir list samkvæmisræðunnar því henni var léð frásagnarlist, orðheppni og skopskyn, sem var óáreitið og laust við meinfýsi. Á yngri árum ól hún með sér skáldadraumum því hún var skáld í álögum. Oft heyrði ég hana fara með þessa vísu:

*Ungum lék mér löngun á  
að lifa til að skrifa;  
sköp hafa því svo skipt ég má  
skrifa til að lifa.*

Þótt móðir mín hafi örugglega orðið fyrir sárum vonbrigðum með að hafa ekki getað lokið kennaraprófi og fengist við kennslu og ritstörf, varð ég aldrei var við beiskju í hennar huga. Hún lét baslið aldrei smækka sig og var ung í anda fram í andlátið. Þegar ég virti hana fyrir mér í félagsskap barnabarna, ungs fólks í háskólanámi, blaðamennsku og fjölmiðlun, var ég stundum ekki viss af orðræðunni hver væri yngstur í hópnum.

Í mínum huga var móðir mín alltaf sterkari aðilinn í sambandi þeirra Hannibals. Hún hafði þá óhagganlegu lífsskoðun að hvað sem í skærast þá væri hún fyrst og fremst móðir barna sinna og hún fórnaði öllu fyrir okkur. Auðvitað var það ekki raunverulegur kostur fyrir konu með fimm börn á framfæri að koma þeim til manns og sjá þeim farborða sem einstæð, útvinnandi móðir. Þetta var á kreppuárum, það var atvinnuleysi og atvinnuþref og hið fjölskylduvæna velferðarríki kratismans var ennþá einungis hugarfóstur góðra manna. Ég held samt að það sé aukaatriði málsins. Ég held að óstjórnleg og ódrepanði ást hafi bundið hana og hugsjónamanninn órjúfandi böndum. Þeim var einfaldlega ekki skapað að skilja.

Ég elskaði móður mína út af lífinu. Hún var kona þeirrar gerðar að það var hægt að trúá henni fyrir öllu og tala við hana um allt. Hún var andlega forvitin og rómantísk. Mér fannst hún alla tíð afar skemmtileg kona. Bernskuheimili mitt var fyrst og fremst hún. Af Hannibal hafði ég lítið að segja. Hann var sagður hlýr maður og barngóður, án þess að ég muni það persónulega. Ég minnst þess ekki að við höfum átt margar viðræðustundir um eitt né neitt.

### Feður og synir

Samskipti Hannibals eða samskiptaleyfi hans við syni sína þrjá, þegar þeir voru að alast upp og komast til manns, er mér enn í dag hulin ráðgáta. Eftir á að hyggja hafa þessir þrír bræður sennilega mátt teljast nokkuð efnileg börn og unglingar – þeir voru allavega engir vandræðagemlingar. Allir vorum við sílesandi, hugsandi og talandi, fullir af andlegri forvitni, spyrjandi spurninga og leitandi svara. Aldrei minnst ég þess að Hannibal hafi sest niður til að ræða við þessa peyja, hvorki sameiginlega né hvern um sig. Einhverjar ánægjulegustu stundir í lífi mínu eru þær að geta sest niður með

konu minni og börnum, kannski yfir rauðvinsglasi eftir góða máltíð, til að spjalla um heima og geima, forvitnast um viðhorf þeirra, hugmyndir og sýn á tilveruna. Mér þykir ekki skrítið, í því ljósi, að afskiptaleysi Hannibals hafi orkað á okkur bræðurna sem tómlæti. Við vorum eins og ókunnugir menn sem fyrir tilviljun bjuggu undir sama þaki en héldu samskiptum umfram það allra nauðsynlegasta í lágmarki.

En kannski var þetta allt saman tómur misskilningur. Hannibal var, þrátt fyrir allt, útlærður og vel menntaður uppeldisfræðingur. Kannski vildi hann bara láta okkur í friði – láta okkur frjálsta að því að fara okkar eigin leiðir án íhlutunar, umvandana eða leiðbeininga af hans hálfu. Það var hins vegar ekki sú uppeldisfræði sem hann viðhafði við nemendur sína sem minnst hans margir hverjir sem hins góða hirðis sem gerði sér far um að setja sig í þeirra spor, fylgjast með áhyggjum þeirra og áhugamálum og hvetja til dáða. Ég er ekki að kvarta, enda veit ég ekki hvers ég fór á mis. Ég velti því hins vegar stundum fyrir mér hvort hann vissi nokkurn tíma hvers hann fór á mis.

### Hugsjónamaðurinn Hannibal

Þegar ég fór fyrst að muna eftir mér bjuggum við í bárujárnsklæddu timburhúsi niðri á miðri Eyrinni. Það hét Hrannargata 3 en þangað hafði fjölskyldan flutt sumarið sem ég fæddist. Við bjuggum á neðri hæðinni en á efri hæðinni bjó Ágúst Eliasson frá Æðey og kona hans, Valgerður Kristjánsdóttir, og börn þeirra. Ein dóttir þeirra hjóna, Rannveig, síðar framkvæmdastjóri Rithöfundasambandsins, gekk á Menntaskólann á Akureyri og eignaðist þá dóttur, sem heitir Valgerður í höfuðið á ömmu sinni, með Gunnari G. Schram, bræðrungi Bryndísar. Valgerður yngri er gift Bjarna V. Danielssyni óperustjóra. Einn sona þeirra Ágústar frá Æðey og Valgerðar er Guðmundur Ágústsson hagfræðingur, seinna einn af SÍA-drengjunum sem fóru til náms austan járntjalds á sjötta og sjöunda áratugnum. Hann var á líku reki og ég. Ég lýsi hann ábyrgan fyrir því að við vorum staðnir að verki fimm ára gamlir við að fikta við sigarettur úti í kola-geymslu á lóðinni. Þetta var litið svo alvarlegum augum að ég mátti þola þá auðmýkingu að vera hýddur fyrir mitt syndum spillta lífern, í fyrsta og seinasta skiptið á ævinni.

Neðri hæðin að Hrannargötu 3 samanstóð af eldhúsi, sem var miðstöð heimilisins, svefnherbergi foreldra okkar og öðru svefnherbergi þar sem okkur börnunum fimm var staflað í kojur. Því næst var borðstofa og stofa sem var í reynd vinnuherbergi húsbóndans. Það var gestkvæmt á heimil-

inu því margir áttu erindi við húsráðendur. Til dæmis var oft margt um manninn í sláturtíðinni þegar bændur úr Djúpi komu með sláturfénað í sláturhús kaupfélagsins. Stundum bjuggu hjá okkur börn og unglingar, frændfólk úr Djúpinu, sem gengu á gagnfræðaskóla Hannibals á Ísafirði. Það var oft lif í tuskunum.

Eftir á að hyggja þykist ég vita að þetta hafi ekki verið mikið efnaheimili. Húsbóndinn Hannibal var hugsjónamaður sem var formaður verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, bæjarfulltrúi og ritstjóri *Skutuls*, allt í sjálfboðavinnu. Á kreppuárunum, þegar félagar í Baldri voru löngum atvinnulausir, hafði hann sem opinber starfsmaður föst laun, sem þóttu forréttindi. Launin munu hins vegar ídulega hafa farið í að halda úti starfsemi verkalýðsfélaganna, flokksins og blaðsins. Það var því oft lítið afgangur fyrir þessa stóru fjölskyldu. Ekki svo að skilja að við höfum liðið skort. En það hefði örugglega ekki tekist að framfleyta fjölskyldunni ef ekki hefði verið fyrir saumaskap og hannyrðir móður minnar sem hún vann oft við langt fram á nætur til að hafa í okkur og á. Ég hef grun um að við höfum notið búsilags frá ömmu minni á Strandseljum því að hún var forstandskona. Eitthvert haustið í sláturtíðinni, eftir að ég hafði vistráðist í Ögri sem kúarektor og vikaþingur, kom Hafliði bóndi, móðurbróðir minn, í heimsókn. Hann rétti móður minni peningaseðla, svo lítið bar á, og sagði það verkalaun fyrir strákinn. Mér afhenti hann kvittun fyrir innlögn hjá kaupfélaginu á lömbum til slátrunar á minn eigin reikning, afurðir af kindunum mínum. Þetta var stór stund í lífi mínu. Ég þóttist heldur betur vera orðinn maður með mönnum – farinn að geta lagt móður minni lið.

Þegar ég kom í heiminn var Hannibal orðinn skólustjóri gagnfræðaskólans á Ísafirði. Þrátt fyrir góða kennaramenntun og það orð sem af honum fór að hann væri ósérhlífinn og kunnáttusamur uppalandi fékk hann framán af ekki fast kennarastarf á Ísafirði. Hann lét það ekki aftra sér heldur stofnaði eigin smábarnaskóla og fór að ala upp börn fátæks fólks á forskólastigi, eins og það væri kallað núna. Honum mun hins vegar hafa láðst að innheimta skólagjöldin eða vitað sem var að atvinnulausir foreldrar eða með stopula tímavinnu áttu einfaldlega ekki fyrir slíkum munaði. Ég hef seinna á lífsleiðinni hitt þó nokkuð af fólki sem naut kennslu Hannibals. Öllu ber því saman um að hann hafi verið afburða kennari og látið sér svo annnt um nemendur sína að hann fylgdist með heimilishögum og aðstæðum barnanna og hvatti þau til náms. Margir hafa sagt mér að þeir hafi átt honum mikið upp að unna. Eftir þetta gerðist Hannibal stundakennari við gagnfræðaskólann en enn liðu nokkur ár þangað til hann fékk fast starf. Í

reynd var aðalstarf hans að vera forystumaður verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum.

### Mörlandi frá Miðjarðarhafi?

Hannibal var fæddur í Arnardal við Skutilsfjörð og átti í föðurætt ættir að rekja á Norðurstrandir en móðurætt hans var úr Djúpinu. Hann var meira en meðalmaður á hæð, tággrannur ef ekki þvengmjór framan af ævi eftir myndum að dæma. Hann var vel á sig kominn líkamlega, hvíkur í spori og stæltur og svo stálhraustur að enginn í fjölskyldunni minnst þess að honum hafi nokkru sinni orðið misdægurt. Hann var ákafamaður í lund og snar í snúningum. Hann gekk ekki heldur hljóp við fót því mannum lá mikið á. Litill snáði, sem hann leiddi við hönd sér um götur Ísafjarðar, varð að vera á harðahlaupum til þess að halda í við þennan hraðskreidda kappsigl-ara.

Skapsmunirnir minntu stundum á hver: Hann gat gosið upp, jafnvel af minnsta tilefni, en var jafnfljótur að gleyma. Ennþá situr mér í minni dálitil dæmisaga um skaphöfn Hannibals. Einhverju sinni kom í heimsókn Lýður Jónsson, yfirvegavinnuverkstjóri á Vestfjörðum. Lýður átti það erindi við Hannibal að biðja hann sem formann verkalýðsfélagsins (eða forseta ASV) að aflétta verkfalli vegavinnumanna í Djúpinu. Móðir mín bauð þeim til borðstofu og bar þeim súpu í forrétt. Mér var boðið að sitja til borðs af því ég var sérstakur skutilsveinn Lýðs við vegamælingar. Þeir voru varla fyrr farnir að bergja á súpunni en Lýður benti þingmanninum á að héldi verkfallið mikið lengur áfram undir forystu verkalýðsforkólfsins, myndi fjárveitingin í kjördæmið einfaldlega falla niður og vera færð í verk-efni annars staðar. Það skipti engum togum að Hannibal spratt úr sæti sínu, skellti hnefanum í borðið svo súpuskálarnar dönsuðu fram og til baka og súpuskál gestsins féll í kjöltu hans með sjóðheitu innihaldinu.

Það sem reitt hafði Hannibal til reiði var að Lýður ýjaði að tvískinnungs-hætti milli þingmannsins, sem hafði beitt sér fyrir vegarspottanum, og formanns verkalýðsfélagsins, sem hafði lagt blessun sína yfir verkfallið. Hannibal sagðist ekki taka við neinum skipunum frá útsendurum vegamálastjóra í þessu máli. Verkstjórinn gæti sjálfur beitt sér fyrir því að leysa verkfallið með því að ganga að sanngjörnum kröfum verkamanna. Lýður lét sér hvergi bregða. Ég firtist við fyrir hans hönd út af skorti Hannibals á gestrisni og mannasíðum og spratt upp og strunsaði út. Mér þykir hins vegar allt eins líklegt að útganga mín hafi með öllu farið framhjá deiluaðilum. Seinna sannspurði ég að Lýður hefði haldið áfram fortölum sínum eins og

ekkert hefði í skorist. Allavega náðu þeir málamiðlun um kröfur vegagerðarmanna og verkfallið leystist.

Var Hannibal að gera sér upp reiðikast til að skapa sér betri samningsstöðu? Ég held ekki. Ég held að ég hafi séð þarna framan í Baskann sem skaust með dularfullum hætti inn í ættir okkar á Ströndum og óljósar sögur fara af. Bæði Hannibal og Finnbogi Rútur, bróðir hans, voru á yngri árum svartir á hár og skegg og skaphöfn þeirra meira að hætti Miðjarðarhafsbúa en mörlandans.

Ég tók snemma eftir því að Hannibal var gæddur góðum eiginleika sem ég er gersneyddur. Hann vaknaði fyrir allar aldir og var oft sestur við skriftir milli fimm og sex á morgnana og skrifaði greinar í *Skutul*, áður en hann fór til vinnu sinnar við gagnfræðaskólann. Sjálfsagt hefur hann gert þetta af því að þarna voru næðisstundir frá amstri og álagi heimilisins og stöðugum gestagangi. Hann gat ekki alltaf lokið ritstörfum á þessum tíma og lauk við þau síðar og skipti þá engu þótt við systkinin færur okkar fram á meðan með hávaða og látum. Gestagangur truflaði hann heldur ekki. Hann þurfti ekki að draga sig í hlé og fá næði til að einbeita sér meðan hann skrifaði, sem mér er lífsnaudsýnlegt.

Við systkinin höfum eitthvað deilt um það hvort við lærðum að lesa af leiðurunum í *Skutli* eða af *Hávarðarsögu Ísfirðings*. Arnór heldur því reyndar fram að hann hafi lært að lesa af *Politiken* sem Hannibal var um tíma áskrifandi að. Við tókum þátt í útgáfu *Skutuls* með því að sendast með handrit Hannibals yfir í prentsmiðjuna Ísrúnu, sem þá var steinsnar frá í næstu götu, Sólgötunni.

### Báturinn hét Bryndís

Í æsku átti ég mér annað heimili sem rekja má til veikinda móður minnar á frumberskuárum mínum, en þá gat hún ekki hjálparlaust sinnt barnmörgu og gestkvæmu heimili. Í næsta húsi við Alþýðuhúsið bjó góð vinkona hennar sem hét Sigríður María Jónsdóttir og hennar maður, Bjarni Bjarnason, sjómaður á Samvinnubátunum. Sigríður María tók mig löngum að sér og hafi ég verið dekraður af móður minni þá keyrði þarna um þverbak því ég var fordekraður af þessari konu. Ég lærði snemma að spila á milli heimilanna tveggja. Væri ekki látið eftir mér á öðrum staðnum fékk ég undanbragðalítið það sem ég bað um á hinum. Þetta var eldri systkinum mínum nokkurt öfundarefni því ég fékk öll leikföng og flest það sem hugurinn girntist upp í hendurnar, skauta og skíðasleða og matrósaföt og annað eftir því. Ég sé af gömlum myndum að ég hef verið eins og klippt-

ur út úr tiskublaði. Á þessum myndum birtist ég ýmist í faðmi móður minnar eða undir annarri kvenlegri forsjá, uppstrílaður með ljósa lokka og krúsidúllur niður á bak. Eldri systur mínar segja að það hafi þótt eftirsóknarvert að fá að passa mig því að hvert sem farið var vaknaði móðurhvötin hjá ungum stúlkum og táningsstelpum sem vildu óðar og uppvægar fá að knúsa og kjassa þetta gæludýr. Ég hef á tilfinningunni að ég hafi látið mér þetta vel líka, þótt ég sé varla til frásagnar um það.

Á fimmta ári eða svo gerðist atburður sem gerbreytti lífi mínu. Kven-skörungurinn Guðríður amma mín gisti þá hjá okkur í bæjarferð og hefur sennilega séð í hendi sér að verið var að gera mig að innhverfum listamannsraefli. Einn daginn var ég að sniglast í kringum hana þegar hún hremmdi mig, læsti milli læra sér, tók skæri og sneiddi af mér gullnu lokkana. Hún rak mig síðan út á götu með þeim orðum að nú skyldi ég gerast maður með mönnum. Þau orð urðu að áhrinsorðum því að ég var óðara genginn í óaldarflokk og farinn að berjast með skjöld og trésverð. Gott ef ég var ekki farinn að láta mig dreyma um að hefna ófara indíananna, vina minna, á hvíta tjaldinu í bíói Alþýðuhússins. Ég held að móður minni hafi sárnað harðfylgi ömmu því hún geymdi þennan gyllta hadd eins og hvern annan helgigrip fram á síðustu ár. Ég leit hins vegar á atbeina ömmu sem frelsun. Svona geta meira að segja móðurástinni verið mislagðar hendur.

Skömmu seinna fór móðir mín með mig suður og á fund Erlings Þorsteinssonar, háls-, nef- og eyrnalæknis, og lét fjarlægja úr mér hálskirtla. Það var annar atburður sem breytti lífi mínu því að eftir að ég var laus við kirtlana var ég líka laus við umgangspstir og aðra óáran. Ég þóttist nú fær í flestan sjó og gleymdi draumórum um að gerast listmálari eða eitthvað þaðan af verra.

Áður en þetta læknisráð var fundið hafði ég verið pasturslitill og kvelli-sjúkur. Þá hneigðist ég til innhverfrar íhygli og einveru og hélt mig mest í námunda við móður mína í eldhúsinu og átti við hana gott sálufélag. Ég gat setið tímunum saman með teikniblokk sem ég hafði alltaf við höndina. Þar teiknaði ég sjó og báta og fólk og fyrirbæri af þvílíkri elju að fyrr en varði var þetta orðið að fjöldaframleiðslu. Dráttlistin þróaðist upp í það að ég teiknaði heilu bæjarfélögin með húsum og gördum, bryggjum og bátum, sjómönnum, bændum og börnum. Fyrr en varði var ég farinn að efna til kosninga í þessu ímyndaða bæjarfélagi þar sem ég lét heyja grimmilega kosningabaráttu og skræði kosningaúrlit af stakri nákvæmni. Í bæjarfélaginu unnu kratar óbrigðult óvænta stórsigra en íhaldið galt gjarnan afhroð. Síðan hélt ég bæjarstjórnarfundi í hinum nýja meirihluta og fór að byggja stærri bryggjur og fleiri báta og fylla bæinn af fleira fólki sem allt gerði

skyldu sína í næstu kosningum. Þegar hér var komið sögu höfðu listamannshæfileikarnir lotið í lægra haldi fyrir arkitekts- og skipulagsáráttu. Meira að segja sjórinn var spegilsléttur og fuglarnir flugu í hnitmiðuðu oddaflugi.

Elín systir mín hélt þessu dóti lengi vel til haga. Þegar ég sá það löngu síðar rifjaðist upp fyrir mér að á unglingsárunum velti ég því fyrir mér að fara í arkitektúr, þangað til ég uppgötvaði að það vantaði í hann pólitíkina. Eitt vakti athygli mína við þessa draumaverksmiðju þegar ég sá hana seinna. Stærstu bátarnir, sem veglegastir voru og teiknaðir af mestu listfengi, hétu alltaf *Bryndís ÍS 1*. Að vísu var Bjarni Bjarnason, fósturfaðir minn, háseti á *Bryndísi* sem var einn af Samvinnubátunum. Engu að síður lagði ég í þetta aðra og dýpri merkingu síðar meir: Forlögin enn að vitja nafns og vísa til vegar.

### Stebbi skó: Sálnahirðir kratanna

Það fór ekki framhjá mér að húsið við Hrannargötu 3 var ekki bara heimili okkar heldur eins konar miðstöð, jafnvel aflstöð Ísafjardarkratismans. Þegar kom að kosningum breyttist heimilið í kosningamiðstöð. Þangað kom aragrúi af fólki sem átti erindi við heimilisföðurinn. Það fór ekki hjá því að við systkinin vissum af forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar og kratanna á Ísafirði sem voru flestir hverjir heimagangar í Hrannargötunni. Einn þeirra sem oft kom inn á heimilið var Stefán Stefánsson skósmiður, aldrei kallaður annað en Stebbi skó. Hann var kosningastjóri krata og fylgdist nákvæmlega með því hverjir fluttu úr bænum og fóru af kjörskrá og hverjir fluttu til bæjarins og komu nýir á kjörskrá. Þetta merkti hann allt samviskusamlega í sínar kompur. Fljótlega komst hann að því hverjir voru kratar og hverjir voru íhald og setti sig í samband við kratana en fylgdist af tortryggni með hinum sem ekki voru útvaldir. Sagan segir að Stebba hafi aldrei skeikað um kosningaúrslit, meðan hann var og hét. Kosningastjóri íhaldsins hét Hannes og var kallaður háleggur. Hannes gegndi sama hlutverki fyrir íhaldið og Stebbi skó fyrir krata. Þótt þeir væru svarnir andstæðingar virtu þeir lögmál fagmennskunnar og báru saman bækurnar ef upp komu vafaatriði um hvernig bæri að skilja hafrana frá sauðunum. Fagmennskan ríkti í um þrjá áratugi en svo komu breyttir tímar: Sjómenn frá Ísafirði fóru að manna togarafлотann í nýjum plássum um allar trissur og inn flutti fólk frá Jökulfjörðum, Djúpi og Ströndum og víðar. Þetta ruglaði karlana í ríminu og að lokum komst óregla á bókhaldið og þar með kosningaspámar.

Hið pólitíska umsátursástand sem ríkti á heimilinu hafði áreiðanlega djúpstæð áhrif, til góðs eða ills, á okkur börnin. Þess eru mörg dæmi að börn stjórnmalamanna fái bólusetningu fyrir lífstíð gegn hinni pólitísku veiru af því að alast upp „við skrárgat stjórnmalanna“, eins og Steingrímur vinur minn Hermannsson orðar það. Af einhverjum ástæðum virðist ég hafa verið ónæmur fyrir bólusetningunni.

### Rauði bærinn

Einhvern tíma heyrði ég Indriða G. Þorsteinsson rithöfund halda því fram í ræðu að Alþýðuflokkurinn íslenski væri sambland af norrænum „seminarisma“ (kennaraveldi) og vestfirskri verkalýðshreyfingu. Þetta má til sanns vegar færa. Verkalýðshreyfingin, verkalýðsfélagið Baldur og sjómannafélagið, var kjarninn í Ísafjardarkratismanum, rétt eins og í sósíaldemókratismanum á Norðurlöndum. Stéttarfélagin og Alþýðuflokksfélagið á staðnum voru skipulagslega ein heild í Alþýðusambandi Íslands. Stéttarfélagin áttu að sinna kjarabaráttunni og samskiptum við atvinnurekendur og flokksfélagin áttu að breyta þjóðfélaginu í sveitarstjórnnum, á Alþingi og í ríkisstjórn. Þetta fyrirkomulag var ríkjandi alla forsetatið Jóns Baldvínssonar hjá Alþýðusambandinu (1916–1938). Sameiginlega tókst kommúnistum og íhaldsmönnum að brjóta þetta vígi upp úr Héðinsklofningnum 1938. Þar er komin ein meginskýringin á því að Alþýðuflokkurinn á Íslandi náði því ekki að verða ráðandi fjöldaflokkur vinstra megin við miðju íslenskra stjórnmalá með sama hætti og jafnaðarmannaflokkarnir annars staðar á Norðurlöndum.

Alþýðuflokkurinn náði hreinum meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðar árið 1919, tveimur árum eftir rússnesku byltinguna, og hélt meirihlutanum óslitið til ársins 1946. Þjóðflutningarnir af landsbyggðinni og suður, sem hófust á styrjaldarárunum, tóku sinn toll. Millistríðsárin voru fyrir margra hluta sakir erfið, sér í lagi eftir að áhrifa heimskreppunnar fór að gæta á útflutningsverslun Íslendinga. En Ísafjardarkratar létu ekki erfiðleikana buga sig og brugðust hart við. Í kjölfar gengishækkunar Jóns Þorlákssonar fjármálaráðherra árið 1925 varð sjávarútvegurinn sem næst gjaldþrota og við blasti allsherjarhrun og fjöldaatvinnuleysi. Þá tóku bæjaryfirvöld á Ísafirði til sinna ráða. Úr því að útgerðarmenn höfðu gefist upp ákváðu bæjaryfirvöld að fylla í skarðið. Ákvörðun var tekin um að byggja upp nýjan skipafloata. Samið var um smíði skipanna í Noregi og Jónas frá Hriflu, sem þá var orðinn dómsmálaráðherra í nýrri ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar og mestur valdamaður á Íslandi, beitti sér fyrir ríkisábyrgð til kaupanna.

Flokkstengsl við sænska krata voru einnig nýtt til að tryggja betri kjör en ella. Samvinnufélag Ísfirðinga var stofnað um þessa útgerð. Finnur Jónsson, stöðvarstjóri Pósts og síma og bæjarfulltrúi og síðar alþingismaður Ísfirðinga, veitti þessu fyrirtæki forstöðu uns sonur hans Birgir, forseti sameinads þings á viðreisnarárunum, tók við. Þessar ráðstafanir og aðrar sem fylgdu í kjölfarið til eflingar útgerð á Ísafirði fleyttu bæjarfélaginu í gegnum kreppuna. Bæjaryfirvöld réðust í miklar hafnarframkvæmdir. Bærinn var rafvæddur og myndarlegar byggingar yfir gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla, sundhöll og íþróttahús risu undir lok þessa tímabils. Ísafjörður hélt velli og þótti eftirsóknarverður til atvinnu og búsetu, í samanburði við mörg önnur sjávarpláss sem börðust í bökkum á erfiðum tímum.

Pólitískar ákvarðanir um stjórn bæjarfélagsins voru oft og tíðum teknar á fundum sem haldnir voru á sunnudögum í verkalýðsfélaginu Baldri og síðar samþykktar í bæjarstjórn. Forystumenn krata voru svo róttækir menn og öflugir að kommúnistar, sem hægt og bitandi náðu fótfestu meðal fátæks verkafólks á kreppuárunum, þrífust ekki í skugga kratanna á Vestfjörðum. Kommúnistar voru heldur ekki teknir neinum vettlingatökum og jafnvel voru dæmi þess að forystumenn þeirra væru flæmdir burt úr bænum. Þarna gildi harkan sex og ekkert elsku mamma.

Tvær fylkingar börðust um völdin: Kratar og íhald. Harkan í þeim samskiptum var svo mikil að það hálfu hefði verið nóg. Ísafjarðarblöðin, *Skutull*, sem var mál gagn kratanna, og *Vesturland*, sem var mál gagn íhaldsins, eru sérstakur litteratúr, þegar þau eru skoðuð af sjónarhóli seinni tíma. Þau voru skömmótt og illskeytt og persónulega niðskældin svo meiðyrðin æpa á mann á hverri síðu. Áratugum síðar, þegar ég setti Menntaskólann á Ísafirði við hátiðlega athöfn í fyrsta sinn, gerði ég það að sjálfsögðu í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. Við Bryndis stóðum á tröppunum og fögnuðum foreldrum, nemendum, aðstandendum þeirra og öðrum gestum með handabandi. Upp tröppurnar gekk aldurniginn herramaður, einn af betri borgurum Ísafjarðar og íhaldsmaður fram í fingurgóma, sem sagði um leið og hann tók í hendurnar á okkur: „Ég sór þess dýran eið þegar þetta hús var byggt á sínum tíma að ég skyldi aldrei stiga fæti inn í þetta bolsagreni. En í dag ætla ég að gera undantekningu.“

### Jóhannes skírari kratismans

Kratisminn á Ísafirði átti sér í mínum huga Jóhannes skírara í séra Guðmundi í Gufudal, en þar var hann sóknarprestur áður en hann fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Ísafjarðar. Guðmundur stofnaði fyrsta mál gagn

jafnaðarmanna á Ísafirði sem hét *Njörður*. Ég leit einhvern tíma í *Njörð* og sá að það blað var skrifað af mikilli ástriðu og listilegum áróðursþunga. Auðfundið var að þar hélt um penna hugsjónamaður sem vildi bæta þjóðfélagið. Kjörorð í haus blaðsins hljóðaði svo:

„Gegndrepa af brennivíni stendur enginn trúan vörð um heiður Íslands.“  
Og ég bæti gjarnan við: „Hananú!“

Ísafjarðarkratar voru yfirleitt allir með tölu bindindismenn og baráttumenn gegn áfengisbölinu. Þeir litu á bindindisboðskapinn sem hluta af baráttunni fyrir frelsun alþýðunnar undan áþján kaupmannavaldsins, sem alltaf hafði ódýrt brennivín á boðstólum, þótt annað væri af skornum skammti. Undantekningin frá þessari reglu var Guðmundur Hagalín sem þótti breyskur og þurfti að endurreisa oftast en einu sinni til stúkulífs.

Kona séra Guðmundar í Gufudal var Rebekka Jónsdóttir, alþingismann frá Gautlöndum, og er af þeirri ætt margt af óvenjulegu atgervisfólki. Meðal barna þeirra var Haraldur Guðmundsson, sem seinna varð þingmaður Ísafirðinga og ráðherra atvinnumála í ríkisstjórn hinna vinnandi stétta á kreppuárunum, fyrstu ríkisstjórninni sem Alþýðuflokkurinn átti hlut að. Haraldur er stórt nafn í íslensku sögu, faðir almannatrygginga á Íslandi og naut við það atbeina Jóns Blöndals, hagfræðings, sem lauk hagfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1936, og tók síðan við af Haraldi sem forstjóri Tryggingastofnunar. Haraldur var höfundur margra frumvarpa um almannatryggingar á þingferli sínum og hann náði löggjöfinni fram á Alþingi 1936, sem atvinnuáráðherra í fyrstu ríkisstjórn Hermanns Jónssonar. Haraldur hafði undirbúið löggjöf um atvinnuleysistryggingar sem hluta af þessari heildarlöggjöf. Atvinnuleysistryggingarnar náðu hins vegar ekki fram að ganga vegna andstöðu sveitaarms Framsóknarflokksins á þeim tíma. Það stóra mál varð að biða atbeina verkalyðshreyfingarinnar rúmlega tuttugu árum síðar sem knúði fram löggjöf með samningum í krafti verkfalla árið 1956.

Haraldur Guðmundsson var á sínum tíma farkennari inni í Ögurhreppi og kenndi meðal annars móður minni og bróður hennar, Hafliða, sem höfðu á honum miklar mætur. Haraldur bar mikla persónu og hafði djúpa og áheyrilega rödd, þrátt fyrir mállýti sem fólst í því að hann skrollaði. Ég heyrði Hannibal halda því fram að Haraldur hefði verið áhrifamesti ræðumaður á Alþingi á sinni tíð, fyrir sakir rökfestu og þunga í málflutningi. Eitt fyrsta verk Hannibals, eftir að hann var fluttur heim til Ísafjarðar að loknu kennaranámi í Danmörku, var að verða við liðsbón Haraldar fyrir tvísýnar alþingiskosningar árið 1927. Þetta var í fyrsta sinn sem Hannibal talaði á útifundi á Ísafirði, standandi uppi á stakkstæði á Riistúni á Ísafirði.

Tuttugu og sjö árum síðar féll Hannibal fyrir Haraldi þegar hann leitaði endurkjörs sem formaður Alþýðuflokksins á flokksþingi 1954.

Einn bræðra Haraldar var Ketill Guðmundsson, sem lengi stýrði Kaupfélagi Ísfirðinga af annálaðri forsjálni og aðhaldssemi. Annar var Sigurður Guðmundsson, bakari í Félagsbakariinu, faðir Þóris og Jóns Sigurðssona, sem voru fóstbræður mínir í æsku. Yngsti bróðir þeirra er Guðmundur Sigurðsson, sem lengi var héraðslæknir á Egilsstöðum. Enn einn bróðir Haraldar var Jón, faðir Ólafs gagnrýnanda, sem einnig kom nokkuð við mína sögu. Dóttursonur Ketils er Birgir Árnason, hagfræðingur hjá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum (IMF) og fyrrverandi aðstoðarmaður Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra og formaður Sambands ungra jafnaðarmanna.

### Einvalalið til forystu

Þegar Vilmundur Jónsson landlæknir fluttist til Ísafjarðar upp úr fyrri stríði, ásamt Kristínu Ólafsdóttur konu sinni, bættist mikill leiðtogi í hópinn. Vilmundur var afburðamaður, ljónvel gefinn, hámenntaður, vel lesinn, sannfærandi ræðumaður og leiftrandi penni. Hann gerðist aðsópsmikill frumkvöðull að breytingum á ísfirsku samfélagi og var meðal annars forvígismaður um að reist yrði sjúkrahús á Ísafirði. Ákvörðun um að reisa sjúkrahúsið var tekin á svokölluðu „sparnaðarþingi“ – þá átti að skera niður og spara á öllum sviðum nema þessu eina. Guðjón Samúelsson, hirðarkitekt Jónasar frá Hriflu, teiknaði húsið og reyndar miðbæjarhverfi Ísafjarðar, en sjúkrahúsið var það eina sem var byggt í því skipulagi og er ef til vill fegursta byggingin í bænum. Það hýsir nú bóka- og listasafn bæjarins en Guðmundur Hagalín byggði á sinum tíma upp héraðsbókasafn á Ísafirði af mikilli atorku. Sjúkrahús Vilmundar reis á einu ári og var vígt 17. júní 1925. Það kostaði sem svaraði fjárhagsáætlun bæjarins á því ári.

Hálfri öld síðar, þegar við Högni Þórðarson og fleiri góðir menn í bæjarstjórn Ísafjarðar, beittum okkur af alefli fyrir byggingu nýs sjúkrahúss á uppfyllingu handan götunnar, hljóðaði kostnaðaráætlunin líka upp á tölur sem samsvöruðu niðurstöðutölum fjárhagsáætlunar bæjarins. Hlutur bæjarfélagsins, lögum samkvæmt, var hins vegar aðeins 15% heildarkostnaðar. Hitt kom í hlut ríkisins. Nýja sjúkrahúsið var að minnsta kosti hálfan annan áratug í smíðum. Svona höfðu framfarirnar orðið miklar í stjórnsýslu og byggingartækni á hálfri öld.

Vilmundur varð þess var að börn fátæks fólks á Ísafirði þjádust af kalkskorti, vegna þess að engin skipulagning var á mjólkurflutningum, og beitti sér fyrir því að stofnað var kúabú á vegum bæjarins inni í firði. Ísa-

fjarðarkratar ráku síðan það kúabú með svo miklum glæsibrag að fram-sóknarmenn neyddust til að viðurkenna að nythæsta kýr landsins væri hin sósíaldemókratíska Skjalda á búi Vilmundar.

Eitt sinn tók ég viðtal við Stebba skó og birti í jólablaði *Vestra*. Ég spurði hann í lokin hver hefði verið mesti leiðtogiinn í stórskotaliði kratanna á tímum Rauða bæjarins. Það kom hik á gamla manninn en svo svaraði hann með einu orði: „Vilmundur.“

Fjórði maðurinn sem var liðsoddi í þessari hreyfingu var Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur. Guðmundur var talinn mesti áróðursmaðurinn í hópnum. Hann kunni tungutak Vestfirðinga og þekkti lífsmáta þeirra, enda var hann einn af þeim. Hann þótti ísmeygilegur áróðursmaður og laginn við að snúa mönnum til skynsamlegra pólitískra skoðana og að halda þeim við efnið. Ótal sögur eru til af áróðursbrögðum Guðmundar. Einu sinni sem oftár á atkvæðaveiðum vitjaði Guðmundur roskinnar konu sem var hörð á því að hún vildi kjósa Jón Auðunn Jónsson, frambjóðanda íhaldsins. Guðmundur bað konuna með hægðinni að hugleiða að svo illa væri komið fyrir Jóni Auðuni að þrátt fyrir langa þingsetu hefði hann enn ekki náð upp í efri deild. Konan féllst að lokum á að þetta væri ekki verðlaunaverð frammistaða og kaus rétt.

Guðmundur Hagalín var óhemju starfsamur maður, mjög afkastamikill við ritstörf en á sama tíma innsti koppur í búi í öllum bæjarmálum. Ég kynntist Guðmundi Hagalín vel síðar á lífsleiðinni og hreifst af frásagnarlist hans. Mér fannst að honum léti miklu betur að segja smellnar dæmisögur úr hversdagslífinu, sem féllu í góðan jarðveg hjá áheyrendum, en að skrifa sögur sem risu undir nafni. Hann var að minnu mati miklu betri smásagnahöfundur en skáldsagnahöfundur. Ég beitti mér fyrir því í bæjarstjórn Ísafjarðar að Hagalín var gerður að heiðursborgara Ísfirðinga og efndi til eftirminnilegrar kvöldvöku af því tilefni. Ragnar H. Ragnar tónlistarfrömuður er annar maður sem hlaut þann verðskuldaða heiður.

Ég er ekki viss um að þeim Hagalín og Hannibal hafi verið vel til vana. Engu að síður lét Hannibal sig ekki muna um að halda á loft rithöfundarheiðri Hagalíns í *Skutli* og taldi honum það til framdráttar að hann væri ekta vestfirskt alþýðuskáld og trúr uppruna sínum. Hann taldi Hagalín skilja milliliðalaust lifnaðarhætti og lífsviðhorf hins vinnandi manns, öfugt við suma aðra. Þegar hann tefldi fram skáldsögu Hagalíns um Sturlu í Vogum gegn Bjarti í Sumarhúsum Halldórs Kiljans þóttust menn skilja hvað við væri átt. Einhvern tíma skrifaði Hannibal harðorðan ritdóm um þýðingu Kiljans á *Vopnin kvödd* eftir Hemingway og fann 238 kommuvillur. Halldór Kiljan svaraði með niðrandi ummælum um „barnakennara vestur

á fjörðum“, sem þættist þess umkominn að kenna sér íslensku. Þegar Halldór Kiljan sneri heim sigri hrósandi með Gullfossi að fengnum Nóbelsverðlaunum fyrir bókmenntir árið 1955 var menntamálaráðherrann þáverandi eitthvað vant við látinn og gat ekki tekið á móti honum. Það kom í hlut Hannibals sem forseta Alþýðusambandsins að boða Reykvikinga niður að höfn til að fagna höfundu Íslands með snjallri ræðu þar sem hann þakkaði fyrir Sölku Völku, Arnald í sjávarplássinu, Snæfriði Íslandssól, Ljósvikinginn og jafnvel Bjart í Sumarhúsum.

Finnur Jónsson var atkvæðamikill meðal forkólfa Ísafjarðarkrata á milli-stríðsárunum, lengi bæjarfulltrúi og frumkvöðull í atvinnulífinu sem forstjóri útgerðarfélags Samvinnubátanna og alþingismaður, uns hann féll frá árið 1951 þegar það kom í hlut Hannibals að verja vígið. Finnur varð ráðherra í nýsköpunarstjórn Ólafs Thors og kommúnista 1944–1947, sem Alþýðuflokkurinn studdi með hangandi hendi og að því er virtist út úr neyð. Finnur var orðinn nokkuð laustengdur við Ísafjörð þegar ég fer að muna eftir mér þannig að ég kynntist honum aldrei.

### Hinn vestfirski Che Guevara

Hannibal var enn einn leiðtoginn. Í fjögur ár (1923–1927) stundaði hann kennaranám í Danmörku en fyrst eftir að hann sneri heim kenndi hann á Akranesi. Hann vildi vera í átthögnum og var þá ráðinn skólastjóri barnaskólans í Súðavík. Þar byggði hann eigin höndum, ásamt öðrum sjálfboðaliðum úr verkalýðsfélaginu, samkomuhús staðarins sem enn stendur. Í því húsi hef ég bæði haldið pólitíska fundi og sótt kræsileg þorablót og dansleiki við dunandi harmónikkuspil.

Hannibal hafði ekki verið lengi í Súðavík þegar verkamenn í plássinu báðu hann að taka að sér formennsku í félagsskap þeirra, sem hann gerði. Á þessum árum, þegar verkalýðsfélög voru að berjast fyrir tilveru sinni og samningsrétti félagsmanna, létu atvinnurekendur ósjaldan forsprakkana gjalda þess með því að neita þeim um vinnu og þar með um lífsbjörg. Þess vegna var oft leitað til kennara um að veita félögnum forstöðu. Þótt þeir væru á lágum launum höfðu þeir þó föst laun og voru því ekki háðir atvinnurekendavaldinu um afkomu sína og sinna.

Í Súðavík var á þessum tíma einn atvinnurekandi sem öllu réð, Grímur Magnússon. Honum og stuðningsmönnum hans þótti mikil ósvinna þegar verkamenn stofnuðu verkalýðsfélag og kröfðust samningsréttar um kaup og kjör. Loks kom til verkfalls og útskipunarbanns sem varð svo harðsnúið að menn slógust í fjöruborðinu. Verkamenn höfðu á endanum sitt fram

með harðfylgi undir forystu Hannibals. Sú saga er sögð að Grími og konu hans, Þuríði Magnúsdóttur, hafi mislíkað mjög framganga Hannibals í þessu máli og brugðist við með því að taka son sinn Magnús úr skóla. Drengurinn vildi hins vegar ekki una þessu, strauk að heiman og í skólann. Síðar meir í lífinu varð ég var við mjög hlýjar tilfinningar milli Gríms og konu hans og Hannibals, þótt skorist hefði í odda í byrjun.

„Svona er lífið stundum mikill iðjubjálfari,“ sagði Benjamín Eiríksson.

Eftir vaska forystu Hannibals í verkalýðsbaráttu í Súðavík leituðu Bolvikingar til hans um aðstoð við að stofna þar verkalýðsfélag, eins og gert hafði verið í Súðavík. Hann fór þangað sjóleiðina með karlakór frá Ísafirði sem hugðist efna til söngskemmtunar. Hann var í heimsókn hjá Ágústi Eliassyni frá Æðey þegar knúíð var dyra og kallað eftir honum. Hann kom fram á tröppur en menn höfðu falið sig að hurðarbaki og hrintu honum í fang annarra manna sem tóku hann höndum. Hann var fluttur nauðugur niður á brimbrjót þar sem honum var hrundið ofan í bát eftir nokkur slagsmál því hann var vel að manni og ekkert lamb að leika við.

Þegar tíðindin spurðust til Ísafjarðar brugðust Ísafjarðarkratar hart við. Þeir mönnumu bát, stefndu honum í átt að Bolungarvík, náðu mannráns- mönnum frammi á Djúpinu og frelsuðu Hannibal. Þeir yfirtóku bát mannráns- manna og sigldu honum að bryggju við Norðurtangann á Ísafirði og létu leiða þá í tugthús. Hannibal sneri hins vegar ótraudur til baka til Bolungavíkur í fylgd harðsnúins liðs Ísafjarðarkrata. Þeir brutust þar upp á brimbrjótinn, þrátt fyrir nokkurn varnarviðbúnað, og höfðu það fram að stofnfundur verkalýðsfélagsins var haldinn um kvöldið. Fundurinn var róstusamur í meira lagi, en verkalýðsfélagið var stofnað og til í slaginn. Þessi átakasaga flaug á vængjum vindsins um öll sjávarpláss á Íslandi. Frá og með þeim tíma var Hannibal í raun og veru þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Hann var orðinn að Arnaldi í sjávarplássinu. Allavega vafðist ekki fyrir mér að þekkja föður minn þegar ég las *Sölku Völku* löngu síðar, einhvern tíma þegar ekki viðraði til útiverka í Ögri.

### „Bannfærð sjónarmið“

Hernám Danmerkur á stríðsárunum býddi að dönsk stjórnvöld gátu ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt sambandslagasáttmálanum frá árinu 1918. Ísland var í upphafi seinni heimsstyrjaldar einnig hernumið, af Bretum. Fljótlega samdist um að Bandaríkjamenn leystu Breta af hólmi. Íslensk stjórnvöld notuðu tækifærið til að fá vilyrði bandarískra stjórnvalda fyrir viðurkenningu þeirra á fullveldi Íslands þegar lýðveldið yrði endur-

reist eins og að var stefnt fyrir lok stríðsins. Um þetta var hin pólitíska forysta á Íslandi því sem næst einhuga. En þá reis upp hópur áhrifamanna úr flestum flokkum sem andmælti harðlega vinnubrögðum flokksforkólfanna í málinu. Þeir kölluðu sig *lögskilnaðarmenn*. Hinir, sem vildu hraða lýðveldisstofnuninni og ekki taka þá áhættu sem í því kynni að vera fólgin að biða þess að hernámi Danmerkur yrði aflétt, voru kallaðir *hraðskilnaðarmenn*.

Hannibal stóð einna fremstur í fylkingu lögskilnaðarmanna og beitti málgagni Alþýðuflokksins á Vestfjörðum, *Skutli*, af fyllstu hörku. Honum fannst einlæglega að þetta bráðræði myndi varpa skugga á lýðveldisstofnunina og taldi að engin áhætta fælist í því fyrir Íslendinga að biða þess að sambandsþjóðin yrði leyst úr hernámsfjötrum. Hann gekk svo hart fram að Alþýðusamband Vestfjarða, sem var hinn formlegi eigandi *Skutuls*, kaus fremur að gefa Hannibal málgagnið en að sitja undir því að Alþýðusambandið væri bendlað við málstað hans. Í þessu máli komst verkalýðsleiðtogi ungi ekki einasta upp á kant við eigin flokksforystu heldur sjálfa forystu fjórflokksins, eins og hún lagði sig. Margir helstu menntamenn þjóðarinnar, með Sigurð Nordal í fararbroddi, fylltu flokk lögskilnaðarmanna en þegar atkvæði höfðu verið talin í þjóðaratkvæðagreiðslu um lýðveldisstofnunina reyndist menntamannaliðið ekki stýra mörgum herfylkjum, fremur en páfinn forðum þegar Stalín spurdist fyrir um það mál. Undantekningin var á Ísafirði þar sem málstaður Hannibals átti nokkurn hljómgrunn. Eftir þetta fór íhaldið á Vestfjörðum hamförum gegn Hannibal og nefndi hann helst aldrei á nafn, án þess að bæta við viðurnefnum eins og „landráðamaður“ eða „Danasleikja“. Þessi átök hafa örugglega setið eftir í huga Hannibals og köpuryrðin voru geymd en ekki gleymd.

Á gamals aldri, þegar Hannibal hafði dregið sig í hlé frá argaþrasi stjórnmalanna, settist hann niður og skrifaði bókina *Bannfærð sjónarmið* sem Örn og Örlygur gaf út árið 1983 en ASÍ kostaði útgáfuna. Í bókinni heldur hann röksemdum sínum og þeirra lögskilnaðarmanna til streitu og áréttað hálfri öld síðar að hann og skoðanabræður hans hafi haft rétt fyrir sér. Einhver hefði sjálf sagt freistast til að láta sannfæringu sína í svo umdeildu máli vikja fyrir þeim hyggindum sem í hag koma. En ekki Hannibal. Hann var kjarkmaður og hikaði ekki við að standa einn gegn öllum, þótt það gæti kostað hans pólitísku framtíð.

Ísafjarðarkratisminn var á þessum árum eins og sósíaldemókrataflokkur á að vera. Hann var grasrótahreyfing. Hann var verkalýðsfélagið. Hann var sjómannafélagið. Hann var sú pólitík sem rædd var og mótuð á fundum verkalýðsfélagsins og farið með inn í bæjarstjórn og landsmálapólitík. Forystumennirnir voru róttækir jafnaðarmenn, en ekki kommúnistar. Þeir

voru meira að segja harðir andkommúnistar. Það á til dæmis við um föður minn og föðurbróður, Finnboga Rút Valdimarsson. Guðmundur Hagalín var líka harður andkommúnisti og skrifaði gegn þeim heila bók, *Gróður og sandfok*. Vilmundur Jónsson hafði gaman af skrýtnum fuglum eins og Þórbergi og hafði dálæti á snilligáfu Halldórs Kiljans en hann foraktaði pólitík hans. Þessir menn vissu sínu viti. Þeir þurfa ekki að biðjast afsökunar á neinu.

Mér þykir vænt um þetta tímabil í sögu Ísafjarðar og er stoltur af árangri þessarar hreyfingar og því einvaliði forystumanna sem hún hafði á að skipa. Þegar ég tók við formennsku í Alþýðuflokknum árið 1984 lýsti ég því yfir að ég væri ósvikið afsprengi Ísafjarðarkratismans. Aðalsmerki hans væri að sameina fólk um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum, um praktiskar lausnir í stað kreddu og draumóra á grundvelli hugsjóna lýðræðis-jafnaðarstefnunnar um frelsi, jafnrétti og bræðralag.

## Ögurstund

Í minningunni er bjart yfir bernskuárunum. Ég fann það á börnum okkar Bryndísar, sérstaklega þeim yngri, Glúmi, Snæfríði og Kolfinnu, sem ólust upp í frumbersku á Ísafirði, að sennilega er hvergi betra að alast upp en í sjávarplássi. Allur bærinn var okkar leikvöllur, ofan úr stóruð og niður á bryggjusporða. Í næsta húsi við okkur á Hrannargötunni hafði verið kvikmyndahús, en það brann og brunarústimar voru fyrsti stóri leikvöllurinn og á vetrum var þar forláta skautasvell. Þarna var allt um kring fjöldi barna sem skipti sér í óaldarflokka með tilheyrandi flokkadráttum og fólkorrustum, þótt sjálfsagt hafi verið fengist við friðsamlegri iðju þess á milli. Margir strákanna byrjuðu snemma að beita í beitningarskúrum og fengu fyrir það vasapeninga. Ég var rétt byrjaður að stunda þá iðju með félögum mínum þegar ég var skyndilega hrifinn brott úr þessu umhverfi suður til Reykjavíkur. Sem aldrei skyldi verið hafa. Enn einu sinni tók pólitíkin af okkur völdin. Hannibal hafði verið kosinn á þing árið 1946 og við hin fylgdum í farteskinu. Á Ísafirði var leikvöllur bernskunnar og lífsbarátta hinna fullorðnu í sama dúr. Þetta var engin gerviveröld og eins ólíkt dagvistarheimili nútímans og hugsast getur. Það vildi mér til happs að þetta sama ár, vorið 1946, fór ég í fyrsta sinn í sveit í Ögur. Þar með tók ég aftur gleði mína.

Þegar ég hugsa til bernskuáranna finnst mér eins og lífið hafi byrjað við sjö ára aldurinn, í Ögri, þar sem ég lifði sjö sælustu sumur bernsku minnar í sveit hjá móðurbróður mínum, Hafliða Ólafssyni og konu hans, Líneik

Árnadóttur. Systkini mín voru einnig á öðrum bæjum við Djúp: Arnór naut lengst frumburðarréttar síns að alast upp á sumrum undir handarjaðri ömmu á Strandseljum. Ólafur var í vist hjá Guðrúnu móðursystur okkar í Unaðsdal á Snæfjallaströnd. Elín var í vist að Skarði í Skötufirði hjá þeim Óskari Þórarinssyni og Kristjönu Helgadóttur en Guðriður var samtíða mér fyrsta sumarið í Ögri en var annars í vist hjá Þórði móðurbróður okkar í Odda og Kristínu konu hans. Við höfðum því veður hvert af öðru og ekki nema bæjarleiðir milli okkar flestra en til Unaðsdals sáum við í góðu skyggni þvert yfir Djúpið og lásum tíðarfarið af fönnunum á Snæfjallaströndinni.

Ögur var stórbýli til forna og frægt höfðingjasetur í Íslandssögunni. Við erum á slóðum *Fóstbræðrasögu* og *Hávarðarsögu Ísfirðings*. Hér leitaði Þormóður kolbrúnarskáld eftir ástum heimasætunnar, Þórdísar í Ögri. Á seinni öldum bjuggu í Ögri ýmsir nafntogaðir höfðingjar sem létu að sér kveða og ekki allir prúðmannlega eins og til dæmis Ari Magnússon sem er alræmdur fyrir framgöngu sína í svokölluðum Spánverjavígum. Ögur-bændur áttu á fyrri tíð jarðir og jarðarparta og hlunnindi víða í öðrum sóknum og heimtu landskuldir af leiguliðum. Auk þess var vinnumönnum haldið til sjóróðra úr verbúðum í Ögurnesi, frá Bolungarvík og víðar. Í Ögri safnaðist því auður í bú og þar héldu bændur sig að höfðingjasið um húsa-kost og hátterni. Þegar ég kom fyrst í Ögur var gamli burstabærinn enn uppistandandi, fjögur eða fimm gafhlöð úr timbri og tyrft yfir. Þar var að finna fjós, hlöðu, smiðju, hæsnahús og gamla viðhafnarstofu, Ögurstofuna, sem stundum var kölluð Bláa stofan og hefur fyrir löngu verið flutt til varðveislu á minjasafnið á Ísafirði. Auk þess voru í gamla bænum geymslur og búr fyrir mjólk, skyr og rjóma, og krúsir og fötur undir ber af fjalli, krækiber, bláber og aðalbláber, fyrir utan fjallagrösín. Í smiðjunni fór fram dúnhreinsun á vori fyrir slátt. Þar voru geymd öll amboð sem þurfti til útivinnu og heyskapar, hefilbekkir, glóðarofn til að hita járn og dengja, hverfisteinn til að brýna á ljái, steðji og hamrar, orf, ljáir og hrifur og öll þau önnur amboð sem þörfuðust umhirðu og viðhalds.

Íbúðarhúsið í Ögri, sem enn stendur, var byggt á árunum 1884–1885 og ber stórhug Ögurbænda á þeim tíma órækt vitni. Þetta er tvílyft timburhús á steiptum kjallara og með miklu háalofti. Kjallaraveggirnir eru svo þykkir að minntu mig á kastala í Evrópu eins og ég sá þá af myndum og með eigin augum síðar meir. Í kjallaranum var stór og mikill eldaskáli og matmálsskáli fyrir vinnufolk og miklar geymslur fyrir hvaðeina sem þurfti til matseldar.

Líneik var vakin og sofin í húsfreyjustarfinu og bar auðvitað merki þess

linnulausa þrældóms sem hvíldi á hennar herðum við að reka svo mannmargt og umsvifamikið heimili. Ögursystkinin voru sex talsins: Lára, Guðríður, Halldór, Ragnhildur, Ása og Erla. Auk þess höfðu Ögurhjón tekið í fóstur ungan pilt, Guðmund Halldórsson, sem seinna gerðist sjómaður og skipstjóri á Sudurnesjum. Síðan vorum við þrír hlaupastrákar. Íðulega sátu upp undir fimmtán manns til borðs, fyrir utan gesti og gangandi sem stöðugt áttu leið hjá. Þarna var ekki naumt skammtað. Líneik var uppi fyrir allar aldir og hafði til reiðu morgunverð, hafragraut og slátur. Síðan kom morgunkaffi með meðlæti, hádegisverður, síðdegiskaffi, vel útilátinn kvöldverður og kvöldkaffi. Um hábjargræðistímamann var víða leitað fanga til að afla heyja og þá var sendur matur, oft langar leiðir, fremur en að menn væru kallaðir heim.

Þótt engin væri bryggjan né akvegir á þessum tíma lá Ögur miðsvæðis við samgöngum. Þar var póst- og símstöð, þar var einnig upp- og útskipun fyrir afurðir og allan varning fyrir bændur í Ögurvík og Laugardal og stöðugur straumur fólks sem átti erindi inn í Djúp. Það hefur því þurft ekki lítil aðföng til að sjá öllu þessu liði farborða og veita gestum og gangandi sómasamlegan beina. Þar munaði ekki lítið um tekjur búans af fullhreinsum æðardún sem alla tíð hefur þótt lúxusvara í útlöndum og oftast selst góðu verði. Allt það góðmeti sem kom upp úr garði Líneikar handan við fjósvegginn var líka gott búsilag. Þar ræktaði hún gulrófur, gulrætur og næpur, rauðkál og grænkál og blómkál og sinnti af sérlegri natni. Þegar komið var að uppskeru var hún var ætíð vel á verði til að stugga okkur strákunum frá því að laumast inn í garðinn til að stela rófum og næpum. Ef upp komst áttum við hana á fæti.

Á miðhæðinni var svokallað piltaherbergi þar sem menn gátu kastað sér á rúmflét eftir erfiði dagsins. Þar voru líka vistarverur Ragnhildar í Ögri, fósturmóður Líneikar húsfreyju, og einkastásstofa hennar sem var lokuð öllum öðrum en útvöldum fyrirmenum. Loks var þar einnig gestaherbergi sem þjónaði margvíslegu hlutverki sem símstöð sveitarinnar, vinnuherbergi húsbóndans og borðstofa fyrir gesti. Að framanverðu var séringgangur á háar tröppur fyrir höfðingja, en við vinnumennirnir og gestir sem töldust til almúgafólks, gengum inn um bakdyrnar í kjallarann. Á efri hæðinni voru að minnsta kosti fimm svefnherbergi, hjónaherbergi, stúlknaherbergi og strákaherbergi þar sem við vikapiltar sváfum ásamt Halldóri frænda. Þarna var einnig viðhafnarlegt gestaherbergi. Það var grænmálað og með finum mublum og postulinsskálum til að gestir gætu þvegið sér. Þaðan var fagurt útsýni yfir á Snæfjallaströndina og út með Djúpinu, oft roðagullið um hásumarnætur.

## Fornfrægt höfuðból

Haflíði og Líneik tóku við búsför ráðum í Ögri árið 1940. Áður höfðu þau stofnað bú að Garðsstöðum í Ögurvík, handan Ögurárinnar. Þar reistu þau forlata steinhús og Haflíði braut mikið land til ræktunar. Haflíði hafði menntast á Hvanneyri og í landbúnaðarfræðum í Noregi og stundað heimkominn jarðræktarstörf fyrir bændur víða um Djúpið. Hann var stór maður og stæðilegur og sterkur vel. Það munaði um hann þegar hann batt sig í endann í reiptogi okkar Ögurvíkinga við utansveitarmenn þegar haldnar voru hátíðir við Ögurböll. Haflíði var kolsvarthærður á yngri árum en með himinblá augu og þessi litasamsetning gaf andlitinu sterkan og eftirminnilegan svip.

Haflíði var fátalður maður hversdagslega svo sem verið hafði afi hans, Haflíði molla. Hann var oddviti hreppsins og hafði mörgu að sinna fyrir utan búreksturinn. Þó sat hann gjarnan við enda borðs við morgunverðinn og mælti fyrir um verkstjórn sem hvíldi að mestu á ungum en traustum herðum Halldórs frænda míns. Haflíði átti forlata reiðhest, að okkur þótti, sem Húni hét. Hann var yfirleitt ekki fenginn öðrum til reiðar, fremur en Freyfaxi Hrafnkels freysgoða. Eitt sinn skaut Haflíði þó gæðingnum undir mág sinn, Hannibal, sem þá var þingmaður Norður-Ísfirðinga og kominn var í pólitíska vísitasiu um Djúp. Þegar Hannibal var kominn á bak lét Húni öllum illum látum; hann þrjónaði og jós og gerði sig líklegan til að losa sig við knapann. En Hannibal gaf sig hvergi og þvingaði að lokum hófahundinn til að láta að stjórn og reið úr hláði við annan mann til að boda Djúpbændum hugsjón jafnaðarstefnunnar. Ég var nokkuð ánægður með karlinn þessa morgunstud í hláðvarpanum í Ögri. Hann hafði allavega ekki orðið mér til skammar.

Ég beið þess með óþreyju á hverju vori að skóla sleppti og hlakkaði til sumardvalarinnar í Ögri. Við vorum þarna í vist tveir fóstbræður frá Ísafirði, við Þórir Sigurðsson. Seinna tókum við í fóstur yngri bróður Þóris, Jón Sigurðsson, sem síðar fékk viðurnefnið hinn Þjóðhagi. Sem eldri og reyndari menn þóttumst við Þórir bera nokkra ábyrgð á uppeldi Jóns en áttum þó fullt í fangi við að hemja strákinn því hann virtist ganga fram undir kjörórðinu: Allt sem þið getið, það get ég og jafnvel betur. Yngsta bróður þeirra, Guðmundi, kynntist ég ekki fyrr en síðar, enda var hann nokkru yngri. Við vikapiltar í Ögri þóttumst vera herjans miklir karlar, vinnumenn við Þjóðþrifastörf. Vinnudagur var oft langur en tilbreytingin takmarkalaus og úti-veran frá morgni til kvölds hleypti lifi og fjöri í okkar ungu kroppa.

Halldór frændi minn stýrði þessu unga liði til verka og var okkur allt í senn, foringi og fyrirmynd. Honum kippir í kyn sumra frænda okkar af Strandseljaætt. Hann er meðalmaður á hæð, en þrekvaxinn og öflugur til átaka og vinnu. Hann var fálátur hversdagslega en greindur og íhugull, en fyrst og síðast góður félagi þessa strákastóðs sem hann þurfti að aga til vinnu og verka.

Ákveðið mynstur var í vinnutilhöguninni. Þegar sauðburði taldist lokið var farið í mógrafir; þá var tekinn mór og þurrkaður til eldiviðar. Eftir það tók við dúntekjutímabilið. Þá var röið út í Ögurhólma og hirtur dúnn úr hreiðrum. Í hólmunum var mikið kríuvarp og maður varð fyrir stöðugri loftárás frá þessum árásargjörnustu kvenfuglum Norður-Atlantshafsins. Uppbótin fyrir þau óþægindi var að gleypa í sig hrá kríuegg, sem eru mikil hollusta. Dúnhreinsunin sjálf er hins vegar mesta óþrifnaðarverk sem ég hef unnið, að pólitík ekki undanskilinni. Hún gekk þannig fyrir sig að sett var upp grind með snærisspottum og rafmagnsofn hafður undir. Síðan þurfti að hnoða dúninn og hreinsa öll óhreinindi þar til hann var nánast loftkenndur. Þessu fylgdi rykmökkur, auk þess sem í dúninum leyndist svo mikil lús að þegar verki var lokið voru hendur og handleggir stokkbólgnir upp fyrir olnboga. Þegar maður slapp úr þessari prisund hófst heyskapurinn.

Tún eru rennislétt í Ögri og þar var heyjað með sláttuvél og hestar fyrir. Að mörgu leyti voru búskaparhættir þó nær búskaparlagi Ara Magnússonar í Ögri en seinni tíma manna. Hluti af túninu var sleginn með orfi og ljá, auk þess sem víða var leitað fanga um heyfeng á grasbleðlum hér og hvar alla leið inn í Skötufjörð. Þá var reitt heim á klakk og allir tiltækir hestar fyrir utan gæðing húsbóndans bundnir í halarófu til að leiða fenginn heim. Að annarra sögn þótti ég liðtækur með orf og ljá. Þó sóttist mér seint sú list að brýna svo að bitið héldist, en það er sjálfur galdur sláttumannsins.

Einn burðarklárinn í Ögri var kenndur við Strandsel og kallaður Strandselja-Rauður, enda var hann þaðan upprunninn, eins og ég. Fyrir sakir frændsemi þóttist ég hafa sérstakt stjórnmalasamband við Strandselja-Rauð. Ég imyndaði mér að amma hefði fóstrað hann ungan og reynst honum vel og ætlaðist til þess að hann léti mig njóta þess. Strandselja-Rauður var burðarmikill klár en nokkuð siginn á efri ár þegar hér var komið sögu. Ég furðaði mig á því að þegar komið var í hagann að morgni til að sækja hestana voru þeir allir löngu staðnir upp og farnir að bíta nema Strandselja-Rauður sem lá kylliflatur og dæsti mæðulega. Oft þurfti miklar fortölur til að fá hann til að risa upp og gegna skyldum sínum, en ekki kom

til álíta að sparka í hest af Strandseljakyni, enda aldrei að vita nema hann hefði brugðist ókvæða við. Strandselja-Rauður var sérvitringur, eins og rik tilhneiging er til í Strandseljaætt, og óútreiknanlegur í uppátækjum sínum. Mest skapraunaði hann mér þegar hann tók upp á að leggjast kylliflatur í miðri halarófu baggahesta og reyna að velta af sér böggum eins og hann væri að boda til verkfalls. Sannleikurinn er sá að hann var bæði latur og sérhlifinn. Hins vegar hafði hann húmorinn í lagi eins og flestir aðrir af Strandseljakyni. Þótt hann væri löngu geltur og vita gagnslaus að sinna merum hafði hann stöðugt uppi sýnilega tilburði í þá átt, en þær hnussuðu fyrirlitlega og gengu undan honum með snúð. Þá rann mér til rifja einstæðingsskapur hans og hrumleiki. Hann minnti mig á garpinn og hetjuna Egil Skallagrímsson, sem svo var komið fyrir í hárrí elli að vinnufólk og griðkonur stugguðu honum frá og hlógu að tilburðum hetjunnar sem í blóma lífs hafði lagt heiminn að fótum sér.

### Íþróttir og andlegheit

Mér er minnisstætt að hvernig sem okkur strákunum var haldið til vinnu var endalaus atorka aflögu til að stunda íþróttir. Ég held að engir okkar hafi nokkurn tíma gengið nokkurn spöl, við vorum alltaf á hardahlaupum. Við vorum íþróttasjúkir og héldum íþróttamót í öllum tómstundum, sem gáfust frá vinnu. Íþróttaráttan fór vaxandi ár frá ári og stóð í blóma um það leyti sem Gunnar Huseby, Clausen-bræður, Hnifsdælingurinn Finnbjörn Þorvaldsson og Eyjamaðurinn Torfi Bryngeirsson komu Íslendingum loks á blað í Evrópu fyrir íþróttafrek. Halldór frændi var lífið og sálin í þessari endalausum íþróttakeppni. Alveg eins og hann hélt okkur til vinnu og kenndi okkur vinnubrögð, setti hann okkur leikreglur, mældi vegalengdir og tíma og stjórnaði mótshaldi. Við kepptum í spretthlaupum og millivegalengdum, í hástökki, langstökki og þristökki og kúlu- og kringlu- og spjótkesti. Ég var sprettharður og bjó yfir miklum stökkkrafti, en bolmagnid var helst til lítið í köstunum. Þar var það Þórir sem einn gat veitt Halldóri einhverja keppni. Þórir var líka öflugur í millivegalengdum og lengri hlaupum og fór stöðugt fram. Báðir urðum við að leggja okkur alla fram til að hafa við stráknum Jóni, sem bar ónóga virðingu, að okkur fannst, fyrir sér eldri og reyndari mönnum og lét aldrei sinn hlut fyrir neinum fyrr en í fulla hnefana. Eftir að Bob Mathias varð Ólympiumeistari í tugbraut þótti okkur sjálfsgagt að keppa í fimmtar- og tugbraut og höfðum allt kirfilega mælt og tímatekið. Ég efast um að þjálfunarprógrammið hafi verið jafnskipulagt og umfangsmikið hjá „stóru“ íþróttafélögunum fyrir sunnan.

Sund stunduðum við líka. Ögurbændur höfðu verið svo forsjálar á fyrri tíð að byggja stíflu í Öguránni til rafmagnsframleiðslu. Þar var fyrsta flokks sundlaug, sem var óspart notuð, en köld var hún.

Þegar hvorki viðraði til útiverka né íþróttaiðkana lágum við í bókum. Uppi á háalofti í Ögurhúsinu var að finna bókasafn hreppsins og þar leyndust margar góðar bækur innan um. Kiljan var ekki þar að finna svo að ég varð að hafa *Sölku Völku* með mér að heiman. En þar voru Íslendingasögurnar, Gunnar Gunnarsson og Jón Trausti og þó nokkuð af skandinavískum rómönnum eins og til dæmis eftir Selmu Lagerlöf. Þar var líka að finna H.C. Andersen og framandlegar bækur af fjarlægum slóðum eins og sögur Nasreddins en ekki hvað sist *Þúsund og eina nótt*, sem mér fannst opna ævintýraveröld. Sennilega hafði engin bók þó jafnmikil áhrif á mig og *Lygn streymir Don* eftir Sjólokoff. Ég fletti henni löngu seinna til að forvitnast um það af hverju mér fannst bókin svo góð. Það er vegna þess að lýsing Sjólokoffs á mannlífi á Volgubökkum varð í mínum huga að lýsingu á mannlífi við Djúp.

### Margt býr í þokunni

Mér fannst Ögur vera þungamiðja heimsins. Þar var alltaf eitthvað að gerast, enda var gestagangur mikill. Ósjaldan vorum við snúningastrákarnir fengnir til að sækja hesta í haga og fara með gestum á hestbaki inn í Djúp. Bílvegur um Djúp var ekki kominn á þessum árum svo að þeir sem þangað lögðu leið sína fóru á hestbaki. Tvisvar í viku var röið fram í Djúpbátinn til að koma afurðum á markað og taka á móti pósti, varningi og fólki. Einhverju sinni þurfti Ragnhildur í Ögri að bregða sér bæjarleið með finnum frúm sem voru í heimsókn. Hún átti jarpleita hryssu sem hét Nóra. Þarna sá ég hest gyrtan söðli í fyrsta og seinasta sinn á ævinni. Mér sýndist Ragnhildur skarta að minnsta kosti tíu pilsum þar sem henni var lyft í söðul og bjóst við að hún félli þegar í stað kylliflöt aftur fyrir sig. En hún leið niður grundirnar á þýðu tölta eins og hún sæti í stásstofu sinni heima í Ögri. Okkur strákunum sem vorum vanir að ríða berbakt, jafnvel með snærisspotta fyrir taum, þóttu þetta ótrúlegar aðfarir.

Það var í verkahring okkar strákanna að sækja kýrnar fyrir mjaltir á hverjum degi og er ekki í frásögur færandi, utan hvað eitt sumarið áttum við hvað eftir annað fótum fjör að launa undan bolakálfi sem var mannýgur og setti sig ekki úr færi að bekkjast til við okkur. Einu sinni sem oftast fór ég einn míns liðs að sækja kýrnar og hljóp við fót eins og venjulega. En kýrnar reyndust ekki vera á sínum stað. Ég hljóp áfram og fór upp á öll

þekkt kennileiti þaðan sem sá yfir bithaga, þar sem vitað var að þær héldu sig þegar vel lá á þeim. Þarna ríkti djúp öræfabögn, órofin nema af kvaki heidlóunnar sem söng sitt dirrindi til náttúrunnar. Þegar leið á kvöldið lagði fram dalinn dimma þoku sem umlukti allt og faldi kennileiti og að lokum sá ekki handaskil. Ég arkaði áfram, langt fram eftir kvöldi, þangað til að ég varð að játa fyrir sjálfum mér að ég væri orðinn rammvilltur. Heldur var ég orðinn uppburðarlitill, auk þess sem ég vissi að ég fengi skömm í hattinn ef ég fyndi ekki kýrnar.

Um það leyti sem ég var að gefa upp alla von heyrði ég í þögninni enduróm af hófadyn í fjarska. Ég lagði við hlustir og horfði í áttina þangað sem hljóðið barst. Smám saman grillti ég í dökka þúst sem nálgadist mig. Allar draugasögur sem ég hafði heyrt í Íslands þúsund ár streymdu inn í vitundina og ég varð skelfingu lostinn. Þegar torkennilega vofan var komin því sem næst alveg að mér sá ég apalgráan hest og manneskju í dökkum hettukufli sem hún lét falla þegar hún heilsaði. Hún benti mér að stiga í ístaðið og vippa mér á bak fyrir aftan sig. Af brosi hennar og rödd fékk ég ráðið að þetta væri kona sem ég reyndar þar kennsl á: Ragna á Laugabóli, sem var að koma frá Ögri á leiðinni heim að Laugabóli framhjá Strandseljum. Ég var þá kominn langleiðina að reiðgötunum fyrir ofan Ögurhólma á leiðinni að Strandseljum. Ég hélt fast utan um Rögnu, mér til halds og trausts, meðan ég sagði henni frá vandræðum mínum. Hún lagði stutta lykkju á leið sína niður að sundunum við Ögurhólmana. Þegar þokuna lagði ögn frá sá ég þar Ögurkýrnar í mestu makindum á beit. Ég kvaddi Rögnu ástúðlega og þakkaði henni fyrir að hafa bjargað lífi mínu og heiðri. Heim í Ögur náði ég ekki fyrr en undir miðnættið, niðurlútur kúasmali.

### Dragspil og dunandi dans

Ögurböll voru haldin einu sinni eða tvisvar á sumri og þar var spilað á harmónikku. Þangað streymdi fólk að í stríðum straumum, riðandi innan úr Djúpi eða það kom sjóleiðina frá Súðavík, Ísafirði eða Bolungarvík. Félagshemilið í Ögri var ekkert stórhýsi en inn í það tróðust hundruð manna og kvenna og dansinn minnti helst á iðandi síldarkös í hringnót. Þetta voru einhver eftirminnilegustu mannamót sem ég hef upplifað. Þarna var mikið ástarlíf út um alla móa og afbryðisamir eiginmenn, eða tortryggirnir vonbiðlar, vildu láta líta til með dyggðum sinna heittelskuðu. En þar sem það tafði þá frá drykkju fengu þeir okkur strákana til að fylgjast með og borguðu allt að tvær krónur fyrir hverja skýrslu.

Eitt Ögurballið varð mér sérstaklega minnisstætt af því að þær lenti ég í

sérstökum hremmingum vegna faðernis míns. Ungur maður, sem þá gegndi læknisstörfum í Djúpinu, og var að minnsta kosti góðgladur ef ekki þéttdrukkin, hafði spurnir af því hverra manna ég væri. Hann tók miklu ástfóstri við mig og sleppti ekki af mér hendinni lengi fram eftir kvöldi. Þar kom að hann gekk með mig undir arminum fyrir menn og spurði með þjósti hvort þeir væru aðdáendur Hannibals. Ef því var ekki þegar í stað svarað játandi fengu menn á hann; ef menn svöruðu fyrir sig með höggum varð ég fyrir þeim. Ég tók út heilmiklar barsmiðar vegna ofurástar héraðs-læknisins á Hannibal. Og kunni honum litlar þakkir fyrir.

Mörgum árum seinna áðum við Bryndís sem oftast á ferð um Djúp við Djúpmannaskálann í Mjóafirði. Þann skála höfðum við bræður reyndar tekið þátt í að byggja, ásamt öðrum sjálfboðaliðum undir verkstjórn Friðfinns frænda. Þarna rak ég allt í einu augun í mynd upp á vegg. Myndin var af Ella í Heydal á gæðingi sínum, Léttfeta. Það rifjaði upp fyrir mér löngu gleymda mannlífsmynd.

Þegar Léttfeti birtist með Ella góðgladan á baki innan um hestastóð og mannþyrpingu að búa sig undir Ögurball fann ég að nú væri hátíð gengin í garð. Elli var svo smávaxinn að hann var varla hærri í loftinu en við strákarnir, en hann beinlínis geislaði af fjöri og ósvikinni lífsgleði. Pyttlan var óðar komin á loft og gekk frá munni til munns. Í kaupbæti fylgdu sögur, grín og grallaraháttur. Þumbarahátturinn var eins og strokinn af andlitum manna og leystist upp í bros og hávær hlátrasköll. Aldrei hef ég síðan séð hest og mann sem voru eins samrýndir og Elli og Léttfeti. Léttfeti var hraðskreidur töltari og svo fótvisst að hann gat vaðið urð og grjót svo engu skeikaði. Og engu skipti hversu góðgladur Elli var; alltaf hékk hann á baki enda samgróinn við hestinn með einhverjum dularfullum hætti. Maður og hestur voru eitt. Elli hefði sómt sér vel sem Poncho á Léttfeta á tölti um sléttur Patagóníu með nautahjarðir í áningarstað þar sem kúrekarnir hvíla lúin bein við brakandi eld. Pyttlan gengur mann frá manni og endalausar sögur eru spunnar um hesta, menn og konur. Frásagnir sem breytast smám saman í þjóðsögur við sléttuelda næstu kynslóðar þar sem lífið breytist ekki. Og sléttan á sér hvorki upphaf né endi.

### Fyrsta kosningabaráttan

Snemma vors árið 1952 bar það til tíðinda að í Ögur kom gestur, stór maður og mikilúðlegur. Þar var kominn Lýður Jónsson, yfirvegavinnuverkstjóri Vestfjarða. Hann átti það erindi við Hafliða bónda að fá léðan snúningastrák. Niðurstaðan var sú að ég var sendur með honum. Verkefni mitt átti

að vera að halda í spotta og halda uppi stikum meðan Lýður var að hæðarmæla fyrir vegum. Þennan starfa hafði ég árvíssat á hverju vori í nokkur ár. Þetta vorið hófum við ferð okkar á Borðeyri, syðst í Strandasýslu, og héldum sem leið lá norður eftir allri sýslunni. Lýður keyrði um á gömlum Willys-jeppa. En í þetta skiptið vorum við ekki að mæla fyrir vegum heldur var bankað upp á því sem næst hverjum bæ og bændur og húsfreyjur tekin tali um komandi forsetakosningar. Ég hafði það embætti að fylgja húsbónda mínum og halda á svartri leðurtösku. Eitthvað fannst mér undarlegt framan af, að það gutlaði í töskunni. Erindi Lýðs var að snúa stuðningsmönnum og aðdáendum Hermanns Jónssonar, Strandagöða, til fylgis við Ásgeir Ásgeirsson, fremur en séra Bjarna Jónsson sem var boðinn fram í nafni þeirra fjandvinanna Ólafs Thors og Hermanns og flokka þeirra sem þá, sem oftast, voru í stjórnarsamstarfi.

Á þessu ferðalagi mættum við Lýður á mikinn fund sem haldinn var í félagsheimilinu á Hólmavík þar sem var snarfullt út úr dyrum. Til fundarins var boðað af gamalgrónum og traustum stuðningsmönnum Hermanns sem voru afsþyrnuóánægðir með þá dagskipan að eiga að kjósa séra Bjarna og þar með íhaldið. Þegar við gengum upp tröppurnar stóð þar Hermann glímukappi og heilsaði öllum með handabandi. Ég hafði mikið heyrt um hann talað sem garp og hetju og brá þess vegna nokkuð í brún þegar ég leit hann eigin augum því ekki var fjarri að hann hafi náð Lýð leiðtoga mínum um það bil í öxl. Lýður kynnti aðstoðarmann sinn sem son Hannibals. Hermann heilsaði mér innvirkulega og klappaði mér á kollinn, grunlaus um að þarna væri kominn annar helsti kosningasmali Ásgeirs stórkrata.

Fundurinn reyndist Hermanni mjög öndverður. Leiddur var upp á svið síðskeggjaður og miklúðlegur öldungur, því sem næst blindur, sem flutti þrumandi ræðu yfir fundarmönnum og Hermanni um þá ósvinnu að ætla mönnum að kjósa séra Bjarna. Ég þóttist skilja af þessum fundi að okkur Lýð hefði orðið nokkuð ágengt með heimsóknum okkar á bæi til að véla fólk til fylgis við Ásgeir. Reyndar var eitt af því sem kom á óvart í kosningunum að í fyrsta sinn tregðuðust Strandamenn við að fylgja foringja sínum og fór því líkt og Gunnari Thoroddsen sem hlýddi ekki flokksaga og studdi tengdaföður sinn Ásgeir dyggilega í þessum kosningum. Gunnar hafði ungur verið settur í framboð af íhaldinu til höfuðs Ásgeiri í Vestur-Ísafjardarsýslu. Hann féll fyrir Ásgeiri en hreppti í staðinn dóttur hans, Völu, og hlaut þar með betri hlut en þingsæti í þeirra skiptum. Sextán árum síðar, árið 1968, stóð Gunnar í þeim sporum að freista forsetakjörs sem arftaki tengdaföður síns. Hann beið þá lægri hlut fyrir Kristjáni Eldjárn, sem kunnugt er. Öfugt við flesta á nálægum pólitískum breiddargráð-

um við mig studdi ég Gunnar í þeim forsetakosningum. Mér þótti einsýnt að Gunnar og Vala myndu sóma sér öllum öðrum betur á forsetastóli að Bessastöðum. Auk þess hefði mér ekki þótt lakara að sjá Gunnar hverfa af vettvangi alvöru stjórn mála.

Þetta var fyrsta kosningabaráttan af mörgum sem ég hef verið viðriðinn. Hitt er svo annað mál að þegar þessu ævintýri lauk, og Ásgeir hafði verið kjörinn forseti, fórum við Lýður raunverulega að mæla fyrir vegum. Þá hafði bæst í hópinn aðsópsmikill mælingamaður, Árni Jóhannsson verktaki og síðar meir hetjutenór Fóstbræðra, sem lét eitt sinn kristalsljósakrónu springa þegar hann tók háa c-ið í veislusölum í Kreml. Verkefnið þetta vor var að mæla fyrir veginum yfir Streingrímsfjarðarheiði sem ég hef ekið oft og tíðum síðar. Ég þykist sjá að vel hafi tekist til hjá okkur Lýð og Árna því vegurinn er vel hannaður og uppbyggður.

### Skáldið á slóðum Fóstbræðrasögu

Ragnhildur í Ögri þótti skaphörð og ekki allra, en okkur var vel til vina. Smám saman komst á það verklag að eftir morgunskattinn sá ég um að mala kaffi í eldhúsinu við hátíðlega athöfn. Sú seremónía fór þannig fram að baunirnar voru settar í kvörn og ég sneri kvörninni. Á meðan fór kerlingin með bókmenntir. Hún kunni ljóð allra helstu skálda Íslands utanbókar, það er að segja þeirra sem voru í náðinni hjá henni. Einar Benediktsson var skáld númer eitt en Þorsteinn Erlingsson komst ekki á blað vegna meints kommúnisma. Eftir á að hyggja lærði ég heilmikið af þessum kaffimölunar-korturum. Smám saman fór ég til dæmis að fallast á að Einar Ben. hefði verið mikið skáld. Eftir því sem mér óx fiskur um hrygg fór þó að bera á bókmenntalegum ágreiningi milli okkar. Ég vissi sem var að Hannibal hafði mætur á Þorsteini Erlingssyni og Stephani G. Stephanssyni og móðir mín hafði kennt mér sitthvað eftir rómantikera eins og Jóhann Sigurjónsson og Jóhannes úr Kötlum. Þessa menn taldi Ragnhildur vafasama karaktera og lagði sig fram um að þeir spilltu ekki bókmenntasmekk mínum.

Í hópi þeirra tignu gesta sem fengu að ganga til stásstofu Ragnhildar, sem hún hafði til umráða, var sýslumaðurinn, ef hann var í fullum embættisskrúða, og þingmenn íhaldsins. Krötum og framsóknarmönnum var ekki boðið í þessa stofu.

Einn góðan veðurdag tilkynnti Ragnhildur mér að nú væri væntanlegur í heimsókn maður sem hefði mjög vafasamt orð á sér, kommúnisti sem hefði rægt Ísland í útlöndum en sagður vera þó nokkurt skáld. Hún bar

undir mig hvort við ættum að hafa svo mikið við að bjóða Halldóri Kiljan til stofu. Ég var á þessum tíma ástfanginn af Sölku Völku og því hlýtt til höfundar hennar og mælti eindregið með því að látið yrði á það reyna hvort skáldið væri stofuhæft.

Svo birtist allt í einu í túnfætinum framandlegur maður á skoskum tweed-pokabuxum, öðruvísi en allir menn sem gist höfðu Ögur þessi árin. Ragnhildur stóð við samkomulagið og bauð skáldinu til stásstofu. Þegar gestir sátu í stofu hafði hún stundum þann sið að kalla á mig til að snúa grammófóni, miklum kjörgrip með lúðri. Að þessu sinni höfðu þau skáldið svo mikið að tala að það gleymdist að kalla á mig til að spila Caruso. Þannig missti ég af miklu bókmenntaseminar. Loks tók skáldið hatt sinn og staf og kvaddi. Ég tók eftir því að Ragnhildur var óvenjulega uppnumin eftir heimsóknina og gekk um eins og í leiðslu. Ég heyrði hana segja við sjálfa sig fremur en að mér væri ætlað að heyra:

„Hvað svo sem þeir segja um hann reyndist þetta vera hinn allra kurt-eisasti maður.“

Ég vissi ekki fyrr en síðar að skáldið var komið að Djúpi þeirra erinda að ferðast um slóðir *Fóstbræðrasögu* því hann var þá að heyja sér föng í *Gerplu*. *Gerpla* er reyndar ein af eftirlætisbókum mínum eftir skáldið. Ég las hana í pappírskilju sem hafði verið flett svo oft að hún var orðin laus í bandinu. Oft og ídulega greip ég niður í *Gerplu* til þess eins að koma mér í gott skap og til að hlæja því að satíran er óborganleg. Þess vegna rak mig í rogastans löngu seinna þegar ég las ritdóm í ensku stórblaði um *Happy Warriors* þar sem helst var fundið höfundinum til foráttu að hann væri þungt haldinn af norrænum bölmóði og sneyddur skopskyni. Eftir það fór ég að efast um hið rómaða skopskyn Englendinga – nema þetta hafi verið skrifað af Íslendingi?

Eftir sjö sumur í Ögri fékk ég þá flugu í kollinn að ég væri útlærður og ráðlegt væri að kynna sér nútímalandbúnað í öðrum sóknunum. Móðir mín hafði á yngri árum sínum verið í vist að Ölvaldsstöðum í Borgarfirði og hafði milligöngu um að vista mig þar. Það voru mistök. Þar fóru menn varla af bæ og þangað kom enginn. Bókmenntirnar samanstóðu aðallega af markaskránni, símaskránni og útsvarsskránni. Þetta þótti mér daufleg vist. Ég saknaði sárlega iðandi mannlífs við Djúp vestur.



## KAFLI II

# Að slíta barnsskónum

Ég hóf skólagöngu mína í barnaskólahúsinu á Ísafirði, reisulegu timburhúsi sem byggt var árið 1901. Ekki grunaði mig þá að í þessu sama húsi myndi ég aldarfjórðungi síðar stofna og starfrækja menntaskóla. Fyrsti kennarinn minn hét Sigurður Ólafsson og reyndist vandaður og natinn barnakennari. Þarna gengu um gangana menn sem ég þekkti vel úr bæjarlífinu og voru nánustu samstarfsmenn Hannibals í bæjarstjórn og verkalýðshreyfingunni. Þetta voru þeir Björgvin Sighvatsson (faðir Sighvats) og Jón H. Guðmundsson, hvor öðrum betri kennari. Eftir að Jón H. flutti suður og settist að í Kópavogi gerðist hann lífið og sálin í félagsskap jafnaðarmanna í því vaxandi bæjarfélagi sem Finnbogi Rútur föðurbróðir minn og Hulda Jakobsdóttir kona hans stofnuðu og stýrðu fyrstu tvo áratugina eða svo.

Þórir Sigurðsson, fóstbróðir minn úr Ögri, var í sama bekk og ári á undan sínum árgangi eins og ég. Svo rammt kvað að samkeppni okkar Þóris í skólanum að við töludumst tæplega við allan veturinn. Á fullnaðarprófi hafði ég það af að fá hærra einkunn en hann, sem hlýtur að hafa verið slysn því hann var miklu meiri námsmaður en ég. En þrátt fyrir samkeppni og meting vorum við frá og með þeirri stundu sem við komum í sveitina óaðskiljanlegir vinir. Annar náinn vinur minn á þessum árum var Gunnar Sigurjónsson, síðar bankastarfsmaður í Reykjavík. Gunnar var efnilegur íþróttamaður og sérstaklega flinkur fimleikamaður. Fyrir hans áhrif fór ég að æfa með fimleikaflokki undir stjórn Bjarna Bachmanns íþróttakennara.

Bjarni var ekki bara venjulegur íþróttakennari heldur glúrin uppeldisfrömuður sem hafði meistaratök á strákastóðinu. Hann kveikti með okkur metnað, brennandi áhuga og kappsemi við íþróttaiðkanir. Við vorum ekki bara á formlegum æfingum undir handleiðslu Bjarna heldur alltaf, hvar og hvenær sem við gátum. Við sippuðum og hlupum, steiptum okkur kollhnisa og fórum flikk-flakk og heljarstökk aftur á bak og áfram af miklum

móð. Fimleikaflokkurinn sýndi listir sínar á árshátíðum og öðrum samkundum og var meira að segja stjórnatriðið á dagskrá fyrir skíðafólk og aðra sem sóttu Ísafjörð heim í páskavíkunni. Eins minnir mig að við höfum farið sýningarferð um nærliggjandi pláss á Vestfjörðum.

### Barist við ofurefli

Eitt sinn þegar við áttum að mæta í íþróttatíma var okkur varnað vegarins. Þar stóðu í vegi fyrir okkur eldri strákar undir forystu svokallaðra Agnarspúka. (Það er leið lenska á Ísafirði að kenna strákastóð við púka, sem mér hefur ævinlega þótt púkalegt.) Aggi (Agnar) var alræmdur slagsmálhundur og svoli, þekktur úr götubardögum óaldarflokka á Eyrinni og okkur stóð flestum stuggur af honum.

Sýnt var að við kæmumst ekki leiðar okkar nema með því að hafa eitt hvað fyrir því. Mesti harðjaxlinn í okkar hópi var Addi Geir (Arnar Geir Hinriksson, síðar lögmaður á Ísafirði). Við bjuggumst við því að hann myndi taka forystuna og við hinir síðan fylgja honum fast eftir. Af einhverjum ástæðum vildi Addi Geir hafa aðra röð á hlutunum. Hann kallaði til mín:

„Nonni, hjóla þú í Agga og svo ryðjum við þeim burt á eftir.“

Ég átti von á að Aggi færi létt með að knésetja mig en gat ekki verið þekktur fyrir að renna af hólmi. Ég nálgadist því heljarmennið varlega en þurfti ekki að biða lengi eftir því að hann réðst til atlögu. Hann tók mig hálstaki og ætlaði að snúa mig niður eins og hvern annan kettling. Hvernig sem hann tók á kom hann mér aldrei af fótunum og smám saman óx mér bæði kjarkur og ásmegin svo að ég hætti að bera virðingu fyrir ofureflinu; hætti að vera hræddur. Skapsmunirnir og hvatningaróp félaganna sem þyrptust í kring fóru að segja til sín og að lokum slóst ég eins og óður hundur með kjafti og klóm og heljarmennið mátti hafa sig allan við að verjast. Loks sigu fylkingar saman og úr því að við höfðum haldið okkar hlut vorum við baráttuglaðir og veittist létt verk að hrekja Agnarspúka úr íþróttahúsinu og út á götu. Þar með var sigur unninn og við gátum komist á okkar fimleikaæfingu, að vísu nokkuð lemstraðir og skrámaðir.

Þetta var venjuleg manndómsraun sem flestir ef ekki allir strákar fara í gegnum einhvern tíma á unglingsárunum. Af þessu lærði ég að láta mér ekki vaxa í augum þótt andstæðingar, síðar meir, virtust stórir með krafta í kögglum og að bera ekki nema mátulega virðingu fyrir þeirri forgjöf. Leiknin, grimmdin og skapsmunirnir geta jafnað þann mun, ef í hart fer.

Mörgum árum seinna, þegar ég var orðinn fjármálaráðherra, var knúðið

dyra á Vesturgötunni um miðja nótt. Þar var mættur andstæðingur minn úr bardaganum forðum daga, Agnar Agnarsson. Hann var illa á sig kominn og rétti fram blóðugar kjúkurnar. Hann hafði skorið sig á púls á báðum höndum svo að fossblæddi. Ég rauk inn, henti handklæðum í eldhúsvaskinn, vatt þau aðeins og vafði síðan um úlnliði Agga, dró hann með mér inn í bíl og keyrði í loftköstum upp á slysaveiðstofu. Á leiðinni sagði hann mér veikri röddu að hann væri kominn að leidarlokum og hefði reynt að fyrirfara sér. Hann lifði þetta af en átti ekki langt eftir ólifað. Hann hafði orðið brennivíninu að bráð og ógæfan elti hann á röndum.

Eftir að sudur var komið í fyrra sinnið, árið 1947, fluttist fjölskyldan í Kleppsholt og ég var settur í Laugarnesskólann. Ég man að farið var með mig á fund skólastjórans, sem var Jón Sigurðsson, maður Katrínar Viðar tónlistarmanns. Jón spurði mig einhverra spurninga og setti mig síðan niður við kennarabordið þar sem ég var látinn reikna eitt reikningshefti. Eftir það var úrskurðað að ég, átta ára gamall, ætti að fara í níu ára bekk. Ég var lítill eftir aldri og fremur seinþroska og ekki bætti úr skák að vera með krökkum sem voru einu til tveimur árum eldri en ég. Síðan var ég leiddur inn í svokallaðan Skeggjabekk. Skeggjabekkur var kenndur við hinn rómaða kennara Skeggja Ásbjarnarson. Hann var ekki einasta afbrigðs kennari heldur var hann ósérhlífinn félagsmálafrömuður og uppalandi. Það var auðfundið að honum þótti vænt um börn og hafði gaman af að umgangast greinda krakka. Hann bauð okkur heim og talaði við okkur eins og jafningja. Hann var alltaf að láta bekkinn gera eitthvað. Við gáfum út bekkjarblað, settum upp leikrit og sviðsettum ljóða- og menningardagskrár. Skeggi var fyrsta flokks kennari og eftirminnilegur maður. Hann er enn í mínum huga nánast fyrirmynd um það hvernig kennari getur bestur orðið. Mér þótti einlæglega vænt um hann.

Ég var fyrst í Laugarnesskólanum í tvo vetur en þá sneri fjölskyldan aftur vestur. Forsaga þess var sú að Finnur Jónsson, þingmaður jafnaðarmanna á Ísafirði, féll frá og það kom í hlut Hannibals að verja vígið. Um leið þurfti hann að sanna að hann væri ekki fluttur frá Ísafirði. Hann kom fjölskyldunni aftur fyrir í bænum og byggði þar hús að Skólagötu 10.

### Stórskotalið Ísafjarðarkrata

Mér er í fersku minni kappræðufundur frambjóðenda fyrir aukakosningar til þings á Ísafirði vorið 1951. Fundurinn var haldinn í samkomusal Alþýðuhússins og þar var allt troðfullt út úr dyrum. Við strákarnir fylgdumst með atinu gegnum hátalarakerfi sem hafði verið sett upp til þess að mann-

grúinn sem ekki komst fyrir innandyra gæti fylgst með á torginu fyrir neðan tröppur Alþýðuhússins. Kratarnir tefldu fram stórskotaliði sínu, Hannibal, Björgvin Sighvatssyni og Jóni H. Guðmundssyni, og þeir voru svo sannarlega í stríðsham. Eiginlega var þetta ekki kappræða því við liðléttlinga og viðvaninga var að fást sem varla gátu borið hönd fyrir höfuð sér. Það læddist hins vegar að mér sá grunur að kratarnir hefðu verið svo harðhentir að andstæðingarnir hefðu uppskorið samúð fyrir hve óvægilega var á þeim tekið.

Rauði bærinn hafði löngum verið frægur fyrir harðvítuga pólitík, þar sem ekkert var gefið eftir í átökum andstæðra fylkinga, krata og ihalds, og þetta var einhver seinasti fundurinn í hinum gamla Ísafjarðarstil sem ég man eftir. Báðir flokkar höfðu smalað klappliði á fremstu bekki í sal og uppi á svölum, frammiköll og hnútuköst gengu milli ræðumanna og fundargesta og allt ætlaði um koll að keyra í fagnaðarlátum ef köpuryrði og háðsglósur hittu í mark. Stundum heyrðist ekki mannsins mál fyrir hávaða og látum. En þegar orrustugnýrinn var þagnaður og púðurreykinn lagði af vígvellinum reyndist niðurstaðan sú að kratarnir áttu fundinn en ihaldið taldi að lokum fleiri atkvæði upp úr kjörkössunum.

Hannibal tapaði þessum kosningum fyrir vinsælum héraðs- og sjúkrahússlækni, Kjartani Jóhannssyni, en varð engu að síður landskjörinn og fjölskyldan fluttist aftur til Reykjavíkur. Kosningaúrslitin hljóta að hafa verið Hannibal sár. Í meira en tvo áratugi hafði hann af dæmafárri elju og ósérhlífni unnið málstað jafnaðarmanna og hagsmunum verkamanna og sjómanna allt sem hann mátti. Öllum bar saman um að Kjartan læknir væri léttavigtarmaður í pólitík. Sjálfsagt hefur hann notið vinsælda sem vel látinn læknir og þar af leiðandi heimagangur í öðru hverju húsi. En það var ekki Kjartan sem felldi garpinn. Hannibal mátti ekki við demógrafíunni. Frá og með stríðsárnum lá straumur fólks frá Ísafirði suður en inn í bæinn fluttu fjölskyldur úr Jökulfjörðum og Djúpinu. Það fólk var ekki hert í eldi kjarabaráttunnar á kreppuárunum og leit frekar til atvinnurekenda-valds ihaldsins sér til halds og trausts.

### Rökræður í hálföld

Eftir að aftur var komið til Reykjavíkur bjuggum við á efstu hæð í þrílyftu steinhúsi við Marargötu 5. Ég sneri aftur í Laugarnesskólann og hitti gömlu skólafélagana, en ég hafði stadið í bréfaskiptum við hópinn meðan ég var í burtu. Þessi bréf voru stundum fest upp á töflu í bekknum sem fréttabréf frá útsendum fréttaritara Skeggjabekkar á Ísafirði.

Í Skeggjabekki var margt um kvenskörunga sem allir voru meiri námsmenn en við strákarnir. Þar voru fremstar í flokki Margrét Eggertsdóttir, síðar skólameistarafrú á Akureyri, kona Tryggva Gíslasonar, skólameistara hins norðlenska skóla, og Brynja Benediktsdóttir, leikkona og leikstjóri, kona Erlings Gíslasonar, leikara. Brynja var mikill drifkraftur í hópnum, enda flest til lista lagt. Meðal nánustu vina minna í strákahópnum voru Styrmir Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Magnús Jónsson og Halldór Blöndal.

Vinátusamband okkar Styrmis, sem staðið hefur í meira en hálfri öld, er sérstakt. Þegar þau hjónin, Styrmir og Sigrún (Finnbogadóttir Rúts), héldu upp á sextugsafmæli Styrmis komu þau í heimsókn til okkar Bryndísar í Washington. Þá færði ég Styrmi að gjöf einhverja bók og skrifaði inn í hana: Til vinar míns með þakklæti fyrir rökræður í hálfri öld um það sem máli skiptir.

Við Styrmir rifumst og rökræddum um pólitik bæði í tíma og ótíma. Ég þóttist vera róttækur vinstri maður að byrja að sökkva mér niður í æðri vísindi marxismans. Styrmir var svo harður íhaldsmaður að mér fannst hann vera hægra megin við Barry Goldwater þegar sá villtvesturskúreki atti kappi löngu seinna við Lyndon B. Johnson í forsetakosningum í Bandaríkjunum. Faðir Styrmis hafði verið einn af forystusauðum hins þýsksinnaða þjóðernissinnaflokks á kreppuárunum. Eitt sinn sýndi Styrmir mér þann trúnað að sýna mér inn í fataskáp föður síns þar sem gamli nasistabúningurinn, með hakakrossi og öllu tilheyrandi, hékk enn fint pressaður uppi í skáp.

Löngu seinna, þegar ég var utanskóla í fimmta bekk MR og sat í lesstofu Landsbókasafns að rannsaka heimildir um marxisma á íslensku, datt ég niður á bókarkver (mig minnir í tveimur bindum) eftir Gunnar Árnason. Höfundurinn reyndist vera faðir Styrmis, en kverin voru gefin út einhvern tíma á kreppuárunum. Höfundurinn var auðvitað harður andmarxisti en við lestur kom á daginn að hann bjó yfir haldgóðri þekkingu á efninu; hann var fundvís á veilur og snögga bletti í málflutningi kommúnista og greinilega vel að sér í þýskri þrætubók um þessi efni. Ég hef aldrei hitt nokkurn mann sem hefur heyrt um, hvað þá lesið þessi rit, fyrir utan okkur Styrmi.

Við Styrmir vorum ólíkir eins og dagur og nótt: Styrmir hélt alltaf ró sinni, hann var yfirvegaður og rökfastur og óhagganlegur, hvað sem á gekk. Ég var mælskur, árásargjarn og óútreiknanlegur þegar ég sótti að honum með öllum brögðum, leyfilegum og óleyfilegum, í því skyni að hleypa honum upp og ná á honum höggstað. Einu sinni rifumst við með þvílíkum tilþrifum í strætó að vagnstjórinn sá sig tilneyddan að stöðva vagninn og vísa okkur út svo að farþegar gætu haldið hugarró sinni. Öðru sinni stóð rífrildi okkar heilt kvöld og fram yfir miðnætti á horni Hofsvallagötu og Unn-

arstígs, undir gluggum sjúklinga á Landakoti. Nunnur í fullum skrúða þustu að lokum á vettvang og báðu okkur í guðsbænum að hypja okkur og þyrma þannig lífi og sálarfriði sjúklinga.

Þessi linnulausa rökræða hélt áfram með hléum gegnum gagnfræðaskóla, menntaskóla, háskóla og allt fram á þennan dag. Styrmir heldur því reyndar fram að hann hafi haft réttara fyrir sér því ég hafi nálgast hans sjónarmið meira en hann mín. Ég get gefið honum vottorð upp á það að hann hefur með aldri og þroska tekið upp sósíaldemókratísk grundvallarsjónarmið í hverju málinu á fætur öðru, ekki sist að því er varðar auðlindagjald í sjávarútvegi. Enn er þó eftir að tosa honum inn á réttar brautir í nokkrum meginmálum, aðallega vegna þess að hann skilur ekki Evrópu. Sú rökræða er reyndar aðeins rétt að byrja. Eftir stendur að Styrmir er heilsteypur drengskaparmaður og hverjum manni lán á lífsleiðinni að eiga hann að trúnaðarvini. Ég þykist vita að þegar ég var hvað fyrirferðarmestur í íslenski pólitík hafi Styrmir, vinur minn, iðulega galdið vináttunnar við mig sem þótti varhugaverð og tortryggileg í innsta hring íhaldsins. Þar létu menn jafnvel að því liggja að *Morgunblaðið* undir ritstjórn Styrmis væri orðið að einkamálgagni Jóns Baldvins. Hann hefur aldrei látið þetta á sig fá og umborið mig af sama ædruleysinu og þegar við fyrst hófum rökræðurnar. Ég hef hins vegar lengi flokkað það undir ógæfu Sjálfstæðisflokksins að Styrmir skuli ekki hafa risið þar til æðstu mannaforráða. Traustari foringja hefðu þeir ekki getað fundið innan sinna raða. Þar að auki eru vandfundin þau stórmál sem við tveir hefðum ekki getað leyst með rökræðum á einni kvöldstund eða undir miðnættið.

### Ekki illa úr ætt skotið

Okkur Ragnari Arnalds var líka vel til vina á þessum árum. Móðir hans, Guðrún Laxdal, hélt sonum sínum, Ragnari og Jóni, heimili að Sundlaugarvegi 26. Það heimili stóð okkur bekkjarfélögunum alltaf opið og var tíður samkomustaður í okkar félagslífi. Á tímabili lásam við Ragnar saman því ég kom þar gjarnan við að skóla loknum. Ragnar var friður sýnum, eins og hann er enn í dag, mikill sundgarpur (hann bjó beint á móti gömlu sundlaugunum) og greindur vel. Ragnar gekk þá þegar með skáldadraumum og hafði unnið til verðlauna í smásagnasamkeppni. En Gaggi, eins og Ragnar var kallaður meðal bekkjarfélaga, var ekki allra. Hann var dulur og hafði jafnvel utan um sig skel sem ég komst ekki inn fyrir. Við Ragnar rifumst aldrei um pólitík eins og við Styrmir. Ég varð aldrei var við að hann legði sig neitt eftir sósíalískum fræðum eða pólitískum kennisetningum. Hann

var eindreginn andstæðingur bandarískrar herstöðvar á Íslandi – gegn her í landi. Það er til marks um andstöðu Ragnars við herstöðina á Miðnesheiði að í sjötta bekk menntaskólans setti hann saman dagskrá um kjarnorkuárás á Keflavík og lét flytja sem fréttadagskrá í útvarpinu þegar árgangurinn var í selsferð að skemmta sér. Hann fékk Ragnar Tómas Árnason þul til að ljá landsþekktu rödd sína til flutningsins og Karl Guðmundsson leikari brá sér í líki Ólafs Thors og Einars Olgeirssonar. Margar saklausar sálir bitu á agnið og trúðu „fréttunum“. Uppnám varð og allar símalínur glóðu þegar skelfdir nemendur reyndu að ná sambandi við foreldra og fjölskyldur á hættusvæðinu. Gaggi fékk hugmyndina frá snillingnum Orson Welles, sem hafði leikið útvarpshlustendur víða um Bandaríkin grátt með slíkri brellu á árinu 1938.

Við Ragnar vorum saman í jaðri mannhafsins á Austurvelli 30. mars 1949 þegar Íslendingar hafa komist næst því að lenda í borgarastyrjöld út af utanríkispólitík. Við sluppum að vísu við kylfuhögg hvítliðanna og táragepprengrur lögreglunnar. En við vorum vitni að sögulegum atburði.

### Borgarastyrjöld á Austurvelli

Á Alþingi var tekist á um stofnaðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Deilumálið klauf þjóðina í tvær andstæðar fylkingar sem sigu saman á Austurvelli og létu hendur skipta þannig að lögregla og sérstakar „hvítliðasveitir“, sem kallaðar höfðu verið út, áttu fullt í fangi með að verja þinghúsið fyrir reiði mannfjöldans sem safnast hafði saman til mótmæla. Íslendingar voru að segja skilið við gefnar yfirlýsingar við stofnun lýðveldisins um ævarandi hlutleysi gagnvart milliríkjadeilum hinna stærri þjóða. Sínum augum leit svo hver á silfrið: Vorum við að tryggja öryggi okkar sem þjóðar á viðsjárverðum tímum kalda stríðsins sem þá var í uppsiglingu? Eða vorum við að ánetjast að óþörfu bandalagi gömlu nýlenduveldanna undir forystu hins rísandi heimsveldis Bandaríkjanna, í yfirlýstri andstöðu við framtíðarríki sósíalísmans?

Stundum hafa menn sagt að Íslendingar muni aldrei fást til að gera byltingu af því það sé að jafnaði of kalt í veðri til þeirrar útiveru sem þarf til að manna götuvígin. En þarna afsannaðist sú kenning á einu síðdegi í hjarta Reykjavíkur. Mönnum var augljóslega svo heitt í hamsi að veðrið utandyra á þessum vordegi dugði engan veginn til að kæla niður funann í blóðinu. Þetta er það næsta sem Íslendingar hafa komist því á lýðveldistímanum að þjóðfélagið leystist upp í stríðandi fylkingar sem skirrðust ekki við að beita ofbeldi. En það má merkilegt heita að þessar heitu tilfinningar mörlandans

skyldu brjótast út í tilefni af pólitískum ákvörðunum um utanríkispolitik fremur en út af átökum um kaup og kjör.

Áð vísu höfðu verkamenn í Reykjavík látið hendur skipta við lögreglu í kjarabaráttunni á kreppuárunum þegar Héðinn Valdimarsson braut stóla borgarfulltrúa á hnjám sér á bæjarstjórnarfundum í Gúttó, bak við Alþingishúsið, og rétti verkamönnum út um gluggann til að þeir gætu varist lögreglumönnum sem létu gúmmikylfurnar vaða á þeim. Og löngu fyrr, snemma á þriðja áratugnum, höfðu ungir menn frá alþýðuheimilum í Reykjavík hlýtt kalli Ólafs Friðrikssonar um að verja hann og heimili hans fyrir ofbeldi lögreglunnar sem hugðist sækja fósturson hans ungan, rússneskan gyðingadreng sem Ólafur hafði tekið að sér og vildi koma undir læknishendur. Og ekki vantaði að það hefði verið tekist á, jafnvel með berum hnúunum, í átökum stéttarféлага og atvinnurekenda í árdaga verkalyðshreyfingarinnar þegar stríðið stóð um viðurkenningu á rétti stéttarfélaganna til að semja um kaup og kjör vinnandi fólks.

Þrátt fyrir allt þetta eru átökin á Austurvelli 30. mars 1949 einstök í sögu lýðveldisins því þetta voru ekki staðbundin átök um tímabundið mál heldur mál sem klauf þjóðina í andstæðar fylkingar næstu ár og jafnvel áratugi. Sumum fannst einlæglega að til litils hefði verið barist fyrir endurreisn sjálfstæðis og stofnun lýðveldis, ef til stæði fáeinum árum eftir endurreisn lýðveldis á Þingvöllum að framselja fullveldið í hendur erlends stórveldis. Ýmsum kann að hafa fundist að við værum með þessu að fara úr ösku nýlendusambandsins við Dani í eld sjálfstæðisafsals í hendur miklu voldugra ríkis. Sumir óttuðust að með þessu væri hin vopnlausu smáþjóð að láta teyma sig á asnaeyrum inn í átök stórvelda þar sem hún yrði aðeins leiksoppur hinna stærri þjóða eða áhrifalaust þéð í stórveldatafli.

Átökin mögnuðust upp enn á ný þegar næsta skref var stigið, sem var gerð varnarsamningsins við Bandaríkin tveimur árum síðar, árið 1951. Þeim gerningi fylgdu jafnvel enn dýpri áhyggjur af framtíð íslensks þjóðernis í sambyli við vopnaða landsetumenn hins erlenda stórveldis. Þessar áhyggjur voru engin uppgerð og raddir þeirra sem fóru með alvarleg varnadarorð áttu djúpan hljómgrunn hjá stórum hluta þjóðarinnar. Vegna þess að Sósíalistaflokkurinn – og reyndar síðar Þjóðvarnarflokkurinn skamma hrið – var einn um að halda uppi andófi gegn þessum tímamótaákvörðunum um framtíð lýðveldisins tókst honum lengi vel að breiða yfir sig og málstað sinn gunnfána þjóðernisins og véla til sín fylgi, langt umfram það sem vondur málstaður flokksins einn út af fyrir sig verðskuldaði. Þótt dómur sögunnar hafi nú fallið þeim í vil sem stóðu að hinum örlagaríku ákvörðunum um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi við

Bandaríkin breytir það ekki því að tilfinningar þeirra sem óttuðust afleiðingarnar og vöruðu við þeim voru ósviknar.

Tíu ára gamall velktist ég ekki í vafa um hvorri fylkingunni ég tilheyrði. Ég upplifði þessa atburði á þann veg að hér hefði ég orðið vitni að nýjum Gamla sáttmála, endurteknum Kópavogseiðum og ófyrirgefanlegum landráðum vondra manna. Ég geri ráð fyrir að svipaðar tilfinningar hafi bærest í brjósti Ragnars vinar míns þar sem við reyndum að forða okkur undan barsmiðum manna sem virtust afmyndaðir af heift og áttum fótum fjör að launa frá því að vera troðnir undir af fólki á harðahlaupum, hálfblinduðu af táragsi lögreglunnar. Ég er einn þeirra sem síðar skiptu um skoðun á þessu máli, með vaxandi aldri og þroska, að eigin álit. Ég held hins vegar að Ragnar vinur minn sitji enn fastur við sinn keip frá unglingsárunum. Gott ef hann hefur ekki forherst með aldrinum þar sem hann situr nú í mesta bróðerni með Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni í stjórn nýrra samtaka gegn Evrópu sem kenna sig við heimssýn en ættu auðvitað að heita þröngsýn.

Innst inni finnst mér að Ragnar hafi frá upphafi verið þjóðernissinnaður íhaldsmaður að sannfæringu. Það var því eðlilegt að hann gengi til liðs við Þjóðvarnarflokkinn og gerðist ritstjóri *Frjálsrar Þjóðar*. En hvað hann var að gera síðar í Alþýðubandalaginu, sem varð að lokum yfirbreiðsla yfir gamla kommúnista – Sósíalísta flokkinn, er mér enn hulin ráðgáta.

Ragnar er einhver stórættaðasti Íslendingur sem nú er uppi. Að honum standa í báðar ættir höfuðskáld og menningarforkólfar, þeirra á meðal menn eins og Matthías Jochumsson, sem sennilega er innblásnasta og tilfinningarammasta skáld þjóðarinnar í þúsund ár, Einar Kvaran rithöfundur, Jón Laxdal tónskáld, Ari Arnalds, alþingismaður og uppkastsandstæðingur og margir fleiri. Sjálfur er Ragnar hógvær maður og látlaus í framgöngu og ofmetnaðist aldrei af því að vera svo vel í ætt skotið.

### Fulltrúi Engeyjarættarinnar

Halldór Blöndal kom okkur fyrir sjónir, þá og nú, sem drengur góður með stórt hjarta. Hann er systursonur þeirra Bjarna forsætisráðherra, Péturs bankastjóra og Sveins stórútgerðarmanns og ber því erfðasynd Engeyjarættarinnar á breiðum herðum sínum – og af karlmennsku. Hann varð viðskila við okkur hin því hann leitaði norður heiðar í Menntaskólann á Akureyri. Samt sem áður rofnuðu tengslin aldrei og urðu ævinlega fagnaðarfundir þegar leiðir okkar lágu saman á ný. Halldór átti nokkuð erfitt uppdráttar í pólitíkinni framan af en stóðst hverja raun af eðlislægri

þrautseigju og fékk að lokum umbun erfiðis síns. Hann er nú óumdeildur leiðtogi sjálfstæðismanna í kjördæmi sínu og af landsbyggðinni og vinsæll forseti Alþingis.

Ég þakka reyndar sjálfum mér að hafa gert Halldór að landbúnaðarráðherra í Viðeyjarstjórninni forðum daga. Þá var slíkur trúnaður með okkur Davíð Oddssyni að við höfðum í tveggja daga stjórnarmyndunarviðræðum trúað hvor öðrum fyrir því hverjum við ætluðum ráðherrasæti. Davíð var þá ekki orðinn einvaldur í flokki sínum eins og síðar varð og er skemmst frá því að segja að þingflokkurinn tók fram fyrir hendurnar á honum þannig að niðurstaðan varð öll önnur en Davíð lagði upp með. Til dæmis ætlaði hann Birni Bjarnasyni fjármálaráðherraembættið en sjálfum sér dómsmálaráðuneytið, ásamt forsætisráðuneyti. Dómsmálaráðuneytið kom hins vegar í hlut Þorsteins Pálssonar, leikfélaga Davíðs í barnagrindinni á Selfossi forðum en síðar fjandvinnar, sem þá var nýfallinn í formannskjöri fyrir Davíð. Undir morgun var ég vakinn upp af værum blundi á Vesturgötunni. Á hinum enda símalínunnar var Davíð Oddsson, svefnvana á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins, og sagði mér að þingflokkurinn hefði fellt tillögu hans um landbúnaðarráðherraefni og samþykkt Pálma á Akri. Ég var minnugur þess að Pálmi hafði í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens reynst einhver dýrasti ráðherra sögunnar, þar sem ræða hans á búnaðarþingi kostaði hundruð milljóna á mínútu í auknum útflutningsbótum og niðurgreiðslum í botnlausu hit Bændahallarinnar. Ég sagði sem svo að við ættum kannski bara að hætta þessu, fyrst ekkert gengi eftir af upphaflegum áformum. Davíð bað mig að doka við og hringdi skömmu seinna og tilkynnti að minn gamli bekkjarbróðir, Halldór Blöndal, væri orðinn landbúnaðarráðherra.

Ég vissi ekki á þeirri stundu að ég ætti eftir að taka þvílíkar snerrur við Halldór á stóli landbúnaðarráðherra að það lægi við að hann hefði dyraumbúnaðinn á herðunum þegar hann strunsaði út af samningafundum. En þannig hefur það verið frá upphafi með okkur bekkjarbræður að við höfum getað háð stórstyrjaldir hver við annan út af málefnum sem okkur er annt um, án þess það nokkru sinni varpaði skugga á vináttu okkar né ylli vinslitum.

Halldór fór að rækta með sér íþrótt hagrðingsins í hinum norðlenska skóla. Framan af fannst mér skáldskapurinn oft vera hnoð en æfingin skapar meistarann og á seinni árum hefur Halldór verið ekki einasta fremstur meðal jafningja í hagrðingasveit Alþingis heldur hafa birst frá hans hendi ljóð með meistarabrag. Ein af vísnum hans frá fyrri tíð hefur til dæmis varðveist sem eins konar bautasteinn yfir föllnu veldi KEA og SÍS fyrir norðan:

*Hver er þessi eina á  
sem aldrei frýs  
gul og rauð og græn og blá  
og gerð af SÍS?*

Þetta er auðvitað Glerá en út í hana rann allur efnaúrgangur SÍS-verk-smiðjanna, meðan þær stóðu í blóma, og mengaði sytruna svo hún aldrei fraus.

### Jarlinn á Leirubakka

Aðalskáldspíran í þessum hópi var Magnús Jónsson, sonur Ragnheiðar Möller og Jóns Magnússonar, sem lengi var fréttastjóri RÚV, og frændi Ólafs Friðrikssonar, sem var einn helsti spámaður jafnaðarstefnunnar á Íslandi í árdaga. Magnús hafði fengið snert af berklum í æsku og gekk fyrir vikið hálfhaltur. Nærgætni okkar vinanna var ekki meiri en svo að okkar í milli uppnefndum við hann Magnús eymingja eða jafnvel Magnús eymdarskrokk. Maggi var afskaplega rómantísk sál og skemmtilegur félagi en lést langt um aldur fram. Hann nam um skeið kvikmyndagerð í Moskvu og þar bar fundum þeirra saman, hans og Alexöndru Kjuregej frá Jakútíu, sem síðan býr á Íslandi, seinustu árin sem eins konar óopinber sendiherra hins víðáttumikla fredmýrarlands Jakútíu í Siberíu austur.

Það var í Skeggjabekki sem ég steig í fyrsta og síðasta sinn á leiksvið í skólaleikriti. Ekki man ég hvaða leikrit þetta var en í leikdómi eftir Magnús, sem birtist í bekkjarblaðinu, stendur að Jón Baldvin hafi leikið þjón frá Árósum með áberandi ótrúverðugum hætti: Honum er eindregið ráðlagt að halda sig fjarri leiksviði því augljóst sé af allri hans veru að hann geti ekkert leikið – nema sjálfan sig.

Meðal bekkjarbræðra okkar var líka Sveinn R. Eyjólfsson sem um árabíl var einn umsvifamesti forkólfurinn í viðskipta- og athafnalífi höfuðborgarinnar. Í okkar hópi gekk hann undir gælunafninu Dædi, sem ég held að hafi verið barnagæla fyrir Sæti, enda var hann friðleikspiltur og bauð af sér góðan þokka. Hann var sonur einstæðrar móður en hófst til vegs og frama í viðskiptalífinu af eigin rammleik. Hann kvæntist síðar einni bekkjarsystur okkar, Auði Eydal, sem var ein af valkyrjunum í bekknum. Þótt leiðir okkar Sveins hafi ekki legið saman nema endrum og sinnum, þegar nokkuð hefur legið við, er okkur vel til vana. Ég fylgdist með vaxandi umsvifum hans úr fjarlægð og þekkti marga samstarfsmenn hans sem undantekningarlaust báru honum vel söguna. Sveinn er áræðinn, hugkvæmur og

fylginn sér og reiðubúinn að taka áhættu og stenst þá gjarnan á hvað vinnst og hvað tapast.

Sveinn og Auður hafa komið sér upp miklu sveitarsetri að Leirubakka í Landssveit þar sem Sveinn vistar hesta sína og á það til að kveðja saman nánustu vinina úr Skeggjabekk og bjóða í reiðtúr. Einhvern tíma eftir að ég var orðinn sendiherra í Washington og þurfti að greiða götu vellauðugrar kerlingar frá Kaliforníu og kvikmyndaframleiðanda, sonar hennar, fékk ég Svein til að bjóða okkur Bryndisi, ásamt þeim og gömlum vinum úr Skeggjabekk, í reiðtúr undir rótum Heklu. Sjálfur á Sveinn mikinn gæðing og traustan sem sjálfsagt hefur reynst honum óbrigðulastur vina, hvernig sem lukkuhjóli viðskiptanna hefur snúist. Við vorum nokkra daga í reiðtúrnum. Fyrst var ég settur á miðlungshross því að fæstir vissu að ég var alinn upp á hestbaki í Ögri forðum daga. Smám saman var mér treyst fyrir óstýrilátari en vakrari hestum.

Seinasta daginn sagði Sveinn að ég mætti fá Jarlinn, ef ég treysti mér til. Hann væri að vísu nokkuð vandmedfarinn. Hann hefði fleygt sjávarútvegsráðherra af baki og inn um eldhúsglugga hjá konu nokkurri og sjálfan samgönguráðherrann hefði hann sett ofan í skurð. (Það skal þó tekið fram að Jarlinn ber enga ábyrgð á byltu forseta Íslands sem mun vera mest filmaða byltu af hestbaki í Íslandssögunni.) Sveinn sagði að ef ég kæmist á bak treysti hann því að ég myndi lifa það af. Það voru farnar að renna á mig tvær grímur en ég stóðst ekki frýjuorðin. Ég komst klakklaust á bak en Jarlinn bruddi mélin óþreyjufullur og sté ákafan stríðsdans aftur á bak og í hring áður en hestastóðið lagði upp.

Jarlinn var fremur lítill vexti og sannaði hið fornkveðna að margur er knár þótt hann sé smár. Hann var slíkur skaphundur að hann þoldi engum öðrum að vera í forystu og svo hraðskreiður á tólti að engum þýddi að etja kappi við hann. Einhvern tíma í túrnum riðu upp að mér glaðbeittir Norðlingar, sem þóttust vera vel riðandi en horfðu þó með aðdáun, og kannski öfund, á gæðingstakta Jarlsins. Framundan voru rennisléttar grundir og því tilvalið að leyfa Norðlingum að reyna sig við Jarlinn. Ég gaf honum aðeins lausan tauminn. Tíu mínútum seinna þegar ég leit um öxl grillti ég varla í skagfirsku gæðingana sem hurfu í jóreyk Jarlsins.

Þessi kjörgripur og konungsedli hans kveikti í mér þrá sem sjálfsagt hefur blundað í mér frá sælum Ögursumrum; að nema aftur íslenska náttúru frá öðru sjónarhorni en út um bílrúður, í góðum félagsskap glaðværra hestamanna og kvenna. Minningin um Jarlinn lét mig ekki í friði fyrr en ég hafði ort honum þakkaróð sem ég sendi Sveini í þakklætisskyni:

*Jarlinn á Leirubakka*

*Fráneygur og fylginn sér  
fremstur vakra, þér ég þakka  
í jóadyn þú fremstur fer  
frækni Jarl frá Leirubakka.*

Svo fékk ég bakþanka og botnaði þetta öðruvísi:

*á skeiði hröðu þú skemmtir mér  
skirður Jarlinn af Leirubakka.*

Ekki veit ég hvort það er einsdæmi í skólasögunni að upp úr einum og sama barnaskólabecknum komu síðar fram á sjónarsviðið tveir menn sem urðu formenn stjórnmalaflokka, þeir sem urðu ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og þar að auki ritstjóri áhrifamesta fjölmiðils landsins, *Morgunblaðsins*, og útgáfustjóri næstútbreiddasta dagblaðsins. Og einn forseti Alþingis.

Þótt ég væri í góðum félagsskap í Skeggjabekki saknaði ég samt Ísafjarðar og áttuga minna. Mér líkaði stórir að hafa verið rifinn með rótum upp úr mínu náttúrulega umhverfi og plantað niður í Kleppsholtinu. Mér finnst enn í dag að ég hafi misst af því ævintýri að fá að alast upp til unglingsára í umhverfi jafnaldranna minna og félaga á bryggjusporðunum á Ísafirði. Ég fékk aldrei að festa þar almennilega rætur og mér fannst ég ekki eiga heima í Reykjavík. Vafalaust hefur þetta haft áhrif á námsárangur minn í skóla þegar frá leið en annað kom til og skipti sennilega meira máli, nefnilega það að allt frá því að ég settist í landspróf var ég orðinn svo langt leiddur af hinni pólitísku veirusýkingu að ég mátti ekki vera að því að lesa skólabækur.

### Ofþroskuð sannleiksást

Ég hafði smitast af pólitískum áhuga Arnórs bróður míns sem ég leit mjög upp til. Arnór tók það sennilega í arf frá ömmu á Strandseljum að hafa mætur á hugsjónamanninum Jónasi frá Hriflu. Seinna kynntist Arnór dóttursyni Jónasar, Sigurði Steinþórssyni, síðar jarðfræðingi, þegar þeir voru við sveitastörf að Laugardælum. Ég kynntist líka Sigurði vel þegar hann var við nám á St. Andrews-háskóla í Skotlandi og okkur varð vel til vana. Löngu seinna, eftir að við vorum komnir heim frá námi, leiddi Sigurður (Siggi „bright“ eins og hann var kallaður) okkur á fund gamla mannsins á

heimili hans í Reykjavík. Jónas var þá háaldraður en enn að leita að talenti í pólitík. Hann hélt um skeið að synir Hannibals væru efnilegir sem ný pólitísk valdaætt í líkingu við Engeyjarætt og Thorsara. En samstaða okkar bræðra, sem var nán á unglingsárunum, entist ekki til að láta þá von gamla mannsins rætast. Þegar Jónas lést fylgdum við Arnór honum til grafar. Presturinn sem jarðsöng setti á langa tölu um kennarann og skólafrömuðinn, skólabókahöfundinn og rithöfundinn, en lét þess getið eins og í framhjálaupi að um nokkurt skeið hefði Jónas haft afskipti af pólitík. Sumum finnst víst pólitík svo ljótt orð að nálgist helgisþjöll að nefna það fyrirbæri á nafn í bænahúsinu.

Tíu ára gamall tók Arnór þá trú að það þyrfti að koma á nýju heimsmáli og lærði esperantó. Auðlært mál sem var til þess hugsað að sameina sundrað mannkyn og útrýma misklið milli þjóða og stuðla að heimsfriði. Arnór var á þessum tíma orðinn lærður og einarður marxisti. Þetta hafði þau áhrif á okkur yngri bræðurna að það varð eins konar skylda að leggja sig eftir marxisma og lýsa frati á meinlausa umbótarstefnu sósíaldemókrata, sem við þó höfðum drukkið í okkur með móðurmjólkinni.

Sjálfsagt hefur þetta verið að einhverju leyti náttúrulegur uppsteytur gegn föðurnum. Hann mátti ekki vera að því að grípa í taumana eða kannski fór þessi uppreisnartilraun bara framhá honum. Arnór var utan-skóla í 5. bekk í MR og las þá undir menntaskóla hjá séra Jóhannesi Pálmasyni, sóknarpresti á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann lauk svo stúdentsprófi frá MR vorið 1953.

Arnór hélt til Moskvu árið 1954 þar sem hann stundaði nám næstu fimm árin og lauk kandidatsprófum frá Moskvuháskóla árið 1959. Eftir því sem ég best veit var hann fyrsti maðurinn frá Vesturlöndum sem lauk háskólaprófi frá sovískum háskóla eftir stríð, þótt margir hafi litið þar við skamma hríð í framhaldsnámi. Á menntaskólaárum mínum höfðum við Arnór mikil bréfaskipti. Hann sagði frá reynslu sinni af fyrirheitna landinu en ég endurgalt með pólitískum fréttum að heiman. Ég var á þessum árum að reyna að stauta mig fram úr *Ríki og byltingu* eftir Lenín, sem sóttist seint því mikið þurfti að fletta upp í orðabókum. Ég tók hins vegar fljótlega eftir því hvernig tónninn í bréfum Arnórs breyttist. Moskvudvöl hans hófst ári eftir dauða harðstjórans Stalíns og hann lifði þar Khrútsjov-tímabilið og þar með svokallaðar afhjúpanir á glæpaverkum harðstjórans og „þíðuna“ sem kom um skeið í kjölfarið.

Það tók Arnór tiltölulega skamman tíma að skyggast undir yfirborðið á hinni glæstu áróðursmynd Kremlverja og átta sig á þeirri ömurlegu staðreynd að draumurinn hafði snúist upp í martröð. Bréfaskriftir okkar sner-

ust fyrst og fremst um vonir og vonbrigði hans með þessa miklu þjóðfélagstilraun sem átti að afnema arðrán manns á manni en endaði með því að reisa fangelsismúra utan um þriðjung mannkyns.

Arnór bróðir minn er einhver ærlegasti maður sem ég hef kynnst. Hræsni og fals er einfaldlega eitur í hans beinum. Er það öfugt við marga íslenska námsmenn í svokölluðum SÍA-hópi (Samband íslenskra austantjaldsstúdenta), sem sendir voru í Austurveg til náms að undirlagi Einars Olgeirssonar og Kristins E. Andréssonar, innsigliðvarðar rétttrúnadarins í Máli og menningu. Þeir töldu að ekki væri óhætt að bera sannleikanum vitni af því að Kiljan og lýðskrumaramir í Sósíalístafloknum væru búnir að ljúga svo lengi og svo miklu að alþýðu manna á Íslandi að hún mætti ekki við því að heyra sannleikann nema þá í smáskömmtum. Ekki leið á löngu þar til Arnór komst upp á kant við allt þetta lið og þótti naumast samkvæmishæfur í þeim hópi vegna ofþroskaðrar sannleiksástar.

### Brosið sem lýsti upp sólkerfið

Félagar mínir úr Skeggjabekk fóru flestir í landspróf í Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Þótt ég hefði feginn viljað halda hópinn með þeim ákvað ég að fara í Gaggó Vest sem var til húsa í gamla Stýrimannaskólanum fyrir ofan Stýrimannastíginn. Ég var ekki nema innan við mínútu að skokka þangað frá Marargötu 5 þar sem fjölskyldan hafði þá búið um sig um hrið. Þetta sparaði sporin. Skólastjóri var Guðni Jónsson, síðar prófessor í íslenskum fræðum við Háskólann og faðir Bjarna Guðnasonar, sem er doktor í *Skjöldunga sögu* (handriti sem mér skilst að sé týnt). Kennaraliðið við skólann var býsna skrautlegt og á köflum beinlínis skemmtilegt. Í svipinn man ég eftir sagnfræðingunum Sverri Kristjánssyni, Birni Þorsteinssyni og Birni Bjarnasyni (Bjúsa) frá Steinnesi, enskukennara, sem margar sögur gengu um. Og ekki má gleyma Jóhanni Briem listmálara sem vakti upp með mér aftur blundandi dráttlistaráhuga sem undir handleiðslu hans birtist aðallega í formi skrípamynda.

Sverri þekkti ég auðvitað af mörgum frægum ritsmiðum hans sem birtust í *Þjóðviljanum* og víðar. Hann var einn af fáum meisturum hins knappa ritgerðarforms á íslensku, einkum hinnar pólitísku ádeilu, satírunnar sem við höfum reyndar ekkert eitt orð yfir á máli Snorra. Sverrir var áhrifamikill kennari. Hinn þungi niður sögunnar barst inn í kennslustofuna í tilþrifamiklum frásögnum hans – það er að segja þegar hann mátti vera að því að mæta.

Björn Þorsteinsson, sagnfræðingur og afkastamikill rithöfundur í sinni grein, var líka vinsæll kennari og vel látinn, þótt nokkuð bjátaði á þegar

honum var uppálagt að kenna náttúrufræði. Einn skólapilta, Sigfús Björnsson (háskólabókavardar), kundi nokkuð fyrir sér í þeim fræðum og rak Björn oft á gat. Eftir einhverja óþægilega spurningu mátti heyra Björn kalla úr dyrum skólastofunnar yfir á kennarastofuna, leitandi halds og trausts:

„Er þarna nokkur sem getur sagt okkur hvort fuglar anda með lungum?“

Ekki man ég hvort svar fékkst við þessari áriðandi spurningu á staðnum og stundinni.

Bjúsi var hinn listilegasti enskukennari en sem lífsþreyttur fagurkeri fann hann mikið til með sjálfum sér að þurfa að eyða tímanum í að troða visku sinni inn í hausana á vanþakklátum gemlingum. Það á reyndar við um alla þessa þrjá kennara að þeir hefðu notið sin betur á æðri skólastigum fremur en í ítrodslu af þessu tagi.

Ég mátti ekki vera að því að lesa skólabækur á þessum vetri. Ég hafði öðrum hnöppum að hneppa. Fyrir vikið stóð ég einn góðan veðurdag á rótargati við að þýða snúinn enskutexta fyrir Bjúsa.

Þá sagði hann stundarhátt:

„Ungi maður, vér höfum orðið fyrir vonbrigðum með yður.“

Ég spratt á fætur og sagði:

„Það er gagnkvæmt, sir,“ sem var reyndar ósatt því ég hafði hinar mestu mætur á Bjúsa.

Ég hafði við upphaf skólaárs valið mér sæti í bekknum eins aftarlega og ég gat svo lítið færi fyrir mér og til þess að ég væri eins fjarri kennurum og unnt var. Fyrir framan mig sat ung stúlka sem gekk ekki inn í skólastofuna eins og aðrar jarðneskar verur heldur leið hún framhjá okkur eins og huldu-mær af annarlegu tilverustigi. Ég gleymi því ekki þegar hún sneri sér við og brosti til mín þessu afvopnandi brosi sínu sem lýsir upp sólkerfið. Ég sat eftir eins og í álögum og hef, held ég, aldrei náð mér síðan. Ég komst að því að hún hétu Bryndís. Þá rifjást upp fyrir mér saga sem félagar mínir höfðu sagt mér árinu áður. Þá sátum við nokkrir stráklingar í Laugarnes-skóla uppi á lofti hjá Ragnari Arnalds á Sundlaugavegi 26. Einhverjir þeirra upplýstu að þeir væru í dansskóla hjá Rigmor Hanson. Ég átti ekki orð til að lýsa forakt minni gagnvart því að karlmenn væru í dansskóla og lærðu slæðudans. Þeir töludu fjálglega um að þeir hefðu séð þar skógardís sem þeir áttu ekki orð til að lýsa fyrir fegurðar sakir. Hún hétu Bryndís Schram. Þessi orð fóru þá inn um annað eyrað og út um hitt, en nú varð mér ljóst að þeir höfðu ekki farið með neitt fleipur. En ég var árinu yngri en ég átti að vera og þar að auki seinþroska svo ég hélt mig í hæfilegri fjarlægð frá skógardísinni og fór að sinna byltingunni.

## Snert hörpu mína himinborna dís

Fyrsti mánuðurinn í Gaggó Vest fór í kosningabaráttu þar sem ég barðist fyrir því að verða formaður skólafélagsins. Kosningastjóri minn var ekki af lakari endanum, Atli Heimir Sveinsson, og þá þegar tónskáld. Reyndar höfðum við Atli ekki þekkt nema í nokkrar vikur þegar við gerðum byltinguna í skólafélaginu. Skipulagshæfileikar Atla voru slíkir að hann hefði getað stjórnað þýsku járnbrautunum með litla fingri. Við unnum nánast fyrirhafnarlaust að því er virtist.

Atli hafði verið í tónlistar- og píanónámi, meðal annars hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni píanóleikara, og spilaði af fyrirhafnarlausri snilld og meistara- legum tilþrifum á flygilinn. Fimmtán ára gamall var hann orðinn viðurkennt tónskáld. Hann hafði samið lag við texta eftir eitthvert þjóðskáldanna og lagið hafði verið spilað fyrir fréttir með umsögninni: Lagið er eftir Atla Heimi Sveinsson, tónskáld. Þar með var hann í augum jafnaldra sinna stiginn upp á Ólympsfjall þar sem honum var vísað til sætis meðal þeirra sem handgengnir voru guðunum: Jóni Leifs, Páli Ísólfsyni og Guð veit hverjum.

Við Atli höfum verið vinir í meira en hálföld. Ég er stundum að stríða honum á því að ég hafi gert hann að kommúnista á einni viku í Gaggó Vest. Hann nefnir á móti, réttilega, að hann hafi gert heidarlega tilraun til að gera mig að músikant í fimmta bekk og að það hafi ekki verið honum að kenna heldur áberandi hæfileikaleysi mínu að tilraunin mistókst.

Atli er einn af þessum fágætu mönnum sem hættir ekki að koma mér á óvart. Hann er stórgáfaður, viðlesinn, hámenntaður, afkastamikill með ólíkindum, enda snemma agaður til verka, og gæddur einbeitingarhæfni og stávilja sem ekkert stenst þegar hann tekur á. Margir halda því fram að tónskáldið Atli Heimir Sveinsson sé lítt við alþýðuskap. Og rétt er það að tónsmíðar hans eru hálærðar andlegar esseyur sem gera strangar kröfur til vitsmunalífs og skilnings þess sem á að njóta. Hitt er annað mál að Atli er höfundur að ótal mörgum undurfögum og rómantískum melódíum sem lifa á vörum þjóðarinnar án þess að hún taki eftir því að það var hið hálærða tónskáld sem raulaði þær inn í þjóðarvitundina: *Snert hörpu mína himinborna dís* ...

Úr því að byltingin bar þennan árangur færði ég mig upp á skaftið og gerðist líka ritstjóri skólablaðsins *Þjóðólfs*. Þar birti ég einungis langhunda um marxisma. Foreldrar saklausra nemenda, sem komu með Marx handa byrjendum heim í skólatöskunni, kvörtuðu við skólayfirvöld Björn Þorsteinsson, íslenskukennari, ábyrgðarmaður blaðsins, sá ástæðu til að bjóða

mér heim til sín til að ræða málin. Hann bjó í mjög borgaralegu (les: virðulegu) húsi við Sudurgötu. Þar var mér boðið upp á kaffi og farið yfir eina marxísku greinina málsgrein fyrir málsgrein og hún snyrtilega ritskoðuð, í von um að drægi úr kvörtunum foreldra þegar næsta blað kæmi út.

Um vorið var efnt til skólaferðalags og farið í rútu norður í land. Stoppað var við Reykjaskóla og farið í boltaleiki. Af einhverjum ástæðum lagði skógardísinn mig í einelti með bolta sínum og hafði mig að algjöru fifli. Það var nú ekki til að efla sjálfstraustið. Á leiðinni heim vatt hún sér fram í rútna þar sem ég sat einn, hlammaði sér í sætið við hliðina á mér og fór að tala við mig. Hún var kát og brosmild og það lá ljómandi vel á henni en ég kunni ekki að tala við hana.

Þetta sumar hafði ég vinnu við að grafa skurði fyrir Rafveitu Reykjavíkur vítt og breitt um bæinn. Einn daginn var ég nakinn í beltisstað og hálfur ofan í skurði á Hofsvallagötunni með hakann á lofti að grafa fyrir nýrri raflögn. Allt í einu sá ég að amerísk lúxuskerra, blá á lit, leið hljóðlaust framhá og ballettdansmærin eðalborna, eða var það bara kannski brosið hennar, birtist mér í sviphendingu og hvarf svo sjónum.

*Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,  
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.  
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?  
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?*

Ég tvíhenti hakann og hjó honum af alefli í fósturjörðina með þeim afleiðingum að egginn hrökk af óbifanlegu grjóti og í fótinn á erfðisvinnumanninum svo ég haltraði bölvandi upp úr skurðinum, óvígur það sem eftir var dags.

Um haustið var að því komið að hefja menntaskólanám. Ég hafði verið að velta því fyrir mér að fara í Verslunarskólann þar sem mér bauð í grun að þar væri drottningunni ætlað sæti. Aðspurður um þennan skyndilega áhuga minn á Verslunarskólanum svaraði ég því einu til að þar væri kennd vélritun en ekki í MR. Fyrir haustið barst mér af því njósn að ég þyrfti ekki lengur að gera mér upp áhuga á Verslunarskólanum. Ballerínan ætlaði að heiðra MR með nærveru sinni. Það gerði útslagið. Byltingarmaðurinn í mér gerði sér svo sem ekki háar hugmyndir um þetta viðfræga menntasetur sem margir nefndu á nafn nánast af lotningu. Það hafði þann kost að ég varð þegar á reyndi ekki fyrir sérstökum vonbrigðum með skólann. Frá sjónarmiði byltingarinnar var tæplega við miklu að búast.

## KAFLI III

# Uppreisnarmaður í lærða skólanum

Ég gekk upp tröppurnar að Lærða skólanum í fyrsta sinn haustið 1954. Raðað var í bekki, sjálfsgagt eftir námsárangri í landsprófi, og okkur bekkjarfélögunum var holað niður í kútaskáp á neðri hæðinni. Þetta var 3. bekkur F, vonarpeningur sem vart þótti á vetur setjandi. Menn eins og við Halldór Blöndal, Halldór Haraldsson píanisti og fleiri góðir drengir. Ýmsir í þessum félagsskap voru með hugann annars staðar, þótt við staðfestum viðveru okkar þegar tekið var manntal upp úr kladda.

Þegar ég gekk um gangana fór ekki framhjá mér að táningsstelpa úr Gaggó Vest var ekki lengur sú sem hún var: Hún var eiginlega orðin allt önnur manneskja og farin að taka á sig vöxt gyðjunnar. Hún virtist eiga fátt sameiginlegt með þessum renglulegu strákgemlingum sem voru að vísu ekki lengur börn en fjarri því að vera orðnir menn. Hafi ég verið uppburðarlítill áður þá þorði ég nú varla að gefa henni auga. Ég man ekki eftir því að ég hafi mannað mig upp í að segja við hana eitt einasta orð.

Það væri synd að segja að ég hafi verið áhugasamur nemandi. Eina námsgreinin sem ég las af sæmilegum áhuga á fyrsta vetri var efnafræði. Hana kenndi Guðmundur Arnlaugsson, skákmeistari og síðar rektor Hamrahliðarskólans. Þessi rólegi, yfirvegaði og fagaði raunvísindamaður var afburðakennari og hann fór létt með að blása jafnvel bögubósum í 3. bekk F ósviknum áhuga á efnafræði og náttúruvísindum í brjóst.

Fyrir utan Guðmund Arnlaugsson eru ekki mjög margir kennarar mér sérstaklega minnisstæðir. Jón Guðmundsson íslenskukennari var strangur tyftunarmeistari, kröfuharður og gekk eftir því að menn sinntu því sem fyrir var sett. Hann lagði mikla áherslu á ritgerðasmið og þrælaði mönnum út, bæði í málfræði og stafsetningu, þannig að eitthvað sat eftir sem ég hef búið að síðan.

Þetta haust var frekar róstudamt: Hannibal var kosinn forseti Alpýðu-

sambandsins og Dagsbrúnarmenn stóðu fyrir verkfallsaðgerðum undir forystu Eðvarðs Sigurðssonar (Ebba í Dagsbrún) og Guðmundar Jaka. Einhvern tíma um haustið boðaði Dagsbrún til mikils útifundar á Lækjartorgi. Ég bað Jón um leyfi til að sækja útifundinn en hann tók þvert fyrir það. Til þess að heyra þó ekki væri nema enduróminn af herhvöt ræðumanna á Lækjartorgi hafði ég rífið alla glugga upp á gátt, rétt áður en Jón kom í tíma. En þegar Ebba í Dagsbrún fór að tiunda „árangrana af kjarabaráttunum“ var Jóni nóg boðið. Hann spratt úr sæti sínu, skellti aftur gluggunum og hreytti út úr sér:

„Það er ekki nema von að þessir menn nái engum árangri í kjarabaráttunni, þegar þeir geta ekki einu sinni beygt hana rétt.“

Gunnar Norland, sem kenndi ensku og frönsku, birtist mér sem andlegt stórveldi sem ruddist eins og náttúrukraftur inn í dauðyfleyslega kennslustofu og vakti þá af dvala sem þar sváfu eða döttuðu. Hann glæddi allt lífi og lit í kringum sig. Um hann má segja það sama og sagt var um Winston Churchill á stríðsárunum:

„He mobilized the English language and sent it into battle“ – hann kvaddi enska tungu í herinn og sendi hana fram í fremstu víglínu. Gunnar fór með frægustu mónólóga úr verkum Shakespeares af slíkum tilþrifum að ég hef ekki enn komið í leikhús þar sem boðið er upp á betra. Hann var stórbrotin persóna og maður sem auðvelt var að þykja vænt um. Ég mændi upp á hann eins og hundur á húsbónda sinn og svalg í mig hvert orð. Við kynntumst nokkuð vel þegar fram í sótti; þó ekki betur en svo að þau ár sem ég var í menntaskóla kallaði hann mig alltaf Arnór.

### Beturvitringur með hugann annars staðar

Þrátt fyrir það orð sem fór af Guðna kjafti, Guðna Guðmundssyni, ensku- og frönskukennara og síðar rektor skólans, um hörku og vægðarleysi í samskiptum við nemendur þóttist ég finna að þetta væri gríma eða brynja til að fela viðkvæma lund og góðan dreng. Sannleikurinn er sá að Guðni er ljúfmenni sem má ekkert aamt sjá og afskaplega skemmtilegur félagi. Ég bar til hans góðan hug því ég vissi að hann eyddi sumarleyfum sínum sem blaðamaður á *Alþýðubladinu*, þar sem hann var samstarfsmaður Hannibals, sem bar honum vel söguna. Seinna sannspurði ég að þeir Guðni og Páll Árdal, heimspekingur í Edinborg, sem var minn mentor um skeið, hefðu verið vinir og félagar á námsárunum í Edinborg og meðal annars haft ofan af fyrir sér með gítarspili og söng á knæpum og krám við góðar undirtektir. Guðni er einlægur tónlistarunnandi og báðir hafa þeir Páll bjartar tenór-

raddir. Guðni er reyndar sagður hafa náð lengra en Páll, sem trúbador á vinstri bakkanum á París þegar hann var þar í framhaldsnámi.

Einu sinni fékk ég að kenna á Guðna kjafti, svo sem verðskuldað var. Ég hafði skrifað á titilsíðu stílakompunnar minnar í ensku: Jón Baldvin Hannibalsson, menntunar (lausa) skólanum. Einn daginn hrukkum við allir í kút við það að Guðni svipti upp hurðinni og byrjaði að fleygja stílakompunum eins og hráviði í hausinn á viðstöddum svefnpurkum svo að allir hrukku upp með andfælum. Seinustu stílakompunni fleygði hann með of-forsi á borðið hjá mér, beygði sig svo yfir mig þannig að hann var með andlitið næstum því uppi í mér og hvessti augun með ógurlegri bræði um leið og hann hreytti út úr sér:

„Hvor haldið þér að sé menntunarsnauðari, þér eða þessi skóli?“

Ég var kominn með svarið fram á tungubroddinn (svona í anda Hallgríms sáluga Péturssonar):

„Ég er ungur og get lagast en ekki þessi skóli.“

En orðin frusu á vörum mínum því Guðni rétti ekki úr sér fyrr en sýnt var að ég var orðinn að gjalti.

Margir urðu til að kveinka sér undan svipuhöggum Guðna. Ég hafði hins vegar gaman af þessum töffarastælum (sem mig grunar að Guðni hafi apað eftir Boga Ólafssyni forvera sínum). Hins vegar skildi ég ekki hvers vegna Guðni leyfði ekki grillaranum og sjarmörnum að njóta sín í samskiptum við nemendur. Var hann hræddur um að missa aga og virðingu?

Ég veit ekki hvort á að telja Gylfa Þ. Gíslason, þáverandi alþingismaður og upprennandi stjórnmálaleiðtoga, til kennarahópsins en allavega lét hann sig ekki muna um að kenna þessum tossum bókhald og reikningsskil af stakri samvisskusemi og kostgæfni. Alltaf mættur á réttum tíma, kembdur og strokinn, alltaf þrælundirbúinn og nýtti hverja mínútu til að koma efninu til skila. Ekki veit ég hvort bókhaldskunnáttan kom okkur að notum síðar meir en hitt veit ég að Gylfi kenndi okkur mannsiði með fordæminu einu saman.

Einn úr röðum lærifeðra okkar olli mér beinlínis vonbrigðum. Það var sjálfur Ólafur Hansson, frændi minn og lifandi alfræðiorðabók og sjarmatröll. Ástæðan fyrir því að ég kveikti ekki á perunni í tímum hjá honum var sú að ég hafði heyrt svo mikið af honum látið fyrirfram og svo hitt að ég hafði þrátt fyrir allt lifandi áhuga á sögu og sagnfræði (þar var þó allavega snertiflötur við þjóðfélagið) en fannst kennarinn gera það allt að engu með geldum utanbókarlærdómi og staðreyndaítroðslu. Ég heyrði þar ekkert af hinum þunga nið sögunnar, sem þó vottaði fyrir í kennslustundum Sverris Kristjánssonar í Gaggó Vest. Eftir á að hyggja held ég að Óli hafi

verið orðinn hundleiður á þessu stagli. Hann orkaði á mig eins og lífsþreyttur háðfugl. Ég rengi ekki að það mátti fletta upp í Óla Hans um allt milli himins og jarðar, samanber söguna af því þegar svartur köttur birtist allt í einu inni í bekkjarstofunni og Óli spurði:

„Hvað er kötturinn á Grettisgötu 53b að gera hér?“

Þetta er í stíl við aðra aulafyndni sem situr í huganum eftir sögukennsluna í Lærða skólanum, nefnilega að Balzac hafi dáðið af öllum þeim kaffibollum sem hann lifði á. Bryndís upplifði kennslustundirnar hjá Óla Hans með allt öðrum hætti. Hann hreinlega sjarmeraði stelpurnar upp úr skónum og Bryndís trúði mér fyrir því seinna að hún hefði verið launskotin í sjarmörnum.

Árið 2001 kom út skemmtileg bók og vel skrifuð, nýtt bindi af *Minn-ingum úr menntaskóla*, og er forvitnileg lesning. Bryndís skrifar þar lofgjörð um Lærða skólann. Hún nefnir til sögunnar menn eins og Kristin Ármannsson, meistara í latínu og klassískum fræðum, Magnús Jónsson hinn franska, Ingvar Brynjólfsson þýskukennara og fleiri sem áttu það meðal annars sameiginlegt að vera höfundar þeirra kennslubóka sem stuðst var við í náminu. Þegar ég las lýsingu Bryndísar á þessu sameiginlega tímabili lífsreynslu okkar á unglingsárum hvarflaði að mér sú hugsun að við hefðum ekki verið í sama skóla. Það má til sanns vegar færa. Ég var með hugann einhvers staðar annars staðar. Hún var hins vegar stjórnunemandi með brennandi áhuga á erlendum tungumálum sem hún tileinkaði sér að því er virtist með litilli fyrirhöfn. Málfræði hefur alltaf verið hennar líf og yndi. Mér fannst það hins vegar löðurmannleg iðja að sitja og beygja óreglulegar sagnir á fimm tungumálum. Hvað með þjóðfélagið? Á ekkert að hugsa um það? Svar Lærða skólans var að þjóðfélagið væri utan veggja akademíunnar og kæmi henni ekki við. Þess vegna lágu leiðir okkar ekki saman.

Á ferðalögum með Bryndísi út um allar trissur á hún í hrókasamræðum við fólk á frönsku, ítölsku, spænsku eða þýsku og sjarmerar alla upp úr skónum. Þá sit ég eins og daufdumbur maður í skugga hennar, get varla hnodað saman óbjagaðri setningu, og hugsa með mér: Kannski mér hefði verið nær að þiggja eitthvað af réttunum sem á borð voru bornir á menntaskólaárunum í stað þess að fúlfa við þeim af hroka þess sem allt þóttist vita betur en lærifeðurnir. Í alþjóðavæddum heimi mun seint ganga að laga þjóðfélagið ef þú skilur ekki viðmælendur þína og getur ekki tjáð þig á máli sem þeir skilja. Hrokafull afstaða beturvitningsins í menntaskóla segir kannski eftir á að hyggja meira um mig en menntaskólann.

## Rokk og ról á sal

Í menntaskóla hélt ég uppteknum hætti um pólitískt trúboð. Þegar pólitískar trúboðsgreinar mínar fengu ekki greiðlega inni á síðum skólablaðsins lögðum við Magnús Jónsson meira að segja saman í púkk um að gefa út busablað um hugðarefni okkar. Eitthvað rámar mig í mikinn fund í þöku á vegum Framtíðarinnar um efni mér hugleikið: Kapítalisma eða sósíalisma. Framsögumenn voru tveir: Ég, businn úr þriðja bekk, sem flutti klukkutíma erindi, og Birgir Ísleifur Gunnarsson, síðar borgarstjóri, menntamálaráðherra og seðlabankastjóri, sem talaði í tíu mínútur af lítilli ástriðu.

Ég fann hjá mér þörf til að koma boðskap mínum á framfæri í ritsmíðum í skólablaðinu. Fyrir vikið lenti ég í ritdeilu við einn af menningarvitum skólans, Ólaf Jónsson, síðar menningar- og bókmenntarýni, en hann var þá ritstjóri skólablaðsins. Ólafur birti eftir mig einhvern langhund en svaraði honum í leiðinni. Ólafur var vel lesinn í bókmenntum og góður penni og eldri og þroskaðri en ég. Hann sýndi stílæfingum mínum nægilegan áhuga til að bjóða mér heim til sín í framhaldsumræður um ágreiningsefnin. Hann var orðinn svo mikill heimsmaður að honum þótti sjálf-sagt að bjóða upp á glas til að örva umræðuna. Ég var ekki vanur slíkum trakteringum og gerði mér of gott af. Þetta endaði ekki mjög glæsilega. Sólveig systir hans, sem var skólasystir okkar í MR, sá um að koma mér út úr húsi og í skólann í morgunsárið daginn eftir.

Þegar ég frétti að Höskuldur Jónsson, síðar áfengisforstjóri, væri að þreifa fyrir sér um stofnun bindindisfélags innan skólans bauð ég mig fram honum til aðstoðar í timburmönnum og sektarkenndinni. Við tókum verkið föstum tókum, sömdum lög og stefnuskrá og boðuðum til stofnfundar. Ekki tókst betur til en svo að brennivinsberserkir skólans fjölmenntu á aðalfundinn og réðu þar lögum og lofum. Þeir samþykktu að nafn félagsins skyldi vera Grákolla og heita þar með í höfuðið á formanninum (hös þýðir grár og kuld þýðir kollur eða hinn hæruskotni). Þetta átti líka að helgast af því að menn skyldu fá sér einn gráan eða eina kollu. Leitt var í lög að tilgangur félagsins skyldi vera að fá Guðmund Hagalín á sal til að ræða um bindindi því hann var talinn geta afkristnað gervallt sólkerfið frá bindindismennsku. Þetta átti að vera brandari en við Höskuldur létum þann krók koma á móti bragði að gera skyldu okkar og bjóða Hagalín á sal. Hann reyndist vera bráðskemmtilegur og kenndi það brennivinsberserkjum vonandi einhverja lexíu.

Okkur Höskuldi kom saman um að vænleg leið til að forða ungum og efnilegum drengjum frá brennivínsbölinu væri að fá þá til að hrista af sér feimni og uppburðarleysi gagnvart kvenkyninu. Þar með ákváðum við að standa fyrir dansnámskeiði og fengum Bryndísi ballerínu og Pálmur Óla-son, síðar arkitekt, sem var frægur tjúttari, til að sýna listir sínar. Til er mynd í myndasafni frú Bryndísar sem lýsir þessum atburði. Myndin er tek- in á sal, þeirri virðulegu stofu þar sem þjóðfundurinn var háður, og á veggj- unum eru myndir af rektorum, allt frá Sveinbirni Egilssyni til síðari daga heilagra. Á myndinni situr Pálmi rektor á fremsta bekk, gneypur á svip, og í augnaráðinu endurspeglast forakt á því sem fram fer. Þvert yfir andliti rektors er skuggi ballerínunnar, þar sem hún skvettir fagursköpuðum fót- um nærri því upp í rjáfur. Við höfum síðan haft fyrir satt að þetta hafi ver- ið fyrsta rokk og ról sýning á Íslandi.

MR hafði þann hátt á að aðgreina kynin í bekkjardeildum. Þetta þótti nauðsynlegt til að forða ungum og óhörðnuðum piltum frá óþarfa áreiti og óæskilegri truflun sem gæti skert einbeitingarhæfni þeirra. Andann grun- adi hins vegar fleira en augað sá því hinar forboðnu dísir sátu í sinni dyngju handan gangsins. Á öllum hurðum sem leiða inn í bekkjardeild í MR var gægjugat. Það var hugsað til þess að rektor gæti kíkt inn í kennslustofur og fullvissað sig um að allt væri í röð og reglu og að agi ríkti í hernum. En gægjugötin mátti líka nota í öðrum og ófyrirséðum tilgangi, enda mynduð- ust oft biðráðir fyrir framan þau. Ég hafði hins vegar ekki mikið braggast og kunni litt að tala við heimskonur sem þá höfðu eytt sumrinu í heims- borgunum, London og Kaupmannahöfn, við ballettnám.

Eftir þriðja bekk valdi ég mér stærðfræðideild þar sem ég taldi að hún hlyti að vera góður undirbúningur undir framhaldsnám í hagfræði. Þá var regla að menn yrðu að fá fyrstu einkunn samanlagt úr stærðfræði og efna- fræði til að komast í stærðfræðideild. Þeirri einkunn náði ég ekki um vor- ið en fór í haustpróf og settist síðan í stærðfræðideild í fjórða bekk. Þar sat ég fyrstu vikurnar en stærðfræðin náði ekki að kveikja neina ástríðu eða uppljómun í mínum huga. Mér hreinlega leiddist og likti kennslunni oft síðar við fönður eða hannyrðir. Enn og aftur stagaðist ég á því að ég vildi læra um þjóðfélagið. Gylfi Þ. Gíslason var í fremstu röð hagfræðinga og góður vinur föður míns. Ég spurði hann eitt sinn í öngum mínum hvort það væri alveg nauðsynlegt að fara í stærðfræðideild ef maður ætlaði að læra hagfræði. Gylfi létti af mér þungum áhyggjum með því að segja að það væri alls ekki nauðsynlegt; sjálfur hefði hann verið máladeildarmaður. Ekki er ég viss um að þetta hafi reynst hollráð. En ég tók hann á orðinu og lét umsvifalaust færa mig í flugfreyjudeildina. Auðvitað var það gert af

lægstu hvötum því ég vissi að ég myndi ekki þurfa að hafa neitt fyrir lífinu heldur gæti sinnt þeim lestri sem ég taldi þýðingarmeiri en það sem þar var boðið upp á.

Í fjórða bekk hélt ég mig áfram við það heygardshornið að velja mér sæti á aftasta bekk og vildi þar með fordast það að nærvera mín vekti óþarfa athygli kennaranna frammi við púltið. Við hliðina á mér sat Andri Ísaksson, síðar skólafrömuður og sérfræðingur UNESCO í skólamálu. Ef kennarar voru að trufla mig með ótímabærum spurningum sá Andri oft aumur á mér og gaukaði að mér glósum og stílum svo ég gæti þóst vera með á nótunum.

Við Styrmir vorum saman í 4. bekk B og fylgdumst að eftir það til stúdentsprófs, fyrir utan veturinn í fimmta bekk þegar ég var utanskóla. Einnhverju sinni vildi enskukennarinn Ottó Jónsson láta á það reyna hvort nemendur gætu flutt tölu á ensku um sjálfvalið efni. Við Styrmir buðum okkur fram til þessa verks. Styrmir tók saman ræðustúf um Eisenhower Bandaríkjaforseta en ég ákvað að slá honum við með því að flytja ræðu um Stalín bónda í Kremli og vitnaði í lofgjörð Jóhannesar skálds úr Kötlu um þennan mikla „mannvin“. Eftir ræðuhöldin upphófst mannjöfnuður milli okkar Styrmis um það hvor teldist vera meiri velgjörðarmaður mannkyns, Ike eða Josif Vissarionovitsj. Í það skiptið endaði rifrildi okkar með því að báðum var vísað úr tíma.

Tveir bekkjarbræðra minna voru líka þá orðnir mjög pólitískir. Það voru þeir Hörður Einarsson, síðar hæstaréttarlögmaður, og Haraldur Henrysson, síðar hæstaréttardómari. Þótt ólíkir væru virtist mér sameiginlegur stjórnmálaáhugi tengja þá saman, rétt eins og okkur Styrmi. Hörður var rammur íhaldsmaður en Haraldur var að mig minnir þjóðvarnarmaður. Hörður ritstýrði síðar úrvali úr ræðum og ritum Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra undir heitinu *Land og lýðveldi*. Hörður var á háskólaárunum upprennandi leiðtogi ungra sjálfstæðismanna en virðist hafa orðið afhuga beinni stjórnmálaþátttöku síðar á lífsleiðinni. Haraldur gekk hins vegar síðar til liðs við Hannibal og tók sæti á I-listanum vorið 1967, í uppgjörinu innan Alþýðubandalagsins við gömlu kommana.

Einn var sá bekkjarfélagi okkar sem skar sig úr hópnum fyrir sakir stertimennsku í klæðaburði og heimsmannlegrar framkomu. Þetta var Magnús Skúlason, sonur Skúla Halldórssonar tónskálds, og síðar arkitekt að starfi. Maggi átti það til að mæta ekki í skólann fyrr en í annan eða þriðja tíma eða nánar tiltekið þegar það hentaði honum. En þegar honum þóknadist að mæta birtist hann uppstrílaður með rós í hnappagatinu og heilsaði innvirðulega bæði kennara og bekkjarfélögum. Ef einhver annar en Maggi

hefði dirfst að fara sínu fram með sama hætti hefði sá hinn sami mátt þola þungar ákúrir og ávitur, gott ef ekki brottvísun. En ósvífni Magga, í bland við upphafna háttvísi, afvopnaði flesta kennarana þannig að þeir misstu málið þegar Maggi átti í hlut. Magnús varð síðar barnsfaðir Guðríðar systur minnar, en þau eiga saman soninn Sigurð iðntækniþræðing, sem er móður sinni stöð og stytta.

### Árta kem ég á Ellefu ...

Þennan vetur vandi ég komur mínar á kaffihús í von um að þar kynni að bregða fyrir ballerínu á hraðferð. Þetta var Laugavegur 11 en þar mátti jafnan ganga að sjálfskipuðum gáfnaljósum skólans sitjandi á spjalli eða yfir tafli. Óli Jóns hélt þar um sig hirð og ég áræddi stundum að taka skák við hann. Gylfi Gröndal var á þessum árum þunglyndislegur unglingur með skáldlega tilburði og sat stundum á Ellefu í hópi aðdáenda af báðum kynjum. Hann gerði garðinn frægan með því að yrkja ljóð um Laugaveg 11 sem oft var sungið í partium MR-inga:

*Árta kem ég á Ellefu,  
Ellefu,  
Ellefu.  
Árta kem ég á Ellefu  
en óðar þaðan fer.  
Því sú sem ég heitast ann þar er,  
ann þar er,  
ann þar er.  
Því sú sem ég heitast ann þar er  
að halda framhjá mér.*

Nú hefur Ellefu fyrir löngu breyst í Ítalíu og Laugavegurinn á þessum parti heitir samkvæmt því *Via di Bagno* eins og Laugavegurinn heitir á máli Feneyinga.

### Vitni að pólitískri aftöku

Á ritstjóraárum Hannibals á *Alþýðubladinu* (1952–1954), þegar Ólafur bróðir minn var sestur í Menntaskólann í Reykjavík, vann hann þar í ígripum sem blaðamaður. Hann sinnti aðallega erlendum tíðindum, skrifaði

meðal annars greinar um þróun mála í Egyptalandi, þegar ungir herforingjar að nafni Naguib og Nasser voru að steypa Faruk af stóli og Nasser var að stíga sín fyrstu spor sem þjóðhetja í arabaheiminum og var rísandi stjarna í alþjóðastjórn málum. Um þetta leyti bar það við í íslenskum stjórn málum að stjórnarandstaðan flutti vantraust á þáverandi menntamálaráðherra, Bjarna Benediktsson. Af þessu tilefni skrifaði Ólafur itarlega grein um stjórn málamanninn Bjarna Benediktsson og feril hans. Hann tók líkingu af hinum pólitíska kóngulóarvef þar sem Bjarni sat í miðjum vefnum og spann öðrum örlög og hélt öllum þráðum í hendi sér. Af einhverjum ástæðum fórum við bræður á þingvallana í Alþingishúsinu þegar vantraustsumræðan fór fram. Varnarræða Bjarna var frá upphafi til enda ofin í kringum þessa fjálglegu Alþýðublaðsgrein unglingsins sem þarna sat uppi á pöllum. Bjarni vitnaði með augljósri ánægju í ummæli eins og þau að hann væri Machiavelli íslenskra stjórn mála, þar sem allir yrðu að sitja og standa eins og honum líkaði, enda hefði hann ráð undir rífi hverju. Það hefur áreiðanlega hvarflað að hvorugum þeirra, valdhafanum í ræðustólnum og skólastráknum á pöllum, að þeir ættu löngu síðar eftir að tengjast ættarböndum með hjónabandi Ólafs og Guðrúnar Pétursdóttur, bróðurdóttur Bjarna og síðar forsetaframbjóðanda með meiru.

Þau ár sem ég var í menntaskóla dró til tíðinda í pólitík sem snertu mjög fjölskyldu mína. Hannibal hafði verið kosinn formaður Alþýðuflokksins árið 1952 í harðri kosningu gegn sitjandi formanni, Stefáni Jóhanni Stefánssyni. Samhliða formannsstarfinu gegndi hann starfi ritstjóra *Alþýðublaðsins* þessi tvö ár. Árið 1954 var kosið á flokksþingi milli hans og Haraldar Guðmundssonar.

Mér tókst að smygla mér inn upp á svalir í Iðnó og var því viðstaddur það sem átti að verða pólitísk aftaka Hannibals í formannskosningunum. Ég var þá fimmtán ára busi í MR. Auðfundið var að loft var allt lævi blandið á þessari samkundu. Fulltrúar á flokksþinginu skiptust í tvær andstæðar fylkingar sem bárust á banaspjót. Annars vegar voru gamlir stuðningsmenn Stefáns Jóhanns Stefánssonar, Guðmundar Í. Guðmundssonar, Emils Jónssonar, Haraldar Guðmundssonar og fleiri sem vildu ná fram hefndum eftir að Stefán Jóhann féll fyrir Hannibal á flokksþingi tveimur árum áður. Þeir vissu að þeir höfðu undirtökin og kusu að láta kné fylgja kviði. Hannibal varðist vasklega enda garpur til vopna sinna, þótt hann væri ofurliði borinn í þessari orrustu. Hann tók úrslitunum af karlmennsku. Ekki var að heyra á ræðu hans að þar færi bugaður maður á útleið úr íslenskri pólitík. Það mátti heyra saumnál detta þegar hann lauk ræðu sinni með þeim orðum, og beindi þeim til Haraldar Guðmundssonar, að hann vonaði að Har-

aldur lyki ekki ferli sínum sem seinasti naglinn í líkkistu Alþýðuflokksins. Tveimur árum síðar var Hannibal orðinn forseti Alþýðusambandsins og formaður Alþýðubandalagsins en Haraldur horfinn af landi brott í pólitíska útleð.

Fimmtán ára sláninn, sem sat uppi á svölum og fylgdist með vopnaburði föður síns úr fjarlægð, gat ekki annað en dáðst að garpskapnum. En oft hefur mér síðan orðið hugsað til þess að þessir vígreifu menn hefðu þjónað betur sameiginlegum málstað ef þeir hefðu borið gæfu til að slíðra sverðin og ná sáttum, áður en fylkingar sigu saman og allt var komið í óefni. Ég varð þarna sem unglingur vitni að því að sagan frá 1938, þegar Héðni Valdimarssyni var vikið úr Alþýðuflokknum, var að endurtaka sig.

Þessi átök drógu langan slóða á eftir sér. Þingflokkur Alþýðuflokksins lýsti því yfir að Hannibal talaði ekki lengur í nafni Alþýðuflokksins. Hannibal leit svo á að þetta jafngilti brottrekstri. Hann brást við með því að skipuleggja samstarf sinna manna við fulltrúa Sósíalístaflökksins innan verkalyðshreyfingarinnar og var kjörinn forseti Alþýðusambandsins árið 1954 að loknum harðvítugum kosningum.

Þetta var ný blóðtaka fyrir Alþýðuflokkinn og jafnframt vatn á myllu kölska. Með kosningabandalagi sínu við Sósíalístaflökkin árið 1956 léði Hannibal gömlu kommunum nýja dula til að dansa í; hann henti til þeirra nýjum bjarghring þegar þeir voru um það bil að drukkna í fordæmingu almennings eftir innrás Rauða hersins í Búdapest.

### Tvíeykin í íslenskum stjórnmálum

Í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1956 höfðu forystumenn Framsóknar og Alþýðuflokks, þeir Hermann og Haraldur, sammælt um að snúa bókum saman í kosningabandalagi sem fékk nafnið Hræðslubandalagið. Prófessorarnir við Háskólann, þeir Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur Jóhannesson, voru sagðir arkitektar þess. Bandalagið var hugsað á þann veg að ef stríðsgæfan fylgdi þeim næðu þeir meirihluta á Alþingi með því að bjóða ekki fram hvor gegn öðrum. Þannig áttu atkvæðin að nýtast til meirihluta á Alþingi, þótt ekki næðist meirihluti kjósenda meðal þjóðarinnar. Viðbrögð þeirra bræðra, Hannibals og Finnboga Rúts, við Hræðslubandalaginu voru þau að nýta aðstöðu Hannibals sem forseta Alþýðusambandsins til að gera kröfu um sameiningu vinstri manna, nánast undir formerkjum Alþýðusambandsins. Þessu hafnaði Hræðslubandalagið. Niðurstaðan varð stofnun kosningabandalags gamla Sósíalístaflökksins og hannibalísta, sem fékk nafnið Alþýðubandalagið undir forystu Hannibals.

Ef þessir garpar hefðu kunnað að stilla skap sitt og leyft skynseminni að ráða má vera að þróun íslenskra stjórn mála hefði orðið öll önnur en varð á næstu áratugum. Með Hannibal innanborðs má vera að Hræðslubandalagið hefði náð tilætluðum árangri og meirihluta á Alþingi. Gamli Sósíalistaflokkurinn var um það bil að uppskera makleg málagjöld og hefði naumast getað tryggt sér pólitískt framhaldslíf af eigin rammleik. Gylfi og Hannibal hefðu orðið ákjósanlegt tvíeyki í forystu Alþýðuflokks sem þurfti á að halda hvoru tveggja: hugmyndalegri endurnýjun í anda Gylfa og þeim pólitíska styrk sem rætur flokksins í verkalyðshreyfingunni gátu einar tryggt. Hafa menn tekið eftir því að tvíeyki í forystu stjórn mála flokka virðast hafa verið ráðandi fyrirbæri á seinustu öld? Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson, Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason. Og ef mér leyfist að nefna það, Jón Baldvin og Jón Sigurðsson. Við höfum líka upplifað einræðistímabil í stjórn mála flokkum: Jónas frá Hriflu í Framsókn og Davíð Oddsson í Sjálfstæðisflokknum. Eitt hvað má af þessu læra en það bíður betri tíma.

### Ill var þín fyrsta ganga, frændi

Á vegum Alþýðuflokksins í Norður-Ísafjarðarsýslu hafði verið ákveðið að móðurbróðir minn, Friðfinnur Ólafsson, yrði frambjóðandi Hræðslubandalagsins í hinu gamla kjördæmi Hannibals. Friðfinnur var gamalgróinn jafnaðarmaður, nánast alinn upp í pólitík undir handarjaðri Hannibals. Hann var viðskiptafræðingur að mennt og hafði starfað í skömmunarkerfi eftirstríðsáranna sem fulltrúi Alþýðuflokksins í viðskiptaráði. Hann var upplýstur jafnaðarmaður og hafði ungur skipað sér í sveit í Alþýðuflokknum. Hann var mjög ræktarsamur við áttahagana, þekkti hvern mann á hverjum bæ við Djúp og var allra manna skemmtilegastur og vinsælastur. Hann var þess vegna líklegur til að verða stjórnuframbjóðandi og fyrirmyndarþingmaður í hinu gamla kjördæmi Hannibals.

Samkvæmt kosningaútreikningum Hannibals og Finnboga Rúts var þetta hins vegar ekki óskastaða. Þeim fannst nokkuð við liggja að stöðva framgang Friðfinns. Nú voru góð ráð dýr. Þeir ákváðu loks að móðir mín yrði frambjóðandi Alþýðubandalagsins í þessu sama kjördæmi, send til höfuðs eftirlætisbróður sínum.

Ég var sautján ára drengstauli og að eigin mati harðsvíraður marxisti og hafði því litlar mætur á sósíaldemókrötum. En fyrst og síðast elskaði ég móður mína og hefði gert allt sem um var beðið til að leggja henni lið. Ég gerðist kosningastjóri hennar. Ég fór til Ísafjarðar, fékk inni hjá vinafólki

móður minnar og setti upp kosningamiðstöð. Ég gaf út blöð af miklum móð með harðsvíruðum greinum gegn íhaldinu og Hræðslubandalaginu og vandaði Friðfinni frænda mínum ekki kveðjurnar. Send voru út bréf á hvern bæ, fundir rækilega undirbúnir, klappliði smalað og dreifirit prentuð og allt gert sem fylgdi kosningaslag á þessum tímum. Ég gekk fram af mikilli hörku og grimmd.

Dag einn sat ég í prentstofunni Ísrúnu, þangað sem ég hafði hlaupið með handrit Hannibals í *Skutul* forðum daga. Ég var að skrifa, nánast á hnjúnum fyrir setjarann, harðsvíraðan kosningaáróður gegn Friðfinni frænda mínum, þegar hann birtist. Hann hafði enga aðstodarmenn til að hjálpa sér við blaðaskrif en gaf þó eitthvað út og átti þarna sömu erindi og ég. Þegar hann sá mig við iðju mína staldraði hann við, strauk mér aðeins um kollinn og sagði síðan fremur af trega en reiði: „Ill var þín fyrsta ganga, frændi.“

Úrslitin urðu bróður- og systurbylta. Hvort um sig vantaði fáein atkvæði til að komast á þing. Enn og aftur vatn á myllu kölska – íhaldsins.

Þetta olli vinslitum við Friðfinn í mörg ár. Ég þykist líka vita að þessi ógiftusamlega atburðarás hafi sært Guðriði ömmu mína mjög. Eftir á að hyggja skil ég ekki hvernig þetta mátti gerast og ég hef aldrei fyrirgefið Hannibal og Finnboga Rúti þessa ráðsmennsku. Móður minni fyrirgef ég að sjálfsögðu allt. Ef það er eitthvað eitt sem ég sé eftir á öllum mínum pólitíska ferli þá er það að hafa látið hafa mig til þessa óhæfuverks og veit ég þó að á þeim tíma gekk ég ódfús til þess.

### Sæst yfir moldum Hafliða

Um það bil tólf árum síðar lá Hafliði, móðurbróðir minn og fóstri í Ögri, banaleguna á sjúkrahúsi í Reykjavík. Útför hans fór fram frá Ögurkirkju. Margir vildu fylgja honum hinsta spölinn. Það varð að ráði að við ættingjarnir að sunnan fengum far með varðskipi sem átti leið vestur á firði. Þetta var að vori, tíguleg landsýn og ég hélt mig allan tímann á dekkinu. Ég hafði orðið var við Friðfinn frænda meðal farþega en við þóttumst ekki hafa veður hvor af öðrum. Sem ég sat þarna einn á dekkinu, uppnuminn í vornáttarveröld og Látrabjarg í auglýn, gekk framhá mér maður en snerist snögglega á hæli, settist við hlið mér, rétti mér viskípela og sagði:

„Við skulum sættast.“

Við Friðfinnur vorum óaðskiljanlegir það sem eftir lifði siglingar og síðan við útför Hafliða í Ögri. Við drukkum ótæpilega saman í jarðarförinni, svo mjög að kvenskörungur ættarinnar sáu ástæðu til að taka í taumana.

Það var mikil gleðistund þegar við náðum sáttum því ég hafði miklar mætur á þessum lífskúntner.

Seinna, þegar ég var orðinn ritstjóri *Alþýðublaðsins*, birtist Friðfinnur frændi með handrit, undirritað *Þormóður*. Eftir það höfðum við þann hátt á að hann kom til mín á miðvikudagsmorgnum með pistil undir þessu dulnefni. Hann var pistlahöfundur *Alþýðublaðsins* í þrjú ár. Þetta voru finir pistlar, fullir af pólitískum húmor, vel skrifaðir og skemmtilegir.

Friðfinnur og móðir mín voru mjög lík. Þau voru bæði andlegir fjörkálfar, vel lesin, mundu allt og kunnu að gera úr öllu sögu. Friðfinnur hafði ræktað þessa eðliskosti betur en hún. Það var ekki bara að hann væri vel lesinn og legði allt á minnið sem hann las, heldur þefaði hann líka uppi allan þjóðlegan fróðleik, sögur og sagnir af körlum og kerlingum úr afdölum og af annesjum, ekki aðeins á Vestfjörðum heldur um Íslands breiðu byggð. Úr þessu urðu þvilikar dæmisögur og mannlífssögur að hrein unun var á að hlýða. Hann stráði sögum sínum út um allt af botnlausu örlæti þess sem veit ekki sagna sinna tal, en hirti aldrei um að skrá þær. Loks rann upp fyrir mér að það yrði stórkostlegur skaði íslenskum bókmenntum ef sögurnar myndu ekki varðveitast. Á Alþýðublaðsárunum náði ég samningi við góða konu um að hún fengi sér segulband, hitti Friðfinn á miðvikudagsmorgnum í Grillinu á Hótel Sögu og léti segulbandið rúlla. Þau áttu einn fund en þá þurfti Friðfinnur að skreppa til Kaupmannahafnar til að afla fanga fyrir sitt Háskólabíó. Hann kom aftur heim í líkkistú. Friðfinnur var mér og mörgum öðrum harmdauði. Það var líka óbætanlegur skaði íslenskum bókmenntum að ekki skyldi takast að varðveita mannlífsmyndir hans og dæmisögur. Friðfinnur var skáld og rithöfundur sem spillti lífi sínu með því að vera forstjóri og athafnamaður.

### Óverjandi málstaður og samúðin í augnaráðinu

Þær pólitísku hræringar sem kveiktu heitustu ástríðurnar á þessum tíma urðu vegna innrásar Rauða hersins í Ungverjaland árið 1956. Þá var ég í fjórða bekk í MR. Í þriðja og fjórða bekk hafði róttæklingahópur skólans stundað leshringi á vegum Einars Olgeirssonar. Í hópnum voru strákar eins og Ragnar Arnalds, Ragnar Stefánsson skjálfti, Magnús Jónsson og margir fleiri. Okkur þótti nokkuð til þess koma að stjórn málaforingi úr fremstu röð, eins og Einar Olgeirsson var – hann var þá forseti Sameinads þings – skyldi gefa sér tíma til þess að ræða þýðingarmestu mál samtímans við hóp af skólakrökkum. Leshringurinn hittist í Tjarnargötu 20, sem var flokksmiðstöð Sósíalístaflokksins, og fundirnir fóru þannig fram að Einar

talaði og við hlustuðum. Aðalkennsluefnið var *Kommúnistaávarpið* eftir Marx og Engels sem er líklega áhrifaríkasti pólitíski bæklingur sem nokkru sinni hefur verið gefinn út, innblásinn texti og fyrir margra hluta sakir merkilegur en ekki ýkja langur. Mér fannst því nokkuð hægt farið yfir námsefnið þegar Einar var ekki kominn nema á blaðsíðu 17 eftir fyrsta veturinn. Einari var nefnilega tamt að taka útdúrdúr úr útdúrdúrnunum út í það óendanlega.

Þegar sovéska nýlenduveldið sendi skriðdreka inn í Búdapest stóðu menn frammi fyrir því hvort ekki ætti að verja innrásina. Ef menn trúðu því sem þeir voru að lesa í daglegum áróðri *Þjóðviljans* og námu af ræðum og riti hinna sérfróðu Sovétrúboða, frá Kristni E. Andræssyni til Kiljans, þá bar auðvitað að verja hana. Það kom hins vegar á daginn að enginn í leshring Einars var reiðubúinn til þess – nema einn. Ég tók það að mér.

Hjalti Kristgeirsson, sem stundaði á þessum tíma hagfræðináám í Búdapest, var kominn heim sem túlkur og fararstjóri flóttamanna frá Ungverjalandi sem höfðu leitað hér hælis með atbeina Rauða krossins. Það olli mikilli hneykslan þegar Hjalti var spurður í útvarpsviðtali hvers vegna hann héldi að fólkíð væri að flýja Ungverjaland og Hjalti gat sér þess til að það stafaði einkum af ferðaþrá og ævintýralöngun.

Fundur um ofbeldi Rauða hersins var haldinn í Menntaskólanum í Reykjavík og fór fram á Íþöku. Svo að segja allur skólinn var mættur og Heimdallarlýður úr Verslunarskólanum hékk utandyra og við gluggana. Þetta var heiftúðugur fundur og ég hafði þar framsögu. Ekki man ég hver var andmælandinn en ég man vel að á mig stórðu mörg hundruð fjandsamleg augu. Á fremsta bekk sat ballerínan og fylgdist grannt og spennt með umræðunum. Ég held að henni hafi runnið til rifja einsemd mín við að verja rangan málstað. Allavega var eitthvað samúðarfullt í augnaráðinu sem varð til þess að ég flutti ræðu mína eiginlega yfir henni. Þegar liða tók á fundinn var hent inn um glugga eins konar mólótovkokteil, sem var ætlaður mér en fór í fótinn á fundarstjóranum Höskuldi, bindindisforkólfi og síðar áfengisforstjóra. Enn í dag brettir Höskuldur gjarnan upp skálmína til að minna á að hann beri ör fyrir framgöngu mína á þessum róstusama fundi.

### Á síldarplani tilverunnar

Augnaráð ballerínunnar á þessum fundi varð til þess að ég mannaði mig upp í að bjóða henni á árhátíð Framtíðarinnar. Þar fór fram mælskukeppni sem ég vann, þannig að ég varð henni ekki til skammar í það skiptið. Eftir

skemmtunina gengum við langan göngutúr frá Austurvelli og niður í Skjól. Allt var þetta mjög platónskt.

Sumarið eftir fjórða bekk fór Bryndís til Kaupmannahafnar í ballettnám en ég fór á sild norður á Siglufjörð með félögum mínum, Ragnari Arnalds og Magnúsi Jónssyni, eymingja og skáldi. Fyrst unnum við í landi í Síldarbræðslu ríkisins (SR) undir verkstjórn Jóhanns Möllers, sem þá og alla tíð síðan var lifið og sálin í félagsskap jafnaðarmanna á Siglufirði og hafði marga hildi háð við kommúnista um undirtökin í verkalýðshreyfingunni og í bæjarstjórn Siglufjarðar. Jóhann Möller var verkalýðskrati af klassískum skóla eins og ég þekkti þá besta úr heimahögum mínum á Ísafirði. Hann var einlægur jafnaðarmaður en heitar tilfinningar hans og ört geð báru stundum röksemdafærsluna ofurliði. Ég reyndi mitt besta til að standa uppi í hárinu á honum með kommúnískri þrætubók gegn krötum og setti mig ekki úr færi að spilla fyrir honum bæði matar- og kaffitímum. Síðar meir, þegar ég var orðinn formaður Alþýðuflokksins, var mér hvergi betur tekið en á fundum okkar jafnaðarmanna á Siglufirði. Þegar ég kom þangað hafði ég það einhvern veginn á tilfinningunni að ég væri kominn heim til Ísafjarðar. Umgjörð Siglufjarðar minnti mig á Ísafjörð og andrúmsloftið á fundunum var keimlíkt. Þar var ekki töluð nein tæpitunga. Jóhann viðurkenndi að ég hefði eitthvað vitkast með árunum frá því ég var að ergja hann í gamla daga í SR en fannst samt löngum að mér veitti ekki af aðhaldi til að haldast á hinum þrönga vegi dyggðarinnar í bræðralaginu. Hann hafði alltaf seinasta orðið á þessum fundum og lagði ævinlega út af því að Alþýðuflokkurinn mætti ekki gleyma uppruna sínum og yrði að reynast honum trúr í verki.

Þegar ekki voru vaktir í síldarbræðslunni sóttumst við skólafélagarnir eftir því að komast í löndun á bryggjunum. Við vorum auðvitað að reyna að hala inn sem mest við máttum af peningum fyrir veturinn. Einhvern tíma náði ég því að vaka samfelt í tvo sólarhringa, vinnandi á víxl í bræðslunni og á krana við löndun. Það vildi þeim til lífs sem voru í kringum mig á löndunarkrananum að handtökin við að stjórna krananum voru nærri því sjálfvirk þannig að þau komust upp í vana, jafnvel hjá svefntruðnum unglingi í aukavinnu. En kannski voru það ekki bara peningarnir sem lokkuðu okkur að síldarplaninu. Þar var líf og fjör og handgangur í öskjunum og herskarar síldarstúlkna með blik í auga og sveiflu í lendum. En sú sem ég heitast unni var órafjarri þessu hreistraða síldarplani tilverunnar. Með Atlantshafið á milli okkar var eins og mér yxi kjarkur því að ég skrifaði óhemju löng bréf, bæði af sjó og landi, til ballerinnar í Kaupmannahöfn. Þetta voru satt að segja nokkuð uppstrílaðar bókmenntir, stolin snjallyrði

og stæld frá höfuðskáldum, allt mjög upphafið en um leið rómantískt, angurvært og saknaðarfullt.

Pegar sildin hvarf smyglaði ég mér sem háseti um borð í togarann *Ellida* það sem eftir var sumars. Aðrir í áhöfninni voru mest heimamenn frá Siglufirði, einvalalið. Um borð voru að minnsta kosti fjórir menn sem hétu Sveinn, þeirra á meðal bæði bátsmaðurinn og pokamaðurinn. Þeir sungu í kór á dekkinu, sjóarasöngva, ástarljóð og lofsöngva um eyjuna hvítu. Bjartar tenórraddir þeirra bærust út yfir Atlantshafið bláa og upp til himinsala og hljóta að hafa hrært hjartans strengi í himnaríki til meðliðunar með oss. Þetta var á köflum allt að því himnesk upplifun með tiginborna ásynd Íslands á bak og Grímsey úti við sjónarrönd.

Skipstjórinn hét Gísli Jónasson, Arnfirðingur og bróðir Matthíasar Jónassonar sálfræðiprófessors. Stýrimaðurinn var Kristján Rögnvaldsson og bátsmaður Kristján Gíslason, bróðir Tryggva skólameistara. Einhverju sinni vorum við að taka land í heimahöfn á Siglufirði og Gísli skipstjóri hafði kallað mig upp í brú og sagði: „Fylgdu strikinu strákur.“ Þá vildi svo til að Matthías bróðir hans var að flytja útvarpserindi. Meðal annars skýrði hann frá niðurstöðum rannsóknar sem hann hafði gert og leiddi í ljós að börnum sjómanna gengi verr í skólum en börnum landkrabba. Gísli, bróðir hans, brást ókvæða við og taldi að prófessorinn væri að vega að heiðri sjómannastéttarinnar að halda því fram að þeir væru annaðhvort verri fedur en aðrir menn eða börn þeirra væru vitlausari eða tornæmari en annarra manna börn, nema hvort tveggja væri. Hann barði allt utan í brúnni og reyndi að þagga niður í bróður sínum en gleymdi hásetanum sem fylgdi strikinu óbreyttu og var nærri kominn með togarann upp í miðja fjallshlíð áður en skipstjórinn rankaði við sér, hrinti mér frá stýrinu og forðaði strandi á seinustu stundu.

### Hinn rétti tónn

Veturinn í fimmta bekk fækkaði enn tilefnum til að nema þokkafullt göngulag ballerínunnar á göngum Lærða skólans. Ég fann það upp hjá sjálfum mér að ég yrði að segja mig úr skóla ef ég ætti ekki að deyja úr leiðindum. Ég gerði mér grein fyrir því að vistin væri mestan part tímasóun og tími væri til kominn að gera eitthvað í því að mennta sig. Í upphafi vetrar, haustið 1956, gekk ég á fund Pálma rektors. Hann var nokkuð hniginn að aldri þegar hér var komið sögu. Hann spurði hvað mér væri á höndum. Ég sagði að ég væri kominn til þess að segja mig úr skóla af því hér væri svo leiðinlegt. Hann rak upp skellihlátur en grennsaðist ekkert frekar fyrir um leiðindin

sem hrjáðu mig. Einhver orðaskipti fóru milli okkar um skólann. Hann vissi að ég var einn af svokölluðum róttæklingum í liði skólapilta og ræddi af því tilefni hispurslaust um afstöðu stjórn málaafra til skólans:

„Þessi skóli á undir högg að sækja af tveimur ástæðum. Önnur er sú að íhaldið og borgaraleg öfl líta á skólann sem gróðrarstíu kommúnisma, bolsévisma og róttækni. Hin er sú að kommúnistar og menningarvitar úr vinstriinu líta á skólann sem verksmiðju til að framleiða á færriböndum íhaldsama embættismenn framtíðarinnar. Hvorugur vill þess vegna leggja skólanum lið eða við hann kannast.“

Þegar Pálmi fylgdi mér til dyra sagði hann góðlátlega um leið og hann klappaði mér á kollinn:

„Þú ert svo sem velkominn aftur ef þér hlekkist á, væni minn.“

Með það fór ég.

Einhvers staðar á ég í förum mínum handskrifaða námsáætlun mína frá vetrinum utanskóla. Á þeim blöðum var ekki að finna eina einustu skólabók. Námskrá mín snerist um þrennt: Að æfa mig á píanó tvisvar sinnum tvo tíma á dag; að lesa um marxisma og pólitik, sem fékk svipaðan skammt á viku hverri, og þann tíma sem afgangur var átti að nýta til að lesa íslenskar bókmenntir í samhengi. Ef ég á að bera saman skólahlald mitt og Menntaskólans í Reykjavík þá verð ég að segja eins og er að mér fannst minn skóli betri, enda leið mér betur. Námsfnið í marxisma var aðallega sjálft *Kapitalið* eftir Marx í útgáfu C.D.H. Cole, sem var prófessor í félags- og stjórnmálafræði við Oxford og tíður greinahöfundur í *New Statesman*, sem ég fékk í slumpum frá Finnboga Rúti. Bókin var auðvitað í enskri þýðingu því ég réð ekki við þýskuna. Orðabókin var orðin ansi velkt um það leyti sem ég þóttist vera nokkru nær um vinnu- og arðránskenningu Marx, hvað þá heldur að verkið svaraði brýnum spurningum um það hvernig ætti að reka efnahagsstarfseminu og stjórna þjóðfélaginu. Ég lærði hins vegar heilmikið í ensku og eitthvað síaðist inn í kollinn af hagfræðilegri hugsun sem kom að gagni síðar meir.

Satt að segja var námskrá mín í íslenskum fræðum talsvert strangari en hjá Lærða skólanum. Þar var til þess ætlast að menn læsu að minnsta kosti eina Íslendingasögu (*Eglu* minnir mig) og eitthvað voru menn látnir brjóta heilann um dróttkvæði. Í mínum skóla voru gerðar ófrávikjanlegar kröfur um að lesa allar hinar bestu Íslendingasagna með *Sturlungu*, *Heimskringlu* og *Eddu*, auk þess sem leita átti skýringa á því hvers vegna þjóðfélagsgerð okkar á þjóðveldisöld gat getið af sér þvílíkar bókmenntir. Þar að auki var sett fyrir að lesa allt það merkasta í íslenskum bókmenntum og skáldskap frá Snorra til Steins Steinars.

Píanónámið kom til vegna þess að ég taldi í fullri alvöru að óforsvaranlegt væri að reka menntaskóla án þess að kennd væri tónlist. Ég sá mikið eftir því, borinn og barnfæddur Ísfirðingurinn, að hafa misst af skóla Ragnars H. Ragnar, vegna þess að fjölskylda mín hafði verið á pólitískum faraldsfæti. Ég afréð að bæta fyrir þetta sjálfur og ákvað að togarahýrunni yrði best varið til að kaupa píanó og hefja tónlistarnám. Atli Heimir var persónulegur ráðgjafi minn bæði um píanókaup og námsskrá. Við auglýstum og fórum hús úr húsi í vesturbænum hjá gömlum ekkjum til að líta á píanó. Að ráði Atla keypti ég að lokum danskan eðalgrip, Hornung & Möller, og fékk inn í mitt kames á Marargötunni. Síðan fór ég í Tónlistarskólann og æfði mig tvisvar sinnum tvo tíma á dag. Auk þess fór ég eftir leiðsögn Atla um að kynna mér tónfræði og tónlistarsögu. Eftir á að hyggja held ég að Atli hafi haft rétt fyrir sér í því að hæfileikarnir væru af skornum skammti – en ástundunin var addáunarverð.

Píanókennari minn var Guðmundur Jónsson, hinn ágætasti maður. Þegar leið á vorid tilkynnti hann mér að ég ætti að mæta á léttu æfingu í Þrúðvangi. Ég mætti á tilskildum tíma og rak í rokastans því biðstofan var full af stelpum með fléttur sem skruppu inn til kennarans og spiluðu svo addáunarvert var að heyra. Ég, stálpaður maðurinn, var allt í einu tekinn fram fyrir aðra í röðinni og stóð frammi fyrir gjörvallri tónlistarelitu Íslendinga; Páli Ísólfsyni, Rögnvaldi Sigurjónssyni, Jóni Nordal, Jóni Þórarinssyni, Þuríði Pálsdóttur – mig sundlar enn við tilhugsunina. Mér varð svo mikið um að ég náði ekki að komast heilu og höldnu í gegnum sónatínu eftir Beethoven, hvað þá heldur framúrstefnuverk eftir Béla Bartók sem ég hafði lagt mikla rækt við. Mér fannst ég svo niðurlægður að ég strunsaði út og skellti á eftir mér. Rögnvaldur Sigurjónsson, sem seinna varð sambýlismaður minn á Vesturgötunni og einkavinur, kallaði á eftir mér:

„Stilltu þig drengur, þetta er ekki svona alvarlegt – þér gengur bara betur næst.“

Ég fór aldrei í tíma eftir þetta og hef ekki snert hljóðfæri síðan.

Píanókaupin reyndust hins vegar arðbær fjárfesting. Seinasta námsveturinn minn í Edinborg var mér orðið fjár vant, enda hafði ég ekki komist á sjó sumarið áður. Þá greip ég til þess ráðs að selja píanóið góða. Það má því segja sem svo að ég hafi að lokum etið píanóið upp til agna.

Ég undi vel mínum hag í þessum einkaskóla þar sem námsskráin var sniðin að þörfum eina nemandans í skólanum. Agavandamál voru engin því sjálfsaginn nærðist á ósvikum áhuga á viðfangsefnunum. Kannski endurspeglar það eitthvað minn tvískipta persónuleika. Flestir sem þekkja mig ekki en þekkja til mín halda að ég sé ólæknandi félagsmálafrik. Sjálfur held

ég að ég sé í eðli mínu frábitinn þess háttar stússi. Til dæmis hefur mér ævinlega leiðst á nefndarfundum. Það að draga sig út úr skóla og setjast einn til borðs með sjálfum sér er í mótsögn við ímynd félagsmálafriksins. Það er hin hliðin á persónuleika mínum; meinlætamaðurinn sem sækist eftir einveru og innhverfri ihugun. Þegar ég hins vegar lýsi sjálfum mér sem feimnum og hlédrægum sperra menn ýmist brýrnar eða reka upp hæðnis-hlátur.

### Fjarsamband við New York

Á forsetaárum sínum hjá Alþýðusambandinu, þegar kalda stríðið stóð sem hæst, varð Hannibal óhjákvæmilega skotspönn bæði sovésks og bandaríks áróðurs sem barst inn um bréfalúguna í stríðum straumum. Sovéska glansmyndin birtist í myndskreyttum tímaritum sem sýndu vöðvastæltar hetjur fara fram úr fimm ára áætluninni með sigurbros á vör. Frá Bandaríkjunum bárust tvö mánaðarrit sem ég tók eftir að hlóðust upp ólesin á borði Hannibals. Þetta voru *The New Leader* frá New York og *The Problems of Communism* frá Washington DC. Hannibal las ekki ensku svo ég tók það að mér að lesa ritin og komst fljótlega á bragðið.

*The Problems of Communism* var vettvangur fyrir Sovétsérfræðinga og Kremlarlóga, bandaríska og evrópska, og á síðum þess birtust útdrættir úr og umsagnir um nýjustu rit fræðimanna á Vesturlöndum um ástand mála í Sovétríkjunum, Austur-Evrópu og Kína. *The New Leader* var að minnsta kosti að nafninu til gefið út af sambandi verkálýðsfélaga (ILGWU undir forystu Davids Dubinski) í New York. Þeir sem skrifuðu blaðið voru hins vegar gáfna ljós, aðallega úr röðum gyðinga í New York. Margir þessara höfunda höfðu gerst kommúnistar eða sósíalistar á kreppuárunum; sumir höfðu í upphafi hrifist af hinni sovésku þjóðfélagstilraun; aðrir höfðu verið forystumenn í röðum trotskiista í hatrömmum deilum þeirra við stalinista. Allir höfðu þeir að lokum orðið að horfast í augu við staðreyndirnar um hina stalinísku ógnarstjórn. Flestir þeirra voru í reynd lýðræðisjafnaðarmenn en með amerískum formerkjum. Sumir, eins og Reinhold Niebuhr, höfðu átt mikinn þátt í að snúa þessum úrvalshópi menntamanna á sveif með Roosevelt og New Deal. Aðrir höfðu snúist svo hratt frá vinstri að fyrr en varði höfðu þeir umbreytt í kaldastríðshross af því taginu að andkommúnisminn varð þeim upphaf og endir alls.

Af síðum þessa blaðs lærði ég margt og mikið um Bandaríkin undir stjórn Kennedys og Johnsons (sem kom að góðu haldi í framhaldsrifildinu við Styrmi, sem las bara *Time* og *Newsweek*). Ég gerði mér smám saman

grein fyrir því að bilið milli hins ameríska sjálfshóls um land hinna frjálsu og réttvísu og veruleikans um réttleysi þeldökkra og annarra minnihluta-hópa, var helst til breitt. Fyrir utan hugmyndastríðið milli lýðræðis og al-ræðis, milli hins „frjálsa“ heims og heimskommúnismans, bar tvennt hæst í umræðunni og kveikti sterkar tilfinningar: Mannréttindabaráttan í Banderíkjunum undir forystu Martins Luthers Kings og Víetnamstríðið. Mörgum árum seinna var það afhjúpað að þessi tímarit, sem og *Encounter*, sem var gefið út í Bretlandi og birtu skrif margra úrvalshöfunda sem á þessum árum létu til sín taka í hugmynda- og þjóðfélagsumræðunni, nutu öll á laun fjárhagsstudnings frá CIA. Það breytti ekki því að af síðum þessara rita var ég kominn í milliliðalaust andlegt jarðsamband við margra af bestu hugsuðum Evrópu og Ameríku um hina pólitísku hugmyndabaráttu samtímans, á vettvangi stjórnmála, menningar og lista.

Það var á síðum þessara tímarita sem ég komst í tæri við höfunda sem fjölluðu um Sovétríkin, Austur-Evrópu og Kína af þekkingu og reynslu sem smám saman afhjúpaði blekkingarvefinn sem spunninn hafði verið í þrjá áratugi. Það var á síðum þessara blaða sem ég komst í kynni við Milovan Djilas.

### Hin nýja stétt

Djilas, sem var upprunninn frá Svartfjallalandi, hafði verið vopnabróðir Títós marskálks í hinum blóðugu bardögum andspyrnuhreyfingarinnar gegn innrás nasista í Júgóslavíu. Júgóslavía var eina landið þar sem andspyrnuhreyfingin náði óskoruðum völdum í stríðslok, án atbeina Stalíns og Rauða hersins. Fyrstu árin eftir stríð var Djilas einn nánasti samstarfsmaður Títós. Þegar við lá að upp úr syði milli Stalíns og Títós og innrás Rauða hersins virtist jafnvel yfirvofandi var Djilas sendur til Moskvu til viðræðna við Stalín. Bók hans um þá lífsreynslu, *Samræður við Stalín*, segir ótrúlega sögu. Að fenginni reynslu úr innsta hring valdhafanna í Belgrad gerði Djilas sér smám saman grein fyrir því að alræðisstjórnarfar Kommúnistaflokksins var rotíð og spillt; að hið miðstýrða hagkerfi var ósamkeppnishæft; að draumurinn um frelsun alþýðu frá arðráni, kúgun og andlegu ófrelsi hafði í Austur-Evrópu og gervöllum Sovétríkjunum snúist upp í andhverfu sína. Þessi þjóðfélög voru orðin að risavöxnu fangelsi utan um öreigalyðinn í þriðja parti heimsins.

Það sem var sérstakt við bók Djilasar, *Hin nýja sátt*, var að hún var ekki einvörðungu fræðirit manns sem skoðaði kerfið utan frá. Hún var ástríðuþrungin rit manns sem hafði frá eigin reynslu að segja, manns sem hafði

hugrekki og heiðarleika til að bera sannleikanum vitni, þótt það kostaði hann frelsið og mannorðið meðal fyrri félaga. Bókin hafði djúpstæð áhrif á mig. Það var engin leið að afskrifa Djilas sem málaliða eða leigubý. Og fyrst ástandið var svona í Júgóslavíu, sem hafði þó risið upp gegn verstu öfgum stalinismans, hvernig var það þá í Sovétríkjunum sjálfum og leppríkjunum í Austur-Evrópu?

Það átti að heita svo að leshringir Einars Olgeirssonar með róttæklingum úr menntaskólanum væru enn við lýði, þótt Einar hefði þegar hér var komið sögu breytt umræðuefninu og fjallaði nú um bók sína, *Ættarsamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*. Ég hafði takmarkaðan áhuga á pólitískri mannfræði af því tagi og taldi önnur umræðuefni brýnni. Ég mannaði mig því upp í að biðja um viðtal við Einar sem endaði með því að hann bauð mér heim í Norðurmýrina.

Mér lá talsvert á hjarta þegar ég rakti fyrir Einari helstu sönnunargögn Djilasar um það hvernig hinn sovéski veruleiki hefði breyst í ógnarstjórn og að draumurinn hefði breyst í martröð. Einar lét sér fátt um finnast. Við sátum í bókastofu hans og ég tók eftir því að víða stóðu miðar upp úr bókunum, sennilega til að sýna að þar væri fljótlegt að finna tilvitnanir í fræðin. Einar brá þó ekki á það ráð að finna neina ritningarstaði til að hrekja miskunnarlausu gagnrýni skæruliðans frá Svartfjallalandi. Hann drap málum á dreif. Þegar ég trúði honum fyrir því að ég hygðist fara til Bretlands í hagfræðinám tók hann því fálega. Hann sagði reynsluna af þeim félögum, sem það hefðu gert á undan mér, ekki vera góða. Ég fann að það þjónaði engum tilgangi að lengja samtalið. Um leið og hann fylgdi mér til dyra lagði hann hönd á öxlina á mér og sagði:

„Það þarf kjark og staðfestu til að vera trúr hugsjónum sínum og við höfum upplifað á langri leið að það eru margir sem svíkja, Jón minn.“

### Petta mjóa mitti og þessi löngu lær

Stundum kom fyrir að einmanakennd sótti að utanskólápiltinum. Þá gerði ég mér upp erindi til að líta við á göngum Lærða skólans í einhverri óljósri von um að þar bæri fyrir engil með húfu og rauðan skúf í peysu. Ekki svo að skilja að ég hefði mannað mig upp í að tala við engilinn hefði hann birst fyrir framan mig. En ég átti það til að skrifa Bryndísi öðru hverju innblásin bréf. Þau voru yfirleitt skrifuð við kertaljós undir miðnætti og þoldu lítt dagsbirtu.

Í þessum heimsóknum mínum forvitnaðist ég um það hvað væri verið að fást við í skólanum. Vorið 1957 uppgötvaði ég mér til hrellingar að tek-

in hafði verið upp kennsla í nýju tungumáli, frönsku. Félagi minn, Ragnar Arnalds, var líka utanskóla þennan vetur. Við gerðum bandalag um að fá okkur einkatilsögn í frönsku og kennarinn var ekki af lakara taginu, Vigdís Finnbogadóttir. Hún setti okkur fyrir mikla stíla og þar sem ég vildi ekki valda henni vonbrigðum með frammistöðu minni fékk ég lánaða frönsku-stíla Bryndísar eftir einhverjum krókaleiðum. Þetta dugði til að koma mér í mjúkinn hjá frönskukennaranum sem fannst nokkuð til um hvað ég væri fljótur að tileinka mér frönsku. Þetta veganesti dugði mér til að fara í gegnum frönskupróf í fimmta bekk, án þess þó að geta hnoðað saman setningu á því rökvísu máli af sjálfsdáðum.

Næsta sumar höfðum við Ragnar Arnalds þann starfa að rétta af símastaura sem voru illa framgengnir undan vetri, skakkir og skældir af veðraham á Vestfjörðum. Sumarið var sólrikt með eindæmum og við félagarnir gengum mestan part naktir í beltisstað um fjöll og firnindi á Vestfjörðum. Við höfðum slegið niður tjöldum í Steingrímsfirðinum í símamannabúðum þegar sú frétt spurðist að Bryndís hefði verið kjörin fegurðardrottning Íslands í Tivolígarðinum og færi í framhaldi af því á Langasand til að keppa um titilinn alheimsfegurðardrottning. Mér varð hverft við en sagði fátt. Ég man að við Ragnar gengum alllangan spöl að póststöð því það þótti við hæfi að senda skólasystur okkar skeyti. Ragnar er kurteis maður og kunnir sig og óskaði fegurðardrottningunni til hamingju. Skeytið frá mér hljóðaði svona: „Sveiattan.“ Þar með bjóst ég við að punktur væri settur aftan við það sem hafði svo sem ekkert verið.

Á áliðnu sumri bárust þau boð að vinahópur úr MR ætlaði að hittast um verslunarmannahelgi í skógræktarstöð ríkisins í Borgarfirði að frumkvæði Auðólfs Gunnarssonar, bekkjarbróður okkar, síðar lækni. Þar sem við félagar höfðum því sem næst náð að rétta alla símastaura á Vestfjörðum var ákveðið að mæta til leiks. Mér var órótt innanbrjósts á leiðinni. Þegar fegurðardrottningin loksins birtist, forfrömuð úr Hollywood, útitekin og undurfögur, hafði ég að mestu misst málið. Ætli ég hafi ekki verið að hugsa með sjálfum mér: Hver er ég, skólastrákur að vestan, að halda að þessi þokkagyðja Þúsund og einnar nætur muni láta svo lítið að gefa mér auga?

„Hvað á ég að gera með þetta mjóa mitti og þessi löngu lær?“ spurði jungkærinn í Bræðratungu og flúði á náðir Bakkusar. Og ég fór að fordæmi hans, þótt ekki væri nú nema til að endurheimta málið. Bryndís lét eins og hún myndi ekki einu sinni eftir skeyti hins afbrýðisama unglings frá Hólmavík og fór að reyna að toga út úr mér orð. Þegar hún trúði mér fyrir því að sér fyndist ég skemmtilegri en allir flagarar Hollywood til samans fór ögn að brá af mér.

Þegar komið var að kveðjustund tók Bryndís ekki í mál annað en að fylgja okkur stauraréttgarmönnum áleiðis vestur að Bjarkarlundi. Styrmir, vinur okkar, hafði bíl undir höndum og honum einum var treystandi til að aka. Í Bjarkarlundi stóð þá dæmigerð íslensk útihátíð um verslunarmannahelgi, graðhestamúsikin glumdi og brennivínið flaut í stríðum straumum. Um leið og Bryndís hafði snúið við mér baki þyrmdi yfir mig óeirð, sambland einmanakenndar og afbrýðisemi. Ég fann að eina ráðið var að drekkja sorgum mínum og drekka frá mér ráð og rænu. Seinna frétti ég að ekki hefði tekist betur til en svo um heimferð Styrmis og Bryndísar, og þeirra sem með þeim voru í bílnum, að þau óku út af hjá einbreiðri brú og eyðilögðu bilinn en sluppu sjálf ósködduð.

### Þið bætið hvort annað upp

Í sjötta bekk braut ég odd af oflæti mínu og settist aftur á skólabeck, minnugur orða Pálma rektors, sem þá var látinn: „Velkominn aftur væni, ef þér hlekkist á.“ Ég var að vísu hæstánægður með mitt eigið skólahald en bauð þó í grun að ég gæti tæplega náð stúdentsprófi, sem nægði til framhaldsnáms, ef ég héldi áfram uppteknum hætti að lesa helst ekki skólabækur.

Veturinn 1957–1958 hrasaði vinstri stjórn Hermanns Jónassonar með Hannibal innanborðs úr einni kreppunni í aðra, þótt hún spryngi ekki á limminu fyrr en undir jól 1958, þegar ég var horfinn af landi brott. Þennan vetur leiddi ég að mestu hjá mér málfundi og pólitískt argaþras en reyndi í staðinn að einbeita mér að náminu. Það reyndist þó til of mikils mælst. Ég hélt uppteknum hætti, las *New Leader* og *New Statesman* til þess að hafa veður af því sem væri verið að hugsa í veröldinni í kringum okkur. Þar las ég ritdóma og umfjöllun um nýútkomna bók sem vakti forvitni mína: *The Future of Socialism*, eftir Anthony Crosland, einn af efnilegri leiðtogum Breska verkamannaflokksins. Bókin kom út í London 1956 og haustið í sjötta bekk fór að drjúgum hluta í að pæla í gegnum hana.

Hjá Crosland fékk ég býsna sannfærandi svör við ýmsum spurningum sem leituðu á huga manns sem var að glata bernskutrúnni á marxismann og Sovétríkin en leitaði að svörum um hvað ætti að koma í staðinn. Crosland lýsir því skilmerkilega hvernig jafnaðarmenn og verkalýðshreyfingin á Bretlandseyjum og víðar hefðu breytt ásýnd og eðli kapítalismans; hann útskýrir þann grundvallarmun sem er á lifsskodun og aðferðafræði lýðræðisjafnaðarmanna og kommúnista; hann rekur markmið, þróun, aðferðafræði og vandamál velferðarríkisins; hann spyr lykilsurninga um þá þversögn sem felst í tilhneigingu markaðskerfisins til vaxandi ójafnaðar og hina lýð-

ræðislegu nauðsyn á jöfnun tækifæra, jöfnun eigna- og tekjuskiptingar og félagslegu öryggi sem jafnaðarmenn standa fyrir. Þarna las ég í fyrsta sinn um hagsveifluna, um sögulegan óstöðugleika markaðskerfisins og orsakir kreppunnar og fékk nasasjón af hinum nýstárlegu kenningum Keynes um hlutverk ríkisvaldsins við að halda uppi eftirspurn og jafnvægi í sveiflukenndu markaðskerfi. Með öðrum orðum, þarna voru lögð fram rök fyrir blönduðu hagkerfi og sett fram hagfræðileg rök, en ekki aðeins siðferðileg, fyrir yfirburðum jafnaðarstefnunnar í samanburði við óheftan markaðsbúskap og miðstýrðan áætlunarbúskap af Sovéttáginu.

Lestur þessarar bókar staðfesti þá ákvörðun mína að læra hagfræði og sannfærði mig um að þar væri að finna svör við þeim spurningum sem mest leitudu á minn huga: Hvernig á að stjórna þjóðfélagi almenningi til heilla? Ég átti eftir að fylgjast betur með Crosland og framgangi hans í breskri pólitík á Bretlandsárum mínum. Crosland varð seinna utanríkisráðherra hennar hátignar í ríkisstjórn Verkamannaflokksins. Um hann má segja eins og sagt var um Denis Healey, fjármálaráðherra Verkamannaflokksins og varnarmálaráðherra, að hann hafi verið besti leiðtoginn sem Verkamannaflokkurinn aldrei fékk.

Crosland kom heldur betur við sögu Íslendinga í þriðja þorskastríðinu 1975–1976 því að hann undirritaði samkomulag Breta og Íslendinga í Ósló, ásamt þeim Matthíasi Bjarnasyni og Einari Ágústssyni. Þótt Crosland væri hámenntaður og hástéttarmaður í háttum var hann þingmaður í Grimsby sem lengi vel var ein helsta löndunarhöfn íslenskra togara á Bretlandseyjum. Það gefur dýpri merkingu þeim orðum sem hann viðhafði við íslensku ráðherrana í kveðjuskyni í Ósló:

„You go home to your heroes' welcome, but I return back to Grimsby.“

Það var heldur fátt með okkur Bryndísi eftir þær undarlegu hamingjuóskir sem ég hafði sent henni frá Ströndum. Umburðarlyndi hennar við þennan stríðlynda unglings í Borgarfirði og á Barðaströnd sumarið áður hafði þó forðað okkur frá fullum vinslitum. Um vorið tók við langt upplestrarfrí fyrir stúdentspróf og óþolandi gott veður og eirðarleysið ætlaði mann lifandi að drepa. Ég hafði tæplega komist yfir tilskilið námsefni og farið yfir sumt á hreinu hundavaði og leit því ekki með sérlegri tilhlökkun til prófanna. Bryndís var þaullesin og hlakkaði til prófa alla daga. Hún er að upplagi mikil málamanneskja og hefði áreiðanlega orðið dúx í latínu hefði hún ekki verið dansandi í söngleik á fjöllum Þjóðleikhússins allt þetta vor. Samt hafði hún nægan tíma til að létta undir með sínum veika meðbróður og stappa í hann stálinu. Upplestrardögumum eyddum við aðallega uppi í Heiðmörk – og ekki bara við lestur skólabóka. Við vorum orðin óaðskiljanleg.

Á útskriftarballinu liðum við um í ljúfum dansi. Þá svifu að okkur sjálfur menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, og kona hans, Guðrún Vilmondardóttir. Gylfi samfagnaði okkur með stúdentsprófið og bætti svo við, um leið og þau hjónin svifu á braut: „Þið bætið hvort annað upp.“ Ég sagði Bryndísi að þetta þýddi að hún væri svo fögur, en ég svo hallærislegur. Hún sagði:

„Nei, þetta þýðir að þú sért svo gáfaður, en ég sé svo heimsk.“

Ég sagði henni söguna af því þegar vellaudug leikkona bar upp bónorð við George Bernard Shaw og leiddi honum fyrir sjónir hversu stórkostlegt það væri ef börn af því hjónabandi erfðu fegurð hennar og gáfur hans. Shaw á að hafa sagt á móti: „Hugið þér yður, ef þau skyldu erfa friðleik minn og gáfurnar yðar.“ Við vorum ekki fyrr sest að loknum dansi þegar Gylfi kom aftur upp að hlið okkar og sagði skellihlæjandi: „Krakkar mínir – þið megið ómögulega misskilja mig.“

### Vana menn vantar um borð

Rétt fyrir 17. júní las ég auglýsingu í blaði sem hljóðaði svo:

„Vana menn vantar á togara. Vinsamlegast hafið samband við skipstjóra á Hótel Vík.“

Ég gaf mig fram við skipstjórann, sem reyndist vera harðjagl að vestan, Magnús Gíslason, og var skráður í áhöfnina á *Gerpi*, flaggskipi íslenska flotans sem gert var út frá Norðfirði af útgerð Lúðvíks Jósepsonar sjávarútvegsráðherra. Ástæðan fyrir því að illa gekk að manna *Gerpi* var að áhöfnin hafði að uppistöðu til verið Færeyingar en deilur blossuðu upp um gjaldeyrisyfírfærslur og Færeyingar fengu ekki borgað. Erlendur Patursson, formaður sjómannafélagsins í Þórshöfn og leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar í Færeyjum, kallaði þá sína menn heim. Skipstjórinn var í öngum sínum og vonlítill um að komast á sjó og bað mig um aðstoð við að finna mannskap. Ég fór með skólafélaga og kunningja hvern á fætur öðrum á hans fund. Magnús vinur minn eymdarskrokkur þótti ekki efnilegur en þó talinn nothæfur í pontið. Þegar ég kom með Dag Sigurðarson skáld sagði skipstjórinn hingað og ekki lengra. Seinasti maður sem ég kom um borð var sonur bekkjarbróður Hannibals frá Jonstrups Statsseminarium í Danmörku, Sture Sørensen, sem þá var á fjórða ári í latínu við Kaupmannahafnarháskóla. Hann var skráður sem aðstoðarkokkur.

Enn vantaði þó mikið upp á að skipið væri fullmannað. Þá gerði ég það sem ég held að ég hafi hvorki gert fyrr né síðar, ég færði mér í nyt að vera sonur föður míns. Ég bað um viðtal við félagsmálaráðherra, Hannibal

Valdimarsson, uppi í stjórnarráði. Ég hafði heyrt að sjóarar að vestan væru í afvötnun á drykkjumannahælinu í Gunnarsholti, sem heyrði undir félagsmálaráðuneytið. Erindi mitt við félagsmálaráðherra var að biðja hann að misbeita ráðherravaldi sínu til að útskrifa þessa menn sem síðan yrðu lögskráðir á Gerpi. Hannibal tók erindinu vel og gerði enn betur því hann sendi ráðherrabílinn eftir þeim austur. Þarna sýndi bindindismaðurinn mikla fyrirhyggju því þar með var tryggt að hinir þorstlátu sjóarar kæmst hvergi á krá á leiðinni og rynnu af hólmi áður en um borð var komið. Í millitíðinni hafði skipstjóranum tekist að smala saman strákum frá Norðfirði, þeirra á meðal nokkrum sem áður höfðu migið í saltan sjó.

Loksins taldist skipið fullmannað en skipstjórinn hafði við orð að sjaldan eða aldrei hefði íslenskt skip lagt í veiðiferð með því líkt samsafn af viðvaningum um borð. Þetta reyndist nú samt verða einhver lengsti saltfisktúr sögunnar og smám saman rættist úr mannskapnum.

Við sigldum á Grænland og síðar á Nýfundnalandsmið og vorum með fyrstu skipunum sem þangað leituðu á ný, eftir að Björgvin Bjarnason, bróðir Matthíasar Bjarnasonar, alþingismanns og sjávarútvegsráðherra, hafði stungið af með ísfrska flotann til St. John's á árunum upp úr stríði.

Eftir langa útivist leituðum við hafnar í St. John's, höfuðborg eyjar-skeggja. Það var reyndar fyrsta borgin sem bar fyrir mín augu í útlöndum fyrir utan Færeyingahöfn á Grænlandi. Við þurftum vatn og vistir og einnig þurfti að brynna þyrstum sjóurum með öðru en tankvatninu um borð. Í St. Johns fyrirfannst enginn ræðismaður og þar af leiðandi engin fyrirgreiðsla – og það sem verra var – engir peningar – til þess að skipverjar gætu gert sér gláðan dag. Þetta gátu hetjur hafsins ekki látið bjóða sér og því var gripíð til örþrífaráða. Fyrst seldum við allt sem lauslegt var á dekkinu, flatningshnífa, sjóstakka og vettlinga, og meira að segja armbandsúrinn af sjálfum okkur, í skiptum fyrir rauðvín sem við föluðumst eftir um borð í portúgölskum skonnortum sem þar lágu bundnar við bryggju. Portúgalar hlunnfóru okkur með vatnsblönduðu rauðvínsgutli sem dugði engan veginn til að svala þorsta okkar því hann var mikill. Þar sem ég hafði lykлавöld að búi skipsins greip ég til þess ráðs að stela slatta af skipskostinum og pranga síðan inn á kaupmenn á kajanum. Eitthvað hafðist upp úr þessu krafsi – en ekki nóg. Þá gripum við Maggi til okkar eigin ráða. Hann var sonur fréttastjórans á Ríkisútvarpinu og hafði eitthvað fengist við bláðamennsku. Ég átti að heita ráðherraþingur og þóttist þar að auki vita allt um hafréttarmál og útistöður okkar við Breta.

Á göngu okkar um plássið sáum við allt í einu skilti: St John's Evening News. Við undum okkur inn og buðum viðtal við fréttastjóran um haf-

réttarmál og þorskastríð Íslendinga við Breta. En tókum það fram að við ætludumst til að fá riflega þóknun fyrir svo þýðingarmiklar fréttir. Það varð úr að sjóararnir fengu hvort tveggja, viðtal við sig í blaðinu og þóknun fyrir viðvikið. Þar með vorum við komnir á bragðið. Við þefuðum uppi aðalútvarpsstöðina í plássinu og buðum fram sömu þjónustu með sömu skilmálum. Í þetta skiptið var Magnús kynntur sem sonur fréttastjóra Ríkisútvarpsins en ráðherraasonurinn var kynntur sem sonur Lúðvíks Jós-epssonar sjávarútvegsráðherra. Þetta þótti nógu áhugavert til að verðskulda útvarpsviðtal og greiðslu, eftir að við höfðum útskýrt að ræðismaður Íslands á Nýfundnalandi væri í þýðingarmiklum stjórnarierindum í Ottawa og áhöfn flaggskips íslenska flotans hefði því komið að læstum fjárhirslum þessa daga í St. John's.

Aðspurðir sögðu útvarpsmenn að eini næturklúbburinn á staðnum hét Bella Vista og það væri rétti staðurinn fyrir okkur. Um kvöldið söfnuðum við saman vel völdu liði, einhverjir félagar okkar voru þá þegar sagðir vera komnir í steininn fyrir óspektir á almannafæri, sem sparaði okkur Magga auðvitað nokkur útgjöld. Síðan hélt allur skarinn í leigubílum á Bella Vista þar sem setið var að sumbli langt fram á nótt. Þegar Maggi var kominn í essíð sitt sveif hann upp á svið, þreif hljóðnemann og hóf að flytja lýriska mónólóga upp úr *The Fisherman and His Soul* eftir írsku hástéttarspjátrunginn Oscar Wilde. Maggi virtist lengi vel ekki gera sér grein fyrir því að eftirspurn sjóaranna á kránni eftir finlegum skáldskap Oscars Wildes var takmörkuð, svo ekki sé meira sagt. Þar sem þorstinn var stór en fjársjóðurinn lítill kom á daginn að við áttum ekki fyrir reikningnum. Við því var ekki nema eitt ráð: Mannskapurinn var drifinn fram í eldhús til að vaska upp eftir herlegheitin og borga þannig fyrir sig í fríðu.

Löngu síðar, þegar ég kom aftur til Nýfundnalandis í opinbera heimsókn ásamt forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur, sagði ég þessa sögu í veislu landstjórans, Gordons Wells. Hann hafði engar vöflur á en ók mér og föruneyti mínu í limúsínum og undir lögregluvernd á næturklúbbinn Bella Vista þar sem við heilsuðum upp á framkvæmdastjóran, án þess þó að bjóðast til að vaska upp í það skiptið.

### Sloppið með skrekkinn

Við snerum ekki heim á leið fyrr en í lok september og þá með fullhlaðið skip og fullar hendur fjár. Það var ógleymanleg sjón að sjá á Nýfundnalandsmiðum þrimastráðar portúgalskar skonnortur, seglskip með lítilli hjálparvél, sem stunduðu doriuveiðar út um allt ballarhaf. Doriurnar, flat-

botna smákænur, skiptu tugum um borð í hverju skipi. Einn maður með rauðvínskút og brauðhleif og handfæri var um borð í hverri doríu. Þannig dreifðust þeir um allar trissur og voru stundum í kringum okkur þegar verið var að toga. Það er þokusamt á Nýfundnalandsmiðum og allra veðra von. Sagan segir að ósjaldan hafi menn ekki átt afturkvæmt um borð í móðurskipin og farist um allan sjó í fárviðrum og niðarþoku.

Reyndar var ég minntur á að brugðið getur til beggja vona ef eitthvað er að veðri á þessum slóðum. Verið var að ganga rammlega frá öllu á dekki fyrir stímið af Nýfundnalandsmiðum til Grænlands. Myrkur var skollið á og úfinn sjór. Af einhverjum ástæðum var ég seinastur af dekkinu og álpaðist til að fara bakborðsmegin meðfram brúnni en veðrahamurinn buldi á skipinu á bakborða. Áður en ég næði að forða mér skall brot yfir. Skipið lék á reiðiskjálfi og útsogið var svo öflugt að ég missti handfestu og sogaðist út með flóðinu. Það vildi mér til lífs að ég skorðaðist af við bakhlerann þar sem sjórinn fossaði framhjá, allt í kringum mig, þangað til skipið rétti sig við. Skjálfandi á fótunum tókst mér að neyta færís og skreidast inn í brúna fyrir framan borðsalinn og læsti kirfilega á eftir mér. Næstu mínúturnar hreyfði ég hvorki legg né lið. Ef bakhlerinn hefði ekki bjargað mér hefði enginn orðið til frásagnar um hvað gerðist og þessi saga ekki orðið lengri. Enginn hefði tekið eftir því, fyrr en löngu síðar, að einn úr áhöfninni var horfinn. Skipið var komið á fullt stím og stefndi að Grænlandsströndum. Þegar ég staulaðist loks inn í borðsalinn, fögur og fár, voru félagar mínir flestir sestir að spilum.

Þegar við komum til hafnar í Hafnarfirði, eftir mikið og langt sjóvolk, var eftirvænting í mínum huga, hvort nokkur tæki á móti mér. Þegar við vorum að binda landfestar sá ég virðulegan mann með hatt stíga upp í svartan ráðherrabil ofarlega við bryggjuna og hverfa hljóðlega á braut. En ballerínan stóð fremst á kajanum og tók á móti sjóaranum. Hannibal hafði mætt til að taka á móti mér en dregið sig kurteislega í hlé þegar hann sá að honum var ofaukið.

## KAFLI IV

# Alma Mater: Edinborg

Ég var með fullar hendur fjár eftir lengsta saltfisktúr sögunnar og ferð minni var nú heitið til Edinborgar til að læra til forsætisráðherra. Seinasta veturinn í sjötta bekk hafði ég íhugað hvar best væri að sækja um háskóla-vist. Þá um veturinn hafði birst viðtal í *Þjóðviljanum* við Hermann Pálsson, lektor í íslenskum og keltneskum fræðum við Háskólann í Edinborg. Ég mannaði mig upp í að hringja í hann og hann hvatti mig eindregið til að freista inngöngu í Edinborgarháskóla. Ég hafði áður verið með hugann við London School of Economics. Sá skóli hafði upphaflega verið stofnaður af Sidney og Beatrice Webb sem voru ásamt George Bernard Shaw helstu hugmyndafræðingar Fabian-félagsins (Fabian Society) sem áratugum saman var helsti hugmyndabanki breska Verkamannaflokksins. Ég féllst á þau rök Hermanns að Edinborg kynni að vera viðráðanlegri borg óhörðnuðum unglingi af hjara veraldar og síður líkleg til að glepja hann frá námi en stórborgin.

### Brúðarrán um borð í Gullfossi

Ég hafði bara eitt í huga: Ég ætlaði að læra hagfræði og stjórnmálafræði með einhverju ívafi af heimspeki. Ég hafði veður af því að flestir stjórnmálamenn á Bretlandseyjum sem eitthvað kvað að hefðu stundað nám sem kallað var PPE, það er: *Politics, Philosophy and Economics*. Ég taldi að nám af því tagi væri eins og skraddarasaumað utan um mín áform. Edinborg freistaði mín hins vegar líka af öðrum ástæðum. Gullfoss hélt uppi reglubundnum siglingum þangað, til hafnarborgarinnar Leith. Þar með þóttist ég sjá fyrir að módir mín gæti sent mér almennilegan mat en ég hafði haft spurnir af því að mataræði Skota væri ekki upp á marga fiska. Að lokum valdi ég Edinborg af matarást á móður minni.

Gunnar Norland, sem ég dáði og jafnvel dýrkaði, hafði aðstoðað mig við að ganga frá umsóknum. Það var svo sem ekki til annarra að leita með námsráðgjöf á þeim tíma. Því miður höfðum við ekki upplýsingar um að umsóknir áttu að berast fyrir 1. desember árið áður. Úr því sem komið var fékk ég skólavist sem óreglulegur nemandi. Í því fólst að ég mátti sækja tíma eins og mér sýndist en var ekki heimilt að taka próf. Þetta reyndist að mínum dómi fyrirmyndar fyrirkomulag.

Eftir skamma vist í landi pökkudum við Bryndís niður í ferðatöskur. Við fórum með leynd um borð í Gullfoss og stungum af. Stungum af, segi ég, því nauðsynlegt var að fara huldu höfði. Ég hafði eitthvert veður af því að samdráttur okkar þætti tíðindum sæta í bæjarslúðrinu. Sonur forseta Alþýðusambandsins og dóttir formanns Félags íslenskra stórkaupmanna – heildsalafélagsins – var þetta ekki eins konar „díalektík andstæðnanna“? Þegar við bættist að Bryndís var þekkt sem príma ballerína Þjóðleikhússins og sjálf fegurðardrottning Íslands – mesti kvenkostur á Íslandi og þótt við- ar væri leitað – en af stráknum fór það orð enn að hann væri blóðraudur bolsi, þá var sagan fullkomnuð. Hver veit nema áhyggjufullir foreldrar hefðu reynt að koma í veg fyrir brúðarránið, ef þeir hefðu vitað af því. Ég var á leið til Edinborgar og Bryndís á leið til Sorbonne í París.

Við vorum á þriðja farrými en ýmsir góðborgarar, sem héldu sig betur, vissu af námsmönnum í gripalest og urðu til að bjóða til borðs eða á bar til að stytta okkur stundir. Sigling á Gullfossi var á þessum árum ævintýri líkust og fyrr en varði var Gullfoss lagstur við kajann í Leith. Á móti okkur var tekið með kostum og kynjum af Sigursteini Magnússyni, ræðismanni Íslendinga í Leith og umboðsmanni SIS á staðnum. Án þess að ég hefði um það beðið hafði Hannibal haft veður af brotthlaupinu og haft samband við sinn gamla glímufélaga úr gagnfræðaskólanum á Akureyri. Sigursteinn var mættur, glæsilegur maður, hvítur fyrir hærnum, hávaxinn og höfðinglegur og kom að landganginum í amerískum Buick. Hann ók okkur á „bed and breakfast“ og mælti fyrir um að daginn eftir skyldi ég mæta klukkan tíu á skrifstofu hans í Constitution Street.

Í ljósi þess að í Leith var komið að kveðjuathöfn okkar Bryndísar varð lítið um svefn þá nóttina. Bryndís slepti hins vegar ekki af mér hendinni fyrr en hún var búin að koma mér fyrir hjá hjónum sem tóku stúdentana í húsnæði og fæði. Við höfðum að visu gengið um borgina þvera og endilanga áður en Bryndís fann samastað sem henni þótti við hæfi. Fyrstu orð húsfréjunnar, sem skaut yfir mig skjólshúsi ásamt um tylft annarra stúdentana, voru að „ég væri fremur ljós yfirlitum af eskimóa að vera.“ Blessuð konan átti líka í mesta basli við að bera fram föðurnafn mitt: Mr. Hanni-

balsson tók á sig ýmsar myndir í munni hennar en um það er lauk var hún farin að kalla mig, athugasemdalaust af minni hálfu, Mr. Honeybossom.

Við Bryndís föðmuðumst á brautarstöðinni með tárur áður en hún hélt áfram leið sinni á vit Parísar og vinstri bakkans við Signu. Þar með byrjaði nýtt líf.

Ég mætti til fundar við Sigurstein og fyrsta verk hans var að spyrja hvað ég ætti mikla peninga. Ég hafði fengið yfirfærslu upp á 480 pund sem var bróðurparturinn af togarahýrunni. Það voru meira en tvöföld meðalárslaun í Skotlandi á þeim tíma, enda þóttist ég vera maður með mönnum. Aðgöngumiði að Edinborgarháskóla fyrir veturinn kostaði 16 pund. Sú upphæð hafði að vísu hækkað í 38 pund seinasta veturinn eftir tvær gengisfellningar viðreisnarstjórnarinnar á Íslandi.

Sigursteinn ok limósínunni inn á undurfagurt torg, St. Andrews Square. Þar fórum við inn í grískt hof með marmarasúlum. Menn bugtuðu sig og beygðu fyrir ræðismanninum við anddyrið og síðan lá leiðin inn í hringlaga sal. Sigursteinn gerði boð fyrir háttsettan mann og sagðist þurfa að eiga viðskipti. Að lokum kom kona á staðinn. Ræðismaðurinn kynnti togarajaxlinn fyrir þessari finu frú og sagði mig ætla að opna bankareikning. Ég tók eftir því að dauft bros lék um varir konunnar en engu að síður gekk þetta fram í krafti myndugleika ræðismannsins. Sigursteinn mælti fyrir um að ég ætti að taka út þrjú pund í hverri viku á föstudögum, það myndi duga fyrir nauðþurftum. Þar með kvöddumst við.

Við nánari eftirgrennslan komst ég að því að þetta gullna hof var Seðlabanki Skotlands og þar voru engir menn í viðskiptum. Sigursteinn hafði hins vegar þá hugmynd um Íslendinga að þeir ættu að vera hjá traustum viðskiptastofnunum. Þegar þetta rann upp fyrir mér var ég fljótur að taka út fjársjóðinn digra og koma honum fyrir í venjulegu bankaútibúi, sem voru á öðru hverju götuhorni en kirkja á hinu. Eftir þetta var ekkert að vanbúnaði að taka til óspilltra málanna og snúa sér að náminu.

### Heimildarrit vestrænnar menningar

Námið þennan fyrsta vetur í Edinborg var eins og mér finnst að háskólanám eigi að vera. Edinborgarháskóli var stofnaður árið 1583 og er með elstu lærdómsetrum Bretlands. Kjarni skólans var að mínum dómi firnagott bókasafn sem varð aðalviðverustaður minn. Nemendafjöldinn taldist vera um 7.000 manns. Seinna komst ég að því að um það bil 2.000 voru útlendingar, flestir frá fyrrverandi nýlendum Breta eða samveldislöndum. Skólinn bar þess glögg merki að vera fornt menntasetur. Það fór til dæm-

is ekki framhjá mér að hagfræðideildin var ekki kennd við *economics* heldur hét hún Department of Political Economy – arfleifð frá dögum Adams Smiths. Eðlisfræðideildin var ekki kennd við *physics* heldur hét hún Department of Natural Philosophy.

Fyrsta verk mitt var að ganga á fund námsráðgjafa. Hann útskýrði fyrir mér stöðu mína sem óreglulegs nemanda en vísaði mér hvert ég ætti að leita til að fá námsskrár og bókalista í hinum og þessum greinum. Ég sagði honum að ég vildi læra hagfræði, stjórnmálafræði og heimspeki. Þegar ég nefndi orðið stjórnmálafræði kom vanþóknunarsvipur á andlit hans og hann sagði:

„Er það ekki eitthvert amerískt kjaftasnakk? Við kennum það ekki hér.“

Ég sótti einna helst tíma í námskeiðum í hagfræði fyrir fyrsta árs nema og las mikið af því námsefni en hélt að öðru leyti uppteknum hætti að lesa flest annað en það sem fyrir var sett. Þar sem ég var frjáls andi við þetta mikla menntasetur setti ég saman mína eigin námsáætlun og lestrarskrá. Reyndar kemur mér á óvart, þegar ég lit til baka, hvað ég var skipulagður í vinnubrögðum, þrátt fyrir meinta róttækni og kerfisforakt.

Ég setti saman lista yfir það sem ég þyrfti að lesa til að tileinka mér það helsta úr vestrænni menningu. Af einhverjum ástæðum hafa þessir snjáðu og velktu pappírar varðveist í fórum mínum. Yfirskriftin hljóðar svo: „Heimildarrit vestrænnar menningar.“ Undirkaflarnir eru: Forngríkkir, Endurreisn og mannúðarstefna, trúarbrögð, visindi og þjóðfélag og saga visindanna. Síðan er efninu skipt niður á 18., 19. og 20. öld. Meðal grundvallarrita má nefna *The Greek View of Life* eftir Dickinson, *The Civilisation of the Renaissance in Italy* eftir Burkhardt, *Religion and the Rise of Capitalism* eftir Tawney og *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism* eftir Weber. Ég tek eftir því að *Furstinn* eftir Machiavelli hefur ekki gleymst.

Í hópi 18. aldar höfunda má finna Locke, Montesquieu, Rousseau, Hume og Kant, fyrir utan Adam Smith. Meðal 19. aldar höfunda eru efst á blaði John Stuart Mill, Tocqueville og Bagehot, fyrir utan safnrit um upphaf þjóðernishyggju á 19. öld. Gagnrýni á Marx og hugsun hans er fyrirferðarmikil en í því efni hafa lærimeistarar mínir aðallega verið: Isaiah Berlin: *Karl Marx, His Life and Environment*, Sidney Hook, gyðingur frá New York: *Towards the Understanding of Karl Marx* og C.D.H. Cole: *What Marx Really Meant*. Fyrir utan hagfræðinga eins og Ricardo og Malthus er þarna að finna *Imperialism* eftir Hobson og bók sem mig rámar í að hafi verið forvitnileg: *Darwin, Marx and Wagner* eftir Barzun.

Þegar kemur að 20. öldinni lengist listinn en Russell er þar fyrirferðarmikill: *The Scientific Outlook*, *On Power* og *Theory and Practice of Bols-*



*Uppstrílaður á matrósafötum. Það var mikilvægur atburður í lífi mínu þegar Guðríður amma frá Strandseljum læsti mig milli læra sér og sneiddi af mér gullna reyfið.*



*Guðriður Hafliðadóttir, móður-  
amma mín frá Strandsejlu, og  
Sólveig Ólafsdóttir móðir mín.*



*Með fósturmóður minni Sigríði Maríu  
Jónsdóttur. Vegna veikinda móður minnar  
gekk Sigríður María mér í móðurstað á  
bernskuárum.*



*Dekurdrengur í faðmi móður sinnar: Myndin er  
tekinn „inni í skógi“ en þar átti fjölskyldan  
sumarathvarf í Birkihlíð, skólaseili gagn-  
fræðaskólans á Ísafirði.*



*Þrír bræður fyrir framan húsið á Hrannargötu 3: Ég er í  
miðjunni, Arnór er mér á hægri hönd en Ólafur á vinstri.*



*Foreldrar mínir Sólveig Ólafsdóttir og Hannibal Valdimarsson, með Guðríði systur minni.*



*Frumburður foreldra minna, Arnór, á unglingsárum.*



*Ég man helst ekki eftir Ólafi bróður mínum öðruvísi en sitjandi í stól með hönd undir kinn, djúpt sokkinn í merkar bókmenntir.*



*Í Ögri upplifði ég sjö sælustu sumur bernskunnar. Þarna má líta vikapiltinn í Ögri milli Halldórs Hafliðasonar, sem var verkstjóri okkar strákanna og íþróttaleiðtogi, og Guðmundar Halldórssonar, sem einnig var í fóstri að Ögri.*



*Forhleramaður á Gerpi, sumarið að loknu stúdentsprófi 1958, í lengsta saltfisktúr sögunnar við Grænland og Nýfundnaland.*



*Á síldarplani mannlífsins: Siglufjörður 1956. Ég er í miðjunni með derhúfu og pípu og við hlið mér stendur Elín systir mín, sem kom í heimsókn til Siglufjarðar. Á myndinni má einnig greina bekkjarbræður mína úr MR, þá Magnús Jónsson (vinstra megin við mig) og Ragnar Arnalds lengst til hægri.*



*Nýstúdentinn vorið 1958 með foreldrum sínum, Sólveigu og Hannibal. Telpan á myndinni er Sólveig, dóttir Elínar systur minnar.*



*Rökræður okkar Styrmis Gunnarssonar um það sem máli skiptir í aldarfarinu hafa staðið linnulaust í meira en hálfri öld. Þessa mynd tók ég af honum uppi á Esju árið 1961.*



*Í 5. bekk í MR varð ég að segja mig úr skólanum til þess að deyja ekki úr leiðindum. Ég braut hins vegar odd af oflæti mínu og settist aftur á skólabeck í 6. bekk. Hér erum við bekkjarbræðurnir stúdentsprófsvorið 1958. Ég er í þriðju röð fyrir miðju.*



*Ég gleymi því ekki þegar hún sneri sér við í skólastofunni og brosti til mín þessu afvopnandi brosi sínu sem lýsir upp sólkerfið. Og hér er fegurðardrottningin í náttúruparadisinni í Mývatnssveit sumarið 1962.*



*Ég var við nám í Edinborg en Bryndís í París. Þegar við hittumst um jólin var hún komin sjö mánuði á leið en hafði ekki sagt mér neitt! Hér erum við með frumburðinn, Aldísi, vorið 1959.*



*Við Bryndís að morgni brúðkaupsdagsins 26. september 1959 með Margréti Magnúsdóttur, móðurömmu Bryndísar. Sólveig móðir mín sést lengst til vinstri.*



*Með Aldisi. Fram undan var langur viðskilnaður við hana sem tók mjög á Bryndísi.*



*Brúðarmyndin. Tengdafaðir minn setti mér stólinn fyrir dyrnar og sagði: „Þú ferð ekki fet með hana Bryndísi til útlanda, fyrr en þið eruð gift.“ Ég rétti honum höndina og sagði: „It’s a deal.“*

*hevism*. Þarna er líka að finna Nietzsche: *The Genealogy of Morals* og Sigmund Freud: *Basic Writings* og *Outline of Psychoanalysis*, Toynbee: *A Study of History* og Reinhold Niebuhr, höfund sem ég uppgötvaði á síðum *New Leader: Moral Man and Immoral Society*.

Fyrir utan að sækja tíma og umræðuhópa í hagfræði var þessi lesning ekki síður til þess fallin að vekja andlega uppörvun og hugljómun. Ég sé það núna að hefði ég komist yfir að lesa þetta allt saman gæti ég sennilega talist bærilega menntaður maður.

Þegar ég lit til baka er þetta trúlega skemmtilega tímabilið á skólaferli mínum. Ég leið um í andlegri örvun. Ég vaknaði fyrir allar aldir og hjólaði í skólann. Ég sótti tíma til að finna lyktina af réttunum, uppgötvaði stórkostlegar bókaverslanir og gekk alsæll um græn engi og fögur torg. Nærri því á hverju degi fóru hraðbréf til Sorbonne til að leyfa minni heittelskuðu að njóta þess með mér hvað lifið væri stórkostlegt. Og það var endurgoldið með ilminum af Sorbonne sem barst til baka með póstinum.

### Borgin er byggð á sjö hæðum

Ég ber hlýjar tilfinningar til Edinborgar og Skota eftir fjögurra ára vist með þeim. Edinborg er fegursta borg á Bretlandseyjum eins og þeir vita sem borgina hafa gist. Og hún er meira en það: Hún er ein af helstu gersemmum miðaldaborga í Norður Evrópu, slagar hátt upp í Prag, Kraká og Rígu. Borgin er byggð á sjö hæðum eins og Róm. Edinborgarkastali er miðpunktur borgarinnar þar sem hann gnæfir við himin uppi á háum kletti. Vígirt miðaldaborgin spratt upp í hæðum og lægðum kringum kastalann þar sem aðalgatan var hinn konunglega míla niður High Street.

Skotar hafa löngum eldað grátt silfur við granna sína, Engla, sunnan landamærananna. Hvað eftir annað hafa Skotar þóst þurfa að grípa til vopna til að verja land sitt og sjálfstæði. Þeir hafa unnið marga fræga sigra á vígvöllum en urðu þó að lokum að lúta í lægra haldi gegn ofurefli Englendinga og þýlyndi og óheilindum skoska aðalsins.

Skotar eru stoltir af sögu sinni og mega vera það. Á 18. öld voru menntasetur þeirra í Edinborg, St. Andrews og í Glasgow meðal þeirra fremstu í Evrópu og í heiminum. Þegar menn eins og Adam Smith, höfundur *Audlegðar þjóðanna*, og David Hume, höfundur *A Treatise of Human Nature* og *Rannsóknar á skilningsgáfunni*, gerðu garðinn frægan stóð Edinborg á hátindi frægðar sinnar. Framlag Skota í tækni og vísindum á öld iðnvæðingar var mikið og merkt. En saga Skota greinir líka frá beiskum ósigrum og rangsleitni er varð þjóðinni dýrkeypt. Skoska aðlinum tókst

með lagaklækjum og ofbeldi að sölsa undir sig einkarétt á almenningum í hálöndunum og byggja út fólki en fylla dalina í staðinn af sauðfé og öðrum búsmala. Þá brast á landflótti til Ameríku, Nýja-Sjálands, Ástralíu og Afríku sem lengi vel sá ekki fyrir endann á. Landleysingar og öreigar úr skosku hálöndunum flyktust einnig sem málaliðar í hersveitir breska heimsveldisins sem voru meira að segja notaðar til óhæfuverka til að beygja uppreisnargjarnar þjóðir, eins og frændur þeirra Íra, undir ok ensku krúnunnar. Framferði skoska lénsaðalsins við að sölsa undir sig hina fornhelgu almenninga þjóðarinnar minnir, að því er varðar lagaklækina, á það þegar völdum hópi íslenskra útgerðarmanna var afhent forræði yfir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, fiskimiðunum við Íslandsstrendur, þótt vonir standi til að afleiðingarnar verði ekki eins afdrifaríkar.

Fróðum mönnum telst svo til að um 25 milljónir manna af skoskum uppruna búi nú utan heimalandsins sem hýsir rúmlega 5 milljónir íbúa. Samskipti Skota og norrænna manna á víkingaöld og síðar voru meiri en margur hyggur. Sá sem efast um það ætti að leggja leið sína til Orkneyja og Hjaltlands þar sem sameiginlegur menningararfur norrænna manna og Skota er enn í hávegum hafður. Skoski þjóðernissinnaflokkurinn hefur á stefnuskrá sinni að berjast fyrir endurreistu sjálfstæði Skotlands. Meðal forystumanna flokksins hafa heyrst raddir sem vilja að Skotar rækti betur norræna þáttinn í þjóðaruppruna sínum og hafa jafnvel boðað að sjálfstætt Skotland ætti að leita inngöngu í Norðurlandaráð í likum anda og Eystrasaltsþjóðir gerðu að endurheimtu sjálfstæði.

### Í fóstri hjá Skotum

Edinborg og Skotland hafa á liðnum áratugum fóstorað marga íslenska námsmenn og komið þeim til manns. Á þessum árum (1958–1963, að undanskildu námsárinu 1960–1961) eru þó fljóttaldir þeir námsmenn, sem ég hafði samneyti við. Gisli Gunnarsson nam hagsögu og stjórnmalasögu. Hann stundaði síðan framhaldsnám í Svíþjóð þar sem hann lauk doktorsprófi í sögu einokunarverslunar Dana á Íslandi og gaf út læsilega bók um skylt efni: *Upp er boðið Ísaland*. Gylfi Ásmundsson var að ljúka meistara-prófi í sálarfræði og Þórður Sigurðsson, sem við kölluðum hinn sterka, var að ljúka meistara-prófi í spænsku og spænskum bókmenntum. Hann kenndi síðar lengi vel latínu og fornfræði, auk spænsku og spænskra bókmennta, við MR. Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt og Ingólfur Helgason prófessor stunduðu nám í húsagerðarlist. Vilhjálmur Hjálmarsson er af hinni þekktu Hánefsstaðaætt eystra og vel íþróttum búinn eins og þeir frændur, en Vil-

hjálmur Einarsson, skólameistari og silfurverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Melbourne, er náfrændi hans.

Ingólfur var alinn upp í Hafnarfirði, bróðir Guðrúnar Helgadóttur, rithöfundar og forseta Alþingis. Sem róttækur ungur maður af Íslandi hafði Ingólfur mjög horn í síðu breska heimsveldisins og setti sig ekki úr færi að gagnrýna bresku yfirstéttina, fánýt lífsviðhorf hennar og tilgangleysi í gangverki heimsins. Hann varð hins vegar sá eini okkar sem ílentist í Edinborg, ásamt konu sinni, Þórkötlunni Óskarsdóttur, og er þar prófessor í húsagerðarlist og dægilega breskur í háttum, tilsýndar að minnsta kosti. Reyndar deildi ég íbúð með þeim hjónum einn veturinn; sú íbúð stóð rétt við járnbrautarteina og það var segin saga að lestin sem skrölta framhá með ámatlegum eimpípublæstri klukkan tvö að nóttu gaf til kynna að nú væri nóg lesið og tími til kominn að ganga til náða.

Baldur Simonarson, dósent í lífefnafræði við Háskólann, var samtíða mér seinasta árið. Auk þess vissum við af íslenskum námsmönnum í Glasgow og Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur, dóttursonur Jónasar frá Hriflu, var við St. Andrews. Seinna kom til listnáms í Edinborg Haukur Dór, fyrrverandi járnsmiður sem breyttist í listamann, heljarmenni að burðum og drengur góður. Okkur varð vel til vana. Fyrir kom að þetta lið næði saman og gerði sér glaðan dag á stórhátíðum eins og á fullveldisdegi Íslendinga eða í tilefni af þorablóti.

Bæði Vilhjálmur og Þórður voru kvæntir menn. Þórður var kvæntur Auði Eir Vilhjálmstöttur prest, en Vilhjálmur var kvæntur Borghildi Óskarsdóttur, sem var nemi í leirkerasmið og listmennt. Á þessum árum var fátítt að námsmenn væru kvæntir og reyndar þótti það einsdæmi með Skotum, enda hófu þeir háskólanám yngri en við. Fyrsta árið mitt í Edinborg birtist frétt á forsiðu stúdentablaðsins um að í stúdentaskaranum væri að finna tvenn hjón og voru nefndir til sögunnar David Steele, síðar leiðtogi Frjálslynda flokksins, og Mr. Schram af Íslandi, kvæntur fegurðardrottningu Íslendinga. Ég fyrstist svo við að vera kenndur við ættarnafn minnar heittelskuðu (við vorum reyndar ekki gengin í hjónaband á þessum tíma) að ég hótadi ritstjóranum barsmiðum ef ekki kæmi leiðrétting og afsökunarbeiðni með útskýringum á íslenskum nafngiftum. Þetta hreif og leiðréttingin birtist, eins og krafist var.

### Lenín í andaglasi

Í kennaraliði Háskólans voru á þessum tíma tveir Íslendingar, Hermann Pálsson sem var lektor í íslenskum fræðum, og Páll Árdal, sem var lektor í

heimspeki. Páll Árdal var ættaður frá Siglufirði og náfrænda Þorsteins Hannessonar, óperusöngvara og tónlistarstjóra útvarpsins, sem um skeið söng við Covent Garden. Páll var gæddur ekki síðri söngródd en Þorsteinn frænda hans. Hann á einhverju sinni að hafa lent í þrætubók í samkvæmi við breska siðfræðinginn G.E. More í Oxford sem lauk með því að prófessorinn sagði:

„I don't give a damn about your philosophy; but your voice, your voice, oh my God!“

Og það var hverju orði sannara að Páll var söngvinn og gleðimaður á góðum stundum.

Páll var sérfræðingur í skoska heimspekingnum Hume og doktorsritgerð hans fjallaði um kenningar hans. Páll þótti aðsópsmikill kennari og naut vinsælda meðal nemenda sinna. Hann hafði á sínum tíma verið afburða námsmaður og tók heimspeki sem aukagrein á lokaári sínu. Páll sneri síðan heim til Akureyrar þar sem hann kenndi meðal annars latínu og frönsku við Menntaskólann á Akureyri. Einn góðan veðurdag leit hann yfir hópinn á kennarastofunni og hugsaði með sér: Ef ég sit hér áfram þá verð ég að lokum eins og þessir menn. Þótt hann ætti ekki bót fyrir rassinn á sér, og hefði þegar fyrir fjölskyldu að sjá, sneri hann aftur til Edinborgar og lét ekki staðar numið fyrr en hann hafði lokið doktorsprófi. Páll og Harpa kona hans áttu fjögur börn: Friðu, Maju, Steindór og Grím, sem við íslensku námsmennirnir kynntumst dável sem heimagangar á heimilinu. Páll og Harpa fluttu síðan til Kingston í Ontario í Kanada, og börn þeirra, löngu uppkomin, hafa valið sér búsetu í stórborginni Toronto.

Mér er minnstætt að um páskana, þegar Bryndís var stödd hjá mér, fengum við inni í kjallaranum hjá Páli og Hörpu, ásamt Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi. Á föstudaginn langa voru sálfræðingurinn og Bryndís orðin mjög „andlega þenkjandi“ og ákváðu að lokum að fara í andaglas og drógu mig nauðugan viljugan með. Við sátum í kringum niðþungt eikarborð sem filefldir karlmenn fengu varla bifað. Fljótlega eftir að ég var sestur við borðið kom Lenín í glasið og um leið mikil ókyrrð. Lenín vildi að ég flytti Einari Olgeirssyni þau skilaboð að hann yrði að ganga harðar fram gegn kjarnorkusprengjunni. Ég hafði auðvitað helbera skömm á þessu kukli og krafðist þess að Lenín sannaði sinn „materialisma“ með áþreifanlegum ummerkjum, til dæmis með því að lyfta niðþungu borðinu. Ég hafði varla fyrr sleppt orðinu en borðið lyftist og skall niður með fullum þunga ofan á hnéskeljarnar á mér þannig að ég stakk við næstu daga. Brynjólfur Bjarnason stærði sig af því að vera eini þálfandi Íslendingurinn sem hafði séð og heyrt Lenín í eigin persónu á flokksþingi í Moskvu í byrjun þriðja áratug-

arins. Ég er vonandi sá eini sem hef orðið fyrir barðinu á honum framliðnum.

Hermann Pálsson og Stella Þorbjarnardóttir kona hans voru miklir vinir mínir. Þau hjón höfðu búið í Edinborg í meira en hálfa öld þegar Hermann lést árið 2002. Um miðja seinustu öld gerðist Hermann lektor við Edinborgarháskóla að loknu framhaldsnámi í gelísku og keltneskum fræðum í Dyflinni. Edinborgarháskóli sæmdi hann doktorsnafnbót í bókmenntum árið 1980 en seinustu árin var hann prófessor emeritus við háskólann. Hermann var afkastamikill fræðimaður á sínu fræðasviði og naut viðurkenningar og virðingar starfsbræðra sinna vítt og breitt um veröldina. Hann var brautryðjandi í að rannsaka keltneska þáttinn í þjóðaruppruna Íslendinga og íslenskrar menningar. Hermann var rammur Íslendingur, lifði og hrærðist alla tíð í andrúmslofti íslenskra fornfræða og mennta. Mig grunar að innst inni hafi hugur hans staðið til að lifa og starfa á Íslandi, þótt hann byggi við gott atlæti og góða aðstöðu til rannsókna í sínum fræðum við Edinborgarháskóla. Að minnsta kosti tvisvar sótti hann um embætti við Háskóla Íslands en var hafnað. Þeir sem þar réðu ríkjum höfðu að minnsta kosti framan af horn í síðu Hermanns þar sem sumum þótti hann ekki nægilega handgenginn þeim skandinavisma sem réð ríkjum í íslenskum fræðum við háskólann á þeim tíma. Ef til vill var það gæfa Hermanns sem fræðimanns, þótt römm sé sú taug sem rekka dregur föðurtúna til.

Hermann og Stella voru höfðingjar heim að sækja. Þegar mig þyrsti í að heyra íslenskt mál átti ég til að taka hús á Hermannni. Það var ævinlega jafnskemmtilegt. Við höfðum stundum þann hátt á að fara í orðaleiki sem Hermann útbjó til að reyna á orðaforða manna. Orðgnótt hans var ótæm- andi og leikirnir héldu við íslenskri hugsun í útleðinni.

### Í góðum félagsskap

Eftir að ég hafði náð áttum í Edinborg fór ég að leita mér félagsskapar, sálufélaga, og hafði upp á Socialist Labour Club, stúdentafélagi sem tengdist Verkamannaflokknum. Ég gekk í félagið og var þar með orðinn meðlimur í breska Verkamannaflokknum. Þetta var skrautlegur félagsskapur og skemmtilegur. Langflestir sem þar létu að sér kveða voru útlendingar. Formaðurinn var af armenskum uppruna og þarna var fjöldi námsmanna frá Indlandi, Pakistan, bresku samveldislöndunum í Afríku og frá Karibahafinu, einkum Jamaíka. Eins og ég voru þeir öðrum þræði með hugann bundinn heima, við Ghana og Nígíeríu, Kenýa og Úganda, Ródesíu og Suður-Afríku, fyrir nú utan Indland, Pakistan, Sri Lanka, Malasíu og Singa-

pore. Af þessum mönnum lærði ég sitthvað, ekki sist um það sem ekki var skráð í skólabækur um nýlendustefnu Breta og afleiðingar hennar.

Meðal þeirra sem ég kynntist í þessum félagsskap voru tveir strákar frá Jamaíka, annar var í sálfræði en hinn í dýralækningum. Þetta voru hinir mestu fjörkálfar og söfnuðu stundum saman löndum sínum af báðum kynjum til að létta sér upp úr gráum drunga skoskrar siðavendni og gera sér gláðan dag. Afrikumönnum er edlislægt að tjá heitar tilfinningar með líkamanum í dansi og söng. Í samkvæmum þeirra leið ekki á löngu þar til tónlistin dunaði og eggjaði menn og konur til að tjá lífsgleði sína í taktföstum dansi. Einhverju sinni, þegar Bryndís var samvistum við mig í Edinborg, buðu þessir vinir mínir upp á calypso-dans og gleði fram eftir nóttu í Morningside. Það var eins og Bryndís væri fædd og uppalin á sólríkum ströndum Karibahafsins. Þótt flestar væru þessar stúlkur fæddar með ryðmann og lífsgleðina í blóðinu var engin sem komst í hálfkvisti við ballerínuna mína. Oftar en einu sinni varð ég vitni að því að kynsystur Bryndísar, hvort heldur var frá eyjum Karibahafsins eða hitabeltinu í Afríku, mynduðu hring um hana og klöppuðu og dilluðu sér dátt við að sjá drottningu norðursins dansa með blóðsins heita hraða af meiri galdri og þokka en jafnvel þeim sjálfum var í blóð borið. Þegar við endurguldum gestrisnina með því að bjóða okkar suðrænu bræðrum og systur til sviðaveislu að fornum sið kom á daginn að þau kunnu betur að meta sviðakjamma og súrsaða hrútsþunga og hákarl með brennivíni en hinir siðavöndu Bretar, nágrannar okkar, sem hálf í hvoru ofbauð frumstæður matarsmekkur mörlandans.

Sá sem ég hafði einna mestar mætur á af félögum mínum í Socialist Labour Club hét Nyasi og var frá Nyasalandi, sem nú heitir Malaví. Fas hans og framganga leyndi því ekki að hann var höfðingjasonur. Skoskt heimatrúboð í Nyasalandi hafði snemma komist að raun um að drengurinn væri gæddur miklum námsgáfum og tekið hann upp á sína arma, komið honum í skóla og styrkt til framhaldsnáms. Hann sérhæfði sig í stærðfræðilegri hagfræði og var kominn vel á veg í námi. Hann var fríður maður sýnum, hár og grannur en stæltur og íþróttamannslegur og stertimaður mikill í klæðaburði, ekki sist þegar hann skryddi sig skikkjum ættbálks síns. Hann var auðvitað að læra til forsætisráðherra, eins og fleiri í þessum félagsskap. Löngu seinna hafði ég af því óstaðfestar fréttir að fljótlega eftir að Nyasi sneri heim hefði hann látið lífið í pólitískum átökum í heimalandinu.

Í stúdentafélaginu var sá siður að setja upp einu sinni á ári eins konar gerviþing (*mock parliament*). Umræðuformið var eins og í breska þinginu

þar sem annar hópurinn var í ríkisstjórnarmeirihluta en hinn í stjórnarandstöðu. Ég náði þeim frama að vera aðstoðarfjármálaráðherra fyrir stjórnarandstöðuna.

### Fréttafalsanir fjölmiðla

Fyrsta veturinn minn í Edinborg bar einna hæst í heimsfréttunum sjálfstæðisbaráttu Kýpurbúa gegn bresku nýlendustjórninni á Kýpur undir forystu Makariosar erkibiskups, sem Bretar töldu þá vera hræðilegan hryðjuverkamann, og baráttu mau-mau hreyfingarinnar í Kenýa undir forystu Jomo Kenyatta. Þessir menn áttu auðvitað öflugan stuðningsmannahóp í Socialist Labour Club.

Vinstri stjórnin sem sat á Íslandi, undir forystu Hermanns Jónassonar, var þá að færa út fiskveiðilögsögu Íslendinga í tólf mílur og breski flotinn var sendur á vettvang til að vernda breska togara á veiðum í íslensku lögsögunni. Þar með hófst fyrsta þorskastríðið. Sjálfur hafði ég sumarið áður verið háseti á Gerpi í útgerð Lúðvíks Jósepssonar sjávarútvegsráðherra og þóttist því þekkja til þessara mála, bæði í teoríu og praxis.

Mér fannst lærdómsríkt að fylgjast með því hvernig breskir fjölmiðlar meðhöndluðu fréttir úr þorskastríðinu. Gula pressan breska, en hún er hið daglega fóður milljónanna á Bretlandseyjum, skirrðist ekki við að beita myndfölsunum til að fegra hinn breska málstað. Þór og Týr birtust á forsíðumyndum í nærmynd þar sem þeir sýndust ógnvekjandi í samanburði við litlar breskar freigátur og togara úti við sjóndeildarhringinn. Frásagnir þessara blaða, svo og breska sjónvarpsins, voru í sama stíl. Ég hafði vanist því að heiman að fréttir Ríkisútvarpsins væru mestan part endursögn fréttar frá BBC. Nú kynntist ég því af eigin reynd hvernig sá frétttaflutningur var þegar breskir hagsmunir voru í húfi gagnvart smáþjóð í norðurhöfum. Hvað var þá að segja um hinn hlutlausa breska frétttaflutning annars staðar að úr heiminum, frá Asíu eða Afríku, þar sem meiri breskir hagsmunir voru í húfi? Skyldu frásagnir breskra fjölmiðla af sjálfstæðisbaráttu Indverja, þjóðnýtingu Mosaddeq á oliulindum BP í Íran eða samskiptum breskra nýlendu-yfirvalda við sjálfstæðishreyfingar Afríkubúa vera í sama stíl? Þetta var þörf lexía fyrir lífið og dugði mér líka sem sendiherra í Bandaríkjunum við að meta frétttaflutning bandarískra fjölmiðla af átaka-svæðum vítt og breitt um heiminn, þar sem Bandaríkjamenn þykjast eiga hagsmuna að gæta.

Ég tók þorskastríðið upp í Socialist Labour Club og klúbburinn lýsti yfir eindregnum stuðningi við baráttu Íslendinga gegn breska nýlenduvelðinu.

Sömuleiðis var lýst yfir eindregnum stuðningi við Makaríos og Kenyatta. Kontóristum breska Verkamannaflokksins var loks nóg boðið og Socialist Labour Club var í heilu lagi vísað úr flokknum. Þar með urðum við bara Socialist Club.

### Í anda Múhameðs Alis

Ég hef alltaf haft þörf fyrir að hreyfa mig. Í sveitinni í Ögri stunduðum við strákarnir íþróttir hvenær sem við áttum stund aflögu frá vinnu. Á gagnfræðaskólaárunum vestur á Ísafirði var ég í fimleikaflokki hjá íþróttakennara okkar Ísfirðinga, Bjarna Bachmann, og gekkst upp í því. Hæsta einkunn mín á stúdentsprófi var reyndar í leikfimi.

Einn félagi minna í Edinborg vísaði mér á íþróttaklúbb skólans þar sem hann stundaði hnefaleika. Þangað fór ég með hálfum huga en bjóst við að ég gæti fundið eitthvað annað við mitt hæfi. Þegar þjálfarinn, sem var gamall ólympíumeistari í léttþungavigt árið 1948, hafði látið mannskapinn hita upp með hlaupum og sippuböndum var boxhönskum troðið upp á hendurnar á mér og mér síðan att inn í hringinn. Þar stóð lágvaxinn en snaggaralegur náungi, sem ég frétti síðar að væri frá Malasíu, og sýndi mikla tilbúðni og stæla. Hann var kattliðugur og fullur af sveigjum og fettum og brettum. Það tók mig nokkurn tíma að átta mig á að tilgangurinn var sá að slást. Náunginn kom auðveldlega á mig höggi en þá f auk svo rosalega í mig að ég hjólaði í hann og lamdi hann sundur og saman, æfur af bræði. Þjálfarinn greip til þess ráðs að stöðva leikinn og útskýrði fyrir mér að þetta ætti að vera hnefaleikaæfing en ekki götuslagsmál.

Boxið stundaði ég kappsamlega þrisvar sinnum í viku næstu tvö árin og hafði gaman af. Þarna héngu boxpokar úti um allt og þegar búíð var að hita upp byrjuðu menn á að skeyta skapi sínu á þeim. Síðan voru teknar lotur í boxi. Ég er ekki frá því að ég hafi verið nokkuð efnilegur boxari í mínum þyngdarflokki. Ég var tággrannur en vanur erfiðisvinnu og hafði lengri arma en flestir í mínum þyngdarflokki og þar að auki grimmd og skapsmuni til að hafa gaman af. Ég deildi þessu nýfengna áhugamáli með vini mínum, Páli Árdal. Sameiginlega áttum við okkur átrúnaðargoð í hnefaleikum, skoskan slömmstrák og margfaldan Skotlandsmeistari frá Glasgow, sem hét McTaggart og var ósigrandi á þessum árum.

Ætli þessi reynsla hafi ekki verið kveikjan að ævilangri aðdáun minni á Múhameð Ali sem í mínum huga er mesti íþróttakappi allra tíma. Hann var ekki bara yfirburðaiþróttamaður, hann var yfirburðamaður. Aðdáendaklúbbur hans er sá eini sem ég kannast við að vera í. Í augum þeldökkra

Bandaríkjamanna var þessi ungi og ósigrandi drengur tákn þeirra tíma þegar þeldökkir loksins hristu af sér hlekkina í jafnréttisbaráttunni á sjöunda áratugnum og síðan undir forystu mikilmennisins Martins Luthers Kings. Það er erfitt fyrir venjulegt fólk að skilja örlög og hlutskipti afkomenda hinna svörtu þræla í Ameríku hvíta mannsins. Faðir Jesse Jacksons bardist í seinni himsstyrjöldinni við aría Hitlers í hersveit sem var eingöngu skipuð svörtum mönnum. Það var ekki fyrr en að stríðinu loknu sem Truman Bandaríkjaforseti gaf út tilskipun um afnám kynþáttaaðskilnaðar í bandaríska hernum. Þegar hinar sigursælu stríðshetjur sneru heim voru þær hylltar eitt augnablik uppi á palli í Central Park í New York. Þegar þær stigu niður af pallinum var þeim synjað um afgreiðslu í verslunum og útilokaðar í neðanjarðarlestinni, nema í sérstökum gripaflutningaklefum sem þeim voru ætlaðir. Hitler virtist þrátt fyrir allt ekki hafa tapað stríðinu.

Colin Powell, fyrrum æðsti yfirmaður Bandaríkjahers og núverandi utanríkisráðherra, segir frá því að þegar hann kom til Birmingham í Alabama að vitja unnustu sinnar, í fullum skrúða bandaríks hermanns og með heiðursmerki í barminum, eftir vasklega frammistöðu í „skítuga stríðinu“ í Víetnam, var honum bannað að bjóða unnustu sinni í bió og fékk ekki einu sinni afgreidda pylsu í gegnum lúgu.

Þessir menn voru nógu góðir til að berjast fyrir Ameríku og til að deyja fyrir Ameríku; en ekki nógu góðir til að lifa í Ameríku eins og menn. Er til betri aðferð til að ala upp glæpamenn?

Eftir því sem frægð Alis í hringnum fór víðar þeim mun harðar reyndi kerfið að þagga niður í honum. Það átti að neyða hann til herþjónustu í Víetnam. Allt varð vitlaust þegar hann lýsti því yfir að svartu maðurinn ætti ekkert erindi til Asíu til að drepa gula manninn, í nafni hvíta mannsins sem ennþá leit á svarta manninn sem ómálga húsdýr. Maður sem kom með slíkar yfirlýsingar var talinn best geymdur bak við lás og slá, þótt hvítir yfirstéttardrengir fyndu ótal undankomuleiðir frá herkvaðningu svo lítið bæri á. Ali stóð einn gegn kerfinu en hafði betur, jafnt utan hringsins sem innan.

Bardagi aldarinnar milli George Foremans og Múhameds Alis fór fram árið 1974 í Kinshasa í Zaire, landi Patreks Lumumba, sem útsendarar leyniþjónustu vesturveldanna tóku af lífi án dóms og laga til að tryggja hagsmuni sína í demantabransanum. Bardaginn er ógleymanlegur atburður. Foreman stóð á hátindi frægðar sinnar og hafði reynst ósigrandi í hringnum. Hann var í toppþjálfun, þunghöggur og ógnvænlegur. Bestu ár Alis voru að baki og þjálfun hans var ábótavant. Hinn iðilfagri unglíngur sem hafði „dansað eins og fiðrildi og stungið eins og býfluga“ mátti muna sinn fifil fegri.

Við, aðdáendur Alis, biðum með öndina í hálsinum og milli vonar og ótta. Þegar stóra stundin rann upp virtist ekkert geta stöðvað hið hundgrimma villidýr, George Foreman, ekki einu sinni frægðarljómi mesta boxara allra tíma.

Fyrstu loturnar hraktist Ali – hann dansaði ekki lengur – undan villidýrinu; það eina sem reyndi á var þrek hans til að þola refsingu, linnulaust og miskunnarlaust. En smám saman fórum við að vona að þótt átrúnaðargoð okkar væri þrotið að kröftum vissi hann samt allan tímann hvað hann væri að gera. Þegar Foreman settist eftir sjöttu lotuna var hann með sigurbros á vör; hann var orðinn kærulaus. Fyrir upphaf sjöundu lotunnar lýstu myndavélarnar beint í augu Alis. Hann hafði tapað hverri einustu lotu fram að þessu; hafði varla unnið stig; en augun lýstu samt ekki örvæntingu heldur óhagganlegri ákvörðun: Hann mundi aldrei, aldrei gefast upp.

Það var nýr maður, sem minnti okkur á gamla goðið, sem byrjaði sjöundu lotuna. Hann vék sér fimlegar undan höggum andstæðingsins en áður og endurgalt komplimentin einu sinni eða tvisvar. Og svo kom það: Andvaraleysi Foremans í eina sekúndu og hægri hönd Alis laust niður eins og eldingu af hinnum sem lýsti af réttlæti Guðs reiðinnar. Villidýrið lá fyrir fótum gamla meistarans og var talið út. Milljónir manna um heim allan spruttu á því augnabliki á fætur, dansandi villtan stríðsdans og siguröskrin bergmáluðu um Afriku og allan heiminn. Í þeim hópi vorum við Glúmur sonur minn; við föðmuðumst og grétum á víxl. Réttlætinu hafði verið fullnægt.

### Háski nektarinnar

Ég hafði vanist því úr vesturbænum í Reykjavík að stunda sund og fór fljótlega að leita fyrir mér hvort ekki væri sundlaug í borginni. Eftir langa leit fann ég sundlaug í einu helsta fátækrahverfi borgarinnar. Þar var allt sóðalegt og subbulegt og kolsvart því vatnið var hitað upp með kolum. Þegar ég mætti á staðinn í fyrsta sinn hugdist ég fara að eins og við erum vön, afklæddi mig og vildi fara í sturtu áður en ég færi í laugina. Nekt mín vakti uppnám í sturtuklefum. Ég var þegar í stað tekinn höndum og menn höfðu uppi stór orð um að ég hefði gerst sekur um glæpsamlegt athæfi sem þeir kölluðu „indecent exposure“. Ég slapp þó með skrekkinn og komst út í laugina. Þá brá svo við að henni var tvískipt með rammgerðum hlöðnum vegg og var gaddavír uppi á og glerbrot ofan á veggnum, sem átti að aðskilja karla og konur. Þó laugin væri ekki kræsileg stundaði ég hana samt nokkuð.

Þessi sundlaugarreynsla segir nokkuð um hina kalvínisku hefð Skota og

háskanektarinnar. Nokkrum árum seinna, þegar ég var við nám í Stokk-hólmi varð, ég fyrir þveröfugri reynslu. Þar sótti ég baðhús sem er frægt í sögnum Þórbergs, sem kom þar forðum daga. Þá brá svo við að ég var aftur tekinn höndum en þá fyrir þá ósvinnu að vera í skýlu í lauginni því þar voru allir naktir. Segir þetta sína sögu um framúrstefnuleg viðhorf Svía.

### Skosk þjóðernishyggja

Á námsárum mínum í Edinborg reyndi ég eftir föngum að fylgjast með breskum stjórnmálum. Ég las *Manchester Guardian* á hverjum morgni auk þess sem ég hélt uppteknum hætti, að lesa *The New Statesman* og *The Economist*. Þessu til viðbótar las ég *The Scotsman* til að fylgjast með því sem var að gerast í skoskum stjórnmálum og menningarlífi. Það getur vafist fyrir þeim sem ekki hafa búið á Bretlandseyjum eða þekkja þar þeim mun betur til að átta sig á að hið sameinada konungdæmi (The United Kingdom), eins og ríkið kynnir sig formlega á alþjóðlegum vettvangi, samanstendur af ólíkum þjóðum sem jafnvel skilgreina sig fyrst og fremst í andstöðu við herrabjóðina, Englendinga. Skotar og Walesbúar líta á sjálfa sig sem sérstakar þjóðir og láta sig dreyma um heimastjórn eða jafnvel endurreist sjálfstæði.

Ytri tákn skoskrar þjóðernishyggju blasa við á hverju götuhorni og í daglegu lífi. Sérstakur skoskur fáni, eigin seðlaprentun, skotapilsin og sekkjapípan. Á námsárum mínum með Skotum virkaði þessi þjóðernisgorgeir einatt á mig sem uppbót fyrir eða yfirbreiðsla á þá staðreynd að Skotland var ensk hjálenda. Einstaka sinnum fékk maður þó að kenna á því að Skotar geta verið hörundsárir gagnvart þeim sem ekki virða sjálfstætt þjóðerni þeirra. Ég var um skeið áskrifandi að *Þjóðviljanum* og fékk hann sendan með póstinum í vikuslumpum. Allt í einu hætti málgagnið að berast með póstinum. Þegar ég fann að þessu var mér sýnd utanáskriftin á blaðabunkunum. Þar stóð að viðtakandinn væri Hannibalsson, Edinborg, Englandi. Og pósthúsið tilkynnti mér með iskaldri kurteisi að pósthjónustan vissi ekki hvar þessi Edinborg á Englandi væri og gæti því ekki komið svona póstsendingu til skila.

Löngu seinna, þegar ég var orðinn formaður Alþýðuflokksins, hafði gamall skólafélagi samband við mig og bauð mér að flytja erindi á landsfundi Skoska þjóðernisflokkans (The Scottish Nationalist Party) í Glasgow. Ég gat ekki staðist þá freistingu að fá tækifæri til að heimsækja „Old Glasgie“ á ný því að þaðan átti ég góðar minningar.

Ég lagði út af því sem Skotar og Íslendingar og aðrar Norðurlandabjód-

ir eiga sameiginlegt í sögu sinni og hvatti til þess að Skotar legðu meiri rækt við þessa arfleifð þjóðarsögu sinnar. Norræni þátturinn í þjóðararfleifð Skota er þeim reyndar ekki með öllu ókunnur. Það er ekki hvað síst að þakka Magnúsi Magnússyni (syni Sigursteins Magnússonar ræðismanns) sem hefur verið óþreytandi að rifja upp þennan þátt þjóðarsögunnar fyrir skoskum almenningi á undanförunum áratugum. Magnús er einn þekktasti fjölmiðla- og blaðamaður Skota, viðkunnur úr sjónvarpi þar sem hann stjórnaði löngum hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Master Mind. Þessu fylgdi hann eftir með þýðingum á Íslendingasögum, ásamt dr. Hermanni Pálssyni, sem hafa verið gefnar út í allstórum upplögum af Penguin Classics. Magnús hefur skrifað mikið um vikingaöld á Bretlandseyjum, auk þess sem hann fer vítt og breitt um Skotland á mannfagnaði þar sem hann kynnir þessi hugðarefni sín. Magnús er reyndar einhver eftirminnilegasti samkvæmisræðumaður sem ég hef heyrt í og hefur reynst óviðjafnanlegur sendiherra íslenskrar menningar á Bretlandseyjum. Stúdentar við Edinborgarháskóla veittu Magnúsi verðuga viðurkenningu þegar þeir kusu hann rektor háskólans, skömmu eftir mína tíð þar.

### Af þjóðhetjum og umbótamönnum

Ég lagði mig eftir því að kynna mér sögu breska Verkamannaflokksins og verkalyðshreyfingarinnar og fylgdist með málflutningi og stefnumótun flokksleiðtoganna í fjölmiðlum. Fyrir kosningarnar 1959 lagði ég það á mig að fara í lest alla leið til Sheffield til að upplifa kosningafund með þáverandi átrúnaðargóði mínu, Aneurin Bevan. Hann var upphaflega kolanámaður frá Wales og mesti órator breska þingsins á árunum eftir seinna stríð – að sjálfum Churchill ekki undanskildum.

Ég varð ekki fyrir vonbrigðum af því að heyra Bevan í kosningaham. Hann var sterkur persónuleiki og talaði tungumál hlaðið líkingum og dæmisögum og hafði áheyrendaskarann fullkomlega á valdi sínu eins og konsertmeistari sem með tónsprotu sínum galdrar fram völdugan samhljóm frá hljóðfæraleikurunum. Hópur ungra íhaldsmanna (*the Blue Boys*) – eða Heimdallarskrill, eins og við myndum orða það – gerði hróp að ræðumanni og reyndi með frammiköllum að láta honum fatast listatökin. En órator af Guðs náð eins og Bevan var, og þar að auki með áratuga þjálfun í þeim pólitíska skylmingaleik sem stundaður er í neðri málstofunni, House of Commons, færðist allur í aukana, henti spjótalögin á lofti og endursendi með háðsglósum og snjallyrðum sem undantekningarlaust hittu í mark. Það er mín reynsla að breskir stjórnmálamenn af þessum skóla skara

fram úr kollegum sínum með öðrum þjóðum í þessari tegund mælskulistar.

Vendipunkturinn í sögu Verkamannaflokksins á síðustu öld var óvæntur og yfirþyrmandi sigur þeirra yfir þjóðhetju Breta og bjargvætti úr seinni heimsstyrjöldinni, Winston Churchill, í fyrstu þingkosningunum að stríði loknu árið 1945. Sumir nefna þessi kosningaúrslit enn í dag sem dæmi um vanþakklæti illa upplýstra kjósenda í garð mesta pólitíska mikilmennis breskrar sögu. Aðrir nefna sömu kosningaúrslit sem dæmi um lýðræðisþroska breskra kjósenda sem hikuðu ekki við að steypa mikilmenninu af stalli þegar hlutverki þess var lokið. Churchill hafði unnið stríðið en breskir kjósendur höfðu ekki gleymt hörmulegri reynslu af óstjórn breska Íhaldsflokksins á millistríðsárunum og treystu Clement Atlee til að vinna friðinn. Ríkisstjórn Atlees lagði grundvöll að breska velferðarríkinu eins og við þekkjum það enn í dag. Hún kom á miðstýrðu kerfi sjúkra- og heilbrigðistrygginga sem byggðist á þeirri grundvallarreglu að öllum, án tillits til efnahags, var tryggð heilbrigðisþjónusta sem kostuð var af skattfé. Þetta var bylting í bresku þjóðlífi. Þrátt fyrir langa valdatíð breska Íhaldsflokksins á seinni hluta tuttugustu aldar, þar með talið frjálshyggjutímabil járnfrúarinnar, hafa íhaldsmenn ekki treyst sér til að snúa klukkunni til baka þótt þeir hafi reynt að narta utan í kerfið á stöku stað.

Þessari tímamótastjórn Verkamannaflokksins í breskri stjórn málasögu voru hins vegar afar mislagðar hendur um stjórn efnahagsmála þar sem leiðtogarnir létu stjórnast af úreltum hugmyndum liðins tíma og hafði greinilega láðst að lesa hagfræðinginn Keynes sér til skilningsauka. Þeir þjóðnýttu hvern atvinnuvegin á fætur öðrum (kol og stál, rafmagn, gas, járnbrautir og samgöngukerfi og fleira). Reynslan átti eftir að sýna að þarna skjátlaðist þeim. Þessar röngu ákvarðanir drógu langan slóða á eftir sér og áttu stóran þátt í því fram eftir öldinni að breskir kjósendur treystu Verkamannaflokknum illa fyrir stjórn efnahagsmála. Það var ekki fyrr en Íhaldsflokkurinn hafði sjálfur misboðið kjósendum með slægri stjórnun og lélegum hagstjórnarárangri sem Wilson, sem var leiðtogi Verkamannaflokksins lengst af á minni tíð á Bretlandseyjum, fékk sin tækifæri.

Þrátt fyrir óvenjulega hæfileika mistókst Wilson og arftaka hans, Callaghan, að hrinda í framkvæmd þeim kerfisumbótum sem Bretland augljóslega þarfnaðist með þeim afleiðingum að Járnfrúin komst til valda og tók af þeim ómakið. Verkamannaflokkurinn var því lengst af á tuttugustu öld dæmdur til stjórnarandstöðu. Segja má að breski Íhaldsflokkurinn hafi verið nær óslitið við völd frá því fyrir fyrra stríð, með stuttum hléum, fram undir lok aldarinnar þegar Tony Blair loksins rétti hlut Verkamannaflokks-

ins og gerði hann stjórnhæfan á ný. Stóru nöfnin í sögu Verkamannaflokksins eru því Atlee, Wilson og Blair (sem reyndar var tíu ára snáði í Edinborg um það leyti sem ég var að ljúka þar námi).

### Arfleifð heimsveldisins

Það fór ekki framhjá mér að breskt þjóðlíf bar þess menjar að Stóra-Bretland hafði verið hervætt heimsveldi öldum saman undir forræði öflugrar yfirstéttar sem réð lögum og lofum í þjóðfélaginu. Afleiðingin var svo rígskorðuð stéttaskipting að hennar sér óviða jafnaugljós dæmi annars staðar í Evrópu. Yfirstéttin talar ekki einu sinni sama tungumálið og öreigalyðurinn og á þó svo að heita að báðir þjóðfélagshóparnir tali ensku. Samt getur það vafist fyrir breskum yfirstéttarmanni enn í dag, hvað þá heldur útlendingi, að skilja kolanámumanninn frá Yorkshire eða hafnarverkamanninn í Hull, svo ekki sé talað um útkjálkabúana við strendur Skotlands eða í afdölum Wales. Hafnarverkamenn í Leith bera þess sýnileg merki að þeir hafa alist upp mann fram af manni og kynslóð eftir kynslóð sem kaghýdd undirstétt. Lágvaxnir, jafnvel vannærðir, ómenntaðir og málhaltir. Þetta er arfleifð heimsveldisins þar sem sólin settist aldrei heldur varpaði frægðarljóma yfir landvinninga heimsvaldasinna af breskri yfirstétt í öllum heimsálfum. Fyrir utan það að breski flotinn réð heimshöfunum í nafni *Pax Britannica*.

Breska Verkamannaflokknum hefur reynst ofviða að bæta fyrir misgerðir fortíðarinnar gagnvart breskum almenningi sem lýsa sér í því að þar búa enn í dag tvær þjóðir: Efnuð og vel menntuð yfirstétt og ómenntuð undirstétt sem á sér takmarkaða framtíðarmöguleika í þjóðfélagi sem velur syni og dætur forréttindastéttarinnar til framhaldsnáms og menntunar en lokar dyrum sínum að mestu fyrir hinum sem tala ekki mál yfirstéttarinnar.

Meira að segja mér, sem alinn var upp í litlu fiskiþorpi á hjara veraldar, brá í brún þegar ég kynntist því hversu fátækir Skotar raunverulega voru þegar litið var til lífskjara og afkomu almennings í landinu. Fátæktin þreifst við hliðina á erfðaaudi yfirstéttarinnar sem lét aka sér í Rolls Royce og Bentley á golfvellina og umgekkst undirstéttina af meðfæddum hroka. Þetta var þó lýðurinn sem hafði lagt lífið í sölnar á vigvöllum heimsveldisins, þótt hann þætti aldrei samkvæmishæfur *on the playing fields of Eaton*.

## Bækur sem breyttu lífinu

Eftir á að hyggja má undarlegt heita að enginn kennara minna í hagfræði við háskólann í Edinborg skuli hafa reynst mér eftirminnilegur. Engir þeirra voru höfundar bóka í fræðum sínum svo ég viti, utan einn: Alan T. Peacock, sem samdi við annan mann handbók í þjóðhagsreikningum, sem eðli málsins samkvæmt getur tæplega talist innblásið rit. Ekki svo að skilja að þeim hafi verið alls varnað. Sá sem stýrði vikulegum umræðuhópum um sögu iðnbyltingarinnar var liflegur náungi frá Dyflinni sem hafði húmorinn í lagi eins og landar hans margir. Í fyrsta tímanum gekk hann á röðina og spurði hvern og einn hvort þeir hefðu lesið nokkra sögu áður og þá um hvaða efni eða tímabil. Svörin báru það með sér að sumir höfðu verið í klassískum skólum og lesið um Hellas og Róm; aðrir höfðu lesið um sögu breska heimsveldisins; enn aðrir, með spænskan bakgrunn, höfðu lesið nýlendusögu Spánverja í Suður-Ameríku. Þegar röðin kom að mér var enskan mér ekki tamari á tungu en svo að ég þýddi orðrétt af íslensku það sem ég vildi sagt hafa: Að ég hefði lesið Íslandssögu og almenna mannkynsögu, „general history of mankind“. Það skipti engum togum að Írinn spratt upp úr sæti sínu og vísaði mér með leikrænni handhreyfingu að setjast í kennarastólinn – um leið og hann bætti við:

„Þú ert maðurinn sem við höfum verið að biða eftir alla tíð; gjörðu svo vel og taktu nú við.“

Ég man líka eftir tveimur kennurum úr öðrum og óskyldum greinum sem með andlegu fjöri og hugkvæmni vöktu áhuga minn á fræðum sínum. Annar þeirra kenndi námsgrein með löngu nafni, samanburðarstjórnlagafræði (comparative constitutions). Þessi kennari hafði stundað framhaldsnám við Yale og var sérfræðingur í bandarísku stjórnarskránni og þeirri heimspeki sem að baki hennar bjó. Undir handleiðslu hans kynntumst við höfundum stjórnarskrárinnar og feðrum bandaríska lýðveldisins, mönnum eins og Jefferson, Madison, Hamilton, Adams og Benjamin Franklin – fyrir utan Tocqueville, franska menntamanninn sem skrifað hefur öllum öðrum betur um tilverugrundvöll lýðræðis í hinum ungu lýðveldum Ameríku. Við lærðum um hina þrálátu togstreitu sem innbyggð er í bandaríska stjórnkerfið, milli þeirra sem aðhylltust öflugt miðstjórnarvald alríkisstjórnarinnar (Hamilton) og hinna, sem vildu færa öll völd til fylkjanna (Jefferson). Einnig var það fyrrverandi marxista nokkur uppgötvun að átta sig á því að bandaríska byltingin var ef til vill eina byltingin sem hefur heppnast í heiminum.

Hinn kennarinn kenndi nútímabókmenntir, enskar og amerískar, en ég tók það námskeið að eigin vali af hreinum áhuga á umræðuefnunum. Þarna var verið að fást við ensk-bandarískan skáldskap. Ég reyndi að sannfæra þennan innblásna kennara um að Steinn Steinarr væri meira skáld en T.S. Eliot. Kennarinn tók mig á orðinu og skipaði mér að mæta í tíma með eigin þýðingu á völdum köflum úr *Timanum og vatninu*. Þótt ég hafi leitað að því handriti dyrum og dyngjum hefur það enn ekki komið í leitirnar. Kannski þetta glataða handrit hafi þar með forðað mannorði mínu frá alvarlegum álitshnekki í augum bókmenntaunnenda.

Ég sé af bókasafni mínu að mér hefur greinilega ekki verið peninga vant til bókakaupa því stofninn í safninu er frá þessum árum. Þar er mikið af bókum sem fjalla á gagnrýninn hátt um marxismann, markaðskerfið og velferðarríkið og gríðarlegur stafli bóka um Sovétríkin, Austur-Evrópu og martröð kommúnismans. Ég las til dæmis á þessum árum ítarlega bók eftir Robert Conquest um ógnarstjórn Rússa í Eystrasaltslöndum, sem varð mér minnisstæð og kom upp í hugann seinna.

Það er eitt að lesa urmúl af bókum og annað að lesa bækur sem eru nokkurs virði. Sannleikurinn er sá að margar þær bækur sem framleiddar eru í heiminum eru einungis hluti af akademískum framaferli höfundarins. Bækurnar sem raunverulega kafa djúpt í tilveruna og hafa varanleg áhrif eru ekki margar í samtíma okkar. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvaða bækur það eru sem raunverulega breyttu hugsun minni, viðhorfum og þar með lífinu. Ég vil nefna þrjár bækur sem umfram aðrar reyndust mér uppspretta þekkingar og aflvaki hugmynda.

### J.M. Keynes: Hagfræðikenning handa krötum

Til er frásögn af því þegar stærðfræðiséníið Max Planck, sem fann upp skammtafræðina, og hagfræðingurinn John Maynard Keynes, sem umbylti hagfræðihugsun seinni kynslóða, sátu að spjalli í Cambridge. Í samtalinu trúði Planck Keynes fyrir því að hann hefði á yngri árum velt því fyrir sér að leggja fyrir sig hagfræði, en komist að þeirri niðurstöðu að hún væri of erfið. Þegar Keynes endurtók söguna við kunningja sinn sagði kunninginn:

„Það er skrýtið, Bertrand Russell sagði mér það sama um daginn; hann hafði velt því fyrir sér að fara í hagfræði – en komist að þeirri niðurstöðu að hún væri of auðveld.“

Árið 1936 gaf Keynes út bók sem breytti aldarfarinu. Hún heitir löngu og fráhrindandi nafni: *Altæka kenningin um atvinnustig, vexti og peninga*. Með bókinni sneri hann rétttrúnaði viðtekinnar hagstjórnarvísu á haus.

Samkvæmt rétttrúnaðinum myndi hagkerfið ævinlega leita jafnvægis við fulla nýtingu framleiðslubátta fyrir tilverknad hinnar ósýnilegu handar markaðarins, framboðs og eftirspurnar. Íhlutun í framgang markaðslögmála væri því ævinlega af hinu illa. Ríkisstjórnir ættu að láta markaðinn afskiptalausán því að afskipti þeirra – jafnvel á samdráttartímum – gerðu aðeins illt verra. Kerfið væri sjálfvirkt. Fávísir pólitíkusar, sem færu að fikta í hinum fingerða stillibúnaði hagkerfisins, væru vísir til þess að skemma, ef ekki eyðileggja gangvirkið.

Hagfræðingar höfðu lengi brotið heilann um skýringar á þeirri sögulegu staðreynd að gangverk markaðskerfisins virtist ganga í rykkjum og skrykkjum; vaxtarskeið skiptust á við samdráttarskeið; uppsveifla endaði í niðursveiflu; harðæri tók við af góðæri – án þess að hinir lærdustu menn gætu verið á eitt sáttir um hvar skýringarinnar væri að leita. Fyrst í stað héldu menn að þetta endurspegladi mannlegt eðli. Maðurinn fædist, dafnar, þroskast, hnignar og gengur loks aftur í barndóm. Og óviðráðanlegar geðsveiflur virðast tröllríða mannskepnunni: Menn geta verið fullir bjartsýni og framkvæmdagleði aðra stundina en þjakaðir af þunglyndi og bölmóði hina – og jafnvel sokkið á bólakaf í örvæntingu og úrræðaleysi. Spakvitirir menn töldu að efnahagslífið endurspegladi mannlífið og við því væri nánast ekkert að gera. Allavega ráðlögðu þeir ekki lyfjagjöf. Enn öðrum hagfræðingum þótti sem kerlingabækur af þessu tagi væru fyrir neðan virðingu vísindamanna og leitundu skýringa utan við hagkerfið. Jevons fann til dæmis upp sólblettakenninguna því hann komst að því að hagsveiflan virtist ríma við tíðni sólbletta. Þetta þótti fin kenning þangað til það uppgötvaðist að tíðni sólbletta hafði verið vitlaust reiknuð.

Heimskreppan mikla, sem stóð fjórða áratuginn, hófst með kauphallarhruni í New York 1929 og hún virtist engan enda ætla að taka. Þjóðartekjur Bandaríkjamanna hrundu um meira en helming á þremur árum. Þegar kom fram á árið 1933 virtist framleiðsluvélin hafa brætt úr sér og bandaríska þjóðin var nánast lömuð. *Brother can you spare a dime?* hafði komið í stadinn fyrir þjóðsönginn. Meira en helmingur tekna þjóðarinnar frá því fjórum árum fyrr virtust hafa þurrkast út. Lífskjörin höfðu að meðaltali hrunið svo að þau voru engu betri en tveimur áratugum fyrr. Raðir atvinnuleysingjanna lengdust stöðugt. Aðeins fjórum árum áður höfðu Bandaríkjamenn trúað á hinn ameríska draum, nefnilega að allir gætu orðið ríkir með því að spila í kauphöllinni. Draumurinn hafði snúist upp í martröð.

### „Ósýnilega höndin“ í fatla

Hvað var að? Hvað var að í hinum sjálfvirka búnaði sem átti að tryggja að hagkerfið leitaði aftur jafnvægis við fulla nýtingu framleiðslutækjanna? Hvar var hin ósýnilega hönd markaðarins sem átti að finna öllum vinnufúsum höndum verk að vinna? Hagfræðingarnir fóru með sínar formúlur. Formúlan var svona:  $Y$  (þjóðartekjur) =  $C$  (neysla) +  $F$  (fjárfesting) +  $S$  (sparnaður). Þessar einföldu hagstærðir hlytu, fyrr en síðar, að leita jafnvægis. Fjárfestingin var aflvaki kerfisins. Það mátti treysta kapitalistunum til að fjárfesta ef ný tækifæri byðust og vonin um hagnað keyrði þá áfram. Eftirspurnin átti að ráðast af stærð markaðarins. Ef eftirspurnin var nóg mátti treysta kapitalistunum til að fjárfesta og framleiða. Og ekki vantaði eftirspurnina, eða hvað? Fólk vantaði allt til alls, vinnu, tekjur, fæði og klæði og í það óendanlega. En þarna erum við farin að nálgast kjarna málsins. Kapitalisminn er ekki til að sinna mannlegum þörfum – enda eru þær óendanlegar. Milljarður fátæklinga í Kína gæti þess vegna allt eins búið á tunglinu. Ef þeir hafa ekki peninga til að kaupa mælast þeirra mannlegu þarfir ekki í reikningshaldi fyrirtækjanna. Það sem skiptir máli er eftirspurn studd kaupgetu í beinhörðum peningum. Það var það sem var að. En samkvæmt kenningunni átti óvirkur sparnaður að hlaðast upp þegar fjárfestingin hrundi. Þarna átti hin ósýnilega hönd að láta að sér kveða á peningamörkuðunum. Allar vörur hafa verð og verð peninga heitir vextir. Offramboð á sparnaði átti að þýða lága vexti. Lágir vextir áttu að hvetja kapitalista til að fjárfesta á ný. Þannig myndi lögmálið um framboð og eftirspurn að lokum lyfta hagkerfinu upp úr öldudalnum og hjól atvinnulífsins færu að snúast á ný. Gallinn var bara sá að hagkerfið virtist ekki starfa eftir formúlunni. Hagfræðingarnir fóru með særingaþulur sínar, hókus þókus – en ekkert gerðist.

Það var í þessu sem Keynes kom auga á það sem öllum öðrum hafði yfirsétt. Og eins og alltaf þegar um er að ræða snjallar hugmyndir í vísindum þá er þetta einföld hugmynd. Stóru stundirnar í lífi vísindamanna eru þegar þeir gera uppgötvun sem er svo einföld og auðskilin, þegar hún hefur verið útskýrð, að allir fyllast hugljómun. Að okkur skyldi ekki hafa dottid þetta í hug fyrr! Á líkingamáli má orða það svo að Keynes hafi kennt öðrum að hagkerfið er ekki eins og vegasalt sem leitar jafnvægis. Nær væri að taka líkingu af lyftunni. Lyftan færir upp og niður en hún getur líka setið á botninum og meira að segja setið þar föst ef rafmagnid klikkar. Það var nákvæmlega það sem hafði gerst. Þegar þjóðartekjur Bandaríkjamanna

höfðu lækkað um meira en helming á fjórum árum birtist það í því að tekjur einstaklinga og fjölskyldna og fyrirtækjanna sjálfra höfðu hrunið. Sparnaður almennings hafði þurrkast út. Það var ekkert offramboð á sparifé sem átti að leiða til lægri vaxta og þar með að virkja kapítalista til fjárfestingar. Það var ekkert sparifé og þar af leiðandi enginn hvati fyrir kapítalista að fjárfesta. Það hafði orðið markaðsbrestur. Það var enginn sjálfvirkur stillibúnaður. Lyftan sat föst á botninum og mundi ekki hreyfast þaðan fyrir eigin tilverknad. Það varð að koma rafmagninu – aflvaka fjárfestingar og neyslu – í gang. Ef kapítalistarnir gátu ekki gert það, hver átti þá að gera það? Ríkið – sem hagfræðingarnir höfðu kennt að mætti undir engum kringumstæðum fíkta í hinum sjálfvirka vélbúnaði. Handbókin sem vélstjórnarnir (hagfræðingarnir) fóru eftir var ónýtt. Keynes kom með nýja handbók og heimurinn varp öndinni léttar. Keynes hafði breytt heiminum.

Og það skrýtna var að í sögunni hjá Keynes var enginn skúrkur sem kenna mátti um allt saman. Það þýddi ekkert að skamma kapítalista fyrir að vilja ekki fjárfesta. Þeir voru allir af vilja gerðir en það var engin eftirspurn, studd peningum til að kaupa vörurnar. Og það þýddi lítið að skamma atvinnuleysingjana sem höfðu samkvæmt kenningunni brugðist skyldu sinni um að spara. *Brother can you spare a dime?*

Hvernig á fólk sem á ekki fyrir nauðburftum að spara? Og í Bandaríkjunum voru engar atvinnuleysistryggingar – ekkert velferðarkerfi. Það var ekkert samfélag – bara einstaklingar – eins og Maggie Thatcher segir að þjóðfélagið eigi að vera og þar af leiðandi ekkert mótvægi við hrun markaðsaflanna. Og Keynes rifjaði upp hver hefði átt að vera hin raunverulega grundvallarforsenda rétttrúnaðarins: að kapítalistarnir gengju fyrir gróðarsjónarmiðum; þeir fjárfestu því aðeins að þeir gætu grætt á því. Þeirra hlutverk var ekki að fullnægja mannlegum þörfum heldur aðeins að framleiða það sem ástæða var til að ætla að neytendur vildu kaupa fyrir beinharda peninga. Það var því engan sökudólg að finna til að skella sökinni á. Þetta var kerfisbrestur – kapítalisminn virkaði ekki.

### Í staðinn fyrir Marx – og Hayek

Þegar ég las altæku kenninguna í fyrsta sinn varð hún mér kannski ekki þvílík opinberunarbók og hún reyndist hagfræðingum heillar kynslóðar sem ólust upp í anda Keynes. Ástæðan var einfaldlega sú að ég hafði aldrei verið trúður á rétttrúnaðinn. En ég gerði mér grein fyrir því að hér var kominn fin hagfræðikenning handa krötum. Kratar voru nefnilega farnir að framkvæma kenningu Keynes áður en hann hafði skrifað hana. Þeir gerðu það

í Svíþjóð á millistríðsárunum. Og Roosevelt gerði það með New Deal í Bandaríkjunum og er þó vitað að hann hafði ekki lesið Keynes. Það sem knúði kratana til athafna var ekki hagfræðikenning heldur sú siðferðilega skoðun að örbirgð mitt í allsnægtum væri fordæmanleg og að þjóðfélagið bæri siðferðilega ábyrgð á velferð þegnanna. Til hvers er lýðræði ef lýðurinn má bara éta það sem úti frýs af því að lýðræðislegum stjórnvöldum er bannað, samkvæmt hagfræðilegri kreddu, að lina þjáningar fólks? Hvernig getur lýðræðislega kjörin ríkisstjórn horft upp á það aðgerðarlaus að verk-smiðjurnar standi auðar, að framleiðslutækin séu ónýtt, á sama tíma og biðraðir atvinnuleysingjanna lengjast? Það er merkilegt að við þessar aðstæður kemur á daginn að kommúnistar annars vegar og frjálshyggjutrúboðar hins vegar hugsa alveg eins samkvæmt formúlu Leníns: Ef veruleikinn hegðar sér ekki í samræmi við kenninguna er það verst fyrir hann sjálfan. Og Keynes renndi öðrum styrkum stöðum undir þá praktisku pólitik sem sósíaldemókratar voru þegar farnir að framkvæma. Jöfnun eigna og tekna og félagslegt öryggisnet í formi almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga var ekki einasta mannúðleg pólitik heldur skynsamleg hagfræði. Velferðarkerfið dregur nefnilega úr innbyggðum sveiflum markaðskerfisins. Það virkar sem mótvægi við samdrátt neyslunnar á krepputímum og heldur því uppi kaupgetu. Það er innbyggður stöðugleikaventill í sveiflukenndu kerfi. Og leysir þannig af hólmi hina ósýnilegu hönd markaðsaflanna sem hafði brugðist.

Hér eftir þurftu sósíaldemókratar ekki á Marx að halda, sem boðaði byltingu gegn tvískiptu þjóðfélagi allsnægta og örbirgðar í nafni allsherjarþjóðnýtingar framleiðslutækjanna. Keynes kenndi að það væri hlutverk ríkisvaldsins að bjarga kapítalismannum frá kreppunni; að efnahagsstarfsemin væri þýðingarmeiri en svo að kapítalistum einum væri treystandi fyrir henni; að það væri hlutverk ríkisvaldsins að bjarga kapítalistunum frá sjálfum sér – frá þeirra eigin sjálfseyðingarhvöt. Og síðan að finnstilla hagkerfið með auknum útgjöldum á samdráttartímum (sem kalla á skuldasöfnun) en samdrætti útgjalda á útpenslutímum, til þess að halda jafnvæginu. Hér eftir voru allir hagfræðingar sósíaldemókratar í verki. Næstu áratugir í Evrópu urðu gullöld jafnaðarstefnunnar og gullöld Evrópu. Allt varð eins og best varð á kosið. Hagfræðin og hin sósíaldemókratiska siðfræði leiddust hönd í hönd inn í bjarta framtíð.

Margir hafa orðið til þess síðar að reyna að steypa Keynes af stalli hagstjórnarvisskunnar en fæstir haft erindi sem erfiði. Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar kom út bók eftir Friedrich von Hayek, *Leiðin til ánaúðar*, sem varði við því að vaxandi ihlutun ríkisvaldsins um stjórn efnahagsmála

í lýðræðisríkjum Vesturlanda myndi enda í lokuðu alræðiskerfi í ætt við kommúnisma. Þessi bók hefur síðan verið eins konar biblíja frjálshyggju trúboðsins. Þrátt fyrir augljósar öfgar – því að hrakspárnar hafa ekki ræst – eru viðvörunarorð Hayeks engu að síður þörf ábending og í þeim felst sannleikskorn. Velferðarkerfi í lýðræðisríki lýtur eigin lögmálum. Kerfið hefur innbyggða tilhneigingu til að þenjast út og þjóna sjálfu sér og þeim sem við það starfa, fremur en að rétta hlut þeirra sem á þurfa að halda. Upp úr áttunda og níunda áratug seinustu aldar fóru að sjást þess augljós merki að þessi gagnrýni var ekki út í hött. Kerfið þandist út á samdráttartímum en vegna tregðulögmáls kerfisins og fyrirgreiðsluárattu pólitískra kaupahéðna á atkvæðamörkuðum dróst það ekki saman á uppgangstímum. Þetta leiddi til viðvarandi og vaxandi skuldasöfnunar hins opinbera og til verðbólgu tilhneinginga, ekki sist eftir að áhrifa olíukreppunnar á áttunda áratugnum fór að gæta um allan heim. En þrátt fyrir réttmæta gagnrýni að þessu leyti er málflytningur Hayeks of öfgakenndur til þess að vera trúverðugur.

Seinna komu fram kenningar um að unnt væri að draga úr öfgum hagsveiflunnar með því helst að stilla peningamagni í umferð í hóf; helst ætti að setja það á sjálfstýringu og þar með væru truflandi áhrif stjórnvalda á stjórn efnahagsmála óþörf og reyndar skadleg. Þar með mega seðlabankar teljast óþarfir. Það er svo kaldhæðni kringumstæðnanna að Milton Friedman, höfundur kenningarinnar, fékk Nóbelsverðlaunin í hagfræði – útgreidd frá Seðlabanka Svía.

Segja má að þessar hugmyndir séu gagnlegar án þess að vera einhlítar. Þær urðu til þess að beina sjónum manna að vanræktu sviði hagstjórnar, stjórn peningamála og hlutverki seðlabanka, samspili ríkisfjármála og peningamálastjórnar og tengslum hvors tveggja við alþjóðlega skipan gjaldeyrismála. Þegar hægri sveiflan reið yfir Vesturlönd á níunda áratug seinustu aldar, sem andóf við vaxandi ríkisafskiptum af efnahagslífínu og meðfylgjandi skrifræði, voru þessar kenningar lagðar til grundvallar. Fánaberar hreyfingarinnar urðu Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, og járnfrúin breska, Margaret Thatcher. Járnfrúin braut í upphafi á bak aftur ofurvald bresku verkalýðshreyfingarinnar yfir stjórn landsins, sem hreyfingin hafði gegnum ítök sín í Verkamannaflokknum, og reyndi að vekja aftur til lífsins einkaframtak og samkeppnisanda sem var við það að lognast út af í náðarfæðmi skrifræðisins. Hún reyndi líka að draga úr ríkisútgjöldum í Bretlandi en tókst það síður; en stöðvaði þó vöxt þeirra. Sumar þeirra umbóta sem hún hrinti fram voru tímabærar og þarfar því ríkisstjórnnum Verkamannaflokksins undir stjórn Wilsons og Callaghans höfðu verið mjög mislagðar hendur. En járnfrúin var í innsta eðli sínu öfgamanneskja sem

kunni sér ekki hóf. Velferðarkerfið breska og opinber þjónusta drabbaðist niður undir hennar stjórn og stendur nú langt að baki opinberri þjónustu á meginlandi Evrópu eins og til dæmis í Þýskalandi og Frakklandi. Það mun taka ríkisstjórn Blairs og Verkamannaflokksins á annan áratug að bæta fyrir þessa vanrækslu.

### Hægri sveifla

Ronald Reagan, sem var á sinni tíð annars flokks leikari í þriðja flokks kvikmyndum, reyndi sem stjórnmalamaður að selja Bandaríkjamönnum einfeldningslega mynd draumaverksmiðjunnar í Hollywood af því hvernig fyrirmyndarþjóðfélagið ætti að vera. Hann skar niður skatta en jók á sama tíma um allan helming útgjöld til vígbúnaðar og stjórnustríðsdraumóra sinna. Samkvæmt kenningu frjálshyggjutrúboðsins átti lækkun skatta að skila að minnsta kosti sömu tekjum í ríkissjóð, þar sem skattalækkun myndi örva fjárfestingu og hagvöxt og neyslu. Sú kenning stóðst ekki. Afleiðingin varð hallarekstur og skuldasöfnun hins opinbera svo nam stjarnfræðilegum upphæðum. Skuldasöfnun ríkisins sprengdi upp vexti og ýtti fyrirtækjunum af lánamarkaði. Ný tæknibylting kennd við tölvur og fjar-skípti var þá í uppsiglingu og fyrirtækin fóru í allsherjar hagræðingaradgerðir til að tryggja samkeppnishæfni sína á alþjóðamörkuðum. Þetta leiddi til fjöldauppsagna og versnandi kjara vinnandi fólks í Bandaríkjunum en stuðlaði um leið að framleiðniaukningu og sköpun starfa undir formerkjum nýrrar tæknibyltingar. Sívaxandi hallarekstur og skuldasöfnun hins opinbera hefðu að lokum endað í brotlendingu, nema fyrir það að stjórn Clintons forseta stöðvaði hallareksturinn, bæði með skattahækkunum og niðurskurði ríkisútgjalda. Tekjuafgangur ríkissjóðs gerði seðlabanka Greenspans kleift að lækka vexti og framlengja þannig líf uppsveiflunnar sem tæknibyltingin knúði áfram á tíunda áratugnum. Reynslan af hagstjórn frjálshyggjupostulanna er því vægast sagt bæði blendin og gloppótt.

Keynes var ekki sósíaldemókrati heldur frjálshyndur menntamaður, eins og þeir gerast bestir á Bretlandseyjum. Árið 1931 skrifaði hann í bréfi til Bernard Shaws, vinar síns: „Hvernig á ég að geta fallist á kenningar kommúnista sem gera að biblíu sinni kennslubók í hagfræði sem ég veit að stenst ekki visindalegar kröfur og á ekkert erindi við samtímann? Hvernig á ég að geta sætt mig við kreddu manna sem veiða í gruggugu vatni og upphefja hinn búralega öreigalyð umfram borgarastéttina og menntamenn sem þrátt fyrir alla sína galla eru salt jarðar og hafa skapað þá siðmenningu sem gerir lífið þess virði að lifa því?“

Já, hvernig er hægt að ætlast til þess að menntaður maður, svo ekki sé talað um hámenntaðan yfirstéttar-Breta, geti gengið á mála hjá hálfsturluðum rudda eins og Jósef Stalín, sem þá var orðinn andlegur forðagæslumaður marxismans í veröldinni og reyndist þegar upp var staðið vera ótíndur glæpamaður, dropi af dreggjum mannlífsins sem skolað hafði til æðstu valda, þar sem hann sat umkringdur hatursfullum ofstækismönnum og hótadi heiminum öllu illu í nafni Stóra sannleiks. Eitthvað mátti nú læra af þessu.

Keynes er sennilega áhrifamesti einstaklingur liðinnar aldar, nema ef vera kynni að Einstein og félagar þyki að lokum bera hærri skjöld í augum komandi kynslóða. Hin hvassa hugsun hans, sem birtist innvígðum í einföldum jöfnum í fræðiritum, naut sín ekki síður í öðrum ritum hans þar sem einatt bregður fyrir birtu af innsýn vitsmunamannsins: „Hugmyndir hagfræðinga og pólitískra heimspekinga, bæði þegar þeir hafa rétt fyrir sér og rangt, hafa djúpstæðari áhrif en flestir gera sér ljóst. Satt að segja stjórnast heimurinn af fáu öðru. Praktískir menn, sem halda að þeir séu handan við áhrifasvið menntamannanna, eru venjulega fangar hugmynda einhvers úrelts hagfræðings. Vitfirringar á valdastóli, sem sjá sýnir og heyra raddir, eru venjulega að veita útrás ímyndunarafli og ofstæki einhvers skriffinns úr fjarlægri fortíð. Ég er viss um að vald sérhagsmuna er stórlega ofmetið í samanburði við áhrifamátt hugmyndanna.“

### Joseph A. Schumpeter: Kapítalism, sósíalism og lýðræði

Þegar ég sökkti mér fyrst niður í frægasta rit Schumpeters, *Kapítalism, sósíalism og lýðræði*, var ég svo heltekinn að við lá að ég félli á einhverju prófi því að ég mátti ekki vera að því að láta skólabækur trufla mig. Joseph Schumpeter var hreinræktað afsprengi austurrísk-ungverska keisara-dæmisins, fæddur og uppalinn í Vínarborg undir lok 19. aldar. Hann var einn hinna óviðjafnanlegu afreksmanna í vísindum og tónlist sem þetta feyskna heimsveldi fóstraði á hnignunarskeiði sínu. Aðalpersónan í heimsmynd Schumpeters var *l'entrepreneur* – frumkvöðullinn eða athafnaskáldið – sem var drifkraftur kapítalismans.

Fyrsta rit Schumpeters sem menn tóku eftir hét *The Theory of Economic Development* og kom út árið 1911. Höfuðrit hans, *History of Economic Analysis*, sem kom út að honum látum eftir 1950, þróaði þær hugmyndir betur og er höfuðrit innan hagfræðinnar á sínu sviði. Schumpeter er hugsuð-

ur af því taginu sem einblínir á aðaltriðin en drukknar ekki í smáatriðum. Sýn hans á þjóðfélagið er stór og djúp. Hann átti það sameiginlegt með Karli Marx að hrífast af sköpunarkrafti kapitalismans. Í hans augum er kapitalisminn dýnamískur – sibreytilegur frumkraftur sem knýr áfram breytingar. Frumkvöðullinn – athafnaskáldið, einstaklingurinn sem leggur allt undir og tekur áhættu í von um stóra vinninginn, er aflvaki kerfisins. Ef að honum er þrengt eða hann tekinn úr umferð sækir allt í far stöðnunar og síðan hnignunar. Schumpeter veitti því athygli að það eru nýjungar, sem einatt byggjast á nýjum vísindauppgötvunum, sem gefa frumkvöðlunum stóru tækifærin. Gufuvélin, járnbrautin, síminn og fjarskiptin, rafmagníð, billinn, útvarpið, sjónvarpið og þannig mætti endalaust áfram telja, þessar og þvílíkar nýjungar eru lykillinn að helstu vaxtarskeiðum hins iðnvædda kapitalisma. Það er frelsi einstaklingsins til athafna sem gerir honum kleift að hagnýta þessar nýjungar og koma þeim á framfæri á markaðnum hindunarlaust.

Þjóðfélög fortíðarinnar, þar sem allt vald var í höndum keisara og kónga, lénsaðals og lakaja þeirra, óttadist breytingar og kæfði þær í fæðingunni til að standa vörð um völd sín og forréttindi í óbreyttu ástandi. Kommúnisminn er sama edlis. Hann er lokað kerfi sem réttlætir tilveru sína í nafni Stóra sannleiks og heimtar skilyrðislausu hollustu allra við rétttrúnaðinn. Allir eru steiptir í sama mót. Allir verða að sitja og standa eins og valdhafarnir mæla fyrir um. Í alræðiskerfi kommúnismans og nasismans var ekki nóg að menn hegðuðu sér í samræmi við fyrirskipuð ríkistrúarbrögð og boðskap valdhafanna; menn urðu líka að hugsa eins og valdhafinn skipaði, að viðlögðu lífláti eða nauðungarvist. Þjóðfélagið breytist í þrælahjörð þar sem óttinn við valdhafana knýr alla til hlýðni og mannlegar eigindir eins og sjálfsbjargarhvöt, framtak og frumkvæði og viljinn til að taka áhættu eru drepin í dróma.

Lykilhugtakið í fræðum Schumpeters er: *Creative Destruction* – hinn skapandi eyðilegging kapitalismans. Frumkraftur kapitalismans er eins og náttúruöflin sjálf. Í krafti nýjunganna brýtur hann niður eða ryður burt öllu sem er úrelt, afdankað og stenst ekki kröfur tímans. Það er sama hvað það er. Úrelt tækni, úreltir framleiðsluhættir, úrelt vinnubrögð og úreltar stéttir, sem hafa ekki lengur þörfu hlutverki að gegna en streitast móti breytingunum af ótta við að missa stöðu, völd eða áhrif í þjóðfélaginu. Og kapitalisminn er miskunnarlaus. Hann umbunar þeim sem eru reiðubúnir að taka áhættu og vera í fararbroddi breytinganna. En hann refsar þeim sem halda dauðahaldi í hið liðna og verða því óhjákvæmilega undir valtara framfaranna eða sitja eftir meðan hraðlest breytinganna geysist framhá.

Öryggisleysi og ójöfnuður er önnur hliðin á þeirri mynt sem við kennum við kapitalisma. Auðurinn safnast á fárra hendur og allur almenningur býr við stöðugt öryggisleysi og ótta: Ótta við að missa jörðina; ótta við að missa atvinnuna; ótta við að standast ekki samkeppnina; ótta við að verða óþarfur og úreltur í veröld sem gerir stöðugt nýjar kröfur og lætur ekkert í friði. Ólíkt fyrri þjóðfélagsgerðum er innbyggt í kapitalismann að meirihluti þeirra sem eiga við hann að búa óttast hann og hata hann vegna þess að óhjákvæmilegar og ófyrirsjáanlegar breytingar hóta því að kippa fótunum beinlínis undan tilveru almennings. Þetta á meira að segja við um kapitalistana sjálfa sem hafa tilhneigingu til að forða sér undan hretviðrum samkeppninnar og skapa sér forréttinda- og einokunaraðstöðu í skjóli ríkisvaldsins. Vígbúnaðariðnaðurinn, olía og gas, sjávarútvegur í gjafakvóta og landbúnaður á framfæri skattgreiðenda eru aðeins fá dæmi af mörgum sem koma upp í hugann. Allt sem er gamalt og rótgróið er rifið upp með rótum, vegið og metið og léttvægt fundið. Mönnum er stillt upp við vegg: Þú ert annaðhvort með (það er með framförunum) eða á móti þeim, (það er afturhald) og það er í ekkert skjól að leita, hvergi afdrep að finna.

Það er einmitt þarna sem Schumpeter, hinn mikli spámaður kapitalismans, fer að örvænta um framtíð hans. Hvernig getur nokkur þjóðfélagsskipan, sem er svo félagslega sundurvirk og sjálfri sér ósamkvæm, haldið velli? Leitin að öryggi er ein þeirra kennda sem eiga hvað dýpstar rætur í hugarfari og sálarlífi fólks. Fólk óttast breytingar sem koma utan að og ógna tilveru þess: Menn leita inn á við að öryggi í fjölskyldunni, ættbálknum, samfélaginu, ríkinu. Flestir eru reidubúnir að selja frumburðarrétt frelsisins fyrir baunadisk öryggisins í skjóli valdhafans. Og fólk leitar öryggis í trúarbrögðunum, sem eiga rætur aftur í grárrí fornaskju og setja einstaklingnum, ættbálknum og þjóðinni síðalögmál og boða líf í föstum skorðum, kynslóð fram af kynslóð, bara ef menn vilja falla fram og trú á forsja jarðneskra eða yfirskilvitlegra yfirvalda. Maðurinn er í innsta eðli sínu hræddur og leitar að vernd í stórum náðarfaðmi.

### Menntamenn og markaðurinn

Við þetta bætir Schumpeter innsýn í eðli hins þróaða lýðræðisþjóðfélags, þar sem meirihlutinn á að ráða og hinir fáu útvöldu (frumkvöðlarnir) hljóta að beygja sig fyrir valdi meirihlutans. Innsýn Schumpeters lýtur að hlutverki menntamannsins í lýðræðisþjóðfélagi. Í hráslagalegum veruleika kapitalismans er menntamaðurinn augljóslega utangarðsmaður. Hver er í aðalhlutverkinu? Það er frumkvöðullinn, iðnrekandinn, kaupsýslumaður-

inn, með öðrum orðum þeir sem sýsla með fjármuni og framkvæmdir. Þeir hljóta rikulega umbun erfiðis síns; auðurinn safnast í þeirra bú en hinir verða að setta sig við að vera í besta falli á framfæri frumkvöðlanna; í þjónustuhlutverki við þá og á launaskrá hjá þeim. Menntamaðurinn er hins vegar sá sem lítur á sjálfan sig sem aðila að innvígðum úrvalshópi. Það eru þeir sem hafa lagt fyrir sig fræðin það eru þeir sem hafa til að bera kunnáttu og skilning á samhengi hlutanna. Þeir voru æðstu prestarnir og galdralæknarnir í þjóðfélagi fortíðarinnar. En kapítalisminn gefur skít fyrir kúltúr eða fræði nema hægt sé að græða á því. Þú getur samið fagaða fúgu en ef lýðurinn vill graðhestamúsík þá sér kapítalisminn um að selja graðhestamúsík. Það er hægt að græða á því en ekki á fúgum fyrir fáa útvalda. Menntamanninum finnst sér þess vegna misboðið.

Þegar fram á sjónarsviðið koma menn sem fordæma kapítalismann fyrir arðrán, miskunnarleysi gagnvart manningnum og siðleysi frammi fyrir hefðunum, grípa menntamennirnir tækifærið fegins hendi. Þegar sett er fram kenning um að þjóðfélagið eigi að lúta heildarstjórn og áætlunarbúskap í stað þess að vera komið upp á náð og miskunn stjórnlausra markaðsafla er búið að skapa nýtt hlutverk fyrir menntamanninn. Það er hans að búa til áætlunina; það er hans að vísa þjóðfélaginu veginn; það er hans að stjórna af viti og fyrirhyggju. Þar með er búið að koma böndum á frumkvöðulinn – braskarann sem aldrei kunni neina mannasiði og bar ekki einu sinni virðingu fyrir sér betri mönnum.

Schumpeter, hinn innblásni spámaður kapítalismans, var af þessum sökum svartsýnn á framtíð hans. Hann sló því föstu að kapítalisminn myndi að lokum ganga sér til húðar vegna þess mikla árangurs sem hann hafði náð. Schumpeter taldi líklegt að ef kapítalisminn fengi að njóta sín óárettur í eina öld eða svo myndi frumkraftur hans ná því marki að útrýma fátækt í veröldinni. En hann óttaðist að skammsýnir menn myndu ekki standast freistinguna að drepa gullgæsina sem verpir eggjunum. Hann var þarna á öndverðum meiði við Keynes. Báðir voru ef til vill sammála um að kapítalisminn fæli í sér innbyggða sjálfseyðingarhvöt. Schumpeter taldi hins vegar að vaxandi ríkisforræði myndi að lokum drepa frumkvöðulinn í dróma og kapítalismann í leiðinni. Keynes færði hins vegar rök fyrir því að einn og óstuddur myndi kapítalisminn fara sér að voða vegna þess að hann hefði engan sjálfvirkan stýribúnað til að rétta hann við upp úr öldudal hinnar óhjákvæmilegu kreppu. Keynes var því þeirrar skoðunar að það yrði að bjarga kapítalisanum frá kapítalistunum til þess að halda gangráði hans starfandi. Í þessu er sennilega falinn kjarni alls hugmyndafræðilegs ágreinings, sem við köllum pólitik, á okkar tímum.

Sjálfur upplifði Schumpeter þann frumkraft breytinganna sem hann lýsti manna best að kapítalisminn byggir yfir. Kornungum var honum falið að gerast fjármálaráðherra Austurríkis í kjölfar fyrra stríðs þar sem stjórnlaus óðaverðbólga skolaði honum úr ráðherrastólnum innan árs. Hann upplifði hrun austurrísk-ungverska keisaradæmisins og þá ógnun sem stóð af nasismanum sem meðal annars boðaði nauðsyn þess að aga kapitalismann undir vilja Þriðja ríkisins. Það gekk að visu bærilega því kapitalistar Þýskalands gengu auðmjúklega í þjónustu Hitlers og framleiddu handa honum vígtólin sem þurfti til að beygja veröldina undir vilja foringjans. Schumpeter hrökklaðist til Bandaríkjanna og sat þar í hinum akademíska filabeinsturni við Harvard. Þaðan hafði hann gott útsýni yfir þetta höfuðvígi kapitalismans: Bandaríki Norður-Ameríku. Hann fékk því gott tækifæri til að fylgjast með Roosevelt og félögum þar sem þeir unnu baki brotnu í New Deal við að bjarga kapitalismanum frá sjálfum sér.

### Karl Popper: Opna þjóðfélagið og óvinir þess

Þriðji snillingurinn sem hafði djúpstæð og varanleg áhrif á alla mína hugsun um mann og þjóðfélag á námsárunum var austurríski gyðingurinn og heimspekingurinn Karl Popper, frá Vínarborg eins og Schumpeter. Hann hneigðist á ungum aldri til marxisma og gekk um skeið í raðir ungra jafnaðarmanna. Sem róttækur ungur maður og gyðingur varð hann óhjákvæmilega fórnarlamb þegar átakalínur voru dregnar milli sósíaldemókrata og kommúnista og nasista. Að lokum varð Popper landflóttá og settist að á Nýja-Sjálandi þar sem hann skrifaði á stríðsárunum höfuðrit sitt *Opna þjóðfélagið og óvinir þess*. Popper er af mörgum talinn einn fremsti vísindaheimspekingur liðinnar aldar. Ég viðurkenni fúslega að hugsun Poppers er víða á meira dýpi en svo að ég hafi náð að kafa þar til botns. Ég lagði mig fyrst og fremst eftir því að kynnast hugsun hans um pólitíska heimspeki.

Sem leitandi ungur maður fékkst Popper við tónlistarnám og fékkst sjálfur við tónsmíðar. Hann lagði einnig fyrir sig sálgreiningu í skóla Freuds og Adlers. En það voru kynni hans á unga aldri af Einstein sem beindu honum inn á brautir vísindaheimspekinnar. Hjá Einstein kynntist hann hinni gagnrýnu hugsun og aðferðafræði vísindamannsins sem er algjör andstæða lokaðra hugmyndakerfa eins og þeirra sem Marx, Freud og Adler smíðuðu.

Meistaraverk Poppers, sem kom út árið 1945, *Opna þjóðfélagið og óvinir þess*, er áhrifamikil málsvörn fyrir frjálslynda hugsun sem setur einstaklinginn og frelsi hans í öndvegi og um leið niðursallandi gagnrýni á forsend-

ur heimspekikerfa sem hafna einstaklingnum og leiða að lokum til valdsdýrkunar og alræðisstjórnarfars. Í *Opna þjóðfélaginu* rekur Popper sögu alræðishugarfarsins aftur í verk Platóns hins gríska þar sem stríðið milli Aþenu og Spórtu forðum daga stóð milli frelsis og alræðis. Í seinna bindi bókarinnar rekur hann þessa sögu til okkar daga í gegnum Hegel til Marx.

Grundvallarhugtökin hjá Popper eru heildarhyggja og söguhyggja. Heildarhyggja er það að samfélög manna skoðast í einhverjum skilningi þýðingarmeiri en einstaklingarnir sem heildina mynda og að einstaklingarnir eigi því að lúta valdi heildarinnar. Söguhyggja felst í þeirri skoðun að þróun mannlegs samfélags lúti óhjákvæmilega einhvers konar „náttúrulögmálum“ og að einstaklingurinn sé af þeim sökum óhjákvæmilega leiksoppur óviðráðanlegra afla sem hann fái ekki risið gegn.

Þessar kenningar boða að hlutverk félagsvísinda sé að leitast við að spá fyrir um félagslega þróun og að hlutverk stjórnmála sé ekki annað en að auðvelda „fæðingarhríðir“ framtíðarþjóðfélagsins sem er fyrirfram ákvarðað af lögmálum sem maðurinn verður að lúta. Popper sýnir fram á að aðferðafræðin er röng í grundvallaratriðum og gersamlega óvísindaleg. Þar að auki eru þessi fræði háskaleg frelsi mannsins því að þau leiða óhjákvæmilega til valdstjórnarhyggju og alræðisstjórnarfars. Þessi hugmyndakerfi eru lokuð. Þau útiloka manninn, skynsemi hans, gagnrýna hugsun, frelsi hans til að velja og hafna og loka hann endanlega inni í andlegu tukthúsi. Opið þjóðfélag fær því aðeins þrífist að einstaklingurinn hafi svigrúm til að beita skynsemi sinni til gagnrýnnar hugsunar og hafi frelsi til að velja milli ólíkra kosta. Það sem séu einna merkilegast við mannlega hegðun og breytni sé ófyrirsjáanlegar afleiðingar gerða mannsins. Þjóðfélagsvísindi sem þykjast geta séð fyrir óorðna hluti, af því að framtíðina leiði óhjákvæmilega af óhagganlegum lögmálum, ræni manninn frelsi sínu og séu um leið gersamlega óvísindaleg því að maðurinn sjálfur og athafnir hans eru óráðnar. Popper vísar á bug hugmyndum um byltingu í nafni slíkra heildarhugmyndakerfa en boðar í staðinn hægfara umbætur (rétt eins og Edward Bernstein, fyrsti eiginlegi hugmyndasmiður jafnaðarstefnunnar gerði að kjarna kratismans í andstöðu við söguleg lögmál Marx). Sú aðferð ein samræmist hugsun og aðferðafræði vísinda sem byggist á að gera tilraun. Þú setur fram tilgátu og prófar hana og ef tilgátan reynist röng hendirðu henni og prófar aðra. Þannig var í mínum huga aðferðafræði jafnaðarmanna orðin í samræmi við vísindin, þveröfugt við hinn marxíska barnalærdóm.

Þetta sem hér hefur verið sagt verður að vísu að teljast afar ófullkomin endursögn á hugmyndum Poppers og fjarri því að koma til skila dýpt hugs-

unarinnar og sannfæringarkrafti röksemdanna. Það sem eftir situr í mínum huga er að djúphugull og sannleiksleitandi heimspekingur í fremstu röð hafði rennt rökfræðilegum stöðum undir þá pólitísku hugsun sem ég aðhylltist út frá siðferðilegum gildum.

### Sannleiksvitni 20. aldar

Af þeim rithöfundum sem ekki töldust í hópi sérfræðinga en skrifuðu fyrir almenning um mann og þjóðfélag er einn sem sker sig úr og hafði meiri áhrif á mína hugsun en flestir aðrir: George Orwell, eitt helsta sannleiksvitni 20. aldarinnar. Vandfundið er betra dæmi um menntamann sem aldrei hvikaði frá ýrustu kröfum um andlegan heidarleika. Orwell og Halldór Kiljan eru því sem næst jafnaldrar. Í ljósi þess er lærdómsríkt að hugleiða hversu gjörólíka afstöðu þeir tóku til áleitnustu spurninga aldarfarsins um andstæð hugmyndakerfi: Um frelsi eða helsi og um lýðræði eða foringjadyrkun í nafni stóra sannleiks.

Þrátt fyrir hástéttarmenntun og forréttindalíf í skjóli heimsveldisins gerðist Orwell sannfærður jafnaðarmaður í Bretlandi kreppuáranna. Hann deildi kjörum með öreigunum og skrifaði heitar ádeilubækur um kaldrífj- að mannúðarleysi kapítalismans gagnvart hinni umkomulausu manneskju (*Down and Out in London and Paris* og *The Road to Wigan Pier*). Á þeim árum fékk hann ekki inni fyrir ádeilugreinar sínar í neinu hinna virtu stórbláða borgarastéttarinnar bresku.

Þegar stríðið stóð milli lýðveldissinna og falangista á Spáni, sem nutu stuðnings Hitlers og Mussolinis, skrifaði Orwell greinar að baki viglínu lýðveldissinna sem vöktu heimsathygli. Hann fletti ekki einasta ofan af hræðslugæðum og dáðleysi ríkisstjórna lýðræðisríkjanna sem horfðu aðgerðalaus á einræðisherra Evrópu breyta borgarastyrjöldinni spænsku í tilraunastofu fyrir nýja vopnatakni. Hann fletti líka ofan af kaldrífjuðum djöfulskap útsendara Stalíns sem skirrdust ekki við að myrða trotskiista (sem voru öflugir innan raða lýðveldishersins) og aðra óháða vinstri menn sem gáfu sig fram sem sjálfbodaliða í spænsku borgarastyrjöldinni. Þegar þessar greinar hans fóru að streyma frá vígvöllum Spánar tóku íhaldsblöðin þeim fegins hendi en vinstri pressan neitaði að birta þær undir því yfirskini að þetta væri óvinafagnaður. Á þessum árum kynntist Orwell af eigin reynd hugmyndafræði og mannfyrirlitningu fasistanna og nasistanna sem þá voru að búa sig undir að innlima Evrópu í þúsund ára ríki þrælsóttans undir hakakrossi Hitlers. En hann kynntist líka mannfyrirlitningu og morðæði harðstjórans í Kreml sem þar hafði það helst fyrir stafni að murka líf-

id úr bændum Rússlands og þeim menntamönnum sem enn voru uppi-standandi í röðum byltingarmanna og grunur lék á um að væru hallir undir frjálsa hugsun og réttindi einstaklingsins. Þegar Orwell skrifaði *Dýrabæ* (*Animal Farm*) þótti ritskoðurum bandamanna, sem þá voru komnir í hernaðarbandalag við Jósef frænda í Kreml gegn hersveitum Hitlers, það ekki gott innlegg í stríðsreksturinn. Þegar framtíðarhrollvekja Orwells, 1984, um veruleika alræðisríkisins birtist eftir stríð lukust loks upp augu flestra fyrir því að Orwell hafði þá óþægilegu áráttu, sem seint verður fyrirgefin, að hafa nær undantekningarlaust rétt fyrir sér af því að „hann vann það ei fyrir vinskapað manns, að víkja af vegi sannleikans“. Orwell var ekki aðeins andans mikilmenni; hann var mikill maður – *period* – eins og Hallgrímur Helgason komst að orði af öðru tilefni.

Orwell á sér ef til vill helst hliðstæðu meðal þeirra manna sem þorðu að rísa upp gegn ógnarstjórninni í Sovétríkjunum og hikuðu ekki við að færa þær fórnir sem af þeim var krafist fyrir að vera menn: Hér á ég við menn eins og Solzhenitsyn, Sakharov, Amalrik (sem skrifaði bók undir því spámannlega heiti: *Verða Sovétríkin ennþá til árið 1984?*). Einn er sá maður sem verðskuldar að vera getið í sömu andráníni og þessi stórmenni, þótt örlög hans hafi orðið önnur sem útlagi og nafn hans sé ekki kunnugt almenningi á Vesturlöndum til jafns við þá þrjá sem ég nefndi. Þessi maður er Czeslaw Milosz, pólskur Lithái sem flúði árið 1951 undan herskörungum harðstjóranna og settist að í Kaliforníu. Milosz er fyrst og fremst ljóðskáld en sú bók sem halda mun nafni hans lengi á loft heitir á ensku *The Captive Mind*. Í þessari bók lýsir höfundurinn af skáldlegu innsæi því „hernámi hugarfarsins“ sem var hlutskipti menntamanna í lögregluríki rétttrúnadarins.

Ég átti því láni að fagna að heyra Milosz tala á ráðstefnu í Vilnius í Litháen í tilefni af tíu ára afmæli hins endurreista sjálfstæðis Litháa. Þótt Milosz sé pólskur að þjóðerni ólst hann langa hrið upp í Vilnius, sem reyndar tilheyrði Póllandi, og útskrifaðist frá háskólanum þar árið 1938. Ekki einasta var ræða hans eftirminnileg heldur voru kringumstæðurnar ekki síður lýsandi fyrir lífshlaup mannsins. Milosz byrjaði ræðu sína á litháísku. Túlkarnir höfðu hins vegar gert ráð fyrir því að hann talaði á pólsku svo að samtímapýðingin fór í handaskolum. Þá fór Milosz að tala á pólsku. En túlkarnir höfðu þá gert ráð fyrir því að hann talaði á frönsku sem pólskum menntamönnum er jafntöm og móðurmálið. Eftir endurtekinn miskilning af þessu tagi í upphafi fleygði Milosz frá sér handritinu og sagði það sem segja þurfti á amerísku. Málstaður frelsisins spyr ekki að þjóðerni eða tungumáli. Hann er hafinn yfir öll landamæri, eins og Benjamín Eiríks-son hefði orðað það.

## Sjö mánuði á leið

Ég undi vel mínum hag í Edinborg. Fyrir utan að sækja fyrirlestra og taka þátt í umræðuhópum sökkti ég mér niður í lestur góðra bóka. Ég vaknaði á hverjum morgni stútfullur af nýjum hugmyndum og hlakkaði til nýs dags. En þótt ég bæri mig mannalega sótti einmanakenndin að. Ég saknaði Bryndísar. Ég skrifaði henni nær daglega ástriðuþrungin bréf:

„Og þótt menningin sé girnileg, koma þó þær stundir, að ég legg frá mér bók og blað og hugurinn leggur í langferð um fjöll og firnindi Frakkaríkis, þar sem ástin mín situr ein og yfirgefin svo óralangt frá mér; og minningar um ótal unaðsstundir þyrpast að mér í andvökunni á kvöldin og hamingjan hríslast um hverja taug af fögnuði vegna endurfunda, sem ekki er langt að biða – og þó svo óralangt.

Svona er að elska undurheitt, sitt eina blóm;  
Veröldin er án þess öll svo auð og tóm.“

Tónninn í bréfum mínum var fullur af bjartsýni og lífsgleði. En smám saman þóttist ég lesa milli línanna af bréfum Bryndísar að ekki væri allt með felldu. Mér fannst á stundum að hún væri dauf í dálkinn og nyti lítt hins frjálsa og áhyggjulausa stúdentálífs á bökkum Signu. Okkur kom saman um að við gætum ekki afborið aðskilnaðinn lengur og ákváðum að eyða jóluunum saman í París. Bryndís stakk upp á því að við hittumst á Charing Cross brautarstöðinni í London. Kannski hélt hún að það myndi draga úr kúltúrsjokki mínu við að líta París augum í fyrsta sinn.

Ég mætti í síðum vetrarfrakka sem ég hafði fjárfest í, með hatt á höfði og kominn með skegghýjung. Ég gekk fram og aftur um brautarstöðina og svipaðist um eftir ballerínunni minni frá París en kom hvergi auga á hana. Bryndís gekk sömuleiðis um brautarstöðina og svipaðist um eftir sjóaranum að vestan sem hún hafði tekið upp á arma sína. Loksins rákumst við hvort á annað og uppgötvuðum hver við vorum.

Ég bar í fyrstu ekki kennsl á hana af því að hún var kappklædd – og komin sjö mánuði á leið. Hún hafði ekkert látið mig vita af því í öllum sínum bréfum. Ekki orð. Hún hélt að ef hún segði mér tíðindin myndi ég binda enda á stórbrotið menningarlíf mitt í Edinborg og fara að læra lögfræði eða eitthvað þaðan af verra. Og hún átti kollgátuna. Barnið okkar, sem hún bar undir belti, hlaut að breyta lífi okkar. Var hinu frjálsa og áhyggjulausa stúdentálífi lokið um leið og það var að byrja?

Bryndis mátti ekki til þess hugsa að ég legði frekari námsáform á hilluna.

„Þetta er mitt barn,“ sagði hún, „og ég mun sjá um það sjálf.“

„Börn barna verða lukkubörn,“ sagði ég upp á kiljönsku.

En þótt við reyndum eftir bestu getu að vikja frá okkur áhyggjum af framtíðinni vissum við innst inni að barnsfæðing myndi setja strík í reikninginn. Hefðum við efni á því að stunda bæði nám í útlöndum og ala önn fyrir barninu okkar? Gat Bryndis hugsað sér að stunda nám í Edinborg? Jafnvel þótt við hefðum efni á því, væri það þá gerlegt án aðstoðar við barnagæslu og umönnun? Þessar og þvilíkar spurningar vöktu í samtölum okkar þessi Parísarjól, þótt við reyndum að gera okkur gláðan dag í vina-hópi.

Bryndis bjó þetta misserið á Hotel Namur við Rue de Lambre í Montparnasse-hverfinu. Einhverjum hefði sjálfsagt þótt umhverfið meira en lítið vafasamt fyrir verðandi móður. Dætur næturinnar stóðu í röðum undir ljósastaurum á götum og gatnamótum allt í kring og varð tíðförligt með viðskiptavinum sína á Hotel Namur þar sem var helst til hljóðbært milli herbergja og hæða. Þegar ég gantaðist með þetta við Bryndísi svaraði hún snögg upp á lagið:

„Mér ferst nú ekki að setja mig á háan hest; er ég ekki sjálf að fara að eiga barn í lausaleik?“

Þar með felldum við það tal.

Við drukkum morgunkaffið með croissant á Café Select á hverjum morgni. Franskan mín frá aukatímum hjá Vigdís Finnbogadóttur var ekki til margra fiska metin þegar á reyndi. Hins vegar reyndi ég að stauta mig fram úr *Le Monde* og *Le Figaro* og jafnvel að pæla í vikuskammtinum af *Le Nouvel Observateur* því ekki vantaði fréttirnar í Frakklandi þessi misseri. Hið franska sundurlyndi og stjórnleysi hafði gengið af fjórða lýðveldinu dauðu nokkrum mánuðum fyrr og Frakkar séð þann kost vænstan að kveðja De Gaulle aftur til valda úr útlegðinni í Colombay-Les-Deux-Eglises. De Gaulle batt enda á upplausnina í krafti nýrrar stjórnarskrár sem var skraddarasaumuð utan um hann – hann var jú *la France* – og færði forsetanum stóraukin völd.

Við Bryndis stóðum innan um manngrúann á Champs-Élysées þegar De Gaulle tók formlega við völdum og fór sigurför í opinni glæsikerru upp Ódáinsvelli að Sigurboganum. Þessi örlagaríka atburðarás kveikti með mér ósvikinn áhuga á frönskum stjórnmálum, sem ekki hefur dofnað til þessa dags heldur fékk byr undir vængi með valdatöku Mitterands rúmlega tveimur áratugum síðar, eftir að hann hafði unnið það afrek að sameina

jafnaðarmenn þarlendis og lyfta þeim til valda eftir langa eyðimerkurgöngu sundrungar og bræðravíga.

### Leyndarmál Bryndísar

Þetta var fyrsta jólahald okkar Bryndísar í útlöndum. Parisarbúar gera sér ekki dagamun í tilefni jólanna í líkingu við það sem tíðkast á Norðurlöndum. Við Bryndís reyndum að bæta okkur það upp með því að sækja kaþólska messu á jóladaginn, þótt það dygði ekki til að koma mér í mjög guðrækilegar stellingar. Milli jóla og nýárs buðu sendiherrahjónin, Agnar Klemens Jónsson og Ólöf Bjarnadóttir, dóttir séra Bjarna, Íslendingum búsettum í París, og þar með töldum námsmönnum, til veislu í sendiráðsbústaðnum í Neuilly, úthverfi Parísar. Þarna gafst kjörið tækifæri til að skiptast á skoðunum við gáfnaljós af hinum franska skóla. Fremstur í þeim flokki var Sigfús Daðason skáld sem hafði, ef ég man rétt, þá nýlengi við að þýða *Jóhann Kristófer* eftir Romain Rolland eða öllu heldur lokið við þýðingu Þórarins Björnssonar skólameistara á meistaraverki hans.

Þarna bar einnig fundum mínum í fyrsta sinn saman við Hans G. Andersen, þjóðrættarfræðing og sendiherra, sem þá var að mig minnir fastafulltrúi Íslands hjá NATO. Höfuðstöðvar NATO voru þá enn í París en De Gaulle byggði NATO út og þær fluttust til Brussel. Hans var sá af fyrirmönnum í þessu samkvæmi sem helst gaf sig á tal við stúdenta, en fékk heldur óbliðar viðtökur út af landhelgismálum og fleiru. Kveikiþráðurinn í pólitískum hroka og beturvitringahætti var helst til stuttur hjá undirrituðum í þann tíð. Leiðir okkar Hans áttu eftir að liggja saman síðar meir, fyrst út af landhelgisdeilum og enn síðar í New York, þar sem Hans var fastafulltrúi okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, en ég var þar árviss gestur sem utanríkisráðherra á hverju hausti í mörg ár við upphaf allsherjarþingsins. Þá urðu okkar kynni náin og fór hið besta á með okkur. Satt að segja mat ég hann æ meir eftir því sem ég kynntist honum betur. Einhvern tíma minnti ég hann á heldur óblið orðaskipti, þegar við hittumst í fyrsta sinn í sendiráðsbústaðnum í París forðum daga. Hann brosti góðlátlega og sagðist enn muna eftir þessum montna og kjaftfora strák sem nú væri orðinn utanríkisráðherra.

Þegar Hans féll frá 1994 skrifaði ég um hann minningargrein þar sem ég minntist hans að verðleikum fyrir þjóðþrifaverk í þágu lands og þjóðar. Þetta var á þeim árum þegar við Davíð Oddsson sátum hið næsta hvor öðrum tvisvar í viku á ríkisstjórnarfundum. Eftir að andlátsfregn Hans barst hnippi ég í Davíð og sagði að hann yrði að skrifa um þjóðrættarfræðinginn,

Því hann hefði alla sína tíð verið traustur sjálfstæðismaður. Á næsta ríkisstjórnarfund, þremur dögum síðar, spurði ég Davíð hvort hann hefði gert skyldu sína við Hans. Davíð fórnaði höndum og sagði að því miður hefði þetta farist fyrir og spurði: „Má ég ekki bara skrifa undir með þér?“ Ég sagðist þá myndu faxes honum greinina að fundi loknum svo hann gæti að minnsta kosti lesið hana yfir áður en hann setti nafn sitt undir. Svarið var:

„Það er óþarfi, ég treysti þér hundrað prósent!“

Þannig ætlaði það að minningargrein mín um Hans G. Andersen birtist í *Morgunblaðinu* undir höfundarnöfnunum Davíð Oddsson og Jón Baldvin Hannibalsson. Í greininni var vikið að Joseph Schumpeter, sem hafði verið samtíða þeim Hans og Benjamín Eiríkssyni við Harvard, og hann kallaður „fremsti hagfræðingur aldarinnar“. Af því tilefni barst mér hraðskeyti frá Þorvaldi Gylfasyni prófessor sem spurði hvaðan okkur Davíð Oddssyni kæmi sú víska að fremsti hagfræðingur aldarinnar hétu ekki John Maynard Keynes. Af einhverjum ástæðum hefur mér láðst að spyrja Davíð að því.

Áður en samkvæminu í sendiráðsbústaðnum lauk tók sendiherrafrúin Bryndísi afsíðis og spurði hana undir fjögur augu hvort hún væri kona ekki einsöm. Frú Ólöf þekkti vel til tengdforeldra minna og vildi af umhyggjusemi sinni vita hvort allt væri með felldu og hvernig Bryndísi liði. Leyndarmál Bryndísa var orðið lýðum ljóst.

Á bak jólum kvöddumst við Bryndís með tárur á brautarstöðinni. Hún var á leið til Íslands. Við reyndum að hughreysta hvort annað og fullvissa okkur um að allt myndi fara á besta veg. Sameiginlega myndum við finna leiðir til að ala önn fyrir barninu okkar, án þess að þurfa að gefa upp á bátinn drauma okkar um framhaldsnám í útlöndum. Viðskilnaðurinn var sár – næstum óbærilega sár.

*Lestin brunar hraðar hraðar,  
húmið ljósrák sker,  
bráðum ert þú einhvers staðar,  
óralangt frá mér...*

Ég álasaði sjálfum mér fyrir að vera ekki maður til að reynast Bryndísi stöð og stytta við gerbreyttar aðstæður í lífi okkar. Ég reyndi að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og einbeita mér að náminu. En tilveran þráðist við að falla aftur í sömu föstu skordurnar. Undir niðri fannst mér að mér bæri skylda til að hætta námi og halda heim til minnar heittelskuðu. Samt játa ég að það var mér þvert um geð. En ég sat uppi með það að lífið virtist ætla að taka aðra stefnu en ég hafði ætlað.

Hinn 21. janúar, fyrr en mig varði, barst mér hraðskeyti frá Íslandi:  
 „Dóttir fædd. Móður og dóttur liður vel.“

Viðbrögðum mínum – ef ekki tilfinningum mínum – verður kannski best lýst með tilvísun í bréf til Bryndísar, sem er dagsett 22. janúar 1959:

„Sjálfur vissi ég ekki í hvorn fótinn ég ætti að stíga; stóð bara eins og steingervingur (með skeytið í hendinni). Í sömu andrá var hringt til kvöldverðar. Þá var eins og ég rankaði við mér. Ég lýsti yfir þessum sögulega atburði og bauð síðan öllum hópnum til móttökufagnaðar niður á Suffolk Hotel, hérna á horninu. Þar var skálað ósleitilega fram eftir kvöldi fyrir þessum fjarlæga heiðursgesti. Það vildi svo vel til að afmæli Robbie Burns, ást-sælasta skálds Skota, var einnig haldið hátíðlegt þennan dag. Robert (félagi minn) settist því við píanóið og hóf að leika fegurstu lögin við ljóð hans, dóttur okkar til heiðurs, en hópurinn tók hraustlega undir.“

### Syndir feðranna

Ég kom heim með fyrra fallinu þetta vor. Eftir svo langan aðskilnað frá Bryndísi og nýfæddri dóttur minni þótti mér ekki lengur sjálfsagt að fara á sjóinn eins og hugur minn stóð til að gera í sumarleyfum frá námi. Ég þurfti þó auðvitað á uppgripum að halda til að kosta námið. Sveinn, faðir Atla Heimis vinar míns og aðalféhirðir Búnaðarbankans, bauð mér starf í bankanum sem ég þáði. Mér er löngu úr minni liðið hvað ég hafði fyrir stafni í þessu peningamusteri, annað en það að klukkan tvö alla virka daga hélt ég á tösku troðfullri af ávísunum og skipti á innihaldinu á fundi með sendimönnum annarra banka samkvæmt ritúali sem var endurtekið dag hvern.

Þótt dóttir okkar væri fædd fyrir tímann og væri veikburða í upphafi, svo sem verið hafði faðir hennar, braggadist hún brátt og dafnaði eftir það. Við þurftum engar áhyggjur að hafa af heilsu barnsins – nær lagi væri að við þyrftum að hafa áhyggjur af sjálfum okkur. Hvar áttum við að búa? Hvað áttum við að gera? Hvar áttum við að vera? Hvað ætluðum við að gera? Bryndís tók af skarið og réð sig að Sólheimum á Grímsnesi og hafði með sér dóttur okkar Aldísi sem var skírð í höfuðið í tengdamóður minni.

Ég er viss um að ég hefði farist úr leiðindum þetta sumar í Búnaðarbankanum hefði Jónas Árnason, rithöfundur, skáld og alþingismaður með meiru, ekki komið að máli við mig og frelsað mig úr þrisundinni. Þetta var vorið 1959 og tvennar kosningar framundan. Fyrir dyrum stóð breyting á kjördæmaskipun og kosningalögum, sem kallaði á tvennar kosningar, vor

og haust. Jónas hafði verið valinn sem frambjóðandi Alþýðubandalagsins á Ísafirði. Hann hafði beitt sér fyrir stofnun samtakanna Friðlýst land og þegar ég var enn í menntaskóla hafði ég talað á fundi í Gamla bíói á vegum þeirra samtaka. Hannibal mun hafa lagt fast að Jónasi að freista gæfunnar á Ísafirði, en þá var afráðið að hann yrði sjálfur í framboði í Reykjavík. Jónas setti sem skilyrði að sonur Hannibals stjórnaði kosningabaráttunni. Jónas kom úr Sósíalístaflokknum, sem aldrei hafði átt sterk ítök á Ísafirði, og vildi með þessu freista þess að Ísafjardarkratar og gamlir stuðningsmenn Hannibals tækju hann í sátt og veittu honum brautargengi í kosningunum.

Þórhallur Tryggvason, sonur Tryggva Þórhallssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, var skrifstofustjóri Búnaðarbankans. Ég þurfti að ganga á hans fund og biðja um orlof frá bankastörfum til þess að stýra kosningabaráttu Jónasar á Ísafirði. Mér er minnisstætt að Þórhalli þótti erindið ekki björgulegt. Við vorum báðir synir stjórnmalamanna. Hann rifjaði upp reynslu sína og þeirra systkina frá þingrofssumrinu heita á kreppuárunum þegar fjölskylda Tryggva var umsetin í ráðherrabústaðnum og þau börnin máttu sæta aðkasti í skóla – svo umdeildur var gerningur forsætisráðherrans. Þórhallur vissi sem var að Hannibal var ekki allra eftirlæti. Hann var beinlínis afar umdeildur á þessum árum og auðvitað höfðum við systkinin ekki farið varhluta af því í hinu stríðlynda pólitiska umhverfi á Ísafirði. Þess vegna þótti Þórhalli með ólíkindum að ég kysi sjálfviljugur að flekka hendur mínar af því pólitiska skítkasti sem við báðir vissum að væri framundan.

### Pólitísk djamm-sessjón á Ísafirði

Við Jónas urðum samferða til Ísafjardar og tókum strax til óspilltra mála. Ég fékk inni á skrifstofu séra Sigurðar „Íslandströls“, sem var þjónandi klerkur þeirra Ísfirðinga og prófastur í kaupbæti. Hann var sannfærður kommúnisti og átti trúlega ekki marga sálufélaga á Ísafirði. Á skólameistaraárum okkar vestra mörgum árum síðar bjuggum við Bryndís í þessu húsi við Pólgötu á Ísafirði og skrifstofan þjónaði þá því hlutverki að vera skrifstofa skólameistarans.

Jónas hafði áður verið í framboði fyrir Sósíalístaflokkinn á Seyðisfirði og í Þingeyjarsýslum. Hann hafði í bæði skiptin bætt við fylgi forvera sinna og hafði því sínar eigin hugmyndir um það hvernig reka bæri kosningabaráttu. Jónas hafði stundað nám í bladamennsku í Bandaríkjunum á stríðsárunum og meira að segja stundað skógarhögg með amerískum hardjökxlum sem voru frægir fyrir að kalla ekki allt ömmu sína. Það má heita merkilegt um þá bræður, Jón Múla og Jónas, að þótt báðir væru kommúnistar eða sósí-

alistar að lífsskoðun voru þeir í vissum skilningi afar „amerikaniseraðir“; Jón Múli var áratugum saman djassgúrú þjóðarinnar númer eitt og Jónas var vel heima í amerískum poppkúltúr. Jónas taldi vænlegast til árangurs að ná persónulegu sambandi við væntanlega kjósendur; hann ætlaði að „sjarmera“ þá til fylgis við sig, enda gat hann verið manna skemmtilegastur þegar sá gállinn var á honum.

Jónas gaf lítið fyrir harða pólitík af hefðbundnu tagi, greinaskrif, blaða-útgáfu, fundahöld og málefnalegan málflutning af því tagi. Hann hafði verið til sjós og skrifað margt um sjómannslíf og vildi skáka í því skjólinu á bryggjusporðunum á Ísafirði. Hann þvældist því ofan í hvern lúkar og tók sjómenn tali, ekki endilega um pólitík heldur um heima og geima. Hann átti það til að banka upp á og taka húsfreyjur tali, þá sjaldan þær voru frá vinnu. Einhverju sinni lenti hann meira að segja á djamm-sessjón með Villa Valla og félögum fram eftir kvöldi í íbúð í fjölbýlishúsi uppi á Hlíðarvegi. Það tókst ekki betur til en svo að nágrennamir kvörtuðu undan hávaðanum og var það ósleitilega notað af andstæðingum til að ófrægja Jónas.

Ég hafði mínar efasemdir um að poppstíll Jónasar hefði tilætluð áhrif í Rauða bænum þar sem menn voru vanir harðvitugum pólitískum átökum. Ég hófst því handa um blaðaútgáfu, fundahöld og undirbúning að atkvæðasmölun í hefðbundnum ísírskum stíl. Ég skrifaði greinar og ræður um efnahags- og atvinnumál, um landhelgismál og hinn fræga rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, meðan frambjóðandinn var í vísitasíum.

Ég komst brátt að því að hinir gömlu stuðningsmenn Hannibals úr röðum jafnaðarmanna á Ísafirði voru honum sárreiðir fyrir að hafa orðið viðskila við Alþýðuflokkinn. Þeir kærðu sig kollótta um hvort flokksforystan syðra hefði rekið Hannibal eða hvort hann hefði sjálfviljugur gengið til liðs við Sósíalistasflokkinn. Kratarnir brugðu á það ráð að fá Steindór Steindórs-son, skólameistara á Akureyri, í framboð fyrir Alþýðuflokkinn í þessum kosningum. Vart er hægt að hugsa sér ólíkari frambjóðendur en þessa tvo, Jónas og Steindór. Steindór gekk um bæinn, formfastur og virðulegur með hatt og staf. Hann efndi til funda þar sem hann naut yfirburða mælsku og góðra málflutningshæfileika og hlífði sér hvergi við að rökræða þau mál sem hæst bar í kosningabaráttunni.

Þar kom að efnt var til hefðbundins kappræðufundar milli frambjóðendanna í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og var honum jafnframt útvarpað. Fyrir fundinn hafði ég smalað saman aðsópsmiklu klappliði sem ætlað var að ryðjast á undan öllum inn í fundarsalinn og leggja undir sig fremstu bekkina. Hlutverk þess var að klappa frambjóðandanum lof í lófa og neyta fær- is til að trufla málflutning andstæðinganna. En þessar varúðarráðstafanir

hrukku skammt. Gamli skólameistarinn spilaði á troðfullan fundarsalinn eins og þrautþjálfaður píanóleikari á flygil sinn. Hann talaði hlýlega og af virðingu um sinn gamla vopnabróður Hannibal en harmaði um leið þau ör-lög hans að villast af leið og gerast á gamals aldri handbendi kommúnista sem fram að þessu höfðu fundið honum flest til foráttu. Hvatti hann vini og aðdáendur Hannibals í röðum fundarmanna til að stöðva þetta feigðar-flan og vísa þar með Hannibal veginn heim.

Steindór átti salinn og lófatakinu ætlaði seint að linna. Á hinn bóginn las Jónas ekki rétt í hugarfar og hugsunarhátt Ísfirðinga. Hann eyddi bróður-parti ræðu sinnar í að ræða hermálið, sem Ísfirðingar höfðu naumast nokkurn áhuga á, og lét ógert að svara fagurgala skólameistarans um Hannibal eða að taka upp þykkjuna fyrir hann. Klappliðinu mínu gáfust því fá tækifæri til að klappa. Það var mál manna að fundi loknum að Steindór hefði með skólameistaratöktum sínum forðað kratafylginu frá því að fylgja Hannibal, hvað þá heldur að falla fyrir þægilegu viðmóti frambjóðanda Alþýðubandalagsins. Kosningaúrslitin urðu eftir því. Frambjóðandinn og kosningastjóri hans voru því hljóðir og hógværir menn þar sem þeir sátu saman í Katalínu-flugbátnum frá Ísafirði til Reykjavíkur að orrustu lokinni.

### Bryndís: Einnar messu virði

Þegar hallaði að hausti gátum við Bryndís ekki lengur umflúið að taka ákvörðun um framtíð okkar. Ég hallaðist helst að því að hætta frekara námi í Edinborg og sætta mig við að fara í lögfræði. Með því að fara í nám heima gerði ég mér vonir um að geta unnið með náminu. Ef Bryndís ynni líka úti meðfram námi ættum við að geta séð okkur farborða, þótt við þröngan kost yrði. Bryndís tók þetta ekki í mál og sagðist vera tilbúin að sjá fyrir barninu af eigin rammleik. Þegar þessar deilur okkar stóðu sem hæst tóku tengdforeldrar mínir, Aldís Brynjólfsdóttir og Björgvin Schram, af skarið. Þau kváðu upp úr um að þau myndu annast Aldisi þennan vetur. Aldís, tengdamóðir mín, hafði sjálf eignast yngstu dóttur sína, Önnu Helgu, tveimur árum áður og sagði sig lítið muna um einn hvítvodunginn í viðbót. Þar við sat. Ákveðið var að við héldum bæði til Edinborgar þá um haustið og að Bryndís færi þar líka í nám.

Áður en lengra var haldið kvaddi verðandi tengdafaðir mig á sinn fund. Þegar hann hafði lokað dyrnum að skrifstofu sinni kirfilega á eftir okkur og boðið til sætis hvessti hann á mig augun og sagði fastmæltur: „Þú ferð ekki fet burt með hana dóttur mína til útlanda, nema þið séuð löglega gift.“ Svo mikið eimdi eftir af bolsanum í mér að innsíglun þjóðkirkjunnar á mín-

um einkamálum var mér þvert um geð. Mér fannst fráleit hugmynd að þykjast ætla að kasta eign sinni á aðra manneskju og fá *notarius publicus* til að þinglýsa eigninni. En samningsstaðan var ekki góð. Og Bryndís var – þrátt fyrir þessa afarkosti – einnar messu virði. Svo að ég hallaði mér yfir skrifborðið, rétti Björgvin höndina og sagði: „It's a deal.“

Þegar við höfðum þannig handsalað kvonfangið kom babb í bátinn. Það kom á daginn að samkvæmt íslenskum lögum var ég undir lögaldri til að fastna mér konu. Ég varð því að sækja skriflega um undanþágu frá landslögum til að mega ganga að eiga Bryndísi. Svarið barst um hæl – segi menn svo að skriffinnskukerfið sé svifaseint – og hljóðaði eitthvað á þessa leið:

„Dómsmálaráðherra gjörir kunnugt: Yngissveininum Jóni Baldvini Hannibalssyni er hér með veitt undanþága frá lögum númer þetta dagsett hitt, grein þetta og gott ef ekki reglugerð hitt, að ganga að eiga heitmey sína, ungfrú Bryndísi Schram, enda greiði yngissveinninn þegar í stað tilskilið leyfisgjald, kr. 100,00 – hundrað krónur.“ Undirritað f.h. dómsmálaráðherra, sign Baldur Möller, ráðuneytisstjóri.

Þetta skjal lét ég innramma undir gleri og festi á vegg, á áberandi stað, á Vesturgötu 38 þar sem við bjuggum síðar, svo að lýðum væri ljóst að ég hefði þinglýst afsalsbréf fyrir fegurðardrottningunni og hefði greitt fyrir kvonfangið fullu verði. Þegar tímar liðu fram máðist textinn af þessu eina verðbréfi sem ég hef eignast um dagana og nokkurs er virði, þannig að eftir stóð það eitt að dómsmálaráðherrann gerði kunnugt og hafði þegið fyrir hundraðkall. Oft hef ég stritt Bryndísi á þessu afsalssbréfi en eftir að textinn velktist og varð að lokum ólæsilegur bendir hún aftur á móti á að nú sé hún laus mála og frjáls kona og fjárfestingin löngu afskrifuð.

Þessum samningum okkar tengdafaðga til staðfestingar var síðan ákveðið að brúðkaupið færi fram á laugardagsmorgni, 26. september 1959, á heimili séra Bjarna Jónssonar vígslubiskups að viðstöddum foreldrum hinna væntanlegu brúðhjóna. Ég hafði krafist þess að hjónavigslan færi ekki fram í kirkju heldur á heimili séra Bjarna og því til viðbótar að hún færi fram á latínu. Þar með þóttist ég hafa komið hlutunum svo fyrir, ef eitthvað vildi vefjast fyrir mér um efndir á svardögum síðar meir, að ég gæti borið því við, sem var aldrei nema satt, að kunnáttu minni í latínu væri verulega ábótavant. Bryndís gæti hins vegar aldrei skákað í því skjólinu þar sem hún var semidúx Lærða skólans í latínu á stúdentsprófi. Og Bryndís snaraði latínutextanum svo fyrir mér síðar að hún hefði svarið þess dýran eidd að vera manni sínum auðmjúk og undirgefin alla daga allt til enda veraldarinnar. Frú Áslaug, kona séra Bjarna, lék á orgelið og forseti Alþýðusambandsins og formaður heilðsalafélagsins sungu hjáróma Guðs orð. Að

athöfn lokinni féllust allir í faðma en við Bryndís veifuðum leigubíl og okum sem leið lá niður á höfn og leiddumst síðan hönd í hönd upp landganginn á gamla Gullfossi og héldum áleiðis til Edinborgar. Við vorum al-sæl. En um leið bærðust í brjósti okkar tregablandnar tilfinningar því að frumburður okkar, Aldís, hvíldi eftir í örmum ömmu sinnar.

Þar sem við stóðum og veifuðum til ömmu sem stóð við hafmarkantinn og lét Aldísi veifa á móti, örsmáum höndum, mátti sjá að brúðhjónin ungu báru ekki giftingarhringa. Við höfðum að visu fjárfest í slíkum gripum og látið grafa inn í hringana: „Látum skeika að sköpuðu“ en þegar til átti að taka reyndist hringur ballerínunnar of stór fyrir baugfingur hennar svo við máttum sætta okkur við að selja hringana fyrir slíkk „í brotajárn“.

### Húsakostur og hagstjórnarvíska

Fyrsta verkefni brúðhjónanna ungu á þessu hausti í Edinborg var að finna sér þak yfir höfuðið. Eftir gönguferðir og hjólreiðatúra um borgina fyrsta veturinn þóttist ég þekkja umhverfið eins og lófann á mér. Þetta var í fyrsta sinn sem við Bryndís bjuggum saman og ég vildi gera allt sem ég gæti til að henni liði vel hjá mér. Ég hafði sérstakan augastað á hverfi handan Princes Street sem heitir New Town og var reist á velmektardögum Edinborgar á 18. öld. Skipulagsuppdrætti og myndir af hverfinu er reyndar að finna í flestum uppflettiritum arkitekta um borgarskipulag og er þar sýnt sem fyrirmynd farmúrstefnuborgar í Evrópu á þeirri tíð. Þarna skiptast á steinlögð stræti og torg og viðáttumiklir garðar þaktir trjám og umvafðir gróðri. Þetta fannst mér vera umhverfi sambóðið drottningunni minni.

Við fengum bjart og rúmgott herbergi á pensjónati þar sem bjuggu aðallega útlendir námsmenn, flestir bandarískir skiptinemar á öðru eða þriðja námsári. Við nánari kynni kom mér á óvart hversu barnalegir þessir ungu Bandaríkjamenn virtust vera í hugsun og viðhorfum. Umræðuefnin virtust takmörkuð við amerískar kvikmyndastjörnur úr þriðja flokks kvikmyndum eða brilljantínsmurð átrúnaðargod úr vælukjóabransanum eða dægurlaga-iðnaðinum. Þetta var allt önnur manngerð en vinir mínir og félagar úr Socialist Labour Club sem höfðu margir hverjir ótrúlega lífsreynslu að baki og höfðu brennandi áhuga á þjóðfélags- og alþjóðamálum. Húsráðandinn á pensjónatinu var reyndar manngerð af því taginu. Hann var pólskur útlagi sem hafði barist í stríðinu með pólskum hersveitum á vesturvígstöðvunum. Í Bretlandi hafði hann fengið þjálfun sem orrustuflugmaður og barist í háloftunum í orrustunni um Bretland gegn Þjóðverjum sem hann hataði eins og pestina.

Námið var í föstum skordum. Ég sótti fyrirlestra og umræðu- eða dæmatíma í hagfræði og tölfræði, hag- og stjórnmálasögu og heimspeki- og hugmyndasögu. Bryndís lagði fyrir sig þýsku og rússnesku auk þess sem hún lauk á þessum vetri kennaraprófi í ballett á vegum Royal Academy of Ballet. Vinnuálagið var verulegt. Það þurfti að skila ritgerðum og undirbúa þátttöku í umræðum í viku hverri og búa sig undir próf í fjórum eða fimm greinum í lok hvorrar annar.

Hagfræðinám mitt var nær eingöngu á sviði þjóðhagfræði því verðmyndun á markaði var aðeins kynnt fræðilega, út frá heildarstærðum fremur en sjónarmiði fyrirtækisins. Náminu var skipt á þrjár annir, frá byrjun október og fram undir miðjan júní. Á hverri önn var til þess ætlast að hver nemandi tæki þrjú eða fjögur námskeið og lyki þeim með prófi. Fyrir utan hina eiginlegu hagfræði var öllum stúdentum við Edinborgarháskóla skylt að taka að minnsta kosti eitt námskeið í heimspeki, stjórnmálaheimspeki eða vísindaheimspeki og hugmyndasögu (menningarsögu). Í hagfræðináminu var skylt að taka nokkur námskeið í hag- og stjórnmálasögu iðnbyltingarinnar, aðallega út frá sögu Bretlands, en einnig mátti velja Bandaríkin, Niðurlönd og Þýskaland. Um Sovétríkin varð ég að sjá sjálfur. Próf í tölfræði var skyldugrein fyrir upphaf þriðja árs í hagfræði.

Eftir að ég ákvað að taka ekki sérsvið innan hagfræðinnar til svokallaðs honours-prófs, en fara þess í stað til Svíþjóðar í vinnumarkaðshagfræði, þurfti ég að fylla upp í einingafjöldann með stjórnlagafræði og mannfræði. Hin einstöku námskeið á þessum þremur árum skiptust í stórum dráttum í: þjóðarframleiðslu, þjóðartekjur og þjóðhagsreikninga; um peningamál og fjármálamarkaði; um skiptingu þjóðartekna á framleiðsluþættina; um ríkisfjármál og skatta og samspil ríkisfjármála og peningamála við hagstjórn; um alþjóðaviðskipti og viðskiptajöfnuð, gengi gjaldmiðla og fjármagnsflutninga og hið alþjóðlega fjármálakerfi; um hagvaxtarkenningar og þróunarlíkön; um stofnanaumgjörð hagkerfis og réttarríkis; um alþjóða efnahagsvandamál og sögu hagfræðilegra kenninga.

Sá sem hefur lokið námi af þessu tagi veit sitt af hverju um starfsemi hagkerfisins og ríkjandi kenningar um skynsamlega hagstjórn en hefur ekki fengið umtalsverða starfsþjálfun í vinnubrögðum hagfræðinnar. Vinnubrögðin verða menn að tileinka sér og öðlast þjálfun í af eigin reynslu og í daglegu starfi við stofnanir hagstjórnarvisskunnar.

Mér sóttist námið sæmilega. Ég fékk yfirleitt góðar umsagnir um ritgerðasmið mína, enda lagði ég í hana mikla vinnu. Mér kom á óvart að ég var betri stílisti á ensku en margir féлага minna, sem áttu þó ensku að móðurmáli. En ég þurfti að hafa mikið fyrir tölfræðinni og kom nú í koll að

hafa látið eftir mér að vertera úr stærðfræði- yfir í máladeild. Vinnuálagið var reyndar það mikið að þennan vetur las ég miklu minna fyrir utan náms-efnið en ég var vanur. Samt hélt ég uppteknum hætti og keypti bækur eins og aðrir keyptu sigarettupakka.

Á þessum vetri kynntumst við Bryndís allvel amerískum auðkýfingssyni úr oliubransanum frá Texas, Jimmy Haines. Jimmy hafði lent í einhverjum útistöðum við yfirvöld í Bandaríkjunum, hvort sem það var vegna þess að hann hafði hlaupist frá herkvaðningu eða af öðrum ástæðum. Texas-gæinn var fjáður vel og hafði stofnsett sérstaka bókabúð í háskólahverfinu sem hét Paperback Bookshop. Þar voru á boðstólum heilu staflarnir af úrvals bókmenntum frá gólfi og upp í rjáfur og þar var alltaf heitt á könnunni. Ætli ég hafi ekki verið með betri viðskiptavinum Jimma því ég kom þar við daglega, fékk mér kaffisopa, snuðraði í bókum og tók aðra tali sem þarna voru svipaðra erinda.

Jimmy var með mikil áform á þrjónunum um að stofna framúrstefnu-leikhús í Edinborg og lét reyndar verða af því. Það heitir Travers Theater. Bryndís vann með honum að því að leggja drög að starfi leikhússins. Það kom meira að segja til tals að hún tæki að sér hlutverk í þessu væntanlega „absúrd-leikhúsi“ en áður en af því yrði hafði Þjóðleikhúsið togað hana heim og á fjalirnar á ný.

### Söknuður og sektarkennd

Þó að lífið gengi sinn vanagang og við hefðum bæði meira en nóg fyrir stafni fór ekki framhjá mér að það var óyndi í Bryndísi og hún naut sín ekki. Auðvitað vissi ég, þótt við hefðum sjaldan orð á því, að hún var haldin nagandi sektarkennd yfir því að hafa skilið dóttur okkar eftir heima, þótt hún vissi vel að hún var í góðum höndum móður hennar. Innst inni gat hún ekki fyrirgefið sér að hafa látið foreldra sína taka af sér ráðin. Sársaukinn yfir viðskilnaðinum við dótturina gaf henni engin grid. Auk þess þóttist ég finna að heimur leikhússins átti miklu sterkari ítök í Bryndísi en ég hafði áttað mig á. Það er að vísu síst að furða því hún hafði nánast frá barnsaldri lifað og hrærst í heimi leikhússins. Hún hafði verið stjórnunemandi í ballettskóla Bidsteds og tekið þátt í flestum, ef ekki öllum sýningum danshópsins. Þar að auki hafði hún dansað í söngleikjum á fjöllum Þjóðleikhússins, en þeir voru yfirleitt færðir upp á vorin um leið og próf stóðu yfir í menntaskólanum. Bryndís saknaði leikhússins og mér fannst hún vera hálfvængbrotin, meðan hún gat ekki hafið sig þar til flugs. Um leið og voraði var eins og leikhúsbakterían tæki af henni völdin. Þegar henni barst

orðsending frá Guðlaugi Rósinkranz, þar sem hann bauð henni að taka þátt í uppfærslu á *Don Pasquale*, héldu henni engin bönd lengur. Hún lauk kennaraprófinu í ballett en pantaði sér síðan far með Gullfossi, ákveðin í að snúa heim. Ég fylgdi henni til skips. Um borð hittum við vini og kunningja í landahópi sem voru á heimleið. Þeirra á meðal var minn gamli skólafélagi, Ragnar Arnalds, sem hafði ákveðið að hætta námi í Svíþjóð og fara heim í lögfræði.

Einmanakenndin þyrmdi yfir mig þar sem ég stóð einn eftir á kajanum og veifaði í kveðjuskyni til Bryndísar og Ragnars sem stóðu í brúnni á gamla Gullfossi og hlökkudu til heimferðar. Ég kom orðsendingu áleiðis til vinar míns Styrmis Gunnarssonar, sem ég treysti eins og sjálfum mér, um að líta til með ballerínunni í fjarveru minni.

Að loknu öðru námsári í Edinborg harðnaði á dalnum fyrir íslenska námsmenn í útlöndum. Viðreisnarstjórnin var komin til valda og greip á skömmum tíma til tveggja gengisfellinga. Þar með var orðið talsvert dýrara að stunda nám í útlöndum og enginn var lánasjóðurinn. Hagfræðin inn í Edinborg var að vísu sammála því að veruleg gengisfelling yrði ekki umflúin ef koma ætti íslensku atvinnulífi út úr sjóðasukki millifærslukerfisins. Sjálfur hafði ég kynnst því með myndrænum hætti sumarið áður.

Ég hafði leitað til Haralds Jóhannssonar hagfræðings um að lesa með mér tölfræði. Haraldur gegndi þá starfi forstjóra Útflutningssjóðs atvinnuveganna í tíð vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar og á fyrstu árum viðreisnar meðan verið var að gera sjóðakerfið upp. Þegar ég kom inn á skrifstofu Haraldar sat hann fyrir framan handknúna reiknivél og strimlarnir vöfðust utan um borðið og skýrslustafana, sem hlóðust upp í kringum hann. Það þurfti ekki annað en að virða fyrir sér þessa sjón til að vita að þetta var vonlaust verk.

Seinna endurgalt ég Haraldi greiðann. Hann hafði þá sótt um starf sem hagfræðikennari við háskólann í Kuala Lumpur í Malasíu og síðar við háskóla í Suður-Afríku. Einn daginn sá ég fyrir tilviljun að á skrifborði Hannibals var bréf frá Haraldi, þar sem hann bað um meðmæli frá forseta Alþýðusambandsins. Bréfinu hafði ekki verið svarað. Ég tók mig því til og skrifaði loflegt meðmælabréf á bréfháus Alþýðusambandsins og í nafni forseta ASÍ, þar sem ég haldi Haraldi á hvert reipi sem kunnáttusömum og reyndum hagfræðingi og lét þess sérstaklega getið að hann væri íslenskur þýðandi hinnar altæku kenningar Keynes. Undir þetta bréf falsaði ég undirskrift Hannibals og stimplaði í bak og fyrir. Haraldur sagði mér síðar að hann teldi að þetta loflega meðmælabréf hefði ráðið úrslitum um að hann fékk starfið.

## Páskaferð til Parísar

Sumarið 1960, þegar áhrif gengisfellinganna fóru að bitna á námsmönnum erlendis af fullum þunga, spratt upp hreyfing sem gerði kröfur um að stofnaður yrði lánasjóður fyrir íslenska námsmenn í útlöndum. Hreyfingin fékk nafnið SÍSE, Samband íslenskra stúdenta erlendis. Við vorum þrír í forsvari fyrir hreyfinguna gagnvart menntamálaráðherra, sem var Gylfi Þ. Gíslason. Þetta voru auk mín þeir Ólafur Jónsson, fornvinnur minn úr menntaskóla, sem var við nám í Svíþjóð, og Loftur Guttormsson (bróðir Hjörleifs), sem var við sagnfræðinám í París. Við hittumst til að undirbúa rök og kröfur. Ég átti að leggja til hagfræðina en þeir hin almennu rök fyrir nauðsyn þess að búa betur að námsmönnum í útlöndum. Við settum rökstuðning okkar á blað og fórum með niðurstöðurnar á fund menntamálaráðherra í Arnarhvoli. Gylfi hlustaði á málflutning okkar en þegar við höfðum lokið máli okkar spurði hann allt í einu snöggur upp á lagið:

„Er það rétt, Jón Baldvin, að þú hafir týnt bíl í París?“

Þetta var ekki beinlínis heppilegt innlegg í kjarabaráttuna, en sannleikurinn var sá að þetta var rétt.

Um jól og páska var til síðs að veita þriggja vikna leyfi frá skóla og vistarverum námsmanna var lokað, enda til þess ætlast að þeir hyrfu til síns heima. Ég átti enn fyrningar af togarahýrunni, enda lifði ég spart, gekk um á molskinnsbuxum og peysu og leyfði mér ekki annan munað en bækur. Hins vegar stóðst ég ekki freistinguna þegar mér bauðst að kaupa fyrir slíkk eigulegan fornbíl, Morris, árgerð 1946 með leðursætum og sóllúgu (sem lýsir vist allt að því kvenlegum smekk á bílum). Ég ók drossiunni hróðugur til Bryndísar og bauð henni í páskaferð til Spánar. Við settumst upp í lúxuskerruna og keyrðum suður England, með viðkomu í Cambridge hjá Gunnari G. Schram og Elísu Jónsdóttur konu hans, en Gunnar var þá í doktorsnámi í hafréttarfræðum í Cambridge, og héldum síðan sem leið liggur með ferju yfir Ermarsund og til Parísar. Þegar þangað var komið reyndist vera mikið um að vera því Khrútsjov, aðalritari kommúnistaflokks Sovétríkjanna, var í opinberri heimsókn hjá De Gaulle og því mikill lög-regluviðbúnaður. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að staldra við ögn lengur í París en ætlað hafði verið.

Ég kynntist á krá samtökum útlaga frá Austur-Evrópu sem höfðu mikinn viðbúnað til að mótmæla komu Khrútsjovs. Þetta voru Pólverjar, Úkraínnumenn og Rússar, en ég hef alltaf verið sérstaklega veikur fyrir fólki af þessum slóðum. Þarna var mikið talað og drukkið við sleitur. Þegar upp

var staðið frá málfundum og slarki kom á daginn að Morris árgerð 1946 var horfinn. Þegar leitað var til frönsku lögreglunnar hlógu menn að svona lítilræði; þeir þóttust hafa nóg að gera við að verja líf Khrútsjovs fyrir fé-lögunum, sem ég hafði setið með að sumbli um nóttina, og kærðu sig koll-ótta þótt þjófahyski Parísar hefði enn einu sinni hlunnfarið fáráða útlend-inga sem ekki kunnu fótum sínum forráð í heimsborginni. Engu breytti þótt fornbíllinn væri sennilega eina eintakið sinnar gerðar í gervalli París-arborg og stolt breskrar verkfræðikunnáttu meðan hún var og hét. – Spánn varð því að biða betri tíma.

Menntamálaráðherra þótti það hins vegar ekki gott til afspurnar að fá-tækir námsmenn í útlöndum héldu sig svo ríkmannlega að þeir hefðu efni á að týna bílum í höfuðborgum heimsins. Mér brást bogalístin við málsvörnina fyrir hönd öreiga í útlöndum – og félagar mínir kunnu mér litlar þakkir fyrir frammistöðuna.



## KAFLI V

### Eitt skref aftur á bak – tvö skref áfram

Haustið 1960, fyrir upphaf þriðja námsárs í Edinborg, gerði ég upp hug minn. Ég komst að þeirri niðurstöðu að mér bæri skylda til að stofna heimili þar sem við Bryndís gætum alið upp barnið okkar. Til að réttlæta þessa ákvörðun bar ég því við að ég hefði ekki lengur efni á að kosta mig til náms í útlöndum. Móðuramma Bryndísar, Margrét Magnúsdóttir, átti litla íbúð í verkamannabústöðunum við Háteigsveg. Bryndís var hennar eftirlæti enda hafði hún alltaf verið hænd að ömmu sinni og afa, Margréti og Brynjólfi Jónssyni, sem hafði verið togarasjómaður lengst af ævi sinnar. Brynjólfur var nú fallinn frá og Margrét bauðst til að flytjast í skjól dóttur sinnar og tengdasonar, Aldísar og Björgvins í Sörlaskjóli, og bauð okkur Bryndísi íbúð sína til afnota þennan vetur. Við þáðum gott boð. Íbúðin var lítil en björt og vinaleg og það fór vel um okkur í þessu hreiðri. Bryndís var ráðin til starfa við Þjóðleikhúsið þennan vetur. Sjálfur ætlaði ég að bita í það súra epli að fara í lögfræði – í stað þess að stunda nám.

### Hlé á námi – sest í lagadeild

Lögfræðinám í Háskóla Íslands á þessum árum kom mér nokkurn veginn svona fyrir sjónir: Í kennslustofunni sátu þrjátíu ungir karlmenn í dökkum jakkafötum, hvítum skyrtum og með mjó svört bindi. Inn kom sjálfur prófessorinn í stjórnlagafræði, Ólafur Jóhannesson. Hann las upp úr bók eftir sjálfan sig sem hét *Stjórnskipun Íslands* – sem mig minnir að ég hafi rennt í gegnum í menntaskóla – og af einhverjum ástæðum var hann staddur á blaðsíðu 17 eins og Einar Olgeirsson í *Kommúnistaávarpinu* forðum daga. Ólafur Fljótamaður hafði afar sérkennilegar áherslur á íslensku máli; en þegar nemendum heyrðist hann leggja áherslu á eitthvað þá tóku hinir verðandi íhaldsmenn upp blýanta og strikuðu undir. En af því Ólafur hafði

svo óislenskar áherslur í framburði sínum er ég ekki viss um að þeir hafi hitt á að undirstrika aðalatriðin.

Það fór hrollur um mig við tilhugsunina um að lokast inni í þessari stofnun næstu árin. Ég hafði að vísu uppgötvað að frjálst þjóðfélag markaðsbúskapar og réttarríkis gæti ekki þrífist án sjálfstæðra dómstóla, þannig að lögfræðingar hefðu svo sem hlutverki að gegna. Bróðurpartur þess náms-efnis sem þarna var á boðstólum þótti mér þó harla lítilfjörlegur. Áherslan var á utanbókarlærdóm og staðreyndaítröðslu sem var ekki til þess fallið að kveikja andlegan áhuga. Lögfræðingar svara því auðvitað til að maður sem svona hugsar hafi ekki náð því þroskastigi að tileinka sér „lögfræðilegan þankagang“. Sá þankagangur snýst hins vegar um fordæmi og hefðarrétt. Hann snýst um að sýna fram á rétt rök fyrir því að verja óbreytt ástand; að sýna fram á að breytingar eigi helst ekki að ná fram að ganga því að þær brjóti gjarnan í bága við form og hefðir. Í mínum gamla skóla í Edinborg fengu menn ekki að byrja lögfræðinám fyrr en þeir hefðu að minnsta kosti lokið almennu BA-prófi, þar sem öllum var skylt að lesa að lágmarki almenna heimspeki og stjórn málasögu. Þannig var tryggt að verðandi lögfræðingar hefðu almenna menntun til að byggja á. Á lögfræði var síðan litið nánast sem handverk, nema menn ætluðu að nema þá grein til þess að gerast akademískir lögfræðingar eða dómara. Það kallaði á sérhæft framhaldsnám.

Ekki leist mér betur á Háskóla Íslands utan skólastofunnar. Ég saknaði hins alþjóðlega umhverfis frá Edinborg. Ég saknaði bókasafnsins og almennilegra bókaverslana. Ég saknaði félaga minna úr Socialist Labour Club, ég saknaði umræðunnar og þess andlega lífs sem lifað var innan háskólasamfélagsins þar í borg. Niðurstaðan varð því sú að ég flosnaði fljótlega upp úr náminu. Þó hafði ég tíma til að láta kjósa mig formann Félags róttækra stúdenta.

### Í Austurvegi

Það vildi mér til happs í leiðindunum að formanni Félags róttækra stúdenta barst bréf frá Varsjá. Bréfið var boð til félagsins um að senda fulltrúa á ráðstefnu í Varsjá um „frið og afvopnun“. Þegar ég kynnti mér málið nánar kom á daginn að þetta var fyrsta ráðstefnan af þessu tagi þar sem Austur-Evrópuríki buðu fulltrúum annarra en kommúnistaflokka af Vesturlöndum. Ég tilkynnti umsvifalaust þátttöku og tók með mér tannbursta og rakhnif og föt til skiptanna, því ég bjóst við að ráðstefnan tæki fimm daga – en ekki sex vikur eins og reyndin varð.

Á leiðinni til Varsjár hafði ég stutta viðdvöl í Kaupmannahöfn þar sem ég hitti tvo þátttakendur af Norðurlöndum: Dag Halvorsen, sem hafði stundað nám í Póllandi og var fréttaritari fyrir ýmis blöð á Norðurlöndum um málefni Austur-Evrópu, og Per Kirkeby, sem var danskur jarðfræðistúdent og fulltrúi stúdentafélags ungra kommúnista við Kaupmannahafnarháskóla. Kirkeby hafði tekið þátt í jarðfræðileiðöngrum á Grænlandi og þá komið við á Íslandi og drukkið sig fullan á Borginni og átti þaðan góðar minningar. Síðar á ævinni lagði hann jarðfræðina á hilluna en gerðist með tíð og tíma einn fremsti myndlistarmaður Dana og hefur haldið sýningar á Íslandi. Þegar til Varsjár kom bættist í þennan hóp ljóngefingur frá London School of Economics og samstarfsmaður Bertrands Russells í stjórn Samtaka um kjarnorkuafvopnun (Campaign for Nuclear Disarmament).

Ráðstefnan fór fram í hinni miklu Stalínshöll sem Rússar höfðu þröngvað upp á Varsjárþúfa í lok stríðsins en þetta gimald gekk í daglegu tali undir nafninu „Stalínstertan“. Framsögumaður á ráðstefnunni var forseti ungliðasamtaka sovéska kommúnistaflokksins, Komsomol. Samkvæmt hefð talaði hann lengi og ekki spaklega. Varla var satt orð að finna í þessari ókræsilegu áróðursræðu. Ræða Rússans fór öll öfug ofan í mig og varð til þess að ég bað þegar í stað um orðið sem lýsti takmörkuðum skilningi mínum á mannvirðingum og mannasíðum undir ráðstjórn. En þar sem þetta var fyrsta ráðstefnan í Austur-Evrópu eftir stríð þar sem mættu fulltrúar óháðra samtaka frá Vesturlöndum urðu forstöðumanni ráðstefnunnar á þau mistök að gefa mér orðið. Ég steig í pontu og bar fram harða gagnrýni á Sovétríkin og andmælti einhliða áróðursmynd þeirra af víglinu kalda stríðsins milli vestrænna lýðræðisríkja og Sovétríkjanna.

Þegar ég var kominn eitthvað áleiðis í ræðu minni tók ég eftir því að orðin bárust ekki út í hinn stóra sal. Hátalarakerfið hafði verið tekið úr sambandi. Túlkurinn, sem túlkaði ræðuna jafnóðum á rússnesku, hvíslaði í eyra mér gegnum hljóðkerfið að ég skyldi stilla mig og láta mér ekki bregða við það sem í vændum væri. Óðara komu einkennisklæddir menn upp í ræðustól og leiddu mig brott. Ég hugsaði með sjálfum mér: „Jæja, ætli þú sért ekki á leiðinni beint í Gúlagið, væni minn; það verður nú aldeilis merkileg lífsreynsla.“

Hinir einkennisklæddu menn reyndust vera meðlimir pólsku leyniþjónustunnar og fóru með mig rakleitt heim á hótél. Þar sátu þá fyrir túlkurinn Henryk Krzyzanowski og félagar mínir, Dag Halvorsen, Per Kirkeby og gáfafi gyðingurinn frá London. Gestgjafar okkar létu eins og ekkert hefði í skorist en tilkynntu kurteislega að nú lægju fyrir breyttar áætlanir um Pól-

landsheimsókn okkar. Okkur væri hér með sérstaklega boðið að taka þátt í námskeiðum uppi í Tatrafjöllum, nánar tiltekið í Zakopane, sem var eins konar athvarf hinnar nýju stéttar bæði til sumardvalar og skíðaiðkunar á vetrum og ekki opið öðrum en forréttindaaðli flokksins. Lenín og Krupskaya höfðu reyndar haft þar aðsetur við skriftir fyrir fyrra stríð enda var sérstakt safn í þorpinu til minningar um það. Námskeiðið átti að fjalla um pólska efnahagsþróun eftir stríð. Það hentaði prýðilega okkur Degi og gyðingnum gáfada frá London og Per Kirkeby virtist ekkert veita af því að læra eitthvað um efnahagsmál. Þetta var boð sem erfitt var að hafna – enda áttum við ekki annarra kosta völ. Námskeiðið stóð í tvær vikur.

Þeir sem kenndu á námskeiðinu voru lærisveinar Oskars Lange, menn að nafni Bobrowski og Blok. Oskar Lange var heimsþekktur pólskur hagfræðingur fyrir stríð. Hann var í útleð frá Póllandi Pilsudskis og gerðist prófessor í Chicago. Þar fékkst hann einkum við rannsóknir á miðstýrdum áætlunarbúskap Sovétkerfisins. Rannsóknir hans beindust að því að finna leiðir til að ræsa gangvirkið í stöðnuðu kerfi með því að innleiða vísi að frjálsri verðmyndun og samkeppni og freista þess þannig að fullnægja raunverulegum þörfum neytenda. Þessar kenningar (tilgátur og fræðilíkon) gengu undir nafninu sósíalískt markaðskerfi. Bæði tékkneskir og ungerskir hagfræðingar stunduðu sambærilegar rannsóknir í heimalöndum sínum. Kunnastur þeirra á Vesturlöndum, meðal hagfræðinga, var Ota Sik sem var helsti efnahagsráðgjafi Dubčeks vorið í Prag, 1968.

### Vitni um veröld sem var

Henryk Krzyzanowski, túlkurinn góði á ráðstefnunni í Varsjá, er einhver eftirminnilegasta persóna sem ég hef kynnst á lífsleiðinni. Næstu vikurnar í Póllandi fylgdi hann okkur þremmingunum hvert fótímal og túlkaði öll samtöl sem við áttum við þátttakendur á hagfræðiseminarinu í Zakopane.

Smám saman skýrðist myndin af þessum makalausum manni í huga okkar. Hann var pólskur aðalsmaður, sonur auðugs landeiganda frá austurhéraðum Póllands sem Sovétríkin hirtu í sinn hlut við skiptingu hins pólska dánarbús milli Stalíns og Hitlers við upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar. Þrátt fyrir þá lífsreynslu gaf Henryk sig fram sem sjálfboðaliða í pólska hernum til að verjast innrás þýsku skriðdrekasveitanna með einum riffli og hníf í belti. Pólski herinn fékk litlum vörnum við komið og það ríkti allsherjar upplausnarastand á flóttanum. Vegna ótrúlegrar málakunnáttu Henryks (honum lék ekki aðeins rússneska á tungu heldur öll helstu mál Vestur-Evrópu, þar á meðal sænska og hann kundi einnig nóg fyrir sér í

mandarínsku) hugkvæmdist einhverjum snillingnum að senda hann til Pek-  
ing þar sem hann gegndi hlutverki milligöngumanns við herráð Chiang  
Kai-sheks í varnarstríði Kínverja gegn innrás Japana. Þaðan komst hann  
með ævintýralegum hætti sjóleiðina um hálfan hnöttinn vestur á bóginn og  
endaði sem hermaður í pólskri herdeild við innrás bandamanna á Ítalíu.

Eftir valdatöku Rauða hersins og leppa Rússa í Varsjá eftir stríð, varð  
honum óvæert í landinu og tókst að flýja í tæka tíð og settist að í félagsskap  
útlægra Pólverja í París. Eftir að Khrútsjov flutti afhjúpunarræðu sína um  
glæpi Stalíns og Gomulka komst til valda í Póllandi sneri Henryk ásamt  
mörgum félögum sínum frá París til Varsjár og varð þá þjóðkunnur á einni  
nóttu meðal Pólverja sem lifðu í veikri von um nýja og betri tíma. Hann  
stofnaði og ritstýrði tímariti undir nafninu *Evrópa*. Á síðum þess rits birt-  
ust eldheitar og innblásnar hvatningargreinar til Pólverja um að nýta tæki-  
færi þiðunnar í heimsmálunum til að freista þess að koma á í Póllandi „sós-  
íalisma með mannlegu yfirbragði“. Þannig varð Henryk meðal fyrstu  
vorboða vorsins í Prag, sem tólf árum síðar var kæft í vöggunni af nýlendu-  
herrunum í Kreml og leppum þeirra í Prag.

Næstu árin hafði þessi fjölgáfaði og hámenntaði Pólverji ofan af fyrir sér  
sem burðarkarl á aðaljárnbrautarstöðinni í Varsjá. Eftir það leitaði hann at-  
hvarfs hjá kaþólsku kirkjunni og gekk í klaustur. Þegar við kynntumst hafði  
honum leyft að yfirgefa klaustrið nokkra mánuði á ári og neyta málakunn-  
áttu sinnar til að túlka á ráðstefnum og fundum þar sem erlenda gesti bar  
að gærði. Seinasta daginn okkar í Varsjá gengum við félagarnir í fylgd Hen-  
ryks um miðborgina. Það var auðfundið þar sem við gengum með honum  
milli kaffihúsa í gamla hverfinu í Varsjá að þar var þjóðhetja á ferð: Allir  
vildu heilsa honum, faðma hann og eiga við hann orðastað. Skiljanlega að  
mati okkar sem höfðum notið óviðjafnanlegrar samræðusnilli hans þessa  
ógleymanlegu daga í Sléttumannalandi.

Löngu seinna, þegar ég var orðinn utanríkisráðherra Íslands, reyndi ég  
vikum saman, fyrir atbeina pólska sendiráðsins, að hafa uppi á Henryk og  
ná símasambandi við hann. Það tókst einu sinni en sambandið var varla  
komið á þegar það var rofið. Þegar ég krafðist þess síðar að fá að hitta  
þennan fornvin minn að máli, þegar ég var í opinberri heimsókn til Pól-  
lands sem utanríkisráðherra, var mér sagt að hann væri alvarlega veikur og  
hefði ekki heilsu til að taka á móti gestum. Tilraunir mínar til að hafa uppi  
á honum eftir öðrum leiðum síðar báru heldur ekki árangur.

## Á bökkum Moldár

Námskeiðið reyndist lærdómsríkt en ennþá lærdómsríkari voru samtöl, bæði við kennara og nemendur. Þarna kynntist ég hagfræðingum og hagfræðinemum, bæði pólskum og annars staðar að úr Austur-Evrópu. Fyrir utan formlega fyrirlestra og umræður töluðu menn ótrúlega frjállega um tilvistarkreppu kommúnismans og ég svalg í mig nánast hvert orð. Öll þeirra orðræða afhjúpaði veruleikann í lepprikjum Sovétríkjanna: Bann við pólitískum umræðum á opinberum vettvangi; bann við stjórnarandstöðu og þagnarsamsæri um úr sér gengið hagkerfi. Með öðrum orðum: Formúla fyrir fátækt og ófrelsi.

Meðal þeirra sem þátt tóku í ráðstefnunni var þáverandi formaður samtaka ungmánna í Tékkóslóvakíu, Jiri Pelikan að nafni. Hann varð seinna nafnkunnur á Vesturlöndum því að hann var í innsta hring Dubčeks þegar vorið í Prag byrjaði að blómstra 1968. Þá var hann sjónvarpsstjóri ríkissjónvarpsins í Prag og opnaði þar fyrstur manna fyrir frjálsar umræður. Eftir að Brezhnev sendi skriðdreka til Prag varð Pelikan landflóttá og settist að á Ítalíu. Þar varð hann seinna þingmaður ítalska Sósíalístaflokksins á Evrópuþinginu í Strasbourg þar sem fundum okkar bar eitt sinn saman. Seinna kom hann í heimsókn til Íslands í utanríkisráðherratið minni. Ég bauð honum til kvöldverðar og sat með honum á spjalli fram á nótt ásamt nokkrum samstarfsmönnum mínum.

Í framhaldi af kunningsskap okkar á námskeiðinu góða í Zakopane bauð Pelikan mér til vikudvalar til Prag. Þar var fyrir einvalalið íslenskra námsmanna, menn eins og Jóhann Páll Árnason heimspekingur og Helgi vinur minn Haraldsson málvísindamaður. Í hópnum var líka að finna Þorgeir Þorgeirson, kvikmyndagerðarmann og skáld, Hauk Jóhannsson frá Goðdölum verkfræðingur og Jón Gunnarsson málvísindamaður, fyrir utan Ólaf bróður minn, sem hafði haldið til náms í þessum góða félagsskap í Prag.

Sem gestur hinnar nýju stéttar hélt ég mig ríkmannlega á glæsihótelinu á bökkum Moldár. Í Tékkóslóvakíu, eins og annars staðar í Austur-Evrópu, ríkti mikill gjaldeyrisskortur á þessum árum. Mér var fengið í hendur ógrynni úttektarmiða sem ætlaðir voru til úttekta á lúxusvarningi í sérstökum búðum fyrir forréttindastéttina. Þessir úttektarmiðar gengu líka kaupum og sölum á svörtum markaði á margföldu gengi. Landar mínir, sem voru orðnir hagvanir í Prag, tóku að sér að koma miðunum í verð á margföldu gengi þannig að ekki skorti skotsilfur til að halda allan hópinn ríkmannlega í mat og drykk.

Sumir þessara manna voru framarlega í flokki í hinum svokallaða SÍÁ-hópi. Leiðandi menn í þessum hópi voru til dæmis Hjörleifur Guttormsson í Austur-Þýskalandi, Hjalti Kristgeirsson í Ungverjalandi, Jóhann Páll í Prag, þeir Arnór bróðir minn og Árni Bergmann í Moskvu og Skúli Magnússon í Peking. SÍÁ-hópurinn varð alræmdur á Íslandi þegar svokallaðar leyniskýrslur, sem þeir sendu innbyrðis sín í milli og til forystumanna Sósíalistaflokksins um ástandið austan járnþjalds, komust í hendur Heimdellinga og voru gefnar út á bók árið 1963, að SÍÁ-liðum forspurdum undir heitinu: *Rauða bókin – leyniskýrslur SÍÁ*.

Sagan um það hvernig leyniskýrslurnar rötudu í hendurnar á stjórn Heimdallar fór milli manna á þessa leið: Magnús Þórðarson, sem þá var forstöðumaður upplýsingaskrifstofu NATO á Íslandi, átti að hafa verið í vinfengi við konu í Kópavoginum en einhver í SÍÁ-hópnum hafði fengið að geyma föggur sínar uppi á háalofti hjá þessari gestrisnu konu. Sagan segir að konan hafi leitt Magnús í loftið og hann þar komið auga á leyniskjölin og tekið þau ófrjálsri hendi og gefið út valda kafla á vegum Heimdallar.

Seinna var mér sagt að þessi frásögn um stuld leyniskýrslanna væri fremur í ætt við goðsögn en staðreyndir. Því til staðfestingar er minningargrein um Halldór Þorstein Briem, sem birtist í *Morgunblaðinu* 18. janúar 1996 og var eftir Kristján Guðbjartsson. Þar segir eftirfarandi um það hvernig hinar dularfullu leyniskýrslur rötudu í hendur óvinanna:

„Hér fyrr á árum tók Halldór (Þorsteinn Briem) virkan þátt í pólitík og verkálýðsbaráttu og var í fremstu baráttusveit með Birgi heitnum Kjaran, sem var aðalskipuleggjandi Sjálfstæðisflokksins. Bjarni heitinn Benediktsson forsætisráðherra var sérstakur vinur Halldórs. Á árunum fyrir 1960 bárust Halldóri í hendur leyniskýrslur um Sovétríkin og bar hann þær undir Bjarna heitinn. Bjarni sá svo um að láta *Morgunblaðið* birta úr þeim kafla og kafla öðru hvoru. Enginn vissi hvaðan Halldóri bárust leyniskýrslurnar, eða að Bjarni hefði fengið þær hjá honum fyrir *Morgunblaðið*.“

## SÍÁ og leyniskýrslurnar

En hvað var svona merkilegt við leyniskýrslurnar? Það sem helst hefur gildi fyrir seinni tíma menn eru bréfaskipti Skúla Magnússonar Kínafara, sem sat í Peking og Hjalta Kristgeirssonar, sem sat í Búdapest. Skúli var þá ungur Vestfirðingur sem fór, eins og þeirra var siður, á Menntaskólann á Akureyri. Eftir innrásina í Ungverjaland hafði Þórarinn Björnsson skólameistari kallað skólalýðinn á sal og flutt þeim eldmessu í byronskum anda um

gildi frelsisins þar sem hann fordæmdi ofbeldi Rauða hersins gegn afkomendum Kossuths, hinnar ungversku frelsishetju 19. aldar. Seinna flutti Þórarinn skólameistari útvarpserindi þar sem hann meðal annars átalði fylgispekt Nóbelskaldsins við harðstjórana.

Skúli hafði greinilega verið rækilega heilabveginn á sellufundum í hinum norðlenska skóla því hann tók málflutning skólameistara óstinnt upp og birti mikla grein í *Þjóðviljanum* þar sem hann álasaði skólameistara sínum fyrir að kunna ekki skil á „dialektiskri efnishyggju“ sem væri það „sköflungssverð, sem allar brynjur sneiddi og allar undir græddi“. Munnsöfnuður þessa kjaftfora stráks hreif svo Kristin E. Andrésson að hann beitti sér fyrir því að Skúli kæmist gegnum bein flokkstengsl til náms í Peking. Þar var Skúli við nám næstu árin, einn manna frá Vesturlöndum á þeim tíma. Skúli upplifði því ógnarstjórn Maós formanns beint í æð og var þó horfinn frá Kína áður en hinum rauðu varðliðum menningarbyltingarinnar var sigað út á torg og stræti til að mölva mélinu smærra það sem eftir var af ytri táknum hinnar ævafornu menningar miðríkisins.

SÍA-menn höfðu til síðs að skiptast á skýrslum innbyrðis, um ástandið í þeim löndum sem þeir dvöldu í. En af hverju voru skýrslurnar leyniskýrslur? Af hverju var ekki tækifærið notað, fyrst þarna voru ungir menn á vegum Flokksins og áhugasamir um framkvæmd sósíalísmans, til þess að gera þá að fréttaritutum *Þjóðviljans* í Prag, Búdapest, Leipzig og Berlín, Varsjá, Moskvu og Peking, og birta þær almenningi á Íslandi og trúnaðarmönnum flokksins til upplýsingar „um hið sanna ástand heimsins“?

Megnið af því efni sem að lokum birtist í úrvali Heimdallar af SÍAskýrslunum sætir svo sem ekki miklum tíðindum. Flestir höfundanna virðast hafa verið bærilega þjálfaðir í þeirri list að ritskoða sjálfa sig eða þá að þeir vissu sem var að sannleikurinn væri hættulegur og gæti bundið snöggan enda á námsdvöl þeirra, ef ekki væri farið með hann eins og manns-morð.

Undantekningin frá þessu var skýrsla sem Skúli sendi félögum úr einsemd sinni í Kína. Hann hafði greinilega ekki þurft að dveljast lengi í Peking til að sjá í gegnum svínarið og hann fær ekki orða bundist – hann segir sannleikann umbúðalaust: „Kerfið er *despotik* (harðstjórn), þar liggur meinsemdin grafin.“ Hann lýsir því hvernig vinnubúðirnar fyllast af fólki sem svipt hefur verið frelsi sínu; hann lýsir því ginnungagapi sem orðið er milli hinnar hástemmdu mælgí flokksleiðtoganna og hins nakta og óbærilega veruleika sem fólk býr við. Hann lýsir því hvernig þeir sem létu blekkjast af ræðum Maós („látum þúsund blóm blómstra“) og opnuðu hug sinn og gagnrýndu kerfið voru ofsóttir, niðurlægðir, kvaldir og pyntaðir eða

hreinlega drepnir. Hann lýsir æstum skríl sem umkringir fórnarlömbin sem hneigja höfuðið meðan skammir og svívirðingar dynja á þeim. Hann segist engan þekkja sem ekki þjáist undir þessu skipulagi. Hann segir hverju mannsbarni ljóst „að allir eru alltaf að njósna um alla“. Hann segist ekki fá betur séð, en að Kommúnistaflokkur Kína „sé með verstu úhrökum, sem veraldarsagan greinir“. Hann lýsir leiðtogunum sem sitja einangraðir á valdastólum þessa kúgunarkerfis sem hræddum mönnum sem hafi „háa múra og margfalda rafmagnaða víra þar uppi á umhverfis híbýli sín“. Niðurstaða Skúla er einföld: Barnalærdómurinn að heiman, sem honum var innrættur á sellufundunum nyrðra, var lygi og fals, uppspuni frá rótum. Niðurstaðan er: „Kerfið er despotik, þar liggur meinsemdin grafin.“

Og hverju svarar Ungverjalands-Hjalti, sem var lengra kominn á þroska-brautinni en nýgræðingurinn í Kína? Hann skýrir ástandið fræðilega með vísan til fjögurra (vætanlega tímabundinna) þátta: Ósósíalísk vitund almennings, fjandsamlegt umhverfi (imperialistarnir), vanþróuð framleiðsluöfl og lélegt starfslíð. En þegar Skúli vísar þessum skýringartilgátum kennimannsins á bug er hann einfaldlega sproksettur í nafni Stóra sannleiks: „Með þessu segir þú einungis, að þínar eigin hugmyndir um sósíalismann hafi bedið skipbrot. Það sannar aftur á móti, að þú hafir (rétt eins og ég) hleypt heimdraganum, sýktur af ýmis konar hughyggjukenndum útópíum.“ Síðan er reynt að hæðast að tilfinningasemi Skúla sem greinilega hefur ekki helst nægilega í eldi stéttabaráttunnar.

„Þú ert þeirrar nafngiftar ekki verður [að heita spámaður] enda er innblástur þinn á sviði þjóðfélagsvísinda ekki af himneskum uppruna. Mér þykir fyrir því að segja það, en ég held hann sé hættulega nálægt hinum alþjóðlega imperialisma í sumum atriðum. Í niðurlagsorðum Hjalta í þessari ritdeilu gerir hann að umtalsefni hina tvíeinu villu, dogmatisma (kreddufestu) og revisionisma (endurskoðunarstefnu).

Það er eftirtektarvert að alveg eins og á dögum rannsóknarréttar kaþólsku kirkjunnar á galdrabrennuöld tákna orðið villa (heresia) dauðasynd. Hinir villuráfandi sauðir hafa fyrirgert fyrirheitinu um sæluvist í framtíðarríkinu, sem samkvæmt skilningi kaþólskra er á himnum, að loknum hreinsunareldinum í hinum jarðneska táradal. Og Hjalti vandar um við hinn villuráfandi sauð og varar hann við að halda lengra á braut trúvillunnar. Hann segir:

„Sumir segja að dogmatismi stafi af heimsku, en revisionismi af fúlmennsku. Þetta kann að standast í sumum tilfellum, en þó vil ég gefa aðra skýringu á okkur tveim. Hver er sjálfum sér næstur. – Við sem erum hér vestur í álfu, en fyrir austan tjald þó, lifum í hugmyndaheimi, þar sem þó

nokkur dogmatismi ríkir. Hins vegar er þetta alltjént sósíalismi og hreint ekki svo ósympatískt þjóðfélag að lifa í. Við aðlögumst því að meira eða minna leyti, og teljum okkur skylt að verja það fyrir óvinum þess í ræðu og riti.“

Það er talandi tákni um það andrúmsloft þagnarsamsæris og andlegrar bæklunar sem ríkti í hugarheimi forystumanna gamla Sósíalístaflókkisins og þessarar nýju kynslóðar að flokkurinn taldi líf sitt liggja við að sannleikurinn um ástandið í Austur-Evrópu bærist ekki almenningi til eyrna og að skýrslurnar yrðu brenndar. Skúli og Arnór, bróðir minn skáru sig úr vegna þess að þeir neituðu að ljúga samkvæmt því boðorði flokksins að búið væri að ljúga svo miklu og svo lengi að almennir flokksmenn og almenningur á Íslandi mættu ekki við því kúltúrsjokki að hin andlega svikamylla yrði afhjúpuð í eitt skipti fyrir öll.

Þegar Skúli sneri heim eftir langa útivist í Kína fórum við Arnór til fundar við hann. Arnór brýndi fyrir Skúla að hann ætti að baki einstæða lífsreynslu. Hann væri sá maður á Vesturlöndum sem lengst hefði stundað nám bak við Kínamúrinn. Aðrir sem nú þættust vera sérfróðir um Kína Maós og stjórnarfar þar í landi hefðu í hæsta máta litið þar við nokkrar vikur (eins og til dæmis Sviinn Jan Myrdal, sem skrifaði galna bók, *Chinese Village*, um Kína á þessum árum eftir sex vikna dvöl í landinu). Arnór skoraði á Skúla að leita eftir framhaldsnámi í Bandaríkjunum (helst hjá Wittvogel við Harvard en hann er höfundur grundvallarrits um málefni Asíu, sem ber heitið *Oriental Despotism*). Skúli hlustaði á Arnór en sagði fátt. Daginn eftir keypti hann sér farmiða til Bildudals þar sem hann gerðist barnakennari. Árum saman heyrðist ekki orð frá Skúla um einstaka lífsreynslu hans í Kína en löngu eftir að fjöldamorðinginn Maó var fallinn frá, eftir öll sín fólksuverk, sá ég greinar eftir hann í *Tímanum*.

### „Jón kemur bráðum heim ...“

Eftir vikulangar rökræður í Prag var löngu tími til kominn að snúa heim á leið. Á leiðinni með lestinni rifjaðist upp fyrir mér að Guðrún frænka mín, dóttir Finnboga Rúts, var við nám í Leipzig í Austur-Þýskalandi þar sem hún var í tygjum við jórdanskan læknanema. Mér fannst óverjandi að ganga þar hjá garði án þess að kasta kveðju á frænku mína. Mér láðist að taka til lit til þess að ég hafði einungis vegabréfsáritun sem heimilaði mér tuttugu og fjögurra stunda dvöl sem átti að duga til að komast á skipsfjöl í Warnemünde áleiðis til Danmerkur. Ég kærði mig reyndar kollóttan um slíka skriffinnsku í landi þar sem ríkisborgararnir lifðu við það að þurfa að fram-

vísa skilríkjum hvenær sem var og hvar sem var, að viðlögðu fangelsi eða vistun í nauðungarvinnubúðum.

Í Leipzig hitti ég frænku mína og aðra íslenska námsmenn, þeirra á meðal forystusauð íslenskra stúdenta í Austur-þýska alþýðulýðveldinu, Hjörleif Guttormsson, sem þá var gláðsinna ungur maður og spilaði á gítar og söng. Ferðinni lauk svo í Austur-Berlín þar sem ég gisti hjá Þór Vigfússyni og konu hans, Helgu Novak skáldkonu. Þór varð síðar skólameistari Fjölbautaskóla Suðurlands. Þór var og er hinn mesti öðlingur og mikill vinur vina sinna. Einhvern veginn tókst honum að herja út Ausweis frá kontórum lögreglukisins sem dugði til þess að ég slapp heill á húfi út úr landinu. Þetta var í mars 1961. Hálfu ári síðar hóf Ulbricht að reisa Berlínarmúrinn til að loka það óhamingjusama fólk sem þarna bjó inni í tugthúsi Sovétsins.

Þetta hafði vissulega verið lærdómsríkt ferðalag. Þarna kynntist ég í fyrsta sinn af eigin reynslu veruleikanum í „framtidarríkjum sósíalísmans“ eins og það hét á síðum *Þjóðviljans*. En ferðin hafði ekki einungis verið lærdómsrík heldur líka langdregin. Ég hafði kvatt Bryndísi með þeim orðum að hún mætti vænta mín til baka innan viku. Vikurnar voru nú orðnar sex. Bryndís segir sjálf svo frá í ævisögu sinni að bréfin hafi að vísu borist til hennar í stríðum straumum frá Varsjá, Kraká, Zakopane, Leipzig og Berlín – en í þeim bréfum hafi ekki verið að finna stafkrók um heimkomu. Sjálf segist hún hafa farið út á flugvöll, hvað eftir annað, í þeirri veiku von að eiginmaðurinn birtist með Kaupmannahafnarvélinni. Meira að segja segir hún að dóttir okkar, rúmlega eins árs, hafi verið farin að hugga móður sína og fullvissað hana um að „Jón kæmi bráðum heim“.

Þegar ég loksins birtist urðu fagnaðarfundir eftir langan aðskilnað og vökunótt við að segja frá öllu því sem á dagana hafði drifið. Allt í einu birtist skeggjaður listamaður undir gluggum Bryndísar og upphóf tregablandna serenöðu í spænskum stíl. Þegar ég birtist í glugganum í stað Bryndísar var listamanninum brugðið og var fljótur að hafa sig á brott svo að sá í iljar honum.

Um vorið, þegar Bryndís var laus úr leikhúsinu, tilkynnti hún mér einn góðan veðurdag að hún væri farin til Parísar til frekara náms í frönsku og dansi. Nú væri tími til kominn að ég sýndi hvað í mig væri spunnið og annaðist um dóttur okkar yfir sumarið. Eftir á að hyggja minnir mig að tengdamóður minni hafi runnið til rifja umkomuleysi mitt og tekið af mér ómak-ið við barnauppleidið, að mestu eða jafnvel öllu leyti.

## Kommúnismi og jafnaðarstefna

Það er ekki erfitt að skilja hvers vegna ýmsir af kynslóð foreldra minna gerðust kommúnistar á millistríðsárunum. Ísland var þá á tiltölulega skömmum tíma að taka stóra stökkið frá 13. öld inn í 20. öldina. Það var afleiðing af vélvæðingu bátafloata, upphafi útgerðar og þjóðflutningum úr sveit í þorp. Til varð verkalýðsstétt sem bjó við vinnubrælkun og fátækt og illan aðbúnað. Verkalýðshreyfingin og hreyfing íslenskra jafnaðarmanna var í frumbersku. Spurningin um þjóðfélagslegt réttlæti, jöfnuð og félagslegt öryggi var á dagskrá og menn urðu að taka afstöðu til þjóðfélagsvandamála sem verða til í slíku samfélagi.

Jafnaðarmannahreyfingarnar á Norðurlöndum voru mörgum áratugum eldri. Þar á bæ höfðu menn almennt framan af fremur samúðarfulla afstöðu til rússnesku byltingarinnar og fáir urðu til að mæla bót einræði keisarastjórnarinnar rússnesku. Hins vegar var löngu áður orðin til sjálfstæð kenning sósíaldemókrata um lýðræðislegar umbætur á kapitalisma iðnvæðingarinnar. Ef krafan um félagslegt réttlæti til handa fátæku fólki er kæfð niður með valdi þá uppskera menn byltingu. Lýðræði er hins vegar aðferð til að koma á þjóðfélagsumbótum með friðsamlegum hætti. Það er leið jafnaðarstefnunnar. Þegar mönnum var ljóst að stjórn Leníns og síðan Stalíns í Rússlandi var ógnarstjórn sem afnam lýðræði og mannréttindi og þróaðist síðan í hreina glæpamannastjórn þá snerust jafnaðarmenn gegn Sovétstjórninni og kommúnistum og voru reyndar skilgreindir af Sovétstjórninni sem höfuðstoð auðvaldsins. Þeim var gefið að sök að framlengja líf kapitalismans með því að gera inntak hans og ásýnd manneskjulegri og koma þannig í veg fyrir byltinguna.

Þegar kom fram á fjórða áratuginn brast á heimskreppa sem átti rætur sínar að rekja í markaðsbresti kapitalismans í Bandaríkjunum. Hún breiddist út um nær allan heim og nú blasti við mönnum að kapitalisminn hafði brugðist. Í Bandaríkjunum kom Roosevelt til valda og boðaði New Deal, ekki með skírskotun til frelsis markaðsaflanna heldur með skírskotun til samstöðu fólks um að bjarga því sem bjargað varð í krafti lýðræðislegs ríkisvalds.

Í rauninni má segja að sósíaldemókratar á Norðurlöndum hafi verið farnir að framkvæma New Deal á undan Bandaríkjamönnum. Þar voru Svíar fremstir í flokki. Þeir litu í vestur og sáu að óbeislaður kapitalismi hafði brugðist. Þeir litu í austur yfir Eystrasaltið og sáu þar framkvæmd sósíalisma í „einu landi“ undir forystu Stalíns, sem fólst í því að koma fram-

leiðslutækjunum í samfélagseign, þjóðnýta allt en afnema um leið mannréttindi, frelsi og lýðræði og viðhalda stjórninni með aðferðum lögregluríkis og valdbeitingar. Svíar völdu þriðju leiðina.

Sósíalisminn er mannúdarstefna. Hann er hugsjón samstæðra hugmynda um félagslegt réttlæti, jöfnuð og frelsi. Það er edlilegt að þeir sem töldu að hin ósýnilega hönd markaðarins hefði brugðist skyldu binda trú sína við mátt lýðræðisins og lýðræðislega kjörinna stjórnvalda til að leysa mannleg vandamál eftir leiðum skynseminnar. Í efnahagsmálum vöknudu hugmyndir um heildarstjórn atvinnulífsins (*planökonomie*).

Í raun og veru er aðeins til ein skilgreining á sósíalisma: Samfélagseign á framleiðslutækjunum og afnám á arðrání manns á manni. Skirskotun kommúnismans sem kenningar til menntamanna er auðskilin vegna þess að hún boðar heildarlausn. Ef menn hafna kapítalismanum, bæði af siðferðilegum og praktískum ástæðum, er þá ekki edlilegt að binda trú sína við mátt mannlegrar skynsemi til að koma fram hinu góða sem ekki gerist af sjálfu sér?

Þegar við lítum á Ísland er vert að hafa í huga að við vorum á þessum tíma nýfrjáls þjóð, laus undan oki erlendarar nýlendustjórnar og allur almenningur á Íslandi hafði af edlilegum ástæðum andúð á gömlu nýlendu-veldunum. Aðalógnin var uppgangur nasismans í Þýskalandi. Annað sem skýrir hugsun Íslendinga um þjóðfélagsmál er að hér þekktist enginn hagfræðileg hugsun, enda aðeins örfáir menntaðir hagfræðingar til á landinu. Skilningur á því að markaðshagkerfi væri hagkvæmasta leiðin til að virkja framtak einstaklinga í því skyni skapa verðmæti var nánast engin. Þau öfl sem skilgreindu sig til hægri höfðu heldur óbeysid hugmyndakerfi. Og því fer viðs fjarri að forystumenn Sjálfstæðisflokks á þessum tíma hafi verið boðendur frjáls markaðar eða opins hagkerfis eða byðu upp á einhverja heildstæða hugmyndafræði í stað sósíalisma. Stóðir borgaralegs þjóðfélags á Íslandi voru veikar og segja má að þeir menntamenn íslenskir sem gerðust áhangendur og trúboðar Sovétkommúnismans hafi fyllt upp í tómarúm. Því hverjir voru spámenn markaðskerfis, lýðræðis og réttarríkis á þessum tíma í hugmyndafræðilegri baráttu? Það var leitun að þeim.

Við þetta er síðan því að bæta að byltingin á sér stað í Rússlandi. Og hvað var Rússland? Rússland var lénsveldi undir alræðisstjórn keisaraveldis. Þorri Rússa voru ánauðugir bændur. Þar ríkti kúgunarstjórn lénsaðals sem átti lönd og sálir. Á þessu var enginn skilningur á Íslandi. Menn vissu ekkert um Rússland og höfðu engar forsendur til að átta sig á því að framkvæmd sósíalisma í svo frumstæðu lénsveldi væri allt önnur en viðleitni sósíaldemókrata á Vesturlöndum til að koma á lýðræði í þróðu samfélagi.

## Höfundur Íslands og Sovétrúboðið

Það er engin ástæða til að fordæma það fólk sem við þessar aðstæður, bæði í íslensku þjóðfélagi og í kringum okkur, hneigdist til að hafa í upphafi jákvæða afstöðu til þjóðfélagstilraunarinnar í austri. Sannleikurinn er sá að margt af okkar besta fólki vildi leggja lið málstað fátæks fólks í baráttu fyrir bættu samfélagi í hörðum heimi og skipaði sér þar í sveit.

Það er ekki fyrr en staðreyndir um ógnarstjórn rússneskra kommúnista fóru að berast að menn áttuðu sig á að tímabært væri að gera málið upp við sig. Það gerðist innan jafnaðarmannahreyfingarinnar strax á þriðja áratugnum. Sennilega var norskri jafnaðarmannaflokkurinn sá seinasti af öllum jafnaðarmannaflokkum í Evrópu til að slíta samskiptum við rússneska Kommúnistaflokkinn. Hann var meðlimur í þeim alþjóðasamtökum sem lutu forystu kommúnista allt fram að árinu 1927. Noregur var líka með seinni skipunum vegna þess að iðnþróun var þar skammt á veg komin og efnahagskerfið var vanþróaðra þar í landi en í Svíþjóð og Danmörku og annars staðar í Evrópu.

Hvernig stóð á því að Sovétrúboðið var svo öflugt á Íslandi og hvernig stóð á því að það var svona lífsseigt? Hvernig stóð á því að margir af helstu menntamönnum Íslendinga gengu á mála hjá harðstjórum og gerðust beinlínis verkstjórnarmenn og létu nota sig í áróðursstríði þeirra á Vesturlöndum? Hvernig stóð á því að það var ekki bara ein kynslóð heldur líka önnur seinni sem tók þetta andlega þrotabú í arf og hafði ekki manndóm til að gera það upp? Hvernig má það vera að unglingur eins og ég, sem er að taka út þroska á árunum eftir seinna stríð og fram yfir dauða Stalíns, hafi verið að basla í því að losa sig við þessi hjáfræði fram yfir tvítugt og lagt í það mikla andlega orku og fyrirhöfn?

Skýringin er sú að þetta var sá hugmyndaheimur sem við tókum í arf. Hvað höfðum við að lesa fyrir utan *Þjóðvilja dagsins? Tímarit Máls og menningar, Rauða penna*, Þórberg Þórðarson, Jóhannes úr Kötlum og Sverri Kristjánsson. En auðvitað fyrst og síðast yfirtrúboðann sjálfan: Halldór Kiljan Laxness. Höfundur Íslands. Mesta skáld Íslands eftir Snorra Sturluson. Við drukkum kommúnismann í okkur gegnum bækur hans. Kiljan dró upp mynd af okkar eigin þjóðfélagi sem renndi frekari stoðum undir þessa kiljönsku lífssýn. Hvernig eru atvinnurekendur í bókum Kiljans? Þeir eru fiðl og idjótar, afætur og braskarar. Þeir sem eru heidarlegir og ærlegir berjast fyrir verkalyðinn. Þetta er heimsmyndin sem höfuðskáld

Þjóðarinnar skapaði. Síðan var fyllt upp í hana. Ég trúði sem opinberun hverju orði sem höfuðskáldið skrifaði.

Við lásum skáldin og rithöfundana sem héldu fagnaðarerindinu til streitu á síðum *Þjóðviljans*. Hér var mótuð heimsmynd í svarthvítu sem byggðist á andúð á vestrænum lýðræðisríkjum, en þau voru skilgreind sem nýlenduveldi. Upp reis hópur manna sem hafnaði með öllu efnahagsskipun sem var byggð á frjálsu markaðsstarfi og frjálsu framtaki. Þessi hópur, sem gekk í þjónustu Sovétrúboðsins án þess að hafa nokkra þekkingu á Rússlandi eða aðstæðum þar, forhertist að lokum eftir að sönnunargögnin hrúguðust upp, neitaði staðreyndum og festist í lífslyginni. Það er um leið umsögn um hin borgaralegu öfl á Íslandi að þau höfðu ekki roð við þessum mönnum. Þau höfðu fátt eitt að bjóða ungu fólki á mótunarskeiði, sem var að leita að lykli til skilnings á umhverfi sínu, annað en kreppuráðstafanir og rifrildi um rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

### Gerska ævintýrið?

Það er ekki laust við að maður finni fyrir allt að því líkamlegri óbeit þegar maður flettir aftur blöðum í hinu *Gerska ævintýri* Halldórs Kiljans, sem hann gaf út árið 1938. Þetta er eina bókin sem ég hef lesið sem um má segja með sanni að í henni er ekki satt orð að finna. Hún er lygi, frá upphafi til enda. Og þar að auki full af hroka og hofmóði í garð annarra. Höfundurinn hælir sjálfum sér á hvert reipi fyrir að vera staðfastur í trúnni – fyrir að þora að bera sannleikanum vitni. Hann ímyndar sér að heimsfrægdin hefði bedið hans handan við næsta götuhorn, bara ef hann hefði látið til leiðast að niða Sovétríkin – þvert um hug sér. Hann sér í anda risastór upplög bókar sinnar á öllum þjóðtungum heims; hann ímyndar sér tékkana streyma inn á bankareikninginn og sér loks í hillingum Rolls Royce í hlaðinu. Allt þetta muni veitast honum bara ef hann vildi ljá penna sinn ósannindum um framtíðarríki bóndans í Kreml. Hvilik sjálfsafneitan! Hvilíkur kjarkur!

Er ekki andlegur heiðarleiki, sannleiksást og fórnarlund þessa manns að dáunarverð? Hann svarar sér sjálfur með því að hella úr skálum reiði sinnar yfir André Gide, sem hann segir hafa selt sálu sína fyrir (óverðskuldaða) höfundarfrægd og flokkar gagnrýni hans á Sovétríkin undir kvittun fyrir mútur.

En með þessari bók – þótt ekki komi annað til – gerist Halldór Kiljan, höfundur Íslands, meðsekur um morð. Honum veittist sú náð – og þeirrar

náðar njóta þeir einir sem voru inn undir hjá Kremlarvaldinu – að fá að fylgjast með frá degi til dags sýndarréttarhöldunum yfir Bukharín og félögum. Bukharín var einn af bestu sonum byltingarinnar og féll þar af leiðandi í ónáð hjá Stalín, eins og reyndar flestir brautryðjendur byltingarinnar sem eitthvað höfðu til brunns að bera. Hann var niðurbrotinn eftir sérfræðilega meðferð pyntingameistara hins morðóða glæpamanns sem ríkti í Kreml. Halldór Kiljan virðist hafa sérstaka ánægju af að hæðast að hlutskipti þessa harmkvælamanns. Um leið er hann að hæðast að öllum þeim sem af óeingingjörnum hvötum gengu til liðs við Kommúnistaflokk Ráðstjórnarríkjanna og guldu síðar fyrir það með lífi sínu og æru.

Í starfi mínu sem sendiherra í Washington kynntist ég höfundu heimildarkvikmyndar um líf og örlög Bukharíns sem byggist aðallega á viðtölum við ekkju hans sem þá var enn á lífi. Ekkjan lýsir því af æðruleysi hvers konar aðferðum pyntingarmeistararnir beittu til að brjóta niður sjálfsvirðingu fórnarlambanna og fá þau til að bera vitni gegn sjálfum sér. Hún lýsir þessum kaldrifjuðu morðingjum án nokkurrar tilfinningasemi og hún lýsir þá, sem lögðu blessun sína yfir þessi ódæðisverk, meðseka um morð.

Enn í dag spyrja menn sig í forundran: Vissi höfundur Íslands ekki betur? Var þetta ekki hámenntaður maður, læs og skrifandi á mörg tungumál, viðreistur og margfróður? Hvernig gat hann ekki vitað? George Orwell, því sem næst jafnaldri hans, eitthvert ærlegasta sannleiksvitni aldarinnar, hann vissi. Bertrand Russell, viðkunnur heimspekingur og afkastamikill rithöfundur um þjóðfélagsmál á þessum árum og því ekki ólíklegt að Kiljan hafi haft veður af honum – hann vissi mætavel. Hann skrifaði heila bók snemma á þriðja áratugnum um kenningu og praxis bolsévismans, að lokinni ferð um Sovétríkin og viðtöl við sjálfan Lenín, þar sem hann þá þegar greinir þjóðfélagsgerð Sovétríkjanna hárrétt og sér fyrir að hún muni enda í ógnarstjórn. Fór þó fjarri því að hann væri óskeikull. Allir jafnaðarmenn á Vesturlöndum, líka þeir sem í upphafi höfðu haft samúð með málstað byltingarinnar, vissu og skildu hvað var á seyði. Ritstjóri *Alþýðublaðsins*, Finnbogi Rútur Valdimarsson, föðurbróðir minn, sem var við nám í helstu höfuðborgum Evrópu fram á fjórða áratuginn, vissi og skildi og sagði frá því fullum fetum á síðum *Alþýðublaðsins*. Og kunningi Halldórs, doktor Benjamín Eiríksson, sem hafði verið við nám í Moskvu skömmu áður en sýndarréttarhöldin voru sett á svið – hann skildi af eigin reynslu og slapp naumlega með skrekkinn. Og Halldór Kiljan upplifði það að vera viðstaddur þegar útsendarar KGB komu til að hirða Veru Hertz, barnsmóður Benjamíns, og dóttur þeirra til að senda þær í opinn dauðann. Maður sem er vitni að slíkum atburði og lætur eins og ekkert hafi í skorist; þegir þunnu

hljóði og hreyfir hvorki legg né lið til að bjarga konu og dóttur kunningja síns frá yfirvofandi örkumlum og dauða, er sennilega ekki mjög hugrakkur maður. En var hann heiðarlegur maður?

Á þessum tíma var uppgangur nasista aðalógnin og af tvennu illu vildu menn styðja kommúnismann sem brjóstvörn gegn nasismanum. Þetta vekur upp þá spurningu hvernig maður, sem skilur réttilega hættuna sem stafaði af hinum geðbilaða lýðskrumara í Berlín, getur bætt málstað sinn með því að gerast handbendi ennþá afkastameiri fjöldamorðingja í Moskvu? Og hvernig má það vera að sá sem skilur lífsháska fórnarlamba Hitlers lætur sér sæma að hæðast að fórnarlömbum Stalíns?

### Skáldaleyfi

Getur verið að skáldið hafi vitað betur og að það hafi beinlínis logið – vísitandi? Spurningin ein bendir á því líkt úthaf af óheilindum að því getur enginn trúað. Sá sem les *Gerska ævintýrið* og aðrar lofgjördir Kiljans og annarra íslenskra kommúnista um Ráðstjórnarríkin getur að vísu vel trúað því að þekking þessara manna á Rússlandi, sögu þess og þjáningum, hafi verið ótrúlega yfirborðsleg. Og að þeir hafi af þeim sökum reynst auðveldari viðfangs en ella í meðförum heilaþvottarmaskínu Kremlverja. Sú vél tók við mörgum glópnum og spýtti út úr sér sem óþekkjanlegum umskiptingi. En var skáldið, sem var svo fundvíst á veilur og vankanta síns eigin þjóðfélags og hins vestræna heims, og útsmogið í að afhjúpa skrum íslenskra menntamanna um eigið ágæti – var hann virkilega svo fákunnandi, fáfróður og trúgjarn að það mætti telja honum trú um hvað sem var? Heilaþvo hann eins og hvern annan bernskan bjána sem sjáandi sá ekki og heyrandi heyrði ekki? Hver á að trúa þessu?

Já, en skáld hafa bessaleyfi til að fara frjállega með sannleikann, ekki satt? Skáld í þjónustu lyginna? Ég hélt að skáld væru þeirrar sérstöku náðargáfu aðnjótandi að skynja þann sannleika sem öðrum reynist dulinn og að birta hann til að auðga lífsreynslu og lífssýn þess sem nýtur. Var Hamsun nasisti? Ég veit það ekki. Hann mun hafa borið hlýjan hug til Þjóðverja af því að þeir gáfu bækur hans út í risaupplögum en hinn enskumælandi heimur kunni lítt að meta hann. En Hamsun gerði annað: Hann lét þýsku leppstjórnina, sem nasistar settu upp í Noregi undir hatti Quislings, nota sig í áróðursstríðinu; hann léði nafn hins mikla höfundar til að fegra málstað óþokkanna.

Þegar ég heimsótti einhvern tíma höfuðstöðvar norska rithöfundasambandsins blöstu við myndir á vegg af helstu skáldjöfrum Norðmanna allt

frá Snorra (því Norðmenn tjalda þvi sem til er) til Björnssons og Ibsens og seinni tíma manna. En það var gat á einum stað svo ég spurði:

„Hver á að vera þar?“

„Hamsun,“ var svarið.

„Af hverju er hann ekki á sínum stað, eruð þið farnir að ritskoda söguna hjá Rithöfundasambandinu?“ spurði ég.

Og svarið sem ég fékk var að þjóðin myndi enn ekki liða það að Hamsun væri hafður uppi á vegg innan um andans stórmenni Norðmanna, þar sem honum bar þó að vera. Mér fannst lítið til þessarar röksemdafærslu koma. Norska þjóðin getur ekki breytt þeirri staðreynd að Hamsun var um skeið áhrifamikill rithöfundur (þótt Kiljan kallaði hann að visu auðvaldsbullu). En þessi dæmisaga vekur upp spurningu sem maður þorir varla að orða: Hvað hefði gerst ef Sovétríkin hefðu hernumið Ísland, eins og þau hernámu Eystrasaltslöndin og Pólland, fyrst í bræðralagi með Hitler og síðan í kjölfar landvinninga Rauða hersins í seinni heimsstyrjöldinni? Hvað hefði gerst? Hefðu íslenskir kommúnistar gegnt sama þjónustuhlutverki við þær kringumstæður á Íslandi og skoðanabræður þeirra gerðu við Eystrasalt og í Vestur-Evrópu? Mikið megum við þakka forsjóninni fyrir að aldrei reyndi á það hvernig þessari spurningu yrði svarað.

En hvað eru menn alltaf að abbast upp á Kiljan út af stjórnmálaskoðunum hans? Eru þær ekki bara hans einkamál? Það væri synd að segja að skáldið hafi haldið stjórnmálaskoðunum sínum leyndum eða bara út af fyrir sig. Hann var áhrifamesti og mest sannfærandi málsvari Sovétrúbodsins á Íslandi í áratugi. Kiljan sneri fleiri sálum til jákvæðrar afstöðu gagnvart Sovétríkjunum en Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason og samanlagt áróðursapparat gamla Kommúnistaflokksins. Hann mótaði ekki bara viðhorf margra af sinni eigin kynslóð heldur varð lífslygin sem hann boðaði helsta veganesti næstu kynslóðar. Og þetta pólitíska trúboð skáldsins hafði auðvitað pólitísk áhrif og afleiðingar á Íslandi. Skáldið naut álits og virðingar umfram aðra menn, af því að það bjó yfir snilligáfu sem greiddi því götu að hjarta þjóðarinnar. Fyrst skáldið sagði það hlaut það að vera satt. Pólitik Kiljans var því ekki einkamál – heldur þjóðmál. Og af því að þessar skoðanir skáldsins urðu til þess að hylma yfir glæpi gagnvart mannkyninu verða þær seint flokkaðar undir einkamál. Hvað með fórnarlömb stalinismans sem mælast í tugum milljóna? Eiga fórnarlömbin, sem hvíla í ómerktum gröfum sínum, rétt á afsökunarbeiðni? Eða skiptir það kannski ekki máli? Var þetta allt saman tómur misskilningur?

Já, en þetta er allt saman liðin tíð og það þýðir ekkert að vera að rifast um þetta lengur. Já, helför gyðinganna er liðin tíð. En þeir sem lifðu hana

af hafa einsett sér að láta okkur hin og ókomnar kynslóðir ekki komast upp með að gleyma. Og enn í dag, við hvert fótímal í pólitík samtímans, krefjast þeir þess að ófarirnar hverfi ekki úr hugum manna og að menn reyni af fremsta megni að læra af mistökunum.

En hvað sem líður allri pólitík, þá blífur skáldið. Já, verk Halldórs Kiljans blífa. Hann var gæddur óviðjafnanlegri snilligáfu sem rithöfundur og frægð hans mun lengi uppi, löngu eftir að þær pólitísku skoðanir sem hann boðaði og þeir sem forheimskuðu sig á að leggja trúnað á þær verða allir. Ég segi fyrir mína parta: Þau barnabörn mín sem ekki munu reynast viðræðuhæf um Söllu Völlu og Arnald, Bjart í Sumarhúsum og Ástu Sólli-lju, Jón Hreggviðsson og Prímus og hann Steinar undir Steinhliðum og sjálfa Snæfríði Íslandssól – ja, þau geta reynt að eiga orðastað við einhvern annan en mig. Þau verða allavega snarlega send á námskeið í hinni kiljönsku lífssýn og til að heilsa upp á þetta galleri af sögupersónum sem er orðið partur af þjóðarsálinni – partur af því að vera Íslendingur.

### Hugsjónir og hindurvitni

Sennilega varð seinni heimsstyrjöldin, þótt kostað hafi 50 milljónir mannlífa, með einhverjum hætti til að framlengja líf Sovétrúboðsins í þeim skilningi að menn áttu hægara með að skjóta sér undan því að standa fyrir máli sínu. Eftir að Hitler og Stalín höfðu skipt með sér Evrópu var allur botn dottinn úr þeirri trú að Sovétríkin væru eins konar haldreipi gegn nasismanum, skárri kosturinn af tveimur vondum. Þegar Hitler sneri taflinu við og réðst inn í Sovétríkin varð Stalín bandamaður Vesturveldanna. Hann var orðinn „Uncle Joe“ eins og Roosevelt kallaði hann. Sovétríkin nutu djúprar samúðar almennings á Vesturlöndum fyrir blóðugar mannfórnir sínar í baráttunni gegn nasismanum, 20 milljónir manna, og einhverjir hafa kannski gert sér vonir um að framhaldið yrði á öðrum nótum, eins konar bandalag sigurvegaranna yfir nasismanum og japanska lénsveldinu.

Þetta gerðist með sérstökum hætti á Íslandi því leiðtogi Sjálfstæðisflokksins leiddi höfuðpaura kommúnismans inn í ríkisstjórn sem nefnd var Nýsköpunarstjórnin. Ríkisstjórnin var algjörlega mynduð utan um frumstæðar hugmyndir kommúnista um áætlunarbúskap, ríkisforræði og skömmunarkerfi sem byggðist á því að taka gjaldeyrisvarasjóði sem myndast höfðu í útlöndum á stríðsárunum til að kaupa mikið af úreltum togurum og úthluta þeim til atvinnurekenda og sveitarfélaga. Formaður Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma, Ólafur Thors, var afar ánægður með samstarfið við kommúnista; hann vildi reyndar halda því áfram og vildi yfir-

leitt alla tíð síðan, þegar Sjálfstæðisflokkurinn stóð frammi fyrir því að hafa frumkvæði að myndun ríkisstjórnar, leita til þeirra aftur.

Við erum á bandarísku áhrifasvæði og Bandaríkin leita eftir herstöðvum á Íslandi til 99 ára. Við göngum inn í Atlantshafsbandalagið sem í hugum þessa fólks var bandalag með gömlu nýlenduveldunum. Við gerum varnarsamning við Bandaríkin 1951. Kommúnistar á Íslandi urðu að miklu sterkara pólitísku afli vegna þess að þeir yfirtóku íslenska þjóðernishreyfingu. Þeir sneru þessu upp í það að þeir væru í sjálfstæðisbaráttu gegn risaveldi sem seildist til forræðis í krafti nýlendustefnu. Og á móti kom að framan af var jákvæð, mótvæg hugmyndafræði byggð á hugmyndum um lýðræði og réttarríki og þjóðfélagsumbætur eftir lýðræðislegum leiðum afskaplega veik. Þetta var sá hugmyndafræðilegi veruleiki sem fólk bjó við á þessum tíma. Og í stórum dráttum má segja að þetta sé það hugmynda-góss sem ég og mín kynslóð tókum í arf og þurftum að gera upp hug okkar til. Sumir gerðu það aldrei.

Í mínu eigin tilviki var menntaskólaróttæknin leitinn að skýrum línunum og hreinni framtíðarsýn, þegin í arf frá Kiljan og félögum. Efasemdir um þetta trúboð tóku að leita á mig á seinni hluta menntaskólaáranna og hluti af háskólanáminu var að losa sig við þessi hindurvitni.

Það er reyndar umhugsunarefni að þeir sem áttuðu sig tiltölulega snemma og sáu í gegnum ruglið voru yfirleitt menn sem lögðu fyrir sig hagfræði. Ef menn brjóta til mergjar það sem við getum kallað hagfræðikenningu marxismans eins og hún síðan var túlkuð og framkvæmd í Sovétríkjunum, allsherjar þjóðnýting og samfélagseign á framleiðslutækjunum, þá er hún undirstaða alræðisstjórnar. Bak við það býr sá mannskilningur að hægt sé að reka efnahagskerfi eða framleiðslu verðmæta með heraga og fyrirskipunum. En það er ekki hægt. Það sem hagfræðin kennir mönnum er að til að hrinda af stað efnahagslegum framförum, leysa úr læðingi atorku fólks og frumkvæði, verður að gefa fólki frelsi til athafna. Niðurstaðan er sú að í hagsögu Vesturlanda síðastliðnar tvær til þrjár aldir skapa þau þjóðfélög verðmæti sem skipuleggja efnahagsstarfsemi sína á grundvelli samkeppni á markaði. Þar verða efnahagslegar og tæknilegar framfarir.

Kapítalismi þrífst ekki nema í þjóðfélagi þar sem stofnanir lýðræðisins eru rótgrónar og öflugar. Viðurkenna þarf einkaeignarrétt manna, rétt þeirra til að ráðstafa því sem þeir skapa og afla sjálfir og vernda með sjálfstæðu dómskerfi sem er óháð pólitískum valdhöfum. Réttarríki er nauðsyn því strangur lagarammi þarf að vera um efnahagsstarfsemina. Lýðræðislegt ríkisvald þarf að setja leikreglurnar og fylgja þeim eftir. Hlutverk ríkisvaldsins í efnahagsstarfseminni er ekki hvað síst að koma í veg fyrir innbyggða

tilhneingingu kapitalismans til að auðurinn safnist á fárra hendur og myndi einokun og auðstjórn. Því þarf lýðræðislega ríkisstjórn sem hlutast til um að frelsi einstaklings gagnvart fjármagninu sé tryggt með því að jafna eigna- og tekjuskiptingu. Þetta er alltaf að sannast í umhverfi okkar. Þetta er vandi þriðja heimsins. Þetta hefur verið hið eilífa viðfangsefni hagstjórnar í háþróuðum ríkjum. Þetta er að gerast í Bandaríkjunum í dag.

Benjamín Eiríksson fór í gegnum þennan harða skóla á sínum námsár- um og var búinn að gera málin nokkurn veginn upp við sig þegar hann kom heim frá Moskvu árið 1937. Hann er fyrsti andlegi þungavigtarmaðurinn sem afhjúpar þessa vitleysu. Það má nefna til sögunnar marga menn sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu, til dæmis Jónas Haralz, Jóhannes Nordal, Ólaf Björnsson og reyndar sjálfan mig all löngu síðar. Þetta undir- strikar að ástæðan fyrir því að Sovétrúboðinu varð svona vel ágengt á Ís- landi var að verið var að fylla upp í tómarúm. Það var engin hagfræðileg hugsun til í hugmyndaarfi okkar.

### Gegn breska samningnum

Haustið 1960 bað Jónas Árnason mig um að gerast starfsmaður nýrra sam- taka sem nefndust Friðlýst land og voru hin gömlu Samtök herstöðvaand- stæðinga endurreist. Samtökin voru andvíg veru Bandaríkjahers á Íslandi. Starfsmenn voru tveir, ég og Vigdís Finnbogadóttir. Framan af var megin- verkið að skipuleggja undirskriftasöfnun gegn her í landi. Þegar hér var komið sögu er ég ekki viss um að mikill hugur hafi fylgt máli hjá mér. Reyndar held ég að þetta sé í eina skiptið sem ég tók að mér pólitískt verk án þess að einbeita mér að því af ástriðu og krafti.

Ýmislegt er minnisstætt frá ferðum sem farnar voru um landið í þessu tilefni, sérstaklega ferð sem við fórum, Jón Böðvarsson íslenskufraeðingur og við Bryndís, upp í Skorradal að safna undirskriftum. Þar gistum við hjá Höskuldi bónda, föður Sveins Skorra, og höfðum gaman af samtölum við hann. Þó er mér annað minnisstæðara. Við komum á Grund í Skorradal og sátum þar lengi á spjalli við mikilúðlega konu á upphlut. Hún tók erindi okkar viðs fjarri. Hún sagðist muna eftir vegleysum á þessu auma landi og skorti á öllu sem til framfara þurfti, vegagerð, skurðgreftri og almenni- legum vinnubrögðum. Hún sagði að eftir komu hersins hefðu komið til landsins jarðýtur og skurðgröfur og þá hefði verið hægt að gera eitthvað. Hún harðneitaði að skrifa undir. Undirskriftasöfnun gufadi upp vegna dræmra undirtekta. Sérstaklega var þungt undir fæti í Reykjavík að safna tilskildum fjölda undirskrifenda.

Enn eitt þorskastríð Íslendinga við Breta (raunar hið áttunda) hófst 1. september 1958 þegar fiskveiðilögsagan var færð út í tólf mílur. Viðreisnarstjórnin undir forystu Bjarna Benediktssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar beitti sér fyrir því að semja um málið við Breta og gerði hinn svokallaða breska samning árið 1961. Ég hafði þá sterka sannfæringu fyrir því að sá samningur væri mistök. Þjóðarréttur um lögsögu strandríkja var á þessum árum í mótun. Breska stórveldið byggði á hefðum *Pax Britannica*. Það þýddi að lögsaga strandríkja taldist rétt vera þrjár mílur sem var nokkurn veginn sú lengd sem breskar fallbyssur drógu á þeim tímum. Breski samningurinn fól í sér að ef Íslendingar vildu færa fiskveiðilögsöguna frekar út myndu þeir vísa málinu til alþjóðadómstólsins í Haag. Dómstólar eru íhaldssöm fyrirbæri og geta ekki dæmt nema á grundvelli ríkjandi laga. Þjóðarrétturinn var í mótun, meðal annars að frumkvæði Íslendinga, og í mínum huga átti hann að vera grundvallarsjónarmið í málinu og því átti ekki að fallast á endanlega bindandi lögsögu Haag-dómstólsins.

Málið var mjög umdeilt og vakti upp miklar ástríður. Aðalverkefni mitt á þessum tíma var að skipuleggja mótmælin þegar breska sendinefndin kom til Íslands til samninga. Við höfðum mótmælavardstöðu við ráðherra-bústaðinn, fylltum Tjarnargötuna af fólki og vorum á vöktum dag og nótt með mótmælaspjöld. Einnig efndum við til mikils útifundar á Arnarhóli þar sem mætti mikill mannföldi til að mótmæla breska samningnum. Ég er enn í dag sannfærður um að þetta var rétt sjónarmið. Það átti ekki að fallast á lögsögu Haag-dómstólsins og það átti raunar eftir að valda okkur miklum vandræðum að hafa gert það þegar næst var ráðist í útfærslu landhelginnar í 50 mílur 1972 og síðan í 200 mílur 1975–1976.

Um haustið þegar stúdentar við Háskóla Íslands héldu upp á fullveldisdaginn 1. desember bauð Vökumeirihluti Stúdentaráðs þáverandi utanríkisráðherra, Guðmundi Í. Guðmundssyni, sem bar ábyrgð á breska samningnum, að vera ræðumaður í hátíðarsal Háskólans. Ég beitti mér fyrir því, ásamt öðrum, að skipuleggja mótmælaaðgerðir. Um leið og dyrnar að hátíðarsalnum voru opnaðar fylltum við sætin með stuðningsmönnum okkar, nema fyrstu tvo bekkina sem ætlaðir voru vel völdum gestum í boði Háskólans. Þegar utanríkisráðherra gekk í salinn fór fyrir fyrimönnum sjálfur forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, sem kom okkur nokkuð í opna skjöldu. Við héldum okkur samt við fyrirfram gerða áætlun sem kvað á um að við risum ekki úr sætum þegar rektor og ráðherra birtust í salnum. Þegar svo ráðherra steig í pontu og hóf ræðu sína risum við öll úr sætum og gengum út í mótmælaskyni. Ljósmyndarar urðu eftir og tóku myndir af tónum sal, fyrir utan forseta Íslands, rektor og fáeina boðsgesti. Myndin

var síðan gefin út á póstkorti fyrir jólin og andvirðið rann í sérstakan sjóð til að standa undir kostnaði við þessar og aðrar mótmælaaðgerðir.

Mörgum árum síðar þegar ég sat á ritstjórástóli *Alþýðublaðsins* og Vilmundur Gylfason hafði gert allt vitlaust á ritstjórninni á heitu sumri árið 1981 hringdi síminn. Á hinum endanum var Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrverandi utanríkisráðherra. Hann hringdi sérstaklega til að þakka mér fyrir leiðaraskrifin í *Alþýðublaðinu* sem hann sagði í flestum greinum eins og töluð út úr sínu hjarta. Hins vegar hafði hann þungar áhyggjur af framferði Vilmundar í þessari fáránlegu deilu og taldi hana mjög spilla fyrir málstað og vígstöðu Alþýðuflokksins sem honum fannst annars vera að lagast eftir nokkra lægð. Ég notaði þá tækifærið og rifjaði upp fyrir Guðmundi minn hlut við mótmælaaðgerðirnar gegn honum í hátíðarsal Háskólans meira en tuttugu árum áður. Hann lét sér hvergi bregða og sagði að það hefði verið ágreiningur um stjórnsmál sem eftir atvikum væri hægt að virða. Hins vegar sagði hann að framganga Vilmundar í Alþýðublaðsdeilunni væri komin út yfir öll skynsamleg mörk; þetta væri farsí sem ætti ekkert skylt við stjórnsmál og væri til þess eins fallinn að skemmta skrattanum.

Eftir þetta hringdi Guðmundur í mig nokkrum sinnum, ævinlega af einhverju pólitísku tilefni, ýmist til að hrósa því sem honum þótti vera vel gert eða finna að öðru sem honum mislíkaði. Þetta þótti mér merkilegt því að þeir Guðmundur Í. og Finnbogi Rútur frændi minn höfðu lengi eldað grátt silfur, bæði í sameiginlegu kjördæmi þeirra, Reykjaneskjördæmi, og ekki sist út af utanríkismálum þar sem þeir voru mjög á öndverðum meiði út af aðildinni af Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin tveimur árum síðar. En sennilega bar ekki eins mikið í milli þessara fornu fénda þegar hér var komið sögu, eins og báðum þó fannst þegar deilurnar um þessi stórmál stóðu sem hæst.

### Njósna­rinn sem kom út af Naustinu

Afskipti mín af breska samningnum áttu eftir að draga dilk á eftir sér. Daginn áður en mótmælafundurinn mikli vegna samningsins fór fram á Arnarhóli birtist á skrifstofu herstöðvarandstæðinga ljósbirkinn maður sem talaði íslensku eins og framsóknarmaður úr Dölunum. Ég hafði aldrei hitt þennan mann áður en komst á snodir um að hann hétu Juri Reshetov og væri frá sovéska sendiráðinu. Hann var kominn þeirra erinda að hitta Ragnar Arnalds, sem var formaður miðnefndar samtakanna, og vildi bjóða honum í hádegisverð á Naustinu. Ég lét til leiðast að fylgja þeim. Ekki var það

minnisstæður fundur. Juri var reyndar skemmtilegur, kotroskinn og kjaftfor Rússi. Hann hafði verið í Skandinavíu og umræðan leiddist út í samanburð á fótleggjum kvenna í Úkraínu, Danmörku og Íslandi. Juri hélt mjög fram dönskum kvenleggjum vegna hjólreiðarárttu þeirrar þjóðar. Ekki man ég hvernig við Ragnar skiptum á milli okkar verkum í þessu alþjóðlega deilumáli.

Daginn eftir birtist mynd í Mogga af okkur þremmenningum fyrir utan Naustið með frásögn og grein um útifundinn mikla gegn breska samningnum. Þar stóð að fulltrúi KGB hefði á þessum fundi gefið útsendurum Moskvu fyrirmæli um andóf gegn vestrænni samvinnu. Haraldur J. Hamar, blaðamaður á *Morgunblaðinu*, hafði verið á Naustinu og fylgst með borðhaldi okkar þremmenninga. Hann kallaði á blaðaljósmyndara *Morgunblaðsins* sem tók mynd með aðdráttarlinsu ofan úr Grjótaþorpi án þess að við yrðum þess varir. Sjálfum fannst mér fréttin svo myndin að ég lét ógert að svara henni.

Haustið eftir hafði ég komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allt væri óverjandi að kasta á glæ námi mínu í Edinborg og ákvað að ljúka því. Þá brá svo við að ég var stöðvaður af yfirvöldum á Glasgow-flugvelli og sætti kirfilegri rannsókn eins og um sakamann væri að ræða. Töskum var sprett upp og ég var rannsakður hátt og lágt og haldið í yfirheyrslum klukkustundum saman. Að lokum varð niðurstaðan sú að ég fékk landvist, með ströngum skilyrðum. Haft var samband við prófessora mína við hagfræðideild Edinborgarháskóla og þeim sagt að taka ábyrgð á mér. Ég varð að gefa mig fram við lögreglu daglega og skrifa bréf til innanríkisráðuneytisins breska um framlengingu á dvalarleyfi frá mánuði til mánaðar. Af öllu var ljóst að ég var kominn á skrá um grunada hryðjuverkamenn og vissi ekki af hverju.

Allöngu síðar sendi kunningi minn mér blaðaúrklippu úr *Scottish Sunday Mail*. Þar var opnugrein í miðju blaðs og svarthvítur borði þvert yfir síðuna: „Blood Brothers“! Mynd af Juri Reshetov KGB-manni, Ragnar Arnalds og mér, sem sagðir voru að plotta kommúnískar mótmælaaðgerðir gegn Bretum í hjarta Reykjavíkur. Frásögnin var að öðru leyti viðtal við framkvæmdastjóra skoska knattspyrnuliðsins Rangers. Hann hafði verið í heimsókn á Íslandi dagana sem mótmælaaðgerðirnar áttu sér stað, í boði gamals vinar, Alberts Guðmundssonar. Albert fór með skoska gestinn á fund ritstjóra *Morgunblaðsins*, Matthíasar Johannessens. Skotinn spurði: „Hvers vegna erum við Bretar svo óvinsælir hér í Reykjavík að þúsundir manna mótmæla?“ Matthias svaraði með því að skella á borðið myndinni af KGB-njósnum okkur þremur og sagði:

„Hér er skýringin.“

Þetta tíundaði maðurinn síðan í viðtalinu. Fréttin fór ekki framhjá sendiráðum og þar var komin skýringin á hremmingum mínum. Ég var sem sagt orðinn að njósnaðum sem kom út af Naustinu.

Löngu síðar, þegar ég var orðinn utanríkisráðherra, barst fréttin í tal við sendiherra Breta á Íslandi. Hann hafði seinna samband við mig og sagðist hafa kannað málið. Hann sagði mér að ég hefði á grundvelli þessara upplýsinga verið í sex ár skráður sem hugsanlegur njósnari KGB á Íslandi.

### Sovéskt kafbátalægi í Skötufirði?

Þegar ég var orðinn skólameistari á Ísafirði löngu síðar fékk ég óvænt tækifæri upp í hendurnar til að gjalda Reshetov og Rússum rauðan belg fyrir gráan. Þetta var síðla sumars og ég ók í loftköstum á gamla Volvónum frá Ísafirði suður á bóginn einhverra erinda fyrir skólann. Sem ég ók fyrir Skötufjörðinn varð ég var við óvenjulegar tjaldbúðir og mikinn mannsöfnuð á þessum fáförnu slóðum. Fyrir forvitni sakir stoppaði ég og spurðist fyrir um hvað væri á seyði. Þetta reyndist vera rússneskur jarðfræðileiðangur sem var við rannsóknir á Vestfjörðum. Hvað þeir voru nákvæmlega að gera í Skötufjarðarbotni vafðist fyrir þeim að skýra.

Meðal þeirra erinda sem ég þurfti að reka syðra var að leggja snörur fyrir nýja kennara. Fyrr um sumarið hafði ég verið í símasambandi við minn gamla vin, dr. Helga Haraldsson málvísindamann, sem þá átti langa útivist að baki, bæði í Prag og í Leníngrad, þar sem hann hafði meðal annars numið undir handleiðslu Steblins Kaminskis, sem var helsti páfi þeirra Sovétmanna í íslenskum og norrænum fræðum. Helgi hafði þá ákveðið að hefjast handa um gerð rússnesk-íslenskrar orðabókar og þurfti auðvitað tómtundir og næði til þeirrar iðju. Friður og ró til frædistarfa á Ísafirði freistaði því Helga en sá var hængur á að hann var kvæntur rússneskri konu sem heitir Dina Shjabakajeva og einhverjir höfðu hrellt hana með því að búseta á Ísafirði væri það næsta sem hún gæti komist Síberíu á Íslandi. Það vantaði því herslumun til að fá Helga til að herða upp hugann og láta slag standa.

Mér gafst gott næði undir stýri í sjö tíma til að hugsa mitt ráð. Helgi starfaði á þessum tíma fyrir sovésku fréttastofuna Novosti. Þar hafði hann þann starfa að þýða fréttir frá Sovétríkjunum ásamt ræðum Brezhnevs yfir á íslensku og síðan var efninu dreift til íslenskra fjölmiðla og sjálfsgagt einnig til hinna trúuðu sem vildu fá línuna ómengaða og milliliðalaust.

Novosti var til húsa í timburhúsi nedarlega við Túngötuna, steinsnar frá

sovéska sendiráðinu. Þegar suður kom lét ég það verða mitt fyrsta verk að ganga á fund yfirmanns fréttastofunnar og flytja honum alvarlegar fréttir í miklum trúnaði. Ég sagði honum sem satt var að ég hefði ekið dagfari og náttfari vestan af fjörðum. Þar hefði ég orðið vitni að því að njósnaleidangurinn sovéski, sem þar væri að mæla fyrir kafbátalægi í Skötufirði, hefði allur verið handtekinn af íslenskum lögregluþyriföldum og færður til yfirheyrslu hjá sýslumanninum á Ísafirði. Ég var ekki lengra kominn í frásögninni þegar yfirmaður Novosti, sem var mjög brugðið, ruddist fram á gang með hrópum og kallaði saman allt sitt starfslið og sagði því í angistartón frá þessum ótiðindum. Síðan er ekki að sökum að spurja: Ég sá undir iljarnar á öllu þessu liði þar sem það hljóp, eins og það ætti fótum sínum fjör að launa, upp í aðalbyggingu sovéska sendiráðsins þar sem það hvarf sjónum og læsti kirfilega að baki sér.

Ég notaði tækifærið og benti Helga vini mínum á að þetta virtist vera nokkuð ótryggur vinnustaður og lítið næði til að sinna orðabókarsmið sem útheimti kyrrð og rósemi hugans. Þetta gerði útslagið og Helgi og Dina fóru með mér vestur. Af yfirmanni Novosti er það að segja að þegar málið var upplýst var hann rekinn á staðnum og stundinni og sendur með smán heim til Leníngrad og er hann úr sögunni. Helgi sagði mér seinna að maðurinn, sem var nokkuð við aldur, hefði á stríðsárnum tekið þátt í hetjulegri vörn Leníngradborgar gegn umsátri þýsku nasistanna. Við þau tíðindi var ekki laust við að ég fengi svolítið samviskubit vegna framkomu minnar við hetjuna frá Leníngrad.

### Edinborg kvödd með stæl

Við upphaf fjórða námsárs í Edinborg ákvað ég að sækjast ekki eftir því að taka svokallað honours-próf á sérsviði í hagfræði heldur ljúka almennu meistaraþrófi. Mér fannst æskilegt að bæta við lífsreynsluna veru í öðru landi og reyndar ekki bara það, heldur fannst mér nauðsynlegt að eyða einhverjum tíma í fyrirmyndarríki jafnaðarstefnunnar, Svíþjóð. Ég sótti um að komast í sérstakt nám í vinnumarkaðshagfræði sem var ætlað erlendum stúdentum. Til að ljúka hinu almenna MA-prófi þurfti ég að fylla upp í kvóta með kúrsum í stjórnlagafræði og mannfræði. Ég kundi vel að meta háskólann í Edinborg og hið akademíska andrúmsloft en taldi samt að mér hefði dvalist þar nógu lengi.

Bryndís var hjá mér seinustu mánuðina með Aldisi. Þegar að kveðjustundinni kom var ákveðið að haga henni að hefð Edinborgarstúdentu. Að baki Princes Street, sem er aðalverslunargatan í Edinborg, er Rose Street.

Á þeim tíma voru níttján krár við Rose Street og það var venja þegar menn kvöddu Edinborg að koma við á hverri krá og taka eina krús af bjór á hverjum stað. Þórður Sigurðsson, hinn sterki, slóst í hópinn með okkur þetta kvöld. Bryndís var í sínu finasta þússi og félagsskapurinn á kránum snerist mjög um hana, þótt ekki verði sagt um hana að hún sé afkastamikil til bjór-drykkju. Allt gekk samkvæmt áætlun, utan það að þegar komið var að seinustu kránni var klukkan orðin tíu en þá klingja bjöllur í skoskum krám sem merki um að menn verði að tæma glös sín og kveðja. Við höfðum farið létt með þessa átján staði og áttum nokkrar krúsir af bjór ódrukknar en féllum á tíma því gestgjafar gerðust óþreyjufullir og fjarlægðu krúsirnar. Það þóttu okkur ekki góðir mannasíðir. Á þeirri stundu var ákveðið að hefna fyrir þessa framkomu með því að skilja eitthvað eftir til minningar um dvöl okkar.

Edinborgarkastali er eitt helsta kennileiti borgarinnar. Hann er sögufrægur og um hann hafa staðið margar fólkorrustur. Hann hýsti á þessum tíma nokkurs konar heiðursvörð, enda var venjulega mikið um dýrdir við kastalann þegar Edinborgarhátíð stóð sem hæst. Kastalinn hafði ekki verið unninn í orrustu síðan á 16. öld. Nú ætluðum við, árið 1963, að sýna að enn væri hægt að taka hann herskildi með réttum aðferðum. Kletturinn við kastalann er þverhniptur og á köflum slútir hann fram yfir sig svo að hann er ekki auðveldur uppgöngu. Engu að síður var ákveðið að láta á þetta reyna. Við höfðum eina regnhlíf og Bryndís var beðin um að ljá okkur fána, sem voru undurfinar bleikar nærbuxur sem hún laumaði að okkur áður en lagt var á brattann.

Þetta hefði okkur aldrei dottið í hug að gera allsgáðum en óx ekki í augum þegar hér var komið sögu. Einhvern veginn höfðum við okkur upp. Stundum stóð ég á öxlum Þórðar því ég var léttari og hann var sterkari. Við komumst upp að virkisbrún. Þar rákum við niður regnhlífina góðu og flöggðuðum stríðsfánanum. Ekki man ég nákvæmlega hvernig við fórum niður en það var sýnu auðveldara. Árásin var gerð í skjóli nætur með það í huga að varnarlið kastalans ræki upp stór augu þegar það sæi við vaktaskipti ókennilegan stríðsfána við virkisvegginn.

### Svíþjóð: Mekka jafnaðarstefnunnar

Daginn eftir hertöku Edinborgarkastala tókum við Bryndís okkur far með dönskum smjördalli til Árósa. Okkur dvaldist nokkra daga í Kaupmannahöfn þar sem við hittum meðal annarra gamlan skipsfélaga minn af *Gerpi*, Sture Sørensen, sem þá var að ljúka námi sínu í latínu og klassískum fræð-

um við Kaupmannahafnarháskóla. Eftir náðuga daga í hinni gömlu höfuðborg danska nýlenduveldisins lá leið okkar yfir Eyrarsund og til Stokkhólms. Bryndís dvaldist þó ekki lengi í Stokkhólmi. Hún var þá á öðru ári í leiklistarskóla Þjóðleikhússins og átti spennandi vetur framundan. Hennar beið hlutverk í barnaleikritinu Mjallhvíti sem til stóð að frumsýna eftir áramót.

Veturinn 1963–1964 var ég í Svíþjóð í eins konar pílgrímsferð til Mekka jafnaðarstefnunnar. Þangað var ég kominn á námskeið um sænska módelið með sérstakri áherslu á vinnumarkaðinn. Þar átti að útskýra leyndarmál langvarandi vinnufriðar í Svíþjóð þar sem verkföll voru nánast óþekkt. Að námskeiðinu stóðu Stokkhólmsháskóli, Þjóðhagsstofnun Svía (National ökonomiska Institutet) og hagfræðideildir Alþýðusambandsins og vinnuveitenda (LO og SAF). Þátttakendur komu víða að úr veröldinni en voru ekki síst hag- og stjórnmálafræðinemar úr þróunarríkjum sem vildu læra kratisma. Kennslan fór fram á ensku, sem var öllu lakara fyrir þann sem vildi ná tókum á sænsku, en mikið af námsefninu var engu að síður á máli innfæddra. Ég fékk inni á Östermalm hjá roskinni ungerskri ekkju sem hafði flúið undan sovésku skriðdrekunum í Búdapest árið 1956.

Í nóvember 1963 urðu ótiðindi í Dallas sem snertu tilfinningar margra meira en mínar. Sagt er að allir muni hvar þeir voru staddir þegar fréttin um morðið á Kennedy Bandaríkjaforseta barst út um heimsbyggðina. Ég var að koma heim af bókasafninu þennan dag og mætti ungersku ekkjunni sem var í uppnámi og flóandi í tárur því hún hafði bundið miklar vonir við að Kennedy væri maðurinn sem myndi frelsa Austur-Evrópu úr klóm kommúnista. Ég fékk aldrei neina glýju í augun út af glansmyndinni af Kennedy, ekki frekar en af „gleym-mér-eiinu“ kringum poppgöðið Elvis Presley. Ég leit á Kennedy sem hvern annan yfirstéttarglaumgosa sem ekki væri mikils að vænta af. Í reynd hafði hann tapað forsetakosningunum fyrir Nixon en fengið embættið á silfurfati með peningum föður síns og kosningasvindli Daleys borgarstjóra í Chicago.

Aðalbækistöð mín þetta misserið var bókasafn hinnar sænsku Þjóðhagsstofnunar, milli þess sem ég sótti fyrirlestra og umræðufundi. Á sama tíma notaði ég tækifærið og leitaði eftir viðtölum við ýmsa forystumenn Sænska jafnaðarmannaflokksins og verkalyðshreyfingarinnar og kynnti mér sérstaklega ýmsar kerfislausnir Svía í sænska velferðarríkinu, svo sem sjúkratryggingar, atvinnuleysistryggingar, eftirlaunasjóði og lausnir í húsnæðismálum.

## Fóstbræðralag endurvakið

Á stríðsárunum, þegar Danmörk var hernumin af nasistum og Kaupmannahafnarháskóli var þar af leiðandi lokaður íslenskum námsmönnum, leitudu margir þeirra yfir Ermarsund til Svíþjóðar. Sænskir háskólar – í Uppsölum, Stokkhólmi, Lundi og Gautaborg – höfðu frá fornu fari verið í fremstu röð mennta- og lærdómssetra í Evrópu. Sænska velferðarríkið bjó vel að erlendum námsmönnum og krafði þá ekki einu sinni um aðgöngugjald að háskólum. Sú var tíð að sænskmenntaðir landar vorir létu talsvert að sér kveða í opinberu lifi, jafnvel svo að talað var um „sænsku mafíuna“. Af einhverjum ástæðum fór sú „mafía“ mjög fyrir brjóstið á vini mínum Indriða G. Þorsteinssyni rithöfundu, sem taldi áhrif þessara „mafíosa“ í íslensku menningarlífi til þurftar á flestum sviðum.

Þennan Stokkhólmsvetur minn var íslenska stúdentanýlendan í fámennara lagi. Þóra Kristjánsdóttir, kona Sveins Einarssonar leikstjóra, stundaði nám í mannfræði og listasögu. Hún bjó vel og miðsvæðis og kallaði stundum liðið saman, þar á meðal sænskar og íslenskar vinkonur sínar sem voru í listnámi, og skipulagði tónleika- og leikhúsferðir, en tónlistar- og leikhúslíf stóð með blóma í Stokkhólmi. Við Haraldur Ólafsson mannfræðingur, síðar prófessor við Háskólann og þingmaður Framsóknar, fengum stundum að fljóta með í listaleiðöngrum Þóru.

Þarna bar aftur saman fundum okkar Jóns Sigurðssonar, vinar míns og fóstbróður úr Ögri forðum daga, en nafni minn var þessi misserin að ljúka prófum í hagfræði og tölfræði á mettíma. Leiðir okkar höfðu lítt legið saman á næstliðnum árum því að hann gekk að loknu landsprófi á Ísafirði á Menntaskólann á Akureyri eins og flestir vinir mínir og félagar að vestan á þessum árum. Jón var afburða námsmaður og hagfræðin og stærðfræðin lágu fyrir honum eins og opin bók. Þau Jón og Laufey Þorbjarnardóttir, útgerðarmanns frá Grenivík, felldu hugi saman snemma á menntaskólaárunum á Akureyri. Laufey sat heima í festum meðan hún lauk stúdentsprófi en Jón fór í gegnum hagfræðina á undraverðum hraða.

Fóstbræður mínir að vestan, Þórir og Jón, og yngsti bróðirinn Guðmundur höfðu misst foreldra sína á ungum aldri og brotist áfram til mennta af eigin rammleik en þurftu að vinna hörðum höndum til að kosta námið.

Við nafni áttum þennan vetur stopular stundir til að rifja upp gömul og góð kynni og bera saman bækurnar um hagfræði og pólitík. Jón Sigurðsson var þá þegar og er enn í dag margra manna maki um vinnusemi og afköst.

Pennan Stokkhólmsvetur hélt hann uppteknum hætti, tók daginn snemma og gekk seint til hvílu og eyddi ekki tímanum í fánýtt fjas.

Jón Sigurðsson er einhver skarpgreindasti maður sem ég hef kynnst. Það er sama hvar borið er niður, allt liggur opið fyrir honum. Skýr hugsun, greiningarhæfni og einföld framsetning einkennir allt sem frá hans hendi kemur. En Jón er ekki allra. Eins og þeir menn sem finna vel til andlegra yfirburða brestur hann stundum þolinmæði til að umbera fifl og kannski skortir stundum eitthvað á nærgætnina því að hann er bæði háðskur og orðheppinn. En hann á marga strengi í hörpu sinni sem þeir einir þekkja sem hafa kynnst honum náði. Hann er meistari íslensks máls og í aðra röndina bæði hrifnæmur og rómantiskur. Þessi vidd persónuleikans er flestum dulin öðrum en þeim sem hafa fengið að lesa afbragðs þýðingar hans á ljóðum öndvegisskálda.

Enska skáldið Thomas Hardy orti eftirfarandi ljóð:

*Christmas 1924*

*„Peace upon earth!“ was said. We sing it,  
And pay a million priests to bring it.  
After two thousand years of mass  
We've got as far as poison-gas.*

Þessu magnaða ljóði snaraði Jón svona:

*Jólin 1924*

*„Fridur á jörðu“ var sagt. Við syngjum því þris;  
Sönginn þann borgum við prestum í milljónavís.  
Eftir tvöþúsund ára messumas  
mannkynið hreppti eiturgas.*

„Þriðja leiðin“

Það lá í augum uppi að Svíþjóð var miklu ríkara land en Skotland; velmegun blasti hvarvetna við enda var verðlagið eftir því. Í Skotlandi var tiltölulega ódýrt að lifa, húsaleiga var lág og brýnustu lífsnauðsynjar ódýrar. Þar var því hægt að vera fátækur stúdent og hamingjusamur. Lífskjörin í landi jafnaðarstefnunnar voru hins vegar miklu betri en á Bretlandseyjum, enda gerðu Svíar meiri kröfur til lífsins. Menningarlíf stóð í blóma, fin leikhús

og frábær tónlist – meira að segja djassinn hafði tregablandinn tón, ættaðan frá Sudurríkjunum. Allt var skipulagt upp á punkt og prik.

Ég las af áfergju um sögu iðnbyltingarinnar í Svíþjóð; um vöxt og viðgang verkalýðshreyfingarinnar og jafnaðarmannaflokksins og hugmyndir þeirra um að breyta þjóðfélaginu. Þetta var í forsætisráðherratið Tage Erlanders sem gegndi því embætti í tæpan aldarfjórðung. Frá upphafi vega höfðu aðeins þrír leiðtogar farið fyrir sænskum krötum: Hjalmar Branting, Per Albin Hanson og Tage Erlander. Sameiginlega höfðu þessir menn lagt grunninn að „folkhemmet“ – sænska velferðarþjóðfélaginu.

Svíþjóð er verkfræðingþjóðfélag. Svíum hafði snemma tekist að byggja upp háþróaðan iðnað og að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Sænskir jafnaðarmenn skildu strax í upphafi að þeir yrðu að nýta kosti frjáls framtaks, samkeppni og frjálsra heimsviðskipta til þess að halda uppi hagvexti og skapa þann auð sem átti að standa undir velferðinni. Það er athyglisvert að á löngum valdaferli sínum gripu sænskir sósíaldemókratar aldrei til þjóðnýtingar. Þvert á það sem breski Verkamannaflokkurinn og ríkisstjórn Atlees gerði eftir seinna stríð. Það var stefnuskráratriði breska Verkamannaflokksins að þjóðnýta bæri lykilgreinar atvinnulífsins (*The Commanding Heights*) svo sem 4. grein stefnuskrárinnar kvað afdráttarlaust á um. Þetta úrelta ákvæði tókst ekki að afnema fyrr en með erfidismunum í tíð núverandi forsætisráðherra, Tonys Blairs. Sömu sögu er að segja af helstu ríkjum Vestur-Evrópu, eins og til dæmis Frakklandi og Ítalíu. Þar var gripid til meiri háttar þjóðnýtingar og ríkisgeirinn þannig þaninn út í atvinnulífinu. Þetta gerðu Svíar ekki.

Hins vegar voru leiðtogar sænskra jafnaðarmanna litlir aðdáendur kapitalismans, þótt ekki snertu þeir hár á höfði Wallenberganna. Jafnaðarmenn töldu að söfnun auðs á fárra hendur, sem er óhjákvæmileg afleiðing óhefts kapitalisma, væri óviðunandi. Þeir töldu að hlutverk ríkisvaldsins væri að hafa áhrif á eigna- og tekjuskippingu í átt til aukins jafnaðar, með þeim tækjum sem pólitískt lýðræði býði upp á. Þótt ríkið ætti ekki að þjóðnýta fyrirtækin eða stunda atvinnurekstur í stórum stíl þá litu þeir svo á að ríkisvaldinu bæri að jafna aðstöðumun þegnanna, tryggja sem flestum réttlátan hlut í verðmætasköpuninni, en fyrst og síðast að tryggja öllum tækifæri til náms í samræmi við hæfileika sína, án tillits til efnahags. Í þessu fólst að þeir beittu stighækkandi tekjuskatti til að tryggja aukinn jöfnuð.

Þeir litu á það sem hlutverk ríkisvaldsins að skapa öllum lágmarksrétt og lágmarksöryggi, fyrst og fremst með viðtæku almanna- og sjúkratryggingakerfi og eftirlaunasjóðum. Þeir tryggðu öllum, án tillits til efnahags, jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Í þjóðfélagi jafnaðarstefnunnar var litid á

Það sem brýnt samfélagslegt verkefni að stuðla að jafnrétti karla og kvenna með því að gera konum kleift að nýta menntun sína á vinnumarkaðnum. Þess vegna var það lögbundið verkefni sveitarfélaga að tryggja öllum börnum aðgang að dagvistarheimilum undir umsjá vel menntaðs starfsfólks. Sænskir kratar töldu að fjárfesting í menntun og uppeldi barna væri ekki aðeins fjárfesting í framtíðinni heldur væru jöfn tækifæri til menntunar leið til að brjóta upp rígskorðaða stéttaskiptingu fyrri tíðar og til að tryggja frelsi einstaklingsins gagnvart valdi og forréttindum auðsins.

### Þjóðfélagsverkfræði á la Erlander

Umræðan um helstu viðfangsefni eða vandamál hins iðnvædda borgarsamfélags var mér mjög að skapi. Þarna var tekin afstaða til grundvallarvandamála, um jöfnun tækifæra og frelsi einstaklingsins. Það var mjög ríkt í hugsun manna eins og Erlanders, og reyndar síðar Olofs Palme, að það þyrfti að skapa mótvægi gegn valdi fjármagnseigenda – þar með talið pólitísku valdi þeirra – til þess að tryggja virkt lýðræði og frelsi einstaklinga. Þetta setti líka svip sinn á hugsun þeirra um það hvernig jafnaðarmannaflokkur á að starfa þannig að hann gegni hlutverki sínu. Sænskir kratar litu svo á frá öndverðu að verkalýðshreyfingin og jafnaðarmannaflokkurinn væru tvær greinar á sama meidi. Verkalýðshreyfingin fer heldur ekkert í felur með það að hún er hluti þessarar hreyfingar. Hún færir flokknum það afl sem fjármagnið færir þeim flokkum sem standa nær valdi atvinnurekenda á hægri væng stjórnmalanna. Þessi þrautskipulagða hreyfing stendur styrkum fótum á vinnustöðunum. Þar er hin lifandi grasrót. Og fjárhagslega hefur flokkurinn bolmagn til að etja kappi við stjórnmalaflokka fjármagnsins vegna þess sem áður voru skylduframlög vinnandi fólks til flokksstarfseminnar.

Það var að vísu ekki fyrir en löngu seinna sem ég las mér til gagns og ánægju mjög ítarlega ævisögu Tage Erlanders, í þremur bindum. Erlander kom mér ekki fyrir sjónir á sínum tíma í Svíþjóð sem maður sem kveikti mikla hugsjónaelda. Mér virtust vera ákveðin þreytumerki á þessari hreyfingu og reyndar líka hugmyndaleg stöðnun, enda hafði forsætisráðherrann gegnt embætti sínu samfellt í 23 ár. Ævisaga hans er óvenjuleg að því leyti að af henni má lesa hvernig forystumenn flokks og verkalýðshreyfingar, sem einnig fóru með ríkisvald í krafti meirihluta atkvæða, sátu á rökstólum um þjóðfélagsverkfræði. Mér kom á óvart hvað þeir voru í raun röt-tækir, miðað við þann jarðveg sem þeir voru sprotnir upp úr og þann þjóðfélagsveruleika sem þeir lifðu í.

Erlander hafði þann hátt á að bjóða til sín helstu hugsuðum hreyfingarinnar og sérfróðum mönnum um þjóðfélagsmál í Svíþjóð og þreyta við þá kappræðu um grundvallarspurningar. Þegar maður les ítarlegar frásagnir Erlanders af morgunseminörum hans með gáfnaljósum skynjar maður að þarna fóru menn sem þorðu að hugsa. Þeir voru að brjóta upp á nýjungum og leita lausna á þjóðfélagsvandamálum eftir nýjum leiðum og út frá ákveðnum grundvallarsjónarmiðum.

Sænska módelið er í grundvallaratriðum aðdáunarverð þjóðfélagstilraun. Þeir sem efast um það ættu að líta hvort heldur er til hinnar misheppnuðu þjóðfélagstilraunar kommúnista í austri eða til hins hráslagalega og að mörgu leyti ómanneskjulega kapítalisma í vestri. Það er til marks um styrk þessarar hugsunar um þjóðfélagsmál að smám saman, á árunum eftir stríð, á gullöld Evrópu og við frekari þróun Evrópusambandsins, er ljóst að sænska módelið er að verða evrópska módelið.

### Norræna módelið: Ótímabærar andlátsfregnir

Gagnrýnin á sænska módelið byggist aðallega á tvennu: Í fyrsta lagi er hin siðferðilega vandlæting sem setja má fram eitthvað á þessa leið: Ef ríkisvaldið, stóri bróðir, tekur að sér að tryggja fólki öryggi, hvað svo sem á dynur og jafnvel þótt rekja megi ógæfu fólks til einstaklingsbundinna ódyggða, þá er hætt við að forræðishyggjan losi einstaklingana undan ábyrgð gerða sinna og grafi þannig smám saman undan siðferðisþreki fólks. Ef neyðin rekur það ekki áfram, hver gerir það þá? Þetta er uppistaðan í reglubundinni gagnrýni í ensk-amerískri umræðu um það sem kallað hefur verið *the permissive society* (eftirláta samfélagið) og ýmsir siðferðilegir vandlættrar vilja kenna við syndum spillt lífernir. Þessir aðilar klöppuðu löngum þann stein að Svíar væru siðferðilega á hraðleið niður á við (að vísu á fyrsta farrymi). Mikið var smjattað á sænsku syndinni: Tíðni hjónaskilnaða og upplausn fjölskyldunnar. Þessu til viðbótar er síðan hin harðsvíraða hagfræðilega gagnrýni: Að háir skattar og mikil fyrirferð opinbera geirans dragi úr vinnuvilja, frumkvæði og framtaki einstaklinganna, sem smám saman fari að venjast þeirri tilhugsun að þjóðfélagið eigi að leysa allan þeirra vanda. Slíkur hugsunarháttur hljóti að enda í því að hagkerfið verði ekki samkeppnisfært á erlendum mörkuðum. Þannig hefði jöfnun lífskjaranna og krafan um hið fullkomna öryggi að lokum gengið út í öfgar og hvatinn til framtaks og nýsköpunar, viljinn til að taka áhættu, væri slævdur ef ekki lamaður. Þar með myndi þjóðfélagið að lokum hvorki reynast sjálfbært né samkeppnishæft. Þetta er kjarninn í hinni „schumpeterisku“ gagnrýni á það

sem Schumpeter hélt að myndi að lokum ganga af kapítalismannum dauðum.

Stundum eru Svíar kallaðir Prússar norðursins. Ég kalla samfélag þeirra gjarnan verkfræðingabjódfélagið. Þar eru hlutirnir vel skipulagðir og þeir virka. En reglugerðarfárið er mikið og mörgum finnst það óaðlaðandi, þar á meðal mér. Hinn gullni meðalvegur liggur einhvers staðar þarna á milli. Sænska módelið skilaði samt árangri. Borið saman við Bretland á sama tíma var þetta fyrirmyndarbjódfélag sem bjó vel að sínum þegnum. En þegar ríkið er farið að taka yfir sextíu af hundraði þjóðarframleiðslunnar í sínar hirslur er allt of langt gengið. Þegar ég mætti fyrst til fundar jafnaðarmannaleiðtoga á Norðurlöndum, þá sem nýkjörinn formaður Alþýðuflokksins, lenti ég útistöðum við sjálfan Olof Palme og talsmenn hans í ríkisfjármálum þar sem ég gagnrýndi harðlega að ríkisstjórn hans væri komin yfir strikið í forsjarhyggju og gengi of langt í gagnrýnislausu dekri á sumum sviðum velferðarþjónustunnar.

Nú er meira en hálfur annar áratugur frá því að okkur greindi hvað harðast á um þessar spurningar. Nú viðurkenna allir, þar með taldir talsmenn sænskra krata, að ég hafði rétt fyrir mér í þeim deilum. En svarið við þessum spurningum birtist okkur ekki með ótvíráðum hætti fyrr en á seinasta áratug – áratug hins alþjóðavædda kapítalisma. Þá kom á daginn að þjóðfélög af þessu tagi, Norðurlöndin, voru í fremstu röð í þeirri tæknibyltingu sem nú gengur yfir veröldina. Þau höfðu yfir að búa bæði sköpunarkrafti og aðlögunarhæfni. Finnland og Svíþjóð reyndust vera framúrstefnulönd. Það hafði að visu verið búið í haginn fyrir árangurinn með því að draga úr helstu öfgunum í skattlagningu, ríkisforsjá og velferðardekrinu. Að fenginni þessari reynslu er það mín niðurstaða að í grundvallaratriðum eru þetta heilbrigð og mannúðleg þjóðfélög vegna þess að aðalatriðin eru í lagi. Það er miklu meira jafnræði og miklu jafnari tækifæri í svona samfélagi en í óbeisluðum samkeppniskapítalisma. Og árangurinn sem náðst hefur er ekki þrátt fyrir heldur einmitt vegna þeirrar áherslu sem þessi þjóðfélög leggja á jöfnun tækifæra til náms og félagslegt öryggi á tímum umróts sem hlýst af örum tæknibreytingum. Pólitikin er ekki keypt af fjármagninu og réttur almennings er meiri og byggist á traustari forsendum en ella væri.

Þegar norrænir jafnaðarmenn líta yfir farinn veg og vega og meta mistök og árangur í ljósi reynslunnar og í samanburði við aðrar þjóðfélagstilraunir hafa þeir ekkert að skammast sín fyrir. Hversu oft er ég ekki búinn að lesa, til dæmis í breska tímaritinu *Economist*, háðskar greinar um sænska líkanið, ekki sist á áttunda og níunda áratugnum, þegar hlakkaði í mönnum yfir hnignun þess og reynt var að gera grín að tilhneigingu Norðurlanda-

búa til að halda fram mannréttindum og mannúðarstefnu í alþjóðamálum. En um sænska líkanið má segja, eins og ameríski háðfuglinn Mark Twain komst að orði um sjálfan sig af öðru tilefni: Fréttir af andlátinu eru stórlega ýktar.



## KAFLI VI

# Heim til föðurhúsanna

Árin eftir að ég sneri heim frá námi, snemma árs 1964, eru eina tímabilið í lífi mínu sem ég var á köflum þjakaður af leiðindum – jafnvel haldinn nagandi efasemdum um sjálfan mig og hlutverk mitt í lífinu (og þarf þá nokkuð til). Eftir nokkra útivist frá fósturjarðar ströndum hafði ég slitnað úr tengslum við íslenskt þjóðfélag. Mér fannst á stundum að ég væri orðinn gestur í eigin landi. Yfirleitt bindast menn böndum við féлага á háskólaárum og festa rætur í umhverfinu sem koma þeim að haldi í upphafi starfsferils. Þessu var öfugt farið með mig. Mér fannst ég vera einangradur og utangátta. Mér sóttist seint að ná áttum og finna fast land undir fótum á ný.

Ekki svo að skilja að það veganesti sem ég hafði aflað mér með námi og lífsreynslu í útlöndum ætti ekki eftir að koma mér að góðu haldi síðar. Ég þóttist þá þegar vera stútfullur af hugmyndum um hverju væri helst áfátt í þjóðfélaginu og hvernig ætti að breyta því. Hvort sem ég gerði mér grein fyrir því eða ekki var ég fæddur pólitikus og mig klæjaði í lófana að koma mínum pólitísku hugmyndum á framfæri. Einhvern tíma löngu síðar missti ég út úr mér á mannfundum að ég hefði ungur lært til forsætisráðherra. Hafi það verið svo, þá var það djögg ekki á lausu. Það var lítið fararsnið að sjá á Bjarna Benediktssyni á þessum árum. Svo gripið sé til líkingamáls úr hagfræðinni þá var framboðið (hugmyndirnar og viljinn til að bera þær fram) til staðar en eftirspurnin lét eitthvað á sér standa.

### Þríeyki hagstjórnarvissunnar

Fyrsta verkefni ungs manns, sem á fyrir fjölskyldu að sjá og er að byrja lífið, er að finna sér lífibrauð og þak yfir höfuðið. Ég hafði ekki lokið neinu embættisprófi sem var ávísun á starf og hafði ekki mótaðar hugmyndir um

hvar ég ætti að bera niður. Á þessum tíma voru ekki margar stofnanir sem buðu hagfræðingum vinnu. Og þótt ég hefði lokið prófum í hagfræði hafði ég litla þjálfun fengið í þeim verkefnum sem hagfræðingum er ætlað að vinna. Læknanemi sem hefur lesið anatómíuna sína er ekki þar með sjálfvalinn á skurðstofu. Líklegir vinnuveitendur á þessu sviði voru satt að segja ekki margir. Það var þá helst hagfræðideild Landsbankans (sem innan tíðar breyttist í Seðlabanka) undir andlegu forræði Jóhannesar Nordals, eða Efnahagsstofnunin, ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, undir forystu Jónasar Haralz. Auk þess var til stofnun sem hét Framkvæmdabanki ríkisins og dr. Benjamín Eiríksson veitti forstöðu. Fremur en að gera ekki neitt ákvað ég að falast eftir vinnu hjá þessu þríeyki hagstjórnarvisskunnar. Allir tóku þeir mér kurteislega – en þó misjafnlega.

Jóhannes flutti ræðuna um að nú væri hart í ári, fjárhagur þröngur og ekki fyrirjáanlegt að nýir menn yrðu ráðnir til starfa á næstunni. Jóhannes vissi að ég vissi að þetta var fyrirsláttur. Stofnun hans átti eftir að þenjast út næstu misserin. Mörgum árum síðar, þegar ég fór háðulegum orðum um „blyantsnagara“ í Seðlabankanum á fundi *Á rauðu ljósi* með Ólafi Ragnari Grimssyni á Akureyri, var ég spurður hvort ég hefði ekki fyrirgefið Jóhannesi að hann vildi ekki ráða mig til starfa í musterinu. Ég hef aldrei borið neinn óvildarhug til Jóhannesar, enda ekkert tilefni til. Ég átti enga kröfu á starfi í hans stofnun og honum bar engin skylda til að ráða mig. Minnugur reynslu minnar úr Búnaðarbankanum eitthvert sumarið er allt eins líklegt að ég hefði ekki tollað lengi í starfi, jafnvel þótt mér hefði hlotnast sú náð. Fyrr eða síðar hefði ég leitað fram á hinn pólitíska vígvöll og þar þjóna menn ekki tveimur herrum.

Jónas Haralz tók mér vel. Að sumu leyti áttum við ekki ólíkan feril að baki, þótt aldursmunur sé nokkur. Jónas hafði á ungum aldri hneigst til marxisma á kreppuárum og hélt síðan í hagfræðinámi til Svíþjóðar. Hann var frambjóðandi Sósíalístaflöksins, að minnsta kosti í einum kosningum, en komst síðan upp á kant við handhafa rétttrúnaðarins á þeim bæ. Eftir að hafa starfað sem hagfræðingur í millifærslu- og skömmunarkerfi eftirstriðsáranna fann hann sér undankomuleið í Alþjóðabankanum þar sem hann gat sér gott orð sem hagfræðingur meðal annars sem ráðgjafi ríkisstjórna í þróunarríkjum. Hermann Jónasson kvaddi Jónas heim sem efnahagsráðgjafa vinstri stjórnarinnar 1956–1958. Hermann og Gylfi Þ. Gíslason, í samráði við Jónas, voru farnir að huga að nauðsynlegri kerfisbreytingu í anda viðreisnar á þeim tíma, sem var hins vegar vonlaust verk í framkvæmd í ríkisstjórn með Alþýðubandalagið innanborðs.

Jónas var á þessum tíma einn af fjörmennigaklíkunni sem hugsaði ráð

viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum, auk þeirra Gylfa Þ., Jóhannesar Nordal og Ólafs Björnssonar. Með vísan til framhaldsnáms míns í vinnu-  
markaðshagfræði í Stokkhólmi ráðlagði Jónas mér eindregið að leita eftir  
starfi sem hagfræðingur Alþýðusambandsins. Hann taldi varða þjóðarhag að  
forseti Alþýðusambandsins og forysta verkalyðshreyfingarinnar fengi ráðgjöf  
um (bætta) hagfræðilega hugsun. Forseti Alþýðusambandsins á þeim tíma  
hét Hannibal Valdimarsson. Rád Jónasar voru því sama og þegin.

Síðar kynntist ég Jónasi betur í návígi í störfum svokallaðrar „verðbólgu-  
nefndar“, en við Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur áttum þar sæti skamma  
hrið sem fulltrúar Alþýðubandalagsins í stjórnarandstöðu. Jónas er vel  
verki farinn hagfræðingur og býr yfir miklum sannfæringarkrafti. Hann á  
ekki langt að sækja hann – til föður síns Haraldar Nielssonar, sem var  
áhrifamikill og innblásinn predikari á sinni tíð, og til móður sinnar Aðal-  
bjargar Sigurðardóttur, sem var aðsópsmikill kvenskörungur og lét mikið  
að sér kveða í kvenréttindahreyfingunni.

### Hollráð dr. Benjamíns

Viðtalið við dr. Benjamín er mér minnisstæðast. Benjamín tók sér góðan  
tíma til að ræða við strákinn, lét ritara sinn færa okkur kaffi og kruðeri og  
yfirheyrði mig síðan rækilega um nám mitt. Hann sagði mér jafnframt  
margt af sínum ferli sem ég þá þekkti lítið til. Þegar nafn Josephs  
Schumpeters bar á góma tókst hann allur á loft því Schumpeter hafði ver-  
ið lærifaðir hans við Harvard og umsjónarmaður með doktorsritgerð hans.  
Ég hafði á tilfinningunni að doktor Benjamín vildi ráða mér heilt. Niður-  
staða hans var sú að ég ætti tvímælalaust að fara í framhaldsnám til Banda-  
rikjanna eins og hann hafði gert og taka mér þann tíma sem ég þyrfti. Ég  
var sammála Benjamín um að mér veitti ekkert af að læra meira og að  
framhaldsnám við bandarískan háskóla væri áreiðanlega góður kostur.  
Sjálfur hafði Benjamín eftir nám í Berlín, Stokkhólmi og Moskvu tekið  
meistarapróf að minnsta kosti tvisvar sinnum í Bandaríkjunum, áður en  
hann tók upp doktorsnámið við Harvard, undir leiðsögn Schumpeters.  
Mínar aðstæður voru hins vegar aðrar. Ég var ungur fjölskyldufaðir í leit  
að vinnu og konan mín var gengin í björg leikhússins og myndi áreiðanlega  
ekki elta mig aftur til útlanda. Þar að auki hafði ég gert mér grein fyrir því  
að ég var ekki fræðimaður að upplagi. Ég hafði takmarkaðan áhuga á að  
sérhæfa mig á þröngu sviði hagfræðinnar eða láta loka mig inni í  
akademískum filabeinsturni í mörg ár til þess að skrifa doktorsritgerð með  
það að markmiði að gerast fræðimaður eða háskólakennari.

Þetta var ekki björguleg byrjun fyrir hinn unga hagfræðing og heimilisföður. Næstu mánuðina vann ég einhver tilfallandi verk í ígrípum. Gils Guðmundsson alþingismaður, sem áður hafði verið hin djúpa rödd Þjóðvarnarflokksins gegn her í landi, var nú framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, hins gamla ríkisforlags Jónasar frá Hriflu, og var enn að gefa út bækur. Gils fékk mig til að búa til prentunar handrit eftir minn gamla kennara úr MR, Ólaf Hansson sagnfræðing. *Frumstæðar þjóðir* hét það. Þá var ekki verra að hafa lesið mannfræði í Edinborg og að vera sérfræðingur í mataræði, hjúskaparháttum og veiðimannasamfélagi ættbálksins Nuer í Súdan. Það nám kom mér reyndar á bragðið að lesa mér til um dapurleg örlög ættbálkasamfélaga í Afríku að endurheimtu sjálfstæði undan oki evrópskra nýlendu-drottarna. Margir kaflar þeirrar ljótu sögu lýsa óheyrilegum grimmdarverkum og himinhrópandi hræsni hinna svokölluðu boðbera evrópskrar kristni, þótt vitfirrt morðæði Leopolds Belgakóns í Kongó, síðar Zaire, taki þar flestu öðru fram um myrkraverk sem ekki þola dagsins ljós. Handrit Óla Hans var hins vegar í hans stil; samviskusamlega tíunduð ótal þekkingaratíði en lítið fór fyrir hinni stóru sýn á viðfangsefnið.

### Talað fyrir daufum eyrum

Eitt leiddi nú af öðru. Ég hafði skrifað greinaflokk í *Frjálsa þjóð* um skipulag verkalyðshreyfingar og samskiptahætti atvinnurekenda og launþega á vinnumarkaði. Í þeim greinum studdist ég við námsefni frá námskeiðinu í vinnumarkaðshagfræði í Stokkhólmi. Hinir verkfræðilega sinnuðu Svíar, sem hafa auga fyrir praktískum lausnum en eru frábitnir hugmyndafræðilegum kreddum, höfðu skipulagt þessi mál með þeim árangri að verkföll heyrðu næstum sögunni til í Svíaríki. Kjarni málsins er tiltölulega einfaldur: Vinnustaðurinn er grunneining sænsku verkalyðshreyfingarinnar. Það þýðir að allir sem vinna á sama vinnustað, frá ófaglærðum verkamönnum, faglærðum iðnaðarmönnum, verkstjórnarmönnum og skrifstofuliði, tilheyra sama stéttarfélagi og endanlega sama landsambandi. Sameiginlega mynda þessar einingar síðan eitt landsamband, til dæmis Samband málm- og skipasmíðaiðnaðar. Þetta hefur ýmsa kosti sem skipta máli: Skipulagið stuðlar að launajöfnuði, kemur í veg fyrir þráláta samanburðarkaupstreitu milli ólíkra hópa á sama vinnustað og hindrar að smáhópar með sterka samningsstöðu geti með verfallshótunum haldið heilu atvinnuvegunum í gislingu. Þótt vinnustadaeiningarnar framselji samningavald til landssambands, sem semur um kaup og kjör um landið allt í samfloti með öðrum landsamböndum, er kerfið samt sveigjanlegt. Hver vinnustadaeining getur

gert viðbótarsamninga sem varða þann vinnustað eða fyrirtæki. Einn kostur þessa kerfis er að það stuðlar að samstöðu fólks á vinnustaðnum í stað þess að sundra því í ótal smáhópa sem berast á banaspjöt í innbyrðis skæruhernaði um krónur og aura.

Þegar titið var yfir sviðið á íslenskum vinnumarkaði var ólíku saman að jafna. Launþegum á hverjum vinnustað var sundrað í ótal félög sem hvert um sig gerði kjarasamninga fyrir sinn hóp. Verkamenn voru sér, verkakonur voru sér og fagfélög iðnaðarmanna sér. Þess voru dæmi að eitt fyrirtæki þyrfti að gera hundruð kjarasamninga fyrir starfsfólk sem tilheyrði ótal smáfélögum. Þetta bauð upp á endalausar innbyrðis erjur starfsfólksins og vann gegn félagslegri samstöðu þess um sameiginlega hagsmuni. Og þetta gaf fámennum hópum með sterka markaðsstöðu (frægustu dæmin: mjólkurfræðingar og flugumferðarstjórar) kverkatak á atvinnurekendum í samningum sem oft dugði þeim til að sprengja upp kaup og kjör og semja um forréttindi, langt umfram aðra á vinnumarkaðnum. Þótt Alþýðusambandsþing hefðu gert meirihlutasamþykktir um að taka heildarskipulag Alþýðusambandsins og verkalyðshreyfingarinnar til endurskoðunar gufudu slíkar samþykktir upp í samstöðuleysi og málþófi.

### Selstúlkan og skáldjöfrarnir

Þótt ég skrifaði um þetta ítarlegt mál virtist ég skrifa fyrir blindum augum og tala fyrir daufum eyrum forystumanna í verkalyðshreyfingunni sem flestir ef ekki allir höfðu hagsmuna að gæta að verja óbreytt ástand. Undantekningin var Björn Jónsson, þingmaður Alþýðubandalagsins í norðurlandskjördæmi eystra og formaður Einingar á Akureyri. Stjórn Einingar samþykkti að bjóða mér að efna til ráðstefnu um þetta efni fyrir stéttarfélögin á Eyjafjardarsvæðinu. Námskeiðið stóð í þrjár vikur og „nemendurnir“ voru forystu- og trúnaðarmenn stéttarfélaganna, auk annarra áhugamanna um efnið. Sumir í nemendahópnum voru komnir á efri ár, þótt þeir væru ungir í anda og áhugasamir um þjóðfélagsmál. Þeirra á meðal voru nokkrir sem mundu þá tíð þegar Einar Olgeirsson, þá ungur kennari á Akureyri, vann það pólitíska afrek að fá yfir 30% atkvæða á lista Kommúnistaflokksins við bæjarstjórnarkosningar á Akureyri, snemma á millistríðsárunum. Það staðfestir að þótt örlög Einars hafi orðið að daga uppi í gerningum Sovétrúboðsins var hann í blóma lífs einhver áhrifaríkasti pólitíski trúboði og áróðursmaður sem uppi hefur verið í landinu.

Í tengslum við námskeiðshaldið kynntist ég mörgum góðum mönnum sem sumir hverjir urðu vinir mínir fyrir lífstíð. Þar fór fremstur í flokki

Ingólfur Árnason rafveitustjóri, náinn samstarfsmaður Björns Jónssonar í pólitíkinni; skáldið og öðlingurinn Kristján frá Djúpalæk, sem þá var ritstjóri *Verkamannsins* á Akureyri, og Rögnvaldur „kammerráð“ Rögnvaldsson sem umgekkst aðallega ungt fólk eins og við Menntaskólann á Akureyri og varðveitti svo vel barnið í sjálfum sér að ekki varð annað fundið en að hann væri einn af þeim. Þarna voru líka Jónar tveir, Rögnvaldsson og Helgason, síðar eftirmaður Björns sem formaður Einingar; frændi minn frá Unaðsdal. Ég notaði líka tækifærið og rifjaði upp kynni af Steindóri skólameistara sem svo vasklega varði vígi kratanna í Rauða bænum á Ísafirði í kosningunum 1959. Allar götur síðan vorum við Steindór hinir mestu mátar og ég kom aldrei svo til Akureyrar í fundaleiðangra að ég reyndi ekki að hitta hann að máli. Steindór var allt í senn: Brautryðjandi á sínu fræðasviði, afkastamikill rithöfundur, góður kennari og skólameistari, sem reyndist fastur fyrir á umbrotatímum, og öflugur talsmaður jafnaðarstefnunnar.

Ein var sú kona á þessu námskeiði sem hafði lengra sögulegt minni en aðrir. Hún hét Sigríður Gróa Þorsteinsdóttir og var eiginkona Tryggva Helgasonar, fyrrverandi formanns Sjómannafélags Akureyrar. Hún hafði sem barnung stúlka verið í vist í Reykjavík og síðar starfsstúlka í mjólkurbúð í miðju Austurstræti. Við konungskomuna 1907 var mikið um dýrðir í útkjálkaþorpinu Reykjavík. Hannes Hafstein, skáld og foringi heima-stjórnarmanna, var þá enn ráðherra, þótt hann ætti eftir að gjalda afhroð í kosningum ári síðar út af „uppkastinu“ fræga. Einar Benediktsson skáldjöfur bar þá andlegan ægishjálmi yfir aðra menn í landinu og var, þegar sá gállinn var á honum, harðvítugur talsmaður landvarnarmanna og í andstöðu við Hannes.

Daginn áður en efnt var til konungsreiðar á Þingvöll var mjólkurbúðarstúlkun unga að ganga frá í búðinni og að loka rammlega með því að renna hlerum fyrir dyrnar. Fáir ef nokkrir voru á ferli. En þegar hún leit upp frá verkum sínum sá hún sýn, sem hún mundi meira en hálfri öld síðar, eins og hún hefði birst henni daginn áður. Hannes Hafstein gekk virðulegum skrefum frá Bakarabrekkunni eftir Austurstræti, í vesturátt. Einar Benediktsson stefndi í austurátt, ofan úr Grjótaþorpi. Stórveldin sigldu hvort framhjá öðru og hvorugur þóttist taka eftir hinum. Selstúlkun unga lét eins lítið á sér bera og unnt var enda virtu slík höfuðskáld ekki viðlits unga stúlkukind, þótt hún kynni að visu utanbókar bestu ljóð beggja.

Þegar hún hafði sagt mér söguna spurði ég hinnar óhjákvæmilegu spurningar:

„Og hvor var glæsilegri?“

Hún var enn djúpt hugsi og dró svarið eins og hún gæti ekki enn alveg gert það upp við sig. Svo tók hún á sig rögg og sagði:

„Einar, hann var friðari og það var meiri arnsúgur af honum.“

### Ræða efasemdarmannsins

Undir vorið 1964 hafði ég bundið fastmælum að fara á sild á báti frá Vestmannaeyjum. Af því varð þó ekki, fyrir hreina tilviljun. Samtökin Friðlýst land, sem ég hafði unnið fyrir veturinn 1960–1961, efndu til fundar í Stjörnubíói. Við vorum tveir fengnir til að hafa framsögu, ég og Júníus Kristinsson, faðir Móeiðar og Ásgerðar söngfugla. Júníus var auðheyrilega efnilegur ungur maður en varð ekki langra lífdaga auðið. Þarna var saman komið það fólk sem harðast hafði gengið fram á umliðnum árum í andstöðu við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og gegn varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Júníus flutti innblásna ræðu í dulitið upphöfnum kiljönskum stíl um að betra væri að vera barinn þræll en feitur þjónn.

Ég flutti ræðu efasemdarmannsins, svo ekki sé meira sagt. Ræða Júníusar fékk dúndrandi undirtektir en af minni ræðu var ljóst að ég hafði fjarlægst fortíð mína. Ræðan féll satt að segja í ófrjóan jarðveg en vakti einhverja fjölmiðlaumfjöllun.

Pegar við gengum út af fundinum kom til mín Bergur Sigurbjörnsson, fyrrverandi þingmaður Þjóðvarnarflokksins. Þjóðvarnarflokkurinn var ekki lengur til og leifar hans höfðu að mestu skipst milli framsóknar og Alþýðubandalags. Bergur stóð uppi með hið gamla málagn flokksins, vikublaðið *Friðlýsta þjóð*, sem nú var orðið munadarlaust. Blaðið hafði enn drjúga útbreiðslu, milli fjögur til fimm þúsund skilvísir áskrifendur í leit að ritstjórn með boðskap. Áskrifendur bjuggu aðallega á landsbyggðinni. Ætli þeir hafi ekki verið að uppistöðu til vinstriinnvið framsóknarmenn sem voru orðnir tviátta um hvar þeir skyldu skipa sér í sveit. Bergur spurði hvort ég væri tilbúinn að taka blaðið að mér því hann vildi ekki að það færi á vergang. Mér fannst þetta á stundinni fundið fé. Bergur hafði blað að bjóða og mig vantaði málagn. Þetta varð niðurstaðan, þótt hvorki væri samið um kaup né kjör. Ég fékk Ólaf bróður minn, sem þá var heimkominn frá Prag og vafalítið fjár vant, til að hlaupa í skarðið fyrir mig á *Ísleifi* VE frá Vestmannaeyjum. Eftir á að hyggja gerði ég bróður mínum vist litinn greiða því Ísleifur lenti í vélarvandráðum og veiddi nánast enga sild þetta sumar.

Í stað þess að eltast við hverfular sildartorfur fyrir Austurlandi settist ég að á ritstjórn *Friðlýsrar þjóðar* í Ingólfsstræti og hóf mínar sálnameiðar. Þegar frá leið fékk ég fleiri til liðs við mig til að fylla þetta litla blað af stórum

hugmyndum og herskárri pólitík. Um haustið, þegar ég hafði ráðið mig til kennslustarfa, varð að ráði að Ólafur tæki við ritstjórninni, en við Arnór lögðum honum að staðaldri til mikið efni.

### Fjölskyldumálgagnið

Um hvað vorum við á *Frjálsri þjóð* að skrifa? Rauði þráðurinn var um pólitíska nauðsyn þess að gera upp við dapurlega fortíð Sovétrúboðsins; um nauðsyn þess að sameina jafnaðarmenn á grundvelli hugmynda og hugsjóna lýðræðisjafnaðarmanna sem hefði dugað til að breyta hráslagalegum kapítalisma iðnvæðingarinnar í lýðræðisleg velferðarríki. Ég skrifaði um nauðsyn þess að endurskipuleggja verkalýðshreyfinguna frá rótum og að endurreisa skipulagsleg tengsl verkalýðshreyfingar og verðandi jafnaðarmannaflokks til andófs við forræði fjármagnseigenda. Ég skrifaði einnig um nauðsyn þess að endurskoða afstöðu vinstri manna til utanríkis- og alþjóðamála í framhaldi af hugmyndalegu uppgjöri við hið hervædda stórveldi í austri. Ég benti á að helstu frumkvöðlar Atlantshafssamstarfsins í Evrópu hefðu verið evrópskir sósíaldemókratar (Atlee og Bevan í Bretlandi, Paul-Henri Spaak í Belgíu) og leiðtogar krataflokka á Norðurlöndum, Einar Gerhardsen og Hákon Lie og Hans Hedtoft og H.C. Hansen). Það væru einna helst þjóðernissinnuð hægri öfl, eins og til dæmis gaullistarnir frönsku, sem væru andsnúnir Atlantshafsbandalaginu og það af annarlegum hvötum. Arnór skrifaði allmikið um skóla- og uppeldismál og var einatt (óþarflega) harðorður í garð Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra. Alþýðuflokkurinn sætti harðri gagnrýni fyrir fylgispekt við íhaldið í stað þess að leggja höfuðáherslu á upprunalegt erindisbréf sitt sem var að sameina jafnaðarmenn, í andstöðu við íhaldið.

Finnbogi Rútur, sem bjó að Marbakka í Kópavogi og var þá orðinn bankastjóri Útvegsbankans, hneigðist til að líta yfir öxl ritstjórans og hafa áhrif á málflutninginn. Hann tók það upp hjá sjálfum sér að senda Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra og gömlum bekkjarbróður sínum, orðsendingu (fyrir milligöngu tengdasonar síns, Styrmis Gunnarssonar, sem þá var farinn að starfa á *Morgunblaðinu*) um allsherjarsamninga milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar um að byggja tólf hundruð íbúðir í Breiðholtiinu sem eins konar sáttargjörð eða vopnahlé milli stríðandi afla á vinnu- markaðnum. Og *Frjáls þjóð* var notuð til að vinna þessum hugmyndum og tillögum brautargengi.

Guðmundur jaki, varaformaður Dagsbrúnar, sem var einn helsti samningamaður verkalýðshreyfingarinnar um málið, leitaði mjög í smíðju Finn-

boga Rúts þau misserin. Hann lét það síðan heita að hann hefði verið í „sunnudagaskóla“ hjá Marbakkabóndanum og að þar hefði verið farið fyrirfram yfir hvern leik í samningsstöðunni. Þetta var mjög í anda Finnboga Rúts: Að gera menn sér handgengna og tefla þeim síðan fram í hinni pólitísku þráskák en sitja sjálfur og leggja á ráðin bak við tjöldin.

Út á við var *Frjáls þjóð* stimpluð af andstæðingum og ekki síst keppinautum innan Alþýðubandalagsins sem málgagn Hannibals og fjölskyldu hans. Sannleikurinn er aftur á móti sá að Hannibal hafði engin afskipti af blaðinu og að stjórnmalasamband við hann var stirt og lifði á veiku skari. Oft þóttist ég verða þess áskynja að harðneskjulegur málflutningur okkar strákanna væri í óþökk hans því hann var lítt til þess fallinn að bæta samskipti Hannibals við oddvita Sósíalístaflokksins, þar með talinn Lúðvík Jósepsson. Þessir menn fengu oft og ídulega kaldar kveðjur á síðum *Frjálsrar þjóðar*. Ég man að okkur þótti merkilegt að skilvísir áskrifendur blaðsins, fyrrverandi Þjóðvarnarmenn og vinstri sinnaðir framsóknarmenn af landsbyggðinni, létu þessi skrif yfir sig ganga án þess að grípa til fjöldauppsagna.

### Gaffalbitar og geðshræringar

Eitt mál, sem gerði mönnum heitt í hamsi þessi misserin, var svokallað „gaffalbitamál“. Á hverju hausti fór sendinefnd frá Sildarútvegsnefnd ríkisins, undir forystu Gunnars Flóvenz, til Moskvu til að semja um magn og verð á síld. Viðskipti Íslendinga við Sovétríkin voru á þessum árum umtalsverð. Meðal annars voru Íslendingar háðir Sovétmönnum um olíu og bensín á báta- og bílafлотann. Þegar hvorki gekk né rak í samningunum í Moskvu birtust þar allt í einu Einar Olgeirsson og síðar Lúðvík Jósepsson og voru sagðir hafa nýtt sér flokkstengsl við sovéska Kommúnístaflökkinn til að ná endum saman í þessum viðskiptasamningum. *Þjóðviljinn* tók afrekin upp á forsiðu og ætlaðist til þess að þessum mönnum bæri að fagna sem bjargvættum þjóðarinnar. Við á *Frjálsri þjóð* vorum einfaldlega annarrar skoðunar. Okkur bauð við því að horfa upp á forystumenn Sósíalístaflokksins og alþingismenn Alþýðubandalagsins hæla sér af því að í krafti þess að vera handgengnir erlendum harðstjórum hefði þeim tekist að selja gaffalbita í Moskvu, sem menn áttu að halda að væri ósöluhæf vara án þeirra atbeina.

Þetta kom ekki á óvart með Einar. Við vissum sem var að honum var ekki við bjargandi úr þessu. Hitt þótti okkur verra að Lúðvík Jósepsson, sem Hannibal og Björn væntu að yrði bandamaður þeirra við að umbreyta Alþýðubandalaginu og gera upp við þessa fortíð, skyldi fylgja mönnum

frá Moskvu að málum. Ég veittist harkalega að Lúðvik á síðum *Frjálsrar Þjóðar* og eitt sinn stóðum við á tröppunum fyrir utan heimili hans á Miklubraut (hann bjó í næsta húsi við mig) og hnakkrifumst um gaffalbita og aðrar geðshræringar. Ég held að aldrei hafi gróið um heilt milli gamla útgerðarmannsins og hásetans á *Gerpi*.

### Að þykja vænt um fólk

Síðsumars 1964 gekk ég á fund Árna Þórðarsonar, sem þá var skólastjóri Hagaskóla, og falaðist eftir kennslustarfi. Það fór vel á með okkur Árna og hann er mér um margt minnisstæður maður. Hann hafði á yngri árum komið nokkuð við sögu í pólitík, verið handgenginn Tryggva Þórhallssyni, fyrrum forsætisráðherra, og fylgt honum út úr Framsóknarflokki þegar Tryggvi stofnaði Bændaflokkinn. Árni varð snemma á fjórða áratugnum ritstjóri að málgagni þess flokks um skeið. Hann var fyrir löngu hættur afskiptum af pólitík, en lengi lifir í gömlum glæðum.

Þótt aldrei hefði hvarflað að mér á námsárunum að leggja fyrir mig kennslu féll mér hún ágætlega, enda fór vel á með mér og nemendum mínum. Árni setti mér fyrir að kenna ensku, íslensku, sögu og eitthvað sem gekk undir nafninu samfélagsfræði. Nemendahópurinn var nokkuð skiptur. Annars vegar voru unglingar sem áttu létt með nám og þurfti því lítið fyrir að hafa. Hins vegar voru krakkar sem náðu ekki tilskildum árangri til að fara í landspróf og tóku því almennt gagnfræðapróf. Þar voru verslunarardeildir ungmeyja sem ýmist ætluðu sér í framhaldsnám eða að fara strax á vinnuarkaðinn. Þetta var stundum kallað „einkaritaradeildin“. Loks voru þarna unglingar, oft atorkustrákar og ofþroskaðar stúlkur, sem þurfti að berja til bókar því að þau biðu eftir því einu að fá að byrja í skóla lífsins.

Ég hafði ekki hvað sist gaman af að kenna í þeim bekkjum þar sem viðhorf til náms voru nokkuð stríð. Kannski hafði ég nokkra samúð með því sjónarmiði út frá minni eigin reynslu. Mér fannst ég eiga auðvelt með að ná jarðsambandi við þennan óstýriláta hóp og eignaðist vináttu margra meðal þeirra. Vandinn við kennsluna var helstur sá hvað kennslugögnin voru fátækleg, í sumum tilvikum beinlínis hörmuleg. Það reyndi þá á kennarann að koma námsefninu til skila eftir öðrum leiðum og reyna að gera það áhugavert. Það held ég að mér hafi tekist bærilega. Sennilega af því að ég þarf ekki að gera mér það upp að þykja vænt um fólk.

„Hafið þér lesið *Ulysses*?“

Óneitanlega var líka á stundum gaman að keyra gáfnaljósinn áfram í námi. Fátt er jafnhrifandi í þessu lífi og að uppgötva óvenjulega hæfileika eða andlegt atgervi í fari ungs fólks sem er að byrja að uppgötva lífið og tilveruna, fullt af sjálfstrausti en grunlaust um torfærurnar og tálbeiturenar sem liggja í leyni við ófarinn veg. Ég man sérstaklega eftir einum landsprófsbekk sem svo var vel af Guði gerður að maður þurfti varla annað en að líta yfir hópinn, eða að meta fyrstu viðbrögð við verkefnum, til að finna að greindargenin höfðu verið vel útlátin. Í fyrsta tíma í þessari bekkjardeild, við upphaf skólaárs, var ég ekki fyrr búinn að segja til nafns en strákrjakkur í fremstu röð, vinstra megin við kennaraborðið, rétti upp höndina og spurði: „Kennari, hafið þér lesið *Ulysses*?“ Á borðinu fyrir framan hann lá þessi firna döðrantur eftir James Joyce. Ég bað hann að fletta upp á tiltekinni blaðsíðu þar sem söguhetjan gengur örna sinna og um heilabú hans fer svo stríður straumur andlegrar meðvitundar að klósettsetan tók margar blaðsíður. Gáfnaljósinn töldu að þar með hefði kennarinn staðist prófið og væri því samboðinn verðandi snillingum. Joyce-unnandinn á fremsta bekk heitir Stefán Snævarr og er nú lektor í heimspeki í Noregi, bróðir frú Sigríðar, sem ég skipaði fyrsta kvensendiherrann í íslensku utanríkisþjónustunni. Mig grunar að Stefán hafi ekki lesið stafkrók í *Ulysses* þegar hann bar fram spurninguna en efast heldur ekki um að hann hafi lesið bókina spjaldanna á milli síðar á lífsleiðinni.

Einhvern tíma á þessum árum kom á minn fund ungur sveinn, teinréttur og gjörvilegur, og bað um viðtal fyrir hönd skólablaðsins. Það var auðsótt. Í viðtalinu var spurt hvað mér fyndist um að krakkar á gagnfræðaskólaaldri gengju í ungliðasamtök stjórnmálaflokka og störfuðu þar. Ég mælti eindregið gegn því og fullyrti að unglingar hefðu annað og betra við tíma sinn að gera á þroskaárunum en að láta þröngsýna framapotara, sem venjulega væru í fyrirrúmi í svoleiðis samtökum, heilapvo sig og misnota til pólitískra skítverka. Að lokum spurði blaðamaðurinn kennarablókina hvað hún vildi helst afreka í lífinu og skilja eftir sig til minningar: „Eitt ljóð sem lifir,“ var svarið.

Viðtalið barst í hendur Matthíasi Johannessen, ritstjóra *Morgunblaðsins* og skáldi, en hann átti krakka í skólanum. Matthías er viðbragðsfljótur og hringdi í mig til að lýsa ánægju sinni og fá leyfi til að endurprenta viðtalið í Mogga. Síðan hefur verið hlýtt milli okkar Matthíasar. Af blaðamanninum unga er hins vegar þá sögu að segja að eftir að hann komst upp á kant

við skólayfirvöld í MR sótti hann um og fékk skólavist í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem hann lauk sínu stúdentsprófi.

Þá bar það við einhvern tíma að minn gamli vinur, Styrmir Gunnarsson, þá orðinn ritstjóri *Morgunbladsins*, og Björn Bjarnason, síðar menntamálaráðherra, voru á Ísafirði, væntanlega í pólitískum erindagjörðum, og sóttu okkur Bryndísi heim. Þar kom tali okkar Björns að við vorum sammála um að Íslendingar þyrftu að koma sér upp mönnum sem hefðu reynslu af hernaðarþjálfun og þekkingu á nútímahernaði til þess að við gætum með ráðum slíkra manna sjálfir lagt dóm á tæknileg álitæfni, bæði innan NATO og í varnarsamstarfinu við Bandaríkjamenn. Arnór Sigurjónsson, en svo heitir hinn ungi maður, sat ásamt okkur hinum við eldhúsbordið hjá Bryndísi þegar örlög hans voru ráðin. Ákveðið var að hann skyldi að afloknu stúdentsprófi sækja um inngöngu í norska herinn og hrinda þessum hugmyndum þannig í framkvæmd. Sem hann gerði með pomp og prakt. Seinna átti hann eftir að reynast mér góður samstarfsmaður, bæði í utanríkisráðuneytinu og við sendiráð Íslands í Washington DC.

### „Hvur er þessi Hannibalsson?“

Einn atburður er mér óneitanlega minnisstæður frá þessum árum. Eitt sinn var ég beðinn um að hlaupa í skarðið sem forfallakennari til að kenna stærðfræði. Þegar ég hafði kynnt mig var mitt fyrsta verk að renna augum yfir bekkjarkladdann og átta mig á nöfnum nemenda. Ég sá að einn nemandinn var Hannibalsson. Ég sló því föstu að drengurinn hlyti að vera að vestan og væri kannski eitthvað skyldur mér því nafnið er sjaldgæft. Þegar búið var að kynna námsefnið, sem var einhver reikningsþraut, kallaði ég upp að töflu Ingjald Hannibalsson. Það varð dauðabögn í bekknum og ég fékk á tilfinninguna að ekki væri allt með felldu.

Auðfundið var að drengurinn var ljónskarpur og hann leysti reikningsþrautina fljótt og vel. Þegar ég kom upp á kennarastofu, að lokinni kennslustund, spurði ég kunningja minn í röðum kennara hvort hann vissi einhver deili á þessum dreng. Það varð vandræðaleg þögn áður en lífsreynd kona úr kennaraliðinu dró mig afsíðis og spurði hvort ég vissi virkilega ekki að umræddur drengur væri hálfbróðir minn.

Síðar meir reyndi ég að ná sambandi við hálfbróður minn og mælast til frændsemi við hann. Þá var hann orðinn verkfræðingur og nokkuð kunnur í þjóðlífinu. Hann var til dæmis um tíma forstöðumaður Útflutningsráðs og þá um leið undirmaður minn í utanríkisráðuneytinu. Við höfðum vinsamlegt samband nokkra hrið. Þegar að því kom að ég vildi leita til hans

um að vinna tiltekið verk fyrir Alþýðuflokkinn sendi ég honum gögn og bað um frekari úrvinnslu. Hann sendi kurteislegt afsvar með ábendingu um að hann hefði aldrei gengið í þann flokk. Þar með lauk samskiptum okkar.

### Getur dúx orðið að manni?

Við Hagaskóla störfuðu margir afbragðs kennarar sem sinntu starfi sínu af ósérhlífni og áhuga, þrátt fyrir bág kjör og litla virðingu sem kennarastarfið hefur löngum notið á voru landi. Þar var fremst í flokki Jóna Hansen, frænka Jóns Þorlákssonar, fyrrum landsverkfræðings, forsætisráðherra og borgarstjóra, en hún var lifið og sálin á kennarastofunni og kom öllum í gott skap sem hana umgengust.

Nánustu samstarfsmenn mínir í kennaralíðinu voru Hörður Bergmann, seinna starfsmaður menntamálaráðuneytis og námstjóri á gagnfræðastiginu, og Finnur Torfi Hjörleifsson íslenskufræðingur, sem er Önfirðingur og fylgdi mér seinna heim í áttahagana og varð fyrsti íslenskukennari Menntaskólans á Ísafirði. Finnur Torfi varð síðar afhuga kennslu og sneri sér að lögfræði og starfar nú sem héraðsdómari. Báðir voru þeir áhugasamir í starfi, höfundar kennsluefnis sem stuðst var við í þeirra kennslugreinum og fullir metnaðar um að koma nemendum til nokkurs þroska.

Ég kenni Herði um að hafa dregið mig inn í félagsskap sem varð til á þessum árum undir heitinu Félag háskólamenntaðra kennara. Þar komu margir góðir menn við sögu eins og til dæmis Jón Böðvarsson, íslenskufræðingur, síðar skólameistari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Ingólfur H. Þorkelsson, síðar skólameistari við Menntaskólann í Kópavogi. Félagið var ekki bara stéttarfélag þar sem rifist var um krónur og aura heldur skipulögðum við fundi og ráðstefnur um skólamál og lögðum fram ýmsar athyglisverðar tillögur um nauðsynlegar umbætur í skólalaldi. Um skeið lét ég til leiðast að gerast formaður í félagsskapnum og beitti mér þá fyrir því að félagið gaf út stefnuyfirlýsingu í skólamálum sem við reyndum að fá kerfiskalla í menntamálaráðuneytinu til að tileinka sér og fylgja eftir í framkvæmd. Eitt þeirra mála sem félagið kom á dagskrá var heildarendurskoðun námskrár, grunnskóla og framhaldsskóla, meðal annars með það að markmiði að stytta námstíma til stúdentsprófs. Við höfðum mörg fleiri umbótamál á dagskrá. Um flest þeirra sýnist mér að það eigi við að þau eru enn á dagskrá hins háa ráðuneytis. Tregðulögmálið virðist vera það lög-mál sem mestu ræður í skólakerfinu.

Eitt sinn á þessum árum efndi menntamálaráðuneytið til mikillar ráðstefnu um nýjungar í skólastarfi undir forystu míns gamla bekkjarbróður,

Andra Ísakssonar, sem þá var sérstakur ráðgjafi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, um skólamál. Ekkert af því sem um var vélað á þessari ráðstefnu er mér minnisstætt í dag. Hitt man ég eins og það hefði gerst í gær þegar Einar Magnússon, fyrrverandi rektor Lærða skólans, steig í pontu í þeim yfirlýsta tilgangi að hrekja þá kenningu að dúxar – þeir sem stunda nám sitt af tilskilinni samviskusemi – geti aldrei orðið að mönnum. Þessu til sönnunar las hann upp úr skólaskýrslum MR nöfn allra þeirra sem höfðu orðið dúxar eða semidúxar á stúdentsprófum frá aldamótunum 1900 og fram á sjöunda áratuginn. Og mikið rétt: Þula Einars staðfesti að dúxarnir urðu síðar á lífsleiðinni fyrirmyndarráðuneytisstjórar eða aðstodarmenn í ráðuneytum og stofnunum. Af upplestri Einars man ég ekki eftir einum einasta dúx sem hafði stofnað fyrirtæki eða byggt upp eitthvað að eigin frumkvæði, þar sem tekin væri áhætta eða teft í tvísýnu. Að lestri Einars loknum gat ég ekki stillt mig um að standa upp og spyrja rektor hvort hann hefði samsvarandi upplýsingar um hvað orðið hefði um fúxana. Einar svaraði:

„Já – en það skiptir nú minna máli; sumir þeirra hafa til dæmis leiðst út í pólitík og orðið forsætisráðherrar. Ætli þeir hafi fengið annað betra að gera?“

### Uppeldisfræði og fæddir kennarar

Matthías Jónasson, uppeldis- og sálfræðingur, bróðir míns gamla skipstjóra á togaranum Elliða, hafði beitt sér fyrir því að próf í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands var gert að skilyrði fyrir fastráðningu kennara, að minnsta kosti á framhaldsskólastigi. Það hefur leitt til þess að kennurum, jafnvel þótt þeir hafi fin próf í kennslugreinum eins og stærðfræði eða raunvísindum, er skipað á óæðri bekk og þeir kallaðir leiðbeinendur, hafi þeir ekki pungapróf frá Háskólanum í kennslufræðum. Leiðbeinendur verða meira að segja að vikja úr starfi ef kennari með kennsluréttindi býðst í staðinn, jafnvel þótt hann hafi minni menntun til að bera í sjálfri kennslugreininni. Þetta held ég að sé ein ástæðan fyrir því að erfitt er að finna kennara með viðhlitandi menntun í stærðfræði og raungreinum, til dæmis erlendis frá, því þeir hafa einatt ekki aðstæður eða efni á að eyða ári við Háskóla Íslands til að afla sér kennsluréttinda. Ég tel að þetta sé misráðið. Það byggi ég á sautján ára kennara- og skólastjórnarreynslu sem sannfærði mig um að bestu kennarnir væru „fæddir kennarar“. Fyrir utan að hafa traust tók á sjálfu námsefninu þurfa kennarar að hafa meðfædda hæfileika til að vekja áhuga annarra á efninu, auk þess sem menn læra af

reynslunni. Ég veit mörg dæmi þess að kennari getur verið hálærður í sinni grein en er fyrirmanað að kenna öðrum vegna meðfædds hæfileikaskorts í mannlegum samskiptum. Kennsla er eins og pólitík að því leyti að hún snýst um fólk.

Þrátt fyrir þessar skoðanir mínar braut ég odd af oflæti mínu og eyddi heilu sumri, jafnframt skrifum í *Friðsala þjóð*, í að taka námskeið í uppeldis- og kennslufræðum og ljúka prófum. Af því tilefni kynntist ég frænda mínum, Simoni Jóhanni Ágústssyni, prófessor í sálarfræði, og hafði gaman af fyrirlestrum hans og spjalli við hann um efnið. Símon Jóhann var sálfræðingur af frönskum skóla og hafði meðal annars verið samtíða Finnboga Rúti á Parísarárunum. Það vantaði ekkert upp á að Símon Jóhann kynni fræði sín. En umfram það kunni hann að gera þau áhugaverð með því að taka dæmi úr daglegu lífi eða segja dæmisögur, einkum úr heimahögum sínum norður á Ströndum af köllum og kellingum, framkomu þeirra og viðbrögðum við lífsins uppákomum og renna þannig stöðum undir teóriur um mannlega breytni. Við Þór Vigfússon lásum saman eina viku undir þessi próf og vorum brautskráðir sem dúx og semidúx. Við höfðum báðir á orði að það hlyti að hafa verið vegna þess að við endursögðum dæmisögur prófessorsins af sérvitrum Strandamönnum til sönnunar á öllum kennisetningunum um mannlega hegðun frá frumbersku til manndómsára.

### „Ef sverð þitt er stutt – gakktu þá feti framar“

Þrátt fyrir vonbrigði með hvort tveggja, framgang pólitískra hugmynda og starfsframa, fannst mér meira máli skipta að okkar litla fjölskylda var nú sameinuð á ný. Við bjuggum í bjartri og rúmgóðri íbúð í blokk við Miklubraut. Aldís, elsta dóttir okkar, var orðin fimm ára hnáta, frið og fjörmikil, glödvær og músikölsk en um leið frek og sérlunduð, eins og hún átti kyn til. Hún hafði fram að þessu að mestu alist upp í skjóli ömmu sinnar og nöfnu, móður Bryndísar, fyrir utan veturinn sem ég gerði hlé á námi í Edinborg undir því yfirskini að ég ætlaði að lesa lög. Aldís átti, eins og reyndar yngri börnin okkar líka, öruggt athvarf hjá ömmu í Skjólunum, svo lengi sem tengdamóðir mín lifði. En nú var kominn tími til að foreldrar Aldísar litlu færu að gangast við ábyrgð sinni á uppeldi hennar. Það tók Bryndisi ekki langan tíma að umbreyta íbúðinni í hlýlegt hreiður, þótt ekki væri fjárfest í dýrum húsbúnaði. Bryndís hefur eitthvert sjötta skilningarvit – kvenlegt innsæi er það víst kallað – sem getur breytt hinum hversdagslegustu hlutum í stofuprýði, eins og hendi sé veifað.

Vorið 1964 lauk Bryndís brottfararprófi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins. Fram að þeim tíma hafði hún fyrst og fremst notið reynslu sinnar sem ballettdansari til að fá hlutverk í söngleikjum á fjöllum Þjóðleikhússins. Nú reyndi á hvort hún hlyti náð fyrir augum leikstjóra í harðri samkeppni um hlutverk á sviðinu. Heimur leikhússins var hennar líf og yndi. Vonir hennar eða vonbrigði stóðu eða féllu með verkefnum hennar og starfsframa innan veggja leikhússins. Sú veröld var mér lokuð. Við lífðum þess vegna í tveimur aðskildum heimum. En þrátt fyrir skilningsleysi mitt á hugarheimi og ástríðum leikhúslífsins vildi ég alls ekki bregða fæti fyrir hana á þeirri braut. Þetta var hennar líf. Ég lifði öðru lífi, þótt allt virtist óvissu undirorpið hvaða stefnu það tæki.

Aldís, sem var allra eftirlæti í fjölskyldunni, var þá þegar orðin fluglæs. Bryndís leitaði því til fyrsta kennara síns í Ísaksskóla, Helgu Magnúsdóttur, um að finna Aldísi pláss í Ísaksskóla sem var handan Miklubrautar, mestu umferðaræðar í Reykjavík. Síðan vildi okkur það til happs að Margrét Magnúsdóttir, amma Bryndísar, afréð að taka boði okkar um að búa með okkur. Áður hafði hún gengið úr íbúðinni sinni björtu í verkamannabústöðunum við Háteigsveg fyrir okkur í heilan vetur, þegar ég gerði hlé á námi í Edinborg. Uppi á vegg í herbergi sínu hafði Margrét myndir af tveimur mönnum, sem hún hafði mætur á: Séra Haraldi Nielssyni og Ólafi Friðrikssyni. Ég innti hana einhvern tíma eftir því hvert erindi þessir menn ættu í hennar hús. Af orðum hennar mátti ráða að hún taldi þá góða fulltrúa tveggja afla sem mótað höfðu líf hennar sjálfrar. Annars vegar djúp og einlæg trúrækni og hins vegar tryggð við jafnaðarstefnuna.

Trúin var henni huggun harmi gegn eftir að hún missti tvo syni sína, þá Magnús og Ólaf, í sjóinn á ungum aldri þegar togarinn *Leifur heppni* fórst með allri áhöfn í mannskaðaveðrinu mikla, Halaveðrinu, árið 1925. Myndir af þessum tápmiklu drengjum hafa skipað heidursess hjá fjölskyldu Bryndísar alla tíð síðan. Ólafur Friðriksson var hennar maður vegna þess að hún trúði á hugsjón jafnaðarstefnunnar og baráttu Ólafs og manna hans fyrir mannréttindum og mannlegri reisn alþýðufólks. Það var engin hending að synir Margrétar gerðust ungir sveinar sjálfboðaliðar við að verja heimili Ólafs Friðrikssonar, þegar hann sætti ofsóknum og ofbeldi ranglátra manna vegna rússneska gyðingadrengsins munadarlausa, Natans Friedmans. Þegar Ólafur Brynjólfsson, sonur Margrétar, var yfirheyrdur af lögreglu, eftir að ófriðaröldur vegna þessara atburða hafði lægt, var drengurinn spurður:

„Vissi hún móðir þín af því að þú gekkst í lið með Ólafi Friðrikssyni?“  
Svarið lýsir báðum vel, móður og syni:

„Hún mamma – hún sendi mig.“

Þetta tilsvor hefur alltaf minnt mig á fleyg orð spartverskrar móður þegar sonur hennar kvartaði við hana undan fátæklegum vopnum og verjum:

„Ef sverð þitt er stutt – gakktu þá feti fram.“

Synir Margrétar áttu ófá dagsverk í sjálfbodavinnu þegar verkamenn í Reykjavík reistu eigin höndum höll yfir sinn unga flokk, Alþýðuhúsið í Reykjavík. Seinna gerðist einn bræðranna, Jón Brynjólfsson, um skeið bæjarritari Ísafjardarkrata í Rauða bænum, Ísafirði. Og þaðan átti tengdamóðir mín, Aldís, bjartar minningar frá heitum sumrum bernskunnar við skjól-sælan Skutulsfjörðinn. Svona liggja spor fjölskyldna okkar Bryndísar víða saman, þegar að er gáð. Eftir að ég var genginn til liðs við Alþýðuflokkinn bar það til tíðinda að Jón Brynjólfsson, sem þá var endurskoðandi Alþýðuflokksins, varð bráðkvaddur í ræðustól á flokksstjórnarfundi. Það var ekkert að villast, þetta fólk.

Margréti Magnúsdóttur brá því ekkert við þau tíðindi að dótturdóttir hennar væri í tygjum við son Hannibals. Það lýsir persónuleika hennar vel að eitt sinn, þar sem hún var í boði í kunningjahópi, varð hún vitni að óvenju rætnu umtali um Hannibal. Þá varð henni að orði:

„Að heyra hvað þið getið talað illa um hann Hannibal; aldrei hef ég heyrt hann tala svona illa um annað fólk.“

Hún ræddi að sönnu ekki mikið um stjórnsmál á efri árum, enda stóðu þá önnur og háleitari málefni hjarta hennar nær. En sannfæring hennar var óbifandi. Og mikið var hún stolt af íbúðinni sinni björtu í verkamannabústöðunum á Háteigsvegi. Loksins hafði fjölskyldan eignast öruggt þak yfir höfuðið, eftir alla hrakningana í og úr leiguhúsnæði á hanabjálkum og í kjöllurum Reykjavíkur, eftir áratuga þrotlaust strit.

## Bolsinn og ballerínan

Það er ekkert launungarmál að foreldrum Bryndísar og fjölskyldu leist ekki meira en svo á blikuna þegar spurðist af samdrætti okkar á unglingsárum. Ekki bætti úr skák þegar Bryndís eignaðist óforvarandis barn í lausaleik með þessum alræmda bolsa. Það var haft eftir Ellert Schram, afa Bryndísar í föðurætt og skútuskjipstjóra í hálföld, að tvær plágur hefðu ridið yfir þetta land:

„Helv. kommúnisminn og helv. minkurinn.“

Ég flokkaðist víst undir fyrri pláguna. Og ég var áreiðanlega ekki draumur neinnar tengdamóður um eftirlætistengdason. Til er bréf frá tengdamóður minni til Bryndísar sem lýsir vel þungum áhyggjum hennar af fram-

tið elstu dótturinnar í slagtogi við þennan ólánlega ungling. Þar segir meðal annars:

„Ég er ekkert reið við hann (Jón Baldvin) enda á ég bágt með að skilja þetta fólk, jafnvel þótt ég sé öll af vilja gerð. Það lætur sér nægja að hugsa um liðandi stund, eða þá það hugsar svo mikið um stóra hluti að lífið sjálft fer forgörðum hjá því ... Ég hló bara, þegar þú skrifaðir, að „þú getir svo haft hann hjá þér á sumrin ásamt Aldísi“. Á hann þá ekkert að vinna? Ekki að sýna þér að hann geti séð um sig, konu og eitt einasta barn? Ætlar þú alltaf að sjá fyrir honum. Nei elskan, úr því þú getur ekki beygt þig og fallið í auðnuleysi eins og hann, þá haltu bara þínu striki og láttu hann sjá um sig sjálfan ... Hann getur bara lesið og munað, og hugsað og talað og rökrætt ... Hann vantar allt framtak.“

Þegar ég les þessi orð finnst mér gæta litillar sanngirni hjá dóttur togarasjómannsins í garð togarajaxlsins sem sýndi þó alltént það framtak að kosta háskólanám sitt sjálfur, án fjárhagsaðstoðar annarra. En ég get vel ímyndað mér að tengdamóðir mín hefði á þessum árum kosið að dóttir hennar veldi sér mann annarrar gerðar, sem hefði getað veitt henni öryggi og tryggja afkomu eins og efnilegir tengdasynir eiga að gera. Það má svo heita undarleg tilviljun, þegar litið er til baka yfir líf okkar í bráðum hálfra öld, að öll systkin Bryndísar (og mín reyndar líka) hafa lent í hjónaskilnaði eða sambúðarslitum. Eina hjónabandið sem staðið hefur af sér alla storma og stórsjóí (og það hefur mátt muna um minna) er hjónaband bolsans og ballerínunnar sem þótti þó sist á vetur setjandi í upphafi. Það er reyndar farið að minna mig á sjálfan Ódysseif og Penelópu sem hryggbraut vonbiðlana hvern á fætur öðrum, spann vefinn að degi til og rakti upp um nætur til að stytta sér stundirnar þar til Ódysseifur næði heim, heilu og höldnu. Svona getur tengdamæðrum brugðist bogalistin, jafnvel í því sem á þó að heita þeirra sérgrein: Að meta mannsefni handa dætrum sínum. Einhver seinustu orðin sem tengdafaðir minn mælti við mig, háaldraður, voru þessi: „Hvað sem öðru liður og hvað svo sem sagt verður um þig verður það ekki af þér skafið að þú hefur reynst góður tengdasonur.“

Ég man greinilega hvar og hvenær ég sá verðandi tengdforeldra í fyrsta sinn. Við Bryndís vorum að koma af árshátíð Framtíðarinnar, málfundafélags Lærða skólans. Ég hafði unnið mælskukeppni og Bryndís hafði heillað okkur öll með kankvísu dansatriði. Upp úr miðnættinu, að loknum dansleik, leiddumst við hönd í hönd í fyrsta sinn að Sörlaskjóli 1. Áður en ég náði að hafa mig á braut birtust húsráðendur, Aldís og Björgvin, veislubú-

in að koma úr mannfagnaði. Hún var skartklædd og fríð sýnum, svo sem verið hafði móðir hennar Margrét, og auðsæð við fyrstu sýn að dóttir hennar átti ekki langt að sækja fríðleik sinn og kvenlegan þokka. Húsbóndinn var ímynd karlmennskunnar, betur íþóttum búinn en aðrir menn, svipmikill og stæltur og stoltur af svo föngulegri konu. Konan sem ég virti þarna fyrir mér í fyrsta sinn var þá sex barna móðir en um leið ættmóðir stórfjölskyldu sem leit á hana sem sameiningartákn. Hún var konan sem hélt öllum þráðum í hendi sér; konan sem við, sem urðum hluti af fjölskyldu hennar, leitum til þegar á bjátadi og hélt okkur veislu þegar tilefni var til mannfagnaðar. Sjálf sagði hún síðar í blaðaviðtali nokkuð sem lýsir henni vel: „Karlmenn hafa borið mig á höndum sér allt mitt líf.“ Og það var satt. Það hugarfar sem orðin lýsa eiga það til að fara fyrir brjóstið á feministum, af hverju veit ég svo sem ekki. Við vildum allir sitja og standa eins og hún bauð. Þannig ríkti hún og réð í þessari stóru fjölskyldu, án þess við vissum eiginlega af því.

### Við veisluborð Aldísar og Björgvins

Í minningarorðum um tengdamóður mína, 17. maí 1991, lýsti ég henni með þessum orðum:

„En var hún þá ekki hin dæmigerða, fórnfúsa eiginkona sinnar kynslóðar? Var hún ekki konan, sem fórnadi meðfæddum hæfileikum og auðsöttum frama fyrir aðra, svo að þeir fengju að njóta sín? Var hún ekki konan, sem varð að hverfa frá menntaskólanámi vegna þess að efnahagur foreldranna leyfði ekki slíkan munad? Satt að segja hefur það aldrei hvarflað að mér að þessi viljasterka kona hefði látið svo lítilfjórlegt málefni sem peningaleysi aftra sér frá því að stunda það nám, sem hugur hennar stóð til, ef það hefði verið henni brennandi metnaðarmál. Ég held að henni sjálfri hafi fundist tími til kominn að innritast í lífsins skóla. Slík kona sem hún var skynjaði að fleira gat verið eftirsóknarvert í lífinu en sá fróðleikur, sem numinn verður af skólabókum. Og það er ekki eins og hún hafi lagt nám á hilluna, þegar hún byrjaði ung í lífsins skóla. Lengi bjó hún að þeim metnaði bræðra sinna að hafa sótt besta barna- og unglingskóla landsins í Landakoti. Og hún var að læra allt sitt líf. Hún talaði dönsku eins og innfædd. Hún var jafnvíg á ensku og þýsku, las frönsku með Bryndísi til stúdentsprófs og hélt því námi áfram síðar, sjálfri sér til ánægju. Ellert sonur hennar segir réttilega að hún hafi tekið landspróf fjórtán sinnum, því að hún las undir það próf með helmingnum af börnum sínum og barnabörnum.“

Málanám lá létt fyrir Aldísi. Samt lá gáfnafar hennar fyrst og fremst á öðru sviði. Hún var náttúrulegur stærðfræðingur, hafði unun af algebru og tók upp á því á sjötugsaldri að fara í gegnum stift stærðfræðinám í menntaskóla. Hún hafði yndi af því að leysa þrautir þar sem formfesta og rökvisi stærðfræðinnar kom henni að góðu haldi. Hún var afbragðs briddspilari og spilaði af slíkri keppnishörku og metnaði að harðjaxlar og atvinnumenn máttu hafa sig alla við til þess að halda sínum hlut fyrir henni. Einu sinni spurði ég hana hvort hún, eftir á að hyggja, hefði notið sín betur í lífinu, að eigin mati, ef hún hefði lagt fyrir sig stærðfræðikennslu, gerst verkfræðingur eða farið að stjórna verðbréfafyrirtæki, svo ég nefni nokkur dæmi um störf þar sem allt hefði leikið í höndunum á henni. Hún brosti brosi hinnar lífsreyndu konu og sagði:

„Aldrei, ef ég hefði orðið að velja á milli þess og móðurhlutverksins; orðið að taka starfsframann fram yfir kvenleikann, til þess eins að geta keppt við karlmanninn í hans eigin veröld. Við ráðum þessu hvort eð er öllu, bak við tjöldin, við konur.“

Tengdafaðir minn sá ekki sólina fyrir þessari konu og vildi bera hana á höndum sér gegnum lífið. Hans helsta metnaðarmál var því að vera *pater familias*, fjölskyldufaðirinn sem sá um að húsfreyjuna vanhagaði ekki um neitt sem til þurfti til að reka þennan skála um þjóðbraut þvera sem Sörlaskjólíð var á þeirri tíð. Hann hafði á sínum yngri árum verið fremsti knattspyrnumaður Íslands og tilviljun ein réði því að hann gerðist ekki fyrsti atvinnuknattspyrnumaður Íslendinga á erlendri grundu. Hann var skapmaður að eðlisfari, einarður og fylginn sér innan vallar og utan, metnaðarfullur og kappsamur að hverju sem hann gekk. Allt sitt líf bjó hann að íþróttabjálfun sinni á yngri árum því hann var tággrannur, kvikur í hreyfingum og snar í snúningum langt fram á efri ár. Bryndís benti mér stundum á að taka eftir fasi hans og hreyfingum og sagði: „Svona ber skógarhjörturinn sig.“ Þokkafullt göngulag ballerínunnar minnar, sem er hljóðlaust þótt ég geti skynjað það úr mílu fjarlægð, hefur hún þegið í arf frá föður sínum.

Aldís og Björgvin eignuðust sjö börn: Bryndísi, Ellert, Margréti, Björgvin yngra, Magdalenu, Ólaf Magnús og Önnu Helgu. Og ég hef fyrir löngu gefist upp á að henda reiður á afkomendafjöldanum.

Í hálföld kom stórfjölskyldan í Sörlaskjólí saman til mannfagnaðar og naut gestrisni hinna örlátu húsráðenda. Þar svignuðu borð undir krásum. Þar var oft glatt á hjalla þegar lífsgleðinni var gefinn laus taumurinn. Þrjár kynslóðir þessarar stórfjölskyldu stigu þar sín fyrstu spor og lærðu við veisluborð Aldísar að meta og njóta lífsins lystisemda. Dætur okkar, Aldís,

Snæfríður og Kolfinna, lærðu allar á unga aldri að líta upp til ömmu sinnar sem fyrirmyndar um skapstyrk og viljafestu hinnar stórlyndu konu sem miðlaði öllum í kringum sig af örlæti sínu, án þess að ætlast til nokkurs í staðinn, nema þá þess helst að þær stæðu sig í lífsbaráttunni. Ekki skorti neitt á það að Glúmur sonur minn væri hændur að ömmu sinni. En afi hans, knattspyrnugarpurinn, var honum bæði hetja og fyrirmynd á bernsku- og uppvaxtarárunum, enda má heita að hann hafi alist upp á knattspyrnuvellingum á Ísafirði.

### Vesturgatan: Hús með sál

Einn góðan veðurdag snemmsumars 1965, meðan Bryndís var víðs fjarri á leikferðalagi um landið, var ég á göngu um Vesturgötuna. Ég gekk framhjá tvílyftu timburhúsi og tók eftir því að ekki voru tjöld fyrir gluggunum. Ég sneri við, bankaði upp á og spurði með hálfum huga hvort verið gæti að húsið væri til sölu. Svo reyndist vera. Konan sem kom til dyra, Sigríður Siemsen, var ekkja Páls Einarssonar, fyrsta borgarstjóra Reykvikinga. Hún kvaðst hafa bedið lengi eftir því að kaupandinn birtist. Innan skamms hafði ég gengið frá kaupum við son frú Sigríðar, Franz E. Pálsson, skrifstofustjóra Olis. Þetta var 80 fermetra hæð með hálfum kjallara og góðum garði. Við Bryndís urðum strax skotin í húsinu sem mér fannst einhvern veginn bjóða okkur velkomin. Það átti sér sögu og sál. Við myndum áreiðanlega þurfa að taka til hendinni við að lagfæra ýmislegt og breyta, fegra og snurfusa. Þetta var Vesturgata 38 og þarna settumst við Bryndís að. Fyrst bjuggum við á neðri hæðinni þangað til við fluttum vestur á Ísafjörð til að stofna þar menntaskóla. Á Ísafjarðarárunum keyptum við efri hæðina og bjuggum síðan í öllu húsinu frá því Bryndís fluttist að vestan með börnin haustið 1978. Næstu tuttugu árin var húsið okkar athvarf uns við fluttumst vestur um haf þegar ég tók við sendiherraembættinu í Washington DC, snemma árs 1998.

Þarna fæddust yngri börnin okkar, Glúmur 1966, Snæfríður 1968 og Kolfinna 1970. Hún var varla fædd þegar við höfðum flust heim í átthaga mína, til Ísafjarðar, til að stofna þar menntaskóla. Kolfinna er því jafngömul Menntaskólanum á Ísafirði.

Á þessum árum var Reykjavík að þenjast út. Árbæjarhverfið var risið og unga fólkið var farið að nema land í Breiðholtinu, en við kusum að setjast að í 19. öldinni við gömlu skipstjórögötuna í Vesturbænum. Kannski höfðum við ekki efni á öðru betra. En það voru ekki allir jafnhrifnir af húsa-kostinum. Jón R. Guðmundsson, þessi óþreytandi islenskukennari okkar

Bryndisar beggja í MR, kom stundum í heimsókn til Láru frænku sinnar, konu Kristjáns Schram skipstjóra, en þau bjuggu í næsta húsi. Lára hafði einhvern tíma í samtali við mig eftir Jóni að nú fyndist honum við hæfi að ballerínan segði við bolsann: „Vinur, hví dregur þú mig inn í þetta skelfilega hús?“ En ekki leið á löngu áður en Bryndís hafði breytt hreysinu í höll með því einu nánast að fara um það sínum nærfærnu höndum.

Fyrri eigendur áttu sögu hússins skjalfesta frá upphafi og við varðveitum þá sögu eins og sjáaldur augnanna. Húsið geymir sinn hluta af sögu Reykjavíkur úr Grjótaþorpi í heimsborg. Það er byggt árið 1876 af Sveini snikkara. Af gögnum um sögu hússins kemur fram að það er greitt af lán-um fram yfir fyrra stríð hjá Prestekknasjóði Íslands (sem var vistaður hjá borgarstjórn og hafði opið milli 17 og 19 á föstudögum). Hvers vegna Prestekknasjóði? Okkur var ekki kunnugt um að neinn geistlegur maður hefði búið í húsinu. Ættfræðin leysti gátuna. Sveinn snikkari var bróðir Hallgríms Sveinssonar biskups. Enn eitt dæmið um að ættfræðin skýrir margt sem ella væri mönnum hulið, í fjármálum (og stjórnmálum) á Íslandi. Húsið stækkaði síðan smám saman í samræmi við þarfir kynslóðanna sem þar hreiðruðu um sig. Því var lyft á kjallara, byggð var áföst smíðja við vesturgafliinn og loks var byggð heil hæð ofan á. Til er mynd sem tekin var af Vesturgötunni fyrir framan húsið, aldamótaárið 1900. Þar sést maður keyra saltfisk í hjólbörum yfir planku sem lá yfir mikinn skurð eftir endilangri götunni, sem þá var ekkert annað en moldarstigur. Þessi opni skurður var skolpveita Vesturbæinga, rétt eins og enn er lenska í „slömm“-byggðum þriðjaheimsborga.

### Vestfirskt sendiráð

Fyrir utan að hafa verið aðsetur fyrsta borgarstjóra Reykvikinga, Páls Einarssonar, síðar hæstaréttardómara, uppgötvaði ég mér til ánægju að um skeið hafði húsið verið eins konar sendiráð Vestfirðinga í höfuðborginni. Þá var húsið í eigu Aðalsteins Pálssonar, útgerðarmanns frá Hnífsdal. Stýrimannaskólinn (sem á okkar tíð hafði breyst í Gaggó Vest) var skammt fyrir ofan, fyrir enda Stýrimannastígsins. Skipstjóraefni að vestan, sem voru að afla sér skipsstjórnarréttinda í Stýrimannaskólanum, bjuggu í eins konar heimavist á heimili Aðalsteins. Í þeim hópi var meðal annars að finna Bjarna Ingimarsson, einn af frægari skipstjórum flotans og föður Dóru, æskuvinkonu Bryndisar úr Norðurmýri. Snikkarar, lóðsar, skipstjórar, borgarstjóri og hæstaréttardómari, tónlistarsnillingar og síðar formaður Al-

þýðuflokksins, fjármála- og utanríkisráðherra, allir þessir og margir fleiri hafa búið í húsinu sem nú á að baki fjórðung á aðra öld. Nú er húsið skráð á One Little Indian, útgefanda Bjarkar, söngfugls og álfkonu.

Stöðugur straumur erlendra ráðamanna sótti okkur heim að Vesturgötu og sat þar veislur við borð Bryndísar. Í þeim hópi voru forsetar og leiðtogar sjálfstæðisbaráttu Eyrstrasaltsþjóða og ráðherrar frá Norðurlöndum og mörgum NATO-þjóða. Mestur valdamaður sem setið hefur veislu að Vesturgötu 38 er trúlega utanríkis- og varaforsetisráðherra kínverska miðríkisins, Qian Qichen. Hann varð svo hrifinn af sextán réttum af íslensku sjávarfangi, sem Bryndís bar á borð fyrir hann, að hann sendi henni síðar um hálfan hnöttinn forláta kvöldverðarborð, kínverskt, sem var hringlaga og þeirrar náttúru að stór glerplata í miðjunni, sem var ætluð fyrir ótal rétti, snerist þannig að tuttugu gestir kringum borðið gætu auðveldlega náð til sín því góðmeti sem þeir girntust hverju sinni. Því miður var glerplatan brotin loksins þegar hún barst og handverksmönnum hefur enn ekki tekist að koma borðinu í samt lag.

Þegar við höfðum eignast húsið allt árið 1978 og fjölskyldan hreiðraði þar um sig á ný eftir Vestfjarðadvölinu, var húsið láta ganga í endurnýjun lífdaganna hátt og lágt. Skipt var um klæðningu að utanverðu á þaki og veggjum; danskur handsverksmaður smíðaði glugga í upprunalegri mynd; húsið var „strippað“ að innan og hita- og hljóðeinangrað hátt og lágt. Nýir ofnar voru settir undir glugga við útveggi en áður höfðu verið pottofnar í miðju húsi. Gólf voru endurnýjuð sem og anddyri og stigar, kjallari grafinn út og gólf flísalögð og þar komið fyrir borðstofu sem rúmaði þrjátíu manns undir borðum. Minna dugði ekki fyrir hina gestrisnu húsfreyju. Auk þess var garðurinn hellulagður og þar komið fyrir heitum potti og leiktækjum barna og barnabarna.

Vinur minn frá Edinborgarárurum, Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt, og samstarfsmaður hans, Vífill Oddsson verkfræðingur, lögðu með okkur á ráðin um endurnýjun þessa sögufræga húss. Þegar öllu hafði verið svipt af veggjum að innan og ekkert stóð eftir nema grindin sjálf, gekk verkfræðingurinn hugsi um rústirnar og sagði síðan: „Í þessu húsi er enginn burður; samkvæmt allri burðarþolsfræði er tæknilega útilokað að það geti hangið uppistandandi – nema það flokkist undir kraftaverk.“ Þegar betur var að gáð kom á daginn að burðarbitar í göflum námu hvergi við jörð. Húsið hékk á stálbita sem gekk eftir því endilöngu fyrir miðju. Stálbitinn hvíldi hins vegar á múrsteinsstrompi sem var svo laushlaðinn að það flokkaðist líka undir kraftaverk að hann stæði uppi af sjálfsdáðum, hvað þá heldur að hann gæti borið þyngd hússins. Þarna var komin skýringin á því hvers

vegna þetta rómantíska húsvagns eins og lifandi tré undan veðri og vindum eða lét undan síga og rétti sig síðan við eins og skip í ölduróti.

Margt annað kímilegt kom í ljós við þessar fornminjarannsóknir. Hálmurinn, sem átti að þjóna sem einangrun, var allur siginn niður og orðinn að sagga niðri við gólf. Beinagrindur af músum, sem höfðu búið í sinni einkaveröld milli þilja, voru óteljandi. Skápur undir stiga á afviknum stað, sem var fjarlægður, reyndist geyma mörg leyndarmál. Urmul af örsmáum glös-um, á stærð við fingurbjargir, og miði utan á: Ópíum – þrjú dropar á dag. Segi menn svo að menn hafi ekki haldið sig í þessu húsi að háttum siðmenntaðra Evrópumanna á blómaskeiðinu fyrra – *la belle époque* – en áletrunin á nokkrum þessara örsmáu glasa vísaði til aldamótanna 1900.

### „Hver vill reisa Ísland við?“

Fyrstu árin okkar á Vesturgötu 38 bjuggu á efri hæðinni þau Rögnvaldur Sigurjónsson píanóleikari og kona hans, Helga Egilson, ásamt sonum sínum tveimur, Þór og Geir. Sambýlið við Rögnvald og Helgu var hlýtt og gott. Rögnvaldur var þá enn í fullu fjöri sem konsertpíanisti. Ég man eftir því að hann undirbjó að minnsta kosti tvo meiri háttar konsertleiðangra í Austurveg á þessum árum. Bærilega hljóðbært var í húsinu þannig að ég fylgdist vel með því hvernig tónleikahald er undirbúið frá byrjun til enda. Tónlist Rögnvaldar var undirtónninn í lífi okkar á þessum árum.

Þegar Rögnvaldur hélt upp á fimmtugsafmæli sitt var mikið um dýrðir á Vesturgötunni. Báðar íbúðirnar voru lagðar undir til að taka við hundruðum gesta sem vildu hylla Rögnvald á afmælinu því þau hjón voru ótrúlega vinamörg. Helga og Bryndís og fjöldi annarra kvenna lögðust á eitt um að undirbúa kræsingar og veisluföng. Mér var hins vegar skipað til verka við gestamóttöku þar sem ég bauð alla velkomna og tók við yfirhöfnum. Allt í einu birtist sjálfur Stefán Íslandi, tærasti tenór aldarinnar, sem ég hafði dáð frá barnsaldri þegar ég heyrði í fyrsta sinn þessa undurþýðu og ljóðrænu rödd berast á öldum ljósvakans inn í eldhús til okkar mömmu á Hrannargötu 3 á Ísafirði. Þegar ég tók við yfirhöfn stórsöngvarans tókst ekki betur til en svo að hann hrasaði óvart, féll aftur á bak og hvarf sjónum undir heilmikið fatahengi. Út undan fatahenginu heyrðist Stefán kalla: „Hver vill reisa Ísland við?“ Í þeirri andrá gekk framhjá Jón Þórarinnsson tónskáld, án þess að sinna ákalli tenórsins. Ég fálmaði inn undir fatahengið þangað til ég fann útrétta hönd Stefáns og reisti Ísland upp. Eftir þetta urðum við óaðskiljanlegir það sem eftir lifði kvölds og nætur.

Undir morgunsárið ók ég honum heim til hans, einhvers staðar á Mel-

unum, þar sem við sátum fram á rauðan morgun yfir hákarli og brennivíni meðan ég lét hann segja mér endalausar sögur af lifshlaupi sínu og söngferli. Sem við hámuðum í okkur hákarlinn áréttaði hann að lýsi og hákarl hefðu viðhaldið raddgæðum hans langt fram eftir aldri. Vinir hans frá Seyðisfirði sáu um að senda honum vetrarbirgðir af hákarli til Kaupmannahafnar á hverju hausti. En það var segin saga að Stefán þurfti að standa í stórstyrjöld við dönsk tollayfirvöld mánuðum saman á hverju hausti til að forða krásunum frá því að vera hent á haugana sem baneitruðum úrgangi.

Móðurbróðir Helgu Egilson var Muggur, einhver fingerðasti listmálari sem þjóðin hefur alið. Þegar Helga var barn sagði Muggur henni söguna af *Dimmalimm* sem hvert mannsbarn þekkir nú. Seinna var Dimmalimm gefin út með myndskreytingum Muggs. Á Vesturgötuárunum kom það allt í einu yfir Helgu að skrifa leikrit um Dimmalimm.

„Ég réð ekki við þetta, það var eins og einhver skrifaði í gegnum mig. Kannski Muggur frændi,“ sagði Helga.

Árið 1970 tók Þjóðleikhúsið leikritið til sýninga með Bryndísi í hlutverki drottningarinnar. Það var seinasta leiksýning Bryndísar áður en við fluttumst vestur. Atli Heimir samdi undurfagra tónlist við verkið, mjög í anda Muggs og Helgu.

Amma Bryndísar, Margrét Magnúsdóttir, fluttist með okkur af Miklubrautinni og hafði herbergi í austurendanum á Vesturgötunni. Hins vegar var svo kalt í húsinu að þegar liða tók á veturinn fluttist hún til foreldra Bryndísar og dó þennan sama vetur. Á tímabili skutum við reyndar skjólshúsi yfir foreldra mína í austurendanum á Vesturgötunni. Hannibal hafði selt ofan af þeim á þeirri forsendu að þau ætluðu að minnka við sig, en mismuninn þurfti að nota til framkvæmda í Selárdal þar sem þau settust að. Fyrirhyggja hans var ekki meira en svo að hann þurfti að bíða í ár eftir að minni íbúðin yrði til. Í millitíðinni voru þau á götunni og á meðan fuðraði hagnaðurinn af sölunni upp í verðbólgunni. Það var eins gott að Hannibal var ekki húsnæðismálaráðherra á þessum tíma.

Ekki er hægt að skiljast við lífið á Vesturgötunni án þess að nefna Denna. Denni var kaupmaðurinn á horninu, í Krónunni eins og verslun hans hét. Denni hét fullu nafni Rikharður Kristjánsson. Verslun hans sá ekki bara íbúum hverfisins fyrir nauðþurftum, þar sem flestir tóku út í kít og gerðu upp um mánaðamót. Hún var líka samkomuhús, félagsheimili, skákkúbbur og tónleikasalur. Þetta síðastnefnda helgaðist af því að Denni var ólæknandi óperuunnandi; hann átti mikið úrval af plötum (síðar diskum) með helstu óperusöngvurum allra tíma og bauð vinum sínum oft á tónleika í versluninni yfir glasi af landa sem hann bruggaði sjálfur.

## Refurinn og yrðlingurinn

Við Bryndís lifðum spart og bjuggum í gömlu húsi sem kostaði innan við helming nýrrar íbúðar í Breiðholtinu, sem þá var að byggjast. En það þurfti að gera húsinu gott því það var orðið gamalt og slitið af umgengni kynslóðanna á undan okkur. Ekki veitti af að draga meiri björg í bú en fékkst af kennaralaununum einum saman og lágtekjum leikkonunnar. Ritstörfin við *Frjálsa þjóð* voru að sjálfsögðu unnin í sjálfboðavinnu. Bryndís var við nám við Háskólann í ensku og frönsku, vann við þáttagerð við hið nýstofnaða sjónvarp, auk þess sem hún vann sem blaðakona við tímaritið *Hrund*.

Eitt sumarið sótti ég um og fékk næturvarðarstarf á Hótel Borg. Ég tók við því starfi af Guðbergi Bergssyni rithöfund. Starfið var aðallega í því folgið að hafa hemil á drukknum löndum sem vildu leita húsaskjólis á Borginni, einatt til skyndikynna við drottningar næturinnar í miðborginni. Það var sýnu betur borgað en starf háskólamenntaðs kennara, sem endurspeglar auðvitað verðmætamat þjóðfélagsins. Um það má segja að þeir sem þess ráða þekkja verðlag alls en ekki gildi neins. Og síst hefur það breyst til bóta síðan.

Eitt sinn, þegar ég mætti í vinnuna um miðnættið, var allt í uppnámi innanhúss á Borginni. Það tók mig nokkurn tíma að fá heila brú í söguna af því sem uppnáminu olli. Þjóðkunnur þjóðbankastjóri hafði setið að snæðingi ásamt Alla ríka, stórútgærdarmanni frá Eskifirði, og Bóasi nokkrum Emilssyni, lífverði hans. Sósan út á kjötið var ekki eins og bankastjórinn vildi hafa hana og hann gerði þjóninn afturreka í tvígang. Þegar þjónninn kom í þriðja sinn missti bankastjórinn stjórn á skapi sínu og skvetti úr sósuskálinni framan í þjóninn. Í nafni samstöðunnar tóku þjónarnir bankastjórann engum vettlingatökum heldur fleygðu honum á dyr. Þegar Alli ríki og lífvörðurinn ætluðu að koma honum til hjálpar fóru þeir sömu leið.

Nú liður og biður. Ég sat að venju bak við afgreisluborðið í anddyrinu og hef sjálfsagt verið að skrifa leiðara í *Frjálsa þjóð* þegar Alli ríki knúði dyra um miðja nótt. Alli er, eins og þeir vita sem hann þekkja, bæði öðlingur og ljúflingur. Í þetta skiptið var hann nokkuð við skál og meyr í skapi og vildi syngja um Inga T. Lárusson: Svanur ber undir bringudúni/banasár, það er ævintýrið/um Inga Lár.

Það tók næturvörðinn drjúga stund að róa útgærdarmanninn, svo hann veki ekki gesti af værum blundi, og bía honum í svefn. Áður en það tókst

var hann búinn að ráða mig sem skólustjóra á Eskifirði og bjóða mér þing-sæti á Austfjörðum í kaupbæti. Allt var það sama og þegið.

Í morgunsárið var knúið harkalega dyra og var þar kominn lífvörðurinn, Bóas Emilsson. Herbergislyklarnir á Hótel Borg voru þá með miklum hnúð. Það skipti engum togum að þegar ég afhenti lífverðinum lykilinn þreif hann í hálsmálið á mér og hugðist rykkja mér fram yfir afgreiðslu-borðið og keyra hnúðinn í höfuðið svo að ekki þyrfti um að binda. Bóas var rammur að afli en hins vegar fordrukkinn. Ég hafði ekki krafta á við hann en ég var ungur, allsgáður og ekki óvanur slagsmálum. Hvernig sem hann þjósnaðist gekk ég honum úr greipum. Við veltumst um í anddyrinu og brutum og brömluðum útskorin rókókóborð og handmálaða blómavasa og annað fineri sem fyrir varð. Smám saman fór að draga af heljarmenninu. Samt hafði ég ekki krafta til að keyra hann niður og gera hann óvíg-an. Í þeim svifum opnuðust lyftudyrnar og fram gekk kaupfélagsstjóri úr Vestmannaeyjum, fyrrverandi nemandi í glímuskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal. Hann hafði vaknað við hávaðann og vildi vita hverju sætti og kom á vettvang á náttfötunum. Sameiginlega veittist okkur auðvelt að ráða niðurlögum ofbeldisseggisins enda virtist nú vera farið að renna af honum, bæði öläðið og heiftin. Sameiginlega tókst okkur glímukónginum að drösla hræinu fram í eldhús þar sem heit súpa mallaði í stórum pottum. Við möt-udum lífvörðinn á súpunni og við það róaðist hann. Hann fór síðan að rekja raunir sínar og skýra í leiðinni af hverju hann hefði lagt þvilikan haturshug á næturvörðinn.

Bóas hafði unnið sem verktaki í nafni eigin fyrirtækis, Snæfells, við mannvirkjagerð á Norður- og Austurlandi. Í framhaldi af því hafði hann tekið að sér að byggja orlofshús Alþýðusambandsins skammt frá Hveragerði. Hann kvartaði sáran undan því að Hannibal, forseti Alþýðusam-bandsins, hefði gert sig gjaldþrota og neitað öllum samningum um máls-bætur eða leiðréttingu mála. Hann hafði tekið mjög nærri sér þegar þeir bankastjórinn og Alli ríki voru ofurlíði bornir á Borginni og fleygt á dyr eins og börðum rökkum. Um nóttina hafði hann í samtölum við drykkjufélaga sagt sínar farir ekki sléttar og rakið hvað til tíðinda hefði dregið á Hótel Borg. Þá fékk hann að heyra að næturvörðurinn á Borginni væri sonur Hannibals. Eftir því sem drykkjan ágerðist um nóttina rann ljósar upp fyrir hinum gjaldþrota verktaka að nú bæri vel í veiði. Fyrst hann næði ekki í rebba sjálfan gæti hann allavega dregið yrðlinginn.

Eftir þetta næturævintýri voru þeir báðir, stórúterðarmaðurinn og líf-vörðurinn, fastagestir innan við afgreiðsluborðið hjá næturverðinum. Líf-vörðurinn iðraðist ákaflega gjörða sinna og útgerðarmaðurinn vildi bæta

fyrir ódæðið af rausn sinni: Ég var ekki bara orðinn skólastjóri á Eskifirði og því sem næst þingmaður Austfirðinga (það var aldrei ljóst fyrir hvaða flokk, enda þótti það ekki skipta máli), heldur voru höfð góð orð uppi um að útvega mér afleysingapláss á togara næsta sumar. Mér þótti það besta boðið.

## KAFLI VII

# „This town ain't big enough for both of us“

Svo lengi sem ég man eftir mér hefur mig hvorki skort áhugamál né viðfangsefni. Og fram að þessum tíma hafði ég ráðið ferðinni sjálfur. Meðvit að eða ómeðvitað hafði námið verið undirbúningur að því sem koma skyldi. Nú var ég lentur í þeirri stöðu að það voru aðrir sem réðu ferðinni. Mér fannst þrennt að mér úr öllum áttum og ég fann ekki kröftum mínum nægilegt viðnám.

Þrátt fyrir goðsögnina um Hannibal og hina samhentun syni hans, sem hinni aldurhnignu sveit í forystu Sósíalístaflokksins stóð að því er virtist stuggur af (samanber ræður og safnaðarbréf Brynjólfs Bjarnasonar), var veruleikinn allur annar. Hannibal var á þessum tíma bæði forseti Alþýðusambandsins og formaður kosningabandalagsins sem gekk undir nafninu Alþýðubandalagið. Alþýðubandalagið og Framsókn voru á þessum árum í langri eyðurmerkurgöngu, í stjórnarandstöðu gegn viðreisn. Sú stjórnarandstaða var á köflum hávaðasöm, sérstaklega í kringum harðvítug verkföll snemma á sjöunda áratugnum í kjölfar gengisfellinga. Samt sem áður náði stjórnarandstaðan ekki vopnum sínum; til þess skorti hana einfaldlega trúverðuga stefnu og ferskar hugmyndir um aðra valkosti. Viðreisnarstjórnin var að breyta þjóðfélaginu – til hins betra.

Ef til vill má lýsa mínum marxíska barnasjúkdómi ekki bara sem sannleiksleit leitandi unglings heldur líka sem eðlilegri uppreisn unglingsáranna gegn föðurnum. En nú var þeim glæfraleidangri lokið og ég var kominn heim á sama stað og lagt var upp frá: Ísafjardarkrati.

Ég vissi sem var að bæði Hannibal og bróðir hans, Finnbogi Rútur, voru jafnaðarmenn og andkommúnistar. En hvað voru þeir þá að villast í kosningabandalagi með gömlu kommúnistunum? Hvað áttum við sameiginlegt með þeim?

Svar Finnboga Rúts var að hann hefði í upphafi kalda stríðsins (eftir Keflavíkursamninginn 1946, inngönguna í Atlantshafsbandalagið 1949 og varnarsamninginn við Bandaríkin 1951) ekki átt samleið með forystu Alþýðuflokksins. Þess vegna hafi hann boðið sig fram til þings árið 1949 í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á vegum Sósíalístaflokksins, án þess þó að ganga í flokkinn.

Ég skil harða andstöðu Finnboga Rúts, Gylfa og annarra (þar með talinna ýmissa forystumanna Sjálfstæðisflokksins) gegn Keflavíkursamningnum á sínum tíma. En í ljósi þróunar alþjóðamála frá stríðslokum og háskans sem stafaði af hervæddri ógnarstjórn Stalíns var hlutleysisstefna haldlaus flik. Þar skjátlaðist Finnboga Rúti, þótt skýr hafi verið. Ég er reyndar ekki viss um að hann hafi, þegar hér var komið sögu, verið lengur sammála sjálfum sér. Að því er Hannibal varðar vissi ég að ekki fylgdi lengur neinn hugur máli í andstöðu við NATO og varnarsamstarfið, þótt vera herstöðvarinnar á Miðnesheiði kunni að hafa verið báðum þyrnir í holdi. Það var atburðarásin sem stýrði þeim bræðrum, fremur en þeir henni. Þetta er hin einfalda skýring á því að þeir voru farnir að spila á vitlausum vallarhelmingi í íslenskri pólitík.

Spurningin sem ég þurfti að gera upp við mig var þessi: Bar mér einhver skylda til að hlaupa á eftir þeim? Bar mér og minni kynslóð einhver skylda til að reyna að bæta fyrir þeirra mistök? Það er ekki í mínu eðli að fara í felur með skodanir mínar, þegar ég hef á annað borð sannfærst um réttmæti þeirra skodana. Mér er skapi næst að fara framan að andstæðingum mínum en ekki aftan að þeim; að stiga fram á vigvöllinn og berjast fyrir opnum tjöldum fyrir sannfæringu minni. Málamiðlanir, baktjaldamakk og miðjumóð er eitur í mínum beinum. Ég held að þetta sé kjarninn í skýringunni á þeirri andlegu vanlíðan og pólitíska óyndi sem hrjáði mig á þessum árum. Ég átti ekki heima í þessum félagsskap og hafði leyft öðrum að marka mér bás þar sem ég fann til pólitískrar innilokunarkenndar og andþrengsla.

### Á vitlausum vallarhelmingi

Ég hef auðvitað velt því fyrir mér síðar hvers vegna ég gekk ekki hreint til verks og gekk til liðs við Alþýðuflokkinn þá þegar, í stað þess að elta þessa menn, þótt með hangandi hendi væri, út í fyrirsjáanlegar pólitískar ófærur. Ætli svarið sé ekki það að tilfinningarnar – blóðböndin – bera skynsemina oft ofurliði í mannlegri breytni. Þótt menn viti innst inni að þeir eru á villigötum vefst fyrir þeim að viðurkenna það hreinskilnislega; þrjóska

tekur völdin – kannski það rofi til bráðum? Þetta er það sem Bretar kalla „to muddle through“ og þykir bera vott um þrautseigju ef ekki annað. Og svo koma menn sér upp réttlætingu gerða sinna – snuði til að totta – í stað þess að tala röddu skynseminnar.

Stóra réttlætingin á þessum árum var þessi: Það þurfti að nýta hið pólitíska „kapítal“ Hannibals, Finnboga Rúts og síðar Björns Jónssonar til þess að þoka fram sameiningu jafnaðarmanna. Hið pólitíska kapítal hafði viðurnefnið h.v. (ekki hf) og náði yfir þá róttæku jafnaðarmenn sem fylgt höfðu Héðni Valdimarssyni 1938 og síðan Hannibal Valdimarssyni 1954–1956 til samstarfs við sósíalista. Það samstarf var að vísu í eðli sínu skyndibrúðkaup um skammtimahagsmuni. Það bæri hins vegar vott um skort á „pólitísku raunsæi“ ef menn héldu að þetta fólk væri fánlegt til að kjósa Alþýðuflokk Gylfa undir vörumerki viðreisnar og gekk í daglegu tali undir viðurnefninu „ihaldshækja“. Þess vegna skyldi stefnt að því að breyta Alþýðubandalaginu úr lausbeisluðu kosningabandalagi í eiginlegan stjórn-málaflökk, þar sem sjónarmið jafnaðarmanna yrðu ráðandi og gömlu kommunum yrði að lokum ólift. Þeir myndu að lokum hrekjast brott og verða áhrifalaus sérvitringasöfnuður á jaðrinum, eins og kommúnistaflokkar annars staðar á Nordurlöndum, fyrir utan Finnland. Þeir þremmenningar (Hannibal, Finnbogi Rútur og Björn Jónsson) trúðu því, eða gerðu sér allavega vonir um, að þessum markmiðum gætu þeir náð í samstarfi við Lúðvik Jósepsson (sem þeir héldu að væri ekki kommúnisti) og ýmsa miðjumodsmenn í gamla Sósíalistaflokknum sem þeir töldu að væru að fjarlægjast húsbóndavald og heraga féлага Einars og Brynjólfs. Miðjumod-ið gekk undir nafninu Guðmundarklíkan: Það voru Guðmundur Vigfússon, borgarfulltrúi í Reykjavík, Guðmundur Hjartarson, fjárhirsluvörður Sósíalistaflokksins, og Guðmundur jaki, þá varaformaður Dagsbrúnar.

Þegar ég lít til baka og hugsá til manna og málefna á þessu ömurlega tímabili ævinnar minnst ég þess ekki að menn hafi leitt hugann að þversögninni, ef ekki grundvallarveilunni, í þessari svokölluðu herstjórnarlist. Hún felst í þessum einföldu spurningum: Hvernig eiga menn að starfa saman í stjórn-málaflökki ef þeir eru í grundvallaratriðum ósammála um markmið og leiðir? Og hvernig eiga menn að starfa saman í sátt og samlyndi, og helst af heilindum, ef yfirlýst markmið andstæðra fylkinga er að knésetja hinn aðilann, ryðja honum fyrir borð eða allavega ganga af honum pólitískt dauðum? Svörin við þessum spurningum afhjúpa veikleika þessarar svokölluðu herstjórnarlistar. Hreyfing sem svona er samansett breytist einfaldlega í ormagarð þar sem allir sitja á svikráðum við alla. Illmælgj, baktjaldamakk og rógur verður hið daglega brauð. Ekkert skorti á að þær kræs-

ingar væru á borð barnar í þessu „bræðralagi“. Þegar við bættist að gamla Sovétgenginu var þá þegar langt leitt af pólitískum alzheimer, þar sem menn gærdagsins rifust um erfðahluta dánarbúsins, var ekki von að vel færi. Sannleikurinn mun gera yður frjálsa, segir á einum stað. Vonandi er það rétt. Allavega upplifði ég það á þessum árum að í söfnuði þar sem sannleikurinn er bannorð verða óheilindin mörgum mannum eina undankomuleiðin: „Þrælahjörð þér veröldin verður, verk þín sjálfs nema geri þig frjálsan.“ Það er varla nema von að maður hafi verið þungt haldinn af pólitísku óyndi í þessum selskap.

Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það stóðar ekki að kenna bara öðrum um. Allir sem þátt tóku í þessum hráskinnaleik guldu þess og höfðu verra af. Sjálfur hafði ég greinilega ekki burði á þessum aldri til að standa upp frá borðum og afþakka eiturbraðið sem á borð var boðið. Þetta var misráðin fylgispekt við mér eldri og reyndari menn sem ég hélt að vissu sínu viti.

Ef ég kann einhver ráð að gefa ungum mönnum og konum sem telja sig eiga erindi í stjórnsmál þá eru þau þessi: Haslið ykkur sjálf völl, þar sem þið berjist fyrir opnum tjöldum fyrir sannfæringu ykkar, fyrir hugsjónum og málefnum sem þið teljið þess virði að berjast fyrir. Farið framan að andstæðingum ykkar, en ekki aftan að þeim. Trúið því að yfirburðir málstaðarins muni um síðir komast til skila. Standið og fallið með verkum ykkar og munið að það er betra að hafa barist og tapað en að sætta sig við ráðsmennsku þeirra sem hafa rangt fyrir sér.

### Lognið á undan storminum

Vinstri stjórn Hermanns Jónassonar hafði fallið fyrir jólin 1958, fyrsta haustið sem ég dvaldi í Edinborg. Það gerðist með býsna dramatískum tilþrifum. Þessi önnur ríkisstjórn „hinna vinnandi stétta“ var tekin af lífi á Alþýðusambandsþingi. Forsætisráðherrann, Hermann Jónasson, hafði mætt í eigin persónu á þingið þar sem hann lagði svíra sinn á „höggstokk stétta-baráttunnar“. Málið snerist um það hvort Alþýðusambandsþing samþykkti að gefa eftir einhver vísitölustig í launum til að hamla gegn yfirvofandi verðbólguholskeflu. Það var felld og þar með sagði Hermann Jónasson af sér, fremur en að bera ábyrgð á kollsteypunni. Til er blaðaljósmynd sem sýnir Hannibal, þáverandi forseta Alþýðusambandsins og félagsmálaráðherra í ríkisstjórn Hermanns, vísa Hermannni og nánast ýta honum upp í ræðustólinn á þessu róstudusama þingi. Hversu oft áttum við ekki eftir að verða vitni að svipaðri atburðarás á *framsóknaráratugnum* (1971–1983) þar

sem ríkisstjórnir fóru bónarveg að verkalýðshreyfingunni um að gefa eftir umsamín vísitölustig eða verðbætur á laun í skiptum fyrir svokallaða félagsmálapakka. Ríkisstjórnir voru króaðar af inni í vítahring sjálfvirks verðbólgukerfis og verkalýðsforkólfarnir héldu dauðahaldi í vísitölubindingu launa í veikri von um að verja kaupmátt umsamínna launa. Þetta var vonlaust stríð í vitlausu kerfi þar sem báðir aðilar uppskáru ósigur. Allt að 99% umsamínna launahækkana voru útborguð í svikinni mynt verðbólgunnar þannig að eftir stóð í besta falli óbreyttur kaupmáttur en á köflum hríðfallandi þrátt fyrir himinháar prósentur og rómaða sigra við samningaborðið.

Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, undir forystu Emils Jónssonar forsætisráðherra, brúaði bil í efnahagskreppu 1958–1959 þar til viðreisnarstjórnin tók við að loknum tvennum kosningum. Viðreisnarstjórnin var ný hugsun í íslenskri pólitík. Hún var tímamótastjórn sem hófst handa, þótt seint væri, við að laga Ísland að nokkru leyti að þeim breytingum sem orðið höfðu í Evrópu upp úr stríði. Stefnan snerist um að leggja af flókið og úr sér gengið millifærslukerfi sem byggðist á eilífum skammtímalausnum stjórnmalamanna við að finna hinn svokallaða „rekstrargrundvöll sjávarútvegsins“. Gengið var skráð nokkurn veginn rétt og þurfti tvær gengisfellingar til. Höft og bönn á ýmsum sviðum voru afnumin. Frelsi var komið á í innflutningsverslun. Fyrstu varfærnislegu skrefin voru stigin í þá átt að markaðsvæða þjóðfélagið. En þetta var þó aðeins síðbúið upphaf að því að laga þjóðfélagsástandið á Íslandi að búskaparháttum hins blandaða hagkerfis. Þrátt fyrir stríðsgróðann þáði Ísland Marshall-aðstoð sem var ætluð hinni stríðshrjáðu Evrópu til að hraða uppbyggingunni úr rústum stríðsins. Af hálfu Bandaríkjamanna var skilyrðið fyrir veittri aðstoð að ríkisstjórnir styrkþegalandanna beittu sér fyrir umbótum í átt til opins markaðskerfis og frjálsra heimsviðskipta. Einnig í þessu efni var Ísland á undanþágu. Vegna hernaðarlegs mikilvægis landsins í upphafi kalda stríðsins var séð í gegnum fingur við Íslendinga, þótt þeir héldu sig áfram við sitt heygardshorn hins hálfsovéska skömmtunarkerfis.

### Saga þín er saga vor

Alþýðuflokkurinn á sér glæsta sögu í íslenskum stjórnmalum. Hann reyndist alþýðuheimilum millistríðs- og kreppuáranna sverð og skjöldur í lífsbaráttunni. Það birtist í viðurkenningu stéttarfélaganna sem samningsaðila um kaup og kjör, umbótum í starfsumhverfi, til dæmis með vökulögum til sjós og takmörkunum á rétti atvinnurekenda til að halda fólki við skefjalausan

vinnubrældóm. Bygging verkamannabústaða til að leiða erfiðismenn Íslands og fjölskyldur þeirra upp úr saggakjöllum og ofan af hanabjálkum risandi höfuðborgar breytti bæði lífskjörum fólks og hugsunarhætti almennings um rétt sinn og samtakamátt. Stærsta afrek Alþýðuflokksins á kreppuárunum var lögfesting almannatrygginganna árið 1936. Sú löggjöf er hornsteinn þess velferðarríkis sem risið hefur á Íslandi á þeim grunni.

En Alþýðuflokkurinn hafði snemma orðið fórnarlamb borgarastyrjaldar á vinstri vængnum og innan verkalýðshreyfingarinnar milli þeirra sem gerðust áhangendur Sovétríkjanna og hinna sem voru harðir andkommúnistar og lýðræðisjafnaðarmenn samkvæmt vestur-evrópski hefð. Þessi ágreiningur endurspegladist einnig eftir lýðveldisstofnunina í afstöðu til utanríksmála. Sjálfstæðismenn og kommúnistar tóku höndum saman um að grafa undan áhrifum Alþýðuflokksins innan verkalýðshreyfingarinnar og vissu sem var að með því voru þeir að skera á sjálfa liftaug jafnaðarmannahreyfingarinnar á Íslandi. Alþýðuflokkurinn hefur aldrei beðið þess bæturs að hann klofnaði í annað sinn árið 1938 og Héðinn Valdimarsson gekk til liðs við sósíalista og með honum fjölmenn fylking róttækra forystumanna Alþýðuflokksins í verkalýðshreyfingunni. Ég taldi, þrjátíu árum síðar, að það ætti að vera hlutverk Hannibals að bæta fyrir þessi mistök og sín eigin frá árunum 1954–1956 þegar enn hafði verið vegið í sama knérunn. Ég skrifaði vikulega pistla í *Friðsala þjóð* um nauðsyn uppgjörs við þessa fortíð. Ég hamraði á því að markmiðið væri að vinna að sameiningu jafnaðarmanna á grundvelli nútímalegra hugmynda og að það gæti ekki orðið nema gert væri upp að fullu og öllu við hugmyndalega fortíð Sósíalistaflokksins.

### Mannréttindahreyfing okkar tíma

Einu sinni heyrði ég Guðmund jaka segja á fundi að í hjarta sinu væri meirihluti Íslendinga jafnaðarmenn að lífsskodun. Það væri því til marks um það hversu forystumönnum okkar hefðu verið mislagðar hendur að þegar gengið væri til kosninga væri niðurstaðan jafnan öll önnur. Meirihluti þjóðarinnar kysi yfirleitt aðra flokka, andstæðinga jafnaðarmanna.

Það er sennilega eitthvað til í því að grundvallarsjónarmið nútímajafnaðarstefnu eigi mikinn hljómgrunn meðal Íslendinga. En var það alltaf svo? Ég held ekki. Þvert á móti. Ég held að þjóðfélagsskodanir jafnaðarmanna hafi í árdaga þótt vera róttækar minnihlutaskodanir. Þeir sem mest máttu sín í þjóðfélaginu og töldu sig eiga hagsmuna að gæta við að verja óbreytt ástand úthröpuðu þessar skodanir sem þjóðhættulegar og stórvarasamar. Og börðust gegn þeim af hörku. Og meirihluti þjóðarinnar var áreiðanlega

fullur tortryggni og tregur til að fallast á breytingarnar. Af þeirri einföldu ástæðu að fólk er ihaldssamt.

Alþýðuflokkurinn og Alþýðusambandið urðu til á sínum tíma sem sjálfvakið andsvar fátæks fólks við félagslegum veruleika, sem var harður húsbóndi. Þessi veruleiki birtist fólki í réttleysi og öryggisleysi í þjóðfélagi sem var að fara í gegnum tæknibyltingu. Hugmyndir brautryðjendanna um mannréttindi fátæks fólks voru svo sannarlega ekki viðteknar meirihlutaskoðanir á þeirri tíð. Átti eignalaust og óskólagengið fólk kröfu á atkvæðisrétti til jafns við stönduga borgara og máttarstólpa þjóðfélagsins? Reyndar má spyrja: Er jafn atkvæðisréttur – einn maður, eitt atkvæði, án tillits til búsetu – raunveruleg meirihlutaskoðun þjóðarinnar enn í dag? Halda menn kannski að krafan um rétt verkalýðsfélaga til að semja við atvinnurekendur um kaup og kjör, um vinnutíma og aðbúnað á vinnustöðum, hafi þótt sjálfsagt mannréttindamál á fyrri hluta seinustu aldar? Áreiðanlega ekki, miðað við þá baráttu sem það kostaði að fá þessi réttindi viðurkennd. Það tók Alþýðuflokkinn tvo áratugi að fá meirihluta Alþingis Íslendinga til að samþykkja réttindaskrá velferðarríkisins, almannatryggingalögin frá 1936. Sennilega hefur ekkert einstakt umbótamál sem Alþýðuflokkurinn hefur fengið lögfest náð því að breyta þjóðfélagsgerðinni með jafnafrifrikum hætti.

En var þetta óumdeilt mál? Var meirihluti þjóðarinnar á þriðja og fjórða áratug þessarar aldar sannfærður um nauðsyn þess? Birtist sú sannfæring meirihlutans okkur í niðurstöðum kosninga? Eða þótti þetta sjálfsagt samkomulagsmál á Alþingi? Nei, það var öðru nær. Forystumenn Alþýðuflokksins fluttu málið þing eftir þing og töluðu framan af fyrir daufum eyrum. Reyndar geyma þingtiðindin ástriðufullar ræður ihaldsmanna úr bæði Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki sem fundu málinu flest til foráttu. Andstaðan var reyndar svo hörð að til þess að koma málinu fram varð Alþýðuflokkurinn að sætta sig við að falla frá upphaflegum tillögum um atvinnuleysistryggingar. Það kostaði að þær hugmyndir urðu ekki að veruleika fyrir en tveimur áratugum síðar – og þá fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningum, studdar verkfallshótun.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum sem færir okkur heim sanninn um það að flest stærstu umbótamál Alþýðuflokksins fyrir og síðar hafa í upphafi verið róttækar minnihlutaskoðanir sem hafa sætt harðri andstöðu, vakið storma og stríð. Þær voru fjarri því að vera meinlausar meirihlutaskoðanir, þótt þær hafi kannski orðið það síðar, þegar meirihluti efasemdarmanna hafði sætt sig við þær að fenginni reynslu. Þetta segir allt sem segja þarf um Alþýðuflokkinn, eðli hans og pólitískan tilgang. Hann var frá

upphafi róttækur umbótaflokkur. Verkefni hans hefur verið að breyta þjóðfélaginu. Það hefur honum tekist í samstarfi við verkalyðshreyfinguna og önnur stjórn málaöfl með svipaðri niðurstöðu og bræðraflokkar okkar á Norðurlöndum hafa náð en notið til þess meira fylgis en við. En samþykki meirihlutans við þessum róttæku þjóðfélagsumbótum hefur yfirleitt ekki verið veitt – fyrr en eftir á og að fenginni reynslu.

### Hugmyndasmiðja íslenskra stjórn mála

Það verður ekki með sanni sagt um jafnaðarmenn að þeir hafi ekki kennt til í stormum sinna tíða. Baráttumál flokksins hafa oftár en ekki vakið storma og stríð meðal samferðamanna sem hafa verið knúnir til að taka afstöðu til hugsjóna- og baráttumála hreyfingarinnar. Á köflum má segja að stjórn málabaráttan á Íslandi hafi snúist um það að taka afstöðu til tillagna Alþýðuflokksins – með eða á móti. Þannig var Alþýðuflokkurinn löngum eins konar hugmyndasmiðja íslenskra stjórn mála. Þetta á við um baráttu brautryðjendanna fyrir mannréttindum fátæks fólks, þegar þeir lögðu grundvöllinn að velferðarríkinu íslenska á fyrstu tuttugu árunum í sögu hreyfingarinnar. Þetta á við um það, þegar Alþýðuflokkurinn réð úrslitum um endurskipulagningu efnahagslífsins á viðreisnarárunum; þegar skipt var um gangvirkið í efnahagskerfinu; fallið frá úreltu og ónýtu ríkisforsjár- og skömmunarkerfi og lagður grundvöllur að nútímalegu markaðskerfi, samkvæmt leikreglum frjálsra viðskipta. Og þetta á einnig við um helstu baráttumál jafnaðarmanna síðari árin: Samnefnari þeirrar umbótaviðleitni var styrinn sem stóð um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Það mál vakti vissulega upp harðvítuga andspyrnu í nafni þjóðlegs sjálfstæðis og þjóðernishyggju.

Ekkert þessara umbótamála, sem hvert og eitt og sameiginlega hafa breytt íslensku þjóðfélagi til hins betra, náði fram að ganga átakalaust. Þrátt fyrir harða mótspyrnu hefur ekki hvarflað að andstæðingum jafnaðarmanna að hrófla við þessum umbótum í framkvæmd þegar þeir hafa fengið völdin til þess. Þeir sem á sínum tíma fóru hamförum gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið líta nú á hann sem haldreipi þjóðarinnar í samskiptum hennar við Evrópusambandið. Eftiröpunin birtist okkur stundum sem hinir einu sönnu gullhamrar.

Það var löngum þrálátt vandamál (og er jafnvel enn?) að flokkar, sem kenndu sig við vinstrið og vildu tryggja þjóð sinni lífskjör til jafns við grannþjóðir, skorti átakanlega skilning á yfirburðum markaðsbúskapar og nauðsyn fríverslunarkjara til þess að tryggja efnahagsframfarir og batnandi

lífskjör Íslendinga. Alþýðubandalagið var fram á seinustu stund fastheldið á úrehtar ranghugmyndir um ríkisforsjá, verndarstefnu og jafnvel einangrunarhyggju í utanríkismálum. Framsóknarflokkurinn hefur á stundum verið deigur og tviátta. Ítök sérhagsmunahópa, sem hafa óttast um ríkisverndaða forréttindastöðu, hafa löngum reynst ráða meiru en raunsætt mat á þjóðarnaúdsyn og almannahag þegar til lengri tíma er lítið.

Af þessum ástæðum var Alþýðuflokkurinn einatt neyddur til að heyja sitt pólitíska stríð á tvennum vígstöðvum: Félagsmálapólitik flokksins sætti iðulega gagnrýni „frá hægri“; en barátta flokksins fyrir opnu markaðskerfi og friverslun í viðskiptum og þátttaka í varnarsamstafi vestrænna lýðræðisríkja sætti harðri gagnrýni „frá vinstri“. Uppistaðan í áróðri andstæðinga gegn Alþýðuflokknum var af þessum rötum runnin, samanber klisjurnar um „hægri slagsíðu“ eða „skort á félagshyggju“. Allt heyrir þetta undir pólitíska timaskekkju. Það hvarflar ekki að neinum að nota slík köpurýrði um stefnu jafnaðarmannaflokkanna annars staðar á Norðurlöndum sem fylgja þó fram svipaðri stefnu.

Ranglát kosningalög frá öndverðu, innri átök um markmið og leiðir, sem hafa valdið ítrekuðum klofningi, og barátta Alþýðuflokksins á tvennum vígstöðvum, lagðist á eitt um að þröngja svigrúm flokksins til vaxtar og viðgangs innan ramma óbreytts flokkakerfis.

### Samsæriskenningar og sjálfsblekkingar

Hugsun Marbakkabóndans, Finnboga Rúts Valdimarssonar, sem stýrði liði hannibalista á þessum árum úr stofusófanum heima, var þessi: Það átti að breyta Alþýðubandalaginu úr lauslegu kosningabandalagi gamla Sósíalista-flokksins, Hannibals og áhangenda hans, fyrrverandi þjóðvarnamanna og ýmissa vinstri manna, sem ekki áttu sér fastan samastað í flokkakerfinu, í lýðræðislegan stjórnmálaflokk. Þessi flokkur átti að vera byggður á einstaklingsaðild meðlimanna en ekki aðild heilla félaga, eins og Sósíalistafélags Reykjavíkur, sem var hið gamla flokksvigi Brynjólfs, Einars og þeirra félaga. Út frá því var gengið að ef sósíalistafélagið fengi ekki aðild í heild sinni að hinum nýja flokki myndi meðlimi þess lítt fýsa að slást í þennan félagsskap sem átti að slíta tengslin við fortíð Sósíalista-flokksins. Gamli kommakjarninn myndi við þessar aðstæður kjósa að standa utangarðs.

Í hinum nýja flokki gerðu menn sér vonir um að hannibalistar gætu tekið höndum saman við ýmsa miðjumöðsmenn sem vildu gjarnan losa sig undan húsbóndavaldi gömlu kommanna og þvo af sér kommastimpilinn í leiðinni. Markmiðið var síðan að ná meirihluta í nýjum þingflokki Alþýðu-

bandalagsins. Þegar viðreisnarsamstarfinu hefði verið hnekk, og Alþýðuflokkurinn væri laus úr þeirri prísund, ætti að leita samninga við hann um samstarf og samruna, í krafti meirihluta þingflokks Alþýðubandalagsins. Því var slegið föstu að margir verkalyðssinnar, bæði innan Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, vildu gjarnan feta þessa slóð. Þar með yrði til nýr jafnaðarmannaflokkur með traustar rætur í verkalyðshreyfingunni og pólitíska forystu sem hefði burði til að hafa áhrif á landstjórnina út frá sterkri vígstöðu.

Lykilmáðurinn í þessu tafla, sem ná þyrfti sem pólitískum bandamanni, var Lúðvík Jósepsson. Hann bar á þessum tíma höfuð og herðar yfir aðra stjórnámálamenn sem ættaðir voru úr gamla Sósíalístaflökku; hann var ekki aðeins maður gærdagsins, eins og Einar og Brynjólfur; hann stóð traustum fótum í sínu kjördæmi á Austfjörðum og naut trausts og virðingar á landsbyggðinni vegna tengsla sinna við sjávarútveginn. Hann var talinn hafa til að bera þann pólitíska metnað sem þyrfti til, að króast ekki af í litlum sértrúarsöfnuði og kjósa fremur að spila í framvarðarsveit alvöru stjórn mála í úrvalsdeildinni.

Fyrsta skrefið í þessa átt var stigið með stofnun Alþýðubandalagsfélags í Reykjavík. Þrátt fyrir fámenna fótgöngulíðasveit og bágborið skipulag unnu hannibalistar og bandamenn þeirra þessa lotu. Kjarni gömlu kommanna gerði þeim að vísu þann greiða að vera fjarverandi, enda töldu þeir (réttilega) að þarna væri verið að taka þeim pólitíska gröf. Magnús Torfi Ólafsson, síðar menntamálaráðherra í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, var kjörinn formaður. Félagið stóð síðan fyrir framboðslista á vegum Alþýðubandalagsins til borgarstjórnarkosninga vorið 1966. Fremur en að gera ekki neitt féllst ég á að skipa fimmta sæti listans á eftir þeim Guðmundi Vigfússyni, Sigurjóni Björnssyni sálfræðingi, Öddu Báru Sigfúsdóttur og Guðmundi jaka. Ungur drengur, að nafni Svavar Gestsson, átti þar jafnframt sæti. Listinn fékk þrjá menn kjörna í borgarstjórn. Þar sem Guðmundur jaki skrúpaði gjarnan á borgarstjórnarfundum kom það oft í minn hlut að hlaupa í skarðið fyrir hann. Veturinn 1966–1967 var ég því að meira eða minna leyti virkur í borgarfulltrúahópi Alþýðubandalagsins. Ég fór að kynna mér borgarmál eftir föngum og taka þátt í umræðum og flytja tillögur, einkum um húsnæðismál. Á þessum vettvangi kynntist ég borgarstjóra Reykvíkinga, Geir Hallgrímssyni, úr hæfilegri fjarlægð. Geir hafði sýnilega góð tók á borgarmálefnum og kom fram af mildi og réttsýni gagnvart minnihlutanum.

Ég tók þátt í einni lotu við afgreiðslu fjárhagsáætlunar borgarinnar sem var lærdómsríkt. Fyrir borgarstjórnarkosningarnar hafði ég tekið þátt í útvarpsumræðum og flutti þar „eldmessu“, sem var alveg út úr stíl við sett-

legar ræður reyndra borgarfulltrúa. Árni Þórðarson, skólastjóri minn við Hagaskóla, sagði mér frá því daginn eftir að hann hefði sofnað undir umræðunum, en allt í einu hrokkið upp með andfælum við það að útvarps-tæki hans datt ofan af hillu við atgang þessa óslípaða frambjóðanda.

Magnús Torfi Ólafsson hafði á árum áður vakið athygli sem blaðamaður á *Þjóðviljanum* þar sem hann fékkst einkum við erlendar fréttir og fréttaskýringar. Þær þóttu stinga í stúf við annað efni blaðsins þar sem Magnús Torfi fjallaði jafnaðarlega um erlend málefni af yfirvegum og skynsemi fremur en trúarofstæki. Þegar Magnúsi Torfa var ekki lengur vært á *Þjóðviljanum* gerðist hann verslunarstjóri í bókaverslun Máls og menningar við Laugaveg. Þar var ég löngum fastagestur, snuðaði í bókum og keypti bækur og tók verslunarstjóran tali. Eitt vorið, þegar ég var nýkominn heim frá Edinborg, tókum við tal saman um breska pólitik. Ég varð að játa að verslunarstjórinn var jafnvel enn betur að sér um sögu Verkamannaflokksins breska og menn og málefni breskra stjórn mála en stúdentinn sem hafði dvalist á Bretlandseyjum árum saman. Þetta lýsir Magnúsi Torfa vel því að hann var lifandi alfræðiorðabók um erlend stjórn mála.

Ég á í fórum mínum aðra sögu af Magnúsi Torfa frá því að hann var orðinn menntamálaráðherra eftir kosningarnar 1971. Skólameistarinn á Ísa-firði vildi þá nota tækifærið og rétta hlut menntaskólans varðandi afgreiðslu fjárlaganefndar á framlögum til byggingarframkvæmda og heimsótti því ráðherrann í viðtalstíma á miðvikudagsmorgni á skrifstofu hans. Ég flutti mitt mál af nokkrum ákafa og rökstuddi ítarlega réttmæti þess að hækka framlagið til byggingaráætlunar skólans. Ráðherrann hlustaði svipbrigðalaus á málflutninginn og skrifaði jafnharðan niður eftir skólameistarinum á gular arkir sem hlóðust upp á borðinu. Ég var farinn að fá á tilfinninguna að valdamaðurinn bak við skrifborðið væri blaðamaður að taka viðtal. Að viðtali loknu hefti ráðherrann saman blöðin og lagði þau ofan á háan skjalabunka sem þar var fyrir. Ég heyrði aldrei neitt frekar af afgreiðslu málsins og til að fá mitt fram varð ég að fara bakdyramegin að fjárveitingarnefndarmönnum í bögglauppboðinu sem þeir ástunda í tímahraki rétt fyrir jólin.

## Waterloo Hannibals:

### Tónabíósfundur og I-listaframboð

Þegar nær dró alþingiskosningum vorið 1967 kom á daginn að gamli kjarninn í Sósíalistaflokknum var ekki á því að gefa upp flokksforræði sitt baráttulaust. Við uppstillingu lista var mikil togstreita bak við tjöldin um

menn og málefni. Í húfi var hugsanlega meirihlutinn í þingflokki Alþýðubandalagsins næsta kjörtímabil.

Sögulegur fundur, sem haldinn var í Tónabíói, var svanasöngur Einars Olgeirssonar sem þá lét af þingmennsku eftir þrjátíu ára þingsetu. Valið stóð því um arftaka hans. Þetta var reyndar fyrsti félagsfundurinn innan Alþýðubandalagsins síðan snemma á sjötta áratugnum þar sem almennir félagsmenn áttu þess kost að hafa áhrif á framboðslista bandalagsins í Reykjavík. Uppstillingarnefndin hafði klofnað að loknum mörgum og ströngum fundum. Guðmundur jaki var framsögumaður minnihlutans á fundinum og fulltrúi flokkseigendafélagsins. Hann bar fram lista með nöfnum Magnúsar Kjartanssonar, ritstjóra *Þjóðviljans*, Eðvarðs Sigurðssonar, formanns Dagsbrúnar, Jóns Snorra Þorleifssonar, formanns trésmíðafélagsins og Inga R. Helgasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sósíalístaflokksins og fjárhaldsmanns hans. Hörður Bergmann kennari hafði framsögu fyrir meirihluta uppstillingarnefndar og bar fram lista með nöfnum Magnúsar Torfa, Einars Hannessonar úr Málfundafélagi jafnaðarmanna, Eðvarðs í Dagsbrún og Jóns Baldvins. Hörður var á þessum tíma samkennari minn við Hagaskóla. Til laga hans um mig í fjórða sæti listans var studd af fámennum hópi ungra menntamanna en ekki af Hannibal eða þeim sem honum stóðu næstir.

Magnús Torfi, formaður Alþýðubandalagsfélagsins, skýrði frá því að 108 einstaklingar hefðu gengið í félagið fyrir fundinn. Á því var gefin sú skýring að gömlu kommunum hefði verið lofað að félagsaðild þeirra yrði samþykkt á framhaldsaðalfundi viku síðar, sem að vísu var ekki staðið við. En þetta svikna loforð dugði til þess að þeir létu sig ekki vanta á úrslitastundu. Úrslitin urðu þau að listi flokkseigendafélagsins fékk 254 atkvæði en listi hannibalista 81.

Hannibalistar guldu afhroð og gamla sósíalístaflokksmaskínan sýndi að hún hafði enn undirtökin þegar á reyndi. Vélstjórar maskínunnar voru þeir Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Sósíalístaflokksins, og Svavar Gestsson, starfsmaður Alþýðubandalagsfélagsins.

Á fundinum bar það til tíðinda að Guðrún Helgadóttir, síðar alþingismaður fyrir Alþýðubandalagið í Reykjavík, og Einar Bragi skáld stormuðu upp að púlti fundarstjórans, Guðmundar jaka, þar sem þau rifu félagsskirteini sín í tætlur og fleygðu snífsunum framan í jakann. Alfred Gíslason læknir, sem verið hafði þingmaður Alþýðubandalagsins fyrir Reykjavík á undanförunum árum, sagði sig úr bandalaginu.

Magnús Kjartansson Þjóðviljaritstjóri dró hvergi af sér í kjölfarið á síðum *Þjóðviljans* með köpuryrðum um Hannibal og „fjölskyldu hans“. Kvað hann dapurlegt til þess að vita að verkefni Hannibals í íslenskum þjóðmál-

um væru ekki lengur „stjórnsmál, heldur fjölskyldumál“. Í þessu áróðursstríði varð til sú goðsögn að klofningur Alþýðubandalagsins, sem var formlega staðfestur á Tónabíósfundi, hefði orðið í átökum stríðandi fylkinga, sem hefðu snúist um mína persónu. Hannibal átti að hafa sett það að ófrávikjanlegu skilyrði að sonur hans skipaði annað sæti listans. Fyrir þessu er ekki flugufótur enda gaf Hannibal sjálfur út yfirlýsingu um málið þar sem hann sagði: „Ég hef aldrei – hvorki fyrir né síðar – gert neina kröfu um, að Jón Baldvin væri á listanum í Reykjavík, hvað þá heldur um, að hann væri í einhverju af efstu sætum listans.“ Þetta var aldrei nema satt. Að nefna mitt nafn í samkunduhúsum gömlu kommanna í Reykjavík á þessum árum var eins og að nefna snöru í hengds manns húsi eða að biðja sannkristinn mann að túlka Kóraninn fyrir hinum innvígðu í mosku múslimanna. Hvorugt er beinlínis gæfulegt. Ágreiningurinn stóð fyrst og fremst um fyrsta sætið þar sem minnihlutinn vildi gjarnan sjá Magnús Torfa Ólafsson leiða listann í stað nafna hans Kjartanssonar. Einkum var mörgum verkalýðsleiðtogum í nöp við Þjóðviljaritstjórnann því þeim þótti hann ekki bera næga virðingu fyrir frumburðarrétti þeirra í hreyfingunni.

Það vakti nokkra athygli á þessum árum að í öllum þessum erjum og illdeilum virtist *Morgunblaðið* ævinlega hafa aðgang að upplýsingum um einstaka fundi og það sem fram fór á þeim og birti fréttir sínar af ágreiningi og illdeilum jafnóðum. Fyrst í stað var þetta allt saman rakið til fornar vinnu okkar Styrmis og ég talinn vera huldumaðurinn. En þegar huldumaðurinn virtist líka eiga greiðan aðgang að innsta hring Sósíalistaflokksins, þar sem allir vissu að ég átti ekki innangengt, beindist grunur manna að öðrum. Svarið við því hver hafi verið „*Deep throat*“ *Morgunblaðsins* og tíðinda- maður af hjaðningavígum gömlu sósíalistanna, þegar fjörbrot flokksins gengu yfir, fæst varla úr þessu fyrir en í ævisögu Styrmis Gunnarssonar Morgunblaðsritstjóra. Sú ævisaga verður reyndar forvitnileg fyrir margra hluta sakir.

## Austri og útkjálkabladaþmennskan

Margir urðu til þess að kveinka sér undan beittum penna Magnúsar Kjartanssonar sem árum saman risti andstæðingum sínum rúnir niðs í stuttum en hnitmiðuðum pistlum í *Þjóðviljanum*, undir höfundarnafninu Austri. Ég er ekki einn í þeim hópi. Ég hef ævinlega haft tilhneigingu til að virða það mönnum til afbötunar fyrir vondan málstað, ef þeir kunna að sækja hann og verja af þrúðu hjarta og nokkru listfengi. Það kunni Austri öllum öðrum betur sem stundað hafa þessa íþrótt í sögu íslenskrar útkjálkablada-

mennsku – að Jónasi frá Hriflu ekki undanskildum. Meinfýsni var hans að-  
alsmerki og oftast en ekki í þágu vonds málstaðar.

Kosningarnar 1971 urðu upphaf að stuttum þingferli og ráðherradómi Magnúsar á stóli iðnaðarráðherra í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, þar sem hann sat meðal annars í skjóli Hannibals og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Mér fannst Magnús koma ánægjulega á óvart með fram-  
göngu sinni sem iðnaðarráðherra. Hann reis gegn Þjóðernisfordómum í eig-  
in flokki og beitti sér fyrir því að fá erlenda fjárfestingu inn í landið til að  
reisa kísilmálmverksmiðjuna að Grundartanga, meira að segja upphaflega  
í samvinnu við einhvern alræmdasta efnaauðhring Bandaríkjanna, Union  
Carbide. Hann virðist hafa skilið nauðsyn Íslendinga á að nýta auðlindir  
sínar og að renna fleiri stöðum undir gjaldeyrisöflun og útflutningsverslun,  
auk þess sem hann hefur áreiðanlega haft áhyggjur af atvinnuástandi á tím-  
um ódaverðbólgu og upplausnar í efnahagsstjórninni. Seinna meir, eftir að  
Magnús hafði gengið frá ráðherradómi, skrifaði hann eftirtektarverðar  
greinar þar sem hann ræðst gegn verðbólguhugarfari og lýðskrumspólitik,  
eftirmönnum sínum úr Alþýðubandalaginu á ráðherrastóli til viðvörunar  
og talsmönnum lúðviskunnar til litillar ánægju. Þetta staðfesti í mínum  
huga að það var meira spurnið í Magnús Kjartansson en lá í augum uppi  
við fyrstu sýn.

Við Bryndís bárum þrátt fyrir allt alltaf hlýjan hug til Magnúsar. Hann  
hafði setið í stofunni hjá okkur á Vesturgötunni á fárra manna tali þar sem  
við hrifumst af fróðleik hans og fágæðri frásagnarlist sem var krydduð listi-  
legum húmor. Ég meira að segja fyrirgaf honum þegar hann neitaði að  
birta eftir mig greinar í *Þjóðviljanum* þótt ég úthúðaði að sjálf sögðu hon-  
um fyrir vikið sem sjálfskipuðum ritskoðara rétttrúnaðarmanna, sem þyrði  
ekki að horfast í augu við sannleikann.

Aumast var þó hlutskipti Sigfúsar Daðasonar sem gegndi hlutverki rit-  
skoðarans á *Timariti Máls og menningar*. Arnór bróðir minn sendi honum  
hverja greinina á fætur annarri þar sem birtist skörp og skýr greining á hinu  
raunverulega ástandi mála í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu. Meira að  
segja ég lagði í þúkkið. Ég sauð saman grein upp úr merku riti eftir breska  
hagfræðinginn Alec Nove sem afhjúpaði eina af godsögnum gömlu  
stalinistanna undir heitinu „Var Stalín (virkilega) nauðsynlegur?“ Svörin  
sem við fengum þegar spurt var um afdrif greinanna voru alltaf sama  
heimóttarlega tístið: Fátækt timarit, lítið rými, ekki rétti tíminn, óheppi-  
legt sem stendur, verður að biða birtingar ...

Skelfing fannst mér skáldið eiga bág. Eins og þetta var nú annars huggu-  
legt skáld þegar það kom sér að verki.

## Austfjarðagoðinn og lúðviskan

Lúðvík Jósepsson, önnur lykilpersónan í þessum átökum öllum, var allt annarrar gerðar en þeir merkisberar kommúnismans á þriðja og fjórða áratugnum sem mest létu að sér kveða. Orðaflaumur draumóraglópsins lék honum ekki á tungu. Umvandanir umboðsmanns rétttrúnaðarins féllu fyrir ofan garð og neðan fyrir austan. Sjálfsupphafin hégómadyrð hálfmenntamanna, sem boðuðu fagnaðarerindið á kaffistofum auðnuleysisins, svokallaðra „stofukomma“ eða „blúndubolsa“, eins og ég uppnefndi þá, var honum eitur í beinum. Samt var hann einn af þeim. En kommúnismi Lúðvíks fyrir austan var svipaðrar ættar og sósíaldemókratí Hannibals fyrir vestan. Þeir lærðu ekki réttlætiskenndina af bók heldur fundu þeir til með bræðrum sínum og systur og vildu vinna sínu fólki það sem þeir máttu. Lúðvík var í bernsku einlægur kommúnisti, sem trúði á framtíðarríkið eins og það var útlistað af mærd Einars og sigldum beturvitrungshætti höfuðskáldsins, sem laug *Gerska ævintýrinu* að hans kynslóð.

Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að útgerðarforstjórinn að austan hafi snemma fundið út að „rekstrargrundvöllur“ þess pólitiska samyrkjubús, sem hér var rekið í umboði Stalíns, hafi verið óbeysinn. En látið kyrrt liggja. Kannski af misskildum trúnaði við æskuhugsjónina en líklega þó af meðfæddri þrjúsku útkjálkamannsins. Hafi hann skynjað á undan hinum að veröldin hafði hann vondslega blekknt nennti hann ekki að gera veður út af því heldur þagði þunnu hljóði með glott á vör. Ætli honum hafi ekki fundist að hann ætti nóg með Neskaupstað og rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, sem var einatt tæpur. Kannski hann hafi ekki viljað missa glæpinn, viljað vera harðsvíraður og forhertur? Það er altént afstaða sem skírskotar gjarnan til þeirra sem verða að bjarga sér sjálfir, af eigin rammleik. Auðvitað fannst okkur, hinum yngri mönnum sem kynntumst honum misjafnlega náði seinna á lífsleiðinni, að þessi þögla líkfylgd ranghugmyndanna sæti um hann og stæði honum fyrir þrifum. Hann var umlukinn þögn sem auðvelt var að misskilja sem þóttu. En það var ekki þannig. Hann bar annarra byrðar og vildi ekki telja það eftir sér. Sumir misskildu þetta og héldu að hann vildi losna undan oki lyginna. Það var lengi hald Hannibals, en einkum þó vopnabróður hans, Björns Jónssonar, forseta ASÍ. Þeir fundu að meintur kommúnismi Lúðvíks var annarrar gerðar en hinna. Þeir héldu jafnvel að hann væri sósíaldemókrat eins og þeir, enda upprunninn úr sama jarðvegi. Þessi misskilningur átti mikinn þátt í stofnun kosningabandalags Hannibals og Lúðvíks, sem kallað var Al-

þýðubandalag. Það tók þá rúman áratug að komast að hinu sanna og leiðréttu misskilninginn.

Annars var margt líkt með Hannibal og Lúðvík, þrátt fyrir aldursmun upp á rúman áratug. Báðir voru þeir útkjálkamenn sem ólust upp við kröpp kjör sem meitluðu hug og stældu kjark. Báðir áttu þeir eftir að sækja að höfuðborginni, annar að vestan, hinn að austan, og sitja í ríkisstjórnnum saman. Þeir voru ólíkir menn og stundum fannst mér eins og Lúðvík væri austfirski útgáfan af Hannibal. Þeir völdu þó gerólíkar leiðir. Vestfirðingar nota tungumálið til að tjá sig með því; segja hug sinn allan og eru einatt misskildir. Hannibal var erki-Vestfirðingur, tilfinningaríkur og örgeðja. Og kaus fremur stríð en frið, ætti hann tveggja kosta vól. Hann hirti aldrei um að líta um öxl til að sjá hvort nokkur fylgdi honum að málum. Lét skeika að sköpuðu. Lúðvík var allt annarrar gerðar, þótt honum gengi hið sama til; að rétta hlut sins fólks. Hann notaði tungumálið einatt til að leyna hugsun sinni, tefldi ekki á tvær hættur og trúði á skipulagið umfram garp-skapinn. Hannibal var sjarmör sem hreif fólk með sér. Lúðvík var vinnuhestur sem vann fólk til fylgilags með hægðinni. Báðir voru pólitikusat af Guðs náð. Þeir áunnu sér virðingu andstæðinganna sem komust að því þegar á reyndi að við menn væri að eiga.

Ég kynntist Lúðvík sem andstæðingi á árunum 1968–1970 þegar stríðið stóð um inngöngu okkar í EFTA. Ég hafði lúmskt gaman af að fylgjast með vinnubrögðum hans í því máli. Hann treysti sér vel, var töluglögur, fróður og fundvís á veilur í málflutningi andstæðinga. Hann var fylginn sér á fundum, ófyrirleitinn í málflutningi, en þröngsýnn. Enn voru það leifarnar af hinni heimafræðni hugmyndafræði sem stóðu honum fyrir þrifum. Lúðvík hefði orðið fyrsta flokks lögfræðingur og hinn frambærilegasti hagfræðingur hefði hann getað hrist af sér „hlekki hugarfarsins“ sem lagðir voru á hann í æsku. Hann treysti sér ekki til að beita sér fyrir úrsögn úr EFTA eftir að hann var sestur í stól Gylfa í viðskiptaráðuneytinu 1971. Þvert á móti. Þrátt fyrir andstöðu innan Alþýðubandalagsins bar hann ábyrgð á gerð fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalag Evrópu 1972, svokallaðri bókun 6 sem tryggði Íslendingum tollalækkun á fiskinnflutningi til bandalagsríkja. Evrópusambandið setti hins vegar lausn landhelgisdeilna við Breta og Vestur-Þjóðverja sem skilyrði fyrir gildistöku. Upphaflega ætlaði Lúðvík líka að slá sig til riddara með því að setja skilyrði af Íslendinga hálfu, en samráðherra hans, Magnús Kjartansson, fékk hann ofan af því í nafni hagsmuna íslensks iðnaðar. Þeirra samningar hefðu að vísu aldrei tekist nema af því að Gylfa tókst að koma okkur í EFTA, þrátt fyrir öll landráðabrigslin sem á honum dundu.

Þótt lærður væri um „rekstrargrundvöll“ sjávarútvegsins skorti Lúðvík viðsýni til að ná áttum í þessu veigamikla máli. Uppvakningar fortíðarinnar byrgðu honum sýn til framtíðar. Það var á þessum árum sem ég fann upp hugtakið „grútarbræðsluhagfræði“ um boðskap Lúðvíks. Þessi hagfræði snerist um að reikna arð af skuttogurum og loðnubræðslum sem þjóðlegum atvinnuvegum. Aðrir atvinnuvegir en sjávarútvegur og landbúnaður voru úrskurðaðir „þjóðlegir“, stundum jafnvel sem „snikjudýr á þjóðarlikamanum“. Hagstjórnargaldurinn var í því fólgin að millifæra fjármuni frá óverðugum til verðugra, til dæmis þegar afli brást eða skuldasöfnun sjávarútvegsins keyrði úr hófi. Aðferðin var gengisfelling. Afleiðingin var óðaverðbólga. Lærisveinar Lúðvíks, ráðherragengi Alþýðubandalagsins í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, leiddu þessa „grútarbræðsluhagfræði“ til röktréttar niðurstöðu með því að koma verðbólgunni upp í 130%. Þeir sem voru fyrirfram dæmdir til að tapa hverri orrustu í þessari vonlausu baráttu við vindmyllurnar voru launþegar. Samt hét það svo að allt væri þetta gert í þeirra nafni og í þeirra þágu. Það kostaði þjóðina þungbærar fórnir að jafna sig á þessum hremmingum. Hagfræðileg hugsun var stimpluð landsbyggðarfjandsamleg og þar með óþjóðleg. Þessi grútarbræðsluhagfræði þótti líka góð til síns brúks hjá SÍS og reið því fyrirtæki loks að fullu við lok framsóknaráratugarins. En það má Lúðvík eiga og þess skal minnst að hann var langtum snjallari málflytjandi þessarar fræðikenningar en nokkur þeirra sem á eftir komu og klöppuðu sama steininn, uns þá þraut að lokum örendið.

### Að greina rétt frá röngu

Viðbrögð Hannibals, eftir að hann hafði galdið afhroð á Tónabíósfundi, voru þau að hann strunsaði að Einari Olgeirssyni, sem sat í hópi stuðningsmanna innarlega á áheyrindabekk, og rétti honum höndina til að „þakka fyrir samstarfið og kasta á hann kveðju“. Hann rykkti Einari upp úr sætinu og hristi hann svo óþrymlega að lá við limlestingum. Nokkrum dögum síðar birtist málgagn Hannibals, *Nýja Alþýðubandalagsblaðið*, undir ritstjórn Ólafs Hannibalssonar. Þann 11. maí um vorið birti blaðið framboðslista Alþýðubandalagsins, I-listans, fyrir alþingiskosningarnar. Í öðru og þriðja sæti á eftir Hannibal voru ungir menntamenn, Vésteinn Ólason íslenskufræðingur, nú forstöðumaður Árnastofnunar, og Haraldur Henrysson, gamall bekkjarfélagi minn úr MR og síðar hæstaréttardómari. Í sjöunda sæti var ung og upprennandi leikkona að nafni Bryndis Schram. Í ritnefnd *Nýja Alþýðubandalagsbladsins* voru meðal annarra Hörður Bergmann, samkennari

minn við Hagaskóla, Gísli Gunnarsson sagnfræðingur, sem var samtíða mér við Edinborgarháskóla, íslenskufraeðingarnir Svavar Sigmundsson og Vésteinn Ólason og Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, sem síðar varð framkvæmdastjóri þingflokks Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Gunnar Karlsson, síðar prófessor í sagnfræði við háskólann, var kosningastjóri en kosningaskrifstofan var rekin á neðri hæðinni á Vesturgötu 38. Mig minnir að húsbóndinn þar á bæ hafi skrifað bróðurpart stefnuyfirlýsingar I sem gefin var út fyrir kosningarnar.

Yfirkjörstjórn úrskurðaði framboð Hannibals utanflokka og auðkenndi með listabókstafnum I-listinn. Landskjörstjórn sneri því við og úrskurðaði að telja bæri atkvæði greidd I-listanum með fylgi Alþýðubandalagsins þannig að þau nýttust við úthlutun uppbotarsæta eins og til hafði verið ætlast. Það gat brugðið til beggja vona um kjör Björns Jónssonar á norðurlandi eystra, Karls Guðjónssonar á Suðurlandi og Steingríms Pálssonar, sem varð arftaki Hannibals á Vestfjörðum. Þessir menn þurftu allir að ná kjöri ef áform Finnboga Rúts um meirihluta í þingflokki Alþýðubandalagsins að loknum kosningum áttu að ná fram að ganga.

Þegar á reyndi eftir kosningar virðist eitthvað hafa á skort mannþekkingu þeirra bræðra, Hannibals og Finnboga Rúts, því að hinir væntanlegu bandamenn urðu innlyksa í þingflokki Alþýðubandalagsins en Hannibal og Björn stofnuðu eigin þingflokk. Árið 1969 beittu þeir sér fyrir formlegri stofnun Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og stefndu að framboðum um land allt – enn sem fyrr í nafni sameiningar jafnaðarmanna í einum flokki. Fáa grunadi þá að Samtökin myndu ná oddaðstöðu á Alþingi eftir kosningarnar 1971 og verða þar með til þess að hnekkja tólf ára viðreisnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Þaðan af síður hvarflaði að nokkrum manni að þingflokkur Samtakanna myndi nýta oddaðstöðu sína til að lyfta sínum fornu féndum, þeim Magnúsi Kjartanssyni og Lúðvik Jóssepssyni, upp í ráðherrastóla þar sem þeir sátu hlið við hlið ásamt Hannibal, Magnúsi Torfa og síðar Birni Jónssyni.

Á fundi stuðningsmanna I-listans í Lindarbæ fyrir kosningarnar 1967 fjallaði Vésteinn Ólason meðal annars um „uppgjörð sem aldrei varð“ – og ástæður klofnings frá sínum bæjardrym. Hann ræddi um innri meinsemdir Alþýðubandalagsins sem birtist í óútræddum ágreiningi um afstöðu til hakerfis og stjórnkerfis svonefndra kommúnistaríkja og gamla drauma kommúnista um Sovét-Ísland – óskalandið, og bóndann í Kremli sem hálfyfyrskilvitlega ímynd föðurlegrar gæsku og handleiðslu. Vésteinn bætti svo við: „Sagnfræði er hér ekki til umræðu. En fortíðin verður ekki þurrkuð út. Hverjum manni verður að lærast að lifa með fortíð sinni. Hafi honum

skjátlast hrapallega á hann um þrjár leiðir að velja: Hann getur forðast að taka afstöðu til fortíðarinnar, reynt að láta sjálfan sig og aðra gleyma mistökum sínum. Þau munu þá taka að blómstra og dafna undir yfirborðinu og sýkja persónuleikann. Í öðru lagi geta menn snúið algjörlega baki við fortíð sinni með því að varpa frá sér fyrri skodunum og hugsjónum, kasta bæði góðu og illu fyrir borð og leggjast á sveif með þeim öflum, sem þeir áður héldu sig berjast gegn. Þess háttar „frelsun“ er sjaldnast sannfærandi eða líkleg til að leysa nokkurn vanda. Í þriðja lagi er svo hægt að jata mistök sín hreinskilnislega fyrir sjálfum sér og öðrum, leitast við að finna orsakir þeirra og greina rétt frá röngu í fyrri grundvallarskodunum. Sá sem bregst við á þennan hátt, hlýtur að vaxa af því.“

Þetta er viturlega mælt. Því miður láðist Hannibal að rækta sambandið við það unga og efnilega fólk sem hafði skipað sér undir merki hans og komið til liðs við hann eftir að honum varð liðs vant á Tónabíósfundi. Sumir þeirra sem þarna réttu Hannibal hjálparhönd þegar honum lá nokkurs við leituðu um síðir aftur á slóðir Alþýðubandalagsins. Aðrir hættu afskiptum af pólitík eða skipuðu sér annars staðar í sveit.

Úrslit kosninganna 1967 í Reyjavík urðu þau að G-listi Magnúsar Kjartanssonar fékk 5.423 atkvæði (13,2%) en I-listi Hannibals fékk 3.520 atkvæði (8,6%). Í heild fékk Alþýðubandalagið því 8.943 atkvæði í kjördæminu þar sem báðir listar voru í kjöri eða um 22%. Á landsvisu hljóðuðu tölurnar upp á 16.923 atkvæði eða 17,6%. Þessari atlögu að viðreisninni var því hrundið og stjórnin sat áfram á valdastóli þriðja kjörtímabilið í röð, fram að kosningum 1971.

## Vorið í Prag

Árið 1967–1968 var Svavar Gestsson (væntanlega fyrir milligöngu Einars Olgeirssonar) vistaður á flokksskóla Austur-Þýska kommúnistaflokksins. Þetta er sex árum eftir að Berlínarmúrinn var reistur og nokkrum mánuðum áður en Sovétríkin réðust ásamt lepprikjum sínum (þar með töldu Austur-Þýskalandi) inn í Tékkóslóvakíu til þess að uppræta *vorið í Prag* með vopnavaldi.

Í ágústmánuði 1995 kom út bók eftir Svavar sem hann nefndi *Sjónar-rönd*. Af því tilefni skrifaði ég greinaflokk í *Alþýðublaðið* og rifjaði þar upp minningar frá *vorinu í Prag* og hinum skyndilegu árstíðaskiptum 1968. Með innrásinni í Tékkóslóvakíu fengu þeir, sem fram til þessa þóttust biða eftir jákvæðu svari við hinni kiljönsku spurningu: Skyldi Eyjólfur hressast?

– svar sem erfitt var að leiða hjá sér. Svarið var nei. Eyjólfur var ekkert að hressast, honum þvert á móti hrakaði.

Hrörnun hans var að verða banvæn í ímynd Brezhnevs og forherðingin fullkomnuð. Dulmál Kiljans um Eyjólf kallinn þýðir á mæltu máli: Er hægt að koma fram umbótum í lýðræðisátt innan frá, í kommúnísku alræðiskerfi? Og svarið var nei. Skriðdrekarir við Wenceslas-torg í Prag svöruðu því. Viðleitni ýmissa umbótamanna innan kerfisins í Austur-Evrópu, til dæmis að koma á vísu að markaðssósíalisma, var líka dæmd til að mistakast. Tilraun Gorbatsjovs, tuttugu árum eftir að *vorid í Prag* var kæft í fæðingunni, mistókst gersamlega. Sovétkerfið hrundi innan frá undan þunga langvarandi stöðnunar og dró Gorbatsjov með sér í fallinu. Það er ekki hægt að „reformera“ kommúnismann. Bara að afnema hann í heilu lagi og uppræta hann; slíta hann upp með rótum og fleygja honum á öskuhauga sögunnar þar sem hann á heima.

Pegar hér var komið sögu létu hinir ungu forystumenn Alþýðubandalagsins gjarnan eins og Sovétríkin og leppriki þeirra hefðu aldrei komið þeim neitt við. Sögufölsun af þessu tagi byggir lífslíkur sínar á því að menn hafi stutt pólitískt minni. Í næstu andrá hömruðu þessir menn á því að eftir innrás rauða hersins og heraflla Varsjárbandalagsins inn í Tékkóslóvakíu hafi Alþýðubandalagið gert samþykkt um að *hætta formlegum* samskiptum við fyrrverandi bræðraflokka í Austur-Evrópu. Einhvern veginn vafðist fyrir þeim að útskýra hvers vegna þurfti að gera sérstaka samþykkt um að hætta því sem aldrei hafði verið neitt. Allavega á þessi samþykkt að hafa verið punkturinn aftan við nærri hálfar aldar sögu samskipta íslenskra kommúnista við bræðraflokka og ríkisstjórnir í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu.

Í viðtali við *Alþýðublaðið* 29. ágúst 1995 segir Magnús Torfi Ólafsson það hafa verið sitt síðasta verk í miðstjórn Sósíalístaflokksins að fá samþykktu tillögu sína um að slíta öll flokksleg tengsl við þá flokka sem stóðu að innrásinni í Tékkóslóvakíu 1968. Hann bætir því reyndar við að sumir félaganna hafi tekið þessari tillögu mjög þunglega og að þeir hafi reynt að fá hann til að taka hana aftur; hann segir að þeir hafi ekki viljað þurfa að taka afstöðu til hennar. Þar með liggur fyrir að íslenskir kommúnistar/sósíalistar höfðu haft formleg og flokksleg samskipti við kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna og Austur-Evrópu í tæp fjörutíu ár og þurftu að gera formlega samþykkt um að slíta þeim. Og gengu sumir nauðugir til þess verks. Síðar hefur verið sýnt fram á (sjá bók Árna Snævarr og Vals Ingi-mundarsonar, *Lidsmenn Moskvu*) að tengslin voru aldrei rofin fyrr en innrásarríkin hrukku upp af standinum.

Þessi kapítuli íslenskrar stjórn málasögu, sem fjallar um hin flokkslegu tengsl Kommúnistaflokksins/Sósíalístaflokksins við bræðraflokkana í Ráðstjórnarríkjunum og Austur-Evrópu, er í meira lagi þöku hulinn, þótt ýmsir fræðimenn hafi á síðari árum reynt að komast að hinu sanna í þessu efni. Þar má til dæmis nefna til sögunnar bækur Arnórs bróður míns: *Valdið og Þjóðin* 1963; *Kommúnismi og vinstri hreyfing* 1964 og *Moskvulínan: Kommúnistaflokkur Íslands og Komintern*; *Halldór Laxness og Sovétríkin* 1999; Árni Snævarr og Valur Ingimundarson: *Liðsmenn Moskvu* 1992, Jón Ólafsson: *Kæru félagar* 1999.

Framan af þessu tímabili var ekki reynt að fara í felur með neitt. Kommúnistaflokkur Íslands var í upphafi stofnaður sem deild í alþjóðasamtökum kommúnista, Komintern. Komintern laut í einu og öllu fyrirmælum frá forystu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna. Kommúnistaflokkur Íslands var þess vegna rekinn fyrir opnum tjöldum sem útibú frá Kommúnistaflokki Ráðstjórnarríkjanna. Þar fór ekkert milli mála. Forystumenn flokksins og helstu málsvarar, þar með talinn Halldór Kiljan, þótt hann væri ekki formlega flokksbundinn, – voru tíðir gestir í Moskvu og flokkurinn fylgdi fram Moskvulínunni í gegnum þykkt og þunnt.

### Liðsmenn Moskvu

Í viðræðum við forystumenn Alþýðuflokksins um hugsanlega sameiningu á árunum 1937–1938 settu fulltrúar Kommúnistaflokksins það fram sem ófrávikjanlegt skilyrði að hinn nýi flokkur styddi Sovétríkin og utanríkisstefnu þeirra skilyrðislaust og leyfði enga gagnrýni á Sovétríkin í málögnum sínum. Frá og með stofnun Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalístaflokksins árið 1938 byrjaði hins vegar feluleikurinn. Í stefnuskrá flokksins var hann lýstur óháður öllum nema umbjóðendum sínum – íslenskri alþýðu. Í reynd breyttist samt ekkert nema það að nú var reynt að fela sporin.

Og hinn nýi flokkur hélt áfram að fylgja Moskvulínunni í öllum þeim átakamálum sem upp komu á alþjóðavettvangi á þessum árum og þau voru ekki smá: Flokkurinn varði innrás rauða hersins inn í Finnland, með þeim afleiðingum að stofnandi flokksins, Héðinn Valdimarsson, hrökklaðist út úr honum við fimmta mann og hætti upp úr því þátttöku í íslenskum stjórnámálum, saddur pólitískra lífdaga. Stuðningur við innrás Sovétríkjanna í eitt Norðurlandanna, Finnland, var reyndar gerður að eins konar prófsteini á hollustu manna við grundvallarstefnuna. Brynjólfur ræddi aldrei um þetta mál í ræðu og riti nema með því að kalla það „Finnagaldurinn“, sem segir meira en orðið sjálft. Flokksmenn lýstu yfir ánægju sinni

með Molotov-Rippentrop-samninginn, þegar Stalín og Hitler skiptu með sér Póllandi í bróðerni og Hitler gaf Stalín grænt ljós fyrir hernám Eystrasaltslandanna. Þar fór Halldór Kiljan fremstur í flokki.

Það fór ekkert á milli mála að Sósíalístaflokkurinn og málgagn hans, *Þjóðviljinn*, fylgdu Sovétríkjunum að málum, hvenær sem skarst í odda í kalda stríðinu milli þeirra og lýðræðisríkja Vesturlanda. Utanríkispolítík Sósíalístaflokksins, baráttan gegn aðild Íslands að NATO og varnarsamningnum við Bandaríkin var rökrétt afleiðing af þessum grundvallarforsendum. Mér er enn í fersku minni þegar ég heyrði, fjórtán ára gamall, hina grátklökku ræðu Einars Olgeirssonar í Austurbæjarbíói til minningar um hinn fallna leiðtoga, Jósef Stalín, fyrir fullu húsi safnaðar meðlima. Hinn harði kjarni Sósíalístaflokksins lét heldur engan bilbug á sér finna eftir innrásina í Ungverjaland 1956.

En upp úr þessu fór eldmóðurinn smám saman dvínandi og brestirnir í brynju hugsjónanna að verða sýnilegri. Svo birtist *Skáldatími*, sem getur að visu engan veginn talist vera hreinskilnislegt uppgjör við fortíðina; öllu heldur skriftamál um andlega vanlíðan út frá spurningunni um hvort Eyjólfur myndi ekki hressast. Safnaðar meðlimir, sem áður höfðu borið höfuðið hátt og gengið hnarreistir fram í nafni hugsjónanna, voru ýmsir farnir að lúta höfði og læðast með veggjum. Sumir reyndu þó áfram að harka af sér í von um að bráðum kæmi betri tíð með blóm í haga. En það var orðið reimt í safnaðarheimilinu og vofur fortíðarinnar gægðust fram úr hverjum skugga og héldu fyrir mörgum vöku. Samt varð það þrautalending flestra að þverskallast; að neita að horfast í augu við staðreyndirnar sem hrönnuðust upp. Ræðu Khrústsjovs, árið 1956, þar sem hann afhjúpaði lítið brot af glæpaverkum Stalíns, var þunglega tekið. Brynjólfur flutti söfnuðinum messu um gelgjuskeið sósíalismans, en áréttaði trúnaðinn við grundvallaratriðin. Öllum kröfum um vægðarlaust uppgjör við fortíðina var vísað á bug sem uppgjöf, flóttá og hugsjónabrigð.

„Það eru margir sem svikja, Jón minn,“ sagði Einar Olgeirsson.

Svo seint sem á fyrri hluta sjöunda áratugarins hældist *Þjóðviljinn* um yfir því að flokkstengsl Einars og Lúðvíks í Moskvu dygðu enn til að selja „gaffalbita“ sem viðskiptasendinefnd embættismanna hefði verið um megn. Og löngu síðar, eftir að Svavar Gestsson var orðinn formaður í Alþýðubandalaginu, eftir að það hafði verið endurreist sem flokkur á rústum Sósíalístaflokksins, kvaddi hann gömlu mennina, Einar og Brynjólf, upp á svið og lét hylla þá sérstaklega með þeim ummælum að rauði þráðurinn til fortíðarinnar væri enn óslitinn. Foringjarnir héldu áfram að þiggja boð um að gista heilsuhæli forréttindastéttarinnar við Svarta hafið. Kristinn E. Andr-

ésson og Einar Olgeirsson neyttu enn flokkstengsla sinna til að koma ungum og efnilegum mönnum til náms fyrir austan jártjaldið. Og hinir ungu lærisveinar, sem þannig fengu tækifæri til að kynna veruleikanum í framtíðarríkinu af eigin reynd, þögðu þunnu hljóði um þá reynslu sína, eins og áður hefur verið fjallað um í tengslum við hina svokölluðu SÍÁ-leyniskýrslur. Í þessu sambandi er fróðlegt að lesa eftirfarandi játningu Kjartans Ólafssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sósíalístaflokksins og Þjóðviljaristjóra, í afmælisgrein um Inga R. Helgason, fyrrverandi gullkistuvörð flokksins: „Fall þeirrar kynslóðar, sem þú tilheyrðir, var slíkt sem við þekkjum vegna þess að menn létu hollustu of lengi standa í vegi fyrir því hugmyndalega uppgjöri sem kall tímans krafðist. Þegar brýn þörf kallaði á djúptæka, vægðarlausa endurskoðun og nýtt brautryðjendastarf, þá dvöldum við of lengi; sem sporgöngumenn, og urðum kynslóð án skýrrar pólitískrar sjálfsmyndar, sögulega séð.“ (sjá *Líðsmenn Moskvu*, bls. 210)

### Rússagullið: Pólitískir lífeyrisþegar

En flokkstengslin voru ekki einungis hugsjónaleg. Þau voru líka fjárhagslegs eðlis. Aksel Larsen, fyrrverandi formaður danska Kommúnístaflokksins, skýrði frá því, eftir að hann hafði yfirgefið flokkinn, að honum hefði lengst af verið haldið uppi með styrkjum frá Sovétríkjunum, fyrir milli-göngu sendiráðs Sovétríkjanna í Kaupmannahöfn. Hann kvartaði að visu undan því að styrkirnir hefðu verið skornir við nögl; þeir hefðu dugað til að gera danska Kommúnístaflokkinn fjárhagslega háðan móðurflokknum, en hvergi nærri hrokkið fyrir útgjöldum. Flokkurinn hefði því lengst af hangið á horriminni fyrir náð og miskunn sendiráðsins.

Staðreyndir mála um þann fjárhagsstuðning sem Sósíalístaflokkurinn og málgagn hans, *Þjóðviljinn*, og útgáfufélag Kristins E. Andrésssonar, Mál og menning, þáðu frá bræðraflokkunum í Sovétríkjunum, Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu og ef til vill víðar, eru að meira eða minna leyti á huldu enn í dag. Sögusagnir gengu manna á milli í hópi hinna innvígðu, en yfirleitt var reynt að fara með þessi mál eins og mannsmorð. Oftast munu þessir styrkir hafa verið veittir til útgáfu- og áróðursstarfsemi; til þess að þýða og gefa út í myndarlegum upplögum áróðursrit sem ekki hefðu ella lítið dagsins ljós. Þískrað var um það að *Þjóðviljinn* hefði notið sérstakra styrkja frá bróðurflokknum í Austur-Þýskalandi, meðal annars til tækjakaupa í prentsmiðju. Íslenskir námsmenn í Prag þóttust vita að Einar Olgeirsson þæði sérstaka útgáfustyrki frá *World Marxist Review* sem áróðursmáladeild sov-

éska Kommúnistaflokksins og alþjóðadeild flokksins gáfu út í Prag. Einar fékk féð út á það að tímarit hans, *Réttur*, væri hin sovéska útgáfa þessa tímarits. Sagt var að fyrirtæki sem flokksfélagar starfræktu, og sérhæfðu sig í viðskiptum austur fyrir járntjaldið, væru skuldbundin í gegnum flokks- tengsl til að láta fé af hendi rakna til útgáfu *Þjóðviljans*. Nú er upplýst að Kristinn E. Andrésson fékk lífeyrisgreiðslur frá sovéska Kommúnista- flokknum í viðurkenningarskyni fyrir dygga þjónustu. Allt er þetta þýðing- armikill hluti íslenskrar stjórn málasögu á seinustu öld og þess er beðið að ungir sagnfræðingar dragi staðreyndirnar fram í dagsljósið. Þær sögurann- sóknir ættu líka að beinast að því í hve miklum mæli áróðursstofnanir vest- urveldanna, eins og til dæmis CIA, létu fé af hendi rakna til innlendrar stjórn málastarfsemi á tímum kalda stríðsins. Upplýsingar um það ættu nú orðið að liggja á lausu á skjalasöfnum.

Það hvenær forystumenn Sósíalístaflokksins/Alþýðubandalagsins hafi endanlega mannað sig upp í að slíta flokksleg og fjárhagsleg tengsl við bræðraflokkana fyrir austan járntjald er þó, úr því sem komið er, aðeins sagnfræðilegar spurningar sem varða fortíðina. Heimsveldi kommúnismans er horfið – það heyrir nú sögunni til. Og það má hver sem er lá mér að ég varð ekki djúpt snortinn þegar það spurdist út að forystumenn Alþýðu- bandalagsins hefðu sent samúðarskeyti í austurveg, hvort heldur það var í tilefni af innrásinni í Tékkóslóvakíu eða öðrum ótíðindum. Það minnti mig óþægilega á að mafíósar í vesturheimi munu hafa haft það fyrir fasta reglu að senda blóm og kransa að útför fórnarlamba sinna.

### Spurningar sem enn bíða svars

Þær spurningar sem snerta kjarna málsins snúast ekki lengur um fortíðina heldur um framtíðina. Þær eru til að mynda þessar: Ef við eigum að trúa því að lærisveinar Einars og Brynjólfs, eins og til dæmis Hjörleifur Guttormsson og Svavar Gestsson eða aðrir þeir sem dvöldust lengur eða skemur í Austur-Evrópu og urðu síðar áhrifamenn í flokknum, hafi sloppið „kalnir á hjarta“ eftir reynslu sína af dvölinni undir ógnarstjórn kommún- ista, hvers vegna skýrðu þeir ekki frá því í heyranda hljóði og undanbragða- laust, á þeim tíma? Er það vegna þess að þeir töldu að félagarnir heima, sem áratugum saman höfðu búið við innrætingu flokksforystunnar, myndu ekki þola að heyra sannleikann? Var það af þægð við flokksforystuna sem þeir þögðu? Sé það svo vaknar spurningin: Hvenær eru þessir menn að segja það sem þeir meina? Og hvenær eru þeir að segja það eitt sem hygg- indi og hagkvæmni bjóða?

Og ef við eigum samt að trúá því að Svavar og félagar, sem tóku við lykjavöldum í Sósíalístaflökknum/Alþýðubandalaginu eftir Einar og Brynjólf, hafi fyrir löngu áttað sig á því að þjóðfélagsfyrirmynd forvera þeirra hafði snúist upp í martröð, þá er næsta spurning þessi: Hvernig brugðust þeir við? Hvaða ályktanir drógu þeir af þeim beiska lærdómi? Hverju breytti það um þá praktísku pólitík sem þeir ráku í nafni Alþýðubandalagsins og varðar örlög og framtíð þeirra eigin þjóðar?

Ef þeir skildu að sósíalísmi án lýðræðis og frelsis hlyti að snúast upp í andhverfu sína, var þeim þá ekki ljóst þá þegar að aðferðafræði lýðræðisjafnaðarmanna í pólitík væri rétt? Hvers vegna sögðu þeir það ekki fullum fetum? Hvers vegna héldu þeir áfram hatursáróðri sínum gegn jafnaðarmönnum sem þeir vændu sýknt og heilagt um svik? Við hvað?

Ef þeim var ljóst að sovéska nýlenduvelðið var hervætt alræðisríki á útþensluskeiði, var þeim þá ekki ljóst að lýðræðisríkin urðu, meðal annars eftir reynsluna af nasísmannum, að koma sér upp sameiginlegu öryggiskerfi til verndar lýðræðinu? Hefði það ekki átt að breyta afstöðu þeirra í utanríkis- og varnarmálum? Hefði það ekki átt að breyta afstöðu þeirra til Atlantshafsbandalagsins og varnarsamstarfs Íslendinga við Bandaríkin? Varla hefur það farið fram hjá þeim að gömlu kommúnistaflokkarnir í Mið- og Austur-Evrópu hafa því sem næst allir með tölu tekið sér nafn lýðræðisjafnaðarmanna, sótt um inngöngu í Alþjóðasamband jafnaðarmanna og standa fremstir í fylkingu þeirra flokka sem berjast fyrir aðild þjóða sinna, bæði að Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu? Varla hefur það farið fram hjá þeim að það stendur ekki steinn yfir steini af áróðri þeirra á stjórnmálaferli tveggja kynslóða.

Ef þessum mönnum var þá þegar ljóst að aftenging markaðskerfisins og ríkisrekstur framleiðslustarfseminnar leiddi til óhagkvæmni, fátæktar og fullkominnar rányrkju náttúruauðlinda, var þá ekki kominn tími til að endurskoða þær kennisetningar og hafna þeim í ljósi reynslunnar? Var þá ekki þegar tími til kominn að fallast á það, með lýðræðisjafnaðarmönnum, að efnahagsstarfseminni væri best fyrir komið með samkeppni í opnu markaðskerfi sem stuðlaði að dreifingu hins efnahagslega valds og skilaði vörum og þjónustu til almennings á sem hagkvæmustu verði? Var þá ekki kominn tími til að endurskoða afstöðuna til ríkisvaldsins og forsjár ríkisins í efnahagsmálum? Að fallast á nauðsyn Íslendinga á að fylgja fram stefnu um frjáls viðskipti? Falla frá andstöðu við inngöngu okkar í EFTA? Og styðja EES-samninginn? Og að endurskoða ríkisforstjórnkerfið í landbúnaði áður en það leiddi íslenska bændur inn í „skipulagða fátækt“?

Var þessum mönnum ekki þá þegar ljós nauðsyn þess að gera með ær-

legum hætti upp við hina sovésku fortíð og þá forystumenn sem höfðu haft alþýðu manna að ginningarfíflum í hálföld? Hvers vegna gerðist það aldrei? Hvers vegna var áfram siglt með lík í lestinni? Með vægðarlausu og heidarlegu uppgjöri af þessu tagi hefði seinustu hindrunum verið rutt úr vegi fyrir „sameiningu jafnaðarmanna“. Þar með hefði verið bætt fyrir mistök fortíðarinnar. Þá hefði getað hafist nýtt „pólitískt landnám“ – sem Svavar Gestsson auglýsir eftir í bók sinni – sem hefði hugsanlega getað breytt þjóðfélagsþróuninni á Íslandi til hins betra. Hvers vegna gerðist þetta ekki? Hvers vegna gerðist ekkert af þessu eftir heimkomu lærisveina Einars og SÍA-hópsins frá Austur-Evrópu? Hvers vegna var þráðurinn áfram óslitinn frá gamla Kommúnistaflokknum gegnum Sósíalistaflokkinn og til forystu hinnar nýju kynslóðar í Alþýðubandalaginu, meira að segja undir forystu þessara manna? Og hvers vegna er það eins og að fara í geitarhús að leita ullar, að leita svara við þessum lykilsurningum í bók Svavars Gestssonar, *Sjónarrönd*, þegar hann á efri árum reynir að brjóta til mergjar tilvistarspurninguna sjálfa: Til hvers var barist?

### Í EFTA-nefnd: Fyrstu skrefin í átt til Evrópu

Eftir að ég sneri heim frá námi bast ég smám saman vináttuböndum við Björn Jónsson alþingismann, sem jafnframt var formaður verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri. Björn var á yngri árum harðsvíraður kommúnisti og var fyrst kosinn á þing fyrir Sósíalistaflokkinn en síðan Alþýðubandalagið. Hann var stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, einn þeirra fyrstu sem voru brautskráðir úr stærðfræðideild. Hann var skarpgreindur og fljótur að komast að kjarna hvers máls og hafði takmarkað umburðarlyndi gagnvart málrófsmönnum og bullukollum. Við áttum vel skap saman. Hann fékk mig til ýmissa pólitískra verka, þar á meðal að standa fyrir námskeiðum um verkalýðs- og vinnumarkaðsmál og skipulag verklyðshreyfingarinnar á vegum Einingar á Akureyri. Það mun hafa verið að frumkvæði Björns að þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna tilnefndi mig árið 1968 sem fulltrúa sinn í svokallaðri EFTA-nefnd.

Samskipti Íslands við Evrópubandalagið voru á dagskrá af því tilefni að helsta viðskiptaland okkar, Bretland, hafði sett sér það markmið að leita inngöngu í bandalagið. Þar með var viðbúið að Danmörk, jafnvel Noregur, fylgdu í kjölfarið. De Gaulle, forseti Frakka, stöðvaði þessar hræringar áður en lengra var haldið með því að beita neitunarvaldi gegn inngöngu Breta. Það mál var þar með úr sögunni að sinni. Gylfi hafði hins vegar beitt sér fyrir úttektum á og reifað hugmyndir um hugsanlega aukaaðild að

Efnahagsbandalaginu. En þegar málin tóku aðra stefnu en í upphafi hafði Gylfi að því frumkvæði að kanna kosti aðildar Íslands að EFTA, fríverslunarsamtökum Evrópuþjóða utan EBE, undir forystu Breta. EFTA-nefndin, sem skipuð var fulltrúum þingflokka, átti að kanna kosti og galla hugsanlegrar aðildar. Það lá fyrir frá upphafi að án þeirra umbóta sem Gylfi og viðreisnarstjórnin höfðu beitt sér fyrir til þess að draga úr pólitisku milli-færslu- og ríkisforsjárkerfi og til að „opna vesturgluggann í átt til markaðsbúskapar og frjálsra viðskipta“, hefði verið um tómt mál um að tala fyrir Íslendinga að knýja dyra hjá fríverslunarsamtökum.

Auk Gylfa áttu sæti í nefndinni þeir Magnús Jónsson frá Mel fjármálaráðherra og Pétur Benediktsson, alþingismaður frá Sjálfstæðisflokknum, en þeir Tómas Árnason frá Framsóknarflokknum og Lúðvík Jósepsson frá Alþýðubandalaginu og sá sem hér talar frá þingflokki Samtakanna. Starfsmaður nefndarinnar var Einar Benediktsson, hagfræðingur og síðar fyrsti fastafulltrúi Íslendinga hjá ráðherraráði EFTA í Genf. Einar hafði numið hagfræði og stjórn málafræði vestanhafs við hinn kunna Fletcher School of Law and Diplomacy og var líklega eini íslenski hagfræðingurinn sem gat státað af því að hafa stundað framhaldsnám í Torino á Ítalíu. Hann var góður málamaður og hafði hlotið þjálfun í vinnubrögðum við hagfræðileg viðfangsefni hjá OECD í París. Við Einar þekktumst litillega því hann hafði alist upp í næsta húsi við mig á Marargötunni þótt aldursmunur væri nokkur. Síðar meir átti hann eftir að verða náinn samstarfsmaður minn í utanríkisþjónustunni og forveri minn sem sendiherra Íslands í Washington DC. Okkur hefur alla tíð verið vel til vana.

Hluti hins hálfsovéskra stjórnkerfis, sem náð hafði að festa sig í sessi á Íslandi á árunum eftir seinni heimsstyrjöld, en átti rætur sínar að rekja til millistríðsáranna, var í því fölginn að reisa fjáröflunar- og verndartölva umhverfis landið í þeirri veiku von að innlendir iðnaður, sem sinnti þörfum hins örsmáa heimamarkaðar, gæti náð að slíta barnsskónum verndaður frá allri samkeppni. Þetta var lykilatriðið í þeirri stefnu sem fylgt var í flestum ríkjum Suður-Ameríku frá kreppuárunum og endaði með því, eins og í dæmi Argentínu, að færa þau af braut vaxtar og velmegunar niður í vítahring stöðunar og fátæktar. Það var fljótséð við skoðun málsins að tollverndarstefnan, hvaða skýringar sem hún hafði átt sér í fortíðinni, þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga sem áttu meira en flestar aðrar þjóðir undir frjálsum aðgangi að mörkuðum fyrir útflutningsafurðir sínar. Innlendir neytendur höfðu orðið að borga fórnarkostnað tollverndarstefnunnar í hærra verði og lélegri gæðum innlestrar framleiðslu. Þessi stefna átti enga framtíð fyrir sér. Spurningin var hins vegar hversu langan aðlögunartíma

Íslendingar gætu samið um og hvernig sá aðlögunartími yrði best nýttur með því að búa undir framtíðina þann innlenda iðnað sem reynst gat samkeppnisfær.

Pólitískt séð lá ljóst fyrir að Alþýðubandalagið var algjörlega andvigt þessari stefnu. Fulltrúi Framsóknarflokksins, Tómas Árnason, var persónulega jákvæður gagnvart frjálsum viðskiptum en hefur sjálfsgagt átt litlum skilningi að mæta í þingflokki Framsóknarflokksins. Niðurstaðan varð því sú að framsóknarmenn gátu í hvorugan fótinn stigið og enduðu með því að greiða atkvæði eins og Alþýðubandalagið gegn EFTA-aðild. Þetta var stórt mál sem endurspegladi viðhorf manna til alþjóðasamvinnu og frjálsra viðskipta. Þarna kom skýrt fram að ég átti ekki lengur samleið með því liði sem stjórnaðist fyrst og fremst af þjóðernisviðhorfum og hafði takmarkaðan skilning, eða jafnvel beinlínis andúð, á þátttöku Íslands í samtökum Evrópuríkja sem þá unnu kerfisbundið að auknu frjálsræði í viðskiptum og tollfrjálsum aðgangi að mörkuðum í milliríkjaviðskiptum.

Smám saman var að renna upp fyrir mér að maðurinn sem sat við borðs-endann á þessum nefndarfundum, Gylfi Þ. Gislason, viðskiptaráðherra og formaður Alþýðuflokksins, var tímamótamaður í íslenskum stjórnmálum. Hann var sá af ráðherrum viðreisnarstjórnarinnar sem bar best skynbragð á stjórn efnahagsmála og fylgdist best með þróun efnahagsmála á alþjóðavettvangi. Hann hafði verið hinn pólitíski frumkvöðull að þeim hugmyndum um breytta hagstjórn sem þá þóttu nýstárlegar á Íslandi, ásamt samstarfsmönnum sínum meðal embættismanna, þeim Jónasi Haralz og Jóhannesi Nordal, auk þess sem þeir félagar áttu góðan hauk í horni í þingflokki Sjálfstæðisflokksins þar sem var Ólafur Björnsson prófessor. Þar að auki hafði Gylfi orðið nokkuð ágengt í að breyta viðhorfum manna í þingflokki Alþýðuflokksins og hugsun um hagstjórn, þótt vafalaust hafi hann átt þar einatt undir högg að sækja.

### Að spila í landsliðinu

Gylfi kom kornungur heim frá viðskiptanámi í Þýskalandi og Vínarborg fyrir upphaf seinna stríðs. Hann var allt frá menntaskólaárum sannfærður jafnaðarmaður. Fyrir stríð gaf hann út bækling á vegum Alþýðuflokksins undir heitinu: *Jafnaðarstefna á vegum einræðis eða lýðræðis?* Hann jók þetta rit og endurbætti undir heitinu *Jafnaðarstefnan* í riti sem kom út kringum 1950 og hafði verið hluti af pólitískum barnalærdómi mínum. Auðvitað var Gylfi barn síns tíma og fylgdi því framan af hugmyndum jafnaðarmanna um heildarstjórn á efnahagslífinu undir nafni „planökonómíunnar“.

Reynsla Gylfa af hafta- og skömmunarkerfi eftirstríðsáranna kenndi honum smám saman að þetta kerfi væri komið í þrot og að leita yrði nýrra leiða. Sem vel menntaður maður fylgdist hann auðvitað með þróun mála á sviði hagstjórnar í grannlöndunum og þar með einnig því breytta hugarfari sem smám saman setti mark sitt á hugsun og stjórnun jafnaðarmannaflokkanna í Evrópu og fært hafði þá í átt til viðurkenningar á yfirburðum markaðskerfisins. Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar, sem Gylfi átti sæti í, fékk fljótlega að kenna á því að millifærslukerfið var komið út í hreinar ógöngur. Hermann beitti sér fyrir því, að ráði góðra manna, að kveðja Jónas Haralz heim frá Alþjóðabankanum til að taka við starfi efnahagsráðunautar ríkisstjórnarinnar. Gylfi hefur sagt frá því að þeir Hermann hafi verið farnir að ræða af mikilli alvöru um nauðsyn kerfisbreytingar í anda þeirra hugmynda sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir síðar. Slíkar hugmyndir voru hins vegar eitur í beinum forystumanna Alþýðubandalagsins og útilokað að koma þeim fram í ríkisstjórn með þátttöku þess. Þessi ágreiningur kostaði ríkisstjórn Hermanns Jónassonar lífið.

Þeir Emil Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson og fleiri tóku við því þrotabúi í minnihlutastjórn Alþýðuflokksins 1958–1959 og tókst að forða þjóðinni frá yfirvofandi verðbólguholskeflu með því að beita samningsbundinni og lögbundinni niðurfærsluleið í fyrsta og einasta skiptið sem það hefur tekist við stjórn efnahagsmála á Íslandi. Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins ruddi brautina fyrir myndun viðreisnarstjórnarinnar, með atbeina Ásgeirs Ásgeirssonar forseta, sem stuðlaði að samkomulagi milli flokkanna svo lítið bar á bak við tjöldin. Þetta varð upphafið á löngum valdaferli Gylfa Þ. Gíslasonar í stjórnarráðinu þar sem hann skráði nafn sitt á spjöld Íslandssögunnar sem tímamótamaður í pólitískri hugsun á Íslandi. Gylfi er hámenntaður maður, fjölkunnugur málamaður og sómndi sér vel sem fulltrúi Íslands á erlendum málþingum þar sem hann var fyllilega jafnoki þeirra sem þar var að mæta. Flestum ber saman um að Gylfi hafi reynt vera besti menntamálaráðherra Íslendinga frá upphafi vega, þannig að aðrir sem því embætti gegna hljóti framvegis að miða starfsárangur sinn við arfleifið hans. Hann á sérstakar þakkir skildar fyrir stuðning við eflingu tónlistarnáms um land allt, en sá framsýni gerningur hans hefur átt mikinn þátt í því blómaskeiði tónlistar sem sett hefur svip sinn á íslenskt menningarlíf á seinustu árum.

En þótt Gylfa væri margt til lista lagt er ekki þar með sagt að þessi fágæði menntamaður (og tónskáld í tómsundum) væri sjálfkjörinn til að leiða flokk sem fyrst og fremst átti að sækja styrk sinn til verkamanna og sjómanna. Stjórnarandstaðan á viðreisnarárunum fann af pólitískri eðlisávis-

un að Gylfi væri hættulegasti andstæðingurinn, vegna þeirra róttæku umbóta sem hann beitti sér fyrir, en jafnframt sá sem væri veikastur fyrir, vegna vanburðugs flokksskipulags Alþýðuflokksins sem og hins að Alþýðuflokkinn hafði kalið í verkalyðsrótina. Gylfi var því kerfisbundið lagður í einelti, meðal annars af Austra kallinum á *Þjóðviljanum*, sem „ihaldshækja“. Þegar fram liðu stundir reyndu framsóknarmenn að stimpla hann sem óvin landbúnaðarins númer eitt. Það er ekki laust við að ég kannist við þessar klisjur um sjálfan mig, síðar meir þegar ég átti eftir að standa í svipuðum sporum og Gylfi við að reyna að ljúka þeim verkum sem viðreisnarstjórninni hafði ekki tekist á sínum tíma.

Það er með ánægjulegri endurminningum mínum frá þessum árum að við Björn Jónsson fórum ýmist saman eða einskipa á nokkra fundi út um land til að kynna þetta umdeilda en þýðingarmikla mál fyrir almenningi. Þá tók ég eftir því í fyrsta sinn hversu ólíka stefnu fundir af þessu tagi geta tekið í hinum ýmsu byggðarlögum. Fundurinn um EFTA-málið, sem ég boðaði til á Ísafirði (reyndar í Sjálfstæðishúsinu), var sá fyrsti þar sem ég stóð í stól málflytjandans á mínum heimaslóðum. Fundurinn var hávæð og nokkuð róstudur því margir urðu til að andmæla mér. Þarna tók ég fyrst eftir ungum manni meðal fundargesta sem spurði málefnalega spurninga um kjarna málsins og krafðist vel rökstuddra svara. Þetta var Magnús Reynir Guðmundsson, sem síðar meir varð einn nánasti samstarfsmaður minn um bæjarmál á Ísafirði. Fundurinn á Akureyri var í allt öðrum dúr. Hann var líkari fræðilegu seminari þar sem þeir sem hagsmuna áttu að gæta, eins og til dæmis fulltrúar iðnaðardeildar SÍS og KEA á svæðinu, spurðu í smáatriðum um mál sem beinlínis varðaði þeirra hag.

Mér er líka í fersku minni fjölmennur fundur sem haldinn var, að mig minnir á vegum háskólans, um þessi sömu mál í Norræna húsinu í Reykjavík. Framsögumenn voru, auk mín, þeir Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jónsson. Ég var þá þritugur að aldri og þótti nokkuð til koma að vera farinn að spila í úrvalsdeildinni með þessum landsliðsmönnum. Ég fann það, þegar á reyndi, að ég var ekki enn orðinn jafnoki þessara þrautreyndu stjórnmalamanna í sókn og vörn, en þóttist þó halda mínum hlut sæmilega og koma máli mínu vel til skila.

## KAFLI VIII

# Ástarstjarna yfir Hraundranga

„Ég sneri heim til Minneota að verða fertugur, staurblankur, atvinnulaus, nýskilinn, án þess að nokkuð væri komið á prent eftir mig; þeir sem næstir mér stóðu í fjölskyldunni horfnir sjónum, og flestir þeirra sem mér þótti vænt um og virti frá bernskudögum voru nú gráir fyrir hærum eða horfnir á vit ellinnar, við dauðans dyr.“ Þannig lýsir Bill Holm, besti rithöfundur Íslendinga á enska tungu á okkar dögum, heimkomu sinni eftir langa útivist í leit að því sem hann síðan fann í hlaðvarpanum heima. Bill kynntist ég ekki fyrr en löngu síðar, þegar þetta tímabil ævi minnar var langt að baki og horfið inn í safn minninganna.

Bill er í þessum tilvitnuðu orðum að lýsa því sem hann kallar „the music of failure“. Það er dauðasynd í Ameríku, sem á að heita land tækifæranna og draumsins, hins ameríska draums um það að hver sem er geti orðið forseti. (Af ýmsum forsetum Bandaríkjanna að dæma er ekki fjarri lagi að álykta að það geti verið satt.)

Bill er að lýsa tilfinningum manns sem er að nálgast miðjan aldur og óttast gæfuleysið sem fellur að síðum. En skáldið í Bill fann sín yrkisefni einmitt á þeim sama stað sem hann hafði flúið á unglingsárum af því að honum fannst litla landnemaþorpið á miðri sléttunni þrengja að sér og kæfa skáldgáfuna sem leitaði útrásar í leit að verðugri yrkisefnum. En á þessum stað og stundu, þegar hann sneri heim, slyppur og snauður, fann hann að hann hafði leitað langt yfir skammt.

### Ungur, reiður maður

Ég er að visu að tala um allt aðra tíma, seinni hluta sjöunda áratugarins heima á Íslandi, en sömu tilfinningar eða að minnsta kosti af svipuðum toga. Ég var einungis á þritugsaldri, en ég var staurblankur, hafði að visu

lifibrauð, en allt annað en ég hafði ætlað mér, og átti fyrir föður mann sem hefði þess vegna getað búið hinum megin á tunglinu. Ég skrifaði, að vísu kauplaust, í *Frjálsa þjóð*, en heyrði ekki bergmálið taka undir í fjöllum. Steinn Steinarr (ég bið forláts að nefna skáldið í sömu andráníni) orti þó í *Alþýðublaðið* fyrir tókall á kvæðið og sagði um þá lífsreynslu:

*Ég var soltinn og klæðlaus og orti í Alþýðublaðið  
og allur heimurinn fyrirleit blaðið og mig ...*

Ég var sumsé ungur maður með mikinn metnað, háar hugmyndir og stóra drauma. Veruleikinn var hins vegar allur annar. Ég var gagnfræðaskólakennari sem gekk til vinnu sinnar dag hvern og spurði sjálfan sig, þegar hann kom út úr skólastofunni: Hvað ert þú að gera hér? Hvar hefur þig hrakið af leið? „Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað ...?“ Fyrir einhvers konar sambland ættrækni og ístöduleysis hafði ég látið teyma mig á asnaeyrum í pólitískar ógöngur. Ég hafði villst inn í félagsskap fólks sem ég átti fátt sameiginlegt með. Og það komu þær stundir þegar ég var illa haldinn af hugarvili, þunglyndi og jafnvel sjálfsmeðaumkun. Ég var ungur, reiður maður. En reiðin beindist aðallega að sjálfum mér – ég var sjálfum mér sárreiðastur. Ekki svo að skilja að ég hafi nokkru sinni tjáð þessar tilfinningar. Til þess voru þær alltof viðkvæmar. Hin norræna karlmannshugsjón var á sínum stað: Eigi skal haltur ganga ... Við berum ekki tilfinningar okkar á torg. Við hýsum harm okkar í hljóði og látum á engu bera. Eða það höldum við að minnsta kosti. Lundin verður kannski ögn stríðari, tilsvörin hranalegri og kveikjuþráður skapsmunanna verður æ styttri. Sá sem ekki er sáttur við sitt hlutskipti á erfiðara með að setta sig við aðra, hvað þá heldur að miðla öðrum af örlæti og hjartagæsku því það verður æ minna aflögu.

Í þessu hugarástandi fór að halla á hinn unga mann í viðskiptum hans við Bakkus konung. Allt frá unglingsárum, frá tödugjöldum til vertíðarloka, hafði ég vanist því að gera mér glaðan dag með félögum mínum, í vestfirskum stíl. Við vildum gjarnan velta af okkur reiðingnum eins og hestar sem borið hafa þungar byrðar þingmannaleið; við hristum af okkur hversdagsgrámann, drukkum í botn og fundum orkunni sem innra fyrir bjó útrás í söng, ærslum og gleði. Ég sagði „í vestfirskum stíl“ en ætti að segja „í íslenskum stíl“. Og ég gæti gengið lengra: Þannig hafa synir norðursins, frá Bjarmalandi til Bildudals, kynt undir glóðum gleðinnar frá ómunatið til að bæta sér upp sjálftyftun hversdagsins. Þess vegna heitir þetta að gera sér glaðan dag – sem er að mér skilst óþarfi á suðlægari breiddargráðum því

þar striplast menn í sólinni alla daga og þykjast hafa ekkert að fela eða að byrgja inni. Þess voru mörg dæmi að ungir námsmenn, sem hleyptu heimdraganum í fyrsta sinn frá landi þar sem jafnógöfugur drykkur og bjór taldist til bannfærðra veiga, gerðu sér jafnvel þetta glundur að góðu og sóttist seint að standa upp frá borðum. Af einhverjum ástæðum hef ég aldrei haft smekk fyrir þeim drykk, fremur en fyrir mysunni sem okkur var borin á útengi forðum daga, þótt það geti vafalaust ekki talist til dyggða.

Í aðra röndina var ég meinlætamaður að upplagi. Ég setti mér snemma einfaldar vinnureglur í anda Benjamins Franklins: Vakna snemma, nýta tímann vel, hafa mörg járn í eldinum á sama tíma og forðast ávana sem spilla tíma og orku. Ég spilaði ekki á spil og vandi mig jafnvel af því að tefla skák því ég óttaðist að manntaflíð heltæki mig á huga og sál og útrýmdi verðugri viðfangsefnum. Ég hafði engan áhuga á að sitja á kaffihúsum yfir einskis verðu snakki og horfa á tímann renna mér úr greipum. Það tók Bryndísi að minnsta kosti hálfan mannsaldur að venja mig á að drekka höfug vín með góðri máltíð. Ég hélt mig hins vegar við þjóðlega siði: Ef mér fannst að ég þyrfti að gera mér glaðan dag, þá gerði ég það án hiks og hálfvelgju – í góðum félagsskap, þar sem glatt var á hjalla og gleðin var við völd.

En á þessum árum, þegar bæði pólitískt óyndi og persónuleg vonbrigði lögðust á eitt um að gera mér lífið leitt, kvað í vaxandi mæli við falskan tón þegar ég vildi leita mér hugsvölunar frá amstri hversdagsins. Ég var ekki lengur fyrst og fremst að gera mér glaðan dag heldur í vaxandi mæli að veita útrás innibyrðri óhamingju og jafnvel sjálfsvorkunn. Ég leitaði í vaxandi mæli félagsskapar þar sem menn gátu varla komið saman án þess að liðka málbeinið yfir glasi. Þetta voru yfirleitt skáldspírur, vonsviknir rithöfundar eða jafnvel istöðulausir drabbarar sem voru svo sannarlega ekki að gera sér glaðan dag; miklu fremur að drekkja sorgum sínum eða að reyna að bæta sér upp eitthvað sem þeir höfðu farið á mis við: Tilgang í lífinu, áhugamál sem kveiktu ástriður eða starf sem þeir ekki höfðu, en hefði getað átt hug þeirra allan. Þessir menn voru flestir hverjir á flóttu undan sjálfum sér – og ég var í þann veginn að breytast í þess konar flóttamann. Sá sem er á flóttu, sérstaklega undan sjálfum sér – veit sjaldnast hvar hann lætur staðar numið.

### Bryndís tekur í taumana

Um vorið sama árið og ég sneri heim frá Svíþjóð hafði Bryndís lokið prófum frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins. En hún var enginn nýgræðingur á

fjöllum Þjóðleikhússins. Frá ungum aldri hafði hún verið fremst í flokki dansmeyja Eriks Bidsteds og tekið þátt í mörgum sýningum á vegum dansflokksins. Síðar meir buðust henni hlutverk í söngleikjum og óperettum, allt frá *My Fair Lady* til *Táningsásta*. En hún óx smám saman upp úr danshlutverkunum. Ég hélt því reyndar fram, stundum við daufar undirtektir, að hún hefði vaxið upp úr ballerínuhlutverkunum í bókstaflegum skilningi, þannig að strákarnir hefðu ekki lengur burði til að lyfta henni samkvæmt ritúalinu. Að loknu leiklistarprófinu buðust henni hins vegar ný hlutverk sem leikkona: Í *Mjallhvít og dvergum sjö*, í *Endaspretti*, í *Stöðvið heiminn*, í meistaraverki Ibsens, *Afturgöngunum*, þar sem hún spreytti sig í hlutverki Reginu og þurfti að halda sínum hlut við hliðina á mönnum eins og Lárusi Pálssyni og Val Gíslasyni.

Þetta sumar hafði hún farið í leikferðalag um landið og var því mestan part horfin mér sjónum. Hún var ekki lengur hrjád af söknuði eftir leikhúsinu eins og forðum daga í Edinborg. Þvert á móti. Hún hafði tekið gleði sína á ný – fundið hlutverk í lífinu. Hún var að fást við það sem hana hafði frá unga aldri dreymt um og var hennar líf og yndi.

Einn góðan veðurdag, á miðju sumri, sat ég í stofunni á Vesturgötunni á sumbli með gesti frá fjarlægju landi. Þetta var ungur námsmaður frá Sri Lanka sem stundaði háskólanám í London og hafði komið heim með sameiginlegum kunningja, íslenskum, sem var tímabundið samtíða honum í London. Þessi sameiginlegi kunningi hafði visað hinum unga manni á mig því hann vildi nota tækifærið og fræðast um íslenska pólitík. Við vorum í hrókasamræðum, enda hafði ég ákveðið að hafa við drenginn viðtal í *Frjálsa þjóð* til að fræðast um viðsjár milli þjóðernishópa á Sri Lanka og arfleifið bresku nýlendustjórnarinnar.

Allt í einu var hurðinni hrundið upp og leikkonan unga stormaði inn með pilsaþyt og þjósti. Það skipti engum togum að hún rak gest minn á dyr, settist síðan niður, horfði hvasst í augu mér og sagði fastmælt:

„Það er kominn tími til að við tölum saman um okkar mál. Ég þekki þig ekki lengur fyrir sama mann. Strákurinn sem ég hreifst af ung var fullur af sjálfstrausti, kjarki og krafti, sem hreif aðra með sér en dró þá ekki niður. Það er eitthvað mikið að þegar sú sem elskar þig fær ekkert nema kaldhæðni og tómlæti í staðinn fyrir einlægni og ástriki. Þú hefur fjarlægst mig. Og haldi þetta áfram munum við fjarlægjast hvort annað þangað til við eigum ekki lengur neitt sameiginlegt. Við skulum horfast í augu við okkur sjálf og það sem er að gerast, kannski óafvitandi og óviljandi. Áður en það verður um seinan því þá verður of seint að iðrast yfir orðnum hlut. Og þú ert farinn að drekka þannig að þá birtist mér annar maður, sem ég vil ekki

þekkjja. Ég veit að þú hefur verið mér ótrúr – og þú skalt ekki reyna að þrátta fyrir það. En þú skalt ekki halda að ég ætli að vera þér einhver forsmáð eiginkona. Þú skalt vita það að á þessu sumri hef ég líka átt mitt ævintýri. Og horfðu svo í augu mér ef þú getur og segðu það hreint út: Eigum við að láta ævintýrið okkar enda svona eins og ómerkilega sápuóperu eða ...“

Orðin brugðust henni og hún brast í grát og horfði í gaupnir sér.

Ég sat eins og lamaður maður og þagði. Ég sat við og hélt áfram að þegja. Ég sagði ekki eitt einasta orð þangað til þögnin umlukti okkur eins og svört þoka. Að lokum leitaði ég að kröftum til að standa upp, hægt og silalega, og gekk óstyrkum skrefum að útgöngudyrunum. Bryndís spratt upp og æpti á eftir mér:

„Þú ferð ekki fet! Hvert ætlarðu svo sem að flýja ...?“

Þegar hún ætlaði að varna mér útgöngu hratt ég henni frá, snaraðist út og upp í bíl og ók burt á ofsahraða. Ég hafði ekki hugmynd um hvert ferðinni var heitið. Smám saman rann á mig óstjórnlegt æði, ég skalf og nötradi frá hvirfli til ilja og hafði varla stjórn á bílnum. Óafvitandi stefndi ég að gistiheimili í austurbænum. Ég lagði bílnum, snaraðist út, bað um herbergi, fékk lykla, læsti á eftir mér og fleygði mér út af. Líkaminn lá þarna á fletinu hreyfingarlaus og eins og lamaður en hið innra geisadi fárviðri tilfinninga, óstjórnlegt og án afláts; ég fékk hitaköst svo svitinn bogaði af mér og þótt ég lægi með opin augun var ég blindur með stjórnur fyrir augunum; blóðið þaut um æðarnar með hraða ljóssins, hjartað barðist eins og það ætti lífið að leysa og hugsanir vitstola manns streymdu um vitundina eins og hjá drukkandi manni sem misst hefur seinasta haldreipið. Ég lá þarna svefnlaus og næringarlaus í heilan sólarhring, á valdi tilfinninga sem skelfdu mig og egndu í senn og ég hafði ekki vitað að gætu bærst með sjálfum mér.

### Blað skilur bakka og egg

Um miðjan næsta dag virtist undirvitundin hafa tekið ákvörðun. Ég hlýddi henni eins og svefngengill sem er fjarstýrt af yfirskilvitlegum öflum. Ég gekk út, upp í bíl, niður að höfn, inn í verslun, fann mér laghníf í leðurhulstri með ól sem ég strengdi um öxlina undir viðri úlpu sem ég fleygði yfir mig. Ég hringdi í kunningja minn; sagði honum að ég þyrfti að skreppa í ferðalag austur fyrir fjall og treysti ekki gamla bílskrjóðnum mínum yfir heidina. Ég bað hann um að skipta á bílum næstu daga sem var auðsótt mál. Undirvitundin sagði mér að óvarlegt væri að láta bílinn þekkjast.

Þegar ég var sestur undir stýri á lánsbílnum og stefndi austur yfir Hell-

isheidi lægði tilfinningastorminn skyndilega. Allt í einu færðist yfir mig óhagganleg ró, hjartað silaðist áfram og blóðið fór sér að engu óðslega; ég var einbeittur og yfirvegaður og kaldrifjaður og hardákveðinn að framfylgja þeirri ákvörðun sem undirvitundin tilkynnti að væri tekin og að ekki yrði aftur snúið. Í millitíðinni hafði ég hringt til að fá staðfest hvenær sýningar áttu að byrja í Hveragerði á vegum leikhópsins sem Bryndís hafði ferðast með um sumarið. Ég ók hægt og rólega og miðaði við að ég yrði kominn á réttan stað á nákvæmlega réttum tíma. Ég lagði bílnum á afvikinn stað og leitaði að og fann felustað sem var aðeins nokkur skref frá innganginum að leikhúsinu. Þegar stundin nálgadist vissi ég nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera og að ekkert gæti stöðvað mig.

Rútan kom fáeinum mínútum á eftir áætlun. Leikarar og aðstoðarmenn tíndust út. Ég sá Bryndísi hverfa inn í húsið en ég kom hvergi auga á manninn sem ég var staðráðinn í að myrða með köldu blóði. Ég einblindi á hvert andlit úr þessari tíu metra fjarlægð, ég horfði enn og aftur á hvert andlit sem við blasti en fórnarlambið lét ekki sjá sig. Að lokum stóð ég þarna einn með sjálfum mér. Allt í einu var eins og spennan sem hafði heltekið mig félli niður í straumrof; ég gat varla staðið uppréttur, hvað þá gengið þessi fáu skref aftur að bílnum. Á leiðina yfir Hellsisheiðina varð mér svo óglatt að við lá að ég kastaði upp.

Ég skilaði bílnum til kunningja míns, settist undir stýrið á gamla Grána og ók beint út á Reykjavíkurlugvöll. Ég keypti mér flugmiða til Ísafjarðar því að ég mundi allt í einu að þar stóð fyrir dyrum brúðkaup frænku minnar. Þar sem ég sat í flugvélinni og horfði ofan á tröllaukna fjallgarða Vestfjarðakjálkans og síðan yfir hina mildu ásynd áttthaganna við Djúp hafði ég nægan tíma til að þakka þeirri ósýnilegu hendi sem hafði á elleftu stundu forðað mér frá þeim örlögum að taka líf og svipta mig lífi.

Brúðkaupið stóð ekki fyrr en daginn eftir svo ég leigði mér herbergi á Herkastalanum – hjá Hjálpræðishernum. Mér fannst eftir atvikum fara vel á því enda hafði ég þar ungur gengið á sunnudagaskóla og numið biblíusögur. Um kvöldið fór ég á ball í Alþýðuhúsinu þar sem ég hafði fyrst litið ljós heimsins. Ég lenti í slagtogi með hressum náungum að norðan sem voru í landlegu og við gerðum okkur ærlega glaðan dag. Ég dansaði eins og herforingi og drakk í botn meðan veigar entust.

Morguninn eftir tók það mig drjúga stund að átta mig á hvar ég væri niðurkominn og hvers vegna ég væri allt í einu kominn í gistingu hjá Hjálpræðishernum á Ísafirði. Mér bauð ekki í grun að þarna ætti ég síðar eftir að reka heimavist ungra drengja, þar sem forboðið var að hafa vin um hönd, að viðlögðum brottrekstri. Ég skellti mér í sundlaugina á Ísafirði.

Síðan mætti ég kembdur og strokinn, eins og ekkert hefði í skorist, í brúðkaup frænku minnar, þar sem mér var vel fagnað enda óvæntur gestur og langt að kominn.

Daginn eftir leigði ég mér bíl og ók sem leið lá yfir Breiðadalsheiði, yfir Öfundarfjörð og yfir Gemlufallsheiði til Þingeyrar, yfir Hrafnseyrarheiði og niður framhjá Hrafnseyri, inn Suðurfirði til Bíldudals og út með Arnarfirði torfæruveginn um Ketildali uns ég staðnæmdist í hlaðinu í Selárdal. Móðir mín fadmaði mig en spurði einskis enda höfðum við alltaf getað skilið hvort annað, án orða. Hún gekk þegjandi og hljóðalaust til verka að undirbúa kvöldverð fyrir barnabörnin, sem þarna voru mörg í hennar umsjá. Rétt fyrir kvöldmatinn varð mér gengið út á hlað í þeirri náttlausu voraldar veröld sem ríkti í Selárdal á þessu hásumarskvöldi. Allt í einu tók ég eftir því að niðri við vegamót afleggjarans sem lá upp að bænum var manneskja á ferð þar sem mannaferða var ekki von. Þegar hún nálagðist þóttist ég loksins vita hver væri þar á ferð. Ég gekk ekki út á móti gesti mínum heldur hvarf inn í húsið. Skömmu síðar birtist Bryndís í forstofunni. Hún heilsaði móður minni ástúðlega og öllum barnaskaranum og fann hlý orð handa hverju og einu. Við settumst til borðs þar sem þögn mín týndist í glöðværu tali Bryndísar og barnanna. Að máltíð lokinni steig ég þegjandi frá upp borðum og gekk út.

Ég gekk yfir túnið, stökk yfir skurði og klofaði yfir girðingar og stefndi niður að ánni sem flutti sína sumarsvítu, ótrufluð af amstri og áhyggjum þess vonarpenings sem um sinn byggði þennan dal. Ég hafði ekki gengið lengi þegar ég heyrði fótatak að baki mér; fótatak sem ég þekkti, að mér fannst, úr þúsund mílna fjarlægð. Ég stefndi niður að djúpri laut þar sem háir bakkar slúttu yfir ána. Ég fleygði mér niður og teygði lúkurnar eftir lífsins vatni; lét það renna um greipar mér og bar það upp að heitu enninu til að kæla niður funann í mínu eigin blóði. Allt í einu varð ég harkalega var við það að sú sem leitaði mín hafði fleygt sér yfir mig og lét hnefana dynja á mér af öllum kröftum, þótt ég þættist finna að ekkasogin drægju út höggkraftinum. Kona hafði aldrei barið mig fyrr. Við því var ekki nema eitt ráð. Að taka konuna fangbrögðum svo barsmíðum mætti linna. Við veltumst um í grasinu í bjartri sumarnóttinni, læst hvort í annars arma án þess að bærðist orð frá vörum. Þessa sumarnótt, undir ástarstjörnu yfir hraundranga, fundum við hvort annað á ný.

Eftir þessa nótt vissum við að við gætum ekki lifað án hvort annars.



## KAFLI IX

# Að skapa skóla

Sumarið 1970 gekk ég uppi á götu á Ísafirði föðurbróður minn, Jón Valdimarsson. Það var asi á mér því ég átti mörgum verkum ólokið áður en ég gæti með góðri samvisku opnað dyr nýstofnads menntaskóla þá um haustið og boðið fyrsta nemendahópinn velkominn. Nafni minn Valdimarsson var vélsmiður, annálaður völundur. Hann rak eigið verkstæði neðar á Eyrinni sem lengi hafði verið þyrnir í augum bæjaryfirvalda og bæjarbúa því þar ægði saman aflóga vélum, sem átti að nota í varahluti eða voru í viðgerð, og öllu öðru, frá brotajárni til verkfæra, sem þurfti til að halda skipaflota Ísfirðinga gangandi. Þegar Vélsmiðjan Þór gafst upp á einhverju verkefni var nafni kvaddur til. Ef hann gat ekki bjargað málum þá gat það enginn. Margir höfðu reynt að fara að Jóni Valdimarssyni, ýmist með góðu eða illu, til að fá hann til að taka til og gera snyrtilegra umhverfis sig. Flestir áttu fótum fjör að launa. Enginn dirfðist þó í alvöru að stugga við kallinum því að allir vissu að þá yrði uppreisn í flotanum.

Kallinn bað mig að hægja gönguna; mér lægi varla svo lífið á. Ég fór að rekja raunir mínar um öll þau verk sem enn væru óunnin og aðeins nokkrar vikur þangað til skólinn tæki til starfa. Mig vantaði húsnæði; mig vantaði kennara; mig vantaði nemendur – og greikkaði sporið. Þá kallaði nafni á eftir mér: „Það vona ég að þú fái ekkert húsnæði, enga kennara og þar af leiðandi enga nemendur því að þessi skóli verður aldrei neitt nema silki-húfa á kollinum á þjattrófum og við hér í verstöðinni þurfum síst á því að halda.“ Seinustu orðin náðu varla eyrum mínum því ég var kominn langt á undan honum. En ég gerði mér grein fyrir því að þessi hispurslaus völundur og frændi minn væri ekki einn um þá skoðun sem orð hans lýstu.

### Forsending eða nýtt tækfæri?

Aðrir voru á öndverðum meiði. Bæjaryfirvöld og skólamenn á Ísafirði hafði lengi dreymt um að þar risi menntaskóli. Sumir gerðu sér vonir um að framhaldsskóli á staðnum myndi stöðva brotthvarf ungs atgervisfólks úr byggðarlaginu. Menntað fólk myndi ilendast og verða bæjarfélaginu og landsfjórðungnum lyftistöng. Menn rifjuðu upp harða andstöðu málsmetandi menntamanna gegn stofnun Menntaskólans á Akureyri. Lærðir menn þeirrar tíðar kváðu það firm mikil ef útkjálkabyggðir teldu sig þess umkomnar að etja kappi við Lærða skólann í Reykjavík. Virtir fræðimenn kváðust reiðubúnir að leggja höfuðið að veði fyrir því að rekstur menntaskóla á Akureyri væri vonlaus frá upphafi. Hann yrði aldrei barn í brók; þangað fengjust ekki aðrir en undirmálskennarar til að kenna afgangslíði, sem ekki þætti tækt í Lærða skólann. Nú vitnuðu menn til þess að þessar hrakspár hefðu ekki ræst. Norðlenski skólinn hefði áunnið sér traust og virðingu fyllilega til jafns við Menntaskólann í Reykjavík. Hann hafði líka, með margvíslegum hætti, reynst Akureyri og Norðurlandi lyftistöng. Forystumenn landsbyggðarinnar voru á sjöunda áratugnum farnir að orða þær kröfur að framhaldsskóli ætti að rísa í hverjum landsfjórðungi. Og menntamálaráðherrann, Gylfi Þ. Gíslason, var farinn að leggja við hlustir.

Hannibal var framarlega í flokki þeirra sem beittu sér í þessu máli. Hann kom að því frá upphafi, sem skólastjóri gagnfræðaskólans, bæjarfulltrúi og síðar þingmaður Ísfirðinga og Vestfirðinga. Hann flutti málið á Alþingi og talaði fyrir því í héraði. Á sínum tíma hafði gagnfræðaskólinn á Ísafirði fengið sérstakt leyfi til að reka framhaldsdeild sem var sambærileg við fyrsta bekk menntaskóla. Eftir nokkra byrjunarferðileika samþykktu menntaskólarnir í Reykjavík og á Akureyri að taka við þeim sem þaðan brautskráðust til framhaldsnáms í menntaskólunum, enda höfðu skólarnir á Ísafirði löngum getað státað af vel menntuðu og áhugasömu kennaraliði. Vonir Hannibals og annarra heimamanna um að framhaldsdeildin þróaðist smám saman upp í fullburða menntaskóla rættust ekki. Hannibal var nú horfinn til annarra starfa og Ísafjörður átti í vök að verjast eins og aðrir staðir á landsbyggðinni vegna örra folksflutninga þaðan. Ef til vill sóttu nýir forystumenn málið ekki af sama kappi og fyrr.

Undir lok sjöunda áratugarins var hreyfing komin á málið. Frumkvöðlar að því voru heimamenn, margir gamlir nemendur Hannibals. Þegar málið var komið á þann reksþöl að menn trúðu því að af framkvæmdum yrði var farið að svipast um eftir skólameistara. Staðan var auglýst en ekki hvarfl-

adi að mér að sækja um það starf. Ég hafði rekist illa í skóla og átti bágð með að sjá sjálfan mig sem tyftunarmeistara unglunga í heimavistar skóla úti á landi. Þá bar það til tíðinda að þrír valinkunnir sómamenn að vestan tóku fyrirvaralaust hús á mér á Vesturgötunni og lögðu fast að mér að sækja um starfið. Þessir menn voru Jón Páll Halldórsson, forstjóri Nordurtangans, Gunnar Jónsson, forstöðumaður Brunabótafélagsins á Ísafirði, og Gunnlaugur Jónasson bóksali, sonur Jónasar Tómassonar, tónlistarfrömuðar á Ísafirði. Þeir urðu síðan nánustu samstarfsmenn mínir við að koma skólanum á legg og tóku ásamt mér sæti í byggingarnefnd skólans.

Ég tók erindi þeirra treglega í fyrstu. Að visu hafði ég tilskilin próf, þar á meðal próf í uppeldis- og kennslufræðum, og hafði lagt fyrir mig kennslu, reyndar í gagnfræðaskóla síðastliðin sex ár. Sem formaður Félags háskólamenntaðra kennara hafði ég beitt mér á opinberum vettvangi í umræðum um skólamál og hreyft þar mörgum umbótamálum. Þeir hefðu varla ómak að sig á minn fund án þess að hafa kynnt sér hvert orðspor færi af mér sem kennara. Þeir höfðu mjög á orði að þeir sæktust eftir manni í þetta brautryðjendastarf sem ætti rætur að rekja vestur og rynni blóðið til skyldunnar um að láta það takast. Ég stakk upp á því að þeir leituðu til Þóris Sigurðssonar, míns gamla fóstbróður úr Ögri, sem var eðlisfræðingur að mennt og hafði þá kennt nokkur ár við Menntaskólann á Akureyri. Þeir sögðu mér síðar að Þórir gæfi ekki kost á sér til starfans. Ég spurði hvort þeir hefðu ekki áhyggjur af pólitísku óorði sem af mér færi. Þeir sögðust vera nemendur Hannibals og taka áhættuna.

Þótt hugur minn væri bundinn stjórnmálum virtust mér flest sund lokuð á þeim vettvangi. Með vísan til fadernisins orðaði ég það stundum í kunningjahópi á máli villta vestursins: „This town ain't big enough for both of us“ – plássið er ekki nógu stórt til að rúma okkur báða. Við nánari umhugsun gat ég vel hugsað mér að breyta um starfsvettvang og viðfangsefni og ákvað því að lokum að láta slag standa. Ég vissi að það var gott að alast upp á Ísafirði. Ég gat vel unnt börnum mínum smáum þeirrar lífsreynslu. Hitt lá ekki í augum uppi hvernig ég gæti vélað ballerínuna mína, sem þá var í fullu starfi sem leikkona við Þjóðleikhúsið, til þess að yfirgefa höfuðborgina og hverfa með mér í pólitíska útlegð. Það væri örugglega ekki auðvelt fyrir hana að rífa sig lausa frá töfraveröld leikhússins. En kannski var þetta þrátt fyrir allt ekki forsending heldur tækifæri til að byrja nýtt líf.

Menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, kallaði mig einn daginn á skrifstofu sína í stjórnarráðinu. Þar tilkynnti hann mér þá ákvörðun sína að skipa mig í embætti fyrsta skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði og jafnframt að fela mér að koma skólanum á legg. En ráðherrann var ekki

laus við að hafa nokkrar áhyggjur af þessari ákvörðun. Hann kom að lokum beint að efninu og sagði að ákvörðun sín væri byggð á þeirri forsendu að ég myndi ekki hafa afskipti af landsmálum meðan ég gegndi embættinu. Ég hlustaði á erkibiskups boðskap en minnst þess ekki að ég hafi svarað því einu eða neinu. Ráðherra hefur að sjálfsgöðu ekki vald til að setja slík skilyrði fyrir embættaveitingum. Hitt er annað mál að ég þóttist ekki ganga að því gruflandi að verkefnið, sem mér hafði verið falið, tæki hug minn allan og starfskrafta, að minnsta kosti fyrstu árin.

### Bryndís í barbaríið

Einhvern daginn, áður en ég tygjaði mig vestur vorið 1970, gerðist það sem oftast að fram á mig ók í jeppa sínum Ragnar í Smára og kippti mér upp í. Hann fór með mig heim á Melana. Ekki man ég nákvæmlega hvað okkur fór í milli en þegar ég var að ganga út frá honum, niður stigann, þreif hann niður af veggnum, sem var þakinn málverkum, meistaraverk Jóns Stefánssonar, *Jarlhettur*, tróð því undir handlegginn á mér og sagði:

„Þú ert kjarkmaður að taka hana Bryndísi í barbaríið. Taktu þetta með þér í útleigðina, það gæti stytst henni stundirnar og fengið hana til að hugsa aftur suður.“

Nokkrum dögum seinna var ég sestur að á Hótel Mánakaffi á Ísafirði og tekinn til við að búa til skóla.

Ég kann aðra sögu að segja af samskiptum mínum og Bryndísar við Ragnar í Smára. Allt frá því Bryndís kom fyrst fram á fjöllum Þjóðleikhússins, sem efnileg ballerina, hafði Ragnar sýnt henni áhuga og látið sér annt um hana. Hún á í fórum sínum bréf frá Ragnari sem lýsa af föðurlegri umhyggju, þar sem hann hvetur hana til dáða og segist allt vilja gera sem í hans valdi standi til að greiða götu hennar til framhaldsnáms í ballett. Orð Ragnars í slíkum efnum voru meira virði en annarra manna. Ragnar var einn af frumkvöðlum stofnunar Tónlistarfélagssins og Tónlistarskólans. Hann var maðurinn sem beitti sér fyrir því að fá marga af helstu tónlistarsnillingum heimsins til tónleikahalds í Reykjavík. Hann var forleggjari Halldórs Kiljans og kostaði útgáfu tímaritsins *Helgafells* (hins eldra og hins nýrra), sem var tilraun til að halda úti tímariti um bókmenntir, listir og þjóðfélagsmál á háum gæðastaðli. Ragnar var umsvifamikill iðnrekandi – rak meðal annars ábótasama smjörlikisframleiðslu – en ágóðinn af henni hlýtur að hafa runnið mestan part í að halda uppi menningarstarfsemi sem ella hefði ekki átt sér neinn grundvöll. Persónuleiki Ragnars var líka eftirminnilegur. Hann var sambland af athafnamanni sem kunni að reka bis-

ness með árangri og hugsjónamanni sem var hátt yfir peninga hafinn og lét sér ekkert vaxa í augum til að styðja við bakið á því besta í menningarlífi þjóðarinnar. Ragnar var foráttuskemmtilegur maður sem ruddi brautina svo að menn minni gerðar kæmust leiðar sinnar. Ég hreifst af frumkraftinum í Ragnari en hins vegar var ekki laust við að ég væri hálfafbrýðisamur út af áhuga hans og aðdáun á ballerínunni minni.

Eitt sinn sem oftast, að vori til, var ég nýkominn heim frá Edinborg og ekki ráðinn í hvert ég ætti að leita eftir vinnu. Á leið um Austurstræti kippti Ragnar mér upp í jeppa sinn og bauð í kaffi á Hótel Borg. Hann var með í höndunum sýnishorn af listaverkabókum, sem Helgafell hafði gefið út, og lýsti áformum sínum um framhaldið af miklum áhuga. Næstu verk efni voru að gefa út bók um sögu kvikmyndanna og sögu tónlistarinnar. Síðan rétti hann mér myndskreytta bók í stóru broti eftir Lindgren um sögu kvikmyndanna og sagði:

„Heldurðu að þú megir ekki vera að því að þýða bókina fyrir mig í sumar; ég ætla að gefa hana út í haust.“

Síðan seildist hann ofan í vasa sinn og náði í búnt af peningaseðlum og taldi fram á borðið upphæð sem samsvaraði hálfis árs launum menntaskólakennara.

„Hérna, taktu þetta og við sjáumst í haust, áður en þú ferð aftur.“

Ég var svo sem ekki búinn að segja já, en ekki gat ég skilið peningana eftir á kaffiborðinu og þar með var málið útkljáð. Bryndís hafði þetta sumarið ráðið sig sem gengilbeinu við Hótel Reyhlið í Mývatnssveit. Þegar ég sagði henni mínar farir ekki sléttar, ég hefði orðið fyrir fellibylnum Ragnari í Smára, sæti uppi með seðlabúnt í vasanum og yrði þar af leiðandi að vinna umbeðið verk varð hún himinlifandi og sagði:

„Þú kemur bara með mér norður í Mývatnssveit. Þú getur setið úti í hrauni og þýtt bókina; ég skal útvega þér ritvél.“

Og það varð úr. Verkið sóttist vel. Þó var sýnt að ég mundi ekki ná að skila fullbúnu handriti áður en ég sneri aftur til Edinborgar að hausti. Ég leitaði því á náðir Ólafs, bróður míns, um að hjálpa mér með nokkra kafla. Sameiginlega lukum við verkinu í tæka tíð. Brottför mína af landinu bar svo brátt að að ég mátti ekki vera að því að skila Ragnari handritinu. Ég bað því Ólaf bróður um þetta viðvik. Mér þótti vel viðeigandi að náungi, sem hafði alist upp í bíóhúsi okkar Ísfirðinga, legði því máli lið að koma kvikmyndasögunni á framfæri við landa okkar.

Bókin kom ekki út um haustið og ekki næsta haust heldur. Ég var erlendis næstu árin og óhægt um vik að nálgast Ragnar, enda var það hans mál hvort eða hvenær hann gæfi bókina út. Ég hafði unnið verkið og hann

hafði greitt það að fullu – fyrirfram. En auðvitað hafði ég áhuga á því að verkið kæmi fyrir almenningssjónir. Þegar að því rak að ég sá Ragnar til-sýndar á götu fór ekki á milli mála að hann forðaðist að hitta mig. Mér var það undrunarefni en þótt ég leitaði í eigin hugskoti kunni ég enga skýringu á því. Skýringin fannst ekki fyrr en fáeinum árum síðar.

Einn daginn stóð Bryndís fyrir allsherjartiltekt á Vesturgötunni og skipaði mér að fara í gegnum kassa sem þar voru geymdir og hirða það sem þyrfti en fleygja afganginum. Þar var kassi rækilega merktur Ólafi bróður mínum. Kassinn geymdi ýmislegt sem honum tilheyrði frá Ameríkuárum hans, bækur, blöð og bréf, en þar var líka að finna handritið góða að sameiginlegri þýðingu okkar á sögu kvikmyndanna. Ragnar hafði þá aldrei fengið handritið í hendurnar. Hann stóð hins vegar í þeirri trú, eins og hann sagði mér síðar, að handritið hefði verið lagt inn á skrifstofu Helga-fells en hann sjálfur, eða starfsmenn þar, týnt því. Þar var komin skýringin á því að Ragnar forðaðist mig á götu, þangað til hann bauð mér heim til að færa Bryndísi eitt af öndvegismálverkum sínum til að stytta henni stundir í útlegðinni vestra.

### Skóli er ekki hús – skóli er fólk

Ég fékk nokkurn veginn frjálsar hendur til að skapa skólann. Engin samræmd námskrá var til fyrir menntaskólastig sem þýddi að ég varð strax í upphafi að setjast niður og brjóta heilann um grundvallarspurningar um það hvernig skólinn ætti að vera. Tækifærið fólst í þessu frjálsræði. Ég var auðvitað minnugur skólareynslu minnar úr MR sem lauk með því að ég sagði mig úr skóla í fimmta bekk, vegna þess að mér fannst námsefnið ekki skírskota til mín – mér fannst það vera, með réttu eða röngu, steinar fyrir brauð. Það kom því vel á vandan að standa nú frammi fyrir spurningunni: Ef þetta var ekki nógu gott, hvernig myndir þú gera betur?

Ég kynnti mér námsefni þeirra skóla sem fyrir voru, skipulag og verklag, og settist síðan niður og gerði áætlun. Ég skipti áformuðu námsefni í þrennt: sameiginlegan kjarna, sem öllum væri skylt að fást við og honum til viðbótar tvö námssvið. Annað kallaði ég félagsfræðasvið (þjóðfélagið átti að fá sinn sess á námskránni, en fjarvera þess var helsta umkvörtunarefni mitt í MR). Þar átti að læra stærðfræði öll árin en einnig mátti finna rými fyrir hagfræði, íslenska haglýsingu, stjórnmálafræði og sögu, auk nauðsynlegs tungumálanáms. Hitt sviðið var náttúrufræðasvið með áherslu, auk stærðfræði, á líffræði, eðlis- og efnafræði og reyndar, eins og mál þróuðust síðar, sérstök eðlisfræðiskor á lokaárinu.

Þessu til viðbótar voru valgreinar. Þeir nemendur af málasviði, sem vildu kafa dýpra, fengu meðal annars latínunámskeið og einhverja innsýn í þá veröld sem var í Hellas og Róm. Bryndís, latínudúxinn frá MR, sá um það.

Á Ísafirði var býsna öflugur iðnskóli, undir forystu Aage Steinson, en honum kynntist ég vel í bæjarstjórn þar sem hann var bæjarfulltrúi Alþýðubandalagsins. Hagnýtt nám í iðnskólanum var, þegar fram í sótti, viðurkennt til námseininga í menntaskólanum. Strákarnir mínir, sem margir hverjir voru vanir til sjós, gátu til dæmis fengið skipstjórnarréttindi (þunga-prófið) viðurkennt til stúdentsprófs.

Það var ofarlega í mínum huga að bjóða upp á námsefni og undirbúning til framhaldsnáms í greinum sem gætu komið að gagni í atvinnulífinu og beint nemendum að sérnámi til undirbúnings störfum við útgerð og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Ég kom mér upp samböndum við Háskólann í Tromsö í Norður-Noregi sem sérhæfði sig í sjávarútvegsfræðum, fiski- og haflíffræði og útgerðartækni. Einn vetur kenndi við skólann Willi van den Hoonard sem var Hollendingur að ætt en kanadískur ríkisborgari. Willi var að undirbúa doktorsritgerð um félagsfræði sjávarplássá við Norður-Atlantshaf. Hann hafði kennt við háskólann í Saint John's á Nýfundnalandi og New Brunswick í Kanada. Hann kom mér í tengsl við yfirvöld þessara skóla sem lofðu að greiða götu stúdenta frá Ísafirði ef þeir vildu fara í framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum. Ég hvatti nemendur mína, þá sem ég taldi hafa til þess burði, að fara utan í framhaldsnám, veitti þeim ráðgjöf eftir bestu getu og aðstodaði við umsóknir í tæka tíð.

## Í þakkarskuld

Þegar við Bryndís komum vestur árið 1970 stóð Tónlistarskóli Ragnars H. Ragnar og konu hans, Sigríðar Jónsdóttur frá Gautlöndum, með fullum blóma. Tónlistarskóli Ragnars og Siggú var um margt einstakur í sinni röð í skólasögu Íslendinga. Skólinn hafði svo sem hvergi samastað því að heimili þeirra var hvort tveggja í senn, heimili og skóli. Þetta var eitthvert mesta menningarheimili á Íslandi um þeirra daga. Ef það á við um nokkurn mann að segja að hann væri eldhugi, þá átti það við um Ragnar H. Þótt hann væri kominn yfir sjötugt þegar kynni tókust með okkur var hann manna yngstur í anda og bjó yfir slikum krafti að það var okkur, hinum yngri mönnum, öfundarefni. Með atorku sinni og ósérhlífni hafði þeim hjónum tekist að breyta verstöðinni Ísafirði í menningarpláss af því tagi sem við þekkjum úr sögu Þýskalands frá 18. og 19. öld þegar listelskir furstar héldu um sig hirð andans manna og tónlistarfrömuða og kepptu við furstadæmin í kring-

um sig um það hvert þeirra skaraði fram úr í menningarlífi. Það var orðin viðtekin venja á Ísafirði að setja börn á ungum aldri í tónlistaruppeldi hjá Ragnari og Siggju. Um helgar var heimilið undirlagt fyrir „samæfingar“ þar sem börnin spiluðu, sóló eða saman, kennarnir hlustuðu og leiðbeindu og Ragnar skráði niður frammistöðuna hjá hverjum nemanda eins og um einkakennslu væri að ræða. Öllum var síðan veittur ríkulegur beini við stofuborð húsfreyjunnar. Þetta var úrvalsskóli og ósvikin menntastofnun. Og stofnun menntaskólans þýddi að nú hélst Ragnari og Siggju á sínum bestu nemendum allt fram undir stúdentspróf í stað þess að áður höfðu þeir orðið að leita suður til framhaldsnáms.

Ég var minnugur þess frá mínum eigin skólaárum að ég taldi mikinn galla á skólakerfinu að tónlistarkennslu væri gleymt. Ég beitti mér því fyrir nánú samstarfi á milli skólanna. Margir nemenda okkar á Ísafirði höfðu að baki traust tónlistarnám og ég ákvað snemma að það skyldi viðurkennt til námseininga til stúdentsprófs.

Með aðstoð Ragnars og Siggju, kennara þeirra og nemenda, tókst okkur í upphafi að skapa aðlaðandi menningarbrag kringum félagslíf og samkomur menntaskólans. Þar að auki stöndum við Bryndís í varanlegri þakkar-skuld við þau hjónin fyrir að hafa tekið öll börnin okkar að sér til tónlistaruppeldis: Aldís og Kolfinna lögðu fyrir sig pianónám og Snæfríður var orðinn býsna efnilegur fiðluleikari, þegar hún var hrifin brott úr þessu umhverfi. Vegna góðrar vináttu okkar Jakobs Hallgrímssonar fiðluleikara var Glúmi komið fyrir í fóstur hjá honum. Hann var hins vegar eins og strákar eru á þessum aldri, viðkvæmur fyrir því orðspori sem af honum fór; það þótti ekki nógu karlmannlegt fyrir ungan fótboltastrák að láta sjá sig á götu með fiðlu undir hendinni. Þetta hefði kannski gengið með blásturshljóðfæri eða trommur. Allavega varð Glúmi ekki haggð með það að tónlistarnám væri bara fyrir stelpur. Og þar við sat.

Ragnar H. átti að baki óvenjulegan lífsferil og nánast tvö líf. Hann gekk sem ungur Þingeyingur á Samvinnuskóla Jónasar frá Hríflu en hvarf fljótlega eftir það til Vesturheims þar sem hann bjó í áratugi. Þar lagði hann fyrir sig tónlistarnám og síðar tónlistarkennslu og hljómsveitar- og kórstjórn. Hann varð auðvitað að vinna fyrir sér hörðum höndum, meðal annars við uppskeru á sléttum Ameríku, til að kosta námið. Á kreppuárunum var vinna stopul. Þá sat Ragnar löngum á hinum fágætlega góðu almenningsbókasöfnum, sem víða er að finna í amerískum borgum, og las sig í gegnum alla menningar- og vísindasögu Vesturlanda svo hann varð þegar frá leið hámenntaður maður af sjálfsnámi sínu. Heimanfengur hans frá Íslandi var sá að hann kunni íslenskar fornbókmenntir nánast utan bókar.

Ragnar var gæddur stálminni og gleymdi engu sem máli skipti af því sem hann hafði lesið og hafði á hraðbergi í samtölum þannig að unun var á að hlýða. Ragnar átti fádæma gott bókasafn og tvímælalaust besta bókasafn sem til var á Íslandi með bókum á íslensku, útgefnum í Vesturheimi. Börn Ragnars og Siggú eru öll vinir okkar Bryndísar fyrir lífstíð. Þau eru: Anna Áslaug, píanóleikari og kennari í Þýskalandi, Hjálmar Helgi, rektor hins nýja Listaháskóla í Reykjavík, og Sigríður sem heldur uppi merki foreldra sinna og stýrir Tónlistarskóla Ísfirðinga ásamt manni sínum, Jónasi Tómassyni tónskáldi yngra. Ég átti hlut að því að bæjarstjórn Ísafjarðar ákvað að gera Ragnar H. Ragnar að heiðursborgara Ísfirðinga eins og hann margfaldlega verðskuldaði. Í tilefni 75 ára afmælis Ragnars tók Bryndís um klukkustundar langt sjónvarpsviðtal við hann þar sem eldlegur áhugi hans á lífi og listum komst vel til skila. Þegar 100 ára afmælis Ragnars var minnst haustið 1998, að honum látnum, skrifaði ég ítarlega grein í *Morgunblaðið* til minningar um hann. Minnismerki um Ragnar H. stendur á flötinni fyrir framan gamla sjúkrahúsið á Ísafirði sem nú hefur tekið við nýju hlutverki sem bókasafn og menningarmiðstöð.

### Aga er þörf í (hjálp)ræðis)hernum

Mér hafði á unglings- og uppvaxtarárum reynst erfitt að hlíta ytri aga, en einmitt vegna þeirrar reynslu vissi ég að aga var þörf. Sjálfur þóttist ég vera einhvers konar óráðin blanda af meinlætamanni og uppreisnarmanni, en þessa tvo karaktera þyrfti að hemja og temja svo að vel færi. Ég vildi vinna skólanum orðstír og þóttist vita að til þess þurfti ég að veita mínu fólki sterka handleiðslu. Eitt af því sem ég lagði áherslu á var að kenna fólki að læra. Meðal annars tók ég upp á því að kenna sjálfur fyrsta árs nemendum námstækni. Námskeiðið byggðist á þeirri hugmynd að þótt kennarar væru til margra hluta nytsamlegir væri nemandinn sjálfur samt aðalpersónan í öllu námsferli. Hann þyrfti að temja sér vinnubrögð sem fyrst og fremst byggðust á sjálfsnámi. Ég gerði vélritun að skyldunámskeiði og setti þá reglu að kennarar tækju ekki við úrlausnum nemenda nema þær væru vélritaðar. Til eru þeir nemendur, sem hafa komið til mín síðar meir og sagt að þetta hafi reyndar verið það besta sem skólinn bauð upp á því það hafi komið þeim að mestu haldi í starfi síðar á lífsleiðinni.

Hvað varðaði námskröfur og námsárangur var nemendum gert skylt að sækja skóla undanbragðalaust og stranglega eftir því gengið. Þetta þótti þá engan veginn sjálfsagt mál því sumir nýju skólanna voru farnir að umbæra nemendum allt niður í 50% skólasókn. Það var að mínu mati undanhald

án áætlunar. Hins vegar innleiddi ég þá viðmiðunarreglu að ef nemandi náði hárrí fyrstu einkunn í námsgrein væri honum heimilt að sækja um undanþágu frá tímasókn á næstu önn í þeirri grein. Á þetta reyndi lítið því þeir sem náðu bestum námsárangri eru yfirleitt ekki af því taginu að vilja fara sínar eigin leiðir.

Ísafjörður á áttunda áratugnum var verstöð í miklum uppgangi. Skuttoga-araöld ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 var að ganga í garð með fyrirheiti um skuttogara í hvert pláss. Það var rífandi atvinna, mikið vinnuálag, karlar, konur og unglingar unnu baki brotnu og öfluðu mikilla tekna. Þegar menn vilja gera sér gláðan dag og lyfta sér upp frá amstri stritsins er venjulega drukkið ótæpilega. Nemendur okkar voru teknir á ungum aldri inn í samfélag fullorðinna, eins og það var. Þeir voru vanir harðri vinnu og háum tekjum. Og höfðu ekki beinlínis verið tyftaðir í sunnudagaskólum. Ég var hins vegar að stofna heimavistarskóla og staðráðinn í að framfylgja þar hörðum húsaga. Minn skóli skyldi hvorki verða letigarður né drykkjubæli.

Ég lagði strax í upphafi blátt bann við því að vín væri haft um hönd í skólanum. Það var bannað á heimavist og það var bannað á samkomum. Því banni þurfti að fylgja eftir þannig að reglurnar væru fáar en skýrar en viðurlög hörð ef út af var brugðið. Viðurlögin voru einfaldlega brottrekstur og ekki kom til greina að bjóða upp á neinar samningaviðræður um sýndarráðstafanir. Þetta taldi ég afdráttarlaust nauðsynlegt í því umhverfi sem við þuggum við til þess að skólinn fengi á sig það orð að foreldrum væri óhætt að treysta okkur fyrir umsjá barna sinna, án þess að þau leiddust á glapstigu í hinni slarksömu verstöð.

Einhvern tíma í byrjun skólaárs kom strákur á minn fund og bað um leyfi til að mæta viku of seint í skólann. Hann hafði verið á togara um sumarið og haft miklu hærri tekjur en skólameistarinn eins og fram kom í samtalinu. Strákurinn taldi nauðsynlegt að geta gert sér gláðan dag áður en hann settist á skólabeck því úthaldið hefði verið svo stíft. Ég harðneitaði honum um leyfi. Stráksi fór samt sínu fram og lét ekki sjá sig fyrr en tíu dögum of seint. Ég frétti að hann hefði safnað saman glöðu gengi skipsfélaga sem tók sér far með leigubíl suður þar sem þeir settust upp á Hótel Loftleiðum og máluðu borgina rauða. Þegar strákurinn loksins mætti, illa til reika, rak ég hann á stundinni. Ég þóttist þekkja mitt heimafólk. Þetta væri ólíðandi fordæmi og það yrði að kenna þessum peyjum að hlýða. Strákurinn lét sér þetta að kenningu verða og var allur annar maður þegar hann settist á skólabeck næsta haust. Ég sannspurði síðar að hann væri orðinn tyftunarmeistari óstýriláttra unglunga í Svíþjóð.

Þetta var litið samfélag, nánast eins og ein fjölskylda. Í fyrsta árganginum voru þrjátíu og fimm manns. Eftir á að hyggja má vera að húsreglurnar hafi þótt nokkuð strangar. Fyrstu árin hafði ég hvorki heimavist né mötuneyti fyrir mitt fólk. Við sömdum við skólastýru húsmæðraskólans á staðnum, Þorbjörgu Bjarnadóttur frá Vigur, um að hýsa stelpurnar í húsmæðraskólanum. Hins vegar samdi ég við Hjálpræðisherinn um að hýsa strákana þar og taka þá í fæði. Og þarna mátti þetta óstýriláta fólk á mótþróskeiði gelgjunnar sætta sig við þær húsreglur að vera komið í rúmið klukkan tíu á hverju kvöldi alla virka daga. Bíóleyfi voru veitt einu sinni í viku til klukkan ellefu það kvöldið og ballleyfi einu sinni í mánuði fram að miðnætti. Þeir sem brutu þessar reglu skyldu hafa verra af.

Mér brá í brún þegar ég sneri heim frá orlofsárinu í Harvard og komst að því að Bryndís, sem gegndi skólameistaraembættinu í fjarveru minni, hafði innleitt nýja siði á hátíðasamkomum skólans. Hún leyfði opinn bar á samkomum, þar sem eingöngu var þó léttvín á boðstólum, og nemendur máttu því hafa glas af suðrænum veigum með málsverðinum. Mér leist ekki meira en svo á blikuna því ég hafði gengið hart fram í því að allar samkomur á vegum skólans væru vinlausar. En ég fékk engu um þokað. Þegar búið er að slaka á klónni verður ekki aftur snúið.

Mér telst svo til að ég hafi rekið milli tuttugu og þrjátíu nemendur úr skóla á þessum áratug sem ég var skólameistari. Þetta voru mestan part ungir, kraftmiklir strákar. Sumir hverjir litu svo á að þeir væru komnir á fyrsta flokks hótél þar sem þeir gætu lifað í vellystingum og haft sína henti-semi. En þeir ráku sig fljótlega á að svo var ekki. Ég tók við þessum nemendum aftur ef þeir leituðu eftir því. Einhverjir fóru út á vinnumarkaðinn en komust margir fljótlega að þeirri niðurstöðu að þeir vildu þrátt fyrir allt fremur sækja skóla undir þessum aga. Sumir unnu í nokkur ár og fóru síðan í Tækniskólann eða aðra framhaldsskóla. Margir þessara nemenda eru ágætir vinir mínir enn í dag. Nokkrir þeirra hafa þakkað mér það sem velgjörning fyrir lífstíð að hafa tekið hart á agavandamálum strax í upphafi.

### Eigi skal haltur ganga

Í upphafi hafði ég í huga að það myndi skipta sköpum um hvernig þessi tilraun tækist að skólinn yrði aldrei leiðinlegur. Ég hafði sjálfur sagt mig úr skóla út af leiðindum og taldi ekki nóg að aga fólk til náms. Það yrði einnig að finna því áhugamál og viðfangsefni, utan skólatíma. Ísafjörður var skíða-paradís. Það lá því beint við að koma öllu liðinu á skíði og að gera skíðaiþróttina að skólaiþrótt. Ísfirsku krakkarnir voru flestir þaulvanir á skíðum

en hin urðu að læra það til þess að vera ekki annarra eftirbátar. Það varð minn metnaður að Menntaskólinn á Ísafirði ætti sína fulltrúa í skíðalandsliði Íslendinga. Nógur var efniviðurinn og kjöraðstæður á staðnum. Þess vegna þótti mér mikill happafengur þegar á fjörur skólans rak Fransmann úr frönsku Ölpunum og fyrrverandi landsliðsmann Frakka á skíðum. Drengurinn hafði komist upp á kant við frönsk yfirvöld með því að neita að gegna herþjónustu. Það eru enn lög í Frakklandi, frá tímum Napóleons, að sá sem neitar herþjónustu verður í refsingarskyni að fara út á meðal barbaranna og kenna þeim franska siðmenningu eða sæta ella allt að fjögurra ára fangelsisvist. Minn maður var því kominn til Ísafjarðar til að boða innfæddum yfirburði franskur menningar. Ég tók hann á orðinu og gerði hann að skíða- og aðstodarfrönskukennara (með Bryndísi) og sagði honum að verkefnið væri að finna og þjálfra einvalalið í sjálf landsliðið. Sérstaklega batt ég miklar vonir við ungan atgervismann, Gunnar Jónsson, sem nýkominn var í skólann og var mikill skíðagarpur. Hann átti ekki langt að sækja það því hann var sonur Jóns Karls Sigurðssonar og Steingerðar Gunnarsdóttur sem höfðu bæði verið í fremstu röð íslenskra skíðamanna á sinni tíð. Yngri bróðir Gunnars, Sigurður, gerði seinna garðinn frægan sem skíðagarpur og margfaldur Íslandsmeistari. Hann brást mér hins vegar í því að taka landspróf þannig að ég gat ekki flaggað honum sem mínum manni.

Í upphafi skólaárs fór fram mikil busavígsla við skólann og átti að draga dóm af staðháttum á Ísafirði. Við settum upp bómu á gamla barnaskólahúsið. Busar voru síðan fangaðir í trollpoka og hífðir upp á bómunni og loks dýft ofan í fiskikar sem var fullt af ísköldum sjó. Atgangurinn var oft svo harður að ég stóð sjálfur vakt við fiskikarið til að tryggja að harðhentir efri bekkingar drekktu ekki fyrir mér nýnemum.

Einn var sá nemandi sem aldrei lét sinn hlut fyrir neinum, hversu hart sem að honum var sótt. Það var skíðagarpurinn minn, Gunnar Jónsson. Þegar til stóð að handsama hann og vígja busavígslu hófust þvilíslík slagsmál að lá við limlestingum, ef ekki örkuhlum. Það var alveg sama hversu margir sóttu að Gunnari og þótt þeir hefðu hann undir, alltaf gekk hann þeim úr greipum og barði frá sér svo ofsækjendur hans lágu hver um annan þveran óvígir. Að lokum skarst skólameistari í leikinn og úrskurðaði að businn hefði varist svo vasklega að hann skyldi einn manna fá þá undanþágu að vera tekinn í skólann án busavígslu.

Við Gunnar gerðum með okkur þann samning að hann skyldi æfa með sænska skíðalandsliðinu, þar sem ég kom honum í þjálfun, en lesa utan-skóla. Ég setti honum námsáætlun og sendi nauðsynleg námsgögn. En Gunnar var skapstór og rakst illa í öguðu liði velferðar Svía. Hann var



*Ég var skólameistari Menntaskólans á Ísafirði 1970–1979. Hér er ég í ræðustól við skólaslit vorið 1976. Á borðinu bíða verðlaun þess að verða afhent þeim nemendum sem sköruðu fram úr á stúdentsprófi.*



Ungur maður og alvörugefinn og þungt hugsí um framtíðina eftir tveggja ára nám við Edinborgarháskóla.



Í skjóli Páls Árdals, lektors í heimspeki við Edinborgarháskóla, en hús hans og Hörpu konu hans stóð íslenskum námsmönnum ævinlega opið. F.v. Steindór Pálsson, Páll Árdal, Ingólfur Helgason, ég með pípu, Auður Eir Vilhjálmstöttir og Þórður „sterki“ Sigurðsson.



The photograph taken by a hidden camera, showing the Russians plotting.

# BLOOD BROTHERS!

**WHEN I told people I was going to Iceland in October they shivered. I'm the one who is shivering now.**

**I SUNBATHED**  
Scotland's coal fires have nothing on the central heating from the gushing hot springs. It is piped into every home in Reykjavik (say it RY-ick).

**A 'Mail' man's amazing trip to Iceland**

of a lonely and lovely fjord. And I ate Iceland grapes grown in fabulous hot houses with no heating bill —just the hot springs piped from the earth. This is a country of fabulous contrasts . . . of

immense glaciers, barren lava fields that look like valleys of doom, towering peaks, magnificent fjords and waterfalls and salmon rivers that are an angler's dream. Say you are "trae Scotlandi" in Iceland, and all doors open to you! —If you are Russian, American or English there are some for you and some against you. But as a Scot you are looked upon as a biased brother. The Icelanders will tell you proudly that the Vikings came to Iceland via Scotland and Ireland.



"Ragnar doth" Albert Gudmundsson with the picture I took to him.

I had been one day in Iceland when I was made a member of the Old Shark Club because I was a Scot. In one of Reykjavik's smartest restaurants, I was given a wonderful meal of Icelandic seafood, ranging from caviar to old shark. It's the old shark that's the treat.

**CUT IN CUBES**  
When the shark is caught it is buried in a pit for six months, and hung up for another six months. Then it is brought to the table cut into cubes.

You hold your nose, chew on the ancient delicacy and swallow it as quickly as you can. Wash it down with a mouthful of potent brennivín, the Icelandic drink. Your hosts announce with a lot of backslapping, that you're now a member of the Old Shark Club and that through time you may even acquire a

Paris and Milan, his heart is at Ibrox. He talks proudly of the days with Willie Waddell, Willie Woodburn and Torry Gillieck. And he introduced me to the Scot who brought him to Ibrox, Murdo McDougall, who has lived on and off in Iceland

Greinin um blóðbræðurna (það er okkur Ragnar Arnalds og Juri Resitov) sem birtist í Scottish Sunday Mail. Sökum hennar var ég meðhöndlaður eins og glæpamaður þegar ég kom til Glasgow. Ég frétti síðar að vegna þessara upplýsinga hefði ég verið í sex ár á skrá hjá Bretum sem hugsanlegur KGB-njósnari.

*Sumarið sem ég útskrifaðist  
frá Edinborgaraháskóla, 1963.  
Sólveig móðir mín í heimsókn  
hjá okkur Bryndísi og Aldísi.*



*Hálfrítugur kennari við Hagaskóla. Í viðtali í skólablaðinu var spurt: „Hvað viltu helst skilja eftir þig í lífinu?“ „Eitt ljóð sem lifir,“ var svarið.*



Ég óttaðist það mest að Bryndís myndi sakna leikhúslífsins svo sérlega að hún yrði eins og vængbrotinn fugl í þessu framandlega umhverfi. En það voru óþarfa áhyggjur. Hún var lífið og sálin í að kveikja áhuga nemenda á lista- og menningarlífi og skipulagði hinar árlegu Sólríshátíðir skólans. Hér er hún á leiksviði með Guðjóni Friðrikssyni kennara og sagnfræðingi.



## SÓLRISUHÁTÍÐ

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði halda Sólríshátíð dagana 11.-18. mars 1979.

### DAGSKRÁ:

- Sunnudagur 11. mars:** Skáldavaka í Mótuneyttissal M.Í. kl. 21.00. Magna Matthíasdóttir og Eyvindur Eiríksson lesa úr verkum sínum. Kaffisala. Aðgangur kr. 800. Miðsala við Innganginn. Ljósmyndasýning verður opnuð í Mótuneyttissal M.Í. kl. 14.00. LEO - HÖRÐUR - SVERRIR - JÓN sjóna. Sýningin verður opin dagana 11.-16. mars frá kl. 14.00-18.00.
- Mánudagur 12. mars:** Í tilefni Barnaránsins: Barnaleikritið Vatnaberarnir eftir Hafdís Egilsdóttur. Aðgönguáskilningur í Aðgönguáskilningu kl. 17.00 og 21.00. Leikritið fyrir alla fjölskylduna. Aðgangur kr. 1000. Miðsala á báðar sýningarnar kl. 15.00-16.00 og við Innganginn.
- Þriðjudagur 13. mars:** Kvöldmyndasýningar í Aðgönguáskilningu: Kl. 21.00 SILENT MOVIE Kl. 23.00 HEAVEN CAN WAIT Aðgangur kr. 800.
- Miðvikudagur 14. mars:** Skammtítt við í Aðgönguáskilningu sem nemendur M.Í. sjá um. Fjórðreytt dagi rá. Setið við verður við borð og veitingar seldar. Aðgangur kr. 1000. Miðsala frá kl. 17.00-18.00 og við Innganginn. Samsýning mynd: Hilarmanntanna Péturs Guðmundssonar og Svanhildis Sveinssonar verður opnuð í Bókasafninu kl. 14.00. Sýningin verður opin á opnunartíma bókasafnsins til marsoka.
- Fimmtudagur 15. mars:** Ungir og einlögir tónlistarmenn. Þórhallur Birgisson (flöta) og Þorsteinn Gauk Sigurðsson (píanó), halda tónleika í Aðgönguáskilningu kl. 20.30. Aðgangur kr. 1200. Miðsala frá kl. 17.00-18.00 og við Innganginn.
- Föstudagur 16. mars:** Leikfélag M.R. kemur í heimsókn og sýnir leikritið Yvonne eftir Witold Gombrowitz, í Aðgönguáskilningu kl. 21.00. Leikstjóri: Hrafn Gunnlaugsson. Aðgangur kr. 1500. Miðsala frá kl. 17.00-18.00 og við Innganginn.
- Laugardagur 17. mars:** Dansleikur í Fátagsheimilinu í Hlíðadal. Danshljómsveit Vestfirjar leikur fyrir dansi. Aðgangur kr. 3000.
- Sunnudagur 18. mars:** „Jazz & Jam Session“ í Aðgönguáskilningu kl. 21.00. Kvartett Gunnars Ormslev leikur. Einnig kemur fram íslenskur kvartett. Látó ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá þessum tónum. Aðgangur kr. 2500. Miðsala frá kl. 17.00-18.00 og við Innganginn.

FJÓLMENNIDI

GÓÐA SKEMMTUNI

LISTAFÉLAG M.Í.



Á Ísafirði var blómlegur tónlistarskóli undir forystu Ragnars H. Ragnars og Sigríðar Jónsdóttur. Ég fékk þau til samstarfs við menntaskólann og það liggur við að þessi heiðurshjón hafi gengið okkur Bryndísi í foreldra stað.



Veturinn 1976–1977 settist ég á skólabeck í Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Það var ekki auðvelt að vera slitinn úr faðmi fjölskyldunnar. En eins og í Edinborg áður tókst mér að rífa mig upp úr einsemdinni með því að skrifa Bryndísi löng bréf – og ljóð.

### 'Attavita

Nóttin

Sér með þúsund augum  
þótt dagurinn  
sé kinnagjafur;  
samt hugst veröldin  
köldum stugga  
þegar viðin setst.

Hægar minn

hæfir til allra átta  
en hjartað er  
blínt;

Samt hugst övi mín  
eilitum stugga  
ef þú lítur  
í aðra átt.

(Kvöldflug til Montreal)

14. 02. 77 'Astarbræðjur JDH



Búslóð skólameistarhjóanna komin í gám haustið 1978, eftir að fjölskyldan hafði verið borin út.



*Annað barn okkar, Glúmur, fæddist  
1966. Hér heldur Bryndís á honum og  
ber Snæfríði undir belti.*



*Bryndís með börnin okkar fjögur í  
stofunni á Ísafirði árið 1970.  
Snæfríður, Kolfinna tæplega  
mánaðargömul í fadmi móður  
sinnar, Glúmur sitjandi þar við  
hliðina og Aldís standandi fyrir  
aftan.*



*Á ferð um Djúpið með yngstu  
börnunum, Snæfríði og  
Kolfinnu.*

*Tengdamóðir mín, Aldís Þorbjörg  
Brynjólfsdóttir, í heimsókn hjá okkur  
á Ísafirði. Snæfríður lifgar upp á  
félagsskapinn.*



*Eftir uppgripin á Halanum á  
Snorra Sturlusyni sumarið 1979  
var nóg til í sjóði til að endur-  
reisa húsið að Vesturgötu 38.  
Hér kíkir húsfreyja út um  
gluggann eftir að hafa tekið til  
hendinni og hreinsað allt út.*

*En hvergi var vikið  
frá upphaflegu útliti  
þessa sögufræga húss.*





*Badstofustemning á efri hæðinni á Vesturgötunni veturinn áður en allt var tekið í gegn. Á myndinni má sjá pipureykjandi gest, mig, Aldís, Snæfríði og Kolfinnu.*



*Bryndís, Snæfríður, Glúmur, Aldís, Kolfinna og ég. Fjölskyldumynd tekin undir lok Ísafjardartímabilsins (ljósm. Leó).*

reyndar svo mikill skapmaður að hann keyrði á harðfenni í bruni á heimsmeistaratíma en kom niður brotinn á báðum fótum. Þar fór draumur minn um að menntaskólinn eignaðist Íslandsmeistara á skíðum. Gunnar settist síðar að í Noregi og er hann úr þessari sögu.

Seinna kom til liðs við skólann Guðmundur Ólafsson íþróttakennari, borinn og barnfæddur Ísfirðingur, sem seinna gekk að eiga Ester Jónatansdóttur, sonardóttur Einars Guðfinnssonar, máttarstólpa Bolungarvíkur. Guðmundur tók við heimavistarvörslu, eftir að ég tók að lýjast á henni, og hélt liðinu til íþróttá, á skíðum, í boltaleikjum, knattspyrnu og frjálsum. Sumir strákanna í skólanum urðu síðan uppistaðan í knattspyrnuliði Ísfirðinga þegar það loksins náði upp í fyrstu deild. Nokkrir þeirra gátu sér líka gott orð í frjálsum íþróttum.

### Eitthvað fyrir andann

Þótt íþróttirnar væru vel til þess fallnar að herða liðið þurfti eitthvað að gera fyrir andann. Það var gert með þjálfun á málfundum, blómlegri leiklistarstarfsemi, tónleikahaldi og góðum kvikmyndaklúbbi og skáklúbbi. Friðfinnur frændi minn Ólafsson, forstjóri Háskólabíós, sá um að senda okkur reglulega „mánudagsmyndir“ Háskólabíós sem þóttu skárri myndir en þær sem sýndar voru aðra daga. Kvikmyndaklúbburinn var vel sóttur, enda opinn öllum bæjarbúum. Bryndís stýrði klúbbum og var lífið og sálin í starfi leiklistarklúbbsins. Á vegum hans voru settar upp ýmsar eftirminnilegar sýningar, bæði á sigildum verkum, eins og *Lýsiströtu*, og framúrstefnulegu fjarstæðuleikhúsi, eins og *Sköllóttu söngkonunni*.

Við Bryndis hrifumst mjög af því hvað þessu unga fólki var margt til lista lagt. Það bauð ekki bara upp á fina tónlist og ótrúlega góðar leiksýningar. Hópur gáfnaljósa undir handarjaðri Guðjóns Friðrikssonar, þá íslenskukennara en nú mikilvirks sagnfræðings, tók sig saman um útgáfu menningarlegs tímarits, *Hljóðabungu*, þar sem fjallað var um bókmenntir, sögu og úttektir á margvíslegu efni. Menningarlífið í skólanum stóð því í blóma og setti brátt umtalsverðan svip á bæinn. Með kennaraliðinu fluttist inn í bæjarsamfélagið dágóður hópur háskólamenntaðs fólks. Okkur var í mun að skólinn legði eitthvað til samfélagsins og efndum því til kvöldskóla sem undir lokin var jafnvel farinn að útskrifa fólk með stúdentspróf. Á tímabili efndum við til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem þá þegar voru orðnir nokkuð fjölmennir, einkum stúlkur frá Ástralíu og Nýja Sjálandi, sem höfðu vetursetu við Djúp til að afla sér fjár til að kosta Evrópu-reisu eitt sumar, að hætti andfætlinga.

Ég óttaðist mest að Bryndís myndi sakna leikhúslífsins svo sárlega að hún yrði eins og vængbrotinn fugl í framandlegu umhverfi. En það voru óþarfa áhyggjur. Hún fékk brátt næg verkefni upp í hendurnar sem vöktu áhuga hennar og hún gekk að með oddi og egg. Fyrir utan að standa fyrir sex manna heimili, sem þar að auki var gestkvæmt í meira lagi, var hún frá upphafi aðalfrönskukennari skólans. Auk þess kenndi hún jöfnum höndum ensku og þýsku og jafnvel latínu vel völdum hópi nemenda. Bryndís var lífið og sálin í að kveikja áhuga nemenda á lista- og menningarlífi. Hún þýddi leikrit, leikstýrði þeim og lék sjálf þegar svo bar undir. Stundum fengum við leikstjóra að sunnan, einkum eftir að Bryndís fór að skipuleggja hinar árlegu sólríshátíðir. Sólríshátíð var haldin um páskana þegar fjöldi gesta sótti Ísafjörð heim til að taka þátt í skíðavíkunni. Þá bauð skólinn, jafnan í samstarfi við Tónlistarskólann, upp á fjölbreytta menningardagskrá með tónleikahaldi, leiksýningum, fyrirlestrum og svo framvegis. Bryndís átti mikinn þátt í að móta umgjörðina um alla þessa menningarstarfsemi.

Fyrir utan það sem heimamenn höfðu fram að færa í tónlist og leiklist og hinu talaða orði stóð skólinn fyrir heimboðum til listamanna og rithöfunda sem tóku þátt í dagskránni. Margt af okkar besta tónlistarfólki, bæði einleikurum og óperusöngvurum, gisti Ísafjörð af þessu tilefni þótt sjálfsagt megi telja Vladimir Askhenazy fremstan í þeim hópi.

### Bolungarvíkurblús

Ísfirðingar nutu þess að tónlistarskóli Ragnars H. og Sigríðar hafði alið upp ágætt tónlistarfólk sem hafði alla burði til að troða upp, hvort heldur var sem einleikarar eða í kammersveit, eða að annast undirleik fyrir einsöng eða kóra. En á Ísafirði lifði líka góðu lífi alþýðleg tónlistarmenning. Lífið og sálin í þeim félagsskap á okkar tíð var Vilberg Vilbergsson rakarameistari sem allir Vestfirðingar þekkja undir nafninu Villi Valli. Villi Valli og félagar í danshljómsveitum sem hann hefur veitt forstöðu hafa fært Vestfirðingum ótaldar gleðistundir. Sjálfur er Villi Valli gæddur ósviknu listamannsedli. Hann leikur á nánast hvaða hljóðfæri sem er, að því er virðist án fyrirhafnar, og á efri árum hefur hann farið að fást við máláralist með góðum árangri. Myndir hans endurvekja saknaðarfulla stemmningu úr fjöruborði og af bryggjusporðum sjávarplássins. Handbragð málverksins lofar meistarann. Ólafur Kristjánsson, sem er Ísfirðingur að uppruna og naut tónlistarmenntunar undir handleiðslu Ragnars, gerðist síðan bæjarstjóri í Bolungarvík og skólustjóri tónlistarskólans á staðnum. Þeir Villi Valli hafa iðulega ásamt félagum sínum boðið heimamönnum, ásamt gestum og gangandi, að njóta

með sér ógleymanlegra djasskvölda þar sem tregablandinn tónn hinna heitu Suðurrikja bergmálar í bröttum fjöllum Ísafjarðar.

Sú saga er sögð af Óla, bæjarstjóra þeirra Bolvíkinga, að hann brá sér eitt sumar í góðum félagsskap Bolvíkinga suður að Miðjarðarhafi þar sem þeir undu sér vel í sól og sumri í Vouliagmeni, útborg Aþenu við Grikklandsstrendur. Einhverju sinni var það að Óla þótti dinnermúsikin á finum veitingarstað í plássinu í daufara lagi svo hann bauðst til að hvíla píanistann um stund. Það tognaði úr þessari stuttu stund því gestirnir neitundu að standa upp frá borðum og vildu heyra meira af köldum djassi úr norðrinu. Árið eftir bar það til tíðinda um hávetur að lítil einkaþota birtist yfir Djúpinu og renndi sér ofan úr háloftunum til landingar á flugvellið við Bolungarvík. Út úr vélinni snörudust menn sem spurðu hvar þeir gætu fundið bæjarstjóra Bolvíkinga. Þeir höfðu engar vöflur á en buðu bæjarstjóranum og konu hans að taka sér fari með einkaþotunni þar sem ferðinni væri heitið til Vouliagmeni á Grikklandi því að þar stæði fyrir dyrum árshátíð þar sem ekkert dygði minna en besti djass sem til væri á boðstólum á norðurslóðum. Bæjarstjórinn lét til leiðast og flaug með Grikkjum yfir Atlantshafið, alla leiðina að Miðjarðarhafi, og skemmti gestum sínum fram á rauða nótt daginn eftir og var síðan leystur út með gjöfum og flogið til baka til síns heima. Ég fullyrði að sá bæjarstjóri er ekki til í viðri veröld sem hefur leikið þetta eftir bæjarstjóra þeirra Bolvíkinga.

### Svanasöngur skáldsins

Seinasta veturinn sem við Bryndís bjuggum saman á Ísafirði bættist menn-ingarlífi bæjarfélagsins óvænt góður liðsauki. Jökull Jakobsson leikritaskáld leitaði vestur á firði, trúlega að einveru og íhygli, eftir róstudamt líf sem gaf honum sjaldan grið til að rækta skáldgáfuna. Skáldið munstraði sig um borð í trillu með Jóni B. á Gunnvöru, tíu tonna trillu, og saman reru þeir tveir, skáldið og trillukarlinn, á handfæri þetta haust. Kannski togaði það skáldið vestur að dætur hans tvær, sem stóðu hjarta hans nærri, bjuggu þessi misserin á Ísafirði. Þegar veður gerðust rýsjótt, svo ekki varð róíð til fiskjar, settist skáldið að skriftum.

Við Jökull kynntumst vel þennan vetur. Við skrúppum saman í sund og gufu í Bolungarvík. Eftir gufu sátum við saman í línserkjum úti á palli með fannbarða Snæfjallaströndina í sjónmáli og varð skrafdjúgt um tilvistarvanda og skáldskaparmál. Það varð að ráði að Jökull tók að sér leikstjórn á samlestri á nýju leikriti eftir hann, *Í öruggri borg*. Leikritið var lesið upp í hinum nýja samkomusal menntaskólans. Bryndís og Kristín Anna Þórarins-

dóttir, sem þá var líka stödd fyrir vestan við leikstjórn á Flateyri, léku aðalhlutverkin á móti hinum lífsþreytta heimsmanni sem snúinn var heim í áttagana og höfundur lék sjálfur.

Þetta var eftirminnileg sýning. Bæði var að *Í öruggri borg* er ismeygilega gott leikhúsverk og kunnáttusamlega samið og eins hitt að áhorfendur, sem fylltu húsið út úr dyrum, urðu að ryðja sér braut gegnum snjóskafla til að ná hinni fyrirheitnu borg sem reyndist þessi kvöld vel varin af náttúruöflunum. Ég vissi ekki þá að Jökull átti skammt eftir ólifað og að þarna upplifðum við svanasöng skáldsins.

### Indíánahöfðinginn

Mér er minnisstæð ein lítil dæmisaga um ungan nemanda frá þessum árum. Kennarafundur var settur í upphafi skólaárs. Allt í einu barst inn á fundinn hraðbréf, skrautritað, frá ungum manni norður í landi. Það hljóðaði svo: „Ungi skólameistari. Ég var rekinn úr barnaskólanum á Ólafsfirði. Ég var rekinn úr gagnfræðaskólanum á Dalvík. Nú voru þeir að reka mig úr Menntaskólanum á Akureyri. Treystið þér yður til að taka við oss? Virðingarfyllt, NN.“

Ég las upp bréfið mér og öðrum til skemmtunar á kennarafundinum og þóttist láta greiða um það atkvæði hvort veita ætti skæruliðanum viðtöku. Það var fellt með öllum greiddum atkvæðum. Ég fór svo út á símsstöð og sendi skeyti: „Vér treystum oss til að taka við yður. Virðingarfyllt, skólameistari.“

Af því að ég hafði grun um að þetta yrði eitthvað skemmtilegt hafði ég mikið við. Ég fékk lánaðan Mercedes Benz glæsivagn frá öðrum hvorum, Jónatan eða Guðfinni, sonum Einars Guðs í Bolungarvík. Síðan fékk ég vini mína í lögreglunni til að veita mótörhjólafylgd og fór út á flugvöll að taka á móti drengnum. Niður landganginn steig maður í fullum indíána-skrúða. Við heilsuðumst virðulega og settumst síðan í aftursætið á Bensanum og keyrðum í lögreglufylgd með sírenuvæli í bæinn, að hætti höfðingja. Ég vísaði pilti á heimavistina hjá Hjalpræðishernum. Svo leið og beið.

Viku seinna kom forstöðumaður Hjalpræðishersins á minn fund í öngum sínum og sagði sínar farir ekki sléttar. Indíánahöfðinginn hafði risið upp frá borðum, leyst niður um sig og sýnt á sér afturendann til að mót-mæla mataræðinu sem skólapiltum bauðst. Konu forstöðumannsins, sem var norsk, varð svo mikið um að hún fékk taugaáfall. Ég kallaði indíánahöfðingjann á minn fund og sagði:

„Þú varst rekinn úr barnaskólanum á Ólafsfirði. Þú varst rekinn úr gagn-

fræðaskólanum á Dalvík. Þú varst rekinn úr Menntaskólanum á Akureyri. Hér með ertu rekinn úr Menntaskólanum á Ísafirði.“

Eftir áramótin, þegar verið var að setja skóla eftir jólahlé, kvaddi lögreglan dyra í Sundstræti 28, þar sem við Bryndís bjuggum, og tilkynnti að hún hefði fundið „lík“ af manni á götunni og hirt það upp. Á því voru ekki önnur persónuskilríki en merkimiði bundinn í beltisstað: *Care of Jón Baldvin*. Þetta reyndist vera indíánahöfðinginn. Bryndís hitaði súpu og ég braut allar reglur og gaf honum brennivinsstaup til að vekja hann aftur til lífsins. Við áttum gott tal saman um nóttina og handsöluðum að lokum samkomulag okkar: Ég myndi útvega honum pláss á togara en hann skyldi koma í land mánuði fyrir vorpróf og lesa undir próf. Þennan samning stóðu báðir við upp á punkt og prik. Drenginn útskrifaði ég að lokum sem semidúx, því hann var góðum gáfum gæddur. Hann hefði getað orðið að auðnuleysingja eða jafnvel glæpamanni, þrátt fyrir góða greind, ef ekki hefði verið gripíð í taumana. Saga hans er líka dæmi um að ekki eru allir steyptir í sama mótið og beita þarf mismunandi aðferðum til að koma mönnum á kjöl.

### Ung áhöfn og atorkusöm

Mér gekk betur en á horfðist í fyrstu að laða til mín ungt og áhugasamt fólk til kennslustarfa. Tveir samkennara minna úr Hagaskóla kusu að fylgja mér í útleðina: Finnur Torfi Hjörleifsson, sem kenndi íslensku, og Ólafía Sveinsdóttir, sem kenndi dönsku. Fyrir voru á Ísafirði menn sem voru fullfærir um að annast menntaskólakennslu. Mér tókst að ræna Guðmundi Jónssyni frá gagnfræðaskólanum til að kenna stærðfræði. Guðmundur hafði lagt stund á veðurfræði í Hamborg í Þýskalandi, en varð þar fyrir slysi og lauk ekki námi. Hann reyndist finn stærðfræðikennari og góður félagi. Einhverjir höfðu áhyggjur af því að hann væri vinnhneigður en allan þann tíma sem við kenndum saman missti hann aldrei dag frá kennslu. Þegar hann fékk sér í staupinu gerði hann það í sínum eigin tíma, og sagði gjarnan af því tilefni: „Enda sé það í lagi, bróðir,“ sem varð að eins konar orðskvið meðal nemenda hans.

Guðmundur var vinsæll og vel látinn meðal nemenda. Hann var kvæntur Láru Oddsdóttur, sem síðar varð ritari minn í hlutastarfi og samstarfsmaður Bryndísar um að reka kvöldskóla og fullorðinsfræðslu. Kristín Oddsdóttir, systir Láru, kenndi um skeið við skólann en hún starfar nú sem sendiráðsfulltrúi við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Auk þess fékk ég um tíma til liðs við skólann Þorberg Þorbergsson, sem var bæjarverkfræð-

ingur á Ísafirði, og Hildi Bjarnadóttur, nú útvarpsfréttamann. Bolli Kjartansson, þáverandi bæjarstjóri og frændi minn, hljóp undir bagga og kenndi bókhald og reikningsskil þeim sem fengust við nám í hagfræði og rekstrargreinum. Herdis Hübner, sem útskrifaðist frá MÍ, varð svo ritari skólans seinustu ár okkar Bryndísar.

Helgi Már Arthúrssón var ungur Ísafirðingur sem hafði stundað nám í Kaupmannahöfn og vildi gjarnan snúa heim í áttahagana. Eftir að hann lét af kennslu við menntaskólann fylgdi hann meistara sínum yfir á ritstjórn *Alþýðublaðsins*. Hann hélt uppteknum hætti og fylgdi síðan Vilmundi „afleysingaritstjóra“ af *Alþýðublaðinu* yfir á *Nýtt land* sumarið heita á *Alþýðublaðinu* sem varð til þess að slitnaði upp úr vináttu okkar Vilmundar Gylfasonar.

Ég hafði af því nokkrar áhyggjur að það vantaði vel menntaðan eðlisfræðing í kennaraliðið. Þorbergur bæjarverkfræðingur átti að vini frá skólaárunum Axel Carlquist, sem var hámenntaður eðlisfræðingur og hafði numið fræði sín í Þýskalandi. Eitt sumarið kom Axel í heimsókn til vinar síns, Þorbergs verkfræðings. Ég lagði hart að Þorbergi að kyrrsetja Axel í bænum því með honum var kominn í leitirnar eðlisfræðingurinn sem ég var að sækjast eftir. Ég gekk svo langt að ég lagði undir heilan viskíkassa sem ég hét Þorbergi í verðlaunaskyni, ef honum tækist að kyrrsetja Axel. Það hafðist og Axel kenndi við skólann alla mína tíð eftir það.

Doktor Helgi Haraldsson var helsti þýskukennari skólans, auk þess sem hann bauð upp á valgreinar, bæði í þýskum og rússneskum bókmenntum. Á Ísafirði gafst honum loks eftirsóknarvert næði til að vinna að hinni miklu rússnesk-íslensku orðabók sem hann hafði lagt drög að í Leníngrad forðum og vann síðan að jafnt og þétt í tólmstundum næstu áratugi. Þetta mikla verk leit loksins dagsins ljós á vegum Nesútgáfunnar árið 1996 og bar öllum dómbærum mönnum saman um að þar hefði Helgi unnið mikið þrekvirki. Það gladdi mig mikið á sínum tíma að hafa getað lagt þessu menningarafreki lið sem utanríkisráðherra. Helgi og Dina, eiginkona hans, fluttust síðar til Óslóar þar sem Helgi fæst við kennslu og rannsóknir við Slavísk-baltísk Institut háskólans. Ég henti stundum gaman að því við Helga vin minn síðar á lífsleiðinni að það hefði orðið hlutskipti hans að kenna norska hernum og norsku utanríkisþjónustunni rússnesku.

### Að leita að sjálfum sér

Eitt sinn þótti mikið við liggja að þetta raðir kennaraliðsins með nýjum eðlis- og stærðfræðingi. Helgi Haraldsson hafði á Leníngradárunum verið þar

samtíða ungum og aðsópsmiklum landa vorum, Guðmundi Ólafssyni, sem þar nam stærðfræði og það sem ég kallaði „marxíska eðlisfræði“. Það orð fór af Guðmundi að hann væri vínhneigður í meira lagi. En nauðsyn brýtur lög og ég lét slag standa og vélaði hann til okkar vestur. Guðmundur hafði á árum sínum í Leningrad kynnt sér kenningar stærðfræðingsins „Lobasjevskís“ og var af félögum sínum jafnað við hann og kallaður „Lobasjevskí“, til hægðarauka styttn í „Lobbi“. Lobbi er stór maður og mikilúðlegur, ákafamaður í lund og var aðgangsharður kennari í sínum fræðum, þegar allt lék í lyndi. En það var engu á hann logið um vínhneigðina. Einn daginn keyrði úr hófi svo að ég ákvað að reka hann á staðnum og stundinni. Þegar ég tilkynnti þá ákvörðun mína menntamálaráðuneytinu og lét taka Guðmund út af launaskrá var mér sagt að brottvísun kennara, fyrirvaralaust og án uppsagnarfrests, væri með öllu fordæmislaus. En minni ákvörðun varð ekki haggð og þar við sat. Löngu seinna skrifaði Guðmundur mér fallegt bréf þar sem hann þakkaði mér fyrir að hafa brugðist svo hart við áfengisvandamáli hans. Hann hefði látið sér það að kenningu verða og sett tappann í flöskuna fyrir lífstíð. Guðmundur fór seinna í hagfræðinám og er nú lektor við Háskólann. Hann vann síðar fyrir mig að ýmsum verkefnum sem tengdust GATT-samningnum í utanríkisráðherratið minni.

Það sem eftir var vetrar var besti nemandi skólans í eðlisfræði til stúdentsprófs skikkaður til að bera ábyrgð á kennslu bekkjarsystkina sinna til lokaprófs. Þessi ungi og efnilegi piltur heitir Ásmundur Jónsson. Hann fór síðan í verkfræði og mun hafa starfað í oliuöðnaðinum norska við oliuborðanir á Norðursjó þar sem hann malaði norska ríkinu gull.

Þegar Ási hljóp í skarðið fyrir Lobba var hann ungur og saklaus yngisveinn, samviskusamur með afbrigðum og svo stundvís að það mátti stilla klukkuna eftir honum. Einn morguninn var mér tilkynnt að Ási hefði ekki mætt til kennslu. Ég lét segja mér það tvisvar en ályktaði sem svo að eitt hvað meira en lítið hlyti að vera að. Að höfðu samráði við móður hans hafði ég því engar vöflur á og tilkynnti lögreglu um mannshvarf og bað um að hjálparveit skáta yrði ræst út til að hefja leit. Svo leið og beið en Ási kom ekki í leitirnar – fyrr en seint og um síðir. Út um gluggann, þar sem hann hafði sofði af nóttina eftir fyrsta ástarævintýri lífsins, sá hann að björgunarveitin var komin á kreik út með fjörum og upp um hliðar. Ási var sjálfur í hjálparveit skáta og nú rann honum blóðið til skyldunnar. Hann slóst í hópinn við leitina að hinum týnda manni. Þar kom að hann spurði hjálparveitarmenn að hverjum væri verið að leita. Þeir sögðu honum það.

„Já, en það er ég og ég er ekkert týndur! Eða, kannski var ég týndur en nú er ég allavega fundinn,“ svaraði Ási.

Með þessum hætti varð Ási eini maðurinn sem ég veit um í gervalli Íslandssögunni sem hefur tekið þátt í skipulagðri mannshvarfsleit – að sjálfum sér.

Hans Haraldsson, sem þá var skrifstofustjóri Norðurtangans, lagði okkur lið við þýskukennslu. Móðir hans, frú Herta Schenk Leósson, var prófessordóttir frá Leipzig í Þýskalandi. Hún settist að á Ísafirði með manni sínum, Haraldi Leóssyni, sem var lengi kennari á Ísafirði. Herta skilur reyndar eftir sig sérstæðan kapítula í skólasögu Ísafjarðar. Hún var mikil málamanneskja og tók að sér að lesa undir stúdentspróf með nemendum frá Ísafirði, einkum þýsku, frönsku og latínu. Margir nemenda hennar bera enn í dag til hennar hlýjan hug, þeirra á meðal Arnór bróðir minn, sem hún kom upp á bragðið með að læra erlend tungumál sér til skemmtunar. Frú Herta var prófdómari Bryndísar í frönsku alla tíð. Það var mikið ritúal. Frú Herta þóttist ekki ferðafær þannig að nemendur komu upp í munnlegum prófum heima hjá henni. Þar ríkti innandyra mið-evrópskt andrúmsloft menningar og siðfágunar. Ef nemendur stóðu sig vel á stúdentsprófi var þeim skenkt sérrýglas og skálað upp á frönsku. Frú Herta var menntakona fram í fingurgóma. Hún trúði mér fyrir því að hún vildi mikið til vinna að Hans, sonur hennar, hætti að vinna hjá Norðurtanganum og gerðist menntaskólakennari í fullu starfi. Það endurspegladi verðmætamat prófessordótturinnar frá Leipzig, en Hans hafði auðvitað ekki efni á að leyfa sér slíkan munað.

Það var mikill happafengur þegar mér tókst að véla Guðjón Friðriksson og þáverandi konu hans, Þuríði Pétursdóttur líffræðing, til að kenna við skólann. Ég man að ég heimsótti þau upp á háalofit að Austurstræti 1 í Reykjavík þar sem þau bjuggu þá. Þau komu því beint úr hjarta borgarinnar í útleðina vestur og reyndust bæði prýðilega. Guðjón var ekki einasta skemmtilegur kennari í íslenskum fræðum og bókmenntum heldur líka stöð og stytta nemenda við útgáfustörf og reyndar einnig á leiksviði, þar sem hann lék meðal annars á móti Bryndísi við góðar undirtektir. Þuríður var kvenskörungur mikill og var fljótlega komin á bólakaf í bæjarmálin sem frambjóðandi Alþýðubandalagsins.

Snemma bættust í raðir kennaraliðsins tvenn ung hjón sem urðu miklir vinir okkar Bryndísar. Önnur voru þau Viðar Ágústsson eðlisfræðingur og Agnes Bragadóttir, sem kenndi við gagnfræðaskólann og varð síðar þjóðkunnur blaðamaður. Viðar er einhver samviskusamasti samstarfsmaður sem ég hef haft og svo áreiðanlegur að aldrei brást. Auk þess reyndist hann mér betri en enginn við að skipuleggja skólatöflu og stundaskrár. Hin hjónin voru Þráinn Hallgrímsson og Þórunn Karitas Þorsteinsdóttir. Þráinn er

fjólkunnugur málamaður sem gat boðið upp á spænsku sem valgrein, auk þess sem hann reyndist metnaðarfullur, hugkvæmur og áhugasamur kennari. Það munaði líka um að fá Hjálmar Helga Ragnarsson, son Ragnars H., og þáverandi konu hans, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, mannfræðing, rithöfund og fyrrverandi þingkonu, til liðs við skólann.

### Að missa glæpinn

Sigríður Dúna bauð upp á námskeið í íslenskum samtímabókmenntum sem valgrein. Á námskeiðinu var farið yfir sýnishorn af íslenskum barna- og unglingabókmenntum. Einn góðan veðurdag birtist heilsidugrein í *Þjóðviljanum*, undirrituð af nafngreindum nemendum við Menntaskólann á Ísa-firði, þar sem veist var með harkalegri gagnrýni að þekktum höfundi unglingabókmennta. Í fyrirsögn var vísað til þess að taka bæri skemmdar bókmenntir af markaðnum, rétt eins og skemmdar appelsínur. Ekki leið á löngu þar til mér barst umburðarbréf frá menntamálaráðuneytinu út af þessu máli. Því fylgdi jafnframt tilkynning og greinargerð um yfirvofandi málshöfðun á hendur kennaranum fyrir meinta innrætingu og jafnvel meiðyrði um höfund unglingabókanna, sem væri brot á lögum og reglum um óhlutdrægni og háttvisi í kennslustofum sem reknar væru af íslenska ríkinu.

Sjálfur var ég vel meðvitaður um hættuna á einhliða umfjöllun og vilhallri eða jafnvel beinlínis innrætingu öfgaskoðana, sérstaklega við kennslu í félagsvísindum og sögu, og vissi af slíkum dæmum í einstaka skólum. Ég þóttist hins vegar vita fullvel að Sigríður Dúna væri kvenna ólíklegust til að stunda slíka iðju, eins og reyndar kom á daginn þegar ég hafði kynnt mér málið. Hún hafði ekki vitað af þessu frumkvæði nemenda, að birta rit-smíðina í *Þjóðviljanum*, og aldrei um hana fjallað.

Loks barst mér stefna ásamt rökstuðningi fyrir sakargiftum frá Guðmundi Skaftasyni hæstaréttarlögmanni, sem ég þekkti lítilsháttar til en fyrst og fremst sem skattasérfræðings. Ég tilkynnti menntamálaráðuneytinu að ég myndi verja málið sjálfur en þótti eftir atvikum rétt áður en málflutningur hæfist í réttarsal að skila greinargerð með málsvörn minni, bæði til lögfræðingsins og ráðuneytisins. Ég hlakkaði til að mæta fyrir rétti og reka þetta mál sem mig grunaði að gæti orðið hið skrautlegasta, ef ekki beinlínis skrautblóm í hnappagat íslenskrar réttvísí. Ég var farn að kynna mér sögufrægan málflutning fyrir rétti í Suðurríkjum Bandaríkjanna sem spannst út af því að skólayfirvöld þar bönnuðu að kenna þróunarkenningu Darwins og kenndu sköpunarsögu bibliunnar í staðinn.

Ég sá fyrir mér að þessi málarekstur allur myndi auka mjög hróður skólans og tryggja stóraukna aðsókn úr öðrum landsfjórðungum því nemendur vildu auðvitað vera við nám þar sem svo alræmdir kennarar „spilltu“ æskulýðnum og þar sem væri líf og fjör sem eftir væri tekið. Ég hafði dregið upp langan lista með nöfnum skálda og rithöfunda, sem ég hugðist kalla fyrir réttinn, og vekja athygli á hvernig háttað væri kennslu, umfjöllun og túlkun á bókum þeirra í skólum landsins. Það olli mér því verulegum vonbrigðum þegar ég fékk hraðbréf í ábyrgðarpósti þar sem mér var tilkynnt að málið væri látið niður falla. Mér leið eins og manningum sem missti glæpinn.

### Vinnuálag í verstöðinni

Hjálmar H. Ragnarsson vélaði til okkar til kennslu mikinn afbragðsmann, fyrrverandi bekkjarfélagi sinn í MR. Sá var Gunnar Snorri Gunnarsson, systursonur Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra, efnafræðingur og heimspekingur að mennt frá Edinborgarháskóla. Gunnar Snorri er líka vel menntaður tónlistarmaður og notaði tækifærið og sótti tíma hjá meistara Ragnari H. Ragnar, meðan hann dvaldist á Ísafirði. Hann gekk síðar til liðs við utanríkisþjónustuna og varð einn af nánustu samstarfsmönnum mínum í EES-samningunum síðar meir. Gunnar Snorri gegndi embætti sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu til skamms tíma og er nú ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins. Magnús Pétursson hagfræðingur og Hildur Eiríksdóttir kona hans störfuðu við skólann um hrið. Magnús kenndi hagfræði en Hildur var ritari skólameistara um tíma. Við Magnús áttum síðar eftir að starfa saman í fjármálaráðuneytinu þar sem hann varð að lokum ráðuneytisstjóri en gegnir nú starfi framkvæmdastjóra Ríkisspítalanna.

Meðal kennara skólans á þessum árum var maður sem bar hið mikilúðlega nafn Grettir Engilbertsson, sonur Engilberts frá Tyrðilmýri, sem var í hópi helstu forkólfa Sjálfstæðisflokksins í héraði og varþingmaður um skeið. Grettir kenndi sögu og félagsfræði en hin sænskættada kona hans, Kristine, kenndi þýsku og Norðurlandamál. Eitt sinn kom Kristine á fund skólameistara og kvartaði sáran undan óhæfilegri kennsluskyldu menntaskólakennara á Íslandi. Hún benti á það máli sínu til stuðnings að í Svíþjóð væri menntaskólakennurum harðbannað að kenna fleiri en fjórtán stundir á viku, enda hlyti kennsluálag umfram það að bitna mjög á nemendum og ætti jafnvel að varða við Mannréttindasáttmála Evrópu. Ég benti Kristine kurteislega á að hún væri hér stödd í íslenskri verstöð þar sem fólk teldi ekki eftir sér að leggja nótt við nýtan dag ef þörf krefði og að Svíum veitti

áreiðanlega ekki af að vinna lengri vinnudag til þess að tómlleiki tómsundanna legðist ekki of þungt á sálarlífð. Þar með felldum við talið.

Þau voru miklu fleiri en hér hafa verið talin sem komu við sögu Menntaskólans á Ísafirði á þessum árum. En þessi listi nægir til að sýna að þarna var samankomið einvala lið af ungu og áhugasömu fólki. Þetta var samhentur hópur sem lagðist á eitt um að skapa góðan samstarfsanda og aðlaðandi skólabrag. Margir aðrir lögðu þar gjörva hönd að verki. Fyrsti maðurinn sem ég réð í þjónustu menntaskólans var Stefán Jónsson, smiður á Ísafirði, í daglegu tali kallaður Stebbi stórsmiður. Hann lagði nótt við nýttan dag fyrsta sumarið við lagfæringar á gamla barnaskólahúsinu, sem voru aðkallandi ef húsnæðið átti að þykja kennsluhæft um haustið. Að því verki loknu þurfti að ráða mann sem daglega sinnti umsjón og viðhaldi, gangavörslu og þrifum. Þetta var starf sem fór vaxandi að umfangi eftir því sem byggingar skólans risu, með heimavist, mótuneyti og samkomusal á Torfnesi. Til þessa verks var ráðinn Sigurður H. J. Sigurðsson, vélstjóri á Ísafirði og aldrei kallaður annað í daglegu tali en Sigggi annar meistari. Sigurð hafði ég þekkt frá blautu barnsbeini þegar ég var að alast upp við Hrannargötuna, þar sem hann bjó líka. Mér og syni hans, Brynjólfi Sigurðssyni, síðar próffessor í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands, var vel til vina á æskudögum. Eftir að heimavistin var risin tók Garðar Einarsson þar við umsjón og eftirliti og reyndist mér betri en enginn í því vandasama starfi.

Þetta voru skemmtileg ár og skapandi starf. Við Bryndís vorum bæði vakin og sofin yfir nemendum okkar og velferð þeirra. Auðvitað var álagið mikið því fyrstu árin var skólinn nánast eins og ein stór fjölskylda. Um tíma bjuggum við sjálf á heimavistinni og önnuðumst þar umsjón og eftirlit. Annars fluttum við okkur gjarnan milli íbúða eftir því sem þarfir kennara og fjölskyldna þeirra útheimtu. Skólinn óx og dafnaði og aðsókn að honum var góð. Þegar skólinn varð fullvaxta var um þriðjungur nemenda hvaðanæva af landinu utan Vestfjarða. Það var líf og fjör í skólanum, svo mjög að eftirtekt vakti við um land. Við þurftum ekki að kviða því að ungmenni á Vestfjörðum teldu sínum hag betur borgið við aðra menntaskóla sem rötgrónari voru. Ég held að þessi tilraun hafi tekist.

Við Bryndís eigum enn í dag marga vini úr röðum þeirra fimm hundruð ungmenna eða svo sem við brautskráðum með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði. Við gerum okkur far um að vera viðstödd stórhátíðir á vegum skólans við brautskráningu stúdenta og stúdentsafmæli. Sumir fyrrverandi nemenda hafa jafnvel lagt leið sína til okkar í Washington DC til að fagna stúdentsafmælum. Eitt sinn fluttu gamlir nemendur okkur frumsaminn skólameistarabrag, sem var reyndar listilega saminn og rifjaði

upp margar sameiginlegar ánægjustundir frá fyrri tíð. Það var okkur sérstakt gleðiefni þegar þau tíðindi spurðust að gamall nemandi okkar og vinur, dr. Ólína Þorvarðardóttir, hefði verið skipuð skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

### Sjálfsnám í stað ítrodslu

Ég vildi strax í upphafi venja nemendur á sjálfstæð vinnubrögð í námi. Það er erfiðleikum bundið nema unnt sé að tryggja þeim aðgang að góðu bókasafni. Ég hafði á árum áður í Reykjavík leitað mikið til bókasafns Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. Þar var góður tímarita- og bókakostur og meðan ég var að skrifa *Frjálsa þjóð* komst ég að því að það væri besta bókasafnið í bænum. Smám saman komst ég í vinfengi við starfsmenn safnsins. Skömmu áður en Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður hafði Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna efnt til mikillar bókasýningar í Reykjavík. Á sýningunni voru fyrst og fremst fræðibækur á ýmsum sviðum, stjórnmálafræði, hagfræði, náttúruvísindi, stærðfræði og gott úrval enskra og amerískra bókmennta.

Áður en ég tygjaði mig vestur kallaði forstöðumaðurinn, Bob Dickermann, mig á sinn fund og sagði að þeir hefðu komist að þeirri niðurstöðu að ekki svaraði kostnaði að flytja bækurnar aftur úr landi og spurði hvort ég myndi láta svo lítið að þiggja þetta lítilræði sem kjarna í bókasafni þessa nýja skóla. Þetta var ómetanleg gjöf og þótt við hefðum ekki hús utan um bókasafnið var því snemma komið fyrir í gamla barnaskólahúsinu á Ísafirði þar sem einn kennaranna hafði umsjón með því. Þetta var einsdæmi á Íslandi á þessum árum. Við gátum þar með búið upp á úrvalsbækur, að því tilskildu að nemendur hefðu viðunandi tök á ensku til að færa sér þetta í nyt. Kjarni sjálfsnámsins var einmitt að kenna á bókasafnið, að kenna að afla heimilda og að vinna sjálfstætt. Að kenna það að menn geta lært af öðru en því að skrifa niður það sem kennarinn hefur til málanna að leggja.

Hins vegar var enskukunnátta margra nemenda verulega ábótavant. Hún dugði fæstum til þess að færa sér í nyt fræðilega texta sem þarna voru á bodstólum. Við reyndum að bæta úr þessu með hraðsodnum þýðingum á kennsluefni sem við gáfum út í handriti. Til dæmis þýddi ég sjálfur lykilkafli úr merkri bók um „hina veraldlegu heimspekinga“: *Sögu hagfræðilegra hugmynda og kenninga* eftir Robert Heilbroner. Auk þess þýddi ég kafla úr amerískri textabók um helstu stjórnmálafræðikenningar. Magdalena Schram, systir Bryndísar, sem hafði lokið meistaraþrófi í sagnfræði frá enskum háskóla og kenndi hjá okkur fyrsta veturinn sinn heima, þýddi

með mér megnið af kennslubók Barracloughs um samtímasögu sem við gáfum út í kennsluhandriti. Malla, eins og hún hét í vinahópi, hafði, fyrir utan að lesa enska sögu, búið í mörg ár í München í Bæjaralandi, ásamt Herði Erlingssyni manni sínum. Í sögurýni sinni sameinaði hún hvort tveggja, ensku efasemdina og hin bæversku búhyggindi. Malla varð seinna einn innsti koppur í búi Kvinnalistans. Þær systur, Bryndís og Magdalena, voru mjög samrýmdar. Það varð Bryndísi og okkur öllum mikið harmsefni þegar hún lést langt um aldur fram árið 1993.

Við verk af þessu tagi kom sér vel að hafa flinkan ritara. Ég vandi mig á það að grípa lausar stundir, hvenær sem var sólarhrings, og þylja þýðinguna inn á segulband sem ritarinn síðan vélritaði eftir mér. Þótt ég hefði ungar tekið það upp hjá sjálfum mér að læra vélritun þótti mér svona verk sækjast seint með því að pikka sjálfur á leturbordið enda fannst mér ég aldrei ná nauðsynlegum hraða. Þessu verklagi hef ég síðan haldið alla mína tíð og geri enn í dag.

Bob Dickermann átti eftir að gera betur við skólann fyrir vestan. Sem forstöðumaður Upplýsinga- og menningarþjónustu Bandaríkjanna fékk hann stundum góða gesti í heimsókn frá Bandaríkjunum og sendi þá iðulega vestur. Einn veturinn birtist hann með tvo góða gesti í föruneysi sínu: Annar var Joe Glazer, frægur trúbador og gyðingur frá New York sem hafði lengi verið í þjónustu bandarísku verkalyðshreyfingarinnar og bjargaði frá glötun og hóf aftur til vegs söngva úr verkalyðsbaráttunni, frá Joe Hill til dagsins í dag. Hann semur marga af textum sínum sjálfur og flytur af list og galdri. Hinn var ungar sendiráðsritari frá bandaríska sendiráðinu sem reyndar var af króatísku bergi brotinn, Vic Jackovich að nafni, og spilaði með Joe á harmóníkku. Þessa dagana fennti allt í kaf á Ísafirði svo þeir félagar áttu ekki afturkvæmt til Reykjavíkur fyrr en eftir viku. Þessa daga heimsóttum við vinnustaði á Ísafirði og héldum tónleika við góðar undirtektir. Jankovic varð síðar sendiherra Bandaríkjanna í Belgrad. Það urðu fagnaðarfundir í Washington DC um það bil aldarfjórðungi síðar þegar fundum okkar bar saman á ný í John F. Kennedy listamiðstöðinni í Washington, þar sem Joe stóð fyrir tónleikum með glæsibrag.

### Musterið rís

Hluti af starfi skólameistarans var að standa fyrir meiriháttar byggingafrákvæmdum á vegum skólans. Okkur byggingarnefndarmönnum lá svo mikið á að hefjast handa að við féllum frá því að hafa hugmyndasamkeppni meðal arkitekta til að ráða vali hönnuða. Í staðinn öfluðum við okkur upp-

lýsinga um arkitekta, ekki síst þá sem væru nýkomnir heim frá námi. Niðurstadan varð sú að við réðum minn gamla vin frá háskólaárunum í Edinborg, Vilhjálmm Hjálmarsson og Helga bróður hans, ásamt Vífli Oddssyni verkfræðingi, til að vinna verkið. Á næstu árum risu mikil hús á Torfnesi í krika eyrarinnar við Skutulsfjörð: Fyrst heimavistarbyggingar í tveimur áföngum og þar með talinn vandaður samkomusalur og mötuneyti. Því næst skólahúsið sjálft og loks mikið íþróttahús við enda íþróttavallarins. Endanlega samþykkt byggingaráætlun kvað einnig á um sérstakan skólameistarabústað á skólalóðinni. Þetta eru með veglegustu byggingum á Ísafirði og setja mikinn svip á bæinn. Þegar við Bryndís kvöddum Ísafjörð tæpum áratug síðar, var hvorki kennsluhúsnæðið sjálft né íþróttahúsið risið af grunni. Alla okkar tíð fór kennslan fram í gamla barnaskólahúsinu á Ísafirði sem er forláta vandað timburhús, byggt árið 1901. Þetta var gamli barnaskólinn minn og þar fór vel um menntaskólann líka.

Við höfðum á þessum árum rektoranevnd sem hittist reglulega til að bera saman bækur um náms- og kennsluhætti og námsárangur á þessu skólastigi. Þar kynntist ég vel mönnum eins og Guðna Guðmundssyni, rektor Lærða skólans, Tryggva Gíslasyni, skólameistara hins norðlenska skóla, Kristni Kristmundssyni, skólameistara á Laugarvatni, Jóni Böðvarsyni, sem þá var skólameistari Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum, og Ingólfi A. Þorkelssyni, skólameistara Menntaskólans í Kópavogi. Fjölbrautaskólarnir á Akranesi, Saudárkróki, Egilsstöðum og Selfossi komu til síðar. Samstarf okkar Vestfirðinga var nánast við Menntaskólann á Akureyri. Sá skóli hafði fóstorað marga Vestfirðinga, áður en Menntaskólinn á Ísafirði kom til sögunnar. Auk þess höfðum við Tryggvi verið skipsfélagar til sjós forðum daga og hann var kvæntur bekkjarsystur minni úr Skeggjabekk, Margréti Eggertsdóttur. Okkur var því vel til vana. Ég bar auðvitað tilhlýðilega virðingu fyrir hinum norðlenska skóla.

### Trúboðar á ferð

Sem dæmi um þá vidleitni okkar að tengja starfsemi skólans bæjarlífinu má nefna að við buðum iðulega gestum á sal og höfðum þær samkomur opnar fyrir bæjarbúa. Skáld, rithöfundar eða stjórnálamenn sem komu til Ísafjarðar fengu þannig tækifæri til að koma erindi sínu á framfæri við nemendur og bæjarbúa. Þegar fræðimenn og skáld reyndust vera of hlédrægir til að taka góðu bði um að ávarpa lýðinn á sal reyndum við að teyma þá inn um bakdyrnar til að láta ljós sitt skína í tímum hjá nemendum.

Mér þótti með endemum hversu margir voru tregir til að gripa tækifær-

ið. Það var eins og margir þessara manna vildu helst læðast með veggjum. Til dæmis höfðu fæstir af þingmönnum Vestfirðinga vit á eða burði til að nota þetta tækifæri. Frá þessu voru þó ánægjulegar undantekningar. Á þessum árum var ungur maður farinn að kveðja sér hljóðs í þjóðmálaumræðunni og segja miðjumöðinu í íslenskri pólitík stríð á hendur, þar sem hvergi grillti í skýr kennileiti fyrir niðarþoku lágkúrunnar. Þessi ungi maður var Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem þá var á trúboðsferð um landið að boða sína frjálshyggju. Mér fannst sjálfsagt að fá hann á sal, enda lék mér sjálfum forvitni á að heyra boðskapinn. Ég fékk hinn sænskmenntaða Gretti Engilbertsson til að gerast andmælandi Hannesar. Framsögumenn reyndust vera mjög á öndverðum meiði sem gaf tilefni til fjörlegra umræðna. Boðskapur Hannesar varð vítamínsprauta fyrir unga og efnilega hægri menn í skólanum eins og til dæmis vin minn, Einar Guðfinnsson, sem nú er fyrsti þingmaður Vestfirðinga fyrir Sjálfstæðisflokkinn en hefur fremur förlast í frjálshyggjuhugsjón unglingsáranna með aldrinum. Hinum vinstri-sinnuðu í skólanum var auðvitað uppsið við hinn stríða tón trúboðans Hannesar en fundurinn varð þeim jafnframt tilefni til að reyna að brynja sig betri rökum fyrir eigin málstað. Með Hannesi Hólmsteini í för voru vinir hans, Kjartan Gunnarsson, síðar framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og með valdameiri mönnum samtímans, og Jón Ormur Halldórsson, sem seinna gerðist aðstoðarmaður Gunnars Thoroddsens í forsætisráðuneytinu en varð upp frá því viðskila við frjálshyggju trúboðið.

Einhvern tíma hafði ég veður af því að minn gamli sellumeistari, Einar Olgeirsson, þá nokkuð hniginn að aldri, væri í bænum að vitja sinna gömlu safnaðarmedlima. Ég hafði uppi á honum og lagði eindregið að honum að koma á sal. Ég sagði honum að ég væri með námskeið í samtímasögu, í stórum dráttum sögu iðnvæðingar og myndun nútíma borgarsamfélags og við værum einmitt stödd í miðri kreppunni. Nú vildi ég að hann kæmi á sal og svaraði einfaldri spurningu: Hvers vegna gerðust menn kommúnistar á kreppuárunum? Einar var afar tregur til og ætlaði lengi vel alls ekki að fást til að gera þetta. Ég gaf mig ekki og hafði það af að beita hann fortöllum. Ég tók virðulega á móti gamla maninum. Ég hafði beðið hann um að stilla ræðu sinni í hóf (þar sem ég þekkti hann frá fyrri tíð), miða við 45 mínútur til framsögu en gefa síðan nemendum kost á að bera fram fyrirspurnir og ræða við hann í seinni tímanum. Mér brá nokkuð í brún þegar Einar hóf ræðu sína því hún fjallaði um nýsköpunarstjórnina einvörðungu; hann talaði í tvisvar sinnum 45 mínútur um afrek nýsköpunarstjórnarinnar og einlæga aðdáun sína á Ólafi Thors, hinum brosmilda leiðtoga borgarastéttarinnar á Íslandi. Það komst enginn að með spurningar. Ræðan var eintal.

Þar sem ég sat aftarlega í sal og hlýddi á ræðu Einars gafst mér gott næði til að virða hinn aldurnigna hal fyrir mér og hugleiða örlög hans. Einar hafði á ungum aldri verið mesti *tribunus populus* þeirra ungu manna sem skipuðu sér í sveit Kommúnistaflokksins og boðuðu öreigum Íslands á kreppearunum fagnaðarerindi sæluríkisins í austri. Ég velktist ekkert í vafa um að Einari hafði sem ungum manni runnið til rifja fátækt og umkomuleysi verkalýðsins á mölinni og að hann vildi leggja fram alla sína krafta til að bæta hag þeirra og framtíðarhorfur. Þegar ég hélt á Akureyri námskeið á vegum verkalýðsfélaganna kynntist ég fólki sem mundi Einar vel frá því að hann var í blóma lífs. Allir báru honum vel söguna, bæði sem kennara og manni. Þess vegna tóku örlög hans mig jafnvel enn sárar en ella því að mannsefnið var gott. Það hlýtur að teljast dapurlegt fyrir slíkan mann að daga að lokum uppi sem óforbetranlegur talsmaður kúgunarkerfis sem kostaði tugi milljóna saklauss fólks lífið og hnepti verkalýðinn, sem Einar vildi frelsa, í óleysanlega fjötra kúgunar, harðstjórnar, ófrelsis og örbirgðar. Örlög slíkra manna eru þyngri en tárur taki.

### Trú og vísindi

Annar fyrirlestur sem fluttur var á sal er mér sérstaklega minnisstæður. Bærinn var á kafi í snjó. Við kenndum ennþá í gamla barnaskólahúsinu niðri á eyrinni en í nýju mótuneytisbyggingunni á Torfnesi var kominn í notkun samkomusalur sem hentaði vel til fyrirlestrahalds, uppfærslu leikrita og tónlistarflutnings. Gesturinn sem kominn var í heimsókn var sr. Sigurbjörn Einarsson, biskupinn yfir Íslandi. Það olli Jökulfirðingum heitum ástriðum að biskupinn hafði heimilað flutning kirkju frá Hesteyri til að setja hana upp í Súðavík. Hann var kominn þeirra erinda að vígja kirkjuna. Hinir brottfluttu úr Jökulfjörðum og afkomendur þeirra töldu þetta hins vega hina mestu ósvinnu. Þeir sögðu að Guð hefði gripið í taumana og sent kafaldsbyl til að koma í veg fyrir að biskupinn næði heilu og höldnu til að vígja þá kirkju sem þeir sögðu tekna ófrjálsri hendi. Rétt var það að biskupinn komst ekki til Súðavíkur í þessari ferð vegna ófærðar.

Sr. Sigurbjörn tók ljúfmannlega erindi mínu um að ávarpa nemendur og bæjarbúa á sal. Nemendaskarinn gekk þennan spöl frá miðri eyrinni upp að Torfnesi í prósessíu og þeir sem fremstir fóru brugðu kyndlum á loft. Fyrir utan fannfergið minnti þetta helst á frumkristinn söfnuð að koma út úr katakombum Rómar. Sigurbjörn talaði um trú og vísindi. Ég bjóst við að hann flytti undirbúinn fyrirlestur af blöðum en veitti því athygli að hann þurfti aldrei að líta á blað og talaði þó drjúga stund. Auðvitað þurfti

hann engin blöð. Hann þekkti viðfangsefnið í þaula af miklum lestri og langri ihugun. Slikur maður getur talað eins og andinn innblæs honum. Það mátti heyra saumnál detta þegar hann flutti mál sitt og þetta er með eftirminnilegri ræðum sem ég hef heyrt.

Og ryðst þá fram í hugarfylgsnið önnur minning um annan prest. Það var á hundrað ára afmæli þjóðskáldsins Einars Benediktssonar. Ég kenndi þá við Hagaskólann í Reykjavík og Árni skólastjóri ákvað að kveðja allan lýðinn (um 900 manns) á sal til að minnast Einars. Fyrirlesarinn var ekki af lakara taginu, sr. Sigurður Einarsson, skáld í Holti. Ég hitti Sigurð lauslega að máli á kennarastofunni og það var í fyrsta sinn en ég hafði verið aðdáandi hans frá ungum aldri. Ég kunní ljóðakver hans *Hamar og sigð* og kvæðið *Sordavala* utanbókar, auk þess hafði ég lesið ritgerðasöfn hans og þótti mikið til um andlega snerpu hans og snilldartök á íslensku máli. Reyndar tel ég hann vera stórlega vanmetinn mann í gallerí íslenskra menntamanna á hans tíma. Ég minnst þess að hafa orðið vitni að því í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll, eftir innrás Rauða hersins í Ungverjaland, að Sigurður flutti ræðu og baðst formlega afsökunar á *Sordavala*. Það fannst mér ekki gott þá – en ég skildi hann síðar. Það tók drjúga stund að fá allan unglíngaskarann til að koma sér fyrir í íþróttahúsinu við Hagatorg og að setja sig í stellingar til að hlýða á hinn aldna sóknarprest tala um höfuðskáldið. Einhvern veginn læddist að mér sá grunur að fæstir þessara unglínga hefðu nokkurn tíma heyrt á Einar Ben minnst, hvað þá heldur að þau kynnu eitthvað eftir hann.

Árni skólastjóri kynnti ræðumann fáeinum vel völdum orðum og gaf honum síðan orðið. Þá upplifði ég það sama og við fyrirlestur sr. Sigurbjörns: Báðir höfðu þeir slík tók á ungum áheyrendaskara að heyra mátti saumnál detta meðan þeir fluttu mál sitt. Sigurður í Holti flutti innblásna ræðu um skáldið, án þess að hafa nokkurt blað við höndina. Hins vegar hafði hann ljóðabækur Einars innan seilingar og vitnaði til úrvalsljóða eftir þörfum. Ræðan var listaverk og ræðumaðurinn málsnillingur af guðs náð. Þjóðkirkjunni er ekki alls varnað meðan hún hefur slíka menn innanborðs.



## KAFLI X

# Bæjarmál og bræðravíg

Það hafði hallað undan fæti fyrir Ísfirðingum allar götur upp frá því úr seinna stríði og fram undir það að skuttogaraöld gekk í garð upp úr 1970. Fólk fluttist í stríðum straumum suður þótt íbúafjöldinn héldist því sem næst óbreyttur meðan Strandir og Jökulfirðir voru að tæmast og Djúpið að grisjast. Það voru þessir þjóðflutningar sem skoluðu meirihluta Ísafjarðarkrata burt úr Rauða bænum. En nú voru breyttir tímar. Skuttogararnir streymdu inn, landburður var af aflu og fleiri vinnufúsar hendur vantaði til að taka þátt í uppgripunum. Fjárhagur bæjarfélagsins hjarnaði við. Tækifærið beið því framundan til að láta hendur standa fram úr ermum og snúa vörn í sókn. Haustið 1971 var samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu að sameina sveitarfélögin, Ísafjörð og Eyrarhrepp, í eitt sveitarfélag. Þetta leiddi til þess að efnt var til bæjarstjórnkosninga í hinu nýja, sameinaða sveitarfélagi.

Skólameistarinn ungi átti mikið undir bæjaryfirvöldum, meðal annars um lóðarúthlutun og deiliskipulag fyrir nýbyggingar menntaskólans og sitt-hvað fleira. Þetta var þó hálfgert yfirvarp þegar ég var að réttlæta fyrir sjálfum mér og öðrum að fara í framboð til bæjarstjórnar. Mig klæjaði ögn í fingurgómana og gat tæpast látið stjórn málaafskipti með öllu fram hjá mér fara, þótt ekki væri nema í nánasta umhverfi. Ég þekkti vel marga málsmetandi menn úr forystuliði krata á Ísafirði, þá sem enn sátu um kyrrt, auk þess sem áhangendur Hannibals þóttust eiga hauk í horni þar sem ég var. Ég afréð því að freista þess að ná saman sameiginlegu framboði Alþýðuflokksins og hinna svokölluðu hannibalista og bjóða fram sameinadan lista jafnaðarmanna við þessar kosningar. Það tókst og við fengum þrjá menn kjörna af níu. Við höfðum engar vöflur á en efndum til meirihlutasamstarfs með sjálfstæðismönnum sem entist þetta kjörtímabil og hið næsta.

Ég sat í bæjarstjórn Ísafjarðar til ársins 1978 og var um tíma forseti bæj-

arstjórnar. Nánustu samstarfsmenn mínir af sameinuðum framboðslista jafnaðarmanna voru Gunnar Jónsson, forstöðumaður Brunabótafélagsins, hollvinur menntaskólans sem auk þess starfaði í byggingarnefnd skólans, og Sigurður Jóhannsson. Sverrir Hestnes kom af F-lista en oddvitar sjálfstæðismanna í þessu samstarfi voru tveir: Högni Þórðarson, útibússtjóri Útvegsbankans, á fyrra tímabilinu en Guðmundur H. Ingólfsson bæjargjaldkeri á hinu síðara. Þetta voru gerólikir menn. Högni er maður hæglátur, formfastur og traustur og reyndist mér hinn prýðilegasti samstarfsmaður. Guðmundur var allt annarrar gerðar, enda efadist ég alla tíð um að hann væri nokkur íhaldsmaður. Hann hafði verið hannibalisti framan af árum en söðlaði um, trúlega af þeim hyggindum sem í hag koma. Guðmundur þótti nokkuð ráðríkur og ákafamaður til verka en okkur féll vel að vinna saman, jafnvel betur en honum og ýmsum samflokksmönnum hans. Sá sem reyndist mér þó best til allra verka var bæjarritarinn, Magnús Reynir Guðmundsson, þótt hann ætti ekki sæti í bæjarstjórninni á þessum tíma. Magnús Reynir er rammur Vestfirðingur sem lætur sér mjög annt um allt sem til framfara má verða á Vestfjörðum. Honum er líka margt til lista lagt, leikur á hljóðfæri og spilaði á yngri árum í vinsælum danshljómsveitum. Hann reyndist mér góður félagi og traustur vinur og þar með fyrirgef ég honum það að hann villtist af einhverjum ástæðum inn í Framsóknarflokkinn, eftir að ég var horfinn af staðnum.

### Góður skóli

Vinir mínir vestra sögðu um bæjarmálaafskipti mín að eðlið segði einfaldlega til sín og að ég gæti ekki lifað af í tilverunni án þess að hafa pólitísk afskipti. Hvað sem því líður sé ég ekki eftir því. Bæjarstjórnarreynslan var góður framhaldsskóli í pólitík. Ísafjörður var í uppgangi og það var mikill kraftur í atvinnulífinu. Bærinn var aftur farinn að hafa aðdráttarafl fyrir aðkomufólk sem sóttist eftir góðri afkomu og ekki síður góðum skólum til að fóstura ungvíðið. Tekjustofnar bæjarfélagsins styrktust svo að bæjaryfirvöld gátu hafist handa um fjárfestingar og framkvæmdir. Í framhaldi af sameiningu sveitarfélaganna var fyrsta verkefni að skipuleggja hið nýja landsvæði því þröngt var um bæinn á eyrinni sjálfri. Eitt fyrsta verk okkar var að ráða okkur skipulagsarkitekta til að ganga í verkið: Ingimund Sveinsson, arkitekt af Engeyarætt (bróður Benedikts Sveinssonar, skólabróður míns og stjórnarformanns Íslands), Ólaf Erlingsson, verkfræðing hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, og Ólaf Ragnar Grímsson, prófessor við háskólann, sem átti að leggja til félagsfræðilegan bakgrunn í þessu starfi.

Hópurinn gerði tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir ný bæjarhverfi á fjarðarsvæðinu, tók til endurskoðunar stofnbrautir og samgöngur og vann að deiliskipulagi fyrir eldri hverfi þar sem stefnt var að þéttingu byggðar á eyrinni með umfangsmiklum uppfyllingum. Auk þess var ráðist í grunnfrankvæmdir eins og endurnýjun á vatnsveitu, varanlega gatnagerð, umbætur á hafnarsvæði, smábátahöfn og þannig mætti lengi telja. Þetta voru skemmtileg verkefni sem gáfu tilefni til að kynnast betur bæjarfélaginu sem skólinn starfaði í og bæjarbúum og viðhorfum þeirra.

Sá sem situr í bæjarstjórn í sveitarfélagi á uppgangsárum og stendur fyrir miklum framkvæmdum lærir smám saman á verklagsreglur og samskipti við hina opinberu stjórnsýslu á breiðu málavíði: Skipulagsmál, húsnæðismál, hafnar- og samgöngumál, orkumál, skólamál, heilbrigðismál og félagslega þjónustu auk hinna flóknu reglna sem gilda um samspil ríkisfjármála og fjárhags sveitarfélaga. Þetta framhaldsnám í praktískri pólitík átti eftir að koma mér að góðu haldi síðar á Alþingi og er ég varð fjármálaráðherra.

Ein minning situr eftir í huga mér þegar ég hugsa til þessara miklu framkvæmda á vegum bæjarfélagsins. Haustið 1978, seinustu vikurnar sem Bryndís bjó á Ísafirði, höfðum við boðið út malbiksframkvæmdir á Hnifsdalsveginum. Af einhverjum ástæðum hafði dregist að ljúka útboðum og ráða verktaka og fá þá á staðinn svo við óttuðumst að verkinu yrði ekki lokið fyrir snjóa um veturinn. Þegar verktakarnir komu loks á staðinn með tæki sin vantaði eftir sem áður mannskap til að leggja út malbikið og stjórna hrærunni í malbikunarstöðinni niðri á höfn. Þá var búið að bera fjölskyldu okkar Bryndísar út úr leiguíbúð, sem skólinn hafði til umráða; búslóðin var komin í gáma og börnin farin suður en Bryndís átti einhverja daga aflögu áður en hún hyrfi sjálf suður til að koma börnunum á skóla. Það skipti engum togum að hún fékk Jónas Tómasson tónskáld í lið með sér við að stýra malbikunarstöðinni en sjálf vann hún frá morgni til miðnættis við að leggja út brennandi heitt malbikið á Hnifsdalsveginum. Þar sem við vorum húsnæðislaus fengum við þessa daga að liggja inni hjá Þór Guðmundssyni, sem er sonur móðursystur Bryndísar. Hann var útíbústjóri Landsbankans á staðnum. Ég gleymi því seint þegar malbikunardrottningin knúði dyra þessi kvöld hjá bankastjóranum, sótsvört frá hvirfli til ilja, þannig að henni var ekki hleypt inn í íbúð fyrr en ég hafði spúlað hana í þvottaherbergi á neðri hæðinni. Bryndís sagði að það væri ekkert mál að leggja út malbik; nánast eins og að leggja niður teppi á stofugólfíð heima hjá sér.

Það má svo fylgja sem aftanmálgrein við þessa sögu að bæjarstjórn hafði eftir langa leit fest kaup á herjans miklum dælupramma frá Svíþjóð sem

átti að gegna því hlutverki að dýpka innsiglinguna inn á Pollinn og reyndar Pollinn sjálfan og nýta efnið í uppfyllingar samkvæmt hinu nýja deiliskipulagi bæjarstjórnar. Um þessa útgerð stofnaði bæjarfélagið sérstakt félag, Átak STÁ, en í því fólst takmörkuð ábyrgð bæjarfélagsins. Svíum leist ekki meira en svo á fyrirtækið og kröfðust persónulegrar ábyrgðar bæjarfulltrúa á kaupunum. Ég var ihlaupabæjarstjóri það sumarið og átti því ekki annarra kosta vöð en að ljá nafn mitt sem eiganda og væntanlegs útgerðarmanns að þessum drullupramma. Pramminn reyndist vel og gegndi sínu hlutverki án þess að undan væri að kvarta. En eftir á að hyggja minnst ég þess ekki að eigendaskipti hafi nokkru sinni farið fram. Þetta er víst eina útgerðin sem ég hef átt beina aðild að um dagana.

### Attaníossi Bryndísar

Fjórthugur fjölskyldunnar batnaði þegar frá leið því bæði vorum við Bryndís í þokkalega launuðum störfum. Þegar voraði varð ég var við óþreyju ballerinnar minnar að komast út fyrir þrengsli hárra fjalla. Hún fór á þessum árum á framhaldsnámskeið í frönsku til Aix-En-Provence, Nice og Montpellier. Eitt sumarið féll ég í þá freistni að fylgja henni til Frakklands. Í það skiptið vorum við innrituð á sumarnámskeið í frönsku við háskólann í Nice í Suður-Frakklandi. Bryndísi var skipað í hóp með lærðum frönskukennurum til að sökkva sér niður í franskar bókmenntir og málvísindi. Umsókn mín hljóðaði upp á að væntanlegur nemandi væri *rector de Lycée* og þar með slógu þeir því föstu að ég væri ekki síður að mér í franskri síðmenningu. Þetta þýddi að mér var skipað til sætis innan um þýska málvísindamenn sem voru að rannsaka beygingarendingar sagna í miðaldafrönsku. Mér leist ekki meira en svo á félagsskapinn. Ég hafði bara ætlað mér að kljást við byrjendafrönsku svo að ég gæti spurt til vegar og bjargað mér betur við að lesa blöðin. Sennilega hef ég aldrei á ævinni orðið Bryndísi og sjálfum mér jafnrækilega til skammar, að minnsta kosti að því er varðar námsframmistöðu. Eftir ítrekaðar kvartanir mínar var ég færður bekk úr bekk niður á við þar til botninum var náð og dýpra varð ekki sokkið, þar sem ég sat innan um amerískar *college girls* að æfa túristafrönsku fyrir byrjendur.

Síðar meir gerðist Bryndís fararstjóri á vegum Ferðaskrifstofu Ingólfs Guðbrandssonar á Ítalíu í mörg sumur og fór þá gjarnan með börnin með sér. Hún hefur aldrei bedið þessa bætur því að ást hennar á Ítalíu og öllu því sem ítalskt er hefur reynst ólæknandi og yngri dætur okkar, þær Snæfríður og Kolfinna, hafa tekið þetta í arf frá henni. Þær undu sér vel í þessu

umhverfi og eru báðar talandi á frönsku, ítölsku og spænsku. Þetta virðast vera Miðjarðarhafsdömur í sér. Ég gerði lítið meira en að líta við hjá þeim stopular stundir og hafði mig svo á brott, enda ekki samkvæmishæfur í þessu umhverfi. Eitt sumarið fór Bryndís með alla fjölskylduna í farteskinu til sex vikna dvalar í Grikklandi. Við fórum fyrst til München í Bæjaralandi þar sem við fengum léðan bíl og ókum síðan sem leið liggur yfir Alpna og suður alla Ítalíu þar sem við fórum um borð í ferju lokaáfangann til Grikklands. Börnunum þótti merkilegt að hafnarborgin hét Brindisi og að hafið framundan, þar sem ferjan ösلاði áleiðis til Ígúmenítsa, hét Jónahafið. Við vorum ekkert að leiðrétta það að nafngiftirnar væru okkur til heiðurs.

### Já, en það gæti hafa verið satt

Sumarið 1983 brá Bryndís þó frá vana sínum og í stað þess að vera fararstjóri á Ítalíu gerðist hún farar- og dagskrárstjóri um borð í *Eddu*, en útgerð þess skips varð skammæ tilraun til þess að halda úti skipi í förum milli Íslands og meginlandsins, í staðinn fyrir gamla *Gullfoss*. Meðal gesta Bryndísar um borð í *Eddu* í fyrstu ferðinni voru fráfarandi forsætisráðherra hjón, dr. Gunnar og Vala Thoroddsen. Meðal uppátækja Bryndísar um borð var að draga hjón úr hópi gesta upp á svið, sitt í hvoru lagi, og fá þau til að lýsa nákvæmlega minningum sínum um brúðkaupsdaginn. Vala mundi það allt eins og það hefði gerst í gær og lýsti af nákvæmni, svo að enginn velktist í vafa um að hún segði satt og rétt frá öllu. Þegar röðin kom að brúðgumanum dró dr. Gunnar upp fagra og rómantíska mynd af brúðkaupi, svo rómantíska að það fór klíður meðal kvenna um salinn af aðdáun yfir því, hversu rómantískur hinn aldri stjórnmálaleiðtogi væri. Gallinn var bara sá að frásögn dr. Gunnars bar í engu saman við lýsingu Völu á sama degi í lífi þeirra. Þegar Bryndís sagði mér söguna varð mér að orði líkt og Jónasi frá Hriflu forðum af öðru tilefni:

„Já, – en það hefði getað verið satt.“

### Vestfirskt þorablót upp á nýsjálensku

Á árunum vestra upplifðum við Bryndís eitt eftirminnilegasta þorablót af mörgum í samkomuhúsinu á Súðavík, sem Hannibal hafði á sínum tíma átt þátt í að byggja ásamt öðrum. Við höfðum þegið boð vina okkar, Ingibjargar Björnsdóttur og Bjarna Helgasonar frá Kleifum í Skötufirði, um að sækja þetta blót. Bjarni og Ingibjörg höfðu á árum áður verið hluti af frumbyggjahópnum kringum Finnboga Rút og Huldu í árdaga Kópavogs. Þótt

Ingibjörg væri austfirskrar ættar fylgdi hún bónda sínum í „útlegð“ til Vestfjarða þar sem þau settust að á Kleifum inni undir botni Skötufjarðar. Þetta þótti ekki mikil bújörð. Ingibjörgu og Bjarna búnaðist þó vel enda kunni hann til allra verka; bæði smiður góður og laginn við vélar. Frænkur mínar, dætur Finnboga Rúts og Huldu, voru hjá þeim í sveit og eiga þaðan góðar minningar.

Áður en við Bryndís ætluðum að tygja okkur til ferðar á þorablótið gerði manndrápsbyl við Djúp svo kyngdi niður snjó og ekki sáust handa skil. Við skipulögðum hóp sem hélt saman í bilalest í kjölfarið á veghefli sem ruddi veginn undir fullum ljósum. Undir venjulegum kringumstæðum er þetta skottúr en við þessi veðurskilyrði tók ferðin heila eilífu að því er okkur þótti.

Að lokum náðum við heilu og höldnu til Súðavíkur og skemmtum okkur hið besta á blótinu. Þarna var allur þorramatur undirbúinn í heimahúsum og borinn í trogum í samkomuhúsið. Hákarlinn var með besta móti og skálað ótæpilega í ísköldu brennivíni. Súrsaðir hrútsþungar, bringukollar, sviðakjamar og blóðmör – allt bragðaðist þetta óvenjuvel því Ingibjörg hafði tilreitt það með eigin höndum; auk þess sem veðragnýrinn og fannfergið utan dyra minnti okkur á að þessi þjóðlegi matur hafði haldið lífinu í þjóðinni margar, myrkar hunguraldir. Góðmetið var snætt upp úr trogum með guðsgöflunum og sjálfskeiðungi. En þar með er ekki öll sagan sögð af þessu þjóðlega þorablóti.

Meðan gestirnir gerðu krásunum góð skil var sett á svið skemmtidagskrá með tónlist, söng og leiknum smápáttum sem allt var flutt – ekki á hinu eldgamla ylhýra – heldur á nýsjálensku. Stúlkurnar sem unnu hjá Frosta við fiskvinnslu þessi misserin í Súðavík, Hnífsdal og víðar í sjávarplássunum vestra voru flestar frá Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Suður-Afríku. Margar þeirra reyndust vera vel menntaðar konur, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, kennarar og tæknifræðingar. Fyrir því er löng hefð með andfætlingum okkar hinum megin á hnettinum að ungt fólk ver að minnsta kosti einu ári ævinnar til Evrópureisu áður en það snýr sér fyrir alvöru að lífsbaráttunni í heimalöndum sínum.

Á þessum árum, snemma á áttunda áratugnum, var mikið atvinnuleysi landlægt á Bretlandseyjum. Hins vegar sárvantaði fleiri vinnufúsar hendur í frystihúsin á Íslandi eftir að skuttogaraöld var gengin í garð. Skrifstofa Sölu- miðstöðvar hraðfrystihúsanna í Lundúnum fór þess vegna að auglýsa eftir vinnufúsu fólki og kynnti þau kjör sem í boði voru. Andfætlingum okkar fannst þetta nokkuð freistandi boð. Þeim fannst að með því að hafa vetursetu á Íslandi við tiltölulega vel launada uppgripavinnu gætu þeir gert hvort

tveggja: Heimsótt framandi land á norðurslóðum sem þótti spennandi að segja frá þegar heim var komið og lagt fyrir fé sem dugði til að kosta Evrópureisuna sumarið og árið eftir. Ásókn útlendinga eftir vinnu á Vestfjörðum er því ekki eins nýtilkominn og margir halda. Allavega er þetta skýringin á því að öll skemmtiatriðin á þorablótinu minnisstæða í Súðavík í þetta skiptið voru „country“-söngvar frá hinum heitu auðnum Ástralíu eða skoskættuð ástarljóð og saknaðarsöngvar frá Nýja-Sjálandi, í bland við lífsgleði og ryþma hinna þeldökku dætra Zúlú-manna í Suður-Afríku.

Í hinu nýja sameinada sveitarfélagi, sem áfram ber nafn Ísafjarðar og þar sem Halldór frændi minn frá Ögri er nú bæjarstjóri, tala íbúar að minnsta kosti fjörutíu og tvö tungumál. Þar af eru serbókróatíska og pólska þau mál sem flestir útlendinganna tala. Þetta kemur heim og saman við reynslu mína af seinasta vinnustaðafundinum sem ég hélt einhvern tíma, sem formaður Alþýðuflokksins í matsal frystihússins í Hnífsdal. Um fjörutíu konur voru þar að vinna í hádeginu og ég fékk leyfi til að ávarpa þær nokkrum vel völdum orðum meðan þær sátu að snæðingi. Mér þótti með ólíkindum hversu daufar undirtektir þessi annars ágæta ræða fékk meðal áheyrenda. Þegar ég felldi talið og fór að spjalla við konurnar einslega yfir borðum fékk ég skýringu: Ekki ein einasta þessara kvenna var íslenskrar ættar né skildi stakt orð í íslensku.

Annað atvik af svipuðum toga, sem einnig gerðist á Ísafirði, segir sína sögu um alþjóðavæðingu heimsþorpsins. Ég var staddur á Ísafirði stutta stund í pólitískum erindagerðum. Um sama leyti var erfið kjaradeila í uppsiglingu; hvorki gekk né rak í samningum svo Pétur Sigurðsson, arftaki Hannibals sem formaður Baldurs og forseti Alþýðusambands Vestfjarða, sá sig knúinn til að styðja kröfur verkafólks með verkfallshótun. Ég átti erindi við Pétur á skrifstofu Baldurs á Ísafirði. Þegar ég kom á staðinn voru sjálfboðaliðar með kröfuspjöld að tínast upp í stóra rútu á bílastæðinu fyrir framan hjá Pétri. Ferðinni var heitið til Bolungarvíkur. En það sem athygli mína vakti var ekki það sem stóð á kröfuspjöldunum heldur hitt að ég skildi ekki eitt einasta orð sem þar stóð letrað. Slagorðin voru nefnilega öll á pólsku. Skyldi Hannibal hafa séð fyrir þessa þróun þegar hann braust úr böndum atvinnurekenda í Bolungarvík á kreppuárinum og upp á brimbrjótinn til að stofna þar verkalyðsfélag?

## Uppákomur innanlands og utan

Eitt sumarið meðan ég gegndi af tilviljun starfi bæjarstjóra í forföllum bærust bæjarstjórn boð um að Kristján Eldjárn forseti og Halldóra kona hans,

sem er borinn og barnfæddur Ísfirðingur, vildu heiðra okkur með því að koma í opinbera heimsókn. Því var að sjálfsögðu tekið fagnandi og nokkur viðbúnaður hafður til að taka sem best á móti forsetahjónunum. Rauðir dreglar úti á flugvelli við landganginn; lúðrasveit; glæsikerrur og mótörhjólafylgd og síðan opið hús í Alþýðuhúsinu þar sem bornar voru fram rausnarlegar veitingar, forseti ávarpaði bæjarbúa og fólki gafst kostur á að hitta þau hjón að máli. Áður en Kristján var kosinn forseti hafði hann unnið sér nafnfrægð sem fornleifafræðingur og góður rithöfundur um þau efni og skrif hans voru mjög við almenningshæfi. Hitt vissu kannski ekki allir að hann var feiknaveg hagorður og hafði ort blautleg kvæði, einkum Unndórsrímur, sem víða fóru milli manna í afskriftum eða fjölríti.

Kristján var almennt viðurkenndur sem meistari íslensks máls. En hann var greinilega eitthvað annars hugar þegar hann upphóf ræðu sína á svölunum í Alþýðuhúsinu á Ísafirði þennan sólríka dag. Hann sagði eitthvað á þessa leið: „Við hjónin komum hingað til Ísafjarðar á þessum sólbjarta degi, þaðan sem við lögðum upp frá Höfn í Hornafirði. Þegar ég horfði út um gluggann á flugvélinni yfir okkar tigulega land, baðað sólskini, kom mér í hug að margir þeir sem skoða Ísland úr lofti eða af landakorti sjá það í líki dýrs. Það fer ekki milli mála að Vestfirðir eru þá höfuð skepnunnar.“ – Forsetinn gerði hér hlé á máli sínu því að hann var að hugsa það sama og áheyrendur um framhaldið, það er að segja ef Vestfirðir væru höfuð skepnunnar þá væri Höfn í Hornafirði væntanlega afturendinn eða rassboran. Það mátti náttúrlega ekki segja, enda var forsetinn að koma þaðan úr opinberri heimsókn. Þar með fataðist honum ræðulistin og náði sér ekki á strik aftur. Ekki þykir mér ósennilegt að frú Halldóra hafi tekið mann sinn til bæna fyrir að fatast svo flugið einmitt þegar hún vildi sýna honum heimabæ sinn þegar hann skartaði sínu fegursta.

Dag einn barst skólameistararum boð um að taka þátt í miklu ferðalagi á vegum NATO til Norður-Noregs, Óslóborgar og Brussel. Ég þáði gott boð en vissi ekki fyrr en komið var á flugvöllinn í Keflavík að ég var í fjölmennri sendinefnd undir forystu Þórarins Þórarinssonar, ritstjóra *Timans*. Hann var þá formaður utanríkisnefndar Alþingis. Þarna voru samankomnir alþingismenn eins og Magnús Jónsson frá Mel, Jón Skaftason, Jón Sólnes, Björn Fr. Bjarnason, alþingismaður og sýslumaður, og margir fleiri. Tilgangurinn var sá að kynna varnarviðbúnað Atlantshafsbandalagsins á norðurslóðum, að eiga orðastað við stórfingismenn í utanríkismálanefnd norska þingsins í tilefni af væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Noregs í Evrópusambandið og að kynnast starfsemi NATO í aðalstöðvunum í Brussel.

Leið okkar lá fyrst til Kirkjunnar, sem er einhver nyrsti bær í Noregi, skammt frá landamærum Noregs og Sovétríkjanna. Þar sátum við boð bæjarstjórnar sem virtist við fyrstu sýn vera tvívari Jóns Sólness, enda smullu þeir saman og voru fyrr en varði farnir að bera saman bækurnar um fjármál Akureyrar og Kirkjunnar. Litlu seinna, í Bodö, var sendinefndinni boðið að ganga í björg sem sprengd höfðu verið inn í granítkletta þar skammt frá. Innan úr þessu fjalli átti að stýra varnaraðgerðum norska hersins (og bandamanna Norðmanna) eftir að Rauði herinn hefði ráðist inn í Noreg. Þar sem sendinefndin íslenska tindist í halarófu út úr fjallinu og bordalagðir generálar gerðu honnör í kveðjuskyni vék Magnús frá Mel sér að yfirhershöfðingjanum og sagði:

„Ég hef víst gleymt frakkanum mínum þarna inni í fjallinu.“

Hershöfðingjanum féllust hendur, viðhafnarsvipurinn var strokinn af andlitum hinna bordalögðu, hljómsveitin hætti að spila og heil hersveit snerist á hæli og hljóp inn í fjallið að leita að frakka fyrrverandi fjármálaráðherra, sem að vísu kom í leitirnar. Hins vegar nefnti norski herinn ekki að setja á svið aftur kveðjuathöfn með viðhöfn fyrir sendinefnd sem var svo víðutan að týna yfirhöfnum sínum inni í hinu allra helgasta, sjálfri stjórnsöðinni í yfirvofandi stríði við Rússa.

Að lokum náði þessi fjölmenna sendinefnd fundi með utanríkisráðgjafar nefnd norska stórþingsins, í þinghúsinu í Ósló. Hinir norsku gestgjafar okkar reyndust vera örþreyttir menn og úrvinda enda höfðu þeir verið á þeytingi um þveran og endilangan Noreg undanfarnar vikur í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu Norðmanna um hugsanlega inngöngu í Evrópu-bandalagið. Sjálf þjóðaratkvæðagreiðslan átti síðan að fara fram daginn eftir. Þórarinn Þórarinnson hafði orð fyrir gestunum og spurði einnar spurningar:

„Og hvordan går det så med EF-debatten?“

Hann hafði síðan engu við þessa spurningu að bæta í umræðum sem spunnust í kjölfarið. Þeir Helgi Bergs og Jón Skaftason reyndu að bjarga því sem bjargað varð með því að hreyfa að minnsta kosti einhverjum málamyndaspurningum og forðuðu þannig þessari stóru sendinefnd frá djúpri þögn. Þetta var í fyrsta skiptið en ekki það seinasta þar sem ég varð vitni að því að íslenskir stjórnmálamenn, galvaskir sem þeir geta verið heima hjá sér, eins og missa málið þegar þeir mæta starfsbræðrum sínum „úti í hinum stóra heimi“. Stenst á hvað vinnst og hvað tapast með vanmetakennd mörlandans í útlöndum og stórlæti hans í heimahögum.

Ég notaði tækifærið í Ósló og heimsótti frænku mína, Auði Rútsdóttur, elstu dóttur Finnþoga Rúts en hún hafði búið nær allan sinn starfsaldur í

Ósló og verið ritari við íslenska sendiráðið þar í borg. Þá var hjá henni stödd í heimsókn föðursystir mín, Guðrún Valdimarsdóttir ljósmóðir, mikil sómakoma. Guðrún rak sjálfstætt starfandi fæðingarheimili fyrir sængurkonur í Reykjavík í mörg ár og komust færri að en vildu til að njóta þeirrar þjónustu. Þegar ég hafði setið í góðu yfirlæti með frænkum mínum fram eftir kvöldi ákvað ég að fara fótgangandi frá heimili Auðar á Bygdøy, sem er fallett hverfi í Ósló og þykir eftirsóknarvert til búsetu, og áleiðis heim á hótél.

Þegar ég var kominn vel á veg stökk skyndilega að mér hundgrimmur varðhundur af kyni sem ég hafði ekki augum litið fyrr en minnti fremur á bolakálf en hund fyrir stærðar sakir. Hundurinn réðst að mér hvað eftir annað, froðufellandi og urrandi. Mér vildi til happs að við fætur mér lá langur og sver trjálurkur sem ég greip upp til að verjast óargadýrinu, en lét þó dynja á honum högginn þegar færi gafst. Þessi leikur barst smám saman inn í húsagarð eigandans. Þar tók ekki betra við. Fyrir húshornið birtist skyndilega maður með hlaðinn riffil og miðaði með mikilli nákvæmni – ekki á hundinn – heldur á mig, hinn óboðna gest. Áður en til frekari tíðinda drægi tilkynnti ég manningum að ég væri Íslendingur á NATO-ráðstefnu í Ósló um sameiginlegar varnir þessara bræðraþjóða á Norðurhöfum. Að þeim töluðum orðum var byssuhlaupinu beint að hundinum og honum stuggað í burtu en Norðmaðurinn faðmaði mig að sér eins og týndan bróður og kynnti sjálfan sig sem *brigadier general* í norska hernum og bauð til stofu. Samtöl okkar þar í stofunni voru ólíkt efnismeiri og fróðlegri en fundurinn fyrr um daginn með utanríkismálanefnd norska stórþingsins þar sem hinar djúpu þagnir sögðu meira en hið talaða orð.

### Arftaki Hannibals

Þritugur að aldri var ég orðinn skólameistari í heimahögum og siðgæðisvörður æskunnar og hættur stjórnmálaafskiptum. En stundum lætur atburðarásin menn ekki afskiptalaus og vorið 1971 elti pólitíkin mig uppi. Fyrir dyrum stóðu kosningar. Hannibal og Björn Jónsson höfðu stofnað Samtök frjálslyndra og vinstri manna árið 1969. Það var þriðji stjórnmálaflokkurinn sem Hannibal veitti formennsku á ferli sínum. Þeir sem þar voru í innsta hring voru fylgismenn hans og Björns sem höfðu að lokum gefist upp á vistinni í ormagarði Alþýðubandalagsins. Eitthvað var þarna af ungum menntamönnum sem voru vinstrisinnaðir en töldu sig hvorki eiga heima í Alþýðuflokki á viðreisnarárunum né í Alþýðubandalaginu, þar sem gömlu kommarnir og arftakar þeirra höfðu tögl og hagldir. Við þetta

bættist svo, sem vænta mátti, allra handa pólitískir hlaupagikkir sem jafnan hlaupa upp til handa og fóta og ganga til liðs við ný framboð til þess að fá útrás fyrir nöldrið sitt en eru flestum til ama og leiðinda.

Samtökin höfðu enn á dagskrá sameiningu jafnaðarmanna. Fremur var sú rödd þó orðin hjáróma og ólagviss í hinum margradda kór fjórflokksins gamla. Alþýðuflokkurinn sat sem fastast í viðreisnarstjórninni. Premenn-ingaklíkunn (Hannibal, Finnboga Rúti og Birni) hafði gersamlega mistekist það ætlunarverk sitt að ná völdum og meirihluta í Alþýðubandalaginu og að reka gömlu kommana út í horn sem áhrifalítinn sérvitringahóp sem lifði í fortíðinni. Sjálfir voru þeir Hannibal og Björn orðnir utangarðsmenn í samtökum sem gekk ekkert alltof vel að sameina sig sjálf. Hannibal hafði fram að þessu verið í framboði í Reykjavík. Nú stóð til að hann leiddi lista Samtakanna í höfuðborginni. Á Vestfjörðum átti hann enn marga öflugra stuðningsmenn frá fyrri tíð. Það var vitað að þeir myndu ætla sér framboð á Vestfjörðum, enda stefndu Samtökin að framboði um land allt. Ég þekkti þessa menn flesta af eigin kynnum eða orðspori. Þar sem pólitísk afskipti á landsvisu samræmdust ekki mínu starfi vann ég að því hljóðlega og á bak við tjöldin að undirbúa framboð bróður míns, Ólafs.

Ólafur hafði að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni gerst starfsmaður í félagsmálaráðuneytinu. Þegar maður hringdi í hann fékk maður svarið:

„Sjúkradeild og örkumla-, góðan daginn.“

Hann var óráðinn í því hvað hann ætti að leggja fyrir sig í framhaldsnámi. Hann átti auðvitað að fara í nám þar sem hann gæti þroskað sagnfræðilegt innsæi og fengist við ritstörf en það er það sem lætur honum best. Hann virtist ganga með þann draum að gerast bóndi, þótt ekki yrði af því fyrr en seinna, þegar hann gerðist einbúi í Selárdal aftur í skjóli föður síns.

Skyndilega kom fram á sviðið bandarískur auðkýfingur að nafni Brittingham sem vildi bjarga sálu sinni með því að styrkja unga menn af Norðurlöndum til náms í Bandaríkjunum. Hann valdi styrkþega sína sjálfur. Þegar hann kom til Íslands kvaddi hann umsækjendur á sinn fund og valdi þá sem honum féllu í geð en hafnaði hinum. Meðal hinna útvöldu voru Ólafur Sigurðsson fréttamaður, Haukur Hauksson, bekkjarbróðir minn, sonur Hauks Snorrasonar, ritstjóra Tímans og síðar eiginmaður Margrétar, yngri systur Bryndísar, og Ólafur bróðir minn. Sem Brittingham-styrkþegi hélt Ólafur til náms við háskólann í Delaware í Bandaríkjunum þar sem hann lærði allt frá hagfræði til leikhúsfræða. Hann fylgdi engu af þessu eftir en fluttist eftir fyrsta veturinn í Delaware til New York, þar sem hann var starfsmaður Flugleiða næstu árin. Ég þykist vita að hann hafi notið lífsins

á Manhattan því að New York á engan sinn líka í veröldinni. Loks reif hann sig upp úr því fari og sótti um og fékk námsvist við hinn forna Karlsháskóla í Prag, þar sem hann var næstu misserin í góðum félagsskap, las tékknescu og hagfræði og hugsaði um heimsvandamálin. Haustið 1964 réð ég því að Ólafur tók við ritstjórarstarfi á *Frjálsri Þjóð*, sem hann gegndi næstu árin, þar til hann hóf störf hjá Alþýðusambandinu. Þar fékkst hann við ýmis verkefni, þar á meðal útgáfu *Vinnunnar*, tímarits ASÍ.

Ólafur var af einhverjum ástæðum sá eini bræðranna sem Hannibal virtist geta lynt við. Ég vissi vel að bróðir minn hafði margt til brunns að bera. Hann er greindur vel, stálminnugur, fjörlegur í frásögnum og bráðsnjall penni, fjöllesinn og margfróður og félagslyndur í þokkabót. Ég var þess vegna viss um að hann hefði flesta kosti sem einn þingmann mætti prýða. Þegar nær dró kosningum var haldinn fundur Samtakanna á Ísafirði. Þar mætti fjöldi manns alls staðar að af Vestfjörðum. Fyrirfram hafði verið fastmælum bundið milli helstu forsprakka Samtakanna að Ólafur yrði þar kjörinn til þess að leiða lista Samtakanna á Vestfjörðum. Einungis átti eftir að greiða um það atkvæði. Áður en til þess kom var ég kallaður í símann. Á hinum endanum var Hannibal og hafði frá þeim tíðindum að segja að vegna ágreinings í félagsskap Samtakanna í Reykjavík hefði hann tekið þá ákvörðun að segja sig frá því framboði. Í staðinn fólu Samtökin í Reykjavík Magnúsi Torfa Ólafssyni og Bjarna Guðnasyni prófessor að leiða listann í Reykjavík.

„Þetta er nóg! – þetta er nóg!“

Ég skýrði fundarmönnum frá þessum tíðindum. Það varð uppnám á fundinum og mörgum trúum og dyggum hannibalistum varð heitt í hamsi. Þeim þótti sér renna blóðið til skyldunnar að kalla gamla Vestfjarðagoðann heim. Það varð niðurstaðan. Fundurinn samþykkti mótatkvæðalaust að skora á Hannibal að skipa fyrsta sæti á framboðslista Samtakanna á Vestfjörðum. Hannibal var þá 68 ára gamall og hafði að mínu mati lokið sínu erindi í íslenskum stjórnámálum. Hann lifði á fornri frægð. En það virtist ekki halda fyrir honum vöku að með ákvörðun sinni var hann að stjaka brott syni sínum, sem þar með hefði fengið tækifæri til að halda merki hans á lofti og þoka því eitthvað áleiðis í framtíðinni.

Þegar Hannibal birtist fyrst vestra til að heyja kosningabaráttuna kom hann mér ekki fyrir sjónir sem sigursæll stjórnámálaletogi, albúinn til bardaga. Þvert á móti. Hann var sýnilega beygður eftir ófarimar í Reykjavík og bjóst allt eins við því að vera kominn í heimahagana að loknu löngu

stríði til að bera sín pólitísku bein þar sem það hófst. Ég hafði litil afskipti af kosningabaráttunni, úr því sem komið var, umfram það að leggja Karvel Pálmasyni Bolvíkingi til efni í ræður á framboðsfundum sem í hönd fóru. Hannibal munstraði Karvel með sér í annað sætið og lýsti hann þannig arftaka sinn á Vestfjörðum.

Karvel var einlægur aðdáandi Hannibals og leit á hann sem guðföður sinn og verklyðsfélagsins í Bolungarvík, sem vel mátti til sanns vegar færa. Á skrifstofu verkalyðsfélagsins hafði Karvel uppi á vegg myndir af tveimur átrúnaðargodum: John F. Kennedy, hvurs faðir hafði keypt forsetastólinn í Hvíta húsinu undir son sinn; og Hannibal, sem hafði jarðað pólitíska framtíð sonar síns til að tryggja sjálfum sér pólitískt framhaldslíf um sinn.

Ólafur beit á jaxlinn og bar harm sinn í hljóði. Hann stýrði kosningabaráttu föður síns, rak kosningaskrifstofuna og ritstýrði málagninu, *Vestra*. Hann átti stóran hlut að því að laða ungt fólk að kosningabaráttunni og að skapa stemmningu í kringum hana. Rifjaðar voru upp margar gamlar godsagnir af frægum orrustum Hannibals fyrr á tíð undir merkjum verkalyðshreyfingar og jafnaðarstefnu. Sjálfur tók Hannibal aftur gleði sína og gekk í endurnýjun lifdaganna. Gamli vígamaðurinn átti alls kostar við andstæðinga sína á fundum og náði aftur jarðsambandi við það fólk sem hann hafði ungur slegist fyrir í fjöruborðinu í Súðavík og á brimbrjótnum í Bolungarvík og í höfuðvígi kratanna á Ísafirði. Áður en kom að talningu atkvæða lá í loftinu að hann hefði sópað til sín miklu fylgi.

Fræg er sagan af Kristjáni frá Garðstöðum, sem alla sína ævi hafði verið trúr og dyggur framsóknar- og samvinnumaður en hafði nú, eins og reyndar áður, gengið til liðs við Hannibal af taktískum ástæðum. Hann var einu sinni sjálfur í framboði fyrir Framsóknarflokkinn í Norður-Ísafjarðarsýslu en Hannibal í framboði fyrir kratana. Kristján skoraði á kjósendur að kjósa ekki sig (sem þótti vonlaust) heldur kjósa kratana í kjördæminu því þannig nýttust atkvæðin betur. Í þetta skiptið sat Kristján í hópi stuðningsmanna Hannibals og fylgdist með atkvæðatalningunni. Þegar atkvæðin voru komin yfir 1.000 kallaði Kristján upp:

„Þetta er nóg! Þetta er nóg!“

Hann hafði ekki ætlast til þess að Hannibal færi á þing við annan mann.

Kristján frá Garðstöðum varð snemma eins konar þjóðsagnapersóna í pólitískri vitund Vestfirðinga og af honum eru sagðar óteljandi sögur. Kristján gaf út sjálfsævisögu sína og staðfestist þá að rétt reyndist, sem altalað var, að hann væri víðáttuviðutan á köflum, enda gleymdi hann að geta systra sinna þar sem hann sagði frá fjölskyldu sinni og uppruna. Kristján var, þrátt fyrir allt, trúr og dyggur framsóknarmaður og lifði og hrærð-

ist í pólitík. Einu sinni sem oftast sótti hann aðalfund SÍS að Bifröst í Borgarfirði. Að fundi loknum dróst að Kristján kæmist af stað vestur því hann þekkti ekki bilinn sinn. Hann varð að biða þangað til allir aðrir voru farnir og tók þá eina bilinn sem eftir var. Ætli það hafi verið í það skiptið sem hann var að verða uppiskroppa með bensín en fyrsta bensínstöðin sem varð á vegi hans var Shell-stöð. Þegar bensínafgreiðslumaðurinn ætlaði að fara að dæla bensíni á jeppann rauk Kristján út með handapati og látum og sagði: „Stopp! Stopp! Ég vil ekkert íhaldsbensín, fremur keyri ég bensínlaus!“ Og sendi síðan bíl um langan veg á næstu Essó-bensínstöð sem kom til baka með framsóknarbensín á brúsa.

Kristján var maður ókvæntur lengi fram eftir aldri. Að lokum féllst hann þó á góð ráð vina sinna um að hann gerði rétt í því að festa ráð sitt. Og þáði ráð góðra framsóknarmanna um hvar hann ætti að bera niður. Honum var sagt af tveimur systurum af traustum framsóknarættum frá Lundi í Lundarreykjardal og var sagður hafa fastnað sér hina yngri þeirra, eftir bréfaskipti við hana og bóndann. Þar kom að heimsætan frá Lundi var gerð út af örkinni og fór sjóleiðina með Esjunni vestur á Ísafjörð til fundar við brúðgumann. Kristján mætti niðri á höfn til að taka á móti brúði sinni. Þegar hún kom niður landganginn heyrðist hann segja við sjálfan sig, fremur en að öðrum væri ætlað að heyra: „Hvur andskotinn! Þetta er vitlaus kona! En blessuð konan er komin um langan veg svo það er of seint að gera sér rellu út af þessu.“

Kristján var umbodsmáður fiskifélagsins á Ísafirði og fór í því starfi um öll sjávarpláss á Vestfjörðum að afla upplýsinga um sjósókn og aflabrogð. Viða á fjallvegum þurfti að gera stans til að opna og loka hliðum á sauðfjárveikivarnargirðingum. Hin nýfengna eiginkona Kristjáns var stundum með honum í ferðum og fór þá gjarnan út til að opna hliðin. Í einni slíkri ferð var Kristján svo djúpt hugsí og viðutan að hann ók áfram einn síns liðs og gleymdi konunni á heidum uppi þar sem hún hafði opnað fyrir honum hliðið. Kristján rankaði ekki við sér fyrr en hann var kominn til byggða og þurfti þá að gera út leiðangur til að leita að konunni.

### Illá haldið á spilum

Niðurstæða kosninganna 1971 var sú að Samtökin náðu oddaðstöðu á þingi eins og þau höfðu stefnt að. Alls fengu þau 9.395 atkvæði á landsvísi (8,9%) og fimm þingmenn. Og á Vestfjörðum var útkoman enn glæsilegri en þessar tölur gefa tilefni til að halda; þar hrepptu Samtökin rétt tæpan fjórðung gildra atkvæða. Eftir þrettán ár í stjórnarandstöðu hafði

Hannibal tekist það sem Framsókn og Alþýðubandalagi hafði mistekist, nefnilega að hnekkja viðreisnarsamstarfinu. Þá var komið að stjórnarmyndunarviðræðum. Eitt er að vinna stríðið, annað að vinna friðinn. Eitt er að vinna kosningasigra en annað að nýta sér sigurinn til að tryggja sér völd og áhrif í landsstjórninni til þess að hrinda í framkvæmd hugmyndum og tilögum um umbætur sem barist var fyrir.

Kosningaúrslitin réðust, einkum á landsbyggðinni, af landhelgismálinu. Viðreisnarstjórnin hafði klúðrað því, þótt hún skilaði að flestu leyti góðu búi, þrátt fyrir hin miklu áföll þjóðarbúsins 1967–1969 eftir hrun síldarstofnsins og umsnúning á viðskiptakjörum þjóðarinnar á helstu útflutningsmörkuðum til hins verra. Klúðrið í landhelgismálinu leyfði andstæðingunum að láta kosningarnar snúast fyrst og fremst um það fremur en þann árangur, sem náðst hafði í efnahagsmálum. Þetta leiddi til þess að flestir túlkuðu kosningaúrslitin sem kröfu um vinstri stjórn. Vinstri stjórn er samkvæmt skilgreiningu ríkisstjórn Framsóknar með þátttöku Alþýðubandalagsins. Þetta þótti mér undarleg túlkun í meira lagi. Þeir fóstbræður, Hannibal og Björn, höfðu allt frá árinu 1965 haft að meginmarkmiði með sinni pólitík að ná meirihluta í Alþýðubandalaginu, stjaka kommunum út, gera upp við hugmyndalega fortíð Sovétrúboðsins, breyta Alþýðubandalaginu úr kosningabandalagi í sjálfstæðan stjórn málaflökk jafnaðarmanna og leita síðan eftir samvinnu og sameiningu við Alþýðuflokkinn. Þannig átti draumurinn um sameinaðan flokk jafnaðarmanna með sterkar rætur í verkalyðshreyfingunni, að rætast.

Allt hafði þetta farið í handaskolum í höndunum á þeim. Bandamennirnir sem þeir lögðu traust sitt á í Alþýðubandalaginu (Lúðvík og miðjumóðið) höfðu ekki skilað sínum hlutverkum eins og til var ætlast. Hannibalistar höfðu goldið afhroð í uppgjörinu innan Alþýðubandalagsins við gömlu kommana og miðjumóðsmennina. Þeir höfðu sjálfir hrakist úr Alþýðubandalaginu og stofnað sín samtök til að freista þess að halda liðinu saman um eina markmiðið sem þeir áttu sameiginlegt: Að sameina jafnaðarmenn í einum flokki. Nú höfðu þessir menn unnið kosningasigur sem dugði til þess að hnekkja viðreisnarsamstarfinu. Þar með voru þeir búnir að leysa Alþýðuflokkinn úr fjötrum íhaldssamvinnunnar sem þeir sögðu áður að útilokaði samstarf við Alþýðuflokkinn. Nú höfðu þeir sjálfir rutt þeirri hindrun úr vegi og þar með færst nær markmiðinu. Það skaut því skökku við, í mínum huga að minnsta kosti, að túlka kosningasigur Samtakanna sem kröfu um að lyfta Alþýðubandalaginu til valda undir forsæti Framsóknar. Ég átti bágt með að koma auga á samhengið í þessari hundalógik.

Þótt ég hefði hætt afskiptum af málefnum Samtakanna, áður en ég sneri

vestur í mína pólitísku útleð, var nafn mitt enn á lista yfir miðstjórnarmenn. Ég notaði því tækifærið þegar ég átti erindi suður á vegum menntaskólans og mætti á miðstjórnarfund í þessum stjórnarmyndunarviðræðum. Auðfundið var að þeir fóstbræður skildu fyrr en skall í tönnum að enn hafði atburðarásin tekið af þeim völdin. Þeir höfðu ekki burði til að vísa á bug meintri kröfu um vinstri stjórn sem aðallega birtist á forsiðum *Þjóðviljans* og *Tímans*. Þeir gengu sýnilega líka tregir til þessa leiks. Hannibal sat við borðsendann og lýsti því yfir að hann færi aldrei í þessa vinstri stjórn; Björn Jónsson sat andspænis honum og endurtók sömu rulluna. Með vísan til þessara yfirlýsinga forystumanna bar ég formlega fram þá tillögu að þeir gæfu út yfirlýsingu um vilja sinn til að verja falli minnihlutastjórn Ólafs Jóhannessonar í upphafi þings. Sjálfir myndu þeir hins vegar snúa sér að því að standa við það meginmál Samtakanna að taka upp viðræður við Alþýðuflokkinn um tafarlausa sameiningu jafnaðarmanna. Þannig átti að halda opnum möguleikum á breyttu stjórnarsamstarfi síðar. Þetta var fært til bókar og eitthvað lak út um þetta í fréttum. *Morgunblaðið* birti hins vegar fréttaklausu þar sem frá því var skýrt að hvorki Hannibal né Björn Jónsson væru fúsir til að taka sæti í fyrirhugaðri vinstri stjórn og að upp hefðu komið raddir um að leita út fyrir þingflokkinn og til skólameistarans á Ísafirði af öllum mönnum. Ég veit ekki hvort nokkuð var hæft í þessari frétt. Allavega var þessi tillaga aldrei borin undir mig. Þeir Hannibal og Björn sömdu um það sin í milli að Hannibal gegndi ráðherraembætti framan af kjörtímabilinu, sem samgöngu- og heilbrigðisráðherra, en síðan tæki Björn við og sæti til loka kjörtímabils. Þannig fór um sjóferð þá.

Þessi reynsla hefur alla tíð síðan setið í mér sem víti til varnaðar. Ég gef lítið fyrir gedshræringar og uppþot sem kunna að fleyta mönnum inn á þing í fararbroddi einnota hreyfinga. Síðan er tækifærinu sem á að gefast til að nýta völdin í þágu málefna glutrað niður í pólitísku handapati og úrræðaleysi. Þetta hef ég ég horft upp á oftar en ég kæri mig um að muna en nógu oft til að láta mér það að kenningu verða.

### Að uppskera eins og til er sáð

Samtökin tóku út sína refsingu í næstu kosningum, 1974, og Alþýðuflokknum var refsað tvennar kosningar í röð, 1979 og 1983, fyrir að hafa ekki kunnað að fara með dýrmæt atkvæði, sem þeim var trúað fyrir. Þessi reynsla átti stærstan þátt í því að ég tók þá ákvörðun að loknum kosningum 1991 að mynda Viðeyjarstjórnina, fremur en að eiga líf flokksins og framgang stefnumála hans, og þá fyrst og fremst EES-samningsins, undir

geðþótta manna sem farið höfðu hamförum gegn öllum okkar helstu málum fyrir kosningar og meira að segja sakað okkur um landráð. Eftir kosningar buðu þessir menn mér forsætisráðherraembættið á silfurfati, bara ef ég vildi mynda með þeim ríkisstjórn. Átti ég þá að halda að þeir hefðu ekkert meint með sínum hatramma áróðri fyrir kosningar gegn EES-samningnum? Á ég þá að trúá því að pólitik sé bara fánýtur leikur valdasjúkra manna og snúist um ekkert annað en ráðherrastól og stundarupphefð? Það er ekki mín skoðun, enda afþakkaði ég gott boð.

Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar var ekki síst mynduð vegna kröfunnar um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í framhaldi af þorskastríðinu árið 1958. Stjórnin rak sig hins vegar strax á það að hún var bundin í báða skó af breska samningnum frá 1961. Þrátt fyrir að ríkisstjórninni væru mislagðar hendur um flest tókst ráðherrunum að standa saman um að sameina þjóðina um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Þar var Lúðvík Jósepsson að mínu mati réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Hann hafði hafist af litlu úr sjávarplássi norður við Dumbshaf og þekkti af eigin reynslu harða lífsbaráttu íslenskra sjómanna. Hann vissi að afkoma þjóðarinnar var undir því komin að auðlindin yrði ekki rányrkt af útlendum togaraflota. Mér þótti nokkuð til þess koma að hann var ekki haldinn neinni vanmetakennd gagnvart útlendum stórbokkum og vissi vel hvers hann var megnugur. Og heimurinn tók eftir þessum harðsnúna útkjálkamanni. Sagan segir að hann hafi komist næst því íslenskra stjórnmalamanna að prýða forsiðu *Time Magazine* sem eins konar íslensk byltingarhetja sem stóð uppi í hárinu á ríkisstjórn hennar hátignar, Bretadrottningar. En annar hvor þeirra Makariosar erkisbiskups á Kýpur eða Nassers Egyptalandsforseta hafi rutt honum af forsiðunni á síðustu stundu. *Time* hefði væntanlega selst vel í Neskaupstað þann daginn.

Því fer að vísu fjarri að Lúðvík Jósepsson hafi verið einn að verki í þessu máli. Þess ber að minnast að Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur lagði traustan grundvöll að auðlindapólitíkinni með framsýnni löggjöf um vísindalega verndun landgrunnins, þegar árið 1948. Og hann lagði á ráðin um sókn og vörn í því máli í tvisýnni atskák við rétttrúnað rikjandi lögfræði og hagsmunavörslu stórbjóða.

Ytri skilyrði, sjávaraflinn og viðskiptakjör, voru í upphafi afar hagstæð á stjórnartímabilinu. Þetta gerði ríkisstjórninni kleift að láta vaða á súðum í ríkisútgjöldum og þjóðarútgjöldum. Skuttogarar voru keyptir til landsins í stórum stíl og dreift á góðum kjörum um land allt. En fljótlega harðnaði á dalnum. Afleiðingar oliukreppunnar, sem náði um allan heim, urðu sjávarútveginum þungar í skauti um það er lauk og Vestmannaeyjagosið 1973

var auðvitað áfall fyrir þjóðarbúið, þótt umtalsvert erlent fjármagn bærisk inn í landið til að mæta afleiðingum þess. Ég sá oft en einu sinni ástæðu til að skrifa harðorðar greinar um bágborna efnahagsstjórn, skuldasöfnun og óðaverðbólgu og skort á hugmyndum og stefnufestu í landstjórninni. Þessar greinar vöktu meiri athygli en ella fyrir þá sök að höfundurinn var sonur félagsmálaráðherra.

Ég velti því talsvert fyrir mér á þessum tíma hvort ég ætti ekki að gera hreint fyrir mínum dyrum og ganga til liðs við Alþýðuflokkinn fyrir kosningar. Það sem helst hafði aftrað því fram að þessu var að fyrirfram vonlaust væri að fá fylgismenn Samtakanna og aðra óánægða jafnaðarmenn, sem virtust vera á vergangi utan flokkakerfisins, til að kjósa Alþýðuflokkinn við óbreyttar aðstæður. Alþýðuflokkurinn hafði greinilega mjög góðt allra þessara átaka; hann hafði á sér ímynd eins konar fylgihnattar Sjálfstæðisflokksins. Svo virtist sem þáverandi forystu væri um megn að hasla flokknum völl sem raunverulegum valkosti og hinu sjálfsgæða pólitíska heimkynni jafnaðarmanna. Það var greinilega trúnaðarbrestur milli fólks og foringja, bæði innan Alþýðuflokksins og Samtakanna. Gamla réttlættingin um nauðsyn þess að halda fylgismönnum Samtakanna saman í því skyni að taka síðar upp samninga við Alþýðuflokkinn var að vísu ekki mjög trúverðug við þessar aðstæður. Rétt eins og Alþýðuflokkurinn höfðu samtökin tapað fylgi og tiltrú og tilvera þeirra blakti á veiku skari. Ég hafði hins vegar bundist trúnaðarsambandi við marga góða menn, bæði innan Samtakanna og í Alþýðuflokknum, auk þess sem ég var oddviti fyrir sameiginlegum lista Alþýðuflokksmanna og stuðningsmanna Samtakanna í bæjarmálum á Ísafirði. Afdráttarlaus afstaða með eða móti öðrum hvorum aðilanum hefði auðveldlega getað splundrað því liði.

### Að týna erindisbréfinu

Ég hef ekki lagt í vana minn að neita staðreyndum. Ég gat ekki lokað augnum fyrir þeirri staðreynd að þessi vandræðagangur staðfesti endanlega pólitískt skipbrot Hannibals og Björns. Mér var enn í fersku minni miðstjórnarfundur Samtakanna að loknum kosningasigrinum 1971 þegar Hannibal og Björn lýstu sig andvíga vinstri stjórn en sú varð þó niðurstaðan.

Tveimur árum síðar, 1973, var þessi sama vinstri stjórn sökkvandi skip. Fyrstur til að yfirgefa skútuna var Bjarni Guðnason sem í upphafi mælti manna ákafast fyrir kröfunni um vinstri stjórn. Næstir til að stökkva frá borði voru þeir Hannibal og Björn. Sem þáverandi og fyrrverandi forsetar Alþýðusambandsins þóttust þeir ekki geta staðið að kreppurádstöfun-

um í efnahagsmálum sem óhjákvæmilega komu við kaun launþega. Þeim hefði kannski verið nær að hugsa sitt ráð betur í upphafi. Ég var þeirrar skoðunar að úr því sem komið var væri niðurstaða Magnúsar Torfa, sem þá var menntamálaráðherra, nefnilega að þrauka, rétt.

Björn Jónsson hafði orðið fyrir heilsubresti og lá á sjúkrahúsi þegar honum var nánast vikið úr stjórninni. Tilraun Hannibals til að mynda þingmeirihluta fyrir vantrausti rann út í sandinn. Sameiginlega höfðu þessir menn brennt allar brýr að baki sér. Í upphafi höfðu þeir sjálfir og þeirra fylgismenn litið á Samtökin sem biðleik. Hlutverk þeirra átti aðeins að vera eitt: Að sameina alla jafnaðarmenn í einum flokki. Þeim hafði mistekist að ná því markmiði með því að ná meirihluta í Alþýðubandalaginu. Í staðinn höfðu þeir sjálfir hrakist frá borði í björgunarbátunum. Þaðan gáfu þeir strikið og sögðu að stefnan væri á Alþýðuflokkinn eða á nýja útgerð sem yrði til við samruna þeirra tveggja. Það væri að vísu ekki hægt að sinni þar sem Alþýðuflokkurinn væri bundinn sem doría aftan í íhaldskláfnum. Það átti að vinna að því að skera á festarnar milli Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks. Á meðan því verki væri ólokið yrði að halda liðinu saman í björgunarbátunum.

Samtökin eru eini stjórnmalaflokkurinn á Íslandi sem hafði það bundið í stefnuskrá sinni (sem ég skrifaði eigin hendi) að ef þau næðu tilgangi sínum ætti að leggja þau niður. En það hafði orðið alvarleg kompásbilun um borð.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar skildi við með allt niður um sig í efnahagsmálum. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hrönnuðust upp og verðbólgan var komin upp í 50%. Það var komið að skuldadögum. En þegar reikningunum var framvísað í formi kjaraskerðingar neitudu þeir fóstbræður, Hannibal og Björn, að greiða hina föllnu víxla. Á þessari vegferð höfðu þeir fyrirgert trausti og trúnaði þeirra sem kusu þá 1971 og gáfu þeim þá tækifæri til að standa við orð sín. Þeir klúðruðu þessu tækifæri og stóðu nú fáklæddir og illa til reika á strandstaðnum.

Og Alþýðuflokkurinn var litlu betur staddur fyrir þessar kosningar. Þar á bæ ríkti líka trúnaðarrestur milli fólks og foringja. Gylfi hafði að sönnu skráð nafn sitt í stjórnmalasögu lýðveldisins með því að snúa baki við úreltum hugmyndum um forsjár- og millifærslukerfi við stjórn efnahagsmála sem þá höfðu sýnilega gengið sér til húðar. Hann hafði haft hugrekki til að beita sér fyrir kerfisbreytingu sem sýnilega stefndi í rétta átt og var farin að skila árangri. Og Gylfi hafði ekki aðeins átt frumkvæði að breyttri og betri hagstjórn í landinu. Hann hafði líka breytt hugmyndum forystumanna Alþýðuflokksins í grundvallaratriðum, frá fylgispekt við ríkisrekst-

ur og áætlunarbúskap til aukins skilnings á yfirburðum markaðskerfis og frjálsrar samkeppni til að standa undir verðmætasköpuninni. Allt er þetta honum til hróss og mun auka veg hans og virðingu í vitund seinni kynslóða. En í pólitík uppskera menn ekki alltaf eins og til er sáð. Þegar viðreisnin féll árið 1971 hafði Gylfi setið á ráðherrastóli í fimmtán ár. Ímynd hans í vitund þjóðarinnar var rígskorðuð við viðreisnarsamstarfið. Það var farið að líta á hann sem hinn náttúrulega bandamann Sjálfstæðisflokksins. Honum tókst ekki á árum sínum í stjórnarandstöðu að breyta þessari ímynd. Hans pólitíska kapítal var að verulegu leyti upp urið. Það var kominn tími til kynslóðaskipta í íslenskrí pólitík. Og fyrstu vorboðar nýrra tíma voru farnir að láta á sér kræla.

### Heilsuspillandi skeytasendingar

Snemma um vorið bar til tíðinda að Gylfi Þ. Gíslason fór á yfirreið um landið til að ráða ráðum sínum við trúnaðarmenn um framboðsmál Alþýðuflokksins í komandi kosningum. Á ferð sinni um Vestfirði heiðraði formaðurinn skólameistarann á Ísafirði með því að heimsækja hann. Það fór vel á með okkur. Þar kom máli Gylfa að hann spurði hvort ég vildi hugleidda að fara í framboð fyrir Alþýðuflokkinn á Vestfjörðum. Það kom skýrt fram í máli hans að hann var ekki að bjóða fyrsta sætið. Ég hafði í aðra röndina lúmskt gaman af þessu, minnugur þess sem Gylfi sagði við mig áður en hann skipaði mig í embætti skólameistara, að tilskilið væri að ég hefði ekki afskipti af landsmálum. Nú var hann kominn í eigin persónu til þess að biðja mig að gera nákvæmlega það.

Það vafðist ekkert fyrir mér á þessum tíma að ég átti í öllum meginmálum málefnalega samstöðu með Alþýðuflokknum. Minn vandi var ekki af pólitískum toga – heldur persónulegum. Ég var í forsvari fyrir sameinuðum lista jafnaðarmanna í bæjarstjórn Ísafjarðar. Þar að auki hafði ég bundist persónulegum vináttuböndum, ekki einasta við Karvel Pálmason, arftaka Hannibals, heldur einnig þá sem mest kvað að í stuðningsmannaliði hans. Þar munaði mestu um mann eins og Valdimar Lúðvík Gíslason, bæjarfulltrúa Samtakanna í Bolungarvík. Við vorum miklir mátar og sama máli gegndi um aðra forystumenn samtakanna á Vestfjörðum eins og til dæmis Hjörleif Guðmundsson, formann verkalýðsfélagsins á Patreksfirði. Vitað var að Karvel ætlaði sér í framboð og jafnframt að hinir gömlu stuðningsmenn Hannibals á Vestfjörðum stóðu þétt að baki honum. Það var því úr vöndu að ráða. Við Gylfi skildumst með vinsemd, án þess að tal okkar leiddi til nokkurrar niðurstöðu.

Skömmu síðar dró til tíðinda sem þýddu að mér var að eigin mati ekkert að vanbúnaði lengur að gera upp hug minn. Björn Jónsson lýsti yfir stuðningi við Alþýðuflokkinn og Hannibal kom í kjölfarið, að vísu með eitthvað véfréttarlegra orðalagi. Ég varð hamslaus af bræði. Þetta voru mennirnir sem höfðu leitt dygga stuðningsmenn sína um land allt út í hreinar pólitískar ógöngur. Þeir höfðu gert hver mistökin á fætur öðrum. Þeir höfðu látið draga sig nauðuga viljuga inn í stjórnarsamstarf sem þeir höfðu fyrirfram enga trú á en báru samt fulla ábyrgð á. Þeir höfðu hlaupist frá þessu stjórnarsamstarfi og þar með afleiðingum gerða sinna. Þeir höfðu haldið því fram alla tíð að það yrði að halda liðinu saman uns sá tími kæmi að unnt væri að taka upp samningaviðræður við Alþýðuflokkinn á málefnalegum grundvelli. Þeir höfðu sagt öðrum að það væri pólitískt óraunsæi að fara einskipa inn í Alþýðuflokkinn því fólkíð í landinu væri einfaldlega ekki tilbúið til þess. Það mál yrði að hafa sinn eðlilega aðdraganda ef það ætti að bera árangur. Þeir vissu að þeirra nánustu og dyggustu stuðningsmenn, sem höfðu skapað þeim oddaðstöðu á þingi vorið 1971, til þess þá að einbeita sér að sameiningu jafnaðarmanna, voru þessar vikurnar að ganga frá framboðum um land allt. Þegar þeir höfðu klúðrað öllum málum sneru þeir baki við stuðningsmönnum sínum, án þess svo mikið sem að lyfta síma eða hafa samráð við nokkurn mann. Þeir skildu við liðið á strandstaðnum en skriðu sjálfir upp í björgunbátinn og létu sig hverfa. Hvað væri sagt um skipstjóra í íslensku sjávarplássi sem þannig hegðaði sér gagnvart áhöfn sinni á skipbrotsstað? Svárið er ekki prenthæft.

Og þegar ég stormaði niður á póststöð og hripaði niður á hnjám mér videigandi kveðjuorð til þeirra fóstbræðra, Hannibals og Björns, til að senda þeim í skeyti kom á daginn að Póst- og símamálastjórninni þótti textinn ekki sendingarhæfur. Erling Sörensen, símamálastjóri á Ísafirði, hringdi í mig og sagði að efni skeytanna hefði verið borið undir æðstu yfirmenn Pósts og síma. Niðurstaðan væri sú að pósthjónustan gæti ekki sent skeytin því að það varðaði við lög að ofbjóða heilsufari viðtakenda í skeytum sem pósthjónustan flytti. Í skeytinu til Björns hafði ég sagt, eftir að hafa þakkað honum fyrir samstarfið vel völdum orðum, „að nú væri eftir að sjá, hvor annan græfi“. Ég hafði gleymt því í bræðikastinu að Björn lá enn fárveikur á sjúkrahúsi.

Á þessari stundu gerði ég upp hug minn. Ég ákvað að taka annað sætið á lista Samtakanna á Vestfjörðum og berjast til síðasta manns. Ég vissi að framboðið þjónaði svo sem engum tilgangi, öðrum en þeim að koma Karvel á þing. En þetta var ekki lengur pólitik. Þetta var spurning um stolt – að láta ekki bjóða sér hvað sem er. Í raun og veru leið mér eins og dýri sem

hefur verið króað af og á sér ekki undankomuleið. En úr því að svo var komið var ég ákveðinn í að selja lífið dýrt.

### Vilmundarvitið

Það sem helst þótti tíðindum sæta á Vestfjörðum við kosningarnar 1974 var framboðslisti Alpýðuflokksins. Vösk sveit ungra manna skipaði efstu sæti listans: Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason og Bárður Halldórsson. Þeir voru þegar í stað uppnefndir upp á vestfirsku: Sighvatur, Orðhvatur og Bráðhvatur. Aðrir seildust lengra eftir líkingum sem áttu að hæfa þríeykinu og kölluðu þá *kamikaze* – sjálfsmorðssveit – í höfuðið á orrustuflugmönnum Japana á lokaspretti seinni heimsstyrjaldarinnar á Kyrrahafi.

Fyrirfram var ætlað að Vilmundur myndi leiða listann en niðurstaðan varð önnur. Vilmundur var nýlega kominn heim frá námi og farinn að láta að sér kveða í íslenskri blaðamennsku – og átti eftir að láta enn meira að sér kveða. Við þekktumst lítið sem ekkert á þessum tíma en ég mundi eftir honum sem kotrosknum skólastrák í félagsskap Magdalenu, systur Bryndísar. Það kom fyrir að þessi glaðværu skólasystkin fengu inni á Vesturgötunni undir því yfirskini að þau væru að gæta barna. Ég bar til hans góðan hug. Hann bar nafn Vilmundar landlæknis, sem verið hafði andlegur leiðtogi okkar Ísafjardarkrata í öndverðu, og var sonur Gylfa, en framganga hans í að breyta viðhorfum jafnaðarmanna í kenningu og praxis til nútíma hagstjórnar var mér hugstæð og þóknanleg. Engu að síður höguðu forlöggin því svo að þarna vorum við komnir í hörkupólitískan slag í vestfirskum stíl.

Sighvatur var sonur Björgvins Sighvatssonar, skólastjóra á Ísafirði. Björgvin var gamall samstarfsmaður Hannibals og hafði lengi verið forystumaður Ísafjardarkrata í bæjarmálum, auk þess sem hann var gamall kennari minn úr barnaskóla. Sighvatur var einbirni og ég hef það eftir bekkjarfélögum hans í verstöðinni að hann hafi þótt helst til dekraður. En honum var margt til lista lagt. Hann naut tónlistaruppeldis á Ísafirði og á menntaskólaárunum á Akureyri náði hann þeim frama á tónlistarbrautinni að spila í danshljómsveit á saxófón – eins og Bill Clinton. Að loknu stúdentsprófi reyndi Sighvatur fyrir sér í læknisfræði en missti af einhverjum ástæðum áhuga á því. Eftir það hvarf hann til margvíslegra pólitískra starfa á vegum verkalýðshreyfingarinnar og Alpýðuflokksins og gerðist síðan ritstjóri *Alþýðublaðsins* um skeið. Sighvatur var á þessum árum vel virkur blaðamaður, snjall áróðursmaður og skæður fundamaður í vestfirskum stíl. Við vor-

um báðir Ísafjarðarkratar. En það var eftir öðru, í þessari seinni tíma Sturlungu, að hér stóðum við hvor andspænis öðrum, gráir fyrir járnum, að verja pólitísk þrotabú feðra okkar. Syndir feðranna koma niður á börmunum, að minnsta kosti í annan lið.

Bárður Halldórsson var af þekktri íhaldsfjölskyldu vestra. Hann hafði hins vegar gerst kommúnisti á sellufundum hins norðlenska skóla, en námsdövl hans í Rúmeníu var ekki orðin löng þegar hann sá í gegnum svínarið, snerist harkalega gegn kommúnistum og gekk til liðs við Alþýðuflokkinn. Hann hafði kennt við Menntaskólann á Akureyri og var handgenginn Steindóri Steindórssyni, fyrrverandi skólameistara, sem sennilega hefur ekki latt hann til framboðs.

Vestfirðingum lék auðvitað mest forvitni á að kynnast dóttursyni Vilmundar landlæknis, sem enn var goðsagnapersóna í hugum margra vestra. Engum duldist að Vilmundur var áræðinn og ástríðuheitur. Hann var hins vegar enginn órator í vestfirskum stíl. Mér þótti Sighvatur sýnu skæðari sem andstæðingur á kappræðufundum. Vilmundur var að stiga sín fyrstu spor, átti erfitt með að hemja ræðutíma sinn við úthlutadan tíma og brann því stundum inni.

Ég hef ekki í annan tíma átt lakari málstað að verja í kosningabaráttu en í þetta skiptið. Ég hafði gengið nauðugur til þessa leiks af því að lágmarkskröfum um drengskap í mannlegum samskiptum hafði að mínu mati verið misboðið. En hvernig átti ég að verja feril ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem þeir Hannibal, Björn og Magnús Torfi báru fulla ábyrgð á? Sjálfur hafði ég gagnrýnt stefnuleysi og vandræðagang þessarar ríkisstjórnar af meiri hörku og af meira viti, að því er mér sjálfum fannst, en þeir stjórnarandstæðingar sem hér var við að eiga. En ef sverð þitt er stutt. – Þá gengurðu feti fram. Fyrst málefnaþingur var stutt – þá gekk ég feti fram í vægðarlausri gagnrýni á keppinautana og fylgdi henni gjarnan eftir með háði og spotti. Stundum gat ég ekki stillt mig um að stríða Vilmundi með frægri limru eftir Þorstein Valdimarsson:

*Gamla Vilmundarvitið  
er vitanlega orðið slitit  
á stöku stað  
svo þeir stiga ekki í það  
lengur kratarnir eins og þið vitið.*

Þetta var auðvitað þvert um hug mér því ég vissi sem var að gamla Vilmundarvitið var á sinum stað. Ég hafði hins vegar vissar efasemdir um hið nýja.

Á fundi á Patreksfirði lagði ég út af hinni glæsilegu sögu Ísafjarðarkratanna og Rauða bæjarins á gullöld þeirra. Með vísan til þeirrar sögu veittist ég harkalega að arftökum Hannibals í Alþýðuflokknum sem væri nú rötarslitinn og fól eftirlíking þess sem hann einu sinni var. Ég tók dæmi af hjaðningavigum arftaka Ísafjarðarkratismans í Alþýðuflokknum og Samtökunum og varpaði sökinni á forystumenn Alþýðuflokksins fyrir að hafa rekið stefnu sem hefði á endanum hrakið vinnandi fólk til sjávar og sveita á pólitískan vergang. Ræðan var orðin svo dramatísk að ég fann ekki aðra leið til að ljúka henni en að vitna í sjálfan Bólu-Hjálmar:

*Mínir vinir fara fjöld,  
feigðin þessa heimtar köld.  
Eg kem eftir, kannske í kvöld,  
með klofinn hjálm og rofinn skjöld,  
brynju slitna, sundrað sverð og syndagjöld.*

### Hannibal snýr aftur

Haustið 1974 spurðust þau hörmulegu tíðindi vestur að skólastjóri gagnfræðaskólans, Jón Ben Ásmundsson, sem var tiltölulega nýlega tekinn við skólastjórn og menn væntu góðs af, hefði farist í bílslysi þar sem hann var á ferð á Norðurlandi. Heimamönnum þótti úr vöndu að ráða að finna mann á yfirstandandi skólaári til að taka við skólastjórn, með svo litlum fyrirvara. Enn á ný fóru gamlir nemendur Hannibals á kreik.

Frá og með kosningunum 1974 hafði Hannibal látið af þingmennsku, eftir tuttugu og átta ára þingferil. Hann var því sestur í helgan stein, sjötíu og eins árs að aldri. Í þetta skiptið leitudu Ísfirðingar ásjár hjá Hannibal og báðu hann um að taka við skólastjórn í sínum gamla gagnfræðaskóla það sem eftir væri skólaársins. Eftir nokkrar fortölur varð gamli maðurinn við þessari liðsbón. Skömmu síðar settust foreldrar mínir að til bráðabirgða á Ísafirði þar sem ég var fyrir sem skólameistari menntaskólans og bæjarfulltrúi. Þorpið, sem hafði reynst of lítið fyrir okkur báða, varð nú að rúma okkur báða.

Ég hafði tekið stuðningsyfirlýsingu Hannibals við Sighvat og Alþýðuflokkinn, og þar með gegn okkur Karvel, fyrir kosningarnar 1974 óstinnt upp. Þar að auki hafði hann bætt gráu ofan á svart með því að gera meinta hjákonu sína að aðstoðarmanni sínum í félagsmálaráðuneytinu og þannig látið sér sæma að særa og vanvirða móður mína, konu sem hafði fórnað öllu fyrir hann og fjölskylduna og staðið með honum í blíðu og stríðu öll

Þessi ár. Þegar þetta gerðist hafði ég flogið suður og sótt móður mína, sem var í sárum, og setið með henni fram á nótt á hótélherbergi þar sem ég lagði fast að henni að láta ekki bjóða sér þessa framkomu og segja skilið við þennan mann. Ég hafði gert ráðstafanir til að hún flyttist vestur til okkar Bryndísar. En það var eins og fyrri daginn. Þegar hann grátbað hana, nánast á hnjúnum, að fyrirgefa sér varð hennar særða stolt einfaldlega að vikja fyrir þeirri ofurást sem hún hafði á þessum manni. Eftir þetta hætti ég hins vegar að þekkja Hannibal og heilsaði honum ekki einu sinni á götu, þótt hann yrði á vegi mínum.

En gamli skólamaðurinn lét engan bilbug á sér finna. Um hátíðarnar, skömmu áður en hann tók aftur við skólastjórninni, hafði það borið til tíðinda að skólasel gagnfræðaskólans, Birkihlíð, hafði verið brotið og bramlað. Spellvirkjarnir höfðu meira að segja notað afsagaðar haglabyssur til þess að hreinsa úr húsinu allar rúður og jafnvel gert tilraun til að kveikja í því. Grunur lék á að nemendur gagnfræðaskólans hefðu verið þarna að verki, þótt enginn lýsti sök á hendur sér. Málið var kært til lögreglu sem stóð ráðalaus og gat ekki upplýst málið. Þá tók gamli skólastjórinn til sinna ráða. Honum varð tíðförult um ganga skólans þar sem hann tók nemendur tali og spurði sakleysislegra spurninga um skíðaferðir, útivist og skemmtanir nemenda yfir hátíðarnar. Smám saman fékk hann næga vitneskju um hverjir úr röðum nemenda væru líklegastir til að hafa verið á ferli inni í „skógi“, þar sem Birkihlíð stóð. Loks kallaði hann nokkra rummungsstráka úr efri bekkjum fyrir sig á teppið og fékk þá með fortölum til að játa á sig verkið. Því næst kallaði hann foreldrana fyrir sig, sem endaði með því að þeir féllust á að bæta skaðann.

Hannibal hafði ekki það eitt í huga að fá skaðann bættan fjárhagslega. Hann skikkaði foreldra og nemendur til að endurreisa húsið í sjálfbodavinnu og setti handavinnukennarann yfir vinnuna sem verkstjóra. Hann var minnugur þess að á kreppuárunum höfðu kennarar og nemendur gagnfræðaskólans lagst á eitt í sjálfbodavinnu við að byggja skálann. Þeir höfðu borið efni og aðföng á sjálfum sér því enginn ökufær vegur var upp að Birkihlíð sem stóð hátt í hlíð. Síðan höfðu þeir byggt húsið með eigin höndum. Nú höfðu nemendur þessa sama skóla orðið til þess að leggja húsið í rúst. Þeim bar því sjálfum að bæta fyrir það – og ekki bara borga fyrir það. Þessi saga flaug víða um bæinn og þótti staðfesta að gamli skólastjórinn væri ekki enn dauður úr öllum æðum.

Hitt er svo annað mál að þegar handavinnukennarinn framvísaði reikningi fyrir vinnu sína brást Hannibal ókvæða við. Sjálfur hafði hann tekið þátt í að byggja Birkihlíð og Alþýðuhúsið í sjálfbodavinnu á kreppuárun-

um. Á hinn bóginn hafði það verið hans ævistarf sem verkalýðsleiðtoga að berjast fyrir bættu kaupum og kjörum vinnandi fólks samkvæmt þeim orðskviði biblíunnar „að verður væri verkamaður launa sinna“. Handavinnukennarinn þekkti bara verkalýðsforingjann en ekki hugsjónamanninn, sem báðir bjuggu í sömu persónunni.

Einn góðan veðurdag, fáeinum vikum síðar, kom ég heim þangað sem við bjuggum þá uppi á heimavist, rétt fyrir kvöldmatinn. Ég sá að það voru komnir gestir. Foreldrar mínir sátu í stofunni með hvítvinsglas sér við hönd á spjalli við Bryndisi. Þegar ég birtist lyfti Bryndis glasi og bað mig að skála og bjóða foreldra mína velkomna í bæinn. Ég hlýddi. Alltaf þurfti þessi kona að hafa vit fyrir mér þegar á reyndi.

### Andleg sjóferðabók

Eftir að Hannibal var allur, 1991, þurftum við systkinin að eyða tíma í að fara í gegnum bókasafn hans og búa það til flutnings. Bókasafnið bar þess óneitanlega merki hversu mikið drasl hleðst upp í kringum stjórnsmálsmenn, ef þeir temja sér ekki klíniskan aga við að fleygja miskunnarlaust: *Stjórmatíðindi* (reglugerðirnar), *Alþingistíðindi* (bullið), skýrslurnar (snúðið) og hestburðir af útburðarvæli sérhagsmunahópa. Það er varla til svo aumur félagsskapur í landinu að hann manni sig ekki upp í að sækja um styrk. Vont var það en sannleikurinn er sá að þetta hefur versnað um allan helming.

Á hverju þreifst þá maðurinn andlega? Ljóðum, sýnist mér. Ljóðabækur eru óförgengilegasti hluti bókasafnsins og ljóðabækurnar voru lesnar, margar velktar og lúnar – greinilega oft til þeirra leitað: Jónas, Einar Ben., Matthías, Steingrímur Thorsteinsson, Hannes Hafstein, Þorsteinn Erlingsson, Stephan G., Davíð, Tómas, Steinn, Magnús Ásgeirsson. Nefndu þá og þeir eru þarna. Og hann hefur aldrei snúið við þeim bakinu: Jóhannes úr Kötlum, Snorri Hjartarson, Þorsteinn Valdimarsson, Kristján frá Djúpalæk, Ólafur Jóhann, Hannes Pétursson. Meira að segja stöku ungskáld á stangli, líklega fyrir forvitni sakir. Það hefur margur komist af með minna – eftir á að hyggja. Auðvitað eru þeir þarna líka Kiljan, Þórbergur og Hagalín og talsvert af dönskum (norrænum) skönlitteratúr og norskri pólitik. (Ritstjóri *Arbeiderbladet*, Rolf Gerhardsen, bróðir Einars forsætisráðherra, var vinur hans). Alþýðusambandsdagfræði frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og pólitískar ævisögur hinna stóru í norrænni sósíaldemókratíu: Stauning, Gerhardsen, Erlander, Hedtoft og fleiri og fleiri. En ekki stafkrókur um marxisma eða Sovétrúboð af neinu tagi. Allt í tærum kratisma. Og þó

nokkuð af skandinavísk-ættuðum andkommúnisma, einkum frá því eftir stríð. Bládamennska er fylgikona stjórnmalanna. Þarna er talsvert af innbundnum blöðum, sumum fásenum: *Alþýðublaðið* (í frumbersku), *Njörður*, *Skutull*, *Nýtt land* (frá Héðni), *Landsýn*, *Friðs þjóð*, *Útsýn* I og II, *Verkamadurinn*, *Vestri* og áfram í það endalaus. Merkilegt. Öll þessi blöð – til hvers? Kvikna, lifa um skeið, deyja. Gleymd og grafin öðrum en sérvitringum og söfnurum. En Mogginn blifur – meðan lík keppinautanna forðum daga hlaðast upp við vegkantinn.

Bókasafn segir gjarnan sína sögu um eigandann. Kannski er ofmælt að kalla það spegil sálarinnar, en andleg sjóferðabók er varla ofmælt. Segðu mér hvað þú lest og ég skal segja þér hver þú ert. Margt var það í bókasafninu sem minnti mann á fallvaltleik heimsins og hverfuleik tímans. Kosningar sem kveiktu eldheitar ástríður – og svo er eins og ekkert hafi gerst. Sakargiftir og svikabrigsl – út af hverju aftur? Úrklippusafn þar sem haldið er til haga „mannkostum“ bókasafnarans – séðum með augum andstæðinganna. Þarna las ég að Hannibal hefði verið: ofbeldisseggur, Dana-sleikja, landráðamaður, lýðskrumari, loddari, vindhani, skoðanavingull, skapofsamaður og dómgreindarlaus flumbrari.

Gleymi ég einhverju?

Það vottar fyrir andlegri vanlíðan þegar maður rifjar þetta upp. Þurfa hinir bestu menn virkilega að eyða ævi sinni í að berja á þursum af þessu tagi? Verður virkilega ekki hjá því komist?

Ekki svo að skilja að Hannibal hafi boðið hinn vangann. Hann galt líku líkt.

Þetta bókasafn sagði sögu íslensks jafnaðarmannaleiðtoga í hálfu öld. Hann starfaði í Alþýðuflokknum og verkalyðshreyfingunni með góðum árangri í þrjá áratugi. Svo hraktist hann frá flokknum. Það var ógæfa beggja. Gerði bandalag við andstæðinga sína (kommúnista) og gaf þeim þannig pólitískt framhaldslíf – til þess að lifa sjálfur af. Gerði að lokum upp sakir við þá. Stofnaði smáflokk. Vann kosningasigur. Tókst ekki að nýta hann. Tvær skammæjar ríkisstjórnir sem hrökklast frá völdum.

Hvers vegna? Þetta var hæfileikaríkur stjórnmalamaður. Hann var vel menntaður á sinnar tíðar mælikvarða. Kennari af hugsjón. Heillandi ræðumaður. Ritfær vel. Vinnuhestur. Heiðarlegur fram í fingurgóma. Sjarmör. Dáður af alþýðu manna – hataður af andstæðingum framan af, sem fundu að hann var hættulegur. Með öðrum orðum rifandi gangur – eins og vera ber hjá Vestfirðingi.

En hvað þá? Hann var íslenskur jafnaðarmaður á pólitískri skálmöld. Hver foringinn öðrum fremri: Jón Baldvinsson, Héðinn, Vilmundur land-

læknir, Haraldur, Emil, Hannibal, Gylfi – nefnið mér þann flokk sem hefur haft á að skipa slíku mannvali. En flokkurinn hefur aldrei kunnað að meta þá að verðleikum og aldrei lagt neina rækt við sögu sína. Og foringjarnir báru ekki gæfu til að varðveita fjöreggið – samstöðuna. Þess vegna fóru orkan og tíminn, þetta tvennt sem verðmætast er, mestan part í innbyrðis átök. Félagshyggjan fyrirfinnst nefnilega aðallega hjá íhaldinu – það er „hlutafélagshyggjan“, sem skilar arði. Einstaklingshyggjan, garpskapurinn, er til vinstri. Og sundraðir féllu þeir, hver um annan þveran. Með glæsibrag. Þetta var svona „Verðun“ vinstri hreyfingarinnar.

Hvenær skyldu þar sjást grónir akrar og slegin tún?

### Pólitískur farandsirkus

Á skólameistaraárum mínum vestra tók ég í tvisgang þátt í hinum pólitíska farandsirkus frambjóðenda á Vestfjörðum fyrir alþingiskosningar (1974 og 1978), auk þess sem ég háði tvennar bæjarstjórnarkosningar fyrir sameinadan lista jafnaðarmanna á Ísafirði. Þessi pólitíski farandsirkus varð frægur að endemum þegar Ómar Ragnarsson sýndi landsmönnum hann í sjónvarpi frá fundi á Þingeyri. Það var sem betur fer eftir minn dag. Matthías Bjarnason, Steingrímur Hermannsson og Karvel Pálmason birtust alþjóð í gervi trúða þar sem þeir klæmdust hver við annan um högna og læður í minkabúum og mátti ekki á milli sjá hver fékk háðulegasta útreið.

Matthías Bjarnason, sjávarútvegs- og heilbrigðisráðherra (1974–1978 og 1983–1987), var oddviti þeirra sjálfstæðismanna á þessum fundum á minni tíð. Á uppvaxtarárum mínum á Ísafirði rak hann bóka- og ritfangaverslun, þótt ég sé ekki til frásagnar um hvers konar bókmenntir hann hafði á boðstólum og hafi mínar efasemdir um það. Kratar versluðu nefnilega ekki þar heldur við bókaverslun Jónasar Tómassonar, sem var okkur þóknalegri. Fyrir utan verslunarreksturinn var Matthias framkvæmdastjóri Djúpbátsins sem kom honum í pólitískt jarðsamband við Djúpbændur. Síðar var hann í forsvari fyrir vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, sem tengdi hann hagsmunum útgerðarmanna í fjórðungnum.

Matthías þótti alla tíð harður í horn að taka í sinni pólitík, enda nefndi hann ævisögu sína *Járnkarlinn*. En það voru ekki hvað síst samherjar hans innan Sjálfstæðisflokksins sem urðu fyrir barðinu á honum. Smám saman tókst honum að stjaka þeim frá sem sátu á fleti fyrir frama hans: Kjartani Jóhannssyni lækni, Ásberg Sigurðssyni forstjóra, Gísli Jónssyni frá Bildudal (bróður Guðmundar Kamban skálds) og ná forystunni í sínar hendur, fyrst í bæjarfélaginu og síðan í fjórðungnum eftir kjördæmabreytinguna

1959. Matthías hafði um sig harðsnúid lið sem innan Sjálfstæðisflokksins gekk undir nafninu „svarta klikan“.

Það var á allra vitorði að fullur fjandskapur var milli Matthíasar og Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, keppinautar hans, en Þorvaldur skipaði jafnan annað sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum. Matthíasi var jafnvel meira í mun að halda Þorvaldi Garðari fyrir aftan sig en að klekkja á andstæðingunum. Á fundum þótti Matthías harðskeyttur og persónulega illskældinn, ef svo bar undir. Hann stærði sig af því að vera ötull fyrirgreiðsluþingmaður, enda voru meint afrek hans á því sviði fyrirferðarmeiri í ræðum hans en rökræður um landsmálin sem fóru mestan part fyrir ofan garð og neðan. Matthías átti það þó til að segja kostulegar sögur til að skemmta fundarmönnum. Til dæmis gerði hann það að sérgrein sinni að stríða Kjartani Ólafssyni Þjóðviljaritstjóra, sem var frambjóðandi Alþýðubandalagsins, með þeim félögum Jósep Stalín og Beria, böðli hans, sem Matthías taldi að væru hægra megin við Kjartan og mun frjállyndari. Þegar leið á þessa fundaleiðangra var talsvert af Matthíasi dregið því hann var heilsutæpur og hafði hvorki úthald né þrek til að standa í þessum mannraunum.

Það verður að segjast eins og er að á níunda áratugnum brugðust liðsoddar íhalds og Framsóknar á Vestfjörðum umbjóðendum sínum í því hvernig þeir héldu á kvótamálinu fyrir hönd Vestfirðinga. Bæði Steingrímur Hermannsson og Matthías þóttust vera á móti kvótakerfinu og töldu að það yrði ekki til frambúðar. Forystumenn í atvinnulífinu virðast hafa treyst þeirri leiðsögn. Afleiðingin var sú að Vestfirðingar lögðust í andóf gegn kvótakerfinu, sem var fyrirfram tapað stríð, í stað þess að nýta sína sterku stöðu í upphafi til að spila á kerfið eins og til dæmis Norðlendingar gerðu. Þetta voru afdrifarík mistök. Vestfirðingar hafa ekki borið sitt barr síðan – og hafa glatað forystuhlutverki í sjávarútveginum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt um þennan forystusauð íhaldsins á Ísafirði og það sem hann stóð fyrir lét ég segja mér það þrem sinnum að Ólafur bróðir minn hefði gerst formaður fyrir félagsskap sem hét, ef ég veit þetta rétt, Félag sjálfstæðisbænda í Ketildalahreppi. Á þessum árum stóð Ólafur fyrir fjárbúi Hannibals í Selárdal í Ketildalahreppi við Arnarfjörð. Ég get ekki að því gert að ég flokkaði þetta undir einhvers konar kórvilleu á Vestfjörðum í kiljönskum stíl. Í þeirri dæmisögu Kiljans segir frá fólki sem var þeirrar náttúru að það mátti ekki fara út fyrir túnfótinn því að þá rataði það ekki aftur heim.

Þorvaldur Garðar var allt annarrar gerðar en Matthías. Hann hafði á ungum aldri staðið framarlega í flokki með ungum jafnaðarmönnum, enda

alinn upp undir handarjaðri Ásgeirs Ásgeirssonar, sem þá var þingmaður Vestur-Ísafirðinga á vegum Alþýðuflokksins. En hann skipti um lið af þeim hyggindum sem í hag koma. Þorvaldur Garðar var ötull að heimsækja öll byggðarlög í kjördæminu og þekkti því vel til manna og málefna. Hann var málefnalegur í ræðum sínum en hætti til að vera um of hátiðlegur og beitti sjaldan fyrir sig glensi eða gamanmálum. Þorvaldur Garðar lauk löngum þingferli sem forseti Alþingis. Það er sammæli flestra sem þá sátu á Alþingi að hann hafi reynst vera besti forseti Alþingis um okkar daga.

### Hermannssyni kippir í kynið

Leiðtogi framsóknarmanna í þessum kosningum á Vestfjörðum var Steingrímur Hermannsson. Steingrímur var hermannlegur á velli og kippti því í kynið til föður síns sem var nánast hafður í guðatölu meðal dyggra framsóknarmanna á Ströndum, eftir að hann felldi Tryggva Þórhallsson forsætisráðherra í kosningum í Strandasýslu árið 1934. Á því leikur ekki vafi að Steingrímur naut föður síns þegar hann var að brjótast til mannaforráða meðal framsóknarmanna á Vestfjörðum undir lok viðreisnartímabilsins. En það fór líka annað orðspor af Steingrími sem féll ekki eins vel í kramið á Vestfjörðum. Hann var stundum uppnefndur „Denni dæmalausi“ – og lýst sem dekurdreng sem væri fæddur með silfurskeið í munnum og gott ef ekki uppallinn í aftursæti á ráðherrabil. Meira að segja Matthías Bjarnason varaði við Steingrími sem „amerikaniseruðum“ hægri manni.

Sem ræðumaður var Steingrímur yfirleitt málefnalegur en fremur sléttur og felldur í tali og helst til bragðdaufur fyrir minn smekk. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem Steingrímur upplýsir í ævisögu sinni að hann hafi lært ræðumennsku af handbókum amerískra vinsældahönnuða. Ég er ekki viss um að Dale Carnegie hefði spjarað sig vel á vestfirskum framboðsfundum. Mér heyrðist á þessum fundum að pólitískar hugmyndir Steingríms rúmuðust nokkurn veginn í tveimur setningum: Skipulagshygja í atvinnumálum og niðurtalning verðbólgunnar í áföngum. Sumir frambjóðenda virtust jafnvel komast af með minna. Að svo miklu leyti sem hugtakið skipulagshygja var yfirbreiðsla yfir gamaldags fyrirgreiðslupólitik og niðurtalningin máttvana kukl gegn sjálfvirkum visitölum víxlhækknaverðbólgu, þótti mér fremur lítið til hvors tveggja koma. En við, keppinautar Steingríms á þessum árum, höfðum yfirleitt tilhneigingu til að vanmeta hann. Það sem okkur kom fyrir sjónir sem barnaskapur – jafnvel einfeldni – verkaði oft á áheyrendur sem einlægni til eftirbreytni. Þegar Steingrímur sagðist hafa verið „plataður“ í togarakaupamálum var það ekki lagt út

honum til lasts. Höfum við ekki öll einhvern tíma verið „plötuð“ – án þess að þora að viðurkenna það? Verkfræðimenntun Steingríms og einlægur áhugi hans á ýmsum framfaramálum reiknaðist honum líka til tekna.

Steingrímur talar heldur óvirðulega um Hannibal í ævisögu sinni. Hann má því gjarnan vita að þegar Steingrímur lá undir ámæli í svokölluðu „grænu-baunamáli“ fyrir kosningarnar 1971 fyrirbauð Hannibal sínu fólki að nota það til árása á Steingrím. Ef til vill vildi hann forðast að gera Steingrím að pislarvotti. En sjálfur bar Hannibal við fornri vináttu sinni við Hermann, föður Steingríms.

Ég dró hvergi af mér allan „framsóknaráratuginn“ í gagnrýni minni á úrelt ríkisforsjárkerfi og fylgispekt framsóknar við grútarbræðsluhagfræði Alþýðubandalagsins sem engum árangri skilaði. Steingrímur átti síðar eftir að viðurkenna að Alþýðubandalagið, sem var fylgihnöttur Framsóknar í ríkisstjórnnum (1971–1974, 1978–1979 og 1980–1983) væri, eins og hann orðaði það, „ósamstarfshæft í ríkisstjórn sem ætlaði að ráða niðurlögum verðbólgunnar“. Og viðskilnaði ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, þar sem Steingrímur gegndi aðalhlutverki sem flokksformaður og ráðherra, lýsti hann þannig að hann „einkenndist af óðaverðbólgu og stjórnleysi“.

Löngu síðar, örlagaríka daga haustið 1988, áttum við Steingrímur eftir að sverjast í pólitískt fóstbræðralag og starfa saman í ríkisstjórn með góðum árangri. Sú ríkisstjórn réð loksins niðurlögum verðbólgunnar og orðstír hennar verður skráður í sögubækur sem einhverrar frjálslyndustu umbótastjórnar lýðveldissögunnar. Sá árangur náðist annars vegar í góðu samstarfi við verkalyðshreyfingu og vinnuveitendur um þjóðarsátt, undir forystu Steingríms sem forsætisráðherra, og hins vegar í krafti þeirrar kerfisbreytingar í frjálsræðisátt sem náðist á þessu stjórnartímabili að frumkvæði okkar jafnaðarmanna. Báðir mega vel við una. Steingrímur reyndist í stjórnarsamstarfi traustur verkstjórnarmaður, laginn samningamaður og orð- heldinn samstarfsmaður. Ég átti því eftir að skipta um skoðun á Steingrími í ljósi reynslunnar af samstarfi við hann. Og það held ég að hafi verið gagnkvæmt.

### Bræðravígin eru verst

Í kosningabaráttunni 1974 ákvað ég að nota tækifærið til að heimsækja frændur mína í Melasveit, það er að segja í Kaldbaksvík, á Gjögri og í Trékyllisvík. Forfedur mínir í föðurætt bjuggu lengi að Melum í Trékyllisvík og að Eyri í Ingólfsfirði og þaðan hefur ættin dreifst víðar um þessar sveitir. Áður en ég sneri heim í áttagana kynntist ég vel Ólafi Guðmundssyni frá Melum í Trékyllisvík, en hann rak efnalaug við Vesturgötuna og var

eins konar óopinber sendiherra byggðarlagsins í Reykjavík. Mér sýndist vera sterkur ættarsvipur með þeim Ólafi og Finnboga Rúti, föðurbróður mínum. Einhvern tíma snæddum við saman á Naustinu, Ólafur, tengdafaðir minn, Björgvin Schram, og vinur hans, Kiddi í Kiddabúð, sem þá var viðskiptahöldur í Reykjavík. Yfir þessum málsverði var ég kominn langleiðina að fá þá Björgvin og Kidda til að kaupa Furufjörð á Ströndum fyrir milligöngu Ólafs frænda. Þar þóttist ég sjá fyrir mér að gott væri undir bú að sumarlagi og með trillu í vörinni. Því miður láðist að þinglýsa þeim samningum.

Eftir fund á Hólmavík skaut einhver góður krati undir mig bíl til að komast þessar torfærur um Balafjöll og Kaldbak norður í Trékyllisvík. Það var niðdimm þoka alla leiðina þannig að ferðin sóttist nokkuð seint. Þegar ég var að nálgast áfangastað tókst ekki betur til en svo að ég þurfti að snarhemla til að keyra ekki niður mann sem allt í einu gekk út úr þokunni og hafði verið að dytta að girðingum. Maðurinn tók yfirvofandi lífsháska stillilega og sat með mér í bílnum nokkurn spöl heim á hlað og bauð mér síðan inn. Þegar útidyrum var upp lokið blasti við, við enda gangs, mynd af Lúðvík Jósepssyni í fullri líkamsstærð. Mér var boðið til stofu og varð það á að reka hnén í lítið sófaborð en þá hrundu þar undan heilu árgangarnir af *Austurlandi*, málgagni kommúnista á Norðfirði. Þegar húsfreyja birtist og bar okkur veitingar þótti mér ekki einleikið hversu sterklega hún bar svip af Lúðvík Jósepssyni. Þarna var þá komin hálf systir Lúðvíks, Oddný Einarsdóttir. Hún hafði brugðið sér á síld á yngri árum til Djúpuvíkur og fellt þar hug til ungs Vestfirðings, Benedikts Valgeirssonar, og gerst búkona á Ströndum. Ég átti svo sem ekki von á að hitta fyrir marga krata í þessum leiðangri en heldur ekki því að njóta óboðinn gistivínattu systur Austfjarðagöðans.

Þegar komið var á fundarstað var allt fullt út úr dyrum. Konur mættu þar með hvítvöðunga og gáfu þeim brjóst eða sátu við hannyrðir meðan frambjóðendur létu móðan mása. Fundurinn stóð frá klukkan tvö eftir hádegi til níu um kvöldið en þá voru seinustu forvöð að tygja sig af stað til að ná næsta fundi daginn eftir. Ég þóttist vita að þarna leyndust margir frændur mínir en þekkti þá enga í sjón. Fundurinn snerist brátt upp í einvígi milli okkar Sighvats. Þegar hinir settlegri frambjóðendur, eins og Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Gunnlaugur Finnsson frá Hvilft töluðu, fóru karlarnir gjarnan út undir vegg að snússa sig en komu inn aftur þegar einvígið hófst á ný milli okkar Sighvats. Ég heyrði einn þeirra segja stundarhátt þegar Sighvatur byrjaði: „Jæja, nú byrjar leikarinn.“ En þegar kom að mér að stíga í stólinn sagði hann: „Við megum ekki missa af þessari

skemmtun.“ Þetta reyndist vera náinn frændi minn, Guðmundur Jónsson frá Melum. Hann var ekkert að skafa utan af hlutunum þegar við tókum tal saman eftir á. Hann sagði:

„Það væri nú vegur að styðja þig, frændi, ef þú værir ekki riðandi berbakt fyrir aftan bakið á þessum gapuxa úr Bolungarvík,“ og áttu við Karvel Pálmason.

Þarna gneistaði aðallega af atgangi þeirra sem allra hluta vegna hefðu átt að standa saman. Við áttum fundinn – en Framsókn og íhaldið átti atkvæðin. Bræðravígin eru verst.

Annað sem situr eftir í minni mínu frá þessum fundi var framlag heimamanna. Ekki dugði minna en tveggja tíma hlé, að loknum framsöguræðum, fyrir heimamenn að taka til máls. Oft hef ég dáðst að hæfileikum óbreyttra alþýðumanna til þess að tjá hugsun sína og flytja mál með framþærilegum hætti en sjaldan meir en þarna. Nú man ég ekki nöfn ræðumanna þótt ég þykist viss um að Guðmundur Valgeirsson frá Bæ hafi verið í þeirra hópi. Einn ræðumanna, sem beindi til mín spurningu, vitnaði í ummæli sem ég hafði viðhaft í útvarpsþætti átta árum áður, fór með tilvitnun upp á stað og stund og spurði síðan um efnið, vegna þess að honum heyrðist ég hafa skipt um skoðun. Annar vitnaði í greinar sem birst höfðu í *Friðsri þjóð* og í *Morgunblaðinu*, í bæði skiptin með dagsetningu og hárrétt farið með tilvitnanir. Þarna var ekkert verið að bera fyrir sig orð eins og „að mig minnir“, „eftir því sem mér heyrðist“ eða „að því er sagt var“. Þetta var allt upp á punkt og prik eins og hjá vöndudustu fræðimönnum. Í þéttbýlinu erum við fyrir löngu orðin því vön að sibyljan í fjölmiðlunum fari inn um annað eyrað og út um hitt. Ekki svo á Ströndum. Þar hlusta menn í næði, lesa af einbeitni og hugsu málið. Og menn mega búast við því að þurfa að standa fyrir máli sínu jafnvel þótt áratugur eða tveir séu liðnir frá því að þau orð féllu. Það er eins gott að fara ekki með neitt fleipur við þessa kalla.

Niðurstaða kosninganna 1974 á Vestfjörðum varð sú að Karvel náði kjöri með Magnús Torfa Ólafsson á bakinu sem uppbótarmann. Sighvatur náði kjöri en Vilmundur sneri aftur suður til að halda stríðinu áfram. Ég gerði mér fulla grein fyrir því að varnarsigur okkar Karvels í þröngri stöðu þjónaði nánast engum pólitískum tilgangi, enda voru dagar Samtakanna taldir, þótt útförin færi fram síðar. Þegar kosningaúrslitin lágu endanlega fyrir kom á daginn að varabingmenn tvíeykisins í þingflokki Samtakanna. Þeir voru Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Ragnar Grímsson, sem hafði háð snarpa kosningabaráttu á Austfjörðum og hlotið meira fylgi en flestir spáðu fyrirfram.

Pótt þingflokkur Samtakanna væri fámennur hvarf hann ekki með öllu af radarskjá stuðningsmanna vilt og breitt um landið. Það má helst þakka Elíasi Snæland Jónssyni sem gerðist um hrið starfsmaður þingflokksins og ritstýrði málgagni hans, *Þjóðlífi*, með myndarbrag, enda þá þegar orðinn þrautreyndur og afkastamikill blaðamaður eins og seinna kom á daginn bæði við *Dagblaðið* og *Dag-Tímann*, sem Elías Snæland ritstýrði af fagmennsku og atorku.

### Farsinn um fyrirgreiðslupotarann

Fyrir kosningarnar 1978 bættist nýr frambjóðandi óvænt í framboðssirkusinn á Vestfjörðum þar sem var Bjarni Pálsson, skólastjóri á Núpi. Bjarni bauð sig fram fyrir hönd Samtakanna og neitaði þar með að viðurkenna þá augljósu staðreynd að þeirra tími væri liðinn. Bjarni er af séra-Árna-Þórarinssonar-kyninu og er, eins og margir af þeirri ætt, húmoristi af Guðs náð. Þegar framboðsfundur var haldinn á Hólmanvík hafði Bjarni fyrir misskilning ekið í loftköstum að Króksfjarðarnesi og kom þar að tómunum kofanum. Áður en Hólmanvíkurfundi lauk náði Bjarni með naumindum þangað. Hann fór inn í húsið að aftanverðu og upp á svið þar sem leiktjöld höfðu verið dregin fyrir baksviðs. Frambjóðandinn var lengi að fálmast eftir rifu á leiktjöldunum sem endaði með því að ég stóð upp og lyfti tjaldinu og leiddi frambjóðandann unga fram á sviðið og kynnti fyrir fundarmönnum. Skömmu áður en Bjarni átti að fara í ræðustól hnippi hann í mig og spurði:

„Þú ert svo asskoti vel að þér um þessi efnahagsmál; áttu ekki einhvern ræðubút til að lána mér um þau – maður verður að hegða sér eins og alvöru frambjóðandi – er það ekki?“

Framboðsfundir í Bolungarvík eru með sérstöku sniði. Á þessum árum háttaði svo til að Einar Guðfinnsson, guðfaðir plássins, birtist jafnan ásamt fjölskyldu sinni og settist á fremsta bekk. Svo mikla virðingu báru Bolvíkingar fyrir gamla manningnum að enginn þorði að setjast hið næsta fjölskyldunni heldur höfðu menn tvo bekkir auka milli ættarhöfðingjans og annarra fundargesta. Þarna var Karvel Pálmason á heimavelli. Karvel hafði hátt og fór mikinn um allar þær tillögur sem hann hefði flutt um fjárveitingar í vegi, brýr og hafnir, sem því miður höfðu allar verið stráfelldar.

Bjarni talaði næstur og setti á svið kostulega paródíu af hinum vinsæla fyrirgreiðslupingmanni. Hann sagðist ekkert skilja í því hversu lítillægur Karvel væri í tillöguflutningi sínum um góð mál. Ef hann, Bjarni, hefði verið í sporum Karvels þá hefði hann að sjálfsögðu flutt tillögur um nýjar hafnir í hverri vik, um tvíbreiðar brýr yfir allar ár og bogabrýr yfir alla firði

og sundlaugar í hverju plássi og flugbrautir við hvern bæ og göng í gegnum hvert fjall. Minna mætti ekki gagn gera til að risa undir nafni sem almennilegur fyrirgreiðslupotari. Og þegar hann hefði flutt allar þessar tillögur og þær hefðu allar verið stráfelldar, þá væri kominn tími til að koma heim til Bolungarvíkur og hafa hátt og benda á hina þingmennina:

„Og hérna megið þið nú lita þessa ólánsmenn, þessa gagnslausu sendisveina sem stráfelldu allar þessar sjálfsgöðu tillögur og dirfast svo að koma fram fyrir ykkur og betla af ykkur atkvæði – fyrir ekki neitt.“

Það var djúp þögn. En þegar það barst aftur í salinn að meira að segja sjálfum Einari Guði væri skemmt ætlaði salurinn allt í einu að rifna úr hlátri.

Kosningabaráttan á Vestfjörðum er háð í hefðbundnum stíl. Frambjóðendur efna til kappræðna á að minnsta kosti fjórtán fundarstöðum. Reynt er að hespa þessu af á sem skemmstum tíma, þar sem tveir efstu menn hvers lista skipta með sér verkum að sækja og verja málstaðinn. Þess vegna eru stundum haldnir tveir fundir sama daginn. Leitast er við að tefla fram heimamönnum í hverju plássi ef þeir eru á framboðslistum. Að loknum framsöguræðum er gjarnan gert hlé til að heimamenn geti tekið til máls eða notað tækifærið og yfirheyrt frambjóðendur.

Vestfirðir eru ekki auðveldir yfirferðar þótt í blíðskaparveðri sé, hvað þá heldur þegar allra veðra er von. Stundum fara menn akandi ef vegir eru færir. Ella er flogið í litlum rellum. Þá er oft þröngt setinn bekkurinn hjá þessum farandsirkus en þröngt mega sáttir sitja, þótt þeir hafi hvergi spar að stóryrðin hver um annan þegar á vígvöllinn var komið.

## Ólafur Ragnar á refilstigum

Ég á engar minningar um Ólaf Ragnar Grímsson frá uppvaxtarárunum á Ísafirði. Þótt faðir hans, Grímur rakari, byggði og starfaði á Ísafirði og léti mikið af sér kveða í bræðralagi krata mun Ólafur hafa verið vistaður mestan part hjá afa sínum og ömmu á Þingeyri á uppvaxtarárunum. Ólafur er einni menntaskólakynslóð yngri en ég svo að leiðir okkar lágu ekki saman í Lærða skólanum. Ég hafði fyrst veður af þessum unga manni þegar hann var kominn til náms í Manchester á Englandi en þar var hann, að minnsta kosti um skeið, samtíða Vilmundi Gylfasyni um það leyti sem ég var að ljúka námi í Edinborg. Ólafur lét fyrst að sér kveða, svo að eftir væri tekið, á seinni hluta námsáranna þegar hann stóð fyrir frægum sjónvarpsþáttum um íslensk þjóðmál. Mig rámar í þátt þar sem hann „grillaði“ helstu oddvita hagstjórnarvisskunnar, þar með talinn Jóhannes Nordal, og margir

upplifðu á þann veg að hann hefði stillt þessum „máttarstólpum þjóðfélagsins“ upp eins og á sakamannabekk. Þessir þættir voru bannaðir. Pólitískt frjálsslyndi var ekki komið á hærra stig á þessu tímabili fjórflokksins þegar hlutleysi fjölmiðla birtist helst í því að fulltrúar flokkana voru settir á ríkisfjölmiðlana, útvarp og sjónvarp, til að gæta þess að ekki hallaðist á og hver fjórði partur sannleikans kæmist til skila og yrði að lokum samkvæmt þeirri formúlu sannleikurinn allur.

Þar sem Ólafur Ragnar átti rætur að rekja til Ísafjarðarkrata kom mér spáskt fyrir sjónir að hann skyldi hasla sér völl í Framsóknarflokknum. Þar lét hann mjög að sér kveða innan Samtaka ungra framsóknarmanna (SUF) ásamt pólitískum fóstbróður sínum, Baldri Óskarssyni. Mér og Baldri varð snemma vel til vana og hefur sú vinátta haldist alla tíð, gegnum þykkt og þunnt. Ólafur lenti brátt upp á kant við forystu Framsóknarflokksins, eins og ítarlega er rakið í æviminningum Steingríms Hermannssonar. Um skeið safnaði hann saman liði undir nafni Möðruvallahreyfingarinnar, en oddvit-ar hennar hröktust að lokum úr Framsóknarflokknum; sumir fylgdu Ólafi yfir í Samtök frjálsslyndra og vinstri manna um hrið og síðan „hringinn“ yfir í Alþýðubandalagið, eftir að samtökin geispuðu golunni í aðdraganda kosninganna 1978. Aðrir fylgismanna Ólafs sneru að lokum heim í áttagana í Framsóknarflokknum; enn aðra dagaði uppi á pólitískum vergangi. Eftir að Hannibal og Björn Jónsson höfðu myndað sérstakan þingflokk Samtaka frjálsslyndra og vinstri manna í kjölfar ósigurs síns á Tónabíósfundi 1967 og framboð I-listans í Reykjavík fyrir þær kosningar, voru ýmsar þreifingar í gangi um samstarf og sameiningu milli Samtakanna og SUF-forystunnar, sem einnig áttu í viðræðum við einhverja forystumenn Alþýðuflokksins. Allt rann þó þetta út í sandinn.

Kynni okkar Ólafs tókust að marki í svokallaðri „stofnananefnd“. Sú nefnd var skipuð af Ólafi Jóhannessyni forsætisráðherra og hafði það verkefni að gera tillögur um flutning ríkisstofnana í heilu lagi eða að hluta út á land. Ólafur Ragnar stýrði þessari nefnd af röggsemi og áhuga. Að lokum skiluðum við skýrslu til eftirmanns Ólafs Jóhannessonar þar sem hana dagaði uppi í pólitísku tómarúmi. Í framhaldi af því að Ólafur Ragnar var í sérfræðingahópnum sem hugaði að nýju deiliskipulagi fyrir Ísafjörð 1971 gerðist hann prófdómari við stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði í hagfræði og stjórnmálafræði. Ég minnst þess að mér þótti Ólafur mun mildari í dómum en skólameistarinn um nemendur og örlátari í einkunnagjöf.

Það var síðan ekki fyrr en að loknum Alþingiskosningunum 1974, þegar við urðum báðir varaþingmenn Samtakanna, sem við áttum með okkur pólitískt samstarf, svo langt sem það náði. Ég gerði ósjálfrátt ráð fyrir því

að við Ólafur Ragnar myndum eiga samleið, eftir að Samtökin voru af dögum, inn í Alþýðuflokkinn sem mér þótti sjálfgefið að ætti að verða pólitískt heimkynni Ísafjarðarkrata eftir að okkur báðum hafði reynst villugjarnt um refilstigu íslenskra stjórn mála. Ákvörðun hans um að ganga til liðs við Alþýðubandalagið kom mér því mjög í opna skjöldu. Ólafur hefur aldrei verið marxisti, ekki einu sinni sósíalísti, heldur væntanlega verið einhvers konar sambland af Ísafjarðarkrata og breskum krata föstruðum í Manchester. Mér er það enn í dag hulin ráðgáta hvað það var sem rak hann af fjalli inn í rétt Alþýðubandalagsins, ásamt með þeim félögum Svavari Gestssyni, Hjörleifi Guttormssyni og Ragnari Arnalds. Hélt hann að Alþýðuflokkurinn væri ekki á vetur setjandi? Kannski lærisveinar Lúðvíks hafi verið jafnhissa á því sjálfir. Allavega hafa þeir ekki setið á sárs höfði síðan.

### Beðið eftir Godot

Alþýðuflokkur Gylfa og leifar Samtakanna undir forystu Magnúsar Torfa í Reykjavík guldu afhroð í kosningunum 1974. Við tók helmingaskiptastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar undir forsæti Geirs Hallgrímssonar. Sú ríkisstjórn skipti engum sköpum. Hún hjakkaði áfram í sama gamla farinu um stjórn efnahagsmála og reyndi að fleyta sér áfram með skammtímalausnum og bráðabirgðaaðgerðum. Í byrjun árs 1975 biðu þing og þjóð eftir því að ríkisstjórnin gripi til kreppuráðstafana því að stöðugt seig á ógæfuhlið. Það leið og beið en lengi vel bólaði ekkert á aðgerðum. Það var við þessar aðstæður sem ég settist í fyrsta sinn inn á Alþingi Íslendinga, sem varabingmaður Karvels Pálmasonar af Vestfjörðum.

Eitt mitt fyrsta verk var að fá samþykka ályktun í þingflokknum þar sem ríkisstjórnin var harðlega gagnrýnd fyrir aðgerðaleyfi en jafnframt settar fram tillögur um að Alþingi tæki frumkvæðið í eigin hendur og fæli þingnefndum, sem fjalla eiga um efnahagsmál, að efna til yfirheyrslna í amerískum stíl þar sem þingmönnum gæfist kostur á að yfirheyra sérfræðinga og forystumenn hagsmunaaðila um mat þeirra á ástandinu og tillögur um lausnir. Þessi ræða mátti þess vegna bera fyrirsögnina „Beðið eftir Godot“ því í upphafi var spurt:

„Eftir hverju eru háttvirtir alþingismenn að biða? Eru þeir að biða eftir því að ríkisstjórnin fái innblástur og segi þeim, hvað þeir eigi að gera? Eða eru þeir að biða eftir því að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar fái vitrun og segi ráðherrunum hvað þeir eigi að gera, svo þeir geti sagt þingmönnum hvað þeir eigi að samþykkja?“

Ég orðaði það eitthvað á þá leið að þessi langa bið eftir því sem aldrei kæmi minnti á hið fræga leikrit eftir Beckett. Ég spurði hinna sígildu spurninga:

„Er Alþingi orðið að „óvirkri afgreiðslustofnun“? Ætla alþingismenn að sætta sig við að þau völd, sem Alþingi ber samkvæmt okkar stjórnskipan, hafi færst í hendur sérfræðinga og embættismanna, sem enginn hefur kos-  
ið?“

Ræðan tók trúlega um klukkustund í flutningi. Ræðan í heild og svör Ólafs Jóhannessonar og Lúðvíks Jósepssonar og andsvör mín fylla um það bil 55 blaðsíður í þingtíðindum. Þetta var eftir því sem ég best man jómfrúrræða mín á Alþingi. Þegar ég renni augum yfir þessi orðaskipti eins og þau birtast í þingtíðindum, rúmlega aldarfjórðungi síðar, verð ég að viðurkenna að ræðumaður virðist ekki hafa verið þungt haldinn af vanmeta-  
kennd né heldur virðist hann hafa borið alltof mikla virðingu fyrir þeim gamalreyndu stjórnmalaleiðtogum sem þarna stóðu upp til andsvara: Þetta voru helstu þungavigtarmenn framsóknaráratugarins, ábekingar hinna föllnu víxla þessa tímabils í stjórnmalasögunni sem ég kenndi gjarnan við „tímabil hinna glötuðu tækifæra“.

Í ræðunni set ég fram sjúkdómsgreiningu á ástandinu, ódaverðbólgu sem er við það að fara úr böndunum og ekki varð við ráðið, nema gripið yrði til róttækra kerfisbreytinga; ég lýsi í allöngu máli þeirra efnahagskollsteypu sem þjóðin var að upplifa, sem um leið staðfesti að stjórnmalafors-  
ystan í landinu væri ekki vandanum vaxin. Ég lýsi þeim pólitísku skottu-  
lækningum, sem þá voru efstar á baugi í umræðunni, og vísa þeim á bug sem vanhugsuðum og máttlausum skammtímaaðgerðum; ég ber landsfeðrunum á brýn pólitískt hugleysi sem lýsi sér í því að þeir reyni að halda sér pólitískt á floti með skammtimareddingum og millifærslum til að halda uppi falskri kaupgetu og falskri eftirspurn. Ég nefni til mörg dæmi um „snuðið“ sem reynt sé að stinga upp í hagsmunaaðila til að reyna að fá þá til að sætta sig við ástandið:

„Visitölubinding kaupgjalds er ein, tímabundnar styrkgreiðslur til atvinnuvega eru ein; niðurgreiðslur á vöruverði eru ein; verðbólguþjárfesting í skjóli lágra vaxta er ein aðferðin. Stjórnlaus útlánastarfsemi viðskipta-  
banka, studd yfirdrætti hjá Seðlabanka, er ein aðferðin. Fölsk gengisskrán-  
ing er svo náttúrlega seinasta úrræðið þegar allt um þrýtur.“

Eftir því sem ég best veit er þetta í fyrsta sinn sem ég kynni til sögunnar hugtakið „grútarbræðsluhagfræði“, sem ég kenni við Lúðvík Jósepsson, og færi rök fyrir að sé til þess eins líkleg að gera illt ástand verra. Þetta er líka í fyrsta sinn sem ég hreyfi því opinberlega að óhjákvæmilegt kunni að

vera að taka upp „verðtryggingu fjárskuldbindinga“. Ég taldi það vera, úr því sem komið væri, einu aðgerðina sem vöð væri á sem gæti kveðið niður verðbólguhugarfarið sem væri farið að menga allt andrúmsloftið í íslensku þjóðfélagi; einu leiðina til þess að tryggja verðgildi sparifjár, arðsemi fjárfestinga og framleiðni í íslensku atvinnulífi, auk þess sem auka verði framkvæmdafé innanlands til þess að draga úr erlendum lántökum og greiðslubyrði erlendra lána. Og ég lét mér ekki nægja að gagnrýna heldur setti fram áætlun í níu liðum um hvað bæri að gera. Sumt af því flokkast reyndar undir skammtímaaðgerðir. Samt er þar einnig að finna tillögu um „takmörkun eða afnám á vísitölubindingu kaupgjalds á hátekjum“.

Í ræðunni er einnig að finna harða gagnrýni á fjármálastjórn ríkisins, sjálfa fjárlagagerðina og vinnubrögð Alþingis og fjárlaganefndar við undirbúning fjárlaga. Ég vitna í því efni í nýlegt erindi nafna míns Sigurðssonar, þar sem hann hæðist að því að Alþingi ákveði „úthlutun fjárveitinga út í ystu æsar, en [fari] kannski með glans yfir heildaráhrif fjárlaga á þjóðarbúið á einu síðdegi í skammdeginu“.

Ég boða gerbreytt vinnubrögð sem feli í sér að beita verði fjárlögum og ríkisbúskapnum sem hagstjórnartæki, í samspili við peningamálastjórnina, til þess að andæfa bröttum kollsteypum og stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Pegar ég skoða þennan texta í ljósi þeirrar stefnu sem ég fylgdi á stjórn málaferli mínum á næstu árum, sem ritstjóri, alþingismaður í stjórnarandstöðu og síðar ráðherra í ríkisstjórnnum, fæ ég ekki betur séð en að stefnuskráin, eða að minnsta kosti meginatriði hennar, hafi þá þegar birst í stórum dráttum í þessari ræðu. Seinna heyrði ég það haft eftir Einari Oddi Kristjánssyni, vini mínum að vestan, sem einu sinni gekk undir sæmdarheitinu „bjargvættur þjóðarinnar“, að þetta hafi verið stefnuskrárræða sem hafi sett nafn mitt á blað sem alvöru stjórnámálmanns, sem vert væri að hlusta á.

### Einvígi við Íslands-Bersa

Þeir sem risu til andsvara voru fyrrverandi forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar og þáverandi viðskiptaráðherra, Ólafur Jóhannesson, og Lúðvík Jóseppson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra og þáverandi leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Þeir brugðust við þessari kotrosknu ádeilu með gerólikum hætti. Ólafur fór tiltölulega mildum höndum um nýgræðinginn en gerði þó góðlátlegt grín að umvöndunarsemi skólameistarans að vestan sem allt þættist vita öðrum betur. Hann reyndi þó að bera í bætifláka fyrir vinstri

stjórn sína; minnti á að uppgangsrárin hefðu leitt til framfaraskreiðs á landsbyggðinni. Hann gat auðvitað ekki stillt sig um að minna á, þótt hann gerði það kurteislega og undir rós, að fyrrverandi foringjar Samtakanna og forsetar Alþýðusambandsins, þeir Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, hefðu einmitt hlaupist frá borði og firrt sig ábyrgð á efnahagsráðstöfunum þegar allt virtist ætla að sigla í strand.

Lúðvík Jósepsson var harðari í horn að taka. Hann byrjaði á að vísa til hinnar „sérstöku“ ræðu sem flutt hefði verið af „þeim nýja spámanni, sem hefur birst á Alþingi nú nýlega“. Lúðvík var samur við sig í þessari ræðu. Hann taldi ekki ástæðu til að gera mikið veður út af efnahagsvandamálum Íslendinga. Það væri tvennt sem þyrfti að gera: Að hækka fiskverð og lækka vexti. Hann skammaði ríkisstjórnina fyrir að bera ekki fé í dóminn til þess að knýja fram ákvörðun um hækkað fiskverð og minnti á að það hefðu ríkisstjórnir alltaf gert til að auðvelda fiskverðsákvæðanir. Og það átti að lækka vexti af því að það væri gott fyrir atvinnulíf. Þarna talaði útgerðarmaðurinn Lúðvík Jósepsson, sem átti það til að hugsa öðruvísi en sami maður gerði sem formaður Alþýðubandalagsins, sem þó átti að heita flokkur launþega.

Ég lét Lúðvík hafa það óþvegið. Ég upptefndi hann útúrsmúningameistara Alþýðubandalagsins. Ég sagðist aldrei áður hafa heyrt mann með jafnlanga reynslu af stjórn efnahags- og atvinnumála flytja jafnfátæklega ræðu, sem þar að auki einkenndist af „yfirborðskennd og þröngsýni“. Því næst veittist ég að honum fyrir báðar patentlausnirnar, það er lækkun vaxta og hækkun fiskverðs. Ég benti á að lágvaxtapólitíkin væri gersamlega andstæð hagsmunum launþega í bráð og lengd: Hún væri sjálfur meginfarvegur tilfærslna fjármuna frá launþegum til atvinnurekenda og annarra skjólstæðinga bankakerfisins. Tillaga Lúðvíks um hækkun fiskverðs með niðurgreiðslum úr ríkissjóði var mér tilefni til langrar tölu um lúðvísku og grútarbræðsluhagfræði; ég hélt því fram að verð og viðskiptakjör á erlendum mörkuðum ættu að ráða fiskverði og að stjórnarmálamenn ættu þar hvergi að koma nærri.

Ég klykkti út með því að lýsa undrun minni á að formaður Alþýðubandalagsins gerðist talsmaður sjónarmiða sem helst mætti rekja til Íslands-Bersa og annarra braskara, sem kynnu ekki að sjá fótum sínum forráð á mörkuðunum og skriðu því gjarnan í skjól ríkisvaldsins; þarna væri pilsfaldakapítalismannum réttilega lýst.

## KAFLI XI

# Frá Vestfjörðum til Vesturheims

Menntaskólinn á Ísafirði var kominn vel á legg. Hann var orðinn fullmótadur hvað varðaði námsefni, skipulag og skólabrag. Mér hafði tekist að draga saman ungt og ferskt kennaralið og við höfðum útskrifað þrjá stúdentsárganga. Fyrsti áfangi heimavistar hafði verið tekinn í notkun og annar áfangi var í byggingu, þótt kennsluhúsnæðið sjálft væri enn á teikniborðinu. Ég hafði aldrei ætlað mér að gerast skólameistari til æviloka. Ég fann fyrir vaxandi óþreyju í blóðinu. Ég sá enga opnun fyrir sjáanlega til að gera pólitíska útrás eins og hugur minn stóð þó til. Ætli ég hafi ekki innst inni verið minnugur orða doktors Benjamíns frá vinnuviðtalinu forðum daga í Framkvæmdabankanum: „Þú átt að fara til Ameríku.“

## Nixon og Watergate

Sumarið 1973 barst mér boð, fyrir milligöngu sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Frederick Irving, um sex vikna heimsókn til Bandaríkjanna. Tilgangurinn með ferðinni var að kynna sér skólamál í Bandaríkjunum á framhaldsskólastigi, einkum svokallaða „community colleges“ sem eru fjölbrautaskólar í áfangakerfi, sem bjóða upp á hvort tveggja, undirbúning háskólanáms og hagnýtar námsbrautir til undirbúnings ýmsum sérhæfðum störfum. Ég þáði boðið með þökkum. Skömmu áður en leggja átti af stað í ferðalagið buðu sendiherrahjónin okkur Bryndísi til hádegisverðar í sendiráðsbústaðnum við Laufásveg. Að málsverðinum loknum voru sendiherrahjónin orðin svo heilluð af Bryndísi að daginn eftir fékk ég þau skilaboð að okkur væri báðum boðið í ferðina.

Boðsferðin flokkaðist undir þaulskipulagða áætlun á vegum bandarískra stjórnvalda undir heitinu: „Overseas Visitors Program“. Tilgangurinn var að leita uppi leiðtogaefni vítt og breitt um veröldina og bjóða þeim til

Bandaríkjanna, til að kynna því besta sem bandarískt þjóðlíf hefur upp á að bjóða. Gestum er meðal annars boðið að þiggja gistingu á bandarískum heimilum. Gestgjafarnir á hverjum stað eru allir sjálfboðaliðar og valdir úr hópi umsækjenda með það fyrir augum að þeir hafi fram að færa og upp á að bjóða allt það besta sem forvitnir gestir kunna að æskja.

Tuttugu árum síðar var ég beðinn um að skrifa grein í afmælisrit þar sem þeir sem notið höfðu gistivínáttu á bandarískum heimilum samkvæmt þessari áætlun, rifjuðu upp minningar sínar og mat á því hvað þeir hefðu lært af ferðum sínum. Ekki þurfti lengi að fletta ritinu til að sjá að áætlunin hafði borið tilætlaðan árangur. Þarna var að finna þjóðhöfðingja, forsætis- og utanríkisráðherra, flokksleiðtoga, þingmenn, hæstaréttardómara, verkalyðsleiðtoga og aðra forystumenn frá yfir hundrað þjóðríkjum og öllum meginlöndum heimsins.

Kvöldið áður en lagt var af stað buðu starfsmenn bandaríska sendiráðsins okkur Bryndísi í kveðjuhóf til að búa okkur undir ferðalagið og segja frá því sem hæst bæri í bandarísku þjóðfélagi þau misserin. Þau tíðindi sem skyggðu á allt annað í bandarískri þjóðmálaumræðu voru Watergate-hneykslið sem stjórnublaðamenn *Washington Post*, þeir Bernstein og Woodward, höfðu afhjúpað og leiddi til þess að Nixon forseti hrökkladist frá völdum við smán. Sendiráðsmennirnir settu á langar tölur um myrkra- verk Nixons, meinta skapgerðarbresti hans, ef ekki gedveilu, höfðu uppi af honum hinar hádulegustu skripamyndir og spiluðu söngva þar sem hann var hafður að háði og spotti. Ég var enginn aðdáandi Nixons. Mínir menn í bandarískum stjórnámálum voru Adlai Stevenson, sem vann kosningabaráttuna við Eisenhower en tapaði kosningunum, Eugene McCarthy, maðurinn sem raunverulega batt enda á Víetnamstríðið en tapaði kosningunum, og Hubert Humphrey, sem var einn af fáum ekta sósíaldemókrötum í bandarískum stjórnámálum og var forsetaframbjóðandi demókrata fyrir kosningarnar 1968 – og tapaði fyrir Nixon. En öll þessi ófræging um þann mann sem var, þrátt fyrir allt, forseti Bandaríkjanna, gekk svo fram af mér að í fyrsta og líklega seinasta skiptið flutti ég smátölu til að verja mannorð hins höfuðsetna forseta. Nixon var nefnilega, þrátt fyrir allt, ekki alls varnað.

Ferðin reyndist hvort tveggja í senn, ánægjuleg og lærdómsrík. Áfangastaðir voru: New York, Washington DC, Kalifornía og miðvesturríkin. Í Washington DC áttum við viðræður við fulltrúa í State Department sem sá um málefni Norðurlanda og þar með talin Íslands. Hann var fornleifafræðingur að mennt, með Aztekana í Mexíkó sem sérgrein. Hann sagði að godsögnin um hinn hvíta mann, sem átti að koma sem frelsandi engill og

Astekar hefðu trúað á, byggðist á því að afkomendur norrænna víkinga og landafundamanna á 11. öld hefðu náð alla leið suður til Mexíkó. Þessi god-sögn hefði hins vegar valdið því að Aztekar gripu ekki til vopna til að verjast innrás hinna spænsku konkvistadora þegar þeir birtust í Mexíkó fimm öldum síðar og fóru rænandi, ruplandi og myrðandi um Mið- og Suður Ameríku. Við höfðum ekki heyrt það áður að Íslendingar bæru alla sök á grimmdarverkum þessa spænska illþýðis sem breytt hefur aldingörðum stórfenglegs meginlands Suður-Ameríku í táradal mannlegrar eymdar.

Í ferðinni heimsóttum við fjölda skóla og kynntumst mörgum eftirtektarverðum og minnisstæðum persónum. Stærðargráða skóla og skrifræði við stjórnun er af því tagi að erfitt er að heimfæra upp á íslenskar aðstæður. Það sem helst var til fyrirmyndar voru bóka- og gagnasöfn og búnaður til sérhæfðrar kennslu í raunvísindum. Eftir á að hyggja þykist ég vita að við vorum að heimsækja fyrirmyndarskóla. Orðið var við óskum okkar um að fá að heimsækja slömm í Los Angeles. Það var gert með þeim hætti að okkur var ekið í brynvörðum bíl undir lögreglueftirliti í Watts-hverfið, sem hafði að stórum hluta verið brennt því sem næst til kaldra kola í óeirðum sem urðu í kjölfar morðsins á Martin Luther King, leiðtoganum mikla í mannréttindabaráttu blökkumanna og jafnréttisbaráttunni á árunum um og eftir lok Víetnamstríðsins.

### Á slóðum Vestur-Íslendinga

Eftir nokkurra daga dvöl í Minneapolis og St. Paul, þar sem við meðal annars nutum gestrisni Valdimars Björnssonar, fyrrum fjármálaráðherra fylkisins, og konu hans Gullu, sem var dóttir Jóns Hróbjartssonar kennara og listmálara á Ísafirði, ákvað ég að hans ráðum að leggja lykkju á leið mína og fara á eigin vegum á Íslendingaslóðir norðan landamæra Kanada, til Winnipeg og Gimli við Winnipegvatn. Mentor minn á Ísafirði og fyrrum Vestur-Íslendingur, Ragnar H. Ragnar, hafði nestað mig með meðmæla-bréfum til ýmissa vina sinna og kunningja á þessum slóðum. Þegar á reyndi kom á daginn að flestir þeirra manna höfðu þegar safnast til feðra sinna. Það var dæmigert fyrir eldhugann Ragnar, sem var þá og lengi síðar í fullu fjöri, að átta sig ekki á því að hann var ekki eins og aðrir venjulegir dauðlegir menn.

Fyrir utan Gretti Árnason, sem þá var ræðismaður Íslendinga í Winnipeg, hitti ég fyrir fræðslustjóra Manitobafylkis á menntaskólastigi, Karl Bjarnason að nafni. Ég heimsótti skóla og sat fund með rektorunum á heimili Karls. Samankomnir rektorar voru tuttugu og fjórir talsins og þar

af taldist mér til að um helmingur væri að einhverju leyti af íslenskum ættum þótt enginn þeirra væri lengur mælandi á máli feðranna. Vínartertan fræga (sem við köllum randalín) og Vestur-Íslendingar telja vera íslenskt þjóðernistákn og pönnukökur með rjóma voru samt sem áður á borðum. Að lokum afréð ég að leigja bíl með bílstjóra og halda norður að Winnipegvatni þar sem ég vildi heimsækja afkomendur landnemanna sem enn byggju á slóðum forfedranna. Við okum lengi dags um viðáttumiklar sléttur og virtum fyrir okkur stórbýli sem voru talsvert völdugri en ég átti að venjast frá Djúpi. Að lokum komum við í Árborgarbyggð eða Geysirhrepp þar sem ég tók eftir því að hvert býlið á fætur öðru bar íslenskt nafn. Þegar ég kom að heimreiðinni á bæ sem bar vestfirskt bæjarheiti, Reykhólar, ákvað ég að heimsækja húsráðendur og fá beint í æð frásagnir þeirra af örlögum og ævikjörum landnemanna og afkomenda þeirra.

Þegar ég knúði dyra kom fram á bæjarhelluna stór maður og vörpulegur, ljós yfirlitum og að því ert virtist dæmigerður Íslendingur úr Múlasýslum. Ég ávarpaði hann á íslensku en hann svaraði á úkraínsku. Þegar ég hafði kynnt mig og skýrt frá erindinu bauð hann til stofu. Það fyrsta sem ég tók eftir á stofuveggnum voru eftirmyndir af verkum Kjarvals. Ég spurði Úkraínumanninn hverju sætti að hann byggi á bæ sem bæri rammíslenskt nafn og hefði myndir eftir meistara Kjarval á vegg. Hann sagðist hafa alist upp innan um íslensk börn á þessum slóðum. Til marks um það var að hann kunnir enn nokkur kjarnyrtr blótsyrði á íslensku.

Í upphafi landnáms á ofanverðri 19. öld höfðu Íslendingar og Úkraínumenn verið ráðandi í innflytjendahópnum og í sambýli við indíánana sem fyrir voru. Þessi jörð hefði til dæmis verið byggð af íslenskum landnemum en þegar þeir fluttu til „stórborgarinnar“, eins og hann kallaði Winnipeg, hafði fjölskylda hans keypt jörðina. Þetta sagði hann ekki vera einsdæmi. Hann vonaði að ég fyrtist ekki við þótt hann segði að landar mínir væru trúlega ekki bestu hveitibændur í heiminum. Þeir hefðu snemma hneigst að öðrum störfum eins og til dæmis skógarhöggi, veiðimennsku og fiskveiðum á Winnipegvatni. Þar að auki hefðu þeir reynst smíðir góðir og snemma tekið að sér byggingar og mannvirkjagerð, vegalagningu og annað þess háttar. Það hefði síðan einkennt Íslendinga að hversu fátækir sem þeir voru settu þeir börn sín í skóla, hvað sem það kostaði. Venjulegt barnaskólanám hafði ekki verið látið nægja eins og var venjan hjá Úkraínumönnum. Börnin hefðu því ílenst í skólum. Stúlkurnar höfðu orðið kennarar og hjúkrunarkonur en strákarirnir farið að læra verkfræði, læknisfræði eða lög. Lítið væri að gera á sléttunum fyrir fólk með slíka menntun. Afkomendur Íslendinganna hefðu því fljótlega leitað til borganna en Úkraínumenn, sem

hefðu verið minna fyrir bókina en vanari búrekstri heiman að frá sér, hefðu tekið við mörgum jörðunum. Það væri hins vegar sín sérviska, þar sem hann hefði alist upp og gengið á skóla með íslenskum börnum, að líta á sig sem hálfgerðan Íslending og sér fyndist ekki viðeigandi að breyta Reykhólum í Riazanov.

Síðar meir, þegar ég var orðinn sendiherra Íslendinga í Bandaríkjunum og Kanada, kom ég oft á þessar slóðir og kynntist betur forsvarsmönnum íslenska samfélagsins þar, eins og Neil Bardal, ræðismanni okkar í Manitoba, og Davíð Gíslasyni, bónda á Svaðastöðum í Geysirhreppi, sem fer fremstur í flokki bænda við Winnipegvatn, syngur í íslenskum karlakór og hefur fyrir reglu meðan hann er úti á akrinum, á sínu 1.500 hektara stórbýli, að yrkja að minnsta kosti eina ferskeytlu og nokkra fyrriparta, sem mamma síðan botnar meðan þau drekka morgunkaffið. Davíð er Skagfirðingur að ætt og það er ekki laust við að maður sjái Málmei og Drangey endurspeglast í bláum augum hans þegar hann gerist angurvær af heimþrá og syngur bjartri tenórröddu: Undir dalanna sól ...

Neil Bardal harkar af sér heimþrána, enda er hann útfararstjóri í annan ættlið svo þeir feðgar hafa séð um að fylgja landnemunum hinsta spölinn og heygja þá í kanadískri jörð. Kjörorð útfararstofunnar er: „They are dying to see me“ – Þeir eru að deyja af löngun til að hitta mig.

## Andleg endurnýjun við Harvard

Samkvæmt kjarasamningum áttu framhaldsskólakennarar rétt á að sækja um launalaust leyfi til framhaldsnáms eða andlegrar endurhæfingar eftir að minnsta kosti tíu ára starf. Með atbeina bandaríska sendiráðsins og Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi sótti ég um og fékk námsvist við Harvard veturinn 1976–1977 og fékk Fulbright-styrk til fararinnar. Þessu hafði verið ráðið til lykta um haustið, áður en nýtt skólaár hófst. Reyndar átti Bahá'í-söfnuðurinn á Ísafirði nokkurn hlut að máli.

Bandarískur trúboði á vegum Bahá'í-safnaðarins hafði haft vetursetu á Ísafirði. Honum varð vel ágengt á sálaveidum sínum. Til dæmis höfðu ýmsir úr röðum nemenda minna gengið til liðs við söfnuðinn, þeirra á meðal Halldór Þorgeirsson, sem nú er einn helsti sérfræðingur umhverfisráðuneytisins á sviði umhverfismála, og hélt ásamt öðrum á málstað Íslendinga í samningum um Kyoto-bókunina. Willi van den Hoonard, Kanada-maðurinn sem kenndi félagsfræði við skólann einn vetur, var einnig meðlimur í þessum söfnuði. Ég bar virðingu fyrir viðhorfum Bahá'ía í trúarlegum efnum, ekki síst vegna þess að hornsteinn þeirra hugmynda er um-

burðarlyndi gagnvart helstu trúarbrögðum heimsins. Sú vitundarvakning sem varð meðal nemenda minna, sem tóku þátt í þessu starfi, varð þeim til góðs og hafði jákvæð áhrif.

Haustið 1976 fékk söfnuðurinn í heimsókn ungan Bandaríkjamann, John Woodward, sem var í doktorsnámi í arabískum fræðum (og reyndar í miðaldapersnesku) við Harvard. Hann og aðrir Bahá'íar, vinir hans í Boston, greiddu götu gamla bolsans fyrstu vikurnar í Boston. Það var fyrir áhrif þessa vinar míns sem ég fékk áhuga á að kynna mér sögu arabaheimsins og sérstöðu islams meðal trúarbragða heimsins, einkum af ritum Bernards Lewis, sem er helsti sérfræðingur Bandaríkjamanna í sögu islams og arabaheimsins. Þetta átti eftir að koma að góðum notum síðar þegar ég þurfti sem utanríkisráðherra að reyna að kafa undir yfirborðið á sögu samskipta gyðinga og araba í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins. Þökk sé Bahá'íum.

Ég tók við nýjum nemendum um haustið, setti skólann við hátiðlega athöfn og síðan fórum við Bryndís með nemendum og kennurum í hefðbundna kynnisferð um Djúp og Strandir, sem að þessu sinni var farin til Hesteyrar og Aðalvíkur. Þar bar til tíðinda að á heimleiðinni kom á daginn við endurtekið manntal að einn nemandi hafði orðið viðskila við hópinn á Hesteyri. Þegar stúlkan, Sigrún Valgeirsdóttir, uppgötvaði að hún var ein í heiminum í þessari eyðibygð stefndi hún á Hesteyri og hugdist leita ásjár hjá íbúum í þorpinu. Þar standa enn hús, sem sumum hverjum er vel við haldið. En plássið sjálft var komið í eyði fyrir tæpum tveimur áratugum. Sigrún varð skelfingu lostin þegar henni vitraðist að hún var alein í draugabæ við ysta haf. Betur fór en á horfðist því við sóttum hana og björguðum henni til mannabyggða á hraðbát frá Ísafirði sem þeyttist yfir ölduhryggina þvert yfir Djúpið með ógnarhraða. Ég fékk það á tilfinninguna að þetta væri svipuð reynsla og að riða berbakt á nauti á amerískri kúrekahátíð.

Enn var komið að kveðjustund. Ég kvaddi Bryndísi og börnin mín, skóla og byggðarlag, með samblandi af trega vegna aðskilnaðarins sem var framundan og eftirvæntingar um nýja og spennandi lífsreynslu í Vesturheimi. Ég fól Bryndísi að stjórna skólanum í minni fjarveru með samþykki menntamálayfirvalda. Ég vissi að ég var að leggja á hennar herðar þungar byrðar en ég vissi líka innst inni að engum væri betur treystandi til að bera þær. Kennarar og nemendur voru líka allir af vilja gerðir að létta undir með henni því hún var hvers manns hugljúfi.

## Samanburður hagkerfa

Ég var formlega skráður sem rannsóknarstúdent við eina af undirstofnunum Harvard-háskóla sem heitir „Center for European Studies“, og var undir stjórn Stanleys Hoffmans, sem er sérfróður um sögu og stjórnmálaþróun í Frakklandi. Hoffman var að visu sjálfur í orlofi þetta árið í Frakklandi svo það kom í annarra hlut að stýra starfseminni. Stofnunin var notalegt bjálkahús, umgirt miklum skógi, og var reyndar lítið meira en samkomustaður þar sem fræðimenn víðs vegar að úr heiminum fengu tækifæri til að hittast og kynnast. Stofnunin skipaði mér námsráðgjafa. Að öðru leyti naut ég þeirra forréttinda sem fylgja framhaldsnámi við Harvard, en þar skiptir mestu máli aðgangur að frábærum bókasöfnum og ráðgjöf sérfróðra manna á öllum sviðum.

Þegar ég gekk um Harvard Yard fyrstu dagana, til að reyna að átta mig á hvað væri hvar, veitti ég því eftirtekt að þarna gengu menn um í þungum þönkum: Sumir áttu í hrökaviðræðum við sjálfa sig en aðrir virtust varla tilheyrja þessum heimi því fjarrænt augnaráðið vísaði upp til stjarnaanna. Ég spurði Woodward, vin minn, hálfhikandi, hvort til væri stofnun þarna í grenndinni sem annaðist þetta fólk. Woodward, sem stamaði lítills háttar, eins og títt er um íhugula menn, svaraði:

„Ja-á, hú-hún heitir Haaaaaarvaard.“

Ég hafði lagt fram heimatilbúna námsáætlun sem lýsti því að ég vildi kynna mér *comparative economic systems*, eða samanburð hagkerfa. Í því fólust að kynna sér kerfisbundið þau tvö gerólíku hagfræðilíkön sem lágu til grundvallar tvískiptingu heimsins milli kommúnisma og kapítalisma; milli hins miðstýrða áætlunarbúskapar sem ríkti í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu og í Kína annars vegar og hins vegar opinna samkeppniskerfa sem byggðust á lögmálum markaðsbúskapar og opinna heimsviðskipta. Verkefni af þessu tagi nær ekki bara til hagfræði heldur þurfti að leita víðar fanga, svo sem í deild sem fékkst við „Soviet Studies“ og „Oriental Studies“, fyrir utan mína eigin stofnun, sem fékkst við „European Studies“ bæði frá sjónarmiðum hagfræði, sögu, stjórnmálafræði og stjórnskipunarfræði. Forréttindin fólust einmitt í því að mega sækja fyrirlestra, sem vörðudu viðfangsefnið, í hvaða deild sem var. Til dæmis sótti ég slíka fyrirlestra hjá Vasili Leontiev, sem var frumkvöðull að svokölluðum *Input-Output Analysis*, og var meðal annars gagnlegt að beita í samanburði ólíkra hagkerfa.

Ég ætlaði að sækja tíma hjá víðkunnum sérfræðingi í ríkisfjármálum, Dusenberry að nafni, en ég hafði lesið eitthvað eftir hann á Edinborgarar-

unum. Þegar ég mætti á staðinn var gamla manninn hvergi að finna en flugurit og mótmælasþjöld lágu eins og hráviði um kennslustofuna. Ég beygði mig niður eftir sneplunum. Þar var lýst niðurstöðum skóðanakönnunar meðal hagfræðinema þar sem þeir gáfu kennurum sínum einkunnir og umsagnir – og vönduðu sumum ekki kveðjurnar. Þar stóð að Dusenberry hefði fengið falleinkunn og eftirfarandi umsögn í kaupbæti:

„The old fuddy duddy shouldn't be allowed to teach“ sem mætti útleggja á þessa leið: „Það ætti að banna þessum gamla grautarhaus að kenna.“

Þá vissi ég það.

Ég bjó á stúdentagardi fyrir doktorsefni sem komin voru víða að, þó að-allega frá Asíu, Suður-Ameríku og Evrópu. Á Edinborgarárunum hafði ég lært að meta hinn djúphugula Joseph Schumpeter, læriföður Benjamins Eiríkssonar og prófessor við Harvard. Hann var að vísu löngu látinn þegar hér var komið sögu en ég lagði mig eftir því að kynna mér verk hans þessi misserin.

### Kappræða aldarinnar: Friedman gegn Galbraith

Það reyndist ekki auðvelt tilfinningalega að gerast aftur fátækur stúdent, slitinn burt úr faðmi fjölskyldu og á köflum þjakaður af umkomuleysi. Eins og í Edinborg í gamla daga reyndi ég að varpa af mér oki einsemdarinnar með því að setjast niður undir miðnættið og skrifa Bryndísi bréf í stríðum straumum þar sem ég deildi með henni þessari nýju lífsreynslu. Þrátt fyrir einsemdina fann ég að það var full þörf á að ganga í andlega endurnýjun lifdaganna. Ég hafði mikinn áhuga á því sem ég var að fást við og það var eftir mörgu að slægjast í Boston.

Harvard-háskóli og MIT (Massachusetts Institute of Technology) eru í fremstu röð rannsóknarháskóla í Bandaríkjunum og þar með í heiminum. Þangað lá leið fjölmargra fræðimanna víða að úr veröldinni og reyndar stjórnmalaleiðtoga líka. Þarna heyrði ég til dæmis í fyrsta sinn til Willy Brandts, fyrrverandi kanslara Þýskalands og andlegs leiðtoga þýskra sósíaldemókrata, en hann kom þangað til að skýra forsendur austurstefnu sinnar (*Ost-Politik*) og þann tilgang hennar að losa smám saman um þrælatök kúgunarkerfis kommúnista á lífi fólks í Austur-Evrópu. Henry Kissinger, öryggismálaráðgjafi og utanríkisráðherra Nixons og Fords og fyrrverandi prófessor við Harvard, heimsótti skólann tvívegis. Í bæði skiptin var harðlega að honum þrengt með gagnrýnum spurningum en Kissinger varðist fimlega, af lærdómi í bland við hnyttni.

Eftirminnilegust varð mér þó kappræða sem var auglýst vítt og breitt um háskólann sem *Debate of the Century* – kappræða aldarinnar. Þar gengu á hölm Milton Friedman, andlegur leiðtogi frjálsbyggjunnar innan hagfræðinnar, og John Kenneth Galbraith, mikilvirkur rithöfundur um hagfræðileg efni og ráðgjafi forseta demókrata allt frá því á árunum eftir stríð. Ég man að ég gekk um ganga á garðinum, knúði dyra og vildi ræsa menn út frá skruddum sínum til að hlusta á þessa afburðamenn. En doktorsefnin sátu yfirleitt límd við stólinn, niðursokkin í sína þröngu og litlu veröld og þóttust engan tíma mega missa við að hlusta á menn sem ekki tilheyrðu þeirra deild („not my department“). Mér tókst ekki að draga með mér nema í mesta lagi fimmtán manns og undraðist, þegar á staðinn kom, að þar var ekki allt fullt út úr dyrum. Þarna var verið að takast á um ýmsar stærstu og þýðingarmestu spurningar samtímans. Að vísu þótti mér minn maður, Galbraith, fara heldur halloka fyrir rökvísi og snerpu Friedmans, þótt það breytti ekki því að málstaður hans var skárri.

### Fjármálaráðherra Abessiníu

Einn þeirra félaga minna af stúdentagarðinum sem lét tilleiðast að standa upp frá kennslubókunum og slást í för með mér á kappræðu aldarinnar með þeim Friedman og Galbraith, var maður sem þarna var að ljúka doktorsprófi í löggiltri endurskoðun með það fyrir augum að setjast að í Bandaríkjunum. Þetta var fyrrverandi fjármálaráðherra Abessiníu.

Við kynntumst með þeim hætti að báðir voru að brjóta húsreglur með því að laumast inn á almenningsalernin undir miðnættið til að þvo af okkur nærfatnað eða sokkaplöggi í vöskunum því engar voru þvottavélarnar í húsakynnum Harvard-háskóla. Við tókum tal saman yfir þvottinum og urðum eftir það góðir kunningjar og höfðum gaman af að sækja hvor annan heim og skiptast á ólíkum reynslusögum.

Saga þessa manns var sérstök. Hann var sonur ættarhöfðingja úr þorpi í suðurhluta Abessiníu (eða Eþíópíu), óraveg frá höfuðborginni Addis Abeba. Kristnir trúboðar uppgötvuðu hvað í strákinn var spunnid og gáfu honum kost á skólanámi fyrstu árin. Í framhaldi af því fluttist hann til höfuðborgarinnar þar sem hann fékk þann starfa að vera bílstjóri við ítalska sendiráðið. Hann kenndi sjálfum sér ítölsku og tók próf í gegnum ítalskan bréfaskóla í rekstrarhagfræði, bókhaldi og reikningsskilum. Í framhaldi af því tók hann meistarapróf í sömu fræðum gegnum bréfaskóla við City College í London.

Þetta var á ofanverðum dögum Haile Selassie, Abessiníukeisara. Þar

kom að þessi góði kunningi minn varð seinasti fjármálaráðherra Abessiníu í ríkisstjórn undir forsæti gamla keisarans. Þegar svokallaðir kommúnistar, undir forystu Mengistu bensinafgreiðslumanns, gerðu vopnaða byltingu gegn keisarastjórninni, varð fjármálaráðherrann að vinna sér það til lífs að flýja land. Hann komst um borð í breska freigátu á Rauðahafinu sem flutti hann að lokum til London. Allar tilraunir hans til þess að hafa samband við og bera hlífiskjöld fyrir fjölskyldu sína heima urðu árangurslausar.

Hann trúði mér fyrir því að hann hefði átt eiginkonu og sex börn heima í þorpinu, þar sem fjölskyldan bjó undir verndarvæng ættarhöfðingjans, föður hans. Það kom brátt á daginn að byltingarforinginn Mengistu var glæpamaður á mála hjá KGB. Seinustu tíðindin sem vinur minn fékk af fjölskyldu sinni var að þorpið hefði verið brennt til grunna og fjölskylda hans öll, þar með taldir foreldrar, eiginkona og börn, hefðu verið myrt og husluð í fjöldagröf. Þarna sat hann einn eftir með þessar minningar frá heimalandinu og átti ekkert annað eftir en áform um að byrja nýtt líf í nýrri heimsálfu. Saga þessa manns er um líf sem var lagt í rúst af ótíndum glæpamönnum sem réttlættu hryðjuverk sín í nafni kommúnismans en voru í reynd á mála hjá sovésku leyniþjónustunni.

Við Harvard kynntist ég líka pólitískum flóttamönnum frá ýmsum ríkjum um Suður-Ameríku sem höfðu ekki ósvipaða reynslu af ótíndum glæpamönnum sem skildu eftir sig blóði drifna slóð morða og hryðjuverka í nafni háleitra hugsjóna lýðræðis og frelsis – en unnu verk sín á mála hjá CIA – leyniþjónustu Bandaríkjanna.

### Fjarstýrðir forsetaframbjóðendur: Carter gegn Ford

Þetta haust stóð lokarimman í kosningabaráttunni til forseta Bandaríkjanna milli Gerald Ford, eftirmanns Nixons, og Jimmys Carters. Ég reyndi að láta það umstang ekki taka frá mér tíma til að sinna alvarlegri hugðarefnum. Á þessum tíma var mér einfaldlega fyrirmunað að skilja hvernig maður úr Suðurríkjunum, sem eilíflega var með Guð á vörum (ekki var Guð í framboði), gat komið til álita sem forsetaframbjóðandi demókrata. Þegar á reyndi stóðst ég þó ekki freistinguna að fylgjast með svokölluðum sjónvarpseinvígjum frambjóðendanna.

Eftir fyrsta einvígið þótti mér, vægast sagt, lítið til frammistöðu frambjóðendanna koma. Carter var eins og hengdur upp á þráð. Hann hafði glapist til þess í viðtali við Playboy að biðja Guð fyrirgefningar á því að innra með honum bærðust syndsamlegar hugrenningar til kvenna. Þetta virtist vera aðalmálið. Ford sýndist vera góðlátlegur kall, sem fyrir slysi

hefði verið troðið í þetta hlutverk, en átti sýnilega í mesta basli með að læra rulluna sína. Báðir komu fyrir sjónir eins og fjarstýrðar strengjabrúður sem áttu að fara utanbókar með fyrirfram skrifaðan texta og var fyrir-munað að segja eitthvað sem máli skipti frá eigin brjósti.

Seinna einvígið átti að fjalla um utanríkis- og alþjóðamál. Þar kom á daginn að forseti Bandaríkjanna, æðsti valdamaður „hins frjálsa heims“, var svo gersamlega utangátta (hann álpaðist til að segja að Pólland, Tékkóslóvakía og Ungverjaland væru frjáls og fullvalda ríki, sem alls ekki lytu stjórn frá Moskvu), að mann beinlínis sundlaði. Carter hafði hins vegar braggast nokkuð (hann hefur sennilega látið reka handritshöfundana) og það kom á daginn að hann gat talað frá eigin brjósti um þýðingarmikil mál, án þess að blanda Guði inn í jarðneska pólitík í öðru hverju orði.

Ég fylgdist með umræðunum af risaskjá í stórum sal í einhverjum klúbbnum, innan um herskara af gáfnaljósum sem Harvard var að ala upp til forystustarfa í þjóðfélaginu. Þau tóku beinlínis bakföll af hlátri þegar forseti Bandaríkjanna afhjúpaði fáfræði sína og Guð Suðurríkjamannsins virtist ekki eiga jafnmarga áhangendur í Harvard eins og suður í Dixie. Ég hugsaði með mér að hvorugur þessara manna væri líklegur til að lifa af þótt ekki væri nema einn dag í neðri málstofu breska þingsins þar sem forsætisráðherrann þarf tvisvar í viku að standa fyrir máli sínu um allt milli himins og jarðar, frammi fyrir fjandsamlegum gagnrýnendum sem svífast einskis.

Síðar skipti ég um skoðun á manningu Jimmy Carter, forsetaferli hans og hlutverki í bandarískum stjórnmálum. Carter er sá af núlifandi forsetum Bandaríkjanna sem mest hefur vaxið að virðingu eftir að hann lét af embætti. Carter er, eins og Steingrímur Hermannsson, smiður góður. Á ári hverju fer hann fyrir fjölmennum flokki sjálfboðaliða inn í slömminn í miðborgum Bandaríkjanna og byggir með eigin höndum eða endurreisir hús úr niðurniðslu samkvæmt áætlun um ódýrt húsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir fátæklingana sem þar búa og samfélagið hefur í stórum dráttum afskrifað. Carter-stofnunin í Atlanta hefur gegnt afar jákvæðu hlutverki við að vekja Bandaríkjamenn til vitundar um lífsháska fátæks fólks í þróunar-rikjum og hrint í framkvæmd alþjóðlegum áætlunum um útrýmingu sjúkdóma, öflun heilnæms drykkjarvatns og sérfræðiaðstoð við bændur á þurrkasvæðum til að kenna þeim að nýta harðneskjulega landkosti til ræktunar með nýjum og betri aðferðum en sjálfsþurftarbændur örbirgðarinnar hafa vanist.

Ég kynntist síðar persónulega ævisöguhöfundi Carters, Peter G. Bourne, sem var sérstakur ráðgjafi Carters í Hvíta húsinu um heilbrigðismál en varð

siðar aðstodarf framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sama málasviði. Bourne gengur svo langt að kalla Carter, vin sinn, hin bandaríska Gandhi. Það er mikið sagt en ekki með öllu tilhæfulaust. Allavega er Carter forseti vel að friðarverðlaunum Nóbels kominn.

### Hugsað heim

Þegar ég lít til baka finnst mér að misserin við Harvard hafi nýst mér vel. Ég var fyrst og fremst að velta fyrir mér ýmsum áleitnum spurningum um þá praktisku pólitik (Political Economy) sem við köllum hagfræði. Ég braut heilann um ástæðurnar fyrir stöðnun og uppdráttarsýki miðstýrðra hagkerfa og gagnsleysi fyrirmæla að ofan um framleiðslu og verðmætasköpun; um samspil ríkisvalds og markaðskerfis í opnum hagkerfum; um tilhneigingu til fákeppni og einokunar á mörkuðum og aðferðafræði við að brjóta upp slíka fákeppni sem Bandaríkjamenn hafa mesta reynslu af meðal þróaðra þjóða.

Við þessar hugleiðingar rann upp fyrir mér að við Íslendingar byggjum hvorki við markaðskerfi né áætlunarbúskap. Mér ofbauð satt að segja hversu mjög umgjörð efnahagslífsins á Íslandi minnti á hálfsovéskt ríkisfor-sjárkerfi. Við bjuggum í hálflokuðu einokunar- eða fákeppniskerfi þar sem stjórnámálmenn tóku ákvarðanir um mál sem þeir höfðu engar forsendur til að skilja eða ráða við. Verðmyndun réðst ekki nema að litlu leyti af lög-málum framboðs og eftirspurnar eða samkeppni á markaði. Fiskverð var ákveðið af pólitískri nefnd. Búvöruverð var ákveðið af pólitískri nefnd. Verð á peningum (vextir) var ákveðið á pólitískum forsendum. Þar með voru allir mælikvarðar á arðsemi fjárfestingar misvisandi því að allt borgar sig ef lán er að hluta til styrkur eða fundið fé sem ekki þarf að borga til baka. Víxlhækknaverðbólga verðlags og launa var innbyggð í kerfið með sjálfvirkum visitölum. Þegar verðlag og kaupgjald hafði að nafnvirði hækkað langt umfram launakostnað og markaðsverð í viðskiptalöndum okkar, þar sem við þurftum að selja útflutningsafurðirnar, og þjóðfélagið var orðið ósamkeppnisfært var misgengið leiðrétt með gengisfellingu, samkvæmt ákvörðun stjórnámálanna. Þar með hófst ný hringekja verðbólgunnar sem var á þessum tíma, og á næstu árum, að nálgast suður-amerískar fyr-irmyndir.

Við þetta bættist því sem næst einokun á flutningum fólks og varnings til og frá landinu og ríkisvernduð einokun í útflutningi. Áætlunarbúskapurinn („skipulagshyggjan“ eins og Steingrímur orðaði það), ef nota má svo fint orð um fyrirgreiðslupólitikina, fólst í stöðugri millifærslu fjármuna frá

launþegum og sparifjáreigendum (sem töpuðu á verðbólgunni) til þeirra skuldunauta sem voru í náðinni hjá ríkisreknu bankakerfi, sem laut stjórn stjórnámálanna á atkvæðaveiðum.

Þetta stjórnarfar var satt að segja miklu líkara sovéska módelinu eða suður-amerísku ríkisforsjárkerfi en vestrænu markaðskerfi. Munurinn var sá að við þjuggum ekki við eins flokks kerfi í pólitíkinni, heldur helmingaskipti tveggja flokka: Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, sem höfðu það pólitíska hlutverk að skipta kökunni milli skjólstæðinga sinna, annars vegar SÍS og hins vegar hins svokallaða einkaframtaks (sem líka lifði eða dó upp á pólitíska náð Flokksins). Hverjir höfðu komið þessu kerfi á? Svarið var Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn. Hverjir töldu sig hafa hagsmuna að gæta að viðhalda því? Sömu aðilar, einkum vegna atkvæðasamkeppni þeirra í sveitum og í dreifbýlinu, en þar höfðu menn vanist því að pólitik færði styrki heim í hérað til að halda kerfinu á floti.

Í ljósi þessa þurfti ekki að koma neinum á óvart að Sovétrúboðið íslenska (fyrst Sócialistaflokkurinn og síðan Alþýðubandalagið) undi hag sínum vel í þessu kerfi og var ætíð reiðubúið til stjórnarsamstarfs til að tryggja því framhaldslíf. Ef þeir trúðu því að Sovétríkin væru fyrirmyndarríki þá gátu þeir með góðri samvisku og ærnum rökum sagt að þeir væru á réttri leið til fyrirheitna landsins. Eini gallinn, út frá pólitísku sjónarmiði, var sá að þeir sem voru fórnarlömb kerfisins og komust ekki út úr vitahring þess, voru launþegar sem sífellt fóru halloka í bardaganum við vindmyllurnar um að tryggja kaupmátt launa í kollsteypubjóðfélagi gengisfellinga og óðaverðbólgu. Þess vegna varð bilið milli róttækra frasa forystumanna Alþýðubandalagsins (um að vernda hagsmuni hinna lægst launuðu) og veruleikans orðið að ginnungagapi. Orð hættu að hafa merkingu eða snerust í andhverfu sína.

Einn af fáum stjórnámálamönnum á eftirstriðsárunum, sem hafði séð í gegnum svikamylluna og beitt sér fyrir að brjóta hana niður og skipta um gangverk í efnahagskerfinu, var Gylfi Þ. Gislason, formaður Alþýðuflokksins. Ég ætlaði mér að vera sá næsti sem legði út í bardagann við forynjur fortíðarinnar.

### Hvers vegna eru sumar þjóðir ríkar en aðrar snauðar?

Ég lagði mig einnig mikið eftir þróunarhagfræði. Hún byrjar í spurningunni: Hvers vegna eru sumar þjóðir ríkar en aðrar fátækar? Hvað ræður þar mestu, landkostir, loftslag, yfirráð yfir auðlindum, einangrun frá eða nálægð við samgöngumíðstöðvar og markaði? Eða ekkert af þessu og miklu

fremur menntunarstig þjóða og stjórnarfar (stofnanir réttarríkis eins og sjálfstæðir dómstólar eða margflokkakerfi í opnu lýðræðisríki)? Er hægt að komast að skýrum niðurstöðum um það hvers konar módel skili mestum árangri, út frá hagsögu þróðu ríkjanna á tímabili iðnbyltingarinnar? Þetta er sennilega það svið hagfræðinnar sem mér finnst mest heillandi, enda hefur það mesta pólitiska þýðingu fyrir mikinn meirihluta mannkyns.

Auk þessa stóðst ég ekki freistinguna og pældi mikið í Sovétfræðum en Harvard hafði á að skipa mörgum framúrskarandi sérfræðingum á því sviði. Harvard-dvölin var því andlega örvandi og lærdómsrík – eins konar vítamínsprauta fyrir mann sem vildi óður og uppvægur neyta krafta sinna til að vísa Íslendingum aftur til vegar efnahagslegra framfara út úr ógöngum hálfsovétsins. Tíminn yrði svo að leiða í ljós hvort þetta væri eingöngu fræðimanninum í mér til hugarhægðar eða hvort lexiurnar kæmust til skila í pólitisku umbótastarfi.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að mér þótti andlegt líf innan virkisveggja skólans ekki standa með þeim blóma sem ég hafði vænst og jafnvel ekki þola samanburð við mína *alma mater*, Edinborgarháskóla. Samt fór ekki milli mála að fjárhagslega var mun betur búið að Harvard en Edinborg. Í úrvalsskóla eins og Harvard, þar sem menn verða að reiða fram jarðarverð fyrir aðgöngumiðann, ríkir auðvitað mikil samkeppni. Nemendur eiga allt undir því að ná A+ í hverju námskeiði. Ef einkunnirnar breytast í A- er hætta á ferðum. Ef B og C fara að sjást á kladdanum er voðinn vís. Ef foreldrar eða aðstandendur eru ekki þeim mun efnaðri er eins víst að búið sé að veðsetja hús foreldranna eða aðrar eignir.

Framtíð námsmannsins í samkeppnisþjóðfélaginu er undir því komin að hann standist þau próf sem fyrir hann eru lögð, með láði. Þetta þýðir auðvitað mikið vinnuálag. Til dæmis voru bókasöfn við Harvard opin frá því í bitíð á morgnana og til miðnættis á hverjum virkum degi og allar helgar. Þeir sem ekki komust framarlega í biðröðina á morgnana máttu búast við að ná ekki í sæti á bókasafninu. Þarna fóru dúxar eftir færriböndum þekkingarfabrikkunnar og gáfu sér yfirleitt engan tíma til að líta upp frá því sem fyrir var sett. Mér fannst af viðræðum við margt þetta fólk að það væri ótrúlega lífsreynslulaust og bernskt í hugsun, þótt allt væri það gætt göðum námshæfileikum. Þetta er folkið sem mannar meðal annars efsta lagið í þýðingarmestu stjórnarstofnunum og risafyrirtækjum sem spanna allan hnöttinn, í nafni *Pax Americana*. Þetta er jafnframt ein skýringin á því hvers vegna Bandaríkjamönnum er iðulega fyrirmunað að skilja lífskjör og lífsviðhorf fólks sem býr við örbirgð á öðrum pólitískum breiddargráðum.

## Menningarsjokk í villta vestrinu

Ég gat heldur ekki að því gert að mér fannst margt í bandarísku þjóðfélagi óviðfelldið og síst til eftirbreytni. Það birtist manni strax í fjölmiðlunum sem lúta ströngu lögmáli gróðasjónarmiðsins. Þeir eru til þess að græða á þeim og þeir fjölmiðlar, sem miða við lægsta samnefnara, virðast skila mestum gróða. Niðurstaðan er sú að bandarískir fjölmiðlar eru versta auglýsingin sem hægt er að hugsa sér á *The American Way of Life* – hinum ameríska lífsstíl. Viðáttuheimskir, yfirborðskennir, þröngsýnir og smekklauseir; í einu orði sagt: snud.

Draumamaskínan í Hollywood er undir sömu sök seld. Obbinn af bandarískum kvikmyndum virðist vera búinn til sem afþreying fyrir ofvaxin börn; tæknibrellurnar eru í lagi en trikk og tæknibrellur geta seint komið í staðinn fyrir innihald og söguþráð. Þetta er mestan part andleg skyndibitafæða og hefur svipuð áhrif á hugarfar neytandans og hormónabixið hjá McDonalds hefur á vaxtarlag kunnans. Útkoman verður í báðum tilvikum vansköpun, andleg eða líkamleg. Samt sem áður er þessi úrgangsvarningur helsta útflutningsvara Bandaríkjanna og hefur reynst mikilvirkari við að móta hugmyndir umheimsins um Bandaríkin en gervöll áróðursmaskína Kremilverja á tímum kalda stríðsins. Og nú spyr hver maður annan í forystusveit Bandaríkjanna hvers vegna heimurinn hati þá!

Auðvitað er bandarískt þjóðfélag ekki eins sálarlaust og fráhrindandi og ætla mætti af Hollywoodfabrikkunni. Það getur einfaldlega ekki verið svo slæmt. Undirrótin að öllu þessu er óheft gróðasjónarmið sem er allsráðandi á öllum sviðum. Það ræður ekki bara bílaframleiðslunni (bandarískir bílar voru á tímabili orðnir að skrímslum, sem voru *unsafe at any speed* – háskalegir á öllum hraða, eins og Ralph Nader, verndarengill bandarískra neytenda og löngu síðar forsetaframbjóðandi gegn Bush og Gore, orðaði það). Sömu lögmál eru látin ráða menningunni, skólunum og það sem er sýnu verst, sjálfu heilbrigðiskerfinu. Venjulegur Evrópumaður, sem hefur alist upp í evrópsku borgarumhverfi og þeirri samfélagskennd sem setur svip sinn á hið sósíaldemókratíska velferðarríki Evrópumanna, lendir óhjákvæmilega í hálfgerðu menningarsjokki þegar hann hefur búið nógu lengi í villta vestrinu til að skilja að það er veröld út af fyrir sig.

Ég hafði þessi misseri nokkur samskipti við íslenska námsmenn sem voru við nám í Harvard eða í Boston samtímis mér. Þeirra á meðal voru Þórður Jónsson edlisfræðingur, sem hafði verið nemandi minn í landsprófi forðum daga, og Guðmundur Alfredsson lögfræðingur, sem seinna gerðist höf-

undur lögfræðiálits um að EES-samningurinn bryti í bága við stjórnarskrána. Þá fannst mér að hann hefði mátt nota tímann við Harvard betur en þar var hann, að ég held, aðallega að fást við lögfræðileg álitamál um réttarstöðu Grænlands í danska samveldinu. Höskuldur Þránínsson málvísindamaður var þarna í doktorsnámi undir handleiðslu Noams Chomskys, sem, fyrir utan að vera einn frægasti málvísindamaður 20. aldar, er einn harðsvíraðasti gagnrýnandi bandarískrar heimsvaldastefnu, af þeim sem láta til sín heyra um svo forboðin umræðuefni. Chomsky er margra bóka höfundur í þjóðfélagsgagnrýni og nýtur virðingar þeirra sem vit hafa á. Þarna voru líka tvær upprennandi tónlistarkonur, þær Laufey Sigurðardóttir fíðluleikari og Helga Þórarinsdóttir víóluleikari. Þær drógu okkur nauðuga viljuga á tónleika, enda var það kannski blómlegasti þátturinn í menningarlífi Bostonbúa.

Eftirminnileg voru líka kynnin af Sigurði Helgasyni stærðfræðingi sem líklega er fremsti vísindamaður sem við Íslendingar höfum átt, að minnsta kosti á seinni öldum. Hann starfaði sem prófessor við MIT. Hann var svo hátt skrifaður í stærðfræði að hvert orð (eða tákni) sem hnaut frá hans penna var jafnóðum birt í rússneskum tímaritum. Löngu seinna hitti ég kunnan stærðfræðiprófessor við háskóla í Washington og spurði hann hvort hann þekkti til Sigurðar Helgasonar stærðfræðings. Svarið var þetta:

„Mr. Helgason? He is not a mere mathematician; in our circles he is God himself.“

Ekki amaleg eftirmæli atarna.

### Að lifa með stæl og deyja með stæl

Þarna var líka Guðjón vinur minn Sigurjónsson sem gert hafði garðinn frægan í Boston. Guðjón hafði á yngri árum, þegar hann var farmaður, átt hlut að tilraun til að smygla áfengi inn í landið sem þeir félagar létu reka á flotholtum úti á Faxaflóa og ætluðu að sækja í skjóli myrkurs. Þegar þetta komst upp flúði hann land til New York. Guðjón hafði heyrt af því að Pétur Guðjónsson, sem þá var við nám við Harvard en varð seinna þekktur sem andlegur leiðtogi Flokks mannsins, ræki fyrirtæki í Boston og hugðist sækja um vinnu hjá honum. Meðan hann tróð sér inn í símaklefa til að hringja í Pétur var töskunni hans, sem hann skildi eftir fyrir utan klefann, stolið. Þannig má segja að Guðjón hafi komið slyppur og snauður og með tvær hendur tómar sem innflytjandi í land tækifæranna. Þegar til Boston kom reyndist rétt að Pétur rak fyrirtæki í Boston, sem fékkst við viðhald

gamalla húsa. Fyrirtækið hét finu nafni: Scandinavian Arts and Handicrafts Limited. En fagmennskan var ekki alveg eins fin og nafnið gaf til kynna.

Pétur var við nám í heimspeki og félagsfræði. Til að eiga fyrir skólagjöldunum hafði hann safnað saman heimspekistúdentum frá Indlandi, Suður-Ameríku og víðar sem starfsmönnum verktakafyrirtækisins og auglýsti að fyrirtækið tæki að sér viðhald gamalla húsa. Það var hins vegar víst vegur til vandræða að hámenntaðir starfsmennirnir höfðu aldrei áður séð verkfæri og vissu varla hvað sneri fram eða aftur á kúbeini, hamri eða málningarpensli. Þetta leiddi til þess að Pétur átti yfir höfði sér hvítleið málaferli þar sem reiðir húseigendur kröfðust skaðabóta fyrir fúskið. Þeirra á meðal átti að hafa verið sjálfur John Kenneth Galbraith sem bjó í háreistu, gömlu timburhúsi í grónu hverfi. Heimspekingarnir komu á vettvang til að mála hús hans. Láðst hafði að segja þeim að nauðsynlegt væri að undirbúa gamalt timburhús undir málningu. Þeir gengu beint til verks og pensluðu húsið listilega svo það stóð um stund fagurmálað í haustbliðunni. En Adam var ekki lengi í Paradís og næsta stórríging skolaði burt öllum verksummerkjum um þetta kúnstverk í málalalist.

Í vandræðum sínum tók Pétur Guðjóni sem frelsandi engli og setti hann yfir heimspekifúskarana sem verkstjórnarmann. Guðjóni leist ekki meira en svo á heimspekingana. Ekki leið á löngu áður en hann hafði losað sig við þá en fékk í staðinn vinnufúsa *latinos* og óspillta innflytjendur úr þriðja heiminum sem hann fann á krám í slömmunum og höfðu þann kost umfram Harvard-nemendur að kunna að vinna hörðum höndum.

Ekki leið á löngu þar til fyrirtækið óx og dafnaði í höndum Guðjóns og fór að skila góðum arði enda hafði það nú bætt skaðann hjá hinum reiðu húsbyggjendum sem vildu stefna heimspekingunum. Pétur sá brátt að ekki væri meira fyrir hann við að vera við Harvard svo hann settist að í Santiago de Chile, þar sem hann setti á stofn rannsóknarstofnun þróunarmála fyrir arðinn af handverki Guðjóns. Pétur vann sér það síðar til frægðar að standa uppi í hárinu á Fidel Castro á blaðamannafundi sem lauk með því að Castro bauð honum til Kúbu.

Af Guðjóni er hins vegar það að segja að hann lenti í þeirri ógæfu að kvænast hástéttardömu af Mayflowerætt í Boston. Brátt kom í ljós að af hennar hálfu var það ekki girndarráð því hún sótti um skilnað daginn eftir brúðkaupið og sigaði lögfræðingum á brúðgumann og tókst að gera hann eignalausan. En Guðjón var erki-Íslendingurinn sem kunni til allra verka og tók mótlæti sem meðlæti með brosi á vör. Hann fór að flytja inn ferskan fisk frá Íslandi og gerðist síðan umboðsmaður Álafoss fyrir ullarvörur.

Þegar fyrirtækið fór á hausinn tók hann því eins og hverju öðru hundsbiti því að hann vissi sem var, að sér legðist alltaf eitthvað til.

Þessi eftirminnilegi lífskústner féll sviplega frá í blóma lífs. Hann hafði tekið ástfóstri við hina fögru Jamaíku í Karabíska hafinu, enda átti hann brosmilda og lífsglaða ástkonu sem þaðan var ættuð. Einn góðan veðurdag var Guðjón að þenja Harley Davidson mótörhjól sitt eftir bugðóttum vegum utan í þverhniptu klettabelti á þessari sólbökuðu eyju. Skyndilega hljóp dádýrskálfur fyrir mótörhjólum sem var á fleygiferð. Til að forða slysi sveigði Guðjón frá með þeim afleiðingum að hjólið flaug fyrir björg og lauk þar með lífi Guðjóns í þessari tilveru. Hann lifði með stæl og dó með stæl.

Að áliðnu vori 1977 kvaddi ég lærifeður mína í Harvard með virktum og sneri heim á leið í tæka tíð til að fylgjast úr fjarlægð með myndugri skólastjórn Bryndísar og skólaslitaathöfn hennar. Ég fann að ég hafði nokkuð fjarlægst þessa litlu veröld okkar og vildi gjarnan leggja drög að því að skipta um starfsvettvang. Mér fannst við hafa gert það sem til var ætlast. Rekstur skólans frá degi til dags fullnægði ekki lengur athafnaþrá minni. Þetta var spennandi og skemmtilegt viðfangsefni meðan verið var að skapa nýjan skóla frá grunni. En nú fannst mér tímabært að fara að huga að útgönguleiðum, þótt ég gerði mér ekki grein fyrir því á þeirri stundu, hvert þær leiðir myndu liggja.

## KAFLI XII

# Úr pólitískri útleð

Á þessum árum, 1974–1978, sat í stjórnarráðinu ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Þetta reyndist vera dæmigerð helmingaskiptastjórn íhalds og Framsóknar. Fyrir utan útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómilur, sýnist fátt líklegt til að halda minningu þessarar ríkisstjórnar á loft. Henni tókst ekki að ná tókum á verðbólgunni, hvað þá heldur að ráða niðurlögum hennar. Þetta var ríkisstjórn um óbreytt ástand og í óbreyttu kerfi. Almennitur varð ekki var við umskipti til hins betra frá vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, sem sat kjörtímabilið á undan, og hafði skilið við í um 50% verðbólgu. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur sátu á stjórnarandstöðubekkjum. Alþýðubandalagið sótti gömlu kröfuspjöldin og borðana með róttæku frösunum ofan í kistu, og tjaldaði þeim á ný í nafni „verkalýðshreyfingar, þjóðfrelsis og sósíalísma“, eins og það hét í haus *Þjóðviljans*. Alþýðuflokkurinn var enn sem fyrr með litlu lífsmarki og tókst hvorki að marka sér sérstöðu né endurheimta glataða tiltrú. Þegar leið á kjörtímabilið sáust þess merki að verkalýðshreyfingin, undir forystu Björns Jónssonar, var að tygja sig til átaka á vinnumarkaðnum.

### Til liðs við Alþýðuflokkinn

Ný kynslóð var að byrja að hasla sér völl í þjóðfélaginu. Almennitur var orðinn þreyttur á óbreyttu ástandi sem virtist ekki fela í sér fyrirheit um betri daga eða bjartari framtíð. Yngri kynslóðin horfði vonsvikin upp á endurtekið úrræðaleyfi forystumanna flokkanna sem virtust ekki valda verkendum sínum. Stjórnmalaforystan í landinu bar sýnileg þreytumerki eftir að hafa hjakkað áfram í sama farinu árum saman, án merkjanlegs árangurs. Það var við þessar aðstæður sem málflutningur Vilmundar Gylfasonar virtist finna hljómgrunn hjá yngri kynslóðinni, jafnvel þvert á hefðbundin

flokksbönd. Vilmundur var fyrst og fremst ungur, kraftmikill og öðruvísi, bæði í framgöngu og málflutningi. Hann fjallaði um mál, bæði á mannfundum og í vikulegum greinum sínum sem rannsóknarblaðamaður, af meiri tilfinningahita en menn áttu að venjast af stjórnmálamönnum fyrri tíðar. Hann var óhræddur að koma við kaun sérhagsmunahópa sem hreiðr- að höfðu um sig óárettir, einatt í skjóli ráðandi stjórnmálaflokka. Þótt síðar kæmi á daginn að Vilmundi voru verulega mislagðar hendur í rannsóknarblaðamenskunni breytti það ekki því að fólk leit til hans sem upprennandi forystumanns nýrrar kynslóðar og nýrra viðhorfa. Hann var í hugum yngri kynslóðarinnar vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer, með fjadrabliki, háa vegaleysu ...

Þótt Vilmundur drægi ekki dul á að hann væri jafnaðarmaður af sannfæringu gagnrýndi hann alla gömlu flokkana jafnt fyrir að vera lokaðar og ólýðræðislegar valdaklíkur. Hann boðaði opin prófkjör til þess að gefa almenningi kost á að ráða vali frambjóðenda í stað þess að þeir höfðu lengst af áður verið útnefndir af forystu flokka sinna í reykfylltum bakherbergjum. Margt benti til þess að fyrir dyrum stæðu kynslóðaskipti í íslenskum stjórnmálum. Ég var staðráðinn í að sitja ekki aðgerðalaus hjá þegar sú uppstokkun færi fram. Ég hafði fengið mig fullsaddan af misráðinni fylgispækt við mér eldri og reyndari menn, sem voru þegar allt kom til alls menn gærdagsins og höfðu nú verið dæmdir úr leik. Ég gerði því upp hug minn og gekk svo lítið bar á í Alþýðuflokksfélagið á Ísafirði. Ég man vel að mér barst samstundis skeyti sem var aðeins eitt orð: „Velkominn – Vimmi.“

Þegar skólameistarinn átti erindi að reka í höfuðborginni heimsótti ég Vimma og Völu á Bjarnarstignum mér til ómældrar ánægju. Þau hjón voru hvort öðru skemmtilegra og hvað svo sem við ræddum gekk ekki hnífurinn á milli okkar. Þetta verður þó að segja með þeim fyrirvara að tónlistarsmekkur okkar Vilmundar var afar ólíkur. Hann þóttist hafa sérstakt dálæti á Ása í Bæ og Bítlunum og taldi hvort tveggja til marks um jarðsamband sitt við óbreytt alþýðufólk. Ég hafði meira gaman af skagfirskum tenórum.

### Kominn til að vera

Yngri mennirnir sem voru að ryðja sér til rúms í Alþýðuflokknum höfðu mjög á orði kröfuna um opin prófkjör sem væru rétta leiðin til að opna stjórnmálaflokkana og virkja þannig lýðræðið í landinu. Ég ákvað því fljótlega að taka þátt í prófkjöri Alþýðuflokksins á Vestfjörðum haustið 1977.

En ég var að fara fram gegn sitjandi þingmanni Alþýðuflokksins í kjördæminu, Sighvati Björgvinssyni, sem hafði staðið sig vel og ræktað samskipti við kratakjarnann í kjördæminu. Þetta átti að heita opið prófkjör. Vinningsvonir mínar, ef þær voru einhverjar, voru mjög bundnar því að fylgismenn Samtakanna á Vestfjörðum, sem höfðu tryggt Karvel kjördæmakjör 1974, fengjust til að taka þátt í prófkjöri á vegum Alþýðuflokksins og fengju að taka þátt í því. En bæði var, að margir þeirra töldu sig enn skuldbundna að snúa ekki baki við Karvel Pálmasyni, sem og hitt, að þegar á reyndi voru ýmis brögð í tafla um framkvæmd prófkjörsins.

Þeir fedgar Sighvatur og Björgvin Sighvatsson höfðu enn sterk tók á hinum gamla kjarna Alþýðuflokksins og réðu því sem þeir ráða vildu um framkvæmd prófkjörsins: Hvar kjörstaðir skyldu opnir (sem fæstir) og hvar ekki, sem og því hverjir fengju að taka þátt. Í stað þess að hafa opna kjörstaði sem víðast ákváðu þeir að heimila bréflaga kosningu. Kjörseðlarnir voru fjölfaldaðir í fjölrítunarsvél barnaskólans, hjá skólastjóranum, föður Sighvats, og sendir í pósti tryggum stuðningsmönnum, án vitundar annarra og án þess að eiginleg kjörskrá lægi fyrir. Í reynd var prófkjörið orðið „lokað“.

Hafi vinningslíkur mínar verið einhverjar í upphafi voru þær að engu orðnar með þessum vinnubrögðum. Engu að síður fór ég víða um kjördæmið og kynnti sjálfan mig og þau málefni sem ég vildi setja á oddinn. Það kom hins vegar fyrir lítið á þeim stöðum þar sem ekki var opinn kjörstaður. Víða var ég líka látinn heyra það í samtölum við fólk að það vildi ekki að við Bryndís hyrfum frá skólanum. Sú staðreynd að ég var vinsæll og vel látinn skólameistari í héraðinu vann gegn pólitískum framavonum skólameistarans.

Fátt veit ég aumkunarverðara en frambjóðendur sem gefa kost á sér í kosningum en kunna ekki að taka ósigri og kenna öllum öðrum um. Ég var staðráðinn í því frá upphafi að hver svo sem úrslitin yrðu skyldi ég taka þeim af æðruleysi og karlmennsku, minnugur hins forkveðna, að það kemur dagur eftir þennan dag. Þegar á daginn kom að Sighvatur hafði haft betur hugsaði ég með mér að fall væri fararheill.

Þótt stuðningsmenn mínir væru bæði sárir og reiðir yfir framkvæmd prófkjörsins og vildu standa að klögumálum innan flokksins, tók ég þvert fyrir það. Meira að segja Björn Jónsson, forvinur minn, sendi mér orð um að hann væri reiðubúinn að taka málið upp á flokksstjórnarfundi Alþýðuflokksins. Það sýndi að vinátta okkar hafði lifað af væringarnar fyrir kosningarnar 1974. En ég afþakkaði gott boð. Flokksstjórn sendi hins vegar sendinefnd vestur, undir forystu Kjartans Jóhannssonar sem þá var varaformaður flokksins, í því skyni að bera klæði á vopnin. Ég lét mér nægja að

leggja fyrir þessa sendinefnd staðreyndir mála um framkvæmd prófkjörsins, svo að þær mættu verða víti til varnaðar við framkvæmd prófkjörs á vegum flokksins í öðrum kjördæmum. En ég fullvissaði alla aðila um að ég myndi ekki standa að neinum klögumálum og hvergi gera miskliðarefni okkar opinber í fjölmiðlum. Ég sagði mönnum sem satt var, að ég væri kominn í Alþýðuflokkinn til þess að vera.

### Tveir töffarar taka á honum stóra sínum

Af seinni tíma sjónarhóli má sjá að tímabilið 1978–1983 var hvort tveggja í senn, framlenging á framsóknaráratugnum og fjörbrot hans. Þetta var tímabil ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar (Ólafíu) 1978–1979 og ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, Steingrims Hermannssonar og Svavars Gestssonar 1980–1983, sem endaði í versta viðskilnaði lýðveldissögunnar. Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, frá október 1979 fram í febrúar 1980, fékk ekki við neitt ráðið þar sem að baki henni var enginn þingmeirihluti, enda var þessi „hundadagastjórn“ ekki til annars en að standa fyrir þingkosningum í desember 1979, í kjölfar þingrofs.

Kosningaúrslitin 1978 voru hvort tveggja í senn, fyrirheit um uppstokkun á ónýtu kerfi en um leið sár vonbrigði þar sem stjórn málaforystan klúðraði tækifærinu sem þjóðin fékk henni í hendur. Kosningaúrslitin endurspegluðu að mínu mati hugarfarsbreytingu hjá stórum hluta þjóðarinnar. Meirihluti kjósenda hafði fengið sig fullsaddan af árangurslausum bardaga stjórn málaforystunnar við vindmyllur verðbólgunnar og vildi breytingar. Það voru aðallega tveir einstaklingar sem höfðu, hvor með sínum hætti, búið í haginn fyrir það að krafan um breytingar var borin fram með auknum þunga: Þetta voru annars vegar hinn ungi og vígreifi Vilmundur Gylfason og hins vegar Björn Jónsson, sem á þessum árum veitti verkalýðshreyfingunni styrka forystu og gaf henni töffaralegri ímynd en verið hafði um langt skeið. Þessir tveir menn voru eins gerólikir og dagur og nótt og markmiðin sem þeir beittu sér fyrir voru algjörlega misvisandi. Hvorugum tókst ætlunarverk sitt.

Bakgrunnurinn var í stórum dráttum þessi: Þegar betri ytri skilyrði í þjóðarbúskapnum virtust vera í sjónmáli í júní 1977 gerði verkalýðshreyfingin svokallaða „sólstöðusamninga“. Þetta voru kollsteypusamningar (kauphækkanir í krónutölu um og yfir 25%) og verðbólguáhrifin voru innsigluð til langframa með því að semja um fulla verðtryggingu launa. Hin dauflynda ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar brást ekki við fyrr en með lögum í febrúar 1978, í aðdraganda tvennra kosninga: Sveitarstjórnarkosninga

í maí og alþingiskosninga í júní. Hin síðbúnu viðbrögð birtust með lögum sem afnámu sólstöðusamningana og skertu verðbætur á laun. Verkalýðshreyfingin svaraði með yfirvinnubanni og fjöldi launþega „fór sér hægt“ á vinnustöðum. Loks var gripið til ólöglegra verkfalla í tvo sólarhringa í mars.

Verkalýðshreyfingin sameinaðist að baki kröfunni um „samningana í gildi“. Alþýðubandalagið kynti af alefli undir eldum óánægju og notaði flotvörpu lagasetningar ríkisstjórnarinnar gegn frjálsum kjarasamningum til að hala inn atkvæði. Alþýðuflokkurinn reri á allt önnur mið. Hann boðaði „kjarabætur án kollsteypu“ og kerfisbreytingu (meðal annars afnám sjálfvirkra vísitalna og afnám tekjuskatts á almennar launatekjur) til að tryggja varanlegar kjarabætur, án verðbólgu. Rétt fyrir kosningar fór ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar á taugum og setti bráðabirgðalög sem heimiluðu fullar verðbætur á lægstu laun. Tilgangurinn átti að vera sá að bjarga meirihluta íhaldsins í Reykjavík. Það mistókst hrapallega.

Úrslit kosninganna staðfestu að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið voru sigurvegarar kosninganna. Alþýðuflokkurinn vann mesta kosningasigur sögu sinnar síðan 1934 (fékk 22 af hundraði atkvæða) og tæplega þrefald-  
aði þingmannatöluna, úr fimm í fjórtán. Alþýðubandalagið fékk 22,9% atkvæða og fjórtán þingmenn. Samtals höfðu þessir tveir flokkar um 45% atkvæða og tuttugu og átta þingmenn, vantaði aðeins þrjú þingmenn í starfhæfan meirihluta. Framsókn galt afhroð; hlaut tæp 16,9% atkvæða og aðeins tólf þingmenn. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði tíu af hundraði atkvæða og fékk 32,7%. Þetta voru algjör pólitísk umskipti. Flestum sást yfir það athyglisverðasta við þessi kosningaúrslit: Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag höfðu unnið kosningasigra sína á gerólíkum forsendum og með gerólík markmið að leiðarljósi í kosningabaráttunni.

Í þetta skiptið snerum við Sighvatur bókum saman undir merkjum Alþýðuflokksins á Vestfjörðum í stað þess að berast á banaspjót, eins og við höfðum gert með nokkrum tilþrifum fjórum árum áður. Og nú þurfti ekki að bæta sér upp tæpan og tvísýnan málstað með skylmingaleik við andstæðinga beinlínis til þess að draga athygli frá málstaðnum. Ég naut mín vel í kosningabaráttunni. Gagnrýni mín beindist að ónýtu stjórnkerfi, spilltu og rotnu helmingaskiptakerfi tvíburaflokkanna í stjórnarsamstarfinu, stefnuleysi þeirra í stærstu málum og sárri hugmyndafátækt þegar kom að tillögum um úrbætur. Þessi gagnrýni komst vel til skila og fékk góðar undirtektir. Bæði Matthías og Steingrímur fóru undan í flæmingi. Matthías hafði gegnt ráðherraembætti í þessari lánlausu ríkisstjórn. Steingrímur, sem hafði að vísu verið utan stjórnar, þóttist litla ábyrgð bera á afleiðingum stjórnarstefnunnar.

## Að þora eða þora ekki

Nú reyndi á forystuhæfileika og pólitískt hyggjuvit þeirra sem áttu að stýra hinum unga og óreynda þingflokki Alþýðuflokksins. Kjósendur höfðu veitt þeim öflugt brautargengi. Stefna Alþýðuflokksins var í stórum dráttum skýr og afdráttarlaus. Það átti að segja hinu úr sér gengna og úrelta kerfi ríkisforsjár og helmingaskipta fráfarandi stjórnarflokka stríð á hendur. Alþýðuflokkurinn hafði umboð til breytinga. Nú reyndi á hvemig foringjarnir héldu á spilunum í samningum við aðra flokka um stjórnarmyndun.

Benedikt Gröndal hafði tekið við formennsku Alþýðuflokksins af Gylfa árið 1974. Að loknu sagnfræðinámi við Harvard og Oxford sneri Benedikt sér að blaðamennsku. Hann starfaði við *Alþýðublaðið*, fyrst sem blaðamaður og síðan ritstjóri í rúma þrjá áratugi. Þegar hér var komið sögu hafði Benedikt setið á Alþingi í meira en tvo áratugi. Hann er sagður hafa verið sá af þingmönnum Alþýðuflokksins á viðreisnarárunum sem sist var sáttur við viðreisnarsamstarfið. Það átti sér sínar skýringar. Þingflokkur Alþýðuflokksins hafði í tvígang sniðgengið Benedikt til ráðherradóms: Í upphafi viðreisnar og þegar Eggert G. Þorsteinsson múrari var tekinn fram yfir Benedikt við ráðherraskipti í viðreisnarstjórninni árið 1965. En með þessum einstæða kosningasigri hafði Benedikt fengið öll spil upp í hendurnar. Hann var í þeirri kjörstöðu að geta tekið frumkvæði að stjórnarmyndun og sett á oddinn þau málefni sem Alþýðuflokkurinn hafði barist fyrir.

Hverra kosta var vöð? Alþýðuflokkurinn hafði í stjórnarandstöðu og í kosningabaráttunni útnefnt Framsóknarflokkinn sem höfuðandstæðing sinn. Vilmundur hafði veist með harkalegum hætti að embættisfærslu Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokksins, sem dómsmálaráðherra. Vilmundur fór að visu offari í þeirri rannsóknarblaðamennsku (sem sumir kölluðu „ofsóknarblaðamennsku“) og skaut hátt yfir markið. Komið hafði í hlut Sighvats að reyna að verja málstaðinn á þingi. Það tókst ekki betur til en svo (því að málstaðurinn var óverjandi) að málsvörn Ólafs reyndist vera stærsti dagurinn á þingferli hans – í beinni útsendingu.

Þessi aðför var geymd en ekki gleymd í huga Ólafs. Steingrímur Hermannsson staðfestir í ævisögu sinni að Ólafur og þeir framsóknarmenn báru afar þungan hug til Vilmundar og Alþýðuflokksins. Þar við bættist að forystulið Alþýðubandalagsins var þungt haldið af „kratahatri“ og sá ofsjónum yfir vexti og viðgangi Alþýðuflokksins sem þeir höfðu alltaf litið á sem sinn höfuðandstæðing. Ragnar Arnalds, hinn ungi formaður Alþýðubandalagsins, hafði í frægri ræðu lýst því sem sögulegu verkefni Alþýðubanda-

lagsins að yfirtaka hlutverk Alþýðuflokksins, sem hann sagði deyjandi flokk.

Af þessu er aðeins hægt að draga eina rökrétta ályktun: Benedikt átti að bjóða Sjálfstæðisflokknum til samstarfs um nýja viðreisn, en undir forsæti hans. Það var eina niðurstaðan sem var í fullu samræmi við hvort tveggja, málflutning Alþýðuflokksins og kosningaúrslitin. Styrmir Gunnarsson, ritstjóri *Morgunblaðsins*, heldur því fram að hann hafi haft umboð beggja, Geirs og Gunnars, formanns og þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins, til að gera Alþýðuflokknum slíkt tilboð. Hann segist hafa gert Sighvati Björgvinssyni, þingflokksformanni Alþýðuflokksins, líkt boð fyrir flokksstjórnarfund Alþýðuflokksins sem tók ákvörðun um þessa stjórnarmyndun. Sighvatur neitar því að þessi boð hafi borist. Þau voru aldrei lögð fyrir flokksstjórn Alþýðuflokksins, hver svo sem skýringin er. Á þessum tíma er vitað að meirihluti þingflokks Alþýðuflokksins var andvígur því að misnota kosningasigur flokksins til þess að lyfta Framsókn og Alþýðubandalagi til valda. Formaður Alþýðuflokksins, Benedikt Gröndal, hafði hins vegar af sögulegum (eða persónulegum) ástæðum „ofnæmi fyrir viðreisn“. Persónulega tel ég, þessu til viðbótar, að Benedikt hafi ekki treyst sér til að vera forsætisráðherra. Hann þorði ekki.

Hann lét tækifærið sér úr greipum ganga. Sumir sem stóðu honum nærri fullyrtu að draumur Benedikts hefði alla tíð verið sá að verða utanríkisráðherra. Og það varð niðurstaðan. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, þreifaði eitthvað fyrir sér í þessum stjórnarmyndunarviðræðum um „þjóðstjórn“, sem flestir álitu vera tímasóun.

En hvernig má það vera að Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, sem beðið hafði skipbrot í kosningunum, var leiddur af strandstaðnum af þeim Lúðvík Jósepssyni og Benedikt Gröndal, upp í brúna á þjóðarskútunni? Það varð hin óumflýjanlega niðurstaða eftir að Benedikt og samstarfsmenn hans höfðu látið leiða sig út í alvöruviðræður um enn eina „vinstri stjórnina“ með Alþýðubandalaginu. Lúðvík Jósepsson hafði fengið stjórnarmyndunarumboð þann 16. ágúst um sumarið. Að loknum óteljandi viðræðufundum um bráðabirgðaúrræði í efnahagsmálum (allt undir þeirri hótun að verðstöðvunarlæg, sem enn voru í gildi frá viðreisnartímanum, myndu falla úr gildi 1. september ef ný ríkisstjórn væri þá ekki sest á ráðherrastóla), kom að því að Lúðvík Jósepsson spyrdi formenn hinna flokkanna hvort þeir gætu fallist á stjórnarforystu hans. Fljótamaðurinn Ólafur vissi sem var, að á það myndu kratar aldrei fallast. Honum væri því óhætt að segja með brosi á vör að hann væri reiðubúinn til stjórnarsamstarfs undir forystu hvers þeirra sem um semdist. Þegar Lúðvík gekk

hart eftir svari frá Benedikt fékk hann að lokum hið óhjákvæmilega nei, samkvæmt samþykkt þingflokksins. Þar með var ljóst að Alþýðubandalagið myndi aldrei fallast á stjórnarforystu Benedikts, sem kannski var honum persónulega að meinalausu.

Þessi afstaða til formanns Alþýðubandalagsins, sem formlega leiddi stjórnarmyndunarviðræðurnar, var líka geymd en ekki gleymd. Þetta magnaði enn um allan helming óvild alþýðubandalagsmanna í garð Alþýðuflokksins. Þetta var ekki beinlínis glæsileg byrjun á stjórnarsamstarfi: Hinir væntanlegu samstarfsflokkar Alþýðuflokksins þóttust báðir eiga harma að hefna á krötum, sem þar með urðu áhrifalaus þriðji aðili að stjórnarsamstarfi. Við þetta bættist að engin málefnasamstaða náðist í þessum viðræðum um úrræði í efnahagsmálum sem að gagni mættu koma. Þessi svokallaða ríkisstjórn, sem settist að völdum um mánaðamót ágúst og september árið 1978, einkenndist því allan tímann af áframhaldandi stjórnarmyndunarviðræðum, í leit að haldbærum úrræðum gegn óðaverðbólgu sem engin fundust því flokkarnir beittu hver annan úrslitakostum og útilokuðu þar með nokkra nytsamlega niðurstöðu. Steingrímur Hermannsson orðar það svo í ævisögu sinni að eftir tvær vikur og tíu fundi hafi honum orðið „ljóst að hyldjúp gjá skildi að A-flokkana og [að] litil von væri um lausn“.

Þetta mátti honum ljóst vera því að í hans hlut kom „að gera skriflega tillögu að efnahagskafla stjórnarsáttmálans“, sem hann segist hafa sett saman á sjö síðum. Svavar Gestsson barnaði hins vegar fyrir honum textann með fimmtán líðum, þar með þeim fyrirvara að samþykki launþegasamtakanna væri tilskilið um aðalatriðin. Þar með var ríkisstjórnin komin í gíslingu hjá ASÍ og BSRB og um leið ekki einu sinni sjálfri sér ráðandi. Páll Pétursson hitti naglann á höfuðið þegar hann kastaði fram eftirfarandi vísu eftir umfjöllun í þingflokki framsóknarmanna um stjórnarsáttmálann, sem hinn verðandi forsætisráðherra lýsti á þá leið að hann „bæri það með sé að gera ætti það sem væri ómögulegt“:

*Víð förum í róður, þótt fleyið sé lekt  
og framundan leiðinda starf.  
Nú gerum við allt sem er ómögulegt  
en ekkert af hinu, sem þarf.*

„Það sem að helst hann varast vann ...“

Þeir sem völdust til ráðherraembætta af hálfu Alþýðuflokksins í þessari ríkisstjórn, fyrir utan formanninn sem varð utanríkisráðherra, voru þeir Kjartan Jóhannsson verkfræðingur og Magnús H. Magnússon, fyrrverandi bæjarstjóri Vestmannaeyinga, sem varð þjóðkunnur á einni nóttu í Vestmannaeyjagösinu 1973 fyrir skörulega stjórn á björgunaraðgerðum. Þeir stóðu sig báðir vel. Kjartan varð sjávarútvegsráðherra og reyndi af fremsta megni að halda í við stækkun skipastólsins en þá voru uppi stífar kröfur af hálfu útgerðarmanna um innflutning nýrra fiskiskipa, þrátt fyrir fyrir-sjáanlega minnkandi fiskistofna.

Magnús varð heilbrigðis- og félagsmálaráðherra. Hann naut sveitarstjórnarreynslu sinnar og var öllum hnútum kunnugur í samskiptum ríkis- og sveitarfélaga, sem einkum eru á verksviði félagsmálaráðuneytisins. Hann beitti sér fyrir þörfum umbótum, bæði í húsnæðismálum og að því er varðaði lífeyrisréttindi aldraðra, og kom þeim hugðarefnum fram á Alþingi. Þeir sem til þekkja fullyrða að starfsþrek Benedikts hafi verið á þrotum þegar leið á þetta erfiða stjórnarsamstarf. Sama máli gegndi um Kjartan Jóhannsson, sem ofgerði sér við útreikninga og tillögugerð, auk þess sem það hlýtur að hafa niðurdrepanði áhrif á mann sem leggur sig allan fram að eygja engan árangur erfiðis síns.

Samskipti manna í þessari ríkisstjórn einkenndust mestan part af tómun harmkvælum og eftirtekjan varð hallærisleg eftir því. Ekki vegna þess að mennirnir sem sátu í ráðherrastólunum hafi verið vanhæfir. Því fór fjarri. Ólafur Jóhannesson sýndi það á stórum stundum á stjórn málaferli sínum að hann gat verið bæði snjall og úrræðagóður, þótt stjórnun efnahagsmála hafi að vísu verið handan hans sérsviðs. Og sama má segja um flesta ef ekki alla ráðherrana, að þeir voru vel frambærilegir í störfum sínum. En þeim var ekki sjálfrátt. Sjálf var ríkisstjórnin í gislingu verkalýðshreyfingarinnar og ráðherrarnir voru fangar í ónýtu kerfi sem þeir höfðu ekki kjark til að brjótast út úr. Sama máli gegndi um ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens sem sat í stjórnarráðinu 1980–1983, með sömu leikarana í aðalhlutverkunum af hálfu Alþýðubandalags og Framsóknar. Steingrímur Hermannsson gagnrýndi Alþýðuflokkinn óvægilega fyrir það „ábyrgðarleysi“ að hafa slegið vandræðastjórn Ólafs Jóhannessonar af haustið 1979. En í ævisögu sinni gagnrýnir hann sjálfan sig harðlega fyrir að hafa sýnt það ábyrgðarleysi að hafa ekki slitið stjórnarsamstarfinu í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens áður en allt var komið í óefni.

Það kallar hann mistök. Það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann.

### Kratafrumvarpið sem varð að Ólafslögum

Sighvatur Björgvinsson hafði verið kosinn formaður hins unga og óstýriláta þingflokks. Þegar leið á haustið varð ljóst að þessi ríkisstjórn væri ekki á vetur setjandi ef hún næði ekki tókum á stjórn efnahagsmála. Við þessar kringumstæður var Sighvatur einhverra erinda erlendis og það kom í hlut varamannsins að setjast inn í þennan þingflokk. Mér leist nú satt að segja ekkert á ástandið.

Samband okkar Vilmundar var frá upphafi gott og náid og af viðræðum okkar varð ekki annað sýnt en við hefðum mikla samstöðu um það sem okkur sýndist þurfa að gera. Við vorum báðir hundóánægðir með stjórnarsamstarfið. Vilmundur átti frumkvæðið að því að við reyndum að setja saman heildstætt frumvarp um stjórn efnahagsmála. Ég varði tíma mínum að mestu leyti í að vinna í því máli ásamt honum. Við leitudum víða fanga. Ég átti viðtöl við marga menn innan kerfisins, þar á meðal við fóstbróður minn frá Ögri forðum daga, Jón Sigurðsson, sem þá var forstjóri Efnahagsstofnunar, hagdeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Fleiri komu að því verki, eins og fyrrverandi hagfræðikennari hjá mér við Menntaskólann á Ísafirði, Magnús Pétursson, sem seinna varð ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Auk þess var að sjálfsgöðu leitað í smiðju til Gylfa Þ., sem reyndar skrifaði greinargerð með frumvarpinu.

Hið óreynda þinglið Alþýðuflokksins hafði ókyrrst mjög þegar sýnt þótti að ríkisstjórnin hefðist ekki að og viðbrögðin voru þau að setja tímasetta úrslitakosti. Ef ríkisstjórnin kæmi ekki með heildstæð úrræði í efnahagsmálum fyrir þessa dagsetningu eða hina yrði stjórnarsamstarfinu slitið. Þetta voru ekki góð vinnubrögð. Menn eiga aldrei að hóta neinu í pólitík án þess að vera fyrirfram ákveðnir í að standa við það. Þingflokkurinn var sjálfur ekki tilbúinn með þau úrræði sem samstaða gat orðið um.

Á þessum tíma var allt kerfið bundið í viðjar sjálfvirkra vísitalna og stjórnámálamenn voru líkt og milli heims og helju milli vísutölutímabila. Á þriggja mánaða fresti hertist hengingarólin að hálsi stjórnámálamanna sem reyndu að hugsa upp bráðabirgðaúrræði til að lengja í ólinni og halda ríkisstjórnnum á floti. Við Vilmundur unnum kappsamlega að því að setja saman frumvarpið um stjórn efnahagsmála og náðum að leggja það fyrir þingflokkinn fyrir júl. Því næst kynntum við það rækilega í *Alþýðubladinu* og létum fylgja greinargerð Gylfa Þ. þar sem markmiðum okkar með

frumvarpinu var vel lýst og val okkar á leiðum rökstutt með sannfærandi hætti.

Verðbólgan var orðin innbyggð í kerfið og mótaði hugsunarhátt Íslendinga. Stjórnámálamennirnir horfðu aðgerðalausir upp á það að óðaverðbólgan eyddi sparifé landsmanna og var að gera lifeyrissjóði launþega að engu. Það þótti lán að fá lán því að lánið þurfti ekki að endurgreiða í raunverulegum verðmætum. Þetta þýddi að mælikvarði vaxta á arðsemi fjárfestingar var rammskakkur; allt borgaði sig til skamms tíma því að þannig var fjármunum forðað af báli verðbólgunnar. Þetta fól í sér stöðugar tilfærslur fjármuna frá launþegum til þeirra sem voru skjólstæðingar bankakerfisins og ráku fyrirtæki eða fjárfestu í fasteignum í krafti gjafalána sem aldrei komu til endurgreiðslu nema að hluta. Launþegum var talin trú um að verðtrygging launa væri þeirra seinasta haldreipi. En um leið og verðbætur launa höfðu verið greiddar út upphófst ný verðhækkanaalda, sem þýddi að launin voru greidd í svikinni mynt. Þetta var vítahringur verðbólgunnar. Hinar fornu dyggðir sem kenndar voru við sparnað, fyrirhyggju og ráðdeild áttu ekki lengur við. Þvert á móti: Hið gamla kjörorð bankanna: „Græddur er geymdur eyrir“ var orðið öfugmæli: „Glatað er geymt sparifé“.

Við gerðum okkur auðvitað ekki fyllilega grein fyrir því á þessum tíma að við stóðum í svipuðum sporum og umbótamennirnir sem áratug síðar stóðu frammi fyrir gjaldþroti hins sovéska hagkerfis um alla Austur-Evrópu. Þeir stóðu frammi fyrir tveimur kostum og hvorugum góðum: Áttu þeir að leggja sjúklinginn (hið helsjúka hagkerfi) á skurðarborðið, sem í hagfræðinni þýðir kerfisbreytingu. Eða kusu þeir frekar lyfjagjöf, sem línaði þjáningar sjúklingsins en bauð heim þeirri hættu að honum slægi niður aftur? Í hagfræðinni er þetta leið hægfara umbóta – Steingrímur myndi kenna þetta við niðurtalninguna – en aðrir myndu líkja þessu við það að sauma nýjar bætur á stagbætta flik sem hélt ekki lengur þræði. Kostir skurðaðgerðarinnar („shock therapy“) eru þeir að óhjákvæmilegar þjáningar standa yfir stuttan tíma og langtíma batahorfur eru betri. Sú hætta er þó fyrir hendi að sjúklingurinn hreinlega deyi í höndum læknisins, ef hann er orðinn svo langt leiddur að viðnámsþrekið er á þrotum. Skurðaðgerðin er alltaf erfiðari pólitískt því deyfilyfjum verður ekki við komið. Niðurtalningin (lyfjagjöfin) framlengir þjáningar sjúklingsins, því smám saman hætta lyfin að virka og sjúkdómurinn getur tekið sig upp aftur, meira að segja með ófyrirsjáanlegum hliðarverkunum.

Við stóðum í þessum sporum fyrir jólin 1978. Verðbólgan var komin yfir 50 prósent. Það var fyrirsjáanlegt að hún myndi breiðast út um allan

þjóðarlikamann og veikja hann enn frekar ef ekkert yrði að gert. Og lækna-  
arnir (rikisstjórnin) sem höfðu sjúklinginn til meðferðar gerðu ekkert ann-  
að en að rifast innbyrðis um sjúkdómsgreininguna og til hvaða aðgerða ætti  
að grípa.

### Pólitísk sjúkdómsgreining

Alþýðubandalagið og Framsókn mæltu með lyfjagiöf, vildu freista þess að  
lappa upp á óbreytt kerfi. Við Vilmundur og skoðanabræður okkar vorum  
orðnir sannfærðir um að skurðaðgerð væri óumflýjanleg. Vandí okkar var  
sá að þótt Alþýðuflokkurinn ætti að heita í ríkisstjórn var ráðherrum hans  
ekki treyst fyrir lyklinum að skurðstofunni. Sá lykill var í höndum Fljóta-  
mannsins Ólafs Jóhannessonar sem sat í forsætisráðuneytinu. Við ákváð-  
um samt að við gætum ekki varið það fyrir samvisku okkar að horfa upp  
á sjúklinginn engjast í kvölum sínum án þess að hann fengi að fengi að  
heyra rétta sjúkdómsgreiningu.

Kjarninn í frumvarpi okkar var þessi: Það átti að afnema með lögum visi-  
tölubindingu launa og stöðva þar með vítahring vixlhækkana verðbólgunn-  
ar. Þetta var rökstutt með haldleysi visitölutryggingarinnar samkvæmt dap-  
urlegri reynslu launþega á framsóknaráratugnum: Það átti að taka upp  
verðtryggingu sparifjár og fjárskuldbindinga og koma á raunvöxtum. Þetta  
var hin raunverulega skurðaðgerð á hinu sjúka kerfi. Hún þjónaði margvis-  
legum tilgangi: Það átti að stöðva takmarkalaus eftirspurn eftir lánsfé; það  
átti að endurreisa rétta mælikvarða á arðsemi fjárfestingar og stuðla að  
framleiðni sem fór ört þverrandi. Þetta átti að forða lífeyrissjóðum laun-  
þega frá því að brenna á verðbólguþálinu; þetta átti að hvetja einstaklinga,  
fjölskyldur og fyrirtæki til sparnaðar og ráðdeildar; þetta átti að draga úr  
taumlausri eftirspurn eftir erlendu lánsfé og renna styrkari stöðum undir  
arðsemi fjárfestinga um leið og það drægi úr sligandi byrði vaxta og afborg-  
ana af erlendum lánum (sem hækkuðu ört í innlendri mynt við þráfelldar  
gengislækkanir). Fyrir utan þessar kjarnaadgerðir átti að stokka upp ríkis-  
forsjárkerfi landbúnaðarins og létta byrðum þess af launþegum með því að  
afnema þegar í stað sjálfvirkar útflutningsbætur landbúnaðarafurða. Þar  
sem við slógum því föstu að fákeppni og verðsamráð ríkti í olíuinnflutn-  
ingnum lögðum við til að stofnað yrði nýtt olíuinnflutningsfyrirtæki með  
hlutdeild ríkisins til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki og launþegar yrðu  
hlunnfarnir í þeim viðskiptum.

Til að lina þjáningar sjúklingsins og auðvelda honum endurhæfingu að  
lokinni skurðaðgerð lögðum við til margvíslegar mildandi aðgerðir. Það átti

að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum (sem voru nánar skilgreindar) og gera tekjuskattstofninn að skattstofni sveitarfélaga (útsvarsstofn) sem skyldu sjálf bera ábyrgð á álagningunni. Það átti að koma á staðgreiðslu tekjuskatta á hátekjur og útsvör. Það átti að afnema götótt söluskattskerfi og koma á virðisaukaskattskerfi. Það átti að hækka skattfrelsmörk og greiða út auknar fjölskyldubætur, stighækkandi eftir framfærslubyrði. Loks átti að kasta út bjarghring í formi lágmarks tekjutryggingar hinna lægst launuðu. Þetta var tilraun til að útfæra svokallaðan neikvæðan tekjuskatt sem hefur reynst nokkuð árangursrik tekjujöfnunaradgerð þar sem hún hefur verið rétt útfærð, eins og til dæmis í Bandaríkjunum á tímabili Bills Clintons.

Þessu til viðbótar lagði Magnús H. Magnússon félagsmálaráðherra fram heildstætt frumvarp um eftirlaun aldraðra og við lýstum enn fremur tillögum sem gerðu ráð fyrir samræmdum lífeyrisréttindum launþega. Gert var ráð fyrir hækkuðu lánshlutfalli til fjölskyldna sem voru að byggja eða kaupa húsnæði í fyrsta sinn og lengingu lánstíma og skuldbreytingum á langtíma fjárskuldbindingum. Loks gerðum við ráð fyrir afnámi hins óvirka verðlags-  
eftirlits og frjálsri verðlagningu, nema í þeim tilvikum þar sem einokun eða fákeppni var ráðandi á markaði.

### Höfundarrétturinn og háskólaprófessorinn

Þetta voru vissulega róttækar tillögur. Fullkomin „sjökk-þerapía“ eins og hún var síðar útfærð sums staðar í Austur-Evrópu (eins og til dæmis í Póllandi) gengur þó lengra en við þorðum á þessum tíma miðað við ríkjandi aðstæður á Íslandi. Slik aðgerð gengur út á eftirfarandi: Öll fyrirtæki í ríkiseigu (íðulega í einokunaraðstöðu) eru einkavædd; allt verðlag er gefið frjálst; vaxtastig inn- og útlána er látið ráðast af markaði; fjármagnsflutningar inn og úr landi eru gefnir frjálsir; verndartollar, styrkir og niðurgreiðslur eru afnumdar; skattar eru hafðir lágir og í einföldu kerfi (það er lykilatríði); reynt er af fremsta megni að laða erlent fjármagn inn í landið til að nýta fjárfestingartækifærin sem skapast við kerfisbreytinguna.

Þar sem menn hafa haft pólitískt úthald til að keyra í gegn svo róttæka kerfisbreytingu á sem skemmstum tíma, eins og til dæmis í Eistlandi, hefur árangurinn orðið undraverður. Þessu má líkja við flugvél sem fer í gegnum óveðursfláka í háloftunum og flugstjórinn ráðleggur farþegunum djúpri en róandi röddu að festa sætisólarnar og sitja af sér veðragnýinn þótt vél-in leiki á reiðiskjálfi. En þessi líking er þó fólksk að einu leyti og það skiptir sköpum. Meirihluti almennings, sem fer í gegnum svo róttæka kerfis-

breytingu, hefur engar sætisólar að spenna; ekkert öryggiskerfi að leita til og ekkert öryggisnet sem grípur þá í friu falli uppstokkunarinnar. Sem sósíaldemókratar vildum við tryggja að hinar mildandi aðgerðir dygðu sem öryggisnet meðan við stæðum af okkur storminn. Á þetta hefur mjög skort í umbótatilauninum sem gerðar hafa verið í Austur-Evrópu. Afleiðingarnar hafa líka blasað við í skorti á pólitískri festu og samstöðu og vaxandi sundrunu innan þessara þjóðfélaga.

Þegar á reyndi náðist engin samstaða innan ríkisstjórnarinnar um þessar lausnir frekar en aðrar. Steingrímur Hermannsson segir frá því að hann, Ragnar Arnalds og Kjartan Jóhannsson hafi reynt að púsla saman einhverjar málamíðlanir í svokallaðri efnahagsnefnd ríkisstjórnarinnar þar sem Hallgrímur Snorrason, núverandi hagstofustjóri, hafi reynt hreinn snillingur með skærin við að klippa í sundur og líma saman tillögur sem þeir fóstbræður, Steingrímur, Ragnar og Kjartan, höfðu kokkað með aðstoðarmönnum sínum. Steingrímur lýsir því sjálfur í ævisögu sinni hversu misbóðið honum var þegar Ólafur Jóhannesson gerði ekkert með tillögur þeirra félaga en lagði þess í stað fram frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir, sem síðan hefur verið við hann kennt og kallað *Ólafslög*. Ólafi sagðist sjálfum svo frá að honum hefði að lokum leiðst þófið og tekið málið í sínar hendur og samið frumvarp um efnahagsbjargráð við eldhúsbordið heima hjá sér.

Sannleikurinn er sá að Ólafur lagði frumvarp okkar Vilmundar, ásamt greinargerð Gylfa, á eldhúsbordið og beitti síðan skærunum samkvæmt fyrirmynd hagstofustjórans, límdi saman sumt sem honum var þóknanlegt, en fleygði hinu í ruslafötuna. Frumvarp Ólafs, þótt það væri eins og dauft ljósrit af upphaflegum tillögum okkar, reyndist svo umdeilt innan ríkisstjórnarinnar að forsætisráðherrann varð að hóta að flytja málið sem þingmannafrumvarp. Þetta linadi þjáningar ríkisstjórnarinnar um hrið, þótt sjúklingnum sjálfum elnadi sóttin, enda mátti hann þola tilraunir margra skottulækna á lífi og limum næstu árin þar til hann loks komst undir lækni- ishundur.

Eftir þessa tilraun okkar Vilmundar til að koma vitinu fyrir vinstri stjórn í efnahagsmálum, hvarf ég aftur til míns heima reynslunni ríkari. Ég fann sárlega til þess að forysta Alþýðuflokksins var veik. Þar vantaði mikið á að tekið væri af skarið um þau mál sem kröfðust lausnar og ekki varð á frest skotið. Í reynd var þetta stjórnarsamstarf framhald á stjórnarmyndunarviðræðum sem aldrei höfðu verið til lykta leiddar. Það var látið reka á reiðanum.

### Skólameistarahjónin borin út

Frá því við Bryndís byrjuðum að gera út Menntaskólann á Ísafirði höfðum við haldið úti eins konar þúsluspili í húsnæðismálum. Frumskilyrði þess að fá hæfa kennara til þess að setjast að á Ísafirði með fjölskyldum sínum var að tryggja þeim húsnæði við hæfi. Við höfðum takmarkaðan fjölda íbúða til umráða. Það réðst svo af fjölskyldustærð og heimilishögum kennara hvernig þeim var ráðstafað í húsnæði. Fjölskylda skólameistarans varð stundum að mæta afgangi til að láta dæmið ganga upp. Við Bryndís höfðum þess vegna flust búferlum oftast en góðu hófi gegndi, af Eyrinni upp í heimavist og til baka, fram og aftur.

Veturinn 1977–1978 hafði fjölskyldan flust í fimmta sinn, að þessu sinni í húsnæði sem tekið var á leigu af fráfarandi prófasti Ísfirðinga, séra Sigurði Kristjánssyni. Þetta var þrilyft timburhús við Pólgötu, á miðri Eyrinni. Þar hafði ég rekið kosningaskrifstofu fyrir Jónas Árnason. Húsið var falt við góðu verði. Það hefði orðið mun ódýrari kostur en sá að framfylgja upphaflegri byggingaráætlun menntaskólans um sérstakan skólameistarabústað á menntaskólalóðinni. Íbúðin var tekin á leigu til eins árs með því fororði að hún yrði síðan keypt sem skólameistarasetur. Vilhjálmur Hjálmarsson, Mjófirðingur og menntamálaráðherra, hafði heiðrað Bryndísi með nærveru sinni við skólaslit og þau gerðu með sér heiðursmannasamkomulag um að íbúðin yrði keypt fyrir upphaf næsta skólaárs, samkvæmt fororði leigusamnings. Þegar á þetta ráðherraloforð átti að reyna um haustið virtist ekki vera innistæða fyrir því. Í miðjum klíðum þessa máls urðu stjórnarslit og minn gamli bekkjarbróðir, Ragnar Arnalds, var tekinn við embætti menntamálaráðherra. Mér var þvert um geð að leita til hans um efndir á loforði fyrirrennara hans. Niðurstaðan varð einfaldlega sú að dagana sem við vorum að undirbúa skólaasetningu var húsið selt og fjölskylda skólameistara borin út. Við stóðum því uppi á götunni með búslóðina í gámum.

Af þessu spunnust blaðadeilur; lesendabréfum rigndi yfir ritstjóra, sumum miður góðgjörnum. Sumir voru þeirrar skoðunar að skólameistarahjónunum væri ekki vandara um en öðrum að leysa sín húsnæðismál sjálf. Aðrir bentu á að fjölskylda skólameistarans hefði verið á hrakhólum í húsnæðismálum vegna þess að hún lét sjálfa sig mæta afgangi þegar reynt var að koma fjölskyldum nýrra kennara við vaxandi skóla á hús fyrir upphaf skólaárs. Frómt frá sagt hafði ekki hvarflað að okkur að fara að standa fyrir húsbyggingu á Ísafirði, bæði vegna þess að í samþykkttri byggingaráætlun

skólans var gert ráð fyrir embættisbústað skólameistara og eins vegna hins, að við höfðum frá upphafi litið á þetta uppbyggingarstarf sem tímabundinn kapitula í lífi okkar. Við áttum húsið á Vesturgötunni, höfðum keypt efri hæðina til viðbótar og áttum því húsið allt. Það var hins vegar minni eign en samkvæmt orðanna hljóðan því að þetta gamla og viðkvæma timburhús frá skútuöld var komið í algera niðurniðslu eftir að hafa verið á leigu-markaðnum í nokkur ár.

Framkoma ráðherra og ráðuneytis í þessu máli var óneitanlega báðum til skammar. Mér var auðvitað skapi næst að strunsa út og skella hurðum á eftir mér. Það var ekki einasta að orðum ráðherra væri ekki treystandi heldur þótti mér þetta kaldar kveðjur frá ráðuneyti menntamála eftir átta ára brautryðjendastarf þar sem við Bryndís höfðum bæði lagt okkur öll fram um að standa við okkar hlut. Ég vissi ekki betur en að allir dómbærir menn væru sammála um að við hefðum skilað góðu verki. Ég settist niður og skrifaði ráðuneytinu harðort bréf en minnugur viturlegra orða Abrahams Lincolns Bandaríkjaforseta sem ráðlagði mönnum að skeyta skapi sínu á pappírnum og stinga honum að því búnu ofan í skúffu, var bréfið til Ragnars Arnalds, bekkjarbróður og sessunautar úr Skeggjabekk, aldrei póstlagt. Ég beit á jaxlinn og bölvaði í hljóði og ákvað að skiljast ekki við sköpunarverk mitt þannig að skólahaldið sjálft yrði í uppnámi. Samkennarar mínir og nemendur höfðu ekkert til saka unnið og áttu ekki skilið að verða fórnarlömb svikinna loforda yfirboðara minna.

Gámunum með búslóðinni var troðið upp í flutningabíl og Bryndís og börnin flutt hreppaflutningum suður. Hitt er svo annað mál, að reikningurinn fyrir flutningana barst aldrei. Seinna fékkst sú skýring að þingmaður Vestfirðinga, Hannibal Valdimarsson, hefði á sínum tíma skrifað upp á víxla fyrir bílstjórann þegar bílstjórinn var að byrja baslið en víxlarnir hefðu fallið á Hannibal.

Þessi viðskilnaður við Ísfirðinga varð óneitanlega annar en við hefðum kosið. En ég harkaði af mér. Ég bjó um mig í einu herbergi á heimavist og var í fæði í mötuneytinu þar sem Lára Veturliða, matselja, og samstarfskonur hennar stytta mér stundir með því að rifja upp sögur frá gullöld Rauða bæjarins.

Bryndís hófst handa við að reisa húsið á Vesturgötunni úr rústum og að koma börnunum fyrir í skólavist. Aldís, elsta dóttir okkar, var orðin 19 vetra og hafði lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð á þriggja ára hraðferð. Að því loknu gerðist hún kennari vestur á Tálknafirði áður en hún tók aftur til við háskólanám, fyrst í uppeldisfræðum en síðar í lögfræði. Yngri börnin voru enn öll á barnaskólaaldri: Glúmur 12 vetra,

Snæfríður 10 og Kolfinna 8 vetra. Glúmur leitaði athvarfs á knattspyrnuvellingum hjá KR. En okkur Bryndísi var í mun að stelpurnar héldu áfram tónlistarnámi sínu, hvað sem það kostaði í fjárútlátum og akstri. Með vísan til eigin reynslu hafði ég auðvitað samúð með þeim að vera rifin upp með rötum á Ísafirði, á svipuðum aldri og við svipaðar kringumstæður og ég hafði sjálfur mátt þola í bernsku. En eigi má sköpum renna; öll áttu þau líka traust athvarf hjá afa og ömmu í Skjólunum sem reyndust þeim stöð og stytta í hverju sem að höndum bar.

Fremur en að gera ekki neitt tók Bryndís að sér að kenna frönsku við skóla sem Póst- og símamálastofnunin rak fyrir starfsfólk sitt. Auk þess settist hún niður og þýddi bók eftir Simone de Beauvoir, *Hægt andlát*, sem hún síðar las í útvarp. Hún var dottin út úr biðröð metnaðarfullra leikvenna, sem biðu eftir hlutverkum við leikhús borgarinnar. Þess í stað fór hún að leita fyrir sér um vinnu við dagskrárgerð í sjónvarpi. Í fyrstu fékk hún stöku verk að vinna við þáttagerð undir stjórn Tage Ammendrup. Þar kom að Jón Þórarinnsson tónskáld, og þá dagskrárstjóri Sjónvarps, bauð henni að taka að sér *Stundina okkar*. Það gerði hún og stýrði *Stundinni* við vaxandi vinsældir – en nokkra öfund samkvæmt lesendabréfum dagblaða – næstu fjögur árin, eða til vertíðarloka 1983. Við vorum því bæði útivinnandi, í fullu og krefjandi starfi, að ekki sé meira sagt, á sama tíma og yngri börnin voru að finna sér fótfestu í nýju og framandlegu umhverfi.

### „Skelltu þér um borð!“

Vorið 1979 varð það niðurstaða samtala okkar Vilmundar að ég kæmi suður og tæki við ritstjórn *Alþýðubladsins* um haustið. Ég leit svo á frá upphafi að það yrði bandalag tveggja manna sem ættu samstöðu um að hefja til vegs merki nútímalegrar jafnaðarstefnu í íslenskum stjórnmálum. Bryndís hafði í millitíðinni tekið til hendinni við að gera neðri hæðina á Vesturgötu 38 aftur íbúðarhæfa, en ekki duldist að okkar beið mikið verk að taka húsið í gegn. Til þess var okkur peninga vant. Ég ákvað því að breyta ærlega til og að skella mér um borð í togara einu sinni enn. Um þetta leyti var uppgríp að hafa til sjós og þar af leiðandi nóg framboð af mannskap. Það var sama hvert ég leitaði fyrir mér meðal skipstjórnarmanna; ekki var auðsótt að fá pláss, jafnvel þótt ég vitnaði í gamla sjóarareynslu frá skólaárum.

Einn daginn lét ég slag standa og fór með pokann minn niður á kaja. Ég hafði haft spurnir af því að Snorri Sturluson, stórtogari Bæjarútgerðar Reykjavíkur, væri að leggja frá. Eina von mín um pláss var sú að einhverjum hefði dvalist í landi við dufl og vín. Ég fór um borð og náði tali af skip-

stjóranum, Ólafi Jónssyni, ungum manni og frisklegum. Hann var þá tuttugu og átta ára en ég stóð á fertugu. Hann sagði ekkert pláss laust en bað mig þó að doka við á bryggjunni. Allt í einu stakk hann fingrunum upp í munnvikin og blistraði hátt og hveitt og benti á mig:

„Þú þarna, skelltu þér um borð!“

Þar með var ég orðinn munstraður háseti á Snorra Sturlusyni.

Þegar um borð var komið virtist enginn hásetanna vera vinnufær, vegna ölvunar eða vímu. Það kom því í hlut skólameistarans að leysa landfestar undir umsjón bátsmanns og að framfylgja fyrirskipunum um að allt væri í röð og reglu á dekki. Á útstíminu, þegar ég fór að leita að svefnplássi neðan þilja, blasti við skrautleg sjón: Þarna lágu menn hver um annan þveran og sumir hreint út sagt við dauðans dyr. Flestir höfðu þó rænu á því að hafa útvarp við höfðalagið og stilltu graðhestamúsíkina á hæsta, hver eftir sínum smekk, svo að skar í eyrun einhver sú framúrstefnulegasta símfónía sem ég hef heyrt á lífsleiðinni. Meira að segja sjálfum Atla Heimi hefði aldrei hugkvæmst að framleiða þvilik hljóð. Á þiljum bak við kojur höfðu flestir þeirra neglt upp plaköt með blautum vörum og bólgnum brjóstum sem eggjuðu þessa drengi til dáða, þótt flestir hefðu þeir sennilega fremur beðið um alkaseltser en kvenmannshljú ef þeir hefðu verið með meðvitund.

Bátsmaðurinn gekk valdsmannslega á undan eina hásetanum sem var uppistandandi. Fyrir vit okkar beggja lagði fnyk sem varð til þess að bátsmaðurinn rann á lyktina. Þegar hann opnaði dyrnar að salernunum var skýringin fundin. Klósettin voru stífluð og sum yfirfljótandi. Bátsmaðurinn skipaði nýja hásetanum að hreinsa klósettin. Til þess fékk ég fötu og plasthanska upp á olnboga. Ég bograði yfir þeim góða stund, jós upp stíflunni og spúlaði síðan herlegheitin. Þegar ég var um það bil að ljúka þessum þjóðþrifaverkum tók ég eftir því að bátsmaðurinn var horfinn. Hann hafði allt í einu séð framan í mig í ljósskímu og rokið upp í brú til að segja skipstjóranum þau tíðindi að nýi hásetinn væri skólameistarinn á Ísafirði.

Við stímuðum beint á Halann. Mér sýndist gervallur togarafloti vinstri stjórnarinnar, sællar minningar, vera allt um kring. Það mátti varla dýfa svo trolli í sjó að það væri ekki fullt af fiski með það sama. Þegar trollið var híft inn hvolfdust ekki minna en tuttugu og fimm tonn af rigaporski yfir dekkið. Vinnuálagið var gegndarlaust. Það voru staðnar svo að segja allar frivaktir. Sem betur fór höfðu hetjur hafsins náð að sofa úr sér á útstíminu og voru risnar úr rekkju og reiðubúnar að láta hendur standa fram úr ermum.

## Valdi víðátta og Cesar umboðsmaður

Fréttin um að skólameistarinn frá Ísafirði væri orðinn háseti á Snorra Sturlusyni fór um eins og eldur í sinu meðal áhafnarinnar. Augnaráðið sem mætti mér var ýmist fjandsamlegt, háðskt eða í versta falli vorkunnlátt. Sérstaklega var tveimur skipsfélaga minna sýnilega uppsigað við þennan villuráfandi sauð. Þeir létu ekkert tækifæri ónotað til að úthúða kennarablókum og öllu þeirra hyski. Ekki var á þeim að heyra að þeir hefðu góða reynslu af þess háttar andlegum ígulkerum. Smám saman veiddi ég upp úr þeim söguna. Annar hafði verið rekinn úr Héraðsskólanum á Laugum eftir að hafa reynt að kveikja í skólanum til þess að binda enda á það skólalald í eitt skipti fyrir öll. Það hafði ég þó aldrei þorað að gera við MR, þótt þeir ætluðu mig lifandi að drepa úr leiðindum. Hinn hafði einfaldlega fundist dauður af brennivínsdrykkju í Sjallanum á Akureyri rétt um fermingu og hafði þar legið fyrir hunda og manna fótum þegar skipshöfnin á Kaldbaki var að gera sér gláðan dag fyrir næsta tús. Þeir sáu aumur á stráknum og hirtu hann með sér eins og hvern annan skipshvolp.

Báðir höfðu sum sé verið „sjanghæðir“ til sjós eftir að hafa gefist upp á skólaskyldu íslenska ríkisins. Síðan hafði sjórinn verið þeirra athvarf og annað heimili. Í aðgerð stóðst þeim enginn snúning. Ég átti eftir að komast að því seinna, þegar trollið var allt í tætlum, að enginn stóð þeim heldur á sporði við að rimpa í net. Þeir voru afburðasjómenn.

Það var hins vegar þegjandi samkomulag þeirra í milli að þeir skyldu láta þessa kennarablók fá að vita hvar Davíð keypti ölið. Þeir tóku sig saman um að ganga fram af mér í flökun, þannig að ég bæðist gríða eða lægi dauður ella. Ég var jafnráðinn í því, þótt ég væri svefnvana og sár og bólgin á hverjum fingri, að heldur skyldi ég hundur heita en að gefast upp fyrir þessum dólgu. Ég hafði ekki unnið eiginlega erfiðisvinnu frá því á Gerpi forðum, fyrir tveimur áratugum síðan. Þetta var því stíf endurhæfing og brött aðlögun að nýju tilverustigi. Einhvern veginn tókst mér samt að standa í fæturna, enda þótt ég gæti varla rífið upp augun eða látið útlímna hlýða mér til annars en að grípa þorskkjaftvik, bregða kutanum, rífa út innvolsið, aftur og aftur og aftur, þar til tilveran var orðin að gapandi þorskrjónu og kuldalegt glottið á Valda víðáttu og Cesari var það eina sem hélt mér á lífi.

Smám saman mildaðist ásýnd pyndingarmeistaranna þegar þeir sáu að fórnarlambið gaf sig ekki þótt það væri að visu sýnilega að niðurlotum

komið. Loks ákváðu þeir að nóg væri að gert og réttu mér ekta Camel í annað munnvikið og kveiktu í með gullbrydduðum kveikjara.

„Hefurðu kannski verið einhvern tíma til sjós áður?“ spurðu þeir.

Þar með var isinn brotinn og ég var hættur að vera helvítis kennarablók-in og jafnvel hugsanlega orðinn einn af þeim. Þetta varð upphafið að vin-áttu fyrir lífstíð. Á fjármálaráðherraárum mínum átti það að heita svo að ég væri fjárhaldsmaður Valda víðáttu og sá um að þessi hátekjumaður fengi bæði lánalengingu og skuldbreytingu til þess að eitthvað yrði nú eftir af öllum þeim tekjum sem hann halaði inn af Íslandsmiðum. Cesar, sem mér skildist að væri Kanabarn í föðurætt og talaði amerísku betur en ég, hafði bæði búið í Boston og Seattle og á báðum stöðum hafði hann reynt að kenna Ameríkönnum að fixa net en með takmörkuðum árangri.

„Þetta eru allt saman gervigæjar og fituhlunkar sem þykjast gutla til sjós en meina ekkert með því. Ef þeir heyra af vondri veðurspá þá fá þeir sér bara bjór og velta sér á hina hliðina,“ sagði Cesar.

Hann heimsótti mig löngu seinna í Washington. Þá var hann orðinn umboðsmaður framúrstefnuhljómsveitar og ætlaði að meika það í New York.

„First We Take Manhattan ...“, sagði Leonard Cohen og fyrst hann gat það, þessi gamla raularablók, þá getum við það líka,“ sagði Cesar.

Fiskiríið á Halanum þetta sumar var svo vaðandi að við lá að það gerði út af við áhöfnina. Einn daginn horfðum við upp á Gugguna frá Ísafirði ná í flottroll hali sem fróðum mönnum reiknaðist til að gæti ekki verið undir hundrað tonnum. Fyrir óinnvígða er helst að líkja slíku hali við Hallgrímskirkjuturn sem rís úr hafinu í eftirdragi skuttogarans. Allar frívaktir voru staðnar og jafnvel þrautreyndir menn voru að niðurlotum komnir. Eina vaktina tek ég eftir því að það er allt annað verklag en venjulega á dekkinu. Þeir sem unnið hafa um borð í íslenskum togara vita að þar gildir ekkert „elsku mamma“ í samskiptum manna. Ef mikið er um slit, svo að það þarf að rippa í net og skvera pokann af, má engan tíma missa og vanir netamenn hafa takmarkað umburðarlyndi gagnvart viðvaningum sem eiga að þræða nálar og rétta þeim. Venjulega er það hamangurinn sem gildir og blótsyrðin fjúka af minnsta tilefni. Nú tók ég eftir því að það var eins og þessir vinnubjarkar hreyfðu sig allt í einu í „slow motion“; verkin gengu hægt fyrir sig en örugglega og ekki var vikið styggðaryrði að nokkrum manni; jafnvel að heyrðust gæluorð og gamanyrði frá mönnum sem venjulega tvinnuðu saman blótsyrðin og hreyttu ónotum í allt sem fyrir var. Hvað hafði breyst? Voru þetta þreytumerki manna sem höfðu ofgert sér með vinnuálagi dag og nótt undanfarna daga?

Það var ekki fyrr en seinna sem ég vissi hvað hafði gerst. Valdi og Cesar

og einhverjir félagar þeirra höfðu brugðið á það ráð að dreifa hasspípum milli manna áður en ruðst var fram á dekk með þeim afleiðingum að djöfulskapurinn var strokinn úr ásýnd þeirra og framgöngu og mannkærleikurinn tók völdin í staðinn. Sem áhorfandi get ég vottað að kærleikurinn bætti afköstin og efldi framleiðnina langt umfram það sem fúllyndi og fólkska fengu áorkað.

### Málsvörn gegn breskri réttvísi

Við sigldum nokkra túra á Hull þetta sumarið. Einhverju sinni ætluðum við að gera okkur gláðan dag í hafnarborginni þær fáu stundir sem við áttum í landi. Við vorum komnir í okkar finasta þúss en engan leigubil var að fá. Þá gripum við til þess ráðs að taka traustataki lyftara sem var í eigu löndunar-fyrirtækisins sem var að landa úr togaranum og þar af leiðandi á leigu hjá okkur. Cesar settist undir stýri, enda með skipstjóraþróf, ég kom mér fyrir á húddinu en Valdi gaf ballestina, 120 kíló aftan á. Þannig sigldum við í bæinn. Þegar við vorum að nálgast meintan áfangastað (krárnar í hafnarhverfinu) vorum við stöðvaðir af lögreglu og kærðir fyrir umferðarlagabrot. Kæran hljóðaði upp á að við hefðum ekki gefið stefnuljós. Við bentum á þá staðreynd að engin stefnuljós væru á lyfturum. Lögreglan tók lyftarann í sína vörslu sem skipti ekki máli því hann hafði þjónað sínum tilgangi. Engu að síður var okkur birt kæra og skyldum við mæta fyrir rétti í bitíð morguninn eftir. Við skemmtum okkur alla nóttina, svo sem til stóð. En sem löghlýðnir borgarar ákváðum við að mæta fyrir réttinn í morgunsárið. Eins og venjulegum glæpamönnum í Hollywood-myndum var okkur gefinn kostur á lögfræðiaðstoð og meira að segja spurt hvort við vildum ekki túlk (en tekið fram að það yrði á okkar kostnað). Við afþökkuðum hvort tveggja kurteislega. Við myndum láta duga meistaraþróf í stjórnlagarétti frá Edinborgarháskóla. Thank you very much.

Þetta var eftirminnilegt réttarhald frammi fyrir parrukskrýddum dómara breskrar réttvísi. Þegar okkur var gefið að sök að hafa ekki gefið stefnuljós á lyftaranum sögðum við að því miður væru ekki stefnuljós á lyfturum og handpat ótímabært, þar sem við værum ókunnugir í skuggahverfum hafnarborgarinnar og hefðum því ógerla vitað hvert ferðinni væri heitið. Þá vorum við ákærðir fyrir ölvun við akstur. Við sögðum að það stæðist ekki vegna þess að lyftarar væru ekki ökutæki og heyrðu ekki undir tilgreind lög um ölvun við akstur. Þannig hélt þetta grín áfram fram eftir morgni uns dómarrann brast þolinmæði til að standa í frekara orðaskaki við hinn sjálfskipaða verjanda. Við töldum að við hefðum bakað ákærandann í rökræðum og

þóttumst lausir mála. Dómarinn var hins vegar ekki sammála. Hann dæmdi okkur fyrir óspektir á almannafæri og forakt á réttinum og því skyldum við greiða tiltekið prómill af aflaverðmæti (en ekki af áfengismagni í blóði). Við treystum því að kapteinninn gæfi ekki upp slik hernáðarleyndarmál. En einhvern veginn komst réttvisin að hinu sanna um uppgripin á Halamiðum. Þetta reyndist að lokum ansi dýr lyftaraleiga.

Eftir nokkra túra á Snorra og rifandi fiskiri batnaði fjárhagur fjölskyldunnar á Vesturgötu 38 umtalsvert. Eftir seinustu löndun í Reykjavík og uppgjör á úthaldi sumarsins var það stoltur sjómaður sem gekk frá borði og vestur Vesturgötuna á móts við Stýrimannastíg og afhenti ballerínunni sem þar réð húsum ávisun fyrir aflahlut sumarsins að sjómannasið. Þar með gat Bryndís hafist handa um að reisa þetta fyrrverandi sendiráð Vestfirðinga í höfuðborginni úr rústum og til fornrar frægðar. Þar að auki var ég líkamlega endurnærður eftir sumarið og fullur af starfsþreki til að hefjast handa við næsta verkefni. Nokkrum dögum síðar var ég sestur í ritstjórástól *Alþýðublaðsins*, þar sem áður hafði setið faðir minn og þar áður Finnbogi Rútur, föðurbróðir minn, og gert *Alþýðublaðið* í skamma hríð að pólitísku stórveldi.

### Finnbogasaga ramma

Viða í þessum texta hefur nafn Finnboga Rúts Valdimarssonar, föðurbróður míns, borið á góma. Það fer ekki milli mála að á vissu tímabili ævi minnar, einkum meðan ég var að finna mér aftur fótfestu í íslensku samfélagi að lokinni námsdvöl ytra, hafði Finnbogi Rútur mikil áhrif á pólitíska hugsun mína og athafnir. Viða í frásögninni er hann gagnrýndur fyrir að hafa undir lok ferils síns stýrt liði sínu og þeirra bræðra út í pólitískar ógöngur; jafnvel svo að hin pólitíska sjóferðarsaga þeirra hafi undir lokin endað í skipbroti. Hinn sameiginlegi draumur þeirra bræðra um sameiningu jafnaðarmanna hafi þar með gengið þeim úr greipum. Þeim hafi því farið eins og nafna Hannibals í veraldarsögunni, Hannibal Púnverjakappa, að þeir hafi unnið margar frækilegar orrustur en tapað stríðinu.

Auðvitað er þetta enginn Salómonsdómur sögunnar um stjórn málaferil þeirra. Auðvitað hafa mennirnir sitthvað sér til málsbóta, þótt því hafi lítt verið haldið til haga í þessum frásögnum. Þess vegna er tími til kominn að líta yfir stjórn málaferil þeirra af hærri sjónarhóli og tíunda afrek þeirra, ekki síður en mistök. Sérstaklega er það við hæfi um Finnboga Rút sem var mörgum mikil ráðgáta þegar í lifandi lífi. En hver var þessi maður – og hvers vegna verðskuldar hann sinn sess í stjórn málasögu 20. aldar?

Finnboga Rúti hefur verið lýst sem hinum dularfulla huldumanni ís-

lenskra stjórn mála. Persónuleiki hans var margslunginn og torráðinn og lífs-  
hlaupið fullt af andstæðum. Hann var í ættir fram kominn af vestfirskum  
sjósóknurum og útkjálkamönnum; samt hafði hann á sér alla tíð snið  
heimsborgarans svo sem hann hefði verið handgenginn evrópskri hámenningu  
frá blautu barnsbeini. Hann var náms sins vegna sérfróður um alþjóðarétt og  
alþjóðasamskipti; samt varð það kórónan á sköpunarstarfi hans að gerast  
brautryðjandi tómtúsmanna sem með berum höndum byggðu næststærstu borg  
Íslands á klöppum og hrjóstrugu berangri Kópavogs. Þessi hámenntaði vestfirski bóhem og lífsnautnamaður sýndist mörgum  
innhverfur og einrænn; samt hlotnaðist honum meiri lýðhylli fátæks  
fólks en flestum þeim stjórnámalönnum sem alþýðlegri þóttu í fasi.

Hann var einhver harðvítugasti andstæðingur kommúnista, þegar þeir  
klufu Alþýðuflokkinn illu heilli í annað sinn árið 1938. Samt var hann  
aldrei bara andkommúnisti, eins og mörgum krötum hætti til. Og hikaði  
ekki við að gera pólitískt bandalag við Sósíalístaflokkinn árið 1949 og  
reyndar aftur 1956, þegar stofnað var til kosningabandalags með gamla  
Sósíalístaflokki, undir hatti Alþýðubandalagsins. Þetta sem nú er rakið  
segir nokkra sögu um andstæðurnar í fari Finnboga Rúts. Maður með þetta  
lífshlaup að baki var augljóslega enginn hversdagsmaður.

Árið 1927 var sett á laggirnar í Genf í Sviss sérstök rannsóknar- og  
kennslustofnun í þjóðarétti og alþjóðasamskiptum að frumkvæði stjórnar-  
nefndar Þjóðabandalagsins gamla og í nánnum tengslum við það. Þessi stofn-  
un hét Institut Universitaire de Hautes Études Internationales. Þar vistað-  
ist Finnbogi Rútur seinni hluta árs 1929 og var á hennar vegum við nám  
og störf til 1933. Frá Genf fór hann síðan sérstakar námsferðir, meðal annars  
til Berlínar og Rómars, auk þess sem hann ferðaðist vítt og breitt um  
Evrópu, til dæmis til Spánar á dögum spænska lýðveldisins, þar sem  
falangistar unnu að vísu stríðið en lýðveldissinnar ortu alla bestu söngvana.

Á þessum árum sökkta Finnbogi Rútur sér niður í evrópsk stjórn mála og  
helstu hræringar samtímans. Greining hans á eðli þýska nasismans, sem  
birtist í blaðagreinum hans heima á þessum tíma, sýnir að hann hafði þá  
þegar ekki meiri skömm á öðrum mönnum en útsendurum Komintern,  
jafnt í þýskum stjórn mála sem íslenskum. Finnbogi Rútur vissi allt of  
mikið um veruleika evrópskra stjórn mála og harmkvælasögu Rússa til að  
vera ginnkeyptur fyrir draumórargli hinna fáfróðu forsöngvara Stalínstrú-  
boðsins meðal evrópskra menntamanna. Vissulega var hann gagnrýninn á  
blauða og deiga forystu þýska sósíaldemókrata gagnvart ógninni sem staf-  
aði af uppgangi nasista og kommúnista. En honum var þá þegar fullljóst  
að útsendarar Stalíns voru til þess eins fallnir að efna til óvinafagnaðar inn-

an evrópskrar verkalýðshreyfingar. Með hatursáróðri sínum gegn sósíaldemókrötum lömuðu kommúnistar baráttuprek verkalýðshreyfingarinnar gegn svartstökkum Hitlers. Þannig áttu þeir sinn þátt í því að ryðja glæpahyski nasismans leiðina til valda. Grein sem Finnbogi Rútur birtir í *Alþýðubladinu*, þar sem vikið er að þessum harmleik, lýkur með þessum spámannlegu viðvörunarorðum:

„Nú getur hver og einn skyggst um í sinni sveit og athugað hvort klofning verkalýðshreyfingarinnar er giftusamleg.“

### Andlegt stórveldi

Það voru þeir Jón Baldvinsson, forseti Alþýðusambandsins, og Héðinn Valdimarsson, formaður Dagsbrúnar, sem veittu athygli óvenjulegu pólitísku raunsæi þessa unga manns, eins og það birtist í greinum hans frá Berlín. Þeir beittu sér fyrir því að Finnbogi Rútur var ráðinn ritstjóri *Alþýðubladsins* árið 1933, í aðdraganda mikilvægra kosninga ári síðar. Finnbogi Rútur var þá 27 ára gamall.

Á ótrúlega skömmum tíma gerði hann þetta litla útkjálkabláð að stórveldi í íslenskum stjórnmálum sem ekki aðeins ógnaði útbreiðslu *Morgunbladsins*, heldur tók því langt fram að efni og framsetningu. Dánartilkynningum og brullaupsfréttum var rutt af forsiðunni. Erlendar og innlendar fréttir skipuðu öndvegi undir stórum fyrirsögnum. Pólitísk greining kom í staðinn fyrir trúboðsmærð og vanmetanöldur. Bláðið kom út á hverjum degi. Um helgar fylgdi *Alþýðuhelgin*, fyrsta helgarbláðið með menningarlegu og alþýðlegu efni, þar sem menn á borð við Magnús Ásgeirsson skáld stýrðu penna og Steinn Steinarr orti ljóð fyrir tíkall stykkið.

Það er engin tilviljun að ári síðar, í kosningunum 1934, vann Alþýðuflokkurinn einhvern mesta kosningasigur sinn allt fram til ársins 1978. Í kjölfar þessa sigurs átti Alþýðuflokkurinn í fyrsta sinn aðild að ríkisstjórn. *Alþýðublaðið* í höndum Finnboga Rúts átti ósmáan þátt í þessum mikla kosningasigri. Við það bættist að fyrir þessar kosningar gaf Alþýðuflokkurinn út kosningastefnuskrá, fjögurra ára áætlun um viðreisn atvinnulífsins og ráðstafanir gegn kreppunni, sem síðan varð í höfuðatriðum málefnasamningur hinnar nýju ríkisstjórnar. Þetta plagg er eiginlega fyrsta *sósíaldemókratíska* stefnuyfirlýsingin sem Alþýðuflokkurinn gaf út. Hún staðfestir að þar með hafi Alþýðuflokkurinn í fyrsta sinn frá því að hann var stofnaður 1916 markað sér afdráttarlausan hugmyndagrundvöll. Höfundar þessarar stefnuskrár voru tveir: Vilmundur Jónsson landlæknir og Finnbogi Rútur.

Stjórnin var eina vinstri stjórnin á liðinni öld sem stóð undir væntingum

og skilaði árangri, þar til við Steingrímur Hermannsson sórumst í fóstbræðralag í ríkisstjórn undir forystu Steingríms árið 1989. Hermann Jónasson varð forsætisráðherra „ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta“ (1934–1939), en Haraldur Guðmundsson varð atvinnumálaráðherra fyrir hönd Alþýðuflokksins. Um leið var sett upp sérstök nefnd – skipulagsnefnd atvinnumála – í daglegu tali kölluð *Rauðka*, samkvæmt plan-ökónómiskum hugmyndum sósíaldemókrata. Frá þessari nefnd streymdu lagafrumvörp í stórum stíl um nýskipan atvinnulífsins. Þar með var lagður grundvöllur að frystiðnaðinum sem um langan aldur síðan varð burðarás íslensks atvinnulífs. Einnig var brautin rudd fyrir vélvæðingu landbúnaðarins og skipulagningu á markaðsmálum hans til að tryggja fátæklingum á mölinni nægilegt framboð matvæla við viðráðanlegu verði. Allt voru þetta róttækar ráðstafanir miðað við ríkjandi aðstæður heimskreppu, atvinnuleysis og lítillar kaupgetu, þótt síðar hafi ýmsar þessara ráðstafana snúist upp í andhverfu sína.

Undir lok ritstjóraferils Finnboga Rúts á *Alþýðublaðinu* lenti Alþýðuflokkurinn í miklum sálarháská og beið þess raunverulega ekki bætur síðan. Hér er átt við klofninginn 1938, þegar Héðni Valdimarssyni, hinum skaprika og aðsópsmikla varaformanni flokksins, varð það á að rjúfa einingu Alþýðuflokks og Alþýðusambands á örlagastundu og ganga til flokksstofnunar með kommúnistum. Atburðirnir 1938 eru, þegar litið er til baka, þungbærasta áfall sem stjórnmalahreyfing lýðræðisjafnaðarmanna og verkalyðshreyfingin á Íslandi hafa orðið fyrir. Til þessara atburða er að leita nærtækustu skýringanna á því, hvers vegna jafnaðarmannahreyfingin hefur ekki enn orðið ótvírætt forystuafl vinstra megin við miðju íslenskra stjórn mála, eins og víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu. Mér er kunnugt um að Finnbogi Rútur bar hlýjan hug til Héðins Valdimarssonar og kunni vel að meta kosti hans. Hins vegar ofbauð honum ótrúlegur barnaskapur hans og fljótfærni í samskiptum við kommúnista. Fyrir atbeina Jóns Baldvinssonar tók Finnbogi Rútur að sér að þreyta rökræðuna við kommúnista í hinu svokallaða sameiningarmáli 1937–1938, sem lauk með klofningnum. Þrátt fyrir að honum tækist ekki að afstýra óförunum var málflutningur Alþýðuflokksins í þessum rökræðum með slíkum glæsi-brag að aðdáun hlýtur að vekja seinni tíma mönnum sem rýna í þau gögn.

Málflutningur Finnboga Rúts og féлага (séra Ingimars Jónssonar og Kjartans Ólafssonar, föður Magnúsar Þjóðviljaristjóra) gegn kröfu kommúnista um skilyrðislausu hlýðni hins fyrirhugaða sameinaða flokks við átrúnað á Ráðstjórnarríkin var sannfærandi og óhrekjandi. Í greinargerð Finnboga Rúts kristallast sá reginmunur sem er á grundvallarafstöðu

kommúnista og sósíaldemókrata til stjórn mála: Fyrir kommúnistum eru stjórn mála í reynd trúarbrögð sem lúta hvorki lögmálum um skynsemi né rökhyggju. Sósíaldemókratar hafa alla tíð vísað slíkum fordæðuskap á bug. Að þessu leyti er greinargerð Alþýðuflokksnefndarinnar eitthvert merki-legasta málsvarnarskjal lýðræðislegrar jafnaðarstefnu sem til er á íslensku. Höfundar þess þurfa ekki að bera kinnroða út af neinu sem þeir hafa sagt. Röksemdir þeirra eru í fullu gildi enn í dag. Röksemdir kommúnista voru allar á sandi byggðar. Þessi rökræða frá árunum fyrir stríð staðfestir enn einu sinni að í hinum sögulegu deilum kommúnista og lýðræðisjafnaðarmanna hafa þeir fyrrnefndu haft rangt fyrir sér í öllum meginatriðum. Jafnaðarmenn á Íslandi geta því með réttu verið stoltir af sögulegri erfð sinni.

Héðinn Valdimarsson galt mistaka sinna í samskiptum við kommúnista dýru verði. Ári eftir stofnun Sósíalistaflokksins yfirgaf hann flokkinn við fimmta mann, í mótmælaskyni við skilyrðislausu hlýðni flokksins við utanríkispólitik ráðstjórnarinnar og þar með talda innrás Rauða hersins inn í Finnland árið 1939. En í pólitík er ekki nóg að hafa rétt fyrir sér. Þótt vel hafi verið haldið á málum í þessu sögulega uppgjöri við kommúnista þá varð eftirleikurinn sár og niðurdrepandi. Í reynd beið Alþýðuflokkurinn þess aldrei bætur að svo fór sem fór örlagaárið 1938.

### Heimsmaður og hreppstjóri

Annað tímabil í pólitískri sköpunarsögu Finnboga Rúts snýst um uppbyggingu Kópavogs úr frumstæðri frumbyggja- og útlagabyggð frá Reykjavík í næststærstu borg Íslands. Í sextán ár (1946–1962) er saga Finnboga Rúts og Huldu Jakobsdóttur, konu hans, um leið saga Kópavogs. Þetta er saga mesta umbrotaskeiðs í sögu þjóðarinnar – í hnotskurn. Þessi næststærsti kaupstaður þjóðarinnar og grannbyggð höfuðborgarinnar reis með undrahæða á landi sem var í rikiseign. Íbúum Reykjavíkur hafði fjölgað um meira en tíu þúsund á stríðsárunum. En borgarstjórnarihaldinu hafði láðst að reikna með því að þetta fólk þyrfti að eignast jarðarpart í föðurlandinu og þak yfir höfuðið. Það flýði því unnvörpum yfir landamærin og hóf þar nýtt pólitískt landnám í skjóli heimsborgarans sem hafði breyst í hreppstjóra landnemabyggðarinnar. Þann 1. janúar 1948 varð Kópavogur sérstakt hreppsfélag og þann 11. maí 1955 sjálfstæður kaupstaður. Á sextán ára stjórnartímabili Finnboga Rúts og Huldu í Kópavogi nam fólksfjölgun á Íslandi 40,8%; í Reykjavík hafði íbúum fjölgað um 56% á sama tíma. En í Kópavogi hafði íbúatalan nærri fjórtánfaldast – fjölgunin nam 1.275%.

Árið 1957, þegar hin rísandi borg var orðin sjálfstæður kaupstaður, keypti Kópavogsbær ríkisjarðirnar samkvæmt heimild í lögum frá Alþingi. Kaupverðið var lægra en samsvaraði kjallaraíbúð á sama tíma. Kópavogsjarlinn, sem þá var sestur á þing, hafði hönd í bagga með þeirri laga-smíð. Þar var skýrt kveðið á um það að Kópavogskaupstað yrði ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins „sem stafaði af framkvæmdum bæjarfélagsins sjálfs“. Þarna er komin á lögbók ein helsta grundvallarregla jafnaðarmanna um að koma í veg fyrir skyndigróða jarðabraskara sem reyna að maka krókinn á vexti og viðgangi borgarsamfélagsins. Tillögugerð Alþýðuflokksins á Alþingi um þjóðareign á landi og sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar snerist um sömu grundvallarsjónarmið.

Valdataeki Finnboga Rúts og frumbyggjanna í þessu uppbyggingarstarfi var Framfarafélagið. Þar stóðu menn saman, án tillits til flokkakerfisins í landinu. Margir af nánustu samverkamönnum Finnboga Rúts í Kópavogi voru hreinræktaðir ihaldsmenn; en þeir mundu þó að þeim hafði verið vísað frá lóðum og lendum í höfuðborginni sem staðfestulausum öreigalyð. Við þessi skilyrði komst flokkakerfið ekki upp með modreyk í Kópavogi. Það var sama hvernig forystumenn þess létu. Pólitik andstæðinganna úr öllum flokkum snerist öll um persónu Kópavogsjarlsins: Bara ef hægt væri að knésetja hann og helst að flæma hann burt úr byggðarlaginu, þá yrði allt gott á ný. Þá gætu flokkarnir endurheimt týnda sauði sína og deilt og drottnað samkvæmt eigin leikreglum, í Kópavogi sem annars staðar. Þetta var á tímabili heilagt stríð – eins konar *jihad*. Á ellefu árum (1946–1955) var alls sex sinnum lagt til atlögu við meirihluta Framfarafélagsins; þar af voru háðar þrennar kosningar á rúmu ári (1954–1955). En allt kom fyrir ekki. Jafnvel þótt sameinuðu atfylgi ríkisvalds og flokkavalds væri beitt og ekkert væri til sparað í herkostnaði hélt meirihluti Framfarafélagsins velli eins og klettur sem ris úr hafi. Það var einstakt pólitískt afrek í ört vaxandi byggðarlagi sem aðallega byggðist frá Reykjavík að halda stærsta stjórn-málaflokki þjóðarinnar sem réð lögum og lofum í höfuðborginni lengst af innan við 10% markið í fylgi. Og að halda hreinum meirihluta í siendurteknum kosningum, þótt við algert ofurefli sýndist að etja. Það var ekki fyrr en Kópavogsjarlinn hafði lagt frá sér vopnin og horfið til annarra starfa sem flokkarnir fengu grið til að sleikja sárin og jafna sig eftir viðureignina. Þá var líka öllu hættu- og umsátursástandi lokið. Landnemabyggðin hafði breyst í stórborg. En brautryðjendurnir, Finnbogi Rútur og Hulda, skipa viðhafnarsess í sögu Kópavogs sem fyrstu heidursborgarar bæjarfélagsins.

### „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi“

Fyrir alþingiskosningarnar 1949 þótti það tíðindum sæta að Finnbogi Rútur bauð sig fram til þings í Reykjaneskjördæmi sem óháður frambjóðandi en í samstarfi við þingflokk Sósíalistasflokksins. Það þarfnast sérstakra skýringa hvers vegna sami maðurinn og hafði kveðið kommúnista svo eftirminnilega í kútinn í „sameiningarmálinu“ 1938 taldi allt í einu við hæfi að gera pólitískt bandalag við „mennina frá Moskvu“, eftir allan þann óskunda sem þeir höfðu valdið verkalýðshreyfingunni og Alþýðuflokknum.

Það má vera lýðum ljóst að Finnbogi Rútur átti aldrei skap með forystuliði Alþýðuflokksins á tímabili Stefáns Jóhanns (1938–1953). Hann hafði lengi verið í eins konar andófshópi innan Alþýðuflokksins, sem stundum var kenndur við Jón Blöndal hagfræðing. Um skeið voru þeir kallaðir „Útsýnarhópurinn“ eftir tímariti sem þeir hleyptu af stokkunum undir stríðslokin, þar sem þeir voru upp á kant við afstöðu flokksforystunnar gagnvart Keflavíkursamningnum 1946 og í utanríkismálum almennt.

Þessi hópur er talinn hafa staðið á bak við það að tveir nýir menn komu inn í þingflokk Alþýðuflokksins í kosningunum 1946: Tengdasonur Vilmundar, Gylfi Þ. Gíslason, og bróðir Rúts, Hannibal. Þessir nýju þingmenn voru forystumenn andstöðuhópsins á þingi. Þeir voru framan af á öndverðum meiði við flokksforystuna í utanríkismálum; og reyndar líka að því er varðaði samstarf Alþýðuflokksins við íhaldið innan verkalýðshreyfingarinnar.

Þótt Finnbogi Rútur hafi alla tíð verið eindreginn andstæðingur kommúnista þótti honum sem forysta Alþýðuflokksins hefði staðnað í geldum andkommúnisma. Henni hafði reynst um megn að taka upp stríðshanska Sósíalistasflokksins og berjast um hugi og hjörtu nýrrar kynslóðar á forsendum skapandi baráttumála og með hugmyndafræðilegum þrótti og metnaði. Þeir menn sem leiddu Alþýðuflokkinn á þessum tíma höfðu tilhneigingu til að forpoka í geldri embættismennsku og pólitískum geðlurðuhætti. Ekki geri ég því skóna að Finnbogi Rútur hafi gert sér neinar gyllivonir um sinnaskipti kommanna. Líklegra er að hann hafi verið svo fífldjarfur og sannfærður um eigin yfirburði að hann þættist geta sigrað þá með því að ganga til samstarfs við þá. Vitað var að hann gat átt gagnlegt samstarf við fulltrúa yngri kynslóðarinnar í Sósíalistasflokki, menn eins og til dæmis Lúðvík Jósepsson, í landhelgismálinu. Þetta studdist og við þá stefnu Hannibals að vilja draga úr flokkadráttum innan verkalýðshreyfingarinnar með samstarfi við sósíalista fremur en íhaldið á þeim vígstöðvum.

Ef til vill hefur andstaðan við örlagaríkustu ákvarðanir sem teknar höfðu verið fram að því á lýðveldistímanum, um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið (1949) og komu varnarliðsins til landsins (1951), ráðið úrslitum. Þar við bættist að Kópavogsjarlinum var af persónulegum ástæðum lífsnauðsyn á þessum árum að tryggja kaupstaðnum fulltrúa á Alþingi, en allar leiðir til þess á vegum Alþýðuflokksins virtust lokaðar.

Þessi pólitík leiddi með rökréttum hætti til valdatöku Hannibals í Alþýðuflokknum 1952, enda þótt það virðist hafa verið hrein hending að Hannibal valdist þá til forystu fremur en aðrir sem þar voru tilnefndir en runnu af hólminum þegar til kastanna kom. Sú kosning hefði átt að opna nýjar leiðir til sátta milli andstæðra sjónarmiða í Alþýðuflokknum og þar með að gefa flokknum færi til nýrrar og löngu tímabærrar sóknar.

Hvað hefði verið eðlilegra en að tengdasonur Vilmundar og bróðir Finnboga Rúts hefðu í sameiningu leyst innri ágreiningsmál flokksins og hvatt nýja kynslóð til sóknar undir merkjum jafnaðarstefnunnar á Íslandi? Þetta mistókst herfilega. Þar brást þeim bræðrum bogalístin með afdrifaríkum hætti. Það var upphaf nýrrar ógæfu í sögu jafnaðarmannahreyfingarinnar á Íslandi að þessum gömlu bandamönnum í andófshópi Jóns Blöndals skyldi ekki takast að innsigla sitt pólitíska fóstbræðralag og varðveita þar með einingu Alþýðuflokksins á örlagaríki tímamótum. Með tvíeykið Hannibal og Gylfa í forystu næstu árin og gömlu kommana í sárum á næsta bæ hefði Alþýðuflokknum átt að takast að rækja hlutverk sitt sem sameiningar- og forystuafli vinstra megin við miðju íslenskra stjórnmála. Þá hefði gangur stjórnmálasögunnar orðið annar og farsælli en hann varð.

Sjaldan veldur einn þá tveir deila. Eftir á sýnist mér að flokksforysta Alþýðuflokksins hafi gert alvarlega skyssu í því að vísa Hannibal úr flokknum 1954. Sömuleiðis sýnist hræðslubandalag Eysteins Jónssonar og Gylfa Þ. ekki hafa verið mikið gæfuspor. Það neyddi þá bræður, Hannibal og Finnboga Rúti, til viðbragða með stofnun kosningabandalags við Sósíalístaflokkinn – Alþýðubandalagið gamla – og þar með til þeirrar niðurstöðu sem síst skyldi: Að rétta kommúnistum bjarghringinn, einmitt á sama tíma og uppreisnin í Ungverjalandi opnaði augu alþjóðar og reyndar heimsins alls fyrir hugmyndalegu gjaldþroti þessa giftusnauda safnaðar.

Og framhaldið var á sömu bókina lært. Á seinni hluta viðreisnaráranna sýndist mörgum einlægum jafnaðarmönnum sem Alþýðuflokkurinn væri ekki til stórræðanna – kalinn sem hann var í verkalyðsrótina. Og Sósíalístaflokkurinn sigldi áfram með lík stalínismans í lestinni, sem þýddi að hann var ekki boðlegur sem farkostur til framtíðar. Það var við þessar aðstæður sem Finnbogi Rútur setti fram sína hernaðaráætlun: Hún var í því fólgin

að freista þess að ná meirihluta innan Alþýðubandalagsins; að gera upp sakir við smánarlega fortíð Sovétrúboðsins og leifar þess til að endurreisa á eigin spýtur sinn kommúnistasöfnuð. Síðan átti að ná raunverulegum sósíaldemókrötum út úr þessu bandalagi, til samstarfs og sameiningar við Alþýðuflokkinn þegar hann væri laus úr viðjum viðreisnar. Það átti með öðrum orðum að snúa þróuninni frá 1938 við; kljúfa kommana frá og skapa forsendur fyrir endurskipulagningu lýðræðisjafnaðarmanna í stórum og öflugum verkalyðsflokki. Til þess átti að nýta starfskrafta Hannibals og Björns, reynslu þeirra og þungavigt í verkalyðshreyfingunni. Við hinir yngri menn þóttumst hafa næga burði til að yrkja þessari hreyfingu hugmyndafræðilegan grundvöll nútímalegrar jafnaðarstefnu til að standa á.

### Sitt er hvað, gæfa og gjörvileiki

Gallinn var sá að liðið sem tefla átti fram í uppgjörinu var mestan part óttalegir Lazarusar; þetta voru yfirleitt andlega beygðar afturbatapíkur úr þrotabúi stalínismans. Þeir höfðu að vísu glatað bernskutrúnni, flestir, en höfðu fæstir andlegt hugrekki eða reisu til að gera upp við fortíðina eða draga af henni rökréttar niðurstöður. Sérdeilis var átakanlegt að sjá hvernig heigulshátturinn féll að síðum hinna yngri manna. Útkoman var óttalegt miðjumög og eilífar málamiðlanir sem enduðu auðvitað í ósigri. Yfirleitt voru þessir menn varla fyrr komnir út úr stofunni hjá Finnboga Rúti á Marbakka en þeir höfðu týnt erindinu einhvers staðar á leiðinni.

Þeir bræður, Hannibal og Finnbogi Rútur, voru eins ólíkir og dagur og nótt. En eitt áttu þeir sameiginlegt: Ósvikna samúð með málstað vinnandi fólks og þann metnað að leysa alþýðu manna úr viðjum örbirgðar og vonleysis og þann draum að láta velferðarríki hins vinnandi manns verða að veruleika – hérna megin grafar. Enginn efaðist nokkru sinni um að þessir bræður voru ósérhlífir hugsjónamenn sem kærðu sig kollótta um eigin hag og voru reiðubúnir að leggja allt í sölurnar fyrir þann málstað sem þeir sóru ungir hollustueiða.

En góður vilji öngva gerir stöð. Sjálfur lagði Finnbogi Rútur á það áherslu í samtölum við lærisveina sína að aðalatriðið í pólitík væri að ráða atburðarásinni. Þar brást þeim bræðrum bogalístin. Atburðarásin tók af þeim völdin og stýrði þeim út í ógöngur. Hvað þetta varðar geta vinstri menn mikið lært af forystumönnum Sjálfstæðisflokksins á Íslandi frá upphafi vega til þessa dags. Auðvitað hafa þar komið upp ágreiningsmál. Auðvitað hefur einstökum leiðtogum orðið sundurorða. Auðvitað hafa orðið flokkadrættir milli andstæðra fylkinga og stundum hafa menn þar borist á

banaspjót. En ævinlega hefur foringjum flokksins tekist að forða honum frá varanlegum klofningi sem hefði veikt flokk þeirra til frambúðar. Þess vegna eru þessi regnhlífarsamtök sérhagsmunanna, sem ganga undir nafninu Sjálfstæðisflokkur, því sem næst allsráðandi í íslensku þjóðfélagi. Það skorti ekkert á mannvalið í röðum forystumanna íslenskra jafnaðarmanna á tuttugustu öldinni. Þar var hver foringinn öðrum gjörvulegri. En sitt er hvað, gæfa og gjörvuleiki. Ógæfa sundurlyndisins hefur tröllriðið hreyfingu íslenskra jafnaðarmanna frá upphafi vega og dregið úr henni mátt og umbótaafli. Þess vegna er brjóstfylking jafnaðarmanna ekki það umbótaafli sem vonir hafa staðið til frá upphafi. Og þjóðfélagið dregur dóm af því.

Þessi sorgarsaga er tilefni til að rifja upp fleyg ummæli þess manns sem fyrstur færði í letur það sem kalla má sjálfstæðan hugmyndagrundvöll lýðræðisjafnaðarmanna til aðskilnaðar frá hugmyndaarfi marxismans. Þessi maður var Edward Bernstein. Aðspurður um markmið jafnaðarstefnunnar svaraði hann: „Markmiðin geta breyst – en einu mega menn aldrei gleyma: Hreyfingin sjálf og umbótaafli hennar, það eru markmið í sjálfu sér.“



## KAFLI XIII

# Spámaðurinn og safnaðarbréfið

Ég settist í ritstjórástól *Alþýðublaðsins* 15. september 1979. Í orðsendingu frá ritstjóra í fyrsta tölublaði segist hann gera sér fullkomlega ljóst að fáum muni þykja hlutskipti hans öfundsvert. Því er síðan bætt við að *Alþýðublaðið* muni sníða sér stakk eftir vexti, eins og blaðið ætlist til af öðrum. Blaðið muni því ekki stækka nema lesendahópurinn stækki. Þetta sé pólitískt blað og vöxtur þess og viðgangur hljóti að fara saman við vöxt og viðgang jafnaðarstefnunnar í landinu.

Ég kallaði þetta pólitískt sendibréf, stundum safnaðarbréf. Ætli útbreiðslan hafi ekki verið 2.000–3.000 eintök. Áskrifendur voru því færri en að *Frjálsri þjóð*, sem ég byrjaði að skrifa heimkominn frá námi. Þetta var flokksblað og gerði sér ekki upp að vera frjálst og óháð og áhrif þess voru óbein. Þótt útbreiðslan væri lítil vöktu stjórnámálaskrif blaðsins athygli. Það barst einhvern veginn til allra svokallaðra skoðanamyndandi hópa og aðrir fjölmiðlar vitnuðu oft og tíðum í skrif blaðsins. Það er ekkert launungarmál að leiðararnir voru gerðir út á lestur í Ríkisútvarpi til að ná stærri áheyrendahópi. Afdráttarlausar skoðanir sem þar voru settar fram kölluðu oft á andsvör annarra. Að öllu samanlögðu var fyrirtækið ekki eins vonlaust og ætla mætti af útbreiðslutölum einum saman.

## Veik forysta

Ég gerði mér engar gyllivonir um að mér myndi takast að endurreisa *Alþýðublaðið* sem stórveldi í fjölmiðlaheiminum. Hvorki aðstæður flokksins né aðstæður á fjölmiðlamarkaði leyfðu það. Ég einsetti mér hins vegar frá upphafi að þetta litla blað ætti að verða boðberi nútímalegrar jafnaðarstefnu. Ég ætlaði mér að skrifa prógramm fyrir Alþýðuflokkinn sem dygði honum sem vegvísir til aukinna áhrifa og valda til að breyta þjóðfélaginu.

Ég skrifaði fimm leiðara á viku, ætli það jafngildi ekki um 750 leiðurum á þremur árum, fyrir utan margvíslegar aðrar pólitískar greiningar. Þegar ég renni augum yfir þessi skrif frá seinni tíma sjónarhóli sýnist mér að ætluunarverkið hafi í stórum dráttum tekist. Þarna er að finna stefnuskrá nútíma jafnaðarmannaflokks, hina sömu stefnu og ég beitti mér fyrir að hefja til vegs eftir að ég tók við forystu Alþýðuflokksins árið 1984. Í þessu verki vorum við á undan Bill Clinton, sem leiðrétti stefnu demókrata í Bandaríkjunum í byrjun tíunda áratugarins, og Blair hinum breska, sem gerði slíkt hið sama fyrir breska Verkamannaflokkinn undir lok áratugarins. Og reyndar á undan Norðurlandakrötum sem rönkuðu ekki við sér fyrr en seint og um síðir þegar neyðin rak þá til þess.

Samstarfsmenn mínir á blaðinu voru báðir fyrrverandi samstarfsmenn við Menntaskólann á Ísafirði, þeir Þráinn Hallgrímsson og Helgi Már Arthúrsson. Ólafur Bjarni Guðnason, sonur Guðna rektors, sá svo um að halda uppi daglegum húmor. Aðalheiður Birgisdóttir var ritari minn í hlutastarfi. Framkvæmdastjóri blaðsins var Jóhannes Guðmundsson, hið mesta ljúfmenni. Af hálfu flokksins var blaðstjórn sem Bjarni P. Magnússon, vinur Vilmundar, var formaður fyrir.

Samkvæmt flokkslögum Alþýðuflokksins á stjórn málaritstjóri *Alþýðublaðsins* aðild að þingflokknum. Ég var því kominn inn í þingflokkinn gegnum bakdyrnar. Þegar frá leið sótti ég þá fundi æ sjaldnar, þóttist ekki hafa tíma til þess. Mér fannst tíma mínum betur varið öðruvísi.

Þótt hlutskipti skólameistarans sem allt í einu var orðinn stjórn málaritstjóri minnsta blaðs landsins þætti ekki öfundsvert kærði ég mig kollóttan og undi hag mínum hið besta. Innst inni fann ég að ég hafði nánast allt mitt líf verið að búa mig undir þetta starf. Mér var ekkert að vanbúnaði að hefjast handa.

Í ritstjórnargrein í *Alþýðublaðinu* 15. september undir fyrirsögninni „Alþýðuflokkurinn og stjórnarsamstarfið“ segi ég fullum fetum: „Um leið og það er þrautreynt að Alþýðuflokkurinn kemur stefnu sinni ekki fram í núverandi stjórnarsamstarfi ber að hætta því.“ Hálfum mánuði síðar, tveimur dögum fyrir þingsetningu, ákvað þingflokkur Alþýðuflokksins að slíta stjórnarsamstarfinu þótt formaður flokksins, Benedikt Gröndal, væri þá staddur í New York í erindum utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

## Aftaka Ólafíu

*Þegar ég lit til baka sýnist mér að stjórnin hafi í raun verið dauðadæmd frá upphafi. Spennan innan Framsóknarflokksins var barnaleikur hjá því sem var hjá samstarfsflokkinum. Allan starfstíma stjórnarinnar virtist hún við það að falla, nema þegar hún féll. Þá kom það öllum að óvörum.*

Steingrímur Hermannsson – Ævisaga II, bls. 227.

Hvers vegna slitum við kratar stjórnarsamstarfinu? Því má svara í einni setningu: Það var vegna þess að ríkisstjórnin var í bókstaflegum skilningi ekki á vetur setjandi. Hún var, eins og Steingrímur segir, dauðadæmd frá upphafi, því að hún hafði ekkert leiðarbréf. Hinum stóru ágreiningsmálum hafði í upphafi verið sópað undir teppið í flaustrinu og tímhrakinu fyrir 1. september 1978, þegar verðstöðvunarlög hefðu fallið úr gildi ef engin væri ríkisstjórnin til að framlengja þau.

„Ólafía“ var með öðrum orðum mynduð af því bara, eins og krakkarnir segja, til þess að hún gæti heitið ríkisstjórn. En hún reis aldrei undir því nafni. Í reynd varð hún aldrei annað en framlenging á stjórnarmyndunarviðræðum í þrettán mánuði. Allar tilraunir okkar til að reyna að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í efnahagsmálum, eins og til dæmis með jafnvægisfrumvarpinu okkar Vilmundar, höfðu reynst gagnslausar. Ríkisstjórnin var í gíslingu Alþýðubandalagsins sem var að venju óstjórnhæft. Þetta áttu allir að hafa getað sagt sér fyrirfram. Og sannaðist hér enn einu sinni hið fornkveðna (með smá orðalagsbreytingu), að þeim mun verr gefast ráð jafnvel reyndra manna sem þeir koma fleiri saman. Innan tveggja sólarhringa áttu ráðherrarnir að mæta til þings. Þangað kæmu þeir tómhentir. Ríkisstjórnin skilaði auðu. Það var ekki samkomulag um eitt né neitt. Það var kominn tími til að fullnægja dauðadóminum yfir þessari stjórn sem hafði verið dauðvona frá upphafi. Það var meira að segja gustukaverk, þótt ekki væri nema til að forða sumum ráðherrunum frá því að bíða varanlegt heilsutjón.

Veittu ráðherrar Alþýðuflokksins, þeir sem viðstaddir voru þingflokksfundinn þar sem þetta var afráðið, það er að segja þeir Kjartan og Magnús, viðnám – þótt ekki væri nema til að verja ráðherrastólana? Ekki man ég eftir því. Magnús greiddi að vísu atkvæði gegn stjórnarslitum á flokksfundinum, en beitti sér ekki að ráði. Við Vilmundur og Sighvatur, sem höfðum frá upphafi ekki einu sinni skilið hvers vegna þessi ríkisstjórn var sett á koppinn, þurftum ekki að setja á langar ræður til að rökstyðja nauðsyn þess að hún færi frá. Það voru engin rök fyrir því að hún sæti.

Benedikt Gröndal, formaður flokksins, lagði fram yfirlýsingu þingflokksins í ríkisstjórninni þriðjudaginn 9. október 1979, daginn fyrir þingsetningu. Ásamt lausnarbeiðninni lagði hann fram kröfu um þingrof og kosningar. Þetta hafa sjálfsagt verið þung spor fyrir Benedikt. Þingflokkurinn ákvað í framhaldinu að slíta samkomulagi fráfarandi stjórnarflokka um kjör þingforseta, sem stóð fyrir dyrum. Sighvatur og Ólafur G. Einarsson, þingflokksformenn krata og sjálfstæðismanna, ákváðu með atbeina þingflokka að standa saman um kjör forseta. Þar sem krafan um þingrof og kosningar fyrir árslok naut meirihlutastuðnings á Alþingi var aðeins eftir að svara einni spurningu: Hver átti að veita forstöðu ríkisstjórn til að undirbúa kosningarnar? Átti það að vera meirihluta- eða minnihlutastjórn? Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, útilokaði strax samsteypustjórn án undangenginna kosninga. Gunnar Thoroddsen vildi að Sjálfstæðisflokkurinn leiddi minnihlutastjórn en Geir kaus frekar að veita minnihlutastjórn Alþýðuflokksins hlutleysi. Það varð niðurstaðan. Það er hins vegar athyglisvert að þeir Geir og Benedikt gerðu enga samninga sín á milli um framhaldið að sögn Benedikts. Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins settist í ráðherrastólana 15. október og boðaði til kosninga 2. og 3. desember sama ár. Benedikt varð forsætisráðherra í fjóra mánuði. Auk hans sátu í ráðherrastólunum þeir Kjartan Jóhannsson og Magnús H. Magnússon, fráfarandi ráðherrar, en þeir Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason og Bragi Sigurjónsson bættust í hópinn.

Þingsæti Alþýðuflokksins í Reykjavík voru skipuð þeim Benedikt Gröndal, formanni flokksins, og Vilmundi og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem höfðu komið ný inn á þing vorið 1978. Þar sem boðað var til kosninga óvænt og með skömmum fyrirvara þótti flestum ekki taka því að efna til prófkjörs. Doktor Bragi Jósefsson uppeldisfræðingur bauð sig að vísu fram í prófkjöri gegn formanni flokksins, væntanlega til að fá útrás fyrir óánægju með frammistöðu hans. Að öðru leyti tók fulltrúaráðið ákvörðun um röð frambjóðenda, þar sem ég var valinn í fjórða sætið sem ég tók meðal annars að áeggjan Vilmundar. Það var vitað að Alþýðuflokkurinn myndi eiga undir högg að sækja í kosningabaráttunni. Ákvörðunin um stjórnarslit var fyrirvaralaus og umdeild og frambjóðendur Alþýðubandalags og Framsóknar háðu sína kosningabaráttu, að minnsta kosti í Reykjavík, fyrst og fremst gegn Alþýðuflokknum sem þeir sökuðu um ábyrgðarleysi.

Kosningabaráttan tók óvænta stefnu við það að Sjálfstæðisflokkurinn mannaði sig, öllum að óvörum, upp í að birta stefnu um aðgerðir í efnahagsmálum – fyrir kosningar. Það var gert á forsíðu *Morgunblaðsins* 9. nóvember undir fyrirsögn þvert yfir síðu: „Leiftursókn gegn verðbólgu.“

*Þjóðviljinn* svaraði samdægurs undir fyrirsögnunum: „Leiftursókn gegn lífskjörum; íhaldið boðar óhefta markaðshyggju og erlenda stóriðju.“ Slagorð *Þjóðviljans* var betra, þar sem það stuðlaði.

Til er fræg mynd af Ólafi Ragnari Grímssyni, sem sat á framboðslista Alþýðubandalagsins í Reykjavík, þar sem hann er að dreifa Mogganum í Austurstræti, væntanlega með víðeigandi lærðum skýringum. Framsókn fór á fullt með stefnu Steingríms um „niðurtalningu verðbólgunnar í áföngum“. Sameiginlega hömruðu frambjóðendur Framsóknar og Alþýðubandalags á hræðsluáróðri gegn leiftursókninni og gegn „viðreisnardraugnum“ sem þeir óttuðust að yrði vakinn til lífsins. Alþýðuflokkurinn boðaði sína jafnvægisstefnu í anda frumvarpsins góða sem í reynd var mun nær leiftursókn íhaldsins en niðurtalningu Framsóknar.

### Að reka flóttann

Þar sem menn voru orðnir afvanir því að Sjálfstæðisflokkurinn boðaði markaðshyggju og kerfisbreytingu brá ýmsum í brún og mikil leit hófst að höfundu stefnunnar. Fljótlega þóttust fjölmiðlar komast að raun um hver væri hinn dularfulli Herra X. Að þeirra sögn reyndist hann vera Jónas Haralz, hinn gamalreyndi efnahagsráðunautur viðreisnarinnar, þá orðinn bankastjóri í Landsbankanum.

Þeir sem skipa efstu sæti framboðslista flokkanna í höfuðborginni bera yfirleitt uppi kosningabaráttu flokkanna á landinu öllu. Fjölmiðlarnir leita fyrst og fremst til þeirra og þeir verða nánast sjálfkrafa talsmenn flokkanna á landsvísi. Benedikt Gröndal hélt sig mjög til hlés í þessari kosningabaráttu. Við Vilmundur máluðum hins vegar bæinn rauðan og fórum eins og stormsveipur á alla vinnustaði þar sem við komum fæti inn fyrir dyr. Ég sé af gögnum mínum frá þessari kosningabaráttu að ég hef farið á 120 vinnustaðafundi á um það bil fjörutíu dögum, frá því í lok október og fram að kosningum. Þetta gerði ég til viðbótar fullu starfi við að skrifa *Alþýðublaðið* frá degi til dags, ásamt með því að standa fyrir máli Alþýðuflokksins í fjölmiðlum og að mæta á kappræðufundum hjá félagasamtökum og í fjölmiðlum. Flesta dagana gat ég nánast undið skyrtuna mína þegar ég komst loksins heim, um eða eftir miðnættið. Ég reyndist því í meira lagi vígreifur frambjóðandi í þessari fyrstu kosningabaráttu minni í Reykjavík, þótt fyrirfram væri vonlaust að Alþýðuflokkurinn næði fjórum þingsætum í Reykjavík. Ég tók óstinnt upp allar ásakanir andstæðinganna um ábyrgðarleysi Alþýðuflokksins vegna stjórnarslitanna og hellti mér yfir þá í staðinn

með löngum ákærulista um margsannað ábyrgðar- og getuleysi þeirra til að stjórna málefnum þjóðarinnar af nokkru viti.

Ég tók alls ekki undir áróðurssönginn gegn leiftursókninni. Þvert á móti haldi ég Geir Hallgrímssyni fyrir að hafa loksins mannað sig upp í að þora að hafa stefnu, auk þess sem ég sagði það þakkarvert að þora að birta hana – fyrir kosningar. Þetta er meira en sagt verður um frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins sjálfs. Haninn hafði ekki galað þrisvar á morgni kosningabaráttunnar þegar þeir höfðu flestir afneitað leiftursókninni og voru alla kosningabaráttuna á harðahlaupum frá stefnu flokksins sem beinlinis tróðst undir í atganginum. Sérstaklega veittist framsóknarmönnum víða úti um land auðvelt að reka þennan flótta. Enn einu sinni kom á daginn að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki þegar á reynir það sem hann segist vera í sunnudagaskólapredikunum sínum: Flokkur einkaframtaks og markaðshyggju. Mér veittist það satt að segja tiltölulega auðvelt verk á vinnustöðum Reykavíkinga að fletta ofan af hinu ónýta ríkisforsjárkerfi; að sýna fram á hvernig víxlhækkanaferðbólga græfi undan lífskjörinum og væri við það að rústa þjóðarhag. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að með því að snúa bókum saman hafi okkur Vilmundi tekist að snúa fyrirsjáanlegum ósigri upp í viðunandi varnarsigur með framgöngu okkar í þessari kosningabaráttu. Ef við hefðum haft svo sem tvær vikur í viðbót er ég ekki frá því að við hefðum getað haldið okkar hlut frá vorinu 1978. Allavega hringdi formaður flokksins í mig að orrustu lokinni og þakkaði mér fyrir hönd flokksins fyrir frammistöðuna. Það var í þessari kosningabaráttu, við öndverð skilyrði, sem ég lagði grunninn að forystu minni fyrir jafnaðarmönnum í Reykjavík sem síðan var staðfest í prófkjöri haustið 1982 fyrir kosningarnar 1983. Mikill fjöldi vaskra sjálfboðaliða af yngri kynslóðinni tók þátt í þessari baráttu undir merkjum rósarinnar og hnefans. Eldmóðurinn sem hafði kviknað fyrir kosningarnar 1978 og þær væntingar sem hann vakti um framtíðarhlutverk Alþýðuflokksins var ekki með öllu útkulnaður.

Kosningaúrslitin yfir landið urðu þessi: Alþýðuflokkurinn fékk 21.580 atkvæði (17,4%), Framsóknarflokkurinn 30.861 (24,9%), Sjálfstæðisflokkurinn 43.838 (35,4%), Alþýðubandalagið 24.401 (19,7%) og aðrir 3.071 (2,5%).

Í Reykjavík fór kosningarnar á þessa leið: Alþýðuflokkurinn fékk 8.691 atkvæði (17,8%), Framsóknarflokkurinn 7.252 (14,8%), Sjálfstæðisflokkurinn 21.428 (43,8%), Alþýðubandalagið 10.888 (22,3%) og aðrir 638 (1,3%).

Hraksþárnar um að Alþýðuflokkurinn myndi gjalda hinnar umdeildu ákvörðunar um að taka ónýta ríkisstjórn af lífi með fylgishruni reyndust því ekki á rökum reistar.

## Tapað tafl í tímahraki

Þegar kosningaúrslitin lágu endanlega fyrir var ljóst að tæknilega var gerlegt að mynda viðreisnarstjórn, með sama tæpa meirihlutanum og viðreisnarstjórnin hafði lifað við seinasta kjörtímabil sitt. Þar sem fjárlög voru óafgreidd lá fyrir að Alþingi yrði að koma saman viku eftir kosningarnar, það er 12. desember 1979. Þetta þýddi að bregðast þurfti skjótt við: Það varð að taka ákvarðanir um samstarf flokka við að setja þingið á laggirnar; kjósa forseta þings, skipta þingmönnum í deildir (neðri og efri deild) og binda fastmælum samstarf um kjör í þingnefndir. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur höfðu samtals 31 þingmann, auk Eggerts Haukdals frá Bergþórs-hvoli sem hafði náð kjöri af klofningslista sjálfstæðismanna á Suðurlandi. Viðreisnarflokkarnir gátu því myndað starfhæfan meirihluta á þingi, bæði í efri og neðri deild, með því að kaupa Haukdal sem vitað var að var falur eins og seinna kom á daginn. Með ákvörðun um samstarf gátu þeir Geir og Benedikt komið í veg fyrir að Alþýðubandalag og Framsókn gætu tryggt sér helming efrideildarmanna, sem nægði til að fella mál á jöfnu fyrir hugsanlegri viðreisnarstjórn. En formennirnir adhöfðust ekkert. Það er óhugsandi að þeir hafi ekki vitað hvað hékk á spýtunni. Niðurstaðan var því sú að þeir létu andstæðinga sína vitandi vits taka af sér ráðin. Burtséð frá því hvort flokkarnir voru reidubúnir til viðreisnarsamstarfs eða ekki var þetta einfaldlega glapræði í stöðunni, fingurbjótur í valdatafli sem átti eftir að kosta báða þessa formenn þeirra pólitíska líf. Ég hef fyrir því traustar heimildir að formaður Alþýðuflokksins vissi fullvel hvað var í húfi, en aðhafðist ekkert af ásettu ráði. Hann var einfaldlega andvígur viðreisnarsamstarfi. Ég hef auðvitað ekki hugmynd um hvort sömu sögu er að segja um formann Sjálfstæðisflokksins, Geir Hallgrímsson. En vinnubrögð hans í þessum stjórnarmyndunarviðræðum eru mér einfaldlega óskiljanleg. Steingrímur Hermannsson segir að Geir hafi hvorki rætt við sig né aðra flokks- formenn þótt vika liði frá því hann fékk umboð til stjórnarmyndunar. Á þeim tíma gerði hann fátt annað en að leita ráða hjá Einari Olgeirssyni og Gylfa Þ. og fleiri gömlum stjórnmalámönnum í stað þess að ræða við þá sem stóðu í eldlínunni.

Enn í dag kann ég engar skýringar á þessu ráðaleysi. Sá sem gegnir embætti forseta Íslands og vill forðast að liggja undir ámæli forystumanna flokkanna setur venjulega á svið svokallaðan „stjórnarmyndunarmenuett“. Fyrst er meintur sigurvegari kosninganna kvaddur til og fengið stjórnarmyndunarumbod. Því næst fær stærsti flokkurinn umboðið, þá sá næst-

stærsti og síðan áfram niður úr. Formönnum stjórnámálflokkanna er hins vegar í sjálfsvald sett að hafna þessu sjónarspili; það er að segja ef þeir vita hvað þeir vilja, því að þá geta þeir gengið hreint til verks og afgreitt málið, svo sem eðlilegt er að þeir geri. Þeir hafa vitanlega umboð kjósenda sem væntanlega ætlast til þess að þeir noti það.

Þegar allt kemur til alls snýst þetta um persónuleika þeirra manna sem veljast til pólitískrar forystu. Annaðhvort hafa þeir viljann til valda eða ekki. Þetta er á ensku kallað *killer instinct* – sem er óþarfi að útleggja sem „pólitíska drápsfýsn“. Nær væri að vitna í Nietzsche og tala um viljann til valda, því sá sem ekki hefur þann vilja á ekkert erindi í pólitík.

Þarna voru tveir flokkar sem höfðu samkvæmt stefnuyfirlýsingum sem birtar höfðu verið fyrir kosningar meiri málefnasamstöðu en hinir tveir. Þar að auki höfðu þeir starfhæfan meirihluta á Alþingi. Samt gripu þeir ekki tækifærið heldur leyfðu andstæðingum sínum að setja sér stólinn fyrir dyrnar, án þess að hreyfa legg eða lið. Vera má að á þessu séu einhverjar skýringar sem ég einfaldlega þekki ekki. Ég hafði að vísu upplifað það í kosningabaráttunni að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins voru á hröðum flóttu frá eigin stefnuskrá. Því til viðbótar veit ég af reynslu að það er aldrei að vita fyrirfram hvar fólk sem er á flóttu undan sjálfu sér lendir að lokum. Hvað kratana varðar er það mitt mat að flokkurinn hefði staðið sig hefði hann notið forystu sem vissi hvað hún vildi. En því var ekki að heilsa. Og því fór sem fór.

## Viljinn til valda

Gunnar Thoroddsen vissi hins vegar hvað hann vildi. Snemma í desember hafði Gunnar hafnað því að gegna áfram starfi þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins. Þótt hann hefði áður setið í neðri deild, bauðst hann sjálfur svo lítið bar á til að taka sæti í efri deild fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Annars hefði möguleiki á að mynda meirihlutastjórn ekki verið fyrir hendi.

Gunnar átti harma að hefna gegn flokksforystu og flokkseigendafélagi Sjálfstæðisflokksins og lét því ekki segja sér það tvisvar, þegar tækifærið bauðst að jafna þá reikninga.

Dagana sem þetta valdatafl var þreytt á Alþingi skrifaði Styrmir Gunnarsson ritstjóri *Morgunblaðsins* opnugrein sem hann kallaði *Vonlaust vinstra tafl*. Þar rökstuddi hann í löngu máli nauðsyn þess fyrir Alþýðuflokkinn að ganga til endurnýjaðs viðreisnarsamstarfs.

Ég hef alltaf staðið í þeirri trú að Styrmir hafi verið trúnaðarvinur og

ráðgjafi Geirs Hallgrímssonar. Ég spyr: Brást ráðgjöfin, eða voru góð ráð einfaldlega ekki þegin?

Kjarni málsins er þessi: Kosningaúrslitin 1979 þýddu að Sjálfstæðisflokkurinn gat myndað ríkisstjórn með hvort heldur sem var Alþýðubandalagi („sögulegar sættir“) eða Alþýðuflokki (að keyptum Eggert Haukdal). Steingrímur, sem meintur sigurvegari kosninganna, fékk umboð forseta fyrstur og hélt því frá 5. desember til hins 28. þegar Geir Hallgrímsson tók við. Steingrímur reyndi að endurreisa vinstri stjórnina samkvæmt spakmæli föður síns að „allt væri betra en íhaldið“. Á meðan reyndu sjálfstæðismenn hinar „sögulegu sættir“, það er ríkisstjórn þeirra og ráðherrasósíalistanna. Þegar Geir fékk hið formlega umboð samkvæmt hefðarreglum menúettsins lá fyrir að Alþýðubandalagið hafði afþakkað hinar sögulegu sættir. Hvaða kostur var þá eftir fyrir Geir? Viðreisn, sem tæknilega var starfhæf samkvæmt kosningaúrslitum. Þinglið Alþýðuflokksins, tíu þingmenn, hafði mánuðina á undan tekið Ólafiu af, það er slitið vinstri stjórn – bakað sér heilaga reiði Framsóknar og Alþýðubandalags og háð harða kosningabaráttu til að verja þá ákvörðun.

Hvers vegna töludu þeir sjálfstæðismenn aldrei við Alþýðuflokkinn? Var það vegna þess að þeir þóttust þekkja hug Benedikts Gröndals síðan 1978? Vissu þeir ekkert hvað hafði gerst síðan þá? Voru þeir virkilega svona þungt haldnir af pólitísku meðvitundarleysi?

Afleiðingarnar voru hvað sem öðru leið afdrifaríkar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Gunnar Thoroddsen tók af skarið; hann safnaði um sig fámennri hirð „framsóknarmanna“ af landsbyggðinni úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins og fékk Albert Guðmundsson knattspyrnukappa til að skrifa upp á vixilinn. Formaður Sjálfstæðisflokksins varð áhrifalaus og utangátta. Hann galt þess síðar í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, þar sem hann féll út af þingi 1983. Og hvernig var viðskilnaður ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens vorið 1983? Hinn gamli fjárhirðir Framsóknarflokksins, Eysteinn Jónsson, orðaði það á þá leið „að þjóðinni [væri] að blæða út efnahagslega“. Og hvað sagði Steingrímur Hermannsson, annar helsti ábyrgðarmaður þeirrar ríkisstjórnar sem formaður Framsóknarflokksins, stærsta flokksins í stjórnarsamstarfinu, um viðskilnað þessarar ríkisstjórnar sinnar? Hann segir: „Því miður dregur hann (Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra) hins vegar fjöður yfir það að ríkisstjórnin brást í því að takast á við þann vanda sem við var að etja. Í þeim tilgangi fyrst og fremst var hún stofnuð en reyndist ekki hafa til þess þrek.“

## Veröld sem var

Þótt ekki séu nema tveir áratugir frá því þetta var mun það vefjast fyrir yngri kynslóð Íslendinga að skilja ástandið á framsóknaráratugnum (1971–1983). Efnahagslífið var hneppt í viðjar pólitísks forræðis á öllum sviðum. Útflutningsverslunin var í höndum einokunarfyrirtækja. Innflutningsverslun var háð verðlagseftirliti og verðstöðvun gildi að nafni til. Í raun laut hún pólitískum lögmálum helmingaskipta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar (SÍS). Hagsmunir innflytjenda voru að semja um hækkað innflutningsverð til þess að tryggja tekjur með bundinni álagningarprósentu. Samkeppni var í raun útilokuð. Allar helstu hagstærðir voru með sjálfvirkum hætti bundnar í visitölu verðlags og launa. Stjórnámamenn réðu ekki neitt við neitt vegna þess að víxlhækknaverðbólga verðlags og launa hafði sinn gang. Á þriggja mánaða fresti var þjóðfélagið í uppnámi út af þessum visitöluleik. Gjaldmiðillinn þynntist og þynntist. Verðbólgan var föst í 30–60% fari og lítið mátti út af bregða til þess að hún ryki ekki upp úr öllu valdi. Verðmyndun í þjóðfélaginu var háð pólitískum ákvörðunum. Stjórnámamenn ákváðu fiskverð. Landbúnaðarkerfið var á framfæri skattgreiðenda. Íslendingar vörðu háum fjárhæðum í niðurgreiðslur og útflutningsbætur ofan í ríka Evrópumenn. Ríkisfjármál voru í skötulíki. Peningamálastjórnin var aðallega í því fólgin að prenta seðla til að fjármagna verðbólguna. Erlendar skuldir hlóðust upp.

Verðbólguhugarfarið var allsráðandi. Enda þótt nafnvextir væru ofurháir voru þeir undir raunvöxtum. Þannig var stöðug millifærsla fjár frá launþegum til skuldunauta og atvinnurekenda. Við þessar kringumstæður þótti ekkert vit í að spara. Það þurfti að koma fjármuninum undan í fjárfestingu. En enginn vitrænn mælikvarði var á arðsemi fjárfestinga. Lífeyrissjóðir launþega, sem verkalýðshreyfingin hafði samið um að koma á fót, voru að gufa upp. Þjóðfélagið var allt í heljargreipum óðaverðbólgu og óðapólitíkur. Almennitur brást við með því að vinna langan vinnudag og reyndi þannig að bjarga sér fyrir horn. Verkalýðshreyfingin hélt fast í visitölu-tryggingu launa sem hins vegar innsiglaði áframhaldandi verðbólgu og rýrmandi kaupmátt. Þetta var gangvirkið í efnahagskerfinu. Þetta var hálf-sovéskt kerfi.

Allur sá tími og öll sú orka sem stjórnámamenn eyddu í reddingar til að forða sér frá hengingaról þriggja mánaða visitölutímabíla kom fyrir lítið.

Gegn þessu öngþveiti stillti ég upp skýrum valkostum nútímalegrar jafnadarstefnu. Ég hafði bjargfasta sannfæringu fyrir því að við yrðum að brjót-

ast út úr þessu spillta ráðstjórnarfyrikkomulagi og koma á opnu markaðsþjóðfélagi. Við yrðum að brjóta á bak aftur helmingaskiptareglu sérhagsmunaflokkanna og opna landið fyrir samkeppni. Það væri eina leiðin sem fær væri til að virkja hugvit, framtak og dugnað fólks og til þess að „normalisera“ þjóðfélagið. Einokun og fákeppni sem styðst við pólitísk ítök og forréttindi er alltaf neytendum til tjóns. Samkeppni á markaði er eina leiðin til að nýta takmörkuð framleiðslugæði skynsamlega og til að ryðja braut nýjungum, framförum og skapa eðlilegan hagvöxt sem er undirstaða raunverulegra lífskjarabóta.

Ég gerði mér grein fyrir því að ég væri að taka upp þráðinn þar sem Gylfi Þ. Gíslason slepti honum. Viðreisnarstjórnin var á sínum tíma tímamótastjórn sem batt enda á öngþveitið sem var að ríða þjóðfélaginu á slig í lok sjötta áratugarins. Hún afnam höft og bönn og opnaði fyrir frjálsræði í innflutningsverslun og beitti sér fyrir ýmsum kerfisumbótum, sérstaklega að afnema spillt millifærslukerfi og koma gengisskráningu á réttan kjöl. En það var þó aðeins byrjunin. Og nú hafði aftur sigið á ógæfuhliðina.

### Grundvallarsjónarmið

Vetrardvölin við Harvard kom mér nú að góðum notum. Þar var ég einkum að brjóta heilann um samanburð hagkerfa, það er að segja muninn á miðstýrðum ríkisforsjárkerfum, aðallega í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu, og markaðsþjóðfélögum Vesturlanda. Auk þess hafði ég kynnt mér allnokkuð þróunarhagfræði. Niðurstaðan af hagsögu þróaðra ríkja á Vesturlöndum var í mínum huga nokkuð skýr. Leiðin til að skapa verðmæti, leiðin til að skapa auð, fólst í að innleiða samkeppni á markaði og taka fullan þátt í og nýta sér alla kosti frjálsra heimsviðskipta. Leiðin til örbirgðar lá í lokuðu miðstýrðu forræðiskerfi sem þar að auki bauð heim spillingu og sóun fyrirgreiðslupólitikusa sem að lokum gengju meira að segja af lýðræðinu dauðu.

Ég var orðinn sannfærður um að hlutverk ríkisvaldsins í þróuðu nútímaþjóðfélagi ætti að vera takmarkað þótt þýðingarmikið væri. Ríkið ætti til dæmis ekki að standa í atvinnurekstri. Það ætti ekki að breyta fyrirtækjum í ráðuneyti eða undirstofnanir ráðuneyta þar sem forstjóraveldið ætti meira undir persónulegri velvild eða óvild stjórnámálanna en raunverulegri frammistöðu á markaðnum. Ég gerði mér vel grein fyrir því að það er ekkert til sem heitir fullkomið markaðskerfi. Einnig fyrir því að það er erfitt að framfylgja slíkri stefnu í jafnörsmáu hagkerfi og við Íslendingar búum við. Ég gerði mér grein fyrir því að markaðskerfið hefur innbyggða tilhneigingu til að auður og fjárhagsvald safnist á fárra hendur og hættan á einok-

un og fákeppni er stöðugt til staðar. Eitt þýðingarmesta hlutverk ríkisvaldsins er einmitt að setja strangar leikreglur um samkeppni, bæði á vöru og fjármálamörkuðum, og koma í veg fyrir einokun og fákeppni. En ef menn vilja læra um það eiga menn ekki síst að líta til reynslu Bandaríkjamanna á því sviði. Ég vildi með öðrum orðum kerfisbreytingar en ekki bætur á gamalt og ónýtt fat. Það þurfti að opna þetta þjóðfélag, koma á frelsi í útflutningi, raunverulegri samkeppni í innflutningi, létta tökum einokunaradila af lykilþáttum efnahagsstarfseminnar, hleypa inn erlendu fjármagni og tengja landið heimsmarkaðnum í gegnum farveg frjálsra heimsviðskipta. Þetta var stefnan.

Viðhorf mín til utanríkis- og alþjóðamála voru líka gerbreytt. Fyrsta ræðan sem ég flutti opinberlega, fyrir utan málfundaæfingar í skólum, var í Gamla bíói 1957, á vegum samtakanna Friðlýst land. Ræðan hét: „Smáþjódir kunna líka að hugsa“ og var í kiljönskum stíl. Það segir sig sjálft að maður sem taldi sig marxista og var alinn upp í hinni kiljönsku lífssýn á Sovétríkin sem framtíðarlandið og um leið fullur af óbeit á gömlum nýlenduveldum var harður andstæðingur Atlantshafsbandalagsins og veru bandaríska varnarliðsins á Íslandi. Nú var þessi kiljanska lífssýn löngu komin á öskuhaugana. Ég taldi að innganga okkar í Atlantshafsbandalagið á sínum tíma, umdeild sem hún var, hefði verið mikið gæfuspor. Ég gerði mér grein fyrir því að við værum Íslendingar á bandarísku áhrifasvæði. Ég var fylgjandi varnarsamstarfinu við Bandaríkin og í stórum dráttum fylgjandi þeirri stefnu að veita viðnám og reyna að einangra Sovétríkin frá frekari útþenslu en orðið var. Þessi stefna endurspegladist afdráttarlaust í leiðurum mínum í *Alþýðubladinu* á þessum árum, sem hluti af stefnuskrá nútímalegrar jafnaðarstefnu. Jafnaðarmenn eru lýðræðisjafnaðarmenn. Í tvískiptum heimi kalda stríðsins varð að verja lýðræðið fyrir ágengni glæpamanna-stjórnar eins og þeirrar sem ríkti í Kreml.

### Jafnaðarstefna gegn frjálshyggju

En var ég þá ekki bara orðinn hægri maður, frjálshyggjumaður eða eitthvað þaðan af verra? Því fór fjarri. Í framhaldsnámi mínu í Svíþjóð hafði ég kynnt mér sögu verkalýðshreyfingar og jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum rækilega. Ég reyndi að læra á og skilja sænska módelið – norræna módelið. Það var raunverulega þriðja leiðin milli öfga, annars vegar óbeislads markaðskerfis, sem beðið hafði skipbrot í Bandaríkjunum á kreppuár-unum, og blóðugs alræðisstjórnarfars kommúnista í Sovétríkjunum. Þetta var hin raunverulega þriðja leið. Höfundar hennar voru sænskir sósíal-

demókratar en ekki Tony Blair, eins og hann og aðdáendur hans virðast halda.

Samkvæmt sænska módelinu viðurkenndu menn yfirburði markaðskerfisins, samkeppni á markaði og frjálsra alþjóðaviðskipta til þess að skapa auð, enda þjóðnýttu sænskir kratar ekki neitt á áratuga ferli sínum. En þar með er ekki öll sagan sögð. Norrænu jafnaðarmannaflokkarnir, með djúpar rætur í verkalýðshreyfingunni, voru mannréttinda- og lýðræðishreyfingar. Það þýddi að þeir lögðu höfuðáherslu á það í allri sinni pólitík að skapa mönnum jöfn tækifæri til mennta, félagslegs öryggis og áhrifa á mótun samfélagsins gegnum stofnanir lýðræðisins.

Jafnaðarmenn vita sem er, að óbeislað markaðskerfi leiðir óhjákvæmilega til mikillar misskiptingar auðs. Kapítalisminn, sem er gróttakvörn auðsköpunar, skapar verðmæti og ryður braut tækniframförum. Hann er „dýnamískt kerfi“ – sibreytilegt. En hin ósýnilega hönd markaðarins útdeilir ekki gæðunum út frá neinum sjónarmiðum sanngirni, réttlætis eða jafnaðar. Það er hlutverk ríkisvalds í lýðræðislegu þjóðfélagi, ekki aðeins að setja leikreglurnar, heldur líka að koma í veg fyrir að þjóðfélagið umskautist í andstæðar fylkingar ofurrikra og örsnaðra sem að lokum leysir upp félagslega samstöðu. Sænskir sósíaldemókratar vissu þess vegna sem var, að öflugt ríkisvald væri nauðsynlegt til að tryggja frelsi einstaklingsins frammi fyrir hættunni á alræði auðsins.

Leiðirnar til þess voru að tryggja öllum, í samræmi við hæfileika sína, aðgang til náms og þar með brjóta niður rígskorðaða stéttaskiptingu. Að gera þjóðfélagið lýðræðislegt og jafnframt að nýta auðinn til þess að tryggja öllum, ungum sem öldnum, og þeim sem yrðu fyrir áföllum í lifinu vegna heilsubrests, atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum, félagslegt öryggi. Það skyldi gert með skylduaðild að almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Með öðrum orðum, það var hlutverk ríkisvaldsins að leiðrétta þann ójöfnuð í eigna- og tekjuskiptingu sem hlýst af óbeisluðum markaðskapitalisma. Þetta er kannski þýðingarmesta hlutverk ríkisvaldsins í markaðsþjóðfélagi. Og það er þetta hlutverk ríkisvaldsins samkvæmt lífsskilningi og siðferðilegum sjónarmiðum jafnaðarmanna sem skilur á milli feigs og ófeigs, milli þjóðfélags mannúðarstefnu annars vegar og kaldrifjaðrar auðhyggju hins vegar. Milli bandaríska móðelsins og evrópska móðelsins. Ríkur þáttur í þessari lífssýn varðar líka stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Það lýsir sér í viðurkenningu á því að konan getur ekki bæði gegnt móðurhlutverki sínu og jafnframt verið jafnréttihár aðili á vinnumarkaði, nema henni sé gert það kleift fyrir atbeina samfélagsins. Þetta eina ár sem ég gisti Stokkhólm var ljóst að Svíar voru fyrir löngu búnir að leysa þetta vandamál. Sveitarfélög-

um var skylt að tryggja öllum börnum aðgang að dagvistarheimilum með góðri umönnun. Þetta er vandamál sem flest þjóðfélög í veröldinni eiga enn óleyst.

Höfuðveilan í hugmyndafræði frjálshyggjumanna, alveg eins og hjá kommúnistum, er einfeldningslegur mannskilningur þeirra. Þeir sem lengst ganga halda, eins og Margaret Thatcher, að það sé ekkert til sem heiti samfélag, það sé bara til samsafn af einstaklingum. Þar geti hver séð um sig og fjandinn hirði þann sem heltist úr lestinni. Þetta er einfeldningsháttur sem afhjúpar skort á lífsreynslu manna sem vanist hafa forréttindum auðs eða velmegunar. Við erum öll háð því samfélagi sem við búum í. Við þurfum öll hvert á öðru að halda. Við erum ósjálfbjarga í bernsku og háð þeim sem koma okkur á legg. Þeir sem verða langlífir eru aftur komnir upp á samfélagið. Lífið er ekki bara bein og breið braut uppans til fjár og frama. Lífsbaráttan kennir öllum það, fyrr eða síðar, að menn verða fyrir áföllum, hvort heldur er í einkalífi, atvinnulífi eða heilsufari. Við þurfum því öll á samhygð og samhjálp að halda. Það er mælikvarði á siðferðisstig þjóðfélags hvort það mætir manneskjulegum þörfum af þessu tagi eða lokar augum og eyrum fyrir breyskleika mannsins og endar með því að úthýsa honum. Það var einkenni kommúnismans. Það er einkenni hinnar ómennsku frjáls-hyggju sem hefur gleymt manneskjunni úr hugsun sinni.

Í aprilmánuði 1980 kom hingað í heimsókn helsta átrúnaðargodð frjáls-hyggjumanna, austurriski hagfræðingurinn Friedrich Hayek, sennilega boðinn hingað að undirlagi Hannesar Hölmsteins Gissurarsonar. Af því tilefni skrifaði ég hinn 15. apríl 1980 ritstjórnargrein í *Alþýðublaðið* sem heitir „Jafnaðarstefna og markaðsbúskapur“. Þar segir meðal annars:

„Þversögn markaðskerfisins er sú að það fær ekki staðist til lengdar án ríkisafskipta. Ef frjáls samkeppni á ekki fyrr en varir að leiða til „ófullkominnar samkeppni“, það er einokunar í margvíslegri mynd, þarf hún á að halda hvers konar ríkiseftirliti og ihlutun. Hagsagan kennir okkur að „laissez fair“ kerfið leiddi ekki til lengdar til fullkominna markaða heldur skapaði tæki fyrir þá sem öflugastir voru til að gleypa hina sem minna máttu sín og gera þá áhrifalaus. Á veigamiklum sviðum efnahagslífsins á markaðskerfið ekki við. Þetta gildir til dæmis um ýmsa þá félagslegu þjónustu þar sem enginn einn einstaklingur verður krafinn um greiðslu. Auðvelt er að benda á ýmsar félagslegar þarfir sem markaðurinn fær ekki fullnægt, til dæmis varðandi borgarskipulag, náttúruvernd, mengunarvarnir, mennta- og heilbrigðismál, jafnvel húsnæðismál. Í öðrum tilvikum leiðir markaðslaun til slíks ójafnaðar í eigna- og tekjuskiptingu að ekki er siðferðilega þolandi. Í þeim til-

vikum er tekjujöfnunarstefna jafnaðarmanna einmitt forsenda þess að markaðskerfið virki svo viðunandi sé.“

### Lýðræði gegn kapítalisma

Ég nefndi að í framhaldsnáminu við Harvard hefði ég lagt mig eftir þróunarhagfræði, það er að segja spurningunni um: „Hvers vegna eru sumar þjóðir ríkar en aðrar snauðar?“ Þetta er auðvitað grundvallarspurning í hagfræði og pólitík. Spurningin leiðir til annarrar spurningar: „Ræðst auðlegð þjóða af landafræði, loftslagi, náttúruauðlindum eða stjórnfari?“ Það er að vísu athyglisvert að flestar ríkustu þjóðir heims eru í tempraða beltinu og hinar snauðustu að stórum hluta í hitabeltinu. Þó er það ekki einhlítt. En ef náttúruauðlindir skæru úr, hvers vegna er þá Brasília, sem býr yfir öllum hugsanlegum náttúruauðlindum, örsnautt land? Hvers vegna eru Rússar, með allar sínar auðlindir, eins konar fátæktarnýlenda? Hvers vegna er Japan, sem þarf að flytja inn allt til alls, meðal ríkustu þjóða heims? Hvers vegna byggir forrikk þjóð Danmörku, sem er sandruðningur undan jökulum frá isaldarskeiði og með jarðveg illa fallinn til landbúnaðar? Spurningar af þessu tagi vekja til umhugsunar um að þjóðfélög eru í meira mæli en ætla mætti eigin gæfu smíðir. Það er rétt að hagsaga þróuðu ríkjanna eftir iðnbyltingu kennir okkur að þeim þjóðum hefur vegnað best þar sem samkeppni á markaði og kostir verkaskiptingar í alþjóðaviðskiptum fá að njóta sín. En það segir ekki alla söguna. Hvers vegna þrífst kapítalisminn hvergi í veröldinni nema í þróuðum lýðræðisþjóðfélögum? Hagsagan kennir okkur nefnilega líka að þar sem ríkisvald er veikt snýst kapítalisminn venjulega upp í auðstjórn fámennrar yfirstéttar sem skirrist ekki við að beita harðstjórn auðsins til hins ýtrasta og kemur auðnum gjarnan úr landi, þar sem hann er öruggur. Harmsaga þriðja heimsins er mestan part saga um pólitíska harðstjórn, spillingu stjórnvalda og auðklíunnar sem lyfti henni til valda og stjórnaði henni.

Einhvern tíma sagði Bismarck að stríð væri alvarlegra en svo að hægt væri að láta herforingjana eina um stríðsreksturinn. Sömu hugsun má koma til skila þegar sagt er: Efnahagsstarfsemin skiptir meira máli en svo að hægt sé að láta hana afskiptalaust í hendur kapítalístanna sjálfra. Hið pólitíska lýðræði sem smám saman náði að festa rætur í þróuðum iðnríkjum bjargaði kapítalísmannum frá sjálfum sér. Hið pólitíska lýðræði kom í veg fyrir umskautun þjóðfélaganna milli hinna ofurríku og hins snauða fjölda. Hið pólitíska lýðræði kom í veg fyrir byltinguna. Hið pólitíska lýðræði gerði kleift að leysa hin stóru þjóðfélagslegu ágreiningsmál á fríðsam-

legan hátt. Það var lýðræðið sem gerði kleift að breyta eigna- og tekjuskiptingunni í þessum þjóðfélögum í átt til meiri jöfnuðar og bjó þess vegna til efnaðri millistétt með kaupmátt og þarfir, og þar með markað fyrir afurðir kapitalismans. Í ríkjum þar sem grundavallarhugsun réttarríkis náði fram að ganga með sjálfstæðum dómstólum, óháðum stjórnvöldum, var kapitalisminn beislaður án þess að honum yrði útrýmt. Ein helsta þversögnin í hugmyndafræði frjálshyggjumanna er þess vegna sú að kapitalisminn þrífst ekki án öflugs ríkisvalds. Það er misskilningur að við séum bara samsafn einstaklinga og búum ekki í mannlegu samfélagi. Til hvers er lýðræði ef það snýst ekki um fólk? Til hvers er lýðræði ef það má sín einskis frammi fyrir ofurvaldi fjármagnseigenda? Það sem háir þjóðum þriðja heimsins í viðleitni þeirra til að brjótast út úr vítahring fátæktar og til bjargálna er oft og tíðum skorturinn á lýðræði. Lýðræði byggist á menntun. Menntun í upplýstu þjóðfélagi dregur úr spillingu og harðstjórn. Markaðskerfi þrífst ekki nema þar sem eignaréttur er virtur, ágreiningsmál eru leyst fyrir dómstólum og samfélagslegar reglur kveða á um skattalög og skiptingu verðmætanna.

### Goðsögnin um Sjálfstæðisflokkinn

Þetta voru þau viðhorf sem stýrðu þenna Alþýðublaðsritstjórans á þessum árum. Þetta voru þau viðhorf sem ég kenni við nútímalega jafnaðarmennsku. Sagt hefur verið að á þessum árum hafi ég skrifað mig inn í forystu Alþýðuflokksins. Fyrir utan að vera ritstjóri málgagnsins fóru fjölmiðlar mjög að leita eftir því að ég yrði eins konar talsmaður sjónarmiða Alþýðuflokksins í fjölmiðlaumræðunni. Þar að auki fór ég „á rúntinn“. Það virtist vera drjúg eftirspurn eftir því að heyra sjónarmið þessa róttæka en kjaftfora manns á mannfundum vítt og breitt um borg og land. Ég hef ekki tölu á því hversu oft ég fór um kvöld og helgar að tala á mannfundum og samkundum, bæði í gamni og alvöru. Ég notaði auðvitað hvert tækifæri til að hafa „framsóknarmenn allra flokka“ að háði og spotti. Þegar kom að prófkjöri fyrir alþingiskosningar 1983 þurfti ég ekki að kvarta undan því að nafn mitt væri ekki þekkt. Á þessum árum var ég að undirbúa jarðveginn.

Hitt er annað mál að sennilega hafa flestir þeirra sem á annað borð fylgdust með stjórnámálum meira heyrt af málflutningi mínum af afspurn en eigin reynd. Ég gerði mér grein fyrir því að fáir lásu beinlínis það sem ég var að skrifa frá degi til dags, þótt það endurómáði eitthvað í gegnum aðra fjölmiðla og á mannfundum.

Vegna þess hvað íslenskt þjóðfélag var á þessum árum niðurnjörvað í forsjarhyggju, hve fáir höfðu í alvöru skilning á gangverki opins markaðskerfis og vegna þess hve róttækar slíkar hugmyndir þóttu, hef ég vafalaust fengið á mig orð fyrir að vera meiri hægri maður en ég raunverulega var. Hins vegar varð ég þess áþreifanlega var að málflutningurinn skilaði árangri. Mér veittist létt að rökstyðja hann í rökræðum og umræðum við andstæðinga. Ég fann að þessi málflutningur átti, þrátt fyrir allt, hljómgrunn, ekki síst meðal þeirra kjósenda sem í raun og veru voru frjálsslyndir jafnaðarmenn en véluðust af sögulegum ástæðum til fylgilags við Sjálfstæðisflokkinn.

Ýmsir leiðandi menn í Sjálfstæðisflokknum voru þess vegna hræddir við þennan málflutning. Þeir létu það heita svo að ég réðist á Sjálfstæðisflokkinn frá hægri. Sannleikurinn er sá að ég réðst að honum beint framan að. Sjálfstæðisflokkurinn var veikur fyrir þessum málflutningi vegna goðsagnarinnar um að hann ætti að vera flokkur markaðshyggju og frjálsrar samkeppni. Munurinn milli orða og efnda Sjálfstæðisflokksins, samanber „báknið burt“ eða „báknið kjurt“, var of mikill til að málflutningur sjálfstæðismanna gæti talist trúverðugur. Sjálfstæðisflokkurinn er í raun og veru regnhlífarsamtök þar sem forkólfar atvinnurekenda eru áhrifamestir bak við tjöldin, ekki síst stofnanir eins og LIÚ, Verslunarráðið eða forstjóráveldi stórfyrirtækja. Þar að auki hefur Sjálfstæðisflokkurinn í samkeppni sinni við Framsóknarflokkinn um fylgi í sveitum landsins, þar sem hann er yfirleitt minni aðilinn, hneigst til að yfirbjóða Framsókn í ábyrgðarleysi atkvæðaveiðanna; þannig hefur flokkurinn fullkomlega ánetjast spilltu og úreltu landbúnaðarkerfi sem haldið er uppi á kostnað neytenda. Og lenti stundum framsóknarmegin við Framsókn. Auk þess var engan mun að finna á Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum varðandi spillt fyrirgreiðslukerfi í atkvæðakaupaskyni á landsbyggðinni undir nafni byggðastefnu, sem lengst af hefur mátt heita fint orð yfir fúsk og fyrirgreiðslu.

### Ísland á undanþágu

Í öndvegisriti sínu *Ísland í eldlinu kalda stríðsins*, sem kom út fyrir jólin 1996, afhjúpar Valur Ingimundarson sagnfræðingur margar viðteknar goðsagnir samtímans um þjóðfélagsveruleikann á fyrstu áratugum lýðveldisins. Rit Vals er afar efnismikið og þau sjónarmið sem þar eru sett fram eru kirfilega studd ítarlegum rannsóknum á frumheimildum. Hlutur helstu leiðtoga tímabilsins frá lýðveldisstofnun til viðreisnar, þeirra Ólafs Thors

og Hermanns Jónassonar, er ekki tilkomumikill og Ólafs þó síðri samkvæmt þessari sögu.

Ólafur virðist ekki hafa skilið undirstöðuatriði hagstjórnar í markaðsþjóðfélagi. Hann eyðilagði tækifærið til að koma efnahagskerfinu í lag með nýsköpunarstjórninni eftir stríð, þar sem hann hlýddi forsögn kommúnista um það hvernig ætti að eyða gjaldeyrisvarasjóðum þjóðarinnar til kaupa á úreltum togurum sem úthlutað var til útgerðarmanna og sveitarfélaga. Ólafur virtist þannig lítt kippa sér upp við þjóðnýtingarleiðina í sjávarútveginum. Hann klúðraði einnig umbótatillögum dr. Benjamíns Eiríkssonar (og Ólafs Björnssonar prófessors) og frestaði þar með viðreisnarumbótunum í rúman áratug eða þar til dr. Gylfi Þ. Gislason tók aftur upp þráðinn með samstarfsmönnum sínum upp úr 1960. Þegar Ólafur Thors, sem var formaður Sjálfstæðisflokksins í áratugi, stóð frammi fyrir stjórnarmyndunartækifærum á þessu tímabili, varð honum að því er virðist yfirleitt fyrst hugsað til vina sinna, kommúnistanna í nýsköpunarstjórninni, sem hann virðist hafa treyst manna best. Valur Ingimundarson birtir part úr kostulegu bréfi sem Ólafur sendir Thor bróður sínum, sendiherra Íslands í Washington DC, svo seint sem á árinu 1959, þar sem hann lýsir hlakkandi þeim vonum sínum að nú geti hann myndað ríkisstjórn á ný með kommúnistum. Þetta er beinlínis ótrúlegt.

Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins (1958–1959) undir forystu Emils Jónssonar hafði vadið eld og brennistein við að forða þjóðarbúskapnum frá brotlendingu eftir viðskilnað vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar. Með niðurfærsluleið sinni bjuggu kratarnir í haginn fyrir viðreisnarsamstarfið og þá kerfisbreytingu sem sú ríkisstjórn beitti sér fyrir. Það er eins og formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Thors, hafi ekki einu sinni haft veður af því sem í vændum væri, hvað þá að hann skildi um hvað viðreisnartilraunin snerist. Á sínum langa formanns- og valdaferli í íslenskum stjórnámálum sjást þess fá merki að formaðurinn hafi beitt sér fyrir kerfisumbótum í átt til markaðsbúskapar, fyrir utan tilraunina með tillögur dr. Benjamíns sem rann út í sandinn. Til dæmis var Ólafur Thors sérstakur verndari einokunar SÍF á verðmætustu útflutningsafurðum þjóðarinnar.

Af þessu tímamótaverki Vals má draga marga lærdóma en ég staldra við eftirfarandi: Efnahagskerfið var ónýtt og stjórnmalaforystan var fangi þess. Leiðtogar lýðveldisins voru því allan tímann upp á náð og miskunn bandarískra stjórnvalda komnir. Án bandaríks fjármagns í formi styrkja, gjafalána og gjaldeyristekna af starfsemi varnarliðsins hefði ekkert orðið úr stórframkvæmdum, auk þess sem innflutningur, og þar með lífskjör þjóðarinnar, var háður gjaldeyristekjum af utanríkisstefnunni. Þetta á jafnt við um „vinstri“

og „hægri“ stjórnir. Þessu gjafafé var síðan skipt til helminga milli SÍS og íhaldsins. Íslenskir ráðherrar þögðu í NATO og sættu ákúrum Bandaríkjaanna fyrir. En rönkuðu við sér ef þeir eygðu fjárvon. Lærdómur af sögunni? Ónýtu efnahagskerfi og spilltu stjórnmalakerfi var haldið á floti með bandarísku fjármagni – löngu eftir að ljóst mátti vera að „kerfið“ var því sem næst óstarfhæft. Umbótum sem ella hefðu verið óumflýjanlegar var slegið á frest. Og godsögnin um Sjálfstæðisflokkinn sem flokk einkaframtaks og markaðskerfis en andstæðing ríkisforsjár og pólitísku skömmunarkerfis á þessum árum stendur eftir afhjúpuð sem það sem hún var – godsögn.

Ég gerði mér grein fyrir því að ef hreyfing íslenskra jafnaðarmanna ætti að verða stærri yrði það að leiða til þess að Sjálfstæðisflokkurinn yrði minni. Ég hafði ekkert á móti því að endurheimta fylgi frjálslynds og umbótasinnaðs fólks sem með réttu á að fylgja að málum jafnaðarmannaflokki sem ber nafn með rentu. Einkenni slíks flokks er að hann á að vera óháður sérhagsmunahópum, það er að segja forsvarsmönnum í atvinnurekstri og viðskiptum sem nánast gera út á ríkisvaldið til stuðnings einokun og fákeppni með niðurgreiðslum og styrkjum. Þetta er það sem ég kallaði á þessum dögum „velferðarkerfi fyrirtækjanna“. Frjálslyndir og umbótasinnaðir kjósendur af því tagi eiga því málefnalega samleið með nútímalegum jafnaðarmannaflokki, miklu fremur en flokki sem bundinn er á höndum og fótum við hagsmunavörslu um óbreytt ástand.

### Á atkvæðamarkaðnum

Ég hef oft haft ástæðu til að spyrja sjálfan mig þessarar spurningar: Hvað er pólitikus? Í hugum flestra er það maður sem er kosinn á þing. Hverjir eru kosnir á þing? Þeir eru auðvitað af ýmsu tagi. En ætli flestir þeirra líti ekki á sig sem einhvers konar umsjónarmenn hagsmuna. Oft eru þetta forkólfar úr atvinnulífi viðkomandi héraðs, nátengdir útgerð eða landbúnaði, eða ef því er ekki til að dreifa líta þeir á sig sem nokkurs konar sendisveina fyrir heimabyggð og hérað. Framganga þeirra á Alþingi er oft með þeim hætti að einu má gilda í hvaða stjórnmalaflokki menn eru þegar þeir sameinast um að toga í þennan bryggjusporð, vegarspotta eða brúarstólpa. Og í fæstum tilvikum eyða þeir miklum tíma í að hugsa málin út frá heildarsjónarmiðum. Það dugur hins vegar lítt ef menn eru komnir til forystu og bjóða sig fram til ábyrgðar á landstjórninni.

Þótt *Alþýðublaðið* væri sannarlega ekki óháð og frjálst heldur málgagn flokks og stefnu, þá má segja um mig persónulega að ég var engum háður. Ég þurfti ekki að reka nein tryppi, þurfti ekki að gæta neinna hags-


muna. Og á þingferli mínum hef ég sennilega verið einhver ónýtasti fyrirgreiðslupotari sem setið hefur á þingi. Þegar ég lít til baka held ég að það sé einfaldlega sannleikurinn að ég spurði aldrei: Er þessi pólitík líkleg til að færa mér atkvæði? Sú landbúnaðarpólitík sem birtist í leiðurum *Alþýðublaðsins* var til dæmis ekki líkleg til þess að afla atkvæða í sveitum landsins og sveitirnar eiga marga hauka í horni – líka í þéttbýli.

Þegar við hömrudum á nauðsyn ábyrgðar í ríkisfjármálum, skárum upp herör gegn „sólund og óráðsiu“ eða gegn „velferðarkerfi fyrirtækjanna“, vorum við auðvitað að koma við kaun sérhagsmunahópa. Þegar við boðuðum jöfnun atkvæðisréttar (enn ein grundvallarregla lýðræðis er: einn maður, eitt atkvæði), var auðvelt að snúa því upp í andstöðu við forréttindi landsbyggðarinnar. Meira að segja þegar við töluðum um nauðsyn uppstokkunar á sjálfvirkum útgjöldum velferðarkerfisins vorum við að koma við kaun einhverra. Svona pólitík verður aldrei óumdeild, vegna þess að hún snýst um að gæta almannahagsmuna. Almennigur er gjarnan þögull, og jafnvel ekki meðvitaður um hagsmuni sína og sér ekki hvernig skattpeningurinn er misnotaður í þágu sérhagsmuna. Sérhagsmunahóparnir kunna hins vegar að reikna það upp á punkt og prik og snúast til varnar. Þetta var þess vegna áttakapólitík en ekki endilega vonlaus pólitík. Það þurfti mikla atorku og öflugan málflutning til að koma þessu til skila þannig að árangur næðist.

### Hvað ber að gera?


Þegar litið er yfir þessa þrjá árganga af *Alþýðublaðinu* sem ég ritstýrði sýnist mér rauði þráðurinn í leiðurunum vera þessi:

Við vorum í krossferð gegn sjálfvirkni verðbólgukerfisins. Við vildum afnema sjálfvirkar vísitölur sem leiddu óhjákvæmilega til víxlhækkana verðlags og kaupgjalds og skiluðu fólki launum í svikinni mynt. Við vorum reidubúnir að beita harkalegum aðgerðum til að ná tökum á verðbólgunni, til að skapa skilyrði fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Partur af því var málflutningur okkar fyrir nauðsyn þess að verðtryggja fjárskuldbindingar. Menn áttu að borga til baka lán sem þeir fengu í óverðsvikum krónum. Sá sem fékk lánaða heila flösku átti ekki að skila pela til baka. Það var nauðsynlegt til þess að draga úr botnlausri eftirspurn eftir lánsfé og til þess að tryggja að lánsfé væri nýtt í arðbærar framkvæmdir. Verkalýðshreyfingin hafði samið um lífeyrissjóði. En þeir voru að brenna upp fyrir augunum á okkur og við máttum ekki til þess hugsa. Verðtrygging fjárskuldbindinga hefur bjargað lífeyrissjóðunum og þar af leiðandi afkomuvonum eldri kyn-



*Við til vegar og einblínt á framtíðina með nútímalega jafnaðarstefnu í farteskinu.*

# Alþýðu- blaðið



## Orðsending frá ritstjóra

Um leið og ég tek við starfi sem stjórnáritstjóri Alþýðublaðsins geri ég mér fullkomlega ljóst, að fáum mun þykja hlutskiptið ófundsvert. Hagur flestra dagblaðanna mun vera venju fremur bágborin þessi misserin. Aftandendur þeirra, sem oftar en ekki eru stjórnmálaflokkar, ættu því að

gera sér ljósar en ella, hvíllik mannaun það er að reka atvinnustarfsemi, af hvaða tagi sem er, í svo verðbólgujúku samfélagi. Sum blaðanna fleyta sér áfram á skuldasófnunum — og taka sér ríkissjóð þannig til fyrirmyndar. Það mun Alþýðublaðið ekki gera. Við munum sniða

okkur stakk eftir við ætlumst til að Blaðið mun því að að lesendahópur þ Alþýðublaðs er þó Gengi þess á að v hönd við gengi þá unnar með þjóðinni. Blað getur haft áh þenjli ekki sláður og margar sláður. Það v viðleitni. Að öðru reynslan skera úr u til tekst.

Það varð að ráði að ég settist í ritstjórnastól Alþýðublaðsins haustið 1979 en þann stól höfðu faðir minn og föðurbróðir áður vermt.



Það er ekkert launungarmál að leiðarar Alþýðublaðsins voru gerðir út á lestur í Ríkisútrýpinu til að ná stærri áheyrindahópi. Afdráttarlausar skoðanir sem þar voru settar fram kölluðu oft á andsvör annarra.



Friðfinnur Ólafsson móðurbróðir minn skrifaði pistla í Alþýðublaðið undir dulnefninu Þormóður. Það var óþættur skafi að aldrei voru festar á blað óteljandi mannlífsmyndir hans og dæmisögur.



Við Vilmundur vorum samherjar í flestum málum þrátt fyrir ólíkan stíl. Alþýðublaðsdeilan 1981 átti hins vegar drýgstan þátt í að vik varð milli vina.

# Hver er staða Alþýðuflokksins eftir Alþýðublaðsdeiluna?

Hvað segja menn um ágreininginn varðandi túlkun samkomulagsins?

## Þakkir til Vilmundar

Alþýðublaðið vill flytja sínum umdeilda og skörulega summarstjóra þakkir fyrir vel unnin störf í þágu Alþýðublaðsins undanfarnar vikur. Þetta var í 6. sinn sem Vilmundur leysir ritstjórnarmenn Alþýðublaðsins af höndum yfir sumartímann. Hann hefur aldrei þegið laun fyrir. Mættu fleiri þingmenn Alþýðuflokksins taka hann sér til fyrirmyndar. Þótt snarba hafi hlampið á þráðinn, viljum við mega treysta því, að samstarfi Vilmundar og Alþýðublaðsins sé ekki lokið. Komdu fljótt aftur. — þinn JBH.

Flokksstjórnarfundur í Kristalsal:

## Blaðið sem vakti þjóðarathygli þegar það hætti að koma út

EFTIRMÁLI VIÐ SAMKOMULAGIÐ VIÐ LAUSN ALÞÝÐUBLAÐSDEILUNNAR

## „Við höfum staðið við samkomulagið upp á punkt og prik“

— segir Jón Baldvin Hannibalsson

„Hefur þú hafnað áframhaldandi samstarfi við Vilmund Gyflason á ritstjórn Alþýðublaðsins?“ — spurðum við ritstjóra Alþýðublaðsins, Jón Baldvin Hannibalsson. Því fer

haldandi samstarfi Vilmundar og ritstjórnar. Skv. samkomulaginu sem flokksstjóra staðfesti s.l. miðvikudagskvöld, er himn vegar áreiðla, að ég senn beri alla á-

gerst okkur relluð. Málhó er ákaflega bláhamma við mætur að veri stjóri, ekki hvað sagt. Örnjóni

fundarinn var að freista þess að setja á vör með þeir and- engu elegu þjálf- þáðin- ligan hlöðri

## „Sögulegar sættir“

## Stríð og friður

J.B.H. vita, að allt frá páskum

## Allt í rjúkandi rúst

hefur hann haft það fyrir tóms- húsib er að mostu byggt fyrir oddsen för ferðina, sem að



*Hugsjónamaðurinn Hannibal: Eins og nafna hans Púnverjakkappa í mannskynssögunni lét honum betur að sigra í orrustum en að vinna friðinn.*



*Finnbogi Rútur, föðurbróðir minn, hafði á vissu tímabili mikil áhrif á pólitíska hugsun mína og athafnir.*

*Lúðvík Jósepsson var höfundur hinnar svonefndu „grútarbræðsluhagfræði.“ Læriseinar hans komu verðbólgunni upp í 130% með meðulum þeirra hagvísinda.*



*„Við höfum upplifað á langri leið, að það eru margir sem svíkja, Jón minn,“ sagði Einar Olgeirsson og átti við þá sem misstu móðinn eftir innrásina í Ungverjaland.*



*Gylfi P. Gíslason var tímamótamaður í íslenskum stjórnmálum og vel heima í efnahagsumræðu á alþjóðavettvangi.*



*Halldór Kiljan Laxness, höfundur Íslands og áhrifavaldur í lífi tveggja kynslóða. Ég var á unglingsárum ástfanginn af Sölku Völku en fyrirgaf höfundu hennar ekki að hafa logið „Gerska ævintýrinu“ að þjóðinni.*



Tveir úr „órólegu deildinni“, Sighvatur og Vilmundur.



Samherji að vestan. Á verkalýðsskrifstofunni í Bolungarvík hafði Karvel Pálmason hangandi uppi á vegg myndir af átrúnaðargöðunum sínum tveimur: John F. Kennedy og Hannibal Valdimarssyni.



Ólafur Ragnar hefur aldrei verið marxisti, ekki einu sinni sósíalísti heldur væntanlega einhvers konar sambland af Ísafjarðarkrata og breskum krata. Mér er það enn í dag hulin ráðgáta hvað það var sem rak hann af fjalli inn í rétt Alþýðubandalagsins.



Minn gamli bekkjarbróðir og vinur, Ragnar Arnalds, taldi Alþýðubandalagsins bíða það sögulega hlutverk að taka við af Alþýðuflokknum. Innst inni finnst mér að Ragnar hafi verið og sé raunar enn þjóðernissinnaður íhaldsmaður.



Steingrímur Hermannsson tók upp eftir föður sínum að „allt væri betra en íhaldið“, en íhaldið færði honum samt forsætisráðherrastólinn á silfurfati.



Ráðherrar Alþýðuflokksins 1978–1979: Kjartan Jóhannsson, Benedikt Gröndal og Magnús H. Magnússon. Þegar kom að stjórn efnahagsmála sýndist ríkisstjórnin ekki vita sitt rjúkandi ráð. Samstaða um úrræði var nánast engin. Ríkisstjórnarsamstarfið var mestan part rifrildi og upphlaup.

eir þegar ráðstafana vildu allir þið hafa. Það þykjast eðs, ævinnir verða legar guði

órn hefur á i fjórum a. Tilhuga. Veruleiki n við. Hér d af verk- á nú ljóst þherrum, sem al-

veturinn enn. Hver er hlutur Alþýðuflokksins í þessu stjórnarsamstarfi?

væri peninga- og lánapólitik ríkis- og bankakerfis ekki helzti verðbólguvaldurinn, heldur

fjárfe- skulda, un hjá ingu er moð. Öll árangri verid m aftur ne Og hv um lofa um i la rekendi greiddu ekkert ingum lendum tregðast Híð kor vel grúf

Sunnudagsleiðari:


**ALÞÝÐUFLOKKURINN OG STJÓRNARSAMSTARFIÐ**

Aður en ráðherrar flokksins settust í stólana var Alþýðu- sterkasta vopnið í baráttunni við verðbólguna. Þá væri enn

Í ritstjórnargrein 15. september segi ég fullum fetum: „Um leið og það er þrautreynt að Alþýðuflokkurinn kemur stefnu sinni ekki fram í núverandi stjórnarsamstarfi ber að hætta því.“ Hálfum mánuði síðar sleit þingflokkur Alþýðuflokksins stjórnarsamstarfinu.



Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins 1979–1980.



Bryndís, Hannibal, Björgvin, ég og Hördur Felixson á fundi á Hótel Borg á vegum Lífs og lands þar sem ég flutti erindi um jafnaðarstefnuna.

## svo mæli Svathöfði

# NÝR FORINGI AÐ MÓTAST

I annars rölegu og kyrrláta andrúmsliði stjórnmalanna nú eftir kosningarnar, þar sem stjórnarmyndunarviðræður setla eins og leki úr krana, hefur dýlab á nokkrum veðrabrigðum, sem verða væntanlega upphaf að langri sögu. Kynslóðskiptin eru að heppnast, þótt margir líggi vandr og meðir eftir hardgöngu. Framsóknarflokkurinn er kominn með nýja forystumenn, Steingrím, Tómas, Guðmund G. og Isgrar Gíslason. Alþýðubandalagið er með þá Ólaf Hagarar Grímsson, Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson. Sjálfstæðisflokkurinn er með Geir Halgrímsson, Ólaf G. Einarsson og Birgir Íseleif Gunnarsson. Alþýðuflokkurinn er með Kjartan Jóhannsson, Sigvat Björgvinsson, Vilhjálm Gyllason og Jón Baldvin Hannibalsson. Fyrir úr árum hefi

lenskum stjórnmalum, en einmitt á þeim tíma voru uppi smærður um, að illa gengi að koma á samþynglegum kynslóðskiptum í politíkinn. Í rauninni er aðeins einn þeirra manna, sem hér hafa verið taldir upp, nokkur dróttinn. Hann hefur lifvar verið í framboði til þings í líklegum sætum, en fallið í hæði skiptin. Hins vegar hafa stjórnmalafskipti hans upp á síðkastið sannan svo ekki verður um vilið, að hér er á forðinni forsetisambur, sem með tímanum mun hafa mikil og vaxandi áhrif á stjórnmalum, taktið flokki hans Alþýðuflokksins, að halda umtalaverðum þingstyrk. Þessi maður er Jón Baldvin Hannibalsson.



það er almannarómur að hann komi einstaklega vel fyrir á opinberum vettvangi og hafi yfir sér blá þrösk og gáfn, sem eru samþynglegar systur hverj- um stjórnmalanna. Upp á síð-

mann. Og með stefnufesti sinni hefur hann í nokkru mæli orðið þynnd Alþýðuflokksins. Það er heppileg mynd fyrir flokkinn. Einn og flestum mun kunnugi

honum skammt, væri hann ekki sjálfur nógu vel af guði gerður til þeirra verka, sem forsjóinn virðist hafa ætlað honum. Andrúmsliðið í Alþýðuflokksinum var svolltútt myglab, þungab til Vilhjálmur tók sig til egnaróðs glögga með ærslum og bestugum fyrirgangi. Eftir að flokkurinn fór að njóta tilstyrks Jóns Baldvins við málgaðnið, skapabli skilleg festa um grundvallaræðin, og flokkurinn hélt hraðbryri og með nokkrum varanleikavipum í samföðna. Það er sá varanleikavipur, sem að hefur gefið flokknum þekki til að standa á rétti sínum í viðræðum um vinstri stjórna. Hins gandi foringi Alþýðuflokksins, og sá sem aflaði honum meistar sögulegar virðingar, Jón Baldvinsson, var frá Strandstjóm þar sem telja má víst, að áttarfygja Jóns Baldvins Hannibalssonar frá Strandstjóm, um móðurina, eigi eftir að gera honum gefnum sem dögur, verður þessi hér við þjálf eflant mikilmei- linn í sögu flokksins. Þetta er svo senn engin stórþing. En ef senn þá, eða áttar þá, eiga eftir að valda því að úrgar komi ekki til háskoti í íslenskum

Eftir alþingiskosningarnar haustið 1979 skrifaði Svathöfði: „... með stefnufestu sinni hefur [Jón Baldvin] í auknum mæli orðið ímynd Alþýðuflokksins. ... Jón hefur erft vasklega framgöngu frá föður sínum, en styrk kímunnar frá móður sinni. ... En þær erfðir dygðu honum skammt, væri hann ekki sjálfur nógu vel af guði gerður til þeirra verka, sem forsjóinn virðist hafa ætlað honum.“



*Nýkjörinn formaður Alþýðuflokksins 1984 með kratahnefann á lofti. Ég kvaðst vera sannfæringar-  
pólitikus og sóknarmaður og gerði að markmiði mínu að mynda stjórn málaafli vinstra megin við  
miðju með 20–30% fylgi.*

slóðarinnar þegar hún hverfur af vinnumarkaði og ætlar að njóta elliáranna.

Á svo til hverjum degi gagnrýndum við ónýta ríkisfjármálastjórn. Við kröfðumst gerbreyttra vinnubragða, nefnilega að fyrst skyldi kveðið á um þær tekjur sem í hlut ríkisins kæmu og því næst yrði útgjöldum forgangsraðað í stað þess að lenskan í ríkisstjórn og á Alþingi var að hrúga upp óskalistum um útgjöld og líta svo á tekjuhliðina til þess að svara spurningunni hvernig ætti að „fylla upp í gatið“. Ríkissjóður var rekinn sem eins konar afgangsstærð og úthlutunarsjóður fyrir framkvæmdaglaða pólitíkusa á atkvæðaveiðum. Með þessu móti var engin leið að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki til þess að draga úr verðbólgu og koma á jafnvægi og stöðugleika. Þetta átti ég eftir að finna enn betur sem fjármálaráðherra á árunum 1987–1988. Við fórum hamförum gegn „velferðarkerfi fyrirtækjanna“. Við gagnrýndum gjaldþrota landbúnaðarkerfi harðlega og kröfðumst úrbóta. Við vildum afnema útflutningsbætur og draga úr niðurgreiðslum og styrkjum og gefa dugandi bændum kost á að spreyta sig af eigin rammleik á markaðnum. Við höfðum litla samúð með kotbýlastefnu „framsóknarmanna allra flokka“, sem að lokum hefur hneppt íslenska bændur í stöðnun kvótakerfis. Við kröfðumst afnáms á einokun í útflutningi. Við flettum ofan af óhagkvæmni innflutningskerfisins sem þýddi það að íslenskir neytendur bjuggu við miklu hærra verðlag á lífsnauðsynjum en nauðsyn bar til. Við vildum koma á jafnvægi í efnahagslífinu sem gerði kleift að vel rekin fyrirtæki gætu skilað arði í stað þess að þeim væri fleytt áfram með millifærslum og styrkjum þegar hengingaról vísitölutímabilsins herti að hálsi stjórnmalamannanna. Við vorum eindregið fylgjandi nýtingu vannýtttra auðlinda. Við vildum virkjanir. Við vildum stóriðju. Við óttuðumst atvinnuleysi og við vissum að draga yrði úr vægi sjávarútvegsins í útflutningstekjum þjóðarinnar. Við ræddum mikið um stjórnkerfið sjálft. Við veltum fyrir okkur hugmyndum sem Vilmundur setti á oddinn þegar hann klauf sig frá Alþýðuflokknum og stofnaði Bandalag jafnaðarmanna, um að hverfa frá þingræðisreglunni og taka upp beint kjör forsætisráðherra til að greina á milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Við vorum hins vegar ósammála útfærslu Vilmundar á þessum tillögum. Við vörpuðum kastljósi á verkalyðshreyfinguna og úrelt skipulag hennar og ólýðræðisleg vinnubrögð. Við ræddum nauðsyn þess að hún yrði endurskipulögð í atvinnuvegasamböndum, sem gerði kleift að hver vinnustaður gæti orðið samningseining um sín sérmál innan fyrirtækisins.

Þetta eru nokkur dæmi tekin af handahófi. Hvert og eitt þessara mála var róttækt umbótamál og stefnuskráin í heild sinni var krafa um uppstokkun og kerfisbreytingu. Krafa um það að færa íslenskt þjóðfélag í átt

til nútímalegra stjórnunarháttanna eins og þeir höfðu þróast í nágrennalöndum okkar og um að beintengja efnahagslífið við stærri markaði helstu viðskiptalanda.

Viðreisnarstjórnin byrjaði nauðsynlegar kerfisumbætur á íslensku þjóðfélagi en hafði hvergi nærri lokið verkinu. Það sem við tók var framsóknaráratugurinn, tímabil hinna glötudu tækifæra, sem einkenndist af lélegri hagstjórn og vaxandi verðbólgu. Framsóknarflokkurinn var því sem næst allan tímann við stjórnvölinn. Það var Sjálfstæðisflokkurinn einnig 1974–1978, án þess að þjóðin yrði vör raunverulegra umskipta. Og sjálfstæðismenn geta ekki þvegið hendur sínar af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Sjálfstæðismaður veitti henni forstöðu og sjálfstæðismenn vorðu hana falli á Alþingi.

Alþýðubandalagið hafði verið í stjórn 1971–1974 og aftur 1978–1979 og síðan með endemum í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens 1980–1983 þegar verðbólgan fór endanlega úr böndunum og hið sjálfvirka víxlhækka- og verðbólgukerfi komst í þrot. Það var fyrst og fremst í stjórnarandstöðu við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og burðarásana í þeirri stjórn, það er að segja Framsókn Steingrims Hermannssonar og Alþýðubandalag Svavars Gestssonar, sem ég boðaði nauðsyn kerfisbreytingar bæði í ræðu og riti.

### Dæmisaga frá Þingvöllum

Seta Gunnars Thoroddsens í forsætisráðuneytinu í febrúar 1980 – þar sem hann sómdi sér vel – var keypt því verði að framlengja verðbólguáratug Framsóknar og Alþýðubandalags, tvíburaflokkanna eins og ég kallaði þá.

*Alþýðublaðið* undir minni ritstjórn var í harðri stjórnarandstöðu. Vart leið svo dagur að ég hefði ráðherra Alþýðubandalagsins ekki að háði og spotti og hækki tvískunningshátt og ábyrgðarleysi Framsóknar í kaupbæti. Hins vegar hafði ég tilhneigingu til að fara mildum höndum um doktor Thoroddsen því ég gat tæplega leynt því að persónulega hafði ég miklar mætur á mannum. Þó kom fyrir að ég stóðst ekki freistinguna og Ayatollah Thoroddsen, eins og ég kallaði hann í gamni, fékk sinn skammt.

Ríkisstjórnin var tæplega sest í ráðherrastólana þegar framundan blasti við ný verðbólguholskefla samkvæmt lögmálum sjálfvirkar visitölu, 1. mars 1980. Ef henni átti að afstýra þurfti ríkisstjórnin að fremja einhvern hókus þokus til þess að sópa vandanum undir teppi. Fjölmiðlar sögðu frá því undir stórum fyrirsögnum að landsfadirinn hygðist nú leggja undir feld yfir langa helgi og hugsa djúp ráð til að forða stjórnarskútunni frá strandi.

Ég man að það var heldur hráslagalegt um að litast í Reykjavík þessa helgi seint í febrúarmánuði. Bryndís fullyrti hins vegar að veðurstofan spáði sól og dýrd á Þingvöllum og dreif fjölskylduna með sér upp í bíl og í gönguferð á Þingvöllum. Þegar þangað var komið varð bið á því að hin bjartsýna veðurspá Bryndísar og veðurstofunnar rættist, því snjókoma var með köflum og hálfgerð hretviðri. Fjölskyldan varð því fegin þegar kirkjuklukkan hinnar gömlu Þingvallakirkju hringdu til messuhalds. Við ákváðum að leita skjóls í kirkjunni.

Þegar inn var komið reyndist söfnuðurinn í fámennara lagi. Á fremsta bekk sátu forsætisráðherraþjónin og einn eða tveir veðurbarðir menn aftar á kirkjubekkjum sem höfðu sennilega komið sömu erindagjörða og við, að leita skjóls undan nepjunni. Bryndís settist þegar í stað með barnahópin á næsta bekk fyrir aftan Gunnar og Völu og ég smeygði mér þar við hliðina svo lítið bar á.

Þingvallaklerkur var náfrændi Bryndísar, séra Eiríkur Eiríksson, sem við Vestfirðingar kenndum alltaf við Núpsskóla en var nú þjóðgarðsvörður og erkiklerkur. Hófst nú messugjörð. Eiríkur flutti makalausá ræðu. Hún var um samanburð á þjóðum Ísraels og Íslands út frá hugmyndinni um þjóð bókarinnar og þjóð bókanna, út frá sögunum um útlegðina og godsögninni um hina Guðs útvöldu þjóð. Ræðan var samansett af listfengi og lærdómi og ég gleymdi mér við að hlusta á hana. Það eina sem truflaði var að hitinn af söfnuðinum olli því að móða settist á gluggana og börnin virtust ekki festa hugann við hina gáfulegu predikun séra Eiríks, heldur beindu athyglinni að því að telja dauðar flugur í gluggakistunum. Eiríkur var afskaplega nærsýnn, hafði þykk gleraugu, og áreynslan við að lesa boðskapinn var slík að þegar hann grúfði andlitið ofan í textann drupu svitadroparnir ofan á handritið. Kolfinna var farin að telja hálfupphátt: „Einn, tveir – einn, tveir.“

Þegar messugjörð var lokið bauð prestur söfnuðinum til stofu í þjóðgarðsprestsgaflaðinu við hliðina á forsætisráðherrabústaðnum. Það urðu fagnaðarfundir með Bryndísi og frænda hennar, séra Eiríki. Auk þess fór afskaplega vel á með Bryndísi og frú Völu, sem voru í hrókasamræðum, en forsætisráðherrann og ritstjórinn sátu á skjön fremur hljóðir og töludust lítt við. Þó man ég að Eiríkur fór með okkur báða á bókasafn sitt. Kona hans hafði sagt: „Við eigum nú eiginlega ekki neitt nema börn og bækur.“ En það var heldur ekki nein smáeign, þúsundir úrvalsbóka upp um alla veggi og margir eigulegir gripir.

Bryndís og Vala voru orðnar svo miklar vinkonur þegar þessu kaffiboði lauk að Vala bauð henni og allri fjölskyldunni yfir í forsætisráðherrabústaðinn til að þiggja hressingu, auk þess sem hún sýndi húsið hátt og lágt. Ég

fylgdi auðvitað með í kaupbæti en doktor Gunnar dró sig kurteislega í hlé uppi á lofti. Vala lét það ekki á sig fá, vildi gefa okkur kost á að kveðja landsföðurinn. Hún þrammaði upp með alla halarófuna, Bryndísi, börnin og mig, og bankaði upp á þar sem forsætisráðherra sat.

Doktor Thoroddsen sat við borð þar sem var blaðastafla vikunnar. Hann var að klippa greinar út úr blöðunum og hafði merkt við með rauðu þar sem vikið var að honum. Þegar ég kom í dyrnar var hann einmitt að klippa út helgarleiðara *Alþýðublaðsins* undir fyrirsögninni: „Dekurbarn á spari-brók“, þar sem gert var stólpagrín að þeirri hugmynd að forsætisráðherrann lægi nú undir felldi eins og Þorgeir ljósvetningagoði að hugsa hin djúpu ráð. Gunnar lét skyndilega komu mína ekkert á sig fá, lyfti upp úrklippunni og leifunum af *Alþýðublaðinu*, sem hann hafði hent í ruslakörfuna, vitnaði í Stephan G. og sagði:

*List er það líka og vinna  
lítið að tæta upp í minna  
sifellt í þynnra að þynna  
þynnkuna allra hinna.*

Síðan kvöddumst við með virktum.

### Tilfinningastormur í (bleksvörtum) kaffibolla

Vilmundur Gylfason var sá af þingmönnum Alþýðuflokksins, sem helst lagði *Alþýðublaðinu* lið. Hann skrifaði reglulega í blaðið. Þegar ég tók mér sumarfrí á þessum árum, sem ég gerði nokkrar vikur á hverju sumri, gerðist hann afleysingarstjóri. Þannig stóðu mál sumarið 1981. Bryndís hafði þá tekið upp þann sið að fara til Ítalíu sem fararstjóri á vegum Ingólfs í Útsýn og tók jafnan þrjú yngri börnin með. Ég leyfði mér þann munad að heimsækja fjölskylduna í nokkrar vikur til þessa eftirlætislands konu minnar. Mér hafði ekki dvalist þar lengi í þetta skiptið þegar ég fékk upphringingu frá Kjartani Jóhannssyni, formanni Alþýðuflokksins, þar sem hann bað mig í guðanna bænum að koma heim, því að „það væri allt orðið vitlaust á *Alþýðublaðinu*“.

Vilmundur hafði ætlað að gefa út blað sem hann sjálfur kallaði „Fífla-blaðið“ og var með tilbúnum viðtölum, meðal annars við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra um hagfótinn. Þetta átti að vera satíra um allt það sem var gelt og staðnað í íslenskrum efnahagsumræðu. Og mátti eftir atvikum teljast fyndið.

Nánasti samstarfsmaður Vilmundar, Bjarni P. Magnússon, þáverandi formaður framkvæmdastjórnar Alþýðuflokksins og formaður blaðstjórnar, stöðvaði þessa útgáfu í skjóli myrkurs. Ég átti engan hlut að því máli og vissi ekki einu sinni af því. Heimkominn, eftir að ég hafði sett mig inn í málið, tók ég afdráttarlausa afstöðu með Vilmundi og ritstjórninni um það grundvallarsjónarmið að ritstjórnin réði efni og útgáfu blaðs. Blaðstjórn gæti hins vegar rekið ritstjóra og blaðamenn, ef hún svo kysi.

Ég beitti mér fyrir því að flokksstjórn samþykkti traustsyfirlýsingu á ritstjórnarstefnu blaðsins, sérstaklega að því er varðaði gagnrýni á úrelt skipulag verkalyðshreyfingarinnar, skort á lýðræði innan hennar og kröfuna um vinnustaðasamninga sem við Vilmundur höfðum báðir lagt áherslu á í skrifum okkar í blaðinu. Ég hafði fyrstur manna mótað þá stefnu hálfum öðrum áratug fyrr á síðum *Friðslar þjóðar*. *Alþýðublaðið* fylgdi þessari stefnu alla mína ritstjóratið.

Við Vilmundur vorum samherjar í þessum málum, eins og reyndar flestum öðrum, þrátt fyrir gerólíka framgöngu og stíl. Þessi traustsyfirlýsing var lykillinn að lausn málsins, sem við Vilmundur báðir og ritstjórnin samþykktum. Við boðuðum sameiginlega til fundar á Hótel Sögu 10. ágúst 1981, í þeim yfirlýsta tilgangi að skýra efni deilunnar við flokksforystuna. Að minni beiðni var á það fallist fyrirfram að fundurinn yrði ekki ályktunarfundur. Hann átti að vera til að setja niður deilur en ekki að magna þær. Tillöguflutningur á fundinum kom því aftan að mér sem fundarboðanda. Ég stóð við samkomulagið og andmælti tillöguflutningnum sem var vísað frá, meðal annars að frumkvæði Ágúst Einarssonar sem síðar gekk í raðir Bandalags jafnaðarmanna.

Um þetta furðulega mál hafa verið spunnin margvisleg ósannindi í því skyni að gefa því dýpri pólitíska merkingu en það í raun og veru hafði. Ein tilgátan er sú að gert hafi verið „leynisamkomulag“ um að Vilmundur ritstýrði blaðinu í ótiltekinn tíma að deilunni lokinni og skiptist á við ritstjórnann um leiðaraskrif. Hið rétta er að áður hafði verið samið um að afleysingum Vilmundar lyki 10. ágúst og ég settist þá aftur í ritstjórastól að afloknu sumarleyfi. Aðalatriði málsins er að gert var samkomulag um lausn deilunnar sem var samþykkt á flokksstjórnarfundi 12. ágúst, mótatkvæðalaust, með atkvæði Vilmundar – þar með talin traustsyfirlýsing á formann og forystu flokksins.

Á þessum fundi tók Kjartan Jóhannsson, sem þá var orðinn formaður, af öll tvímæli um hvað fælist í samkomulaginu sem allir aðilar hefðu fallist á. Hann sagði þá „að um enga baksamninga væri að ræða. Samkvæmt lögum flokksins kys flokksstjórn blaðstjórn og ræður ritstjóra. Í þessu sam-

komulagi ítrekaði flokksstjórnin umboð sitt til ritstjóra og blaðstjórnar og áréttaði þá skyldu þeirra að gefa blaðið út. Ritstjóri væri aðeins einn, Jón Baldvin Hannibalsson. Hann væri að öllu leyti ábyrgur fyrir útgáfu *Alþýðublaðsins*, gagnvart útgefanda. Um samstarf þeirra Vilmundar Gylfasonar og ritstjóra blaðsins væri aðeins þetta að segja: Tilhögun þess væri að öllu leyti í höndum ritstjóra og á ábyrgð hans. Ritstjóri *Alþýðublaðsins*, Jón Baldvin, hefði hins vegar lýst því yfir að fullt samkomulag væri um áframhaldandi samstarf ritstjórnarmanna undir hans stjórn að fengnu þessu samkomulagi. Það væri með öðrum orðum algerlega í höndum ritstjóra blaðsins að ákveða hver verkaskipting og starfstilhögun væri á ritstjórn blaðsins. En ábyrgðin væri öll hans.“

Vilmundur var á þessum fundi, samþykkti samkomulagið og andmælti ekki túlkun formannsins á innihaldi þess. Allar aðrar söguskýringar eru búnar til eftir á til þess að hagræða sannleikanum. Þær eru staðleysustafir. Við þetta samkomulag var staðið upp á punkt og prik af minni hálfu. Þar með hefði þessu undarlega máli átt að vera lokið. Reyndin varð hins vegar öll önnur.

### Samsæriskenningar og heilaspuni

Ýmsir hafa fundið hjá sér hvöt til að gera afstöðu mína í þessu máli tortryggilega. Menn hafa spurt hvers vegna ég hafi ekki greitt ályktunartillögu á Sögufundinum atkvæði? Svar: Vegna þess að fundarboðendur, við Vilmundur, höfðum gert um það heidursmannasamkomulag fyrir fundinn að þar skyldi enginn tillöguflutningur hafður uppi. Það var svikið – af stuðningsmönnum Vilmundar. Menn hafa lýst undrun sinni á því hvers vegna ekki vafðist fyrir mér að gefa út *Alþýðublaðið* þremur dögum eftir lok deilunnar, þrátt fyrir að blaðamenn hefðu hætt störfum. Vilmundur og blaðamennirnir tveir, Helgi Már Arthúrssón og Garðar Sverrisson, höfðu þá neitað að mæta til starfa á þeim tíma sem ég tiltók. Þetta þarfnast hins vegar engra skýringa. Ég hafði samið um það löngu áður að ég tæki aftur við mínu starfi að loknu sumarleyfi 10. ágúst, auk þess sem það var staðfest í sáttargjörð flokksstjórnarinnar frá 12. ágúst að mér bæri að gera það. Og ekki skorti efnið, því að af nógu var að taka.

Einhverjir samsæriskenningarhöfundar hafa nefnt það að ég skipaði fjórða sætið á framboðslista Alþýðuflokksins í desemberkosningunum 1979, á eftir Benedikt Gröndal, Vilmundi og Jóhönnu – tveimur árum áður en *Alþýðublaðsdeilan* braust út. Og hver hvatti mig nú helst til þess? Vilmundur Gylfason. Það hefur verið nefnt til sögunnar að Kjartan Jó-

hannsson bauð sig fram til formanns Alþýðuflokksins árið 1980, ári áður en Alþýðublaðsdeilan braust út, gegn Benedikt Gröndal. Vilmundur er sagður hafa átt gott samstarf við Benedikt Gröndal, þrátt fyrir þá staðreynd að Benedikt verður að teljast bera á því höfuðábyrgð sem formaður flokksins að hafa klúðrað kosningasigrinum 1978 með því að álpast með flokkinn inn í vitlausa ríkisstjórn sem við Vilmundur vorum andvígir. Hér er ýjað að því að það hafi verið í mína þágu að styðja Kjartan sem formann. Það er samsæriskenning sem gengur illa upp, að ég hafi keppt að því að styðja til forystu jafnaldra minn, sem þar af leiðandi hlaut að vera líklegur til að sitja lengi á formannsstóli, enda er ekki heil brú í þessu.

Það hefur verið rifjað upp að ég hafi ekki stutt Vilmund í framboði til varaformanns Alþýðuflokksins 1980 og 1982. Það er rétt hvað varðar fyrri skiptið. Ég sagði Vilmundi það hreint út að hann ætti ekki að vera nokkurs manns varaformaður, enda myndi það veikja hann og vængstýfa í málflutningi. Í seinna skiptið studdi ég hann, því ég vildi umfram allt afstýra kloffningi Alþýðuflokksins, þá sem endranær. Þá er því haldið fram að ég hafi komið því svo fyrir „að svo virtist sem Vilmundur hefði brotið samkomulagið“. Hvernig í ósköpunum? Ég stóð með Vilmundi og ritstjórninni í deilunni við flokksforystuna um eina grundvallaratriðið sem um var deilt: Um valdsvið ritstjórnar og blaðstjórnar. Ég beitti mér fyrir og fékk samþykka traustsyfirlýsingu á sameiginlega ritstjórnarstefnu. Vilmundur samþykkti sáttagjörðina og andmælti ekki túlkun formanns á henni. Hvað gat ég meira gert? Svikið sjálfur samkomulagið með því að neita að annast og bera ábyrgð á ritstjórnastarfi sem ég var ráðinn til að gegna og flokksstjórnin hafði áréttað að ég einn bæri ábyrgð á?

Sannleikurinn er sá að þetta er allt saman samsæriskenning og heilaspuni, búið til eftir á, í ljósi þess sem síðar gerðist, nefnilega að Vilmundur sagði skilið við Alþýðuflokkinn mörgum mánuðum síðar og beitti sér fyrir stofnun Bandalags jafnaðarmanna. Það er hins vegar að mínu mati bjarnargreiði við minningu Vilmundar að hnoða saman rógi og órókstuddum dylgjum um þá sem stóðu honum næst í pólitískum sköðunum og reyndust honum best í þessum undarlegu deilum. Þetta er væntanlega gert í þeim tilgangi að stækka Vilmund á kostnað annarra. Ég held hins vegar að Vilmundur þurfi ekkert á því að halda. Eftir stendur að ég stóð við gert samkomulag í einu og öllu.

Áður en Vilmundur sagði endanlega skilið við Alþýðuflokkinn í kjölfar þessarar uppákomu efndi fulltrúaráð Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík til fundar um málið í Iðnó. Við Vilmundur vorum framsögumenn. Í ræðu minni lagði ég á borðið allar staðreyndir málsins, eins og ég hef hér gert

grein fyrir þeim. Vilmundur andmælti ekki einu einasta atriði og staðfesti þar með að rétt væri með farið í einu og öllu.

Það leyndist engum á þessum fundi að Vilmundur var tilfinningalega í uppnámi. Hann var bæði sár og reiður og beindi gremju sinni mjög að forystumönnum flokksins og fyrrverandi samstarfsmönnum. Þar fór hann húsavillt. Hann hefði ekki hvað síst átt að beina reiði sinni að einkavini sínum og nánasta samstarfsmanni, Bjarna P. Magnússyni, formanni blaðstjórnar, sem raunverulega tók ákvörðunina um að stöðva blaðið í skjóli nætur. Það voru að sjálfsgöðu mistök sem ég hef fyrr og síðar harðlega gagnrýnt. Hitt er svo annað mál, hvort þessi uppákoma sem var auðvitað tilfinningalega mjög viðkvæm réttlætti það með einhverjum hætti að leiðir okkar Vilmundar skildi í pólitík.

### Ys og þys út af engu

Þegar kom fram á haustið 1982 og flokkarnir voru að undirbúa framboð sín gaf ég kost á mér í prófkjör til þess að leiða lista Alþýðuflokksins í Reykjavík. Þá var ljóst orðið að Vilmundur myndi safna liði og bjóða fram sérstakan lista, sem hann gerði undir heitinu Bandalag jafnaðarmanna. Á fundi á Hótel Borg, þar sem ég gerði grein fyrir meginmálum okkar alþýðuflokksmanna, var ég spurður hvort ég byggist við að Alþýðublaðsdeilan myndi leiða til klofnings. Ég svaraði með vísan til sögu Alþýðuflokksins, að hann hefði klofnað oft í sögu sinni, en bætti svo við: „En Alþýðuflokkurinn hefur aldrei fyrr klofnað út af engu.“ Þegar við fórum yfir þau málefni sem ég sjálfur reifaði á þessum fundi mátti öllum ljóst vera að það var enginn málefnaágreiningur milli mín og Vilmundar: Milli þeirra meginarmíða sem Alþýðuflokkurinn var fulltrúi fyrir og þeirra sjónarmiða sem Vilmundur vildi setja á oddinn í nafni nýrrar hreyfingar. Við aðhylltumst báðir nútímalega jafnaðarstefnu; við vorum sammála í grundvallaratriðum um hagstjórn og efnahagsmál; við vildum báðir vinna að því að heilbrigt atvinnulíf fengi þrífist í landinu; við vorum báðir harðir andstæðingar helmingaskipta- og fyrirgreiðslukerfis tvíburaflokkanna; við vorum sammála um stjórnkerfisumbætur í frjálsræðisátt. Ég vissi satt að segja ekki til þess að við værum ósammála um neitt. Við Vilmundur vorum bandamenn í kröfunni um endurskipulagningu verkalýðshreyfingarinnar, þótt ýmsir alþýðuflokksmenn í verkalýðshreyfingunni væru ekki sama sinnis. Og við Vilmundur vorum að sjálfsgöðu algerir bandamenn þegar kom að kröfunni um skýran aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds og um það að þingmenn ættu ekki að sitja í stjórnnum stofnana sem úthluta almannafé.

Ég var hins vegar ekki sammála útfærslu Vilmundar á þeim tillögum sem hann setti á oddinn fyrir kosningarnar og gerði að meginmáli Bandalags jafnaðarmanna, um þjóðkjör forsætisráðherra. Ég taldi Vilmund einfaldlega hafa misskilið franska kerfið.

Hversu oft hef ég ekki spurt mig: Hvað stendur eftir af öllum þessum tilfinningaþrungnu deilum, þessu hatramma sundurlyndi og óeirðaeðli svokallaðra vinstri manna gegnum tíðina? Rykfallnar sögubækur um meinta hetjulund og garpskap og ímyndaða stefnufestu (við aukaatriðin): Kreddur og kaos – sviðin jörð. Lítum á *dramatis personae*: Kommúnistaflokkur Íslands – Sovétrúboðið anno 1930: fortíðin í ösku, „öxin og jörðin“ geyma minningu þeirra best. Héðinsklofningurinn anno 1938: og ári síðar lá hetjan í valnum, södd pólitískra lífdaga. Hannibalsklofningurinn 1954–1956: Hannibal lifði að visu af og átti sér mörg pólitísk líf. En hverju fékk hann áorkað um „sameiningu jafnaðarmanna“ sem var draumsýn hans? Og geðshræringar Vilmundar og Jóhönnu urðu aldrei beinlínis að fjöldahreyfingum. Allir þessir garpar enduðu utan vegar, spólandi í sömu hjólförinum, slegnir blindu í öllum geðshræringunum á það sem mikilvægast er: Að einblína á aðalatriði, þrátt fyrir minni háttar skoðanaágreining um leiðir, sem er afl hreyfingarinnar til að breyta þjóðfélaginu með því að ná völdum og áhrifum. Vinstri menn tala mikið um félagshyggju en gengur verr að halda boðorðin en að predika þau. Eina félagshyggjan sem blifur er (hluta)félagshyggjan, sem skilar arði í beinhörðum peningum til hluthafa sinna sem hafa pyngjuna í hjartastað. „When will they ever learn?“

Eftir stendur að hafi tveir menn verið skoðanabræður um öll meginmálin sem voru á dagskrá á þessum árum undir lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda, þá vorum við Vilmundur það. Það voru engin mál-efnaleg rök fyrir því að leiðir okkar skildi. Þróun mála síðar staðfesti að sú niðurstaða var rétt. Arftakar Vilmundar í Bandalagi jafnaðarmanna komust sjálfir að þeirri niðurstöðu og sneru aftur til Alþýðuflokksins. Ég gerði allt sem ég gat til að hvetja til þeirrar niðurstöðu. Í aðdraganda flokksþings 1986 skrifaði ég persónulega, sem formaður Alþýðuflokksins, til landsfundar Bandalags jafnaðarmanna vinsamlegt og opinskátt bréf þar sem ég rökstuddi það að við ættum samleið og ekkert réttlætti að við dreifðum kröftunum. Niðurstaðan varð sú að helstu forystumenn Bandalagsins að Vilmundi gengnum, þeir Guðmundur Einarsson og Stefán Benediktsson, mættu til flokksþings Alþýðuflokksins þar sem við innsigliðum okkar samstarf. Þeir fylgdu því eftir með því að fara í framboð á vegum Alþýðuflokksins í næstu kosningum.

Á þessu sama flokksþingi var það táknrænt að við setningarathöfnina

fluttu ávörp tveir gamlir vinir og fóstbræður, Hannibal Valdimarsson og Gylfi Þ. Gíslason, sem höfðu sem ungir þingmenn svarið í fóstbræðralag en síðar orðið sundurorða og farið hvor sína leið. Vera þeirra á flokksþinginu var eins og til þess að á rétta að til þess að jafnaðarstefnan geti haft eðlileg áhrif á þróun þjóðfélags okkar er nauðsynlegt að menn varðveiti samstöðu um meginmál, þrátt fyrir að óhjákvæmilega verði að vera svigrúm fyrir eðlilegan málefnaágreiðing í stórrí og viðfemri hreyfingu.

### Kveðjustund

Tilfinningalega eru vinslit mín og Vilmundar sem af þessu hlutust það sárasta sem hent hefur í samskiptum mínum við samherja í stjórnmálum. Þegar ég skoða hug minn og spyr hvort ég hafi átti einhverja sök á því sem gerðist verð ég að segja að þetta var uppákoma sem ég átti engan hlut að. Hún gerðist þegar ég var fjarverandi og tilraunir mínar til að leysa málin í sátt og samlyndi tókust ekki. Ég kem ekki auga á neitt það sem ég hefði getað gert til að afstýra þessu slysi.

Þetta rifjar upp fyrir mér að einu sinni spurði ég Finnboga Rút, föðurbróður minn: „Hvers vegna í ósköpunum tókst ykkur ekki á árunum 1937–1938 að koma í veg fyrir þetta stórslys sem var fellibylurinn Héðinn og klofningur Alþýðuflokks og verkalyðshreyfingarinnar og stofnun Sósíalistaflokksins?“ Þessi spurning kom í því samhengi að ég hafði skrifað greinaflokk í *Alþýðublaðið* um Héðin undir heitinu „Fellibylurinn Héðinn“, þar sem ég fór rækilega ofan í saumana á atburðarás og ágreiningsefnum og komst að þeirri niðurstöðu að forysta Alþýðusambands og Alþýðuflokks hefði haft rétt fyrir sér í þeim deilum. Skilyrði kommúnista voru óaðgengileg eins og Héðinn fékk sjálfur að kenna á skömmu síðar. Engu að síður er þetta auðvitað spurning um persónuleg samskipti manna og svar Finnboga Rúts líður mér ekki úr minni. Hann sagði: „Veistu það ekki? Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson voru ekki vinir.“

Seinna, þegar þessir atburðir sem Vilmundi tengdust voru að baki og ég var orðinn formaður Alþýðuflokksins, var bankað á dyrnar á Vesturgötu 38 síðla kvölds. Fyrir dyrum úti stóð Valgerður Bjarnadóttir, ekkja Vilmundar, og maður hennar Kristófer, en á þessum tíma var Vala að búa sig undir að hverfa af landi brott til starfa í Brüssel fyrir samtök evrópskra iðnrekenda. Ég gleymi aldrei ummælum hennar þarna á tröppunum. Hún sagði:

„Jæja, Jón minn Baldvin. Ég er að fara af landi brott en áður en ég fer ætla ég að skilja eftir hjá þér pólitísku reytturnar hans Vimma, því að þrátt fyrir allt eru þær ekki betur komnar hjá öðrum en þér.“

Ég hef sjaldan orðið jafnhærður á ævinni. Ég bauð þeim hjónum til stofu og við áttum langt og ítarlegt samtali um allt annað en það sem að baki var og í milli hafði borið. Því samtali lauk ekki fyrr en undir morgun.

Daginn eftir hafði ég boðað til þriggja funda í Suðurlandskjördæmi: Í Hveragerði, á Selfossi og í Þorlákshöfn, á hádegi, síðdegis og um kvöldið. Ég fór gjörsamlega vansvefta til þessara funda en í þá tíð var maður ungur og hraustur og þurfti ekki mikinn svefn. Þetta voru fjölsóttir og líflegir fundir og tókust ágætlega. Bryndís sagði mér síðar að á þriðja fundinum um kvöldið, þar sem hún sat aftarlega í fundarsal, hafi sér orðið órótt því sér hafi fundist eitthvað ekki með felldu. Þegar hún hvessti á mig augun sannfærðist hún um að ég væri steinsofandi í ræðustólnum, sem breytti engu um það að ræðan hafði sinn gang og var í fullu samhengi að hennar sögn.

### Málstaður til að berjast fyrir

Haustið 1982 var ljóst að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var feig. Hún var að leysast upp og réð ekki neitt við neitt. Þetta sama haust var efnt til prófkjörs fyrir alþingiskosningar 1983. Ég bauð mig fram í fyrsta sæti í Reykjavík eins og áður sagði. Til er ræða sem ég hélt á Hótel Borg á opnum fundi með stuðningsmönnum sem heitir „Málstaður til að berjast fyrir“. Þar kemur fram rauði þráðurinn í þeirri pólitík sem ég hafði öðrum fremur mótað á ritstjóraárum mínum í andstöðu við úreilt kerfi og óbreytta pólitík framsóknarmanna þriggja flokka.

Tónninn í stjórnarandstöðu Alþýðuflokksins á þessu tímabili, sér í lagi á þremur árum ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, var harður og óvæginn. Við getum fundið reykin af réttunum með því að rifja upp nokkrar spurningar sem ég beindi til fundargesta á Hótel Borg í nóvember 1982:

„Er nokkuð að í þjóðfélagi þar sem þessi harðduglega þjóð verður, vegna lélegs stjórnarfars, að sætta sig við þriðjungi lakari lífskjör, þrátt fyrir að minnsta kosti þriðjungi lengri vinnudag en grannþjóðir okkar? Er nokkuð að í þjóðfélagi þar sem ríkisstjórn efnir hátiðleg kosningaloforð með þeim hætti að koma verðbólgu upp í 70–80 prósent á ári, þegar hún lofar 7 prósentum? Er nokkuð að í þjóðfélagi þar sem erlendar skuldir okkar nálgast óðfluga helming árlegrar þjóðarframleiðslu og fyrr en varir fer annar hver fiskur, sem íslenskir sjómenn draga á land, til greiðslu afborgana og vaxta til erlendra lánardrottna? Er nokkuð að í þjóðfélagi þar sem ríkisstjórn með þátttöku sjálfskipaðra „verndara verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis“, lætur

sér sæma að rifta kjarasamningum, falsa visitölugrundvöll og skerða verðbætur á laun því sem næst ársfjórðungslega, þvert ofan í gefin fyrirheit? Alþýðubandalagið lofaði ekki bara að setja „samningana í gildi“, þeir sögðust einir allra standa vörð um visitölukerfið sem seinustu brjóstvörn launþega. Þeir hafa nú stjórnað í sextán visitölutímabil. Fjórtán sinnum hafa þeir lát-ið sér sæma að skerða umsamdar visitölubætur á laun. Er hægt að ganga lengra í vanefndum á gefnum lofordum? Þeir hafa verið vegnir og léttvæg-ir fundnir.“

Sérstaklega þótti mér, eins og heyra má af þessum orðum, lítið koma til hagstjórnarvisku Lúðvika Jósefssonar og lærisveina hans í Alþýðubandalag-inu á þessum árum. Það var ljóst að þeir skildu hvorki upp né niður í gang-verki efnahagslífsins. Í staðinn brugðu þeir fyrir sig hástemmdum loford-um og gegndarlausu skrúmi. Bilið milli efdanna, ódaverðbólgu og kjararárþunnar, í ljósi lofordanna hins vegar, var orðið að ginnungagapi. Það var auðfundið á viðbrögðum *Þjóðviljans* að það sveið undan gagnrýninni, því þeir fóru hamförum gegn þessum kotroskna ritstjóra og reyndu fyrst og fremst að stimpla mig sem óalandi og óferjandi hægri mann.

Eftir á að hyggja þarf ekki lengur að spyrja hvor okkar hafði rétt fyrir sér. Alþýðubandalagið var í reynd ónýtt landstjórnarafl. Ferill þess í fyrr-nefndum ríkisstjórnnum var með endemum. Í reynd var gapið milli loforda og efnda orðið slíkt að Alþýðubandalagið var rúið trausti, þannig að það var sammæli flestra forystumanna annarra flokka að það væri ósamstarfs-hæft. Þetta var orðinn þjóðlegur íhaldsflokkur um óbreytt ástand en hélt sér á floti með retórik róttækra frasa sem var sérgrein Svavars Gestssonar.

### Hvar er samherja að finna?

Eftir stóð engu að síður áleitinn spurning, bæði fyrir mig og aðra forystu-menn Alþýðuflokksins: Með hverjum ættum við að starfa í ríkisstjórn? Reynslan af stjórnarþátttöku Alþýðubandalagsins var svo hörmuleg að heita mátti útilokað að koma fram róttækum kerfisúrbótum með aðild þess. Þetta var flokkur með alla fortíð sína óuppgerða og kunni ekki staf-rífið á nútímalega stjórnunarhætti.

Framsóknarflokkurinn virtist í stjórnarþátttöku sinni fyrst og fremst vera milliflokkur sem var reiðubúinn til stjórnarsamstarfs með hverjum sem var, hvenær sem var, um hvað sem var. En þó ekki hvað síst til að gæta hagsmuna SÍS-veldisins í helmingaskiptum við íhaldið og til þess að standa vörð, ásamt með landsbyggðararmi Sjálfstæðisflokksins, um óbreytt landbúnaðarkerfi. Það var ekki björgulegt. Gamli draumurinn

um samstarf jafnaðar- og samvinnumanna, eins og amma mín á Strandseljum hafði brýnt fyrir mér ungum, virtist því vera býsna fjarlægur, enda var mér tamt á tungu á þessum árum að segja að það þyrfti að moka framsóknarflórinn.

Þegar sjónir beindust að Sjálfstæðisflokknum vaknaði strax spurningin: Hvaða Sjálfstæðisflokki?

Þeir álpuðust til að koma sér upp kjörordinu „Einn flokk til ábyrgðar“. En spurningin var: Hvaða flokk? Stjórnarflokk Gunnars Thoroddsens eða stjórnarandstöðuflokkinn? Gunnarsflokkinn, Geirsflokkinn eða Albertsútibúið? Atvinnurekendaflokkinn eða launþegaflokkinn? Landsbyggðarflokkinn eða þéttbýlisflokkinn? Friðrik Sophusson með báknið burt eða Sverri Ögurviking með báknið kjurt? Þorstein Pálsson með markaðshyggjuna eða Matthías Bjarnason með pilsfaldakapítalismann? Hvaða flokk?

Við sögðum: Við viljum ábyrga flokka til valda en þeir þurfa að vera í heilu lagi, ekki í brotum eða brotabrotum. Þrátt fyrir þessa retórik taldi ég að við ættum að stefna að nýrri viðreisn. Það stjórnsamstarf hafði, þrátt fyrir allt, verið það skásta fyrr á lýðveldistímanum og skilað bestum árangri. Að vísu var enginn Bjarni Ben. lengur í forystu Sjálfstæðisflokksins. En það var að koma til skjalanna ný kynslóð, eins og kom á daginn þegar Þorsteinn Pálsson var kjörinn formaður. Og þrátt fyrir allt taldi ég að nýja kynslóðin væri fulltrúi frjálslyndari sjónarmiða og unnt væri að starfa með henni að því að opna þjóðfélagið og markaðsvæða það, auk þess sem samstaða væri fyrirsjáanleg í utanríkis- og varnarmálum, og væntanlega í utanríkisviðskiptamálum.

### Saga Jóns Baldvinssonar

Af þessari frásögn má ráða að lífið hafi verið hörð og miskunnarlaus pólitik frá morgni til kvölds og ekkert annað. Vissulega var það svo en góðar stundir voru þó margar inni á milli.

Ritstjórastafið var ekki bara kröfuhart heldur var ég líka tíður gestur í sjónvarpi sem málsvari Alþýðuflokksins í hinum aðskiljanlegustu málum. Þar að auki var ég á fullu „á rúntinum“, sem gestaræðurmaður hjá Lyons, Rotary, Oddfellow, Junior Chamber og að ég held flestum félögum öðrum en frímúrurum. Fyrir svo utan karlakovöld, þorablót og annað það sem Íslendingar hafa sér til skemmtunar og upplyftingar í skammdeginu. Engu að síður fann ég tíma eitthvert sumarið á *Alþýðubladinu* til að rækta í mér fræðimanninn. Sigurður A. Magnússon hafði verið ráðinn til að rit-

stýra bók á vegum Iðunnar undir heitinu *Þeir settu svip á öldina*. Hugmyndin var að taka saman ritsmíðar um fyrirferðarmestu stjórnámálaleiðtoga aldarinnar og gefa út í einni bók. Sigurður leitaði til mín um að skrifa ritgerð um Jón Baldvinsson frænda minn, fyrsta forseta Alþýðusambandsins og formann Alþýðuflokksins.

Ég var fús til þessa verks. Vandinn var sá að Jón Baldvinsson hafði fallið frá ári áður en ég fæddist. Ég þekkti hann því ekki nema af frásögnum mér eldri manna, sérstaklega Finnboga Rúts. En þegar ég fór að afla gagna um líf hans og starf var fátt um skrifleg gögn. Hvert sem ég leitaði fann ég ekki að Jón Baldvinsson hefði skrifað meira en fimm ritsmíðar á aldarfjórðungsferli sínum sem fyrsti formaður Alþýðuflokksins og forseti Alþýðusambandsins. Það var minna en ég skrifaði á viku hverri. Auðvitað rakti ég þingferil hans, þingræður og þingmál, ekki síst kynnti ég mér rækilega allt um vökulögin sem var fyrsta stórmálið sem Alþýðuflokkurinn kom fram í félagsmálalöggjöf. Til þess að leita rækilega fanga fékk ég inni í finasta bókasafni landsins, sem flestum mönnum er lokað musteri. Þetta er bókasafn Seðlabankans. Þar dvaldi ég löngum í skjóli bókavardarins sem hét Haraldur Hannesson, hið mesta ljúfmenni, hagfræðingur og kaþólikki. Hann tók mér vel og veitti mér aðgang að öllu sem ég vildi eftir leita. Þetta var hið girnilegasta bókasafn, sennilega besta bókasafn landsins um allt sem lýtur að efnahags- og atvinnusögu landsmanna og íburðarmikið eins og sæmir forstandsbanka.

Milli þess sem ég velti fyrir mér lífi og örlögum Jóns Baldvinssonar snuðaði ég mikið í þessu safni, greip víða niður í prentaðar heimildir og reyndar handrit sem þarna voru um atvinnusögu. Til dæmis dagbækur Jóns Ólafssonar bankastjóra, frásagnir af viðskiptasendinefndum og samningum, meðal annars frásögn af viðskiptasamningum við Bretland á seinni stríðsárunum undir forystu Sveins Björnssonar, en þeir skiptu sköpum fyrir hina miklu gjaldeyrisneign Íslendinga í lok stríðsins. Einnig var þarna sennilega besta safn landsins af ferðabókum eftir erlenda menn sem sóttu Ísland heim á umliðnum öldum. Þær voru fróðleg lesning og rifjuðu upp fyrir mér hvaða augum fulltrúar siðmenntaðra þjóðfélaga, sem af ýmsum ástæðum gistu þetta land einkum á 18. og 19. öld, litu landsmenn; að ýmsu leyti svipuðum augum og breskir heimsvaldasinnar sem heimsóttu Afríku fyrir á tíð. Þessir höfundar undruðust hversu örsnaud þessi þjóð var sem bjó í moldarkofum og átti ekki eitt eða neitt sem nokkurs virði gat talist í efnislegum verðmætum. Þjóðin var nánast horfin inn í yfirborð landsins og var sennilega á þeim tíma umkomulausaasta og fátækasta fólk sem fyrirfannst á jarðri.

Þetta var þörf lesning til þess að glöggva skilninginn á því þrekvirki sem vannst á 20. öldinni þegar Íslendingar tóku stóra stökkið frá 13. öld inn í 20. öldina á örfáum árum þegar þeim lærðist sú tækni að setja vélar í árabáta. Það gerðist reyndar á Ísafirði í fyrsta sinn árið 1902. Örfáum árum seinna höfðu landsmenn komið sér upp togaraflota og færðu sér þá í nyt tækni til að skapa verðmætar afurðir sem frjáls aðgangur að erlendum mörkuðum auðveldaði okkur að koma í verð. Þetta var upphafið að íslenska efnahagskraftaverkinu sem tók okkur skemmri tíma að hrinda í verk en hin svokölluðu hagvaxtartígrisdýr Asíu sem mjög eru rómuð fyrir stökkbreytingar til hins betra í efnahagsþróun. Í raun og veru tók það okkur Íslendinga skemmri tíma að taka stóra stökkið frá vonlítilli fortíð inn í bjargálna samtíð, frá vanþróun yfir í tækniþróun, heldur en til dæmis Suður-Kóreu, Taiwan eða jafnvel Singapore, sem eru þau lönd sem náð hafa hvað mestum árangri eftir seinni heimsstyrjöld.

Verkalýðshreyfingin íslenska undir forystu Jóns Baldvinssonar átti ekki lítinn hlut að því að breyta þessu þjóðfélagi til hins betra. Það dýpkaði skilning minn á spurningunni um til hvers lýðræðisleg jafnaðarstefna er og hverju samtök fátæks fólks geta áorkað til að lyfta vonum manna um að unnt sé að lifa mannsæmandi lifi, ef grundvallarsjónarmið um frelsi, jafnrétti og bræðralag fá að njóta sín.

### Gustmikill gestur og ritstjóri *Prövdu*

Einn góðan veðurdag kom Arnór bróðir minn í heimsókn á ritstjórn *Alþýðublaðsins* í Síðumúla 11 með aðstoðarritstjóra *Prövdu* sem var í heimsókn á Íslandi. Arnór var túlkur ritstjórans. Arnór sagði að *Alþýðublaðið* væri svipað að stærð og *Pravda*, í svipuðu broti og átta síður daglega. Ég spurði þá aðstoðarritstjórnann hversu margir starfsmenn væru á *Prövdu*. Þeir reyndust vera 2.800. Ég sagði honum að við værum þrír. Þá spurði ég Arnór, sem lesið hafði bæði blöðin, hvort blaðið væri betur skrifað. Hann svaraði: „Þú þarft nú varla að spyrja að því: *Pravda* er skrifuð af nefnd og rit-skodandi lítur yfir öxlin á þeim meðan þeir skrifa.“

Fyrir utan vort daglega blað vorum við í sambyli við og í samrekstri með nýju og fersku vikublaði sem hét *Helgarpósturinn* undir ritstjórn Árna Þórarinssonar og Björns Vignis Sigurpálssonar. Ég veit ekki betur en að það hafi verið að frumkvæði Vilmundar og Bjarna P. að samstarf tókst um þessa sameiginlegu útgáfu. Alþýðuflokksmenn litu gjarnan svo á að *Helgarpósturinn* væri helgarútgáfa *Alþýðublaðsins*. Þeir Árni og Björn Vignir fitjuðu upp á mörgum nýjungum í efni og efnistöfum sem aðrir hafa síð-

ar reynt að apa eftir þeim. Eitt sinn birtist gestur á ritstjórninni, tilkomu- mikill ásýndum og óvenju skartbúinn. Hann bar svartrauda skikkju á herð- um sér og var í hnéháum leðurstígvélum. Hann leit út eins og sambland af Mick Jagger og Superman. Þarna var kominn Jakob Frimann Magnússon sem þá var búsettur í Los Angeles og var þar að læra tónlist og kvikmynda- gerð. Hann var forystumaður íslenska samfélagsins þar og gaf út blað á þess vegum sem hét *Gustur*. Hinir ungu og poppuðu ritstjórar *Helgarpóstisins* tóku sem sjálfgefið að poppgóðið væri að heimsækja þá. Jakob sagðist hins vegar eiga brýnt erindi við ritstjóra *Alþýðublaðsins*. Hann hvarf síðan inn á mína skrifstofu og lokaði á eftir sér. Hann trúði mér fyrir því að leiðara- skrif mín hefðu borist til Los Angeles og hann hefði það fyrir sið að end- urprenta það besta í *Gusti*. Ég spurði á móti hvort ekki væri sitthvað meira við hæfi lesenda *Gusts* í *Helgarpóstinum*. Hann svaraði því til að menn gætu sjálfir sótt sér þá lesningu en *Alþýðublaðið* væri hins vegar svo fáséð að það flokkaðist undir dýrmæta safngripi.

Þetta var upphafið að kynnum okkar Jakobs sem hefur oft og iðulega reynt mér betri en enginn, ekki hvað sist þegar kom að undirbúningi kosn- inga og skipulagningu mannfunda í tilraunum til að bæta ímynd og kjör- þokka hins umdeilda stjórnámálmanns.

## KAFLI XIV

# Á Alþingi í stjórnarandstöðu

Haustið 1982 urðu enn kaflaskipti í lífi mínu. Benedikt Gröndal, sem skipað hafði efsta sæti á framboðslista Alþýðuflokksins í Reykjavík í desemberkosningunum 1979, ákvað að láta af þingmennsku og þáði boð Ólafs Jóhannessonar um að gerast sendiherra í Stokkhólmi. Grunur minn er sá að Benedikt hafi kvatt landið saddur pólitískra lífdaga. Við upphaf þings 1982 tók ég sæti hans á Alþingi. Framundan var harður pólitískur vetur: Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var í andarslitrunum; það lá í kortunum að Alþýðuflokkurinn myndi efna til prófkjörs þá um haustið og nú var Benedikt horfinn af vettvangi og Vilmundur á förum. Því næst tæki við hörd kosningabarátta fyrir kosningar til Alþingis vorið 1983. Við þessi umskipti flutti ég með mér pólitík *Alþýðublaðsins* í hinum daglega leiðara upp í ræðustól Alþingis.

Kynslóðaskipti voru að fara fram í forystu flokkanna. Í Framsóknarflokknum hafði Ólafur Jóhannesson afhent völdin arftaka sínum, Steingrími Hermannssyni. Lúðvík Jósepsson var á förum og Svavar Gestsson að taka við formennsku í Alþýðubandalaginu. Á flokksþingi Alþýðuflokksins haustið 1980 hafði Kjartan Jóhannsson tilkynnt framboð gegn sitjandi formanni, Benedikt Gröndal. Fremur en að berjast fyrir sæti sínu ákvað Benedikt á seinustu stundu að draga sig í hlé. Þau formannsskipti urðu því friðsamleg, að minnsta kosti á yfirborðinu. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, virtist vængstýfður eftir að hafa farið hálloka fyrir Gunnari Thoroddsen í valdataflinu um forsætisráðherrastólinn eftir desemberkosningarnar 1979. Mörgum virtist það aðeins vera tímaspursmál hversu lengi honum yrði sætt á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins úr þessu.

Svörin við þeim spurningum fengust í kosningunum 1983 og í aðdraganda þeirra. Þá höfnuðu sjálfstæðismenn í Reykjavík foringja sínum í prófkjöri þar sem formaðurinn lenti í sjöunda sæti og féll þar með út af þingi

en Albert Guðmundsson, ábekingur ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, var verðlaunaður fyrir frammistöðina með því að „hulduherinn“ lyfti honum á skjöldum sínum upp í leiðtogasætið í Reykjavík. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins bætti svo gráu ofan á svart með því að hafna formanni sínum sem forsætisráðherraefni og velja í staðinn formann Framsóknarflokksins, Steingrím Hermannsson, manninn sem fyrir kosningarnar 1979 hafði haft það eftir föður sínum „að allt væri betra en íhaldið“. Vilmundur hafði sagt skilið við þingflokk Alþýðuflokksins í nóvember 1982. Auk þess virtist líklegt að Samtök um kvennalista hygðu á þingframboð. Flest benti því til að framboð á þingmannsefnum færi vaxandi þótt óvíst væri hvernig til tækist um eftirspurnina. Veður virtust því válynd framundan og þung undiralda undir sléttu yfirborðinu þegar ritstjóri *Alþýðublaðsins* mætti til þings ásamt félögum sínum í byrjun október 1982.

### Hinn mikli tímaþjófur

Alþingi Íslendinga er hinn mikli tímaþjófur í lífi stjórnámamannsins. Það er sennilega skýringin á því hvers vegna mér leiddist jafnmikið og raun bar vitni á þessum nýja vinnustað sem átti þó eftir að vera umgjörðin um mitt daglega líf næstu sextán árin. Stundum hef ég velt því fyrir mér hvort nokkrum þeirra hundruða Íslendinga, lífs og liðinna, sem þarna hafa gengið um sali eftir að Alþingi var endurreist fyrir miðja 19. öld, hafi leiðst jafnmikið og mér. Kannski eru þeir fleiri, þótt menn reyni að bera sig mannalega. Ekki svo að skilja að þetta hafi átt að koma mér á óvart. Hannibal hafði setið á þingi í tæp 30 ár og Finnbogi Rútur, föðurbróðir minn, eitt-hvað á annan áratug. Að vísu minnst ég þess ekki að hafa nokkru sinni ómakað mig á þingpalla til að fylgjast með Hannibal í ræðustól. Samt fór ekki hjá því að þingtilvera hans síaðist einhvern veginn inn í undirvitundina. Og auðvitað hafði ég fylgst með útvarpsumræðum frá Alþingi, nánast svo langt aftur sem ég gat munað. Þannig mundi ég meira eða minna eftir framgöngu hinna gömlu þingskörungna, eins og til dæmis Ólafs Thors og Bjarna, Einars og Lúðvíks, Hannibals og Gylfa og jafnvel Eysteins, auk margra minni spámanna. En ég minntist þess líka að einhvern tíma hafði Finnbogi Rútur sagt við mig að „það versta sem gæti hent alvöru stjórnámamann væri að lenda inni á þingi“. Ég held hann hafi átt við það sama og ég, þegar ég tala um „tímaþjófinn mikla“.

Það versta við Alþingi Íslendinga er að þar hefur náð að festa sig í sessi löng hefð fyrir verkstjórnar- og agaleysi. Þingsköp Alþingis voru, þegar ég kynntist þeim fyrst, fyrir löngu úrelt og ósamboðin stofnun sem vill taka

sig alvarlega – og láta taka sig alvarlega sem löggjafarstofnun. Ræðutími var því sem næst ótakmarkaður og síbýlja „þingskörunganna“ – málrófsmannanna – ætlaði mann lifandi að drepa. Ræðumaður getur farið út um víðan völl – athugasemdalítið af hálfu forseta sem á þann kost vænstan að reyna að fá sér blund undir langlokunum. Ég þóttist vera ekki lakari ræðumaður eða málflytjandi en nokkur annar þeirra sem fyrir voru. En ég átti eftir að komast að því fullkeyptu. Ræðustóllinn á Alþingi nýtur nefnilega þeirrar sérstöðu að þaðan er ræðumanni ætlað að tala yfir tónum sal; eða í besta falli að flytja mál sitt yfir mönnum sem hafa atvinnu sína af því að vera ósammála. Og hver er þá tilgangur ræðunnar? Að tala fyrir fjölmiðla? En fjölmiðlar hafa engan áhuga á pólitík; þeir hafa áhuga á uppkomum sem þeir geta tengt frétt dagsins. Þess vegna vill það verða þrautalending margra þingreyndra manna að heimta sína daglegu „utandagskrárumræðu“ í von um að geta talað sig inn í fyrirsögn blads eða hljóðbita í útvarps- eða sjónvarpsfréttum. Með þessu móti verður Alþingi eins konar neðanmálsgrein við fjórða valdið, það er að segja tíminn fer aðallega í upphlaup til að reyna að spila á fjölmiðla, sem endar oftast með því að fjölmiðlarnir hafa tekið völdin af þinginu.

Á námsárum mínum í Skotlandi hafði ég íðulega fylgst með umræðum í breska þinginu, bæði neðri málstofunni og lávarðadeildinni. Þar giltu óheyrilega strangar leikreglur og þung viðurlög, ef út af bar. Menn urðu að temja sér hnitmiðaðan ræðustíl, þar sem þeir héldu sig við efnið. Forsætisráðherrann varð að gera sér að góðu að fara í gegnum eldraun fyrirspurnatímans að minnsta kosti einu sinni í viku (áður tvisvar í viku) þar sem hann varð að vera við því búinn að standa eða falla með svörum sínum við fyrirspurnum sem gátu þess vegna komið honum í opna skjöldu. Flokkar í stjórn og stjórnarandstöðu höfðu útnefnda talsmenn í helstu málaflokkum sem komu sjónarmiðum og röksemdum flokka sinna á framfæri þegar þau mál voru á dagskrá. Allur þorri þingmanna hafði það hlutverk eitt í umræðum að segja öðru hverju: „Heyr, heyr“ eða þúa á andstæðinginn. Að öðru leyti var þeim einfaldlega gert að þegja. Ef breska þingið kallar sig „móður þjóðþinganna“, ætti það íslenska að kenna sig við ömmu, þar sem það er nokkrum öldum eldra. En sé það svo, þá er ömmu farið nokkuð að förlast. Þingið er auðvitað eitur í beinum ráðherra og á að vera það vegna málefnalegs aðhalds. Alþingi Íslendinga er hins vegar eitur í beinum ráðherra vegna þess að tilgangur þinghaldsins virðist vera sá helstur að eyðileggja fyrir þeim vinnudaginn með málæði.

## Utan dagskrár

Einhvern tíma kom ég í heimsókn í sænska þingið. Þar var uppi á vegg stór rafræn tafla með áætlun um þinghaldið frá fyrsta til síðasta dags. Áætlunin hafði staðist upp á hár. Ég starði á þetta í forundran og spurði:

„Já, en, hvað með utandagskrárumræður, skipulagt málþóf og stjórnarandstöðuleiki til að setja þinghaldið úr skorðum?“

Starfsmaður þingsins sem varð fyrir svörum vissi ekki hvað ég var að tala um. Hann útskýrði að flest mál sem færu í gegnum þingið væru afgreidd í nefndum og kæmu aldrei á dagskrá í þingsal. Um þau sem koma á dagskrá gilda strangar reglur: Forsætisráðherrann hefur svona margar mínútur, leiðtogi stjórnarandstöðunnar svona margar og talsmenn annarra flokka eitt-hvað færri. Aðrir taka ekki til máls. Hvers vegna ætti þá dagskráin að raskast? „Hvað með kvöld- og næturfundi?“ spurði ég. Það er ekki leyft samkvæmt vinnulöggjöfinni – var svarið. „Er þetta ekki hálfleiðinlegt?“ spurði ég. Jú, starfsmaðurinn gat að visu ekki neitað því og bætti við að þeir væru að velta fyrir sér að taka frá frjálsan tíma, einu sinni í mánuði til reynslu, þar sem gætu farið fram sjálfvakin skoðanaskipti um pólitik. Þetta kom mér svo sem ekki mikið á óvart. Samkvæmt fyrri reynslu minni af Svíum var það alveg eftir þeim að geta skipulagt „þingskörunguna“ út úr þinginu eða að minnsta kosti vængstýft þá undir agavaldi verkfræðinnar.

„Hvað eigum við að gera með alla þessa þingskörunguna,“ spurði Jón Magnússon forsætisráðherra þegar hann var alveg að gefast upp á málæðinu í Jónasi frá Hriflu.

En ætli það sé ekki til einhver millivegur?

Ég held að þessi séríslenska hefð hins óbærilega málæðis hljóti að eiga rætur að rekja til þess tíma þegar þingið kom saman nokkra mánuði á ári annað hvort ár og fulltrúar framkvæmdavaldsins voru umboðsmenn erlends valds. Sjálfstæðisbaráttan var víst í því fólgin að fara í taugarnar á landshöfðingjanum og pótintátum hans og gera þeim lífið leitt. Þessar linnulausu maraþon- og utandagskrárumræður valda því hins vegar að Alþingi má ekki vera að því að afgreiða mál, sem þar af leiðandi hlaðast upp í ógnarlegar stíflur sem síðan óhjákvæmilega breyta með fossaföllum undan þrýstingi seinustu dagana fyrir jól eða þingslit að vori. Þá er fundað flest kvöld og fram á nætur: Stjórnarliðar reyna að keyra mál í gegn en stjórnarandstæðingar, hafi þeir aðstöðu til, reyna að taka mál í gislingu til þess að unnt sé að semja um málamiðlanir eða framgang einhverra mála stjórnarandstöðunnar á seinustu stundu. Þær fáu tilraunir sem gerðar hafa verið

til að breyta þessu og að koma á einhverjum verkstjórnaraga hafa yfirleitt runnið út í sandinn eða þá að stigin hafa verið hænufet í rétta átt. Stjórnarliðar geta þrátt fyrir allt vænst þess að þurfa að sitja á stjórnarandstöðubekkjum og mega þá helst ekki til þess hugsa að hafa misst þau vopn úr hendi sér að geta verið stjórnarliðum til leiðinda.

Tillögur um sjálfsagðar og skynsamlegar breytingar stranda því á einhverju, sem þingið kennir við sjálfstæðisbaráttu sína gagnvart framkvæmdavaldinu. Það er samt á misskilningi byggt. Þingið verður ekki sjálfstæðara sem löggjafarstofnun gagnvart framkvæmdavaldinu með þessum vinnubrögðum. Þvert á móti. Það hefur lítinn tíma aflögu til að sinna raunverulegu löggjafarstarfi fyrir málæðinu. Raunverulegar umbætur væru í því fólgnar að fækka þingmönnum svo sem um helming; gefa þeim kost á nútímalegri skrifstofuþjónustu og þjónustu aðstoðarmanna, ekki aðeins til að létta af þeim endalausum kvabbi heldur til að auðvelda þeim samskipti við kerfið og þar með aðgang að sérfræðivinnu við að undirbúa löggjöf, styðja sjálfstæða tillögugerð og tryggja vandaðri vinnubrögð. Það er hins vegar segin saga að þegar ekki verður lengur umflúið að breyta kosningalögum (eða stjórnarskrá), til dæmis vegna vaxandi ójöfnuðar atkvæðisréttar eftir búsetu, sameinast forystumenn stjórn málaflökka og þingflokka að lokum um það eitt að höggva á hnútinn með fjölgun þingmanna.

### Svona hefur þetta alltaf verið ...

Oft vísa þingmenn til þess að meginþungi starfsins á þingi fari fram utan sjónmáls almennings og fjölmiðla, bak við luktur dyr þingnefnda. Þar fari fram hið eiginlega löggjafarstarf, það er að segja gagnrýnin umfjöllun um þau frumvörp til laga sem berast þinginu á færriböndum frá ráðuneytunum. Þegar ég kom fyrst til þings var starfið í flestum nefndum mjög í skötulíki. Formenn nefnda tilheyra auðvitað stjórnar- og þingmeirihlutunum hverju sinni. Nefndaformenn sitja í þingflokki með ráðherrum sínum og líta gjarnan svo á að þeir séu í biðröð eftir ráðherrastólum þegar „þeirra tími kemur“, eins og heilög Jóhanna orðaði það á sínum tíma (sem er að vísu löngu liðinn). Þeir eru ábyrgir fyrir því gagnvart þingflokki sínum og ráðherra að keyra málin í gegn. Það er nánast undir persónuleika nefndarformanns komið hvort hann býður upp á samstarf við fulltrúa stjórnarandstöðu um raunverulega gagnrýna skoðun á efni frumvarpa, eða hvort hann reynir að hespa málið af með sem minnstri truflun.

Mér er minnisstætt þegar ég sat fundi fjárlaganefndar um nokkurra vikna skeið sem varamaður Sighvats Björgvinssonar og nefndin var undir

formennsku Geirs Gunnarssonar, þingmanns Alþýðubandalagsins úr Reykjaneskjördæmi. Þetta var í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar haustið 1978 og loft allt lævi blandið á stjórnarheimilinu. Fjárlaganefndarmenn sátu alla morgna og kölluðu fyrir sig fulltrúa ríkisstofnana, sveitarstjórna og hagsmunaaðila og hlustuðu á þá fara með óskalista um meiri fjárveitingar í hitt og þetta sem undir þá heyrði. Þingmenn hripuðu niður hjá sér tölurnar. Ef óskalistinn var ættaður úr þeirra kjördæmi settu þeir á innblásnar ræður um hina brýnu nauðsyn sem bar til að verða við ytrustu óskum og hældu bænagjörðarmönnum á hvert reipi. Að lokum var ég orðinn svo leiður á þessu að ég bað nefndarformann og fundarstjóra að gera fundarhlé og ræða vinnubrögð. Ég benti á að miðað við stöðu ríkisfjármála væri engin innistæða til fyrir þessum óskalistum. Ég bað formann að beita sér fyrir því að fjármálaráðherra legði fyrir nefndina forsendur og fjárhæðir tekjuáætlunar næsta árs, áður en áfram yrði hlustað á bróðeringar óskalistamanna. Þá fyrst, þegar niðurstöður tekjuáætlunar lögju fyrir, væri hægt að huga að forgangsröð varðandi óskalista – ef eitthvað væri þá afgangs.

Svar formannsins, Geirs Gunnarssonar, var mér minnisstætt: „Svona hefur þetta alltaf verið og svona verður þetta meðan ég er formaður.“ Þetta varð til þess að ég setti inn í tillögur Alþýðuflokksins við stjórnarmyndunarviðræður síðar kröfuna um gerbreytt vinnubrögð fjármálaráðuneytis og Alþingis við undirbúning fjárlaga, þótt ekki næði sú krafa fram að ganga í það skiptið.

Að fenginni þessari reynslu var ég ekki ginnkeyptur fyrir því að hlaða á mig mörgum nefndastörfum í þinginu. Ég bar fram eina ósk í þingflokki mínum haustið 1982, um að verða fulltrúi þingflokksins í landbúnaðarnefnd. Þeim þótti ég litillátur, félögum mínum. Ég þóttist hins vegar vita fyrirfram að í þeirri nefnd væri hvað verst farið með almannafé, af öllum nefndum þingsins. Formaður landbúnaðarnefndar var þá Stefán Valgeirsson, þingmaður Framsóknarflokksins úr Norðurlandskjördæmi eystra. Aðrir nefndarmenn voru allir með tölu handgengnir landbúnaðarkerfinu, það er að segja þingmenn sem jafnframt voru bændur og framsóknarmenn úr Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki (og sjálfsagt hefur verið þarna einhver þingmaður Alþýðubandalagsins af sama saudahúsi). Það fór ekkert á milli mála að litið var á nærveru mína á þessum nefndarfundum sömu augum og á mink í hænsnabúi – enda hófst „samstarfið“ ekki vel.

Fyrsti fundur byrjaði á því að formaðurinn, Stefán Valgeirsson, hóf að lesa upphátt fyrir aðra nefndarmenn eitthvert frumvarpið frá landbúnaðarkerfinu um meiri styrki og hærri framlög í þágu hins göfuga málstaðar.

Ég gerði athugasemd og bað háttvirtan formann að gera hlé á máli sínu. Spurði síðan hvort formaður gengi ekki út frá því að nefndarmenn væru læsir? Og ef svo væri, hvort ekki væri ráð að fara að ræða málið, fremur en að eyða tímanum í þennan upplestur (það skal tekið fram að Stefán var afar seinnlæs og seinnmæltur). Þessi ósvífni olli því að formaðurinn missti nánast málið og var lengi að ná sér eftir þessa óvirðingu sem honum fannst sér vera sýnd. Eftir það hélt hann sérstaka fundi með hinum innvígðu og handgengnu jábræðrum sínum úr landbúnaðarkerfinu þar sem þeir sömdu sín í milli um það sem kæmi í hvers hlut af skattfé almennings. Formlegir nefndarfundir voru því sem næst eingöngu haldnir til að staðfesta áður teknar ákvarðanir. Eftir þetta hætti formaðurinn upplestraræfingum sínum fyrir nefndarmenn. Sú þingnefnd sem bar af öðrum í faglegum vinnubrögðum á minni tíð á Alþingi var efnahags- og viðskiptanefnd, undir forystu Vilhjálms Egilssonar hagfræðings.

### Lög á færibandum fyrirgreiðslunnar

Í ljósi þessarar reynslu er auðvelt að skilja hrifningu mína yfir starfi bandarískra þingnefnda fyrir opnum tjöldum, eins og ég kynntist því síðar, á meðan ég var sendiherra í Bandaríkjunum. Bandarískur öldungadeildarþingmaður hefur að jafnaði um 35 manna starfslið á skrifstofu sinni í öldungadeildinni (fyrir utan starfsmenn í heimafylki) og fulltrúadeildarþingmaður um 10 starfsmenn. Nærri því á degi hverjum, meðan þingið starfar, getur maður opnað C-SPAN sjónvarpsstöðina og fylgst með yfirheyrslum bandarískra þingnefnda yfir embættismönnum, fulltrúum kerfisins eða fulltrúum hagsmunaaðila, um helstu mál sem eru á dagskrá. Allt fer þetta fram fyrir opnum tjöldum. Hver sá bandarískur kjósandi sem hefur aðgang að kapalstöð, hvar sem hann er staddur á hinu mikla meginlandi í Ameríku, getur opnað C-SPAN rásina og fylgst með í beinni útsendingu. Ég þekki það frá fyrstu hendi, af kynnum við bandaríska embættismenn sem lent hafa í „grillinu“, að það er sá dagur sem þeir óttast mest í lífinu, því að frammistöða þeirra þar getur skorið úr um hvort þeir eigi sér framhaldslíf eða ekki. C-SPAN stöðin er ef til vill þýðingarmesta stofnun lýðræðisins í Bandaríkjunum, sem að mörgu öðru leyti á í vök að verjast, vegna þess að kerfið kemst tæplega upp með að misnota almannafé í krafti ákvarðana sem teknar eru af hagsmunaaðilum bak við luktur dyr og byrgða glugga, því að öflugur og vel upplýstur stjórnarandstæðingur í þingnefnd getur einfaldlega afhjúpað gerninginn. C-SPAN stöðin hefur auðvitað ekki áhorf neitt í líkingu við afþreyingarstöðvar sápuoperunnar. En fjölmiðlar fylgjast

með og hinir skoðanamyndandi hópar fylgjast með. Þetta er öryggisventill lýðræðisins, sem – því miður – ennþá vantar hjá Alþingi Íslendinga. Enginn skyldi þó skilja orð mín svo að ég telji bandarískt lýðræði af þessum sökum betra eða virkara en það sem við eigum að venjast. Þegar Enron-hneykslið komst upp, en það snerist um bókhaldsfals og blekkingar til að halda uppi verði hlutabréfa, kom á daginn að flestallir nefndamenn bandaríska þingsins á sviði viðskipta og fjármála voru vanhæfir að fjalla um málið, vegna þess að Enron, sjöunda stærsta fyrirtæki Bandaríkjanna, reyndist hafa borgað drjúgan hluta af kosningabaráttu viðkomandi þingmanna. Vonandi er ekki svo illa komið fyrir okkur Íslendingum – ennþá.

Bandaríkjamenn stæra sig af því að hinir vísu landsfeður, höfundar stjórnarskrárinnar, hafi hannað stjórnskipun sem kveður á um rækilegan aðskilnað löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds og að kerfið tryggi sjálfstæði og ábyrgð hvers arms ríkisvaldsins og komi þannig í veg fyrir að öll völd safnist á eina hendi („checks and balances“ eða „mótvægi valdþáttanna“). Því fer að vísu viðs fjarri að þessi sögulega glansmynd af bandarísku stjórnarferi standist nánari skoðun. Megnið af þeirri löggjöf sem fer í gegnum Bandaríkjaþing er beinlínis samin eða endurskoðuð af þeim hagsmunaaðilum sem mest eiga undir framkvæmdinni, enda hafa þeir borgað fyrir greiðann. Ætli það ekki sé ekki í reynd svipað komið fyrir okkur? Landbúnaðarlöggjöfin er að stofni til samin af Framleiðsluráði landbúnaðarins, Búnaðarfélaginu, Bændasamtökunum og landbúnaðarráðuneytinu, sem er útibú þessara samtaka. Sama máli gegnir um löggjöf um sjávarútveginn; fiskveiðistjórnunin er að mestu leyti mótuð í gegnum löggjöfina af LÍÚ og öðrum beinum hagsmunaaðilum. Með öðrum orðum: Ráðuneytin sjálf eru í allt of ríkum mæli afgreiðslustofnanir sérhagsmunahópa. Og Alþingi leggur að lokum til stimpil löggjafarvaldsins eftir að „fagráðherrar“ og ríkisstjórnarmeirihluti hefur náð samkomulagi um afgreiðslu. Enginn stjórnarandstöðuþingmaður, hversu vel sem hann er að sér og rökfastur í gagnrýni sinni, er líklegur til að fá nokkru þokað um niðurstöðuna, eftir að hún er komin út úr þessari hakkavél. Það sem til þarf er að við ríkisstjórnarborðið sitji hópur manna sem er óháður hagsmunaaflunum og getur knúið fram breytingar í almannabágu, jafnvel undir hótun um stjórnarslit.

### Alþingismenn í bankastjóraleyk

Hverjir veljast til setu á Alþingi? Þar er vitanlega misjafn sauður í mörgu fé. Í þingflokki Sjálfstæðisflokksins hefur lögfræðingastóðið löngum verið áberandi. Það er til dæmis spurning hvort landinu er ekki að meira eða

minna leyti stjórnað þessi misserin af lögfræðingum sem sóttu saman skóla á Melunum undir lok viðreisnar eða snemma á framsóknaráratugnum. En á þingi er líka að finna sveitarstjórnarmenn, atvinnurekendur eða talsmenn atvinnurekendasamtaka, eða aðra héraðsoddvita úr hinum ýmsu byggðarlögum. Í þingflokki framsóknarmanna hefur gjarnan verið að finna fulltrúa landbúnaðarkerfisins og kaupfélaganna í hinum ýmsu byggðarlögum. Einnhvern tíma sagði Indriði G. Þorsteinsson mér, bæði í gamni og alvöru að mér fannst, að hann hefði reiknað út að kjósendur Framsóknarflokksins væru nokkurn veginn sama tala og meðlimir og starfsmenn kaupfélaganna og SÍS, með öðrum orðum að þeir væru að mestu leyti á launaskrá kerfisins. Það hefur löngum verið áberandi í þingflokki Alþýðuflokksins að þar væri að finna, auk verkalyðsforingja, kennara og á seinni árum fyrrverandi fjölmiðlamenn. Svipuðu máli gegndi um Sósíalístaflokkinn og Alþýðubandalagið, fyrir utan það að þar hefur einatt verið að finna einstaklinga sem voru einfaldlega áróðursmenn flokksins að atvinnu.

Kjördæmaskipanin veldur því hins vegar að í þeim málum þar sem skerst í odda út af hagsmunatogstreitu kjördæmanna (vegir, brýr, hafnir, skólabyggingar, félagsheimili, hagsmunir útgerðar og fiskvinnslu og landbúnaðar, flugvellir, flugsamgöngur og svo framvegis) þá myndast gjarna kjördæmaflokkar þvert á stjórnmalaflokka. Þetta reiptog smákónganna um fyrirgreiðslu til fyrirtækja og stofnana heima í héraði getur gengið svo langt að flokkar verði allt að því óstarfhæfir og ósamstarfhæfir. Þetta er skýringin á því hvers vegna til dæmis þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafnaði formanni sínum sem forsætisráðherraefni voruð 1983 og kaus fremur Steingrím Hermannsson til að leiða helmingaskiptastjórnina, vegna þess að þar með fjölgaði ráðherrasætum smákónganna um tvö. Hagsmunir flokksins viku fyrir því sem héraðshöfðingjarnir töldu rikari hagsmuni, þeirra eigin. Þetta skýrir margt annað. Þetta skýrir meðal annars hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum í sögu sinni reynst vera kerfisflokkur um óbreytt ástand fremur en flokkur markaðshyggju og almennra leikreglna í viðskiptum. Þetta skýrir líka að þegar Sjálfstæðisflokkurinn lýtur veikri forystu, eins og til dæmis á tíma Geirs Hallgrímssonar og Þorsteins Pálssonar, er hann nánast ósamstarfhæfur í ríkisstjórn. Þetta skilur enginn maður betur en Davíð Oddsson. Hitt er svo annað mál hvort stóri flokkurinn varð samstarfhæfari um almannahagsmuni fyrir vikið. Að því verður vikið síðar.

Þetta skýrir líka hvers vegna flestir þingmenn sem einhver döngun er í eiga það sameiginlegt að vilja helst ekki vera óbreyttir þingmenn. Þeir vilja vera ráðherrar. Og þótt flestum reynist sú biðin löng vilja þeir allavega búa í haginn fyrir valdastöðu sína með því að hreiðra um sig í stofnunum fram-

kvæmdavaldsins. Þess vegna sækjast þeir eftir setu í bankaráðum, stjórn Bygðastofnunar, stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eða öðrum þeim lánasjóðum eða stofnunum sem fara með úthlutunarvald á almannafé. Þar með skapa þeir sér aðstöðu til að leika bankastjóra og úthluta almannafé til fyrirtækja, stofnana og verkefna í kjördæmum sínum, sem oft reynist gulls igildi þegar kemur að kjördegi. Þá eiga þeir hönk upp í bakið á mörgum og þá helst áhrifamönnum sem stýra atkvæðum. Það er þarna, á mörkum úthlutunarvalds almannafjár og hagsmunaaðila í héraði, sem hættan á spillingu í íslenskum stjórnmálum liggur fyrst og fremst eins og dæmin sanna. En þetta fer yfirleitt framhjá athygli fjölmiðla, með sárafaum undantekningum.

### Að setja kíkinn fyrir blinda augað

Mig minnir að Vilmundur hafi einhvern tíma sagt frá því í þingræðu að í eins konar biðstofu Alþingis fyrir framan sal neðri deildar væri að finna sérstakan rekka fyrir víxlaeyðublöð. Sögunni fylgdi að þangað gætu háttvirtir kjósendur komið og fengið þingmenn úr kjördæmi sínu til að skrifa upp á víxla, sem þeir gátu síðan farið með í velviljadan banka. Þetta þótti mikið hneyksli. Bláðamenn og ljósmyndarar komu á vettvang og víxlarekkinn var myndaður í bak og fyrir – en hvarf skömmu síðar svo lítið bar á. Víxlarekkinn var hins vegar aðeins litil en táknað mynd af því sem að baki bjó. Fjölmiðlar náðu myndinni af smámununum en sáu hvergi, frekar en venjulega, stóru myndina. Af hverju sóttust allir þessir þingmenn, fulltrúar löggjafarvaldsins, eftir því að sitja sem fulltrúar flokka sinna í bankaráðum og stjórnunum lánastofnana? Menn mega ekki gleyma því að þetta var á tímum óðaverðbólgu og neikvæðra vaxta. Lán var að hluta til styrkur – nánast fundið fé. Bankarnir og lánasjóðirnir voru í eigu ríkisins. Á Íslandi var ekki markaðskerfi, þar sem fyrirtæki stóðu eða féllu með ákvörðunum forstjórans um fjárfestingu, verðlagningu, vörugæði, markaðshlutdeild og hagnað. Það gat skipt meira máli að vera í náðinni hjá þeim sem úthlutuðu lánsfé á niðurgreiddum kjörum.

Þingmenn sóttust eftir því að hreppa þessa aðstöðu og umbjóðendur þeirra voru orðnir vanir því að svona ætti þetta að vera og öðruvísi gæti það ekki verið. Þarna er komið að kjarnanum í helmingaskiptum ríkisforstjórinnar sem gildi í samskiptum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks mestallan lýðveldistimann. Smám saman höfðu flokkarnir gert með sér eins konar þegjandi samkomulag um að skipta þjóðfélaginu milli sín upp í áhrifasvæði: Þeir skiptu með sér bönkunum (með smá frávikum); þeir

skiptu innflutningsversluninni milli SÍS og heildsalanna; þeir skiptu með sér olíuinnflutningnum og hermangsfraamkvæmdunum; útflutningsversluninni; tryggingunum – og reyndu að skipta með sér vöruflutningum til og frá landinu. Þetta var ráðstjórnarkerfi – ekki markaðskerfi. Viðreisnarstjórnin hafði reynt að brjóta þetta kerfi niður, en aðeins getað hróflað við hluta þess. Millifærslukerfið var afnumið og gengið skráð rétt og innflutningsverslunin gefin að mestu frjáls, með fyrirvara þó um helmingaskiptin, útsvarsprósentu og verðlagseftirlit. En hið pólitíska helmingaskiptafélag í bönkum og lánastofnunum hélt velli og sótti aftur í sig veðrið þegar viðreisnarstjórnin féll frá. Það dafnaði síðan eins og þúkinn á fjósbitanum allan framsóknaráratuginn, að því viðbættu að Alþýðubandalagið náði fótfestu hér og hvar í útjaðri kerfisins.

Menn verða að hafa þetta pólitíska skömmunarkerfi sem enn var við lýði í huga til þess að skilja hvílíka ofuráherslu við Vilmundur og skoðana-bræður okkar í Alþýðuflokknum lögðum á hugtök eins og „uppstokkun“ og „kerfisbreytingu“. Þetta kerfi var spillt í eðli sínu, af því að það stýrðist af mismunun. Þetta kerfi var óskilvirkt vegna þess að það úthlutadi fé, án tillits til arðsemissjónarmiða. Þetta kerfi var farvegur stöðugrar millifærslu fjármuna frá almenningi og skattgreiðendum til forréttindahópa. Þetta var sjálf gróðamyndunaraðferð verðbólgunnar, sem hélt niðri lífskjörum almennings í landinu. Þeir sem vörðu þetta kerfi, eins og til dæmis Alþýðubandalagið gerði á framsóknaráratugnum, unnu sér til óhelgi að okkar mati og snerust vitandi eða óafvitandi á sveif gegn almannahagsmunum. Við studdum samkeppni í markaðskerfi af þeirri einföldu ástæðu að það var í þágu almannahagsmuna. Við vildum láta banna þingmönnum að sitja í stjórnnum banka og lánasjóða. Alþýðuflokkurinn einn flokka tók reyndar þá ákvörðun seint á viðreisnarárunum og stóð við hana. Við vildum sameina og selja rikisbankana og láta reka þá á viðskiptagrundvelli. Við vildum, eins og við orðuðum það, stokka upp „stýrikerfi fjárfestingar í landinu“, sem þýddi á mæltu máli að leggja af pólitískt forræði fjárfestingalánasjóða (Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bygðasjóðs og svo framvegis) og færa þessa starfsemi inn í heilbriggt bankakerfi, sem rekid væri á viðskiptagrundvelli.

Við vissum líka að þarna áttum við í höggi við sjálfan kjarnann í valdakerfi helmingaskiptaflokkanna. Á dauða okkar áttum við von en varla því að flokkur eins og Alþýðubandalagið, sem kenndi sig við verkalýðshreyfingu, þjóðfrelsi og sósíalísma, verði þetta óbreytta ástand með oddi og egg undir formerkjum lúðviskunnar og reyndi alla daga að stimpla okkur jafnaðarmenn sem óalandi og óferjandi „hægrímenn“ fyrir vikið. Meðan við

Vilmundur vorum bandamenn var það fastur liður í ræðum hans að skilgreina Alþýðuflokkinn í andstöðu við „Kröfluflokkana þrjá“ (sem áttu hver sinn fulltrúa í hinu misheppnaða virkjunarævintýri sem kennt var við Kröflu). Eftir að Vilmundur hafði stofnað Bandalag jafnaðarmanna og tók að beina spjótum sínum að fyrri samherjum skilgreindi hann bandalag sitt í andstöðu við „fjórflokkinn“. Það þótti mér billegt hjá mínum gamla bandamanni.

En hver var hlutur fjölmiðlanna, fjórða valdsins, í að afhjúpa spillingu þessa hálfsovéskna kerfis og upplýsa almenning um þá misnotkun á almannafé sem þar átti sér stað frá degi til dags? *Morgunblaðsins*, *Tímans*, *Þjóðviljans*, Ríkisútvarpsins? Eða hinna frjálsu og óháðu fjölmiðla, þegar þeir komu til sögunnar? Þeir reyndu stundum að blása upp skandal sem söluvöru með því að flytja fréttir af ferðalögum og dagpeningum stjórnmálamanna eða öðrum smámunum. En sjálft vöndurhús spillingarinnar sem var við nefið á þeim, það sáu þeir ekki fremur en Nelson flotaforingi þegar hann setti kikinn fyrir blinda augað.

### Talað yfir tómum sal

En hvað með ræðustól Alþingis? Er hann ekki kjörinn vettvangur til að afhjúpa það sem aflaga fer og vekja athygli þjóðarinnar á þjóðþrifamálum? Fyrstu tvö árin mín á þingi slóst ég í hóp þeirra sem töluðu oft og lengi í senn úr þessum ræðustól, af því að ég taldi mér trú um að ég hefði ekki annað betra við tíma minn að gera. *Dagblaðið-Visir* tók upp á því á þessum árum að reyna að mæla störf þingmanna á skeiðklukku í klukkustundum, mínútum og sekúndum (og jafnvel í desibelum). Það segir sína sögu um mat fjölmiðla á störfum alþingismanna að þeim er lagt það til lasts, hvort heldur þeir tala mikið eða lítið. Mállaus þingmaður er ámóta illa á vegi staddur og óskrifandi blaðamaður. Þessi tímamæling á ræðum einstakra þingmanna skildi þó eftir sig eitt nýyrði í tungumálinu: „hjörli“, en það átti að vera tímaeining sem mældi mærdina í Hjörleifi Guttormssyni, eftir að hann var hættur að vera iðnaðarráðherra. En komst þessi málflutningur til skila til almennings? Nei, þarna var sjálfur „tímaþjófurinn“ að verki. Fjölmiðlar hafa engan áhuga á pólitik. Fréttamenn fjölmiðla loka eyrunum ósjálfrátt þegar settar eru á langar ræður, jafnvel þótt góðar séu, ef þær fela í sér greiningu á pólitik eða rökstuðning fyrir ávirðingum andstæðinga.

George Bernhard Shaw sagði einu sinni skemmtilega dæmisögu um ástar/haturssamband stjórnmálamanna og fréttamanna. Shaw var að flytja

lærðan fyrirlestur um nauðsyn þjóðareignar á landi (eitt af baráttumálum okkar jafnaðarmanna) til þess að koma í veg fyrir að óprúttir braskarar gætu haft af því gróða að borgarsamfélög væru að byggjast upp og þenjast út með þeim afleiðingum að lóðarverð margfaldaðist allt um kring. Fjöldi fréttamanna sat með lokuð augu og eyru á fremstu bekkjum og hreyfði hvorki legg né lið til að hafa eftir honum boðskapinn. Allt í einu steig Shaw út úr ræðustólnum og tyllti sér á tá fremst á sviðinu og hrópaði af tilfinningahita:

„Ég legg til að seinasti kapitalistinn verði hengdur í görnum seinasta prelátans!“

Fréttamenn ruku upp með andfælum og skrifuðu niður í kompur sínar í ódagotinu en aðrir þustu út úr salnum til að komast í síma til að geta slegið upp á forsiðu blaða sinna: George Bernard Shaw hvetur til pólitískra ofbeldisverka í Lundúnum!

Og Shaw kallaði á eftir þeim:

„Þarna er ykkur rétt lýst: Meðan ég talaði af fullu viti og með skýrum rökum um þýðingarmikið mál sem varðar allan almenning voruð þið stjarfir og meðvitundarlausir. Um leið og ég leyfi mér að tala tómum bull og geri mig að fifli, rjúkið þið upp til handa og fóta til að koma vitleysunni á framfæri.“

Þessi dæmisaga af skáldinu og fréttamönnunum rimar nokkurn veginn við mína reynslu. Eftir að ég var orðinn formaður Alþýðuflokksins 1984 hætti ég að mestu að ergja mig á að tala yfir tónum sal og fyrir daufum eyrum og ákvað að fara með boðskapinn milliliðalaust beint út á meðal fólks. Það skilaði árangri. Það kom á daginn að ég hafði rétt fyrir mér um það að fjöldi fólks hefur ærlegan áhuga á stjórn máli, ef um þau er talað af sæmilegu viti og á mannamáli. Og án milligöngu fjölmiðlanna sem gera allt að engu.

### Versti viðskilnaður lýðveldissögunnar

Þennan fyrsta þingvetur minn (1982–1983) vorum við þingmenn Alþýðuflokksins, níu talsins eftir að Vilmundur hafði gengið úr skaftinu, í stjórnarandstöðu við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, þriðju ríkisstjórnina á framsóknaráratugnum. Það var út af fyrir sig létt verk og löðurmannlegt því að stjórnin var sjálfri sér verst. Í þingliði Alþýðuflokksins voru eftirtaldir: Við Jóhanna Sigurðardóttir úr Reykjavík, Kjartan Jóhannsson og Karl Steinar Guðnason frá Reykjanesi, Eiður Guðnason af Vesturlandi, Sighvat-ur Björgvinsson og Karvel Pálmason af Vestfjörðum, Jón Sæmundur Sigurjónsson frá Norðurlandi vestra og Árni Gunnarsson frá Norðurlandi

eystra. Magnús H. Magnússon hafði fallið fyrir borð á Suðurlandi og Austfirðir skiluðu auðu.

Alþýðubandalagsráðherrarnir spiluðu á fiðlu „stéttabaráttunnar“ (það er að segja þeir ríghéldu sér í galið visitölukerfi sem kynti elda verðbólgunnar á þriggja mánaða fresti). Á meðan komust Steingrímur formaður og Tómas Árnason viðskiptaráðherra hvorki lönd né strönd með niðurtalninguna sína, hvað svo sem það nú annars þýddi. Þar kom að Eggert Haukdal, sem hafði flotið inn á þing af einhverjum klofningslista hreppsfélaga sinna á Suðurlandi, brast kjarkinn og sagði Thoroddsen upp trú og hollustu. Þar með missti ríkisstjórnin meirihluta í neðri deild og gat því ekki lengur komið fram málum, auk þess sem hver einstakur stjórnarliði hafði stöðvunarvald, þótt ríkisstjórnin gæti varist vantrausti í sameinuðu þingi. Þar með var fokið í flest skjól. Þetta var í upphafi vinsælasta ríkisstjórn sem setið hefur að völdum í landinu eftir að skoðanakannanir urðu daglegt brauð. Og jafnframt sú ríkisstjórn sem fengið hefur þau eftirmæli að hafa hrökklast frá völdum „við versta viðskilnað lýðveldissögunnar“ (hugsanlega að nýsköpunarstjórn Ólafs Thors og Einars Olgeirssonar undanskilinni, árið 1947). Það segir sína sögu.

Milli þess sem ég hafði þessa menn að háði og spotti í ræðu og riti, innan þings og utan, velti ég því fyrir mér hvers vegna þeim væru svo mislagðar hendur. Því að hverjum um sig var þeim engan veginn alls varnað. Þetta var alls ekki verst mannaða ríkisstjórn Íslandssögunnar – fjarri því; þær hafa margar verið verr mannaðar en samt náð að skila skárri árangri en þessi. Fyrir borðsendanum á ríkisstjórnarfundum sat hinn lífsreyndi höfðingi Gunnar Thoroddsen, þrautreyndur stjórnmalamaður og sagður vera með ráð undir rífi hverju og mikill mannasættir í þessari sundurlyndu ríkisstjórn. Og hvað svo sem menn sögðu um Steingrím Hermannsson, formann Framsóknarflokksins á þessum tíma, er hann enginn veifiskati heldur. Samt fór sem fór, eins og Steingrímur jatar sjálfur í ævisögu sinni. En verst var þó hlutskipti ráðherrasósíalistanna, eins og ég kallaði þá gjarnan á þessum tíma, þeirra Svavars Gestssonar félagsmálaráðherra, Hjörleifs Guttormssonar iðnaðarráðherra og Ragnars Arnalds, míns gamla bekkjarbróður og fjármálaráðherra. Baksviðs sat svo sjálfur dr. Ólafur Ragnar Grímsson prófessor, sem hafði rekið á fjörur Alþýðubandalagsins eftir skipbrot Möðruvallahreyfingarinnar og Samtakanna, og hélt uppi vörnum fyrir málstað „þjóðfrelsisins“. Þetta pólitíska verktakagengi fór í upphafi mikinn, þótt heldur lækkaði á mönnum risið eftir því sem ódaverðbólgan jókst og nær dró kosningum, þegar leggja skyldi verkin í dóm kjósenda, eins og það er kallað.

## Vitlaust forrit

Hvað var að? Ekki vantaði atorku, vinnusemi eða talanda. Svavar hafði ábúðarmikinn talanda og var lúsiðinn áróðursmaður. Hjörleifur var einhver mesti vinnuhestur sem setið hefur á þingbekkjum og skipulagður í vinnubrögðum. Steingrímur segist sjálfur ekki hafa haft undan að lesa frá honum skýrsludótið sem hlóðst upp á borðum ríkisstjórnarinnar, enda festist „möppudýrs“-nafnbótin við Hjörleif á þessum árum. Og ekki verður það af Ólafi Ragnari Grimssyni skafið að hann var atvinnumaður í pólitískum áróðursbrögðum og hikaði aldrei við að snúa staðreyndum á haus, ef það mátti verða til framdráttar röngum málstað. Ragnar Arnalds skar sig úr þessu liði að því leyti að hann vann verk sín sem fjármálaráðherra af sæmlegri stillingu og fór hvergi offari í málflutningi, eins og hinir gerðu kvölds og morgna og komust upp með – framan af. En þegar þessir menn sneru bókum saman voru þeir ekki árennilegt lið og ekki fyrir viðvaninga að fást við. Samt hefur enginn annar hópur samstarfsmanna í ríkisstjórn skilað jafnvöndu dagsverki fyrir hönd umbjóðenda sinna og þessir menn. Hvað var að?

*Forritið var vitlaust: Það var það sem var að.*

Heimkominn eftir vetursetu í flokksskóla austur-þýska kommúnistaflokksins réðst Svavar til starfa á Þjóðviljanum, en láðist að skýra lesendum blaðsins frá ástandi mála í alþýðulýðveldinu. Þar með skipaði hann sér í sveit með þeirri glötuðu kynslóð sem Kjartan Ólafsson Þjóðviljaritstjóri og framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins kallaði svo, af því að hún gerði aldrei upp við fortíðina og varð því aldrei andlega fullveðja, þannig að hún gæti átt erindi við framtíðina. Á Þjóðviljanum gerðist Svavar handgenginn mönnum fortíðarinnar og lærði af þeim áróðursbrögðin. Þau voru í því fólgin að nota stór orð um litla hugsun; að bæta sér upp skort á rökhusun um raunveruleg vandamál með róttækum frösom. Samráðherra Svavars, Steingrímur Hermannsson, fer um þetta ástand nærfærum höndum þar sem hann lýsir pólitískum sálarháská Svavars og Alþýðubandalagsins, undir hans forystu, í ævisögu sinni:

„Svavar kappkostaði að rækta samband sitt við grasrótina í Alþýðubandalaginu. Það var áreiðanlega ekki áhlaupaverk þar sem saman voru komnir í einum flokki verkalyðsforkólfar og herstöðvaandstæðingar, friðarsinnar, rauðsokkur og femínistar, menntamenn og gamlir Möðruvellingar, dreifbýlissinnaðir bændur og farandverkafólk, byltingarsinnaðir marxistar og guð má vita hverjir fleiri.“

Gömlu mennirnir settu þennan unga og efnilega mann yfir þennan sundurleita söfnuð fyrir hönd flokkseigendafélagsins og fólu honum að halda flokknum saman með öllum ráðum. Það urðu því örlög Svavars að reyna að hafa stjórn á þessari sundurleitu hjörð með pólitískum loftfímleikum. Þess vegna mátti ekki segja sannleikann um sovétíð. Þess vegna mátti ekki hugsa nýja hugsun um hagkerfið. Þess vegna mátti ekki hugsa upphátt um utanríkisstefnu sem mótaðist af íslenskum hagsmunum, heldur varð að fara með gamla slagorðið „Ísland úr NATO og herinn burt“ kvölds og morgna. Smám saman fóru hinir róttæku frasar að bera alla hugsun ofurliði. Svavari fór eins og læriföðurnum, Einari Olgeirssyni, hinum mikla mælskumanni, að ræða hans varð eins og „hljómandi málmur og hvellandi bjalla“; eða eins og slitin plata, þar sem nálin hjakkar stöðugt í sama farinu. Þeir sem hafa siglt eftir vitlausum kompás í hálfu öld eiga óhægt um vik að vísa villugjörnum til vegar. Og bilið milli róttæku frasanna og raunveruleikans fór sífellt breikkandi.

Svavar barst inn á þing í flóðbylgjunni miklu 1978, á öldufaldi kröfunnar um „samningana í gildi“. Á þeim sextán vísitölutímabilum sem hann var við völd varð hann að bíta í það súra epli að skerða umsamdar verðbætur á laun fjórtán sinnum. Hann settist í ríkisstjórn sem lofaði launþegum 7% verðbólgu en kom henni upp í 70%. Og reyndar upp í 130% miðað við verðbólguhraða þriggja seinustu mánaðanna, umreiknaðan til eins árs. Samt hélt Svavar áfram að tönnlást á því að Alþýðubandalagið væri „brjóstvörn vinnandi fólks gegn leiftursóknaröflum gróðahyggjunnar“ og öðru þess háttar gúmmulaði. Manni varð stundum allt að því bumbult af að hlusta á þetta.

Pegar Svavar hrökkladist út úr ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, með þjóðfélagið logandi stafna á milli í óðaverðbólgu, bjó hann til enn nýjan frasa: „Eining um íslenska leið“. Hagorðari menn sneru út úr þessu fyrir honum með því að breyta slagorðinu í „einingu um íslenska neyð“. Þetta var allt saman hálfneyðarlegt.

### Don Kíkóti og vindmyllurnar

En hafi Svavar aðeins fengið skemmri skírn í fræðunum á flokksskólanum í Austur-Berlín verður það sama ekki sagt um félag hans, Hjörleif Guttormsson. Hjörleifur lagði stund á líffræði í Leipzig og er vel menntaður náttúrufræðingur að sögn dómbærra manna, enda liggja eftir hann ágæt verk á því sviði. En hann hafði ekki erindi sem erfiði sem iðnaðarráðherra. Hann sagði svissneska auðhringnum Alusuisse stríð á hendur vegna þess að

hann taldi að auðhringurinn hefði, sem eigandi álversins í Straumsvík, hlunnfarið íslenska ríkið um umtalsverðar upphæðir. Á því lék ekki vafi að Hjörleifur hafði rétt fyrir sér í þessu, enda staðfest af bresku endurskodunarfyrtæki. Auðhringurinn seldi sjálfum sér súrál úr eigin námum í Ástralíu. Þegar súrálið var komið til álversins í Straumsvík hafði verið þess hækkad umtalsvert „í hafi“ á nokkurra ára tímabili, sem leiddi til þess að fyrirtækið greiddi lægri skatta hérlendis en ella. Þetta er kallað *transfer pricing* á fagmáli alþjóðafyrirtækja og er partur af aðferð þeirra við skattundandrátt. Það sem svikið var undan skatti nam rúmlega þriðjungu þeirra fjármuna sem íslenskir skattgreiðendur urðu að leggja fram eða gangast í ábyrgð fyrir vegna hallareksturs Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, þar sem við vorum meirihlutaeigendur og bárum sjálfir áhættuna, samkvæmt kenningu Alþýðubandalagsins um „íslenskt forræði“. Þetta var reyndar svipuð upphæð og nam hallarekstri annarrar íslenskrar ríkisverksmiðju, Áburðarverksmiðjunnar. En það er ekki nóg að birta ákæru á Alþingi eða í fjölmiðlum. Það verður að sanna hana fyrir dómi. Samkvæmt samningum okkar og Alusuisse átti hvor aðili um sig ótvíráðan rétt á að skjóta málinu í gerð. Það var forsenda fyrir samningaviðræðum um hækkun orkuverðs sem voru aðalmálið. Þessu harðneitaði Hjörleifur og boðaði einhliða hækkun orkuverðs, án samninga. Þá sögðu framsóknarmenn, undir forystu Guðmundar G. Þórarinssonar alþingismanns, hingað en ekki lengra. Þeir vörðu við því hvar einhliða hækkun orkuverðs myndi enda: Hún gæti endað í lokun álversins eða með yfirtöku, þjóðnýtingu. Þá myndu skuldirnar fylgja með í kaupbæti; búast mætti við hrikalegum skaðabótakröfum vegna samningsrofa. Þá væri ennfremur allt í fullkominni óvissu um sölu á mörkuðum, þar sem fáeinir auðhringir væri allsráðandi í greininni.

Ríkisstjórnin vildi ekki fylgja kommunum þessa leið á enda. Guðmundur G. Þórarinsson hélt því reyndar fram að Alþýðubandalagið hefði frá upphafi viljað eigna til árekstra og útiloka samninga til að slá sig til riddara sem þjóðfrelsið. Eina nóttina hélt allt ráðherragengi Alþýðubandalagsins, að viðbættum Ólafi Ragnari, uppi málþófi á Alþingi til klukkan fimm um morguninn, í átta klukkustundir samfelld. Þar þuldu þeir félagar upp úr skýrslum Hjörleifs bölbænir um álverið í Straumsvík og þann þjóðarvöð sem af því stafaði. Með þessu linnulausa málæði (sem mældist í óteljandi „hjórlum“) vildu þeir hindra að meirihluti Alþingis næði fram þeim ásetningi sínum að skipa samninganefnd til viðræðna við Alusuisse um hækkun orkuverðs. Hver var árangurinn? Hann var enginn. Samningaleiðin samkvæmt samningum var aldrei reynd. Á meðan stóð orkuverðið

óbreytt. Það var mat sérfróðra manna á þeim tíma að með því móti hefðum við tapað tvisvar sinnum hærrí upphæð á ári en þótt við ynum allar skattkröfur okkar gagnvart Alusuisse fyrir dómi fyrir öll árin 1975–1981. Framsóknarmenn höfðu á orði að réttast væri að taka málið úr höndum Hjörleifs og báru þannig fram óbeint vantraust á samráðherra sinn. Það kom í hlut Sverris Hermannssonar í nýrri ríkisstjórn að ljúka samningum við Alusuisse árið 1984. Hann lét það verða sitt fyrsta verk að kalla Jóhannes Nordal aftur til starfa. Umtalsverð hækkun fékkst á raforkuverði. Þetta virðist staðfesta hið forkveðna, að meira vinni vit en strit.

Allt var þetta á sömu bókinu lært. Hinir vösku fullhugar „þjóðfrelsisins“ fóru offari í hverju málinu á fætur öðru en höfðu ekki erindi sem erfiði. Svavar þorði ekki fyrir sitt litla líf að taka á hinu galna og úrelta visitölukerfi sem hélt víxlhækkanaverðbólgunni gangandi og sat að lokum uppi með svikin loforð og skertar verðbætur fyrir félagsmálapakka sem hann kallaði „slétt skipti“.

Aftur kemur upp í hugann myndin af riddaranum hugumstóra, Don Kikóta, og bardaga hans við vindmyllurnar. Ófarirnar urðu óumflýjanlegar því að sjálfst forritið var vitlaust. Forritið var lúðviskan sem endaði í loðmullu.

Hinir róttæku frasar sem sóttir voru í orðaförða úreltrar hugmyndafræði, áttu að gefa máli þeirra félaganna róttækt yfirbragð, þótt þar væri enga röttækni að finna. Þvert á móti. Alþýðubandalagið dagaði smám saman uppi sem íhaldssamur kerfisflokkur sem stóð vörð um óbreytt ástand. Bilið milli hins róttæka kjaftæðis og veruleikans sem blasti við fólki var orðið of breitt til þess að það mætti brúa lengur með lýðskrumi.

Um áramótin 1978–1979 lenti Svavar Gestsson, þá banka- og viðskiptaráðherra, í ritdeilu við staðfastan byltingarsinna og gamlan féлага, Óla komma, sem þá var vitavörður fyrir vestan. Ólafi leiddist greinilega að Alþýðubandalagið væri alltaf að villa á sér heimildir og minnti féлага Svavar á söguna af karlinum sem var nappaður fyrir að selja kindakæfu blandaða hrossakjöti. Við yfirheyrslu hjá sýslumanni viðurkenndi karlinn að hlutföllin í kæfunni væru svona einn á móti einum. Við nánari rannsókn kom í ljós að hann hafði notað eina kind á móti einu hrossi. Þetta þótti viðskiptamönnum karls nokkuð strembið álegg. Út af þessu leggur Óli kommi í opnu bréfi til Svavars og segir:

„Þó hygg ég að karlinn hafi með meiri rökum getað kallað framleiðslu sína kindakæfu, heldur en ríkisstjórnin samstarfsyfirlýsingu sína vinstri stefnu.“

## Æðrulaus í Arnarhvoli

Minn gamli bekkjarbróðir, Ragnar Arnalds, fjármálaráðherrann í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, var á þessum tíma helsta skrautfjöðrin í hatti ríkisstjórnarinnar. Hann virtist sitja æðrulaus í Arnarhvoli, þótt eldar verðbólgunnar loguðu glatt allt um kring. Því var haldið fram með nokkru stolti að Ragnar héldi ríkisfjármálunum í jafnvægi og væri því öðrum fyrirmynd um ráðdeild og stjórnsemi. Að vísu var ekki allt sem sýndist í þessum efnunum, eins og ritstjóri *Alþýðublaðsins* var óþreypandi að sýna fram á. Þótt undarlegt megi heita er verðbólgan stundum besti vinur fjármálaráðherrans. Vixlhækkanir verðlags og launa þýða að launþegar færast upp tröppur skattstigans og skila hærri tekjum í ríkissjóð, meðan útgjöldin eru bundin í fastri krónutölu fjárlaga við upphaf hvers árs. Röng gengisskráning þýddi gjaldeyrisútsölu og innflutningsæði sem þýddi aftur að ríkissjóður malaði gull af tollum og aðflutningsgjöldum. Þetta gat gengið um skeið. En óhjákvæmileg gengisleiðrétting dró úr innflutningi og kaupmáttarfall fjórtán verðbótakerðinga á laun dró úr neyslu.

Fyrir jólin 1982, þegar hin lánlausa ríkisstjórn hafði hafið sitt langvarandi dauðastríð, birti þáverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Þröstur Ólafsson hagfræðingur, sjúkdómsgreiningu á hagkerfinu sem stakk mjög í stúf við glansmyndina sem áður hafði verið dregin upp af fjármálastjórninni. Þar segir Þröstur ordrétt:

„Nú er svo komið að samsafnaður fjárhags- og rekstrarafkomuvandi margra helstu framleiðslufyrirtækjanna í landinu er svo mikill að þeim er fleytt frá mánuði til mánaðar með lánum og skammtímafyrirgreiðslum. Vixlverkanir kauplags, verðlags, gengis, fiskverðs og vaxta eru orðnar fullkomlega sjálfvirkar. Verðbótakerfið tryggir viðgang verðbólgunnar.“

Og Þröstur bætir við:

„Rætur verðbólgunnar eru rangar ákvarðanir í fjárfestingarmálum, í stjórnunarmálum sjávarútvegs, á sviði lána- og vaxtaákvarðana, í peningamálum, í landbúnaði og gjaldeyrisáttum. Niðurstaðan er jafnvægisleysi allra helstu raunstærða hagkerfisins.“

Þegar „vinur litla mannsins“, Albert Guðmundsson, settist í stól fjármálaráðherrans að loknum kosningum 1983, rak hann sig fljótlega á að loforð hans um skattalækkanir voru innistæðulaus. Hans eilífi höfuðverkur varð að fylla upp í fjárlagagatið. Þar að auki var fjárhagur margra ríkisstofnana, utan A-hluta fjárlaga, í molum og framkvæmdaáætlanir samkvæmt lánsfjáráætlun í uppnámi vegna fjárskorts.

### Fórnarkostnaður framsóknaráratugarins

Ég sagði í blaðagrein í tilefni af játningu Þrastar Ólafssonar að hún gæti þénað sem grafskrift á bautasteini framsóknaráratugarins – bara ef hann væri búinn! Sjálfur lýsti Steingrímur Hermannsson yfir neyðarástandi þegar hann settist í stól forsætisráðherra eftir kosningar 1983 og hafði þá tekið við þrotabúi sjálfs sín og þeirra fóstbræðra. Steingrímur minnti á að önnur hver gjaldeyriskróna sem sjómenn og aðrir lögðu í þjóðarbúið færi í að greiða afborganir og vexti af skuldum og til að borga fyrir erlenda aðdrætti útflutningsgreina. Steingrímur minnti einnig á að sjávarútvegurinn, burðarás íslensks atvinnulífs, væri sokkinn í skuldir, en á því verður hann að teljast bera nokkra ábyrgð sem sjávarútvegsráðherra 1980–1983. Að sögn Steingríms námu skuldir sjávarútvegsins um helmingi gjaldeyrstekna þjóðarinnar. Um líkt leyti kom fram að „Steingrímstogarnir“, sem hann hafði veitt leyfi fyrir þrátt fyrir rýrnandi afrakstursgetu fiskistofna, væru í vanskilum við Fiskveiðasjóð upp á hundruð milljóna og margir hverjir reyndar á uppboði.

Verst var ástandið í landbúnaðinum. Framsóknarflokkurinn hafði með dyggum stuðningi Sjálfstæðisflokksins og atbeina Alþýðubandalagsins, þegar á þurfti að halda, komið landbúnaðinum því sem næst algjörlega á framfæri skattgreiðenda. Landbúnaðurinn naut algerrar innflutningsverndar, ýmist í skjóli innflutningsbanns lögum samkvæmt eða ofurtolla sem útilokkuðu viðskipti. Offramleiðslustefnunni var haldið til streitu í skjóli niðurgreiðslna, útflutningsbóta og sjálfvirkra jarðræktarframlaga, auk þess sem öllu bákniinu var haldið uppi á kostnað skattgreiðenda. SÍS og hinn pólitíski armur þess, Framsóknarflokkurinn, töldu það lífshagsmuni sína að verja þetta kerfi. Vaxta- og geymslukostnaður offramleiðslubirgðanna var greiddur með sjálfvirkri tékkaútskrift úr fjármálaráðuneytinu.

Pálmi í Hagkaupum, hinn gamli viðskiptafélagi Steingríms Hermannssonar, lét einu sinni hafa eftir sér að besti business sem hann hefði nokkru sinni fjárfest í og sá fyrirhafnarminnsti hefði verið að koma sér upp frystigeymslum fyrir kjötbirgðir og fá fyrir tékka úr fjármálaráðuneytinu, samkvæmt sjálfvirkri útskrift. Meira að segja þinghald Bændasamtakanna var borgað úr ríkissjóði. SÍS var á þessum árum farið að hasla sér völl í auknum mæli í útgerð og fiskvinnslu. Við jafnaðarmenn óttuðumst það að Framsóknarflokkurinn myndi smám saman koma á sams konar ríkisforsjár- og helmingaskiptakerfi í sjávarútveginum og þegar var orðið samkomulag um í landbúnaði. Tækist það, væri fótunum endanlega kippt undan heil-

brigðu atvinnulífi í landinu. Tíunda hver króna af sköttum almennings, samkvæmt fjárlögum, fór á þessum árum í að halda uppi þessu óhagkvæma og rándýra landbúnaðarkerfi. Við þóttumst vita að við hefðum aldrei efni á því ef sams konar ráðstjórn yrði komið á í sjávarútveginum. Það væri illa fyrir Íslendingum komið ef sjávarútvegurinn átti að lifa af landsmönnum fremur en þeir af honum.

Ungur hagfræðingur reiknaði það út á þessum árum að glötuð sparifjármyndun á framsóknaráratugnum (miðað við að sama sparnaðarhlutfall hefði haldist og á viðreisnaráratugnum á undan) hefði kostað þjóðina um tuttugu milljarða króna. Það samsvaraði þá tíu þúsund íbúðum eða íbúðarhúsnæði fyrir fjörutíu þúsund manns; stærra íbúðahverfi en allt Breiðholtið í Reykjavík. Annar ungur fræðimaður reiknaði út að glataður hagvöxtur vegna ódaverðbólgunnar, reiknaður í nýjum atvinnugreinum sem ekki fengu að dafna, nýjum fyrirtækjum sem ekki fundu rekstrargrundvöll, betri stjórnun og meiri hagkvæmni ef stjórnendur fyrirtækja hefðu fengið tíma til að stjórna í stað þess að fleyta sér áfram í verðbólguvindlinu, hefði kostað þjóðina meira en sem svarar þjóðarframleiðslu á ári.

### Framsóknarhagfræði: Niðurtalning og skipulagshygga

En hvernig réttlættu talsmenn Framsóknarflokksins þessa ráðstjórnarhugsun um hagstjórn og starfsskilyrði atvinnulífsins í landinu? Ef flett er upp í stjórn málafræði Steingríms Hermannssonar á þessum árum voru lykilhugtök tvö: Niðurtalning og skipulagshygga. Niðurtalningin – ef hún merkti eitthvað – hlaut að snúast um afnám sjálfvirkra visitöluviðmiðana, hvort heldur var verðlags og launa eða ríkisútgjalda og fjárfestingarlána. En tvíburaflokkur Framsóknar á þessum árum, Alþýðubandalagið, hafði þá trúarsetningu að ekki mætti hrófla við visitöluþingbindingu launa (þótt veruleikinn neyddi forkólfa flokksins oftast en þeir vilja muna til að skerða verðbætur á laun samkvæmt kjarasamningum með valdbóði). Eftir að Steingrímur féllst á að framselja verkalyðshreyfingunni (ráðherrasósíalistunum) sjálfðæmi um lykilákvarðanir af þessu tagi í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var tomt mál að tala um niðurtalninguna. Árangurinn var eftir því.

Framsóknarflokkurinn tók við af viðreisn í 6% verðbólgu en skildi við í 70% verðbólgu og verðbólguhraða seinustu þrjú mánuðina sem svaraði til 130% ódaverðbólgu í suður-amerískum stíl. Það var reyndar Tómas Árnason, fjármála- og síðar viðskiptaráðherra, sem vildi halda Alþýðubandalaginu við efnið og „stilla því upp við vegg“ í þessu máli, en fékk ekki til þess stuðning Steingríms, sem síðar játaði að það hefðu verið mistök.

Og hvað með skipulagshyggjuna? Eftir atvikum er hægt að virða það sjónarmið að í undantekningartilvikum, þegar ytri áföll ríða yfir þjóðarbúið eins og til dæmis á seinasta kjörtímabili viðreisnar (1967–1970), þegar sildin hvarf og viðskiptakjör hriðfelli á erlendum mörkuðum, verði ríkisvaldið að grípa til tímabundinna bjargráða – neyðarráðstafana. En að koma heilu atvinnuvegunum á opinbert framfæri, þar með talið undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, er fullmikið. Einokun og fákeppni í inn- og útflutningsverslun; pólitísk stýring ríkisbanka og fjárfestingalánasjóða og úthlutun lánsfjár á gjafakjörum til hagsmunaaðila (einatt í atkvæðakaupaskyni) er líka einum of langt gengið. Sama máli gegnir um neikvæða vexti í ódaverðbólgu sem útrýmir innlendum sparnaði og gerir bankakerfi og fyrirtæki háð gengistryggðum erlendum lánnum. Ríkisforræði yfir atvinnulífinu, sem gerir heilbrigðum fyrirtækjum ókleift að starfa, getur ekki flokkast undir skipulagshyggju. Nær væri að kenna það við pólitíska þráhyggju. Það endar í skipbroti.

Það er því sist að undra þótt okkur jafnaðarmönnum hafi gengið illa að skilja þessa framsóknarhagfræði eða að okkur hafi þótt hún bæði vanhugsuð og yfirborðskennd. Þegar framansagt er haft í huga skilja menn ef til vill betur en ella merkingu pólitískra slagorða Alþýðuflokksins frá þessum árum eins og: „Gefum framsókn fri“ og „Mokum framsóknarflórin“ . Eða þegar við ráðlögðum kjósendum að senda jábræður framsóknar í lúðvísunni, „ráðherrasócialistana“, í andlega endurhæfingu til að stunda þar ærlega sjálfsgagnrýni og innhverfa ihugun. Í tvisgang lögðum við jafnaðarmenn fram ítarlegar og vandaðar tillögur um uppstokkun á þessu úrelta ríkisfor-sjárkerfi í stjórnarmyndunarviðræðum við Framsókn: Árið 1980 og árið 1983. Í báðum tilvikum var þeim vísað á bug með hroka og fengust ekki einu sinni ræddar. Mér er minnisstætt að Páll Pétursson frá Höllustöðum á að hafa kallað tillögur Alþýðuflokksins grálúsugar kratatillögur. Sjaldan veldur einn þá tveir deila.

### Að slá erlend lán fyrir útflutningsbótum

Mörgum mannum þótti á þessum dögum gagnrýni Alþýðuflokksins á hið steinrunna landbúnaðarkerfi öfgakennd og vildu tæpast trúá því að ástandið væri eins slæmt og við lýstum því. Þess vegna er mikill fengur að hinu mikla ritverki Dags Eggertssonar um stjórn málaferil Steingríms Hermannssonar, því að í þessari ævisögu vitnar Steingrimur sjálfur um reynslu sína sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Þetta er hin fróðlegasta lesning. Þar má lesa um vonlitla baráttu Steingríms við gæslumenn sérhagsmun-

anna í þessum tveimur atvinnuvegaráðuneytum, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu (1978–1983). Í kafla um hagsmunasamtök og stjórn fiskveiða segir Steingrímur eftirfarandi:

„Þetta eru kjöraðstæður fyrir öflug hagsmunasamtök. Ráðuneytin hafa ekki roð við þeim þegar verst lætur. Þannig getur eiginlegt vald og stefnumótun færst úr höndum löggjafar- og framkvæmdavalds til þeirra sem mest eiga í húfi. Kannski kom þetta best fram þar sem öflug atvinnugreinasamtök voru annars vegar, í stefnumótun í landbúnaðar- og sjávarútvegs-málum.“

Hvaða árangri náði Steingrímur í landbúnaðarráðuneytinu, að eigin sögn? Fyrst segir hann frá örlögum þingsályktunartillögu þar sem hann segir að hafi í fyrsta sinn verið kveðið á um að framleiðsla landbúnaðarafurða skyldi fyrst og fremst vera fyrir innanlandsmarkað. Þingsályktunartillagan gerði ráð fyrir fimm ára aðlögunartíma. Á þeim tíma átti að draga verulega úr offramleiðslu og afnema útflutningsbætur að miklu leyti. Örlög tillögunnar urðu hins vegar þau að hún hlaut aldrei formlegt samþykki á Alþingi. Og ekki farnaðist Steingrími betur, að eigin sögn, í næsta áfanga átakanna „við landbúnaðarafturhaldið“. Í því sambandi segir hann frá örlögum frumvarps sem hann stóð fyrir um framleiðsluráð landbúnaðarins. Með frumvarpinu var að því stefnt að draga úr offramleiðslu á búvörum og að leggja niður útflutningsbætur í þáverandi mynd á fimm árum. Til þess að vinna frumvarpinu fylgi fór Steingrímur á fimmtán fundi með bændum til þess að boða nýja landbúnaðarstefnu og segir á þriðja þúsund manns hafa sótt þessar samkomur.

Steingrímur segir að óttinn við breytingar hafi einkennt afstöðu Bændasamtakanna. Hins vegar var eins og verið væri að slíta úr þeim hjartað að ræða samdrátt í greinum landbúnaðarins. Hjá afurðadeild Sambandsins og Sláturfélagi Suðurlands kvað við svipaðan tón. Þeir urðu að hafa allt sitt á hreinu og vildu ekki tefla á tvær hættur. Fyrir þeim voru útflutningsbæturnar heilagt mál. Og hann bætir við: „Þegar Bændasamtökin og sláturleyfishafar lögðust gegn breytingum varð málið þungsótt í þingflokki Framsóknarflokksins. Þeir sem álitu sig málsvara bænda lögðust í linnulaust nöldur eins og gjarnan þegar breytingar í landbúnaðarmálum bar á góma. Þar fóru Stefán Valgeirsson og Páll Pétursson fremstir. Þegar mál er snertu bændur komu til umræðu var ekki óalgengt að þeir fengju því framgengt að framgangur þeirra ylti á því að stuðningur Stéttarsambands bænda lægi fyrir. Þar með færðist löggjafarvaldið nánast út úr þinginu. Þannig hlupust þingmenn að mínu mati undan ábyrgð. Í gegnum árin gildi þetta jafnt um Framsóknarflokk, Sjálfstæðisflokk og Alþýðubandalag.“

Steingrímur segir hagsmunaaðila hafa vitað að breytingar væru óumflýjanlegar en bætir við:

„Þá brast aftur á móti kjark til að stíga nauðsynleg skref til móts við breytta tíma. Þeir vörðu kerfið fram í raðan dauðann, dyggilega studdir af afturhaldssömustu þingmönnum allra flokka [það er utan Alþýðuflokksins] ... Að lokum komst ég hvorki lönd né strönd,“ segir Steingrímur „og sá enga aðra leið færa en að koma til móts við þessi sjónarmið. Ég lagði aðeins fram hluta upphaflega frumvarpsins um framleiðsluráðið, þann er laut að beinum samningum við bændur. Útflutningsbótakerfið hélt þar með lífi í meginatriðum og ég lagði fram frumvarp um að mæta fjárþörf þess með lántökum.“

Steingrímur kveðst hafa verið ósáttur við niðurstöðuna. Hann segir töluvert vera til í því að hann hafi verið „á flótta í málinu“. Sögunni lýkur með eftirfarandi játningu: „Ég hafði kynnst landbúnaðarafturhaldinu af eigin raun.“

### Að hætta annarra manna fé

Og ekki tók betra við í sjávarútvegsráðuneytinu að sögn Steingríms, þar sem ráðherrann „varð að gera sér að góðu að dansa á mjórri línu málamiðlana milli hagsmunahópanna“. Fyrir ráðherrann var tveggja kosta vö: Að dansa þennan línudans eftir pípu hagsmunaaðilanna eða að ráðast til atlögu gegn kerfinu og breyta því. Steingrímur dansaði. Lýsing hans á þessum bardaga við vindmyllurnar er á köflum áttakanleg, því að þetta var fyrirfram vonlaust stríð. Alveg eins og búvöruverð var ákveðið sjálfvirkt með viðmiðun við laun og aðrar hagstærðir, var það stjórnvalda að ákveða fiskverð. Við 40% verðbólguástig gekk það svona fyrir sig: Launafólk fékk kauphækkunar ársfjórðungslega í samræmi við verðlagsvisitölu. Atvinnurekendur veltu þeim kostnaðarauka út í verðlagið. Sjávarútvegurinn þurfti að fá fleiri krónur fyrir sína framleiðslu. Til þess varð að fella gengið. Það leiddi til hækkunar vöruverðs og visitölu og þar með launa. Þannig gekk verðbólguhringekjan með sjálfvirkum hætti – og ráðherrarnir lifðu af milli visitölu-tímabila.

Fiskverð var ákvarðandi fyrir hlut sjómanna. Markmið stjórnvalda var að reka sjávarútveginn að meðaltali á núllpunkti. Reglan var sú að það fiskverð sem útgerðin þurfti til að komast af var ídulega hærra en það sem fiskvinnslan gat borið. Oftar en ekki, segir Steingrímur, var því gripið til aðgerða eftir á, svonefndra „hliðarráðstafana“. Til að bjarga fiskvinnslu og útflutningsfyrirtækjum var gengi krónunnar fellt. Gengisfellingar juku á

vanda útgerðarinnar, sem var mjög háð oliuverði. Við fiskverðsákvörðun vofði ætíð yfir að of lágt verð myndi stöðva alla útgerð í landinu en of hátt verð legði landvinnsluna af. Flest voru fyrirtækin skuldsett upp í topp og viðkvæm fyrir minnstu áföllum. Þegar gripið var til gengisfellingar þurfti því að rétta hlut útgerðarinnar með sérstökum aðgerðum, millifærslum eða niðurgreiðslu á oliu.

Fiskveiðistjórnunin réðst frá árinu 1977 af svokölluðu skrapdagakerfi sem Steingrímur tók að erfðum frá Matthíasi Bjarnasyni, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra íhaldsins og keppinautar um hylli Vestfirðinga. Það þýddi að þorskveiðar voru stundaðar samkvæmt reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“. Útgerðir kepptust því um að gera út stærri skip með öflugri veiðarfærum í því skyni að hreppa stærri hlut en aðrir, þá daga sem veiðar voru leyfðar. Þetta var náttúrlega galið kerfi. Steingrímur segir eftirfarandi sögu af Kristjáni Ragnarssyni, framkvæmdastjóra LÍÚ: Kristján var eitt sinn að því spurður hvers vegna útgerðarmenn sæktu svo stift eftir heimildum til að kaupa nýja og stærri togara fyrst þeir væru reknir með bullandi tapi. Kristján svaraði og eflaust af hreinskilni, að það gerðu þeir vegna þess að þeir þyrftu þá ekki að hætta sínu eigin fé við fjárfestingarnar. Þeir fengju lánað nær til fulls fyrir kaupunum úr opinberum sjóðum og veðin væru aðeins í skipunum sjálfum. Útgerðarmenn hefðu því engu að tapa.

Skipakaup voru fjármögnuð að stórum hluta með lánnum úr Fiskveiðisjóði, sem eins og önnur lán voru á neikvæðum vöxtum þar til verðtryggingunni var komið á að frumkvæði okkar krata. Framkvæmdastofnun eða Bygðasjóður brúðu síðan bilið í nafni byggðastefnu. Þau lán voru enn hagstæðari. Lánshlutfallið úr opinberum sjóðum við endurnýjun skipa gat orðið allt að 90–95 af hundraði. Við þessar aðstæður var látlaus þrýstingur á ráðherrann að leyfa skipainnflutning. En þegar hér var komið sögu var það mat fiskifræðinga að sóknargeta flotans væri orðin talsvert umfram afrekstursgetu fiskistofna. Ný skip, stærri og öflugri með meiri veiðigetu, þýddu því stærri og öflugri flota til að veiða færri fiska sem var ávísun á meiri óhagkvæmni, hærri rekstrarkostnað og meira tap sem endanlega kom í hlut almennings að greiða samkvæmt sjálfvirkri gróðamyndunaraðferð verðbólgunnar, hinni stöðugu tilfærslu fjármuna frá almenningi til skuldunauta.

Steingrímur segist í hjarta sínu hafa verið sammála okkur hinum sem gagnrýndum hann hvað harðast fyrir að stuðla að offjárfestingu í fiskiflotanum, eins og áður hafði verið offjárfest í landbúnaðarframleiðslu án minnsta tillits til eftirspurnar á markaði. Steingrímur rifjar upp kostulega sögu um það hvernig hann var plataður af óvönduðum útgerðarmönnum

í skipainnflutningsmálum. Þessi saga heyrir reyndar undir ævintýri Münchhausens eða Bakkabræðra, en er rækilega tíunduð í ævisögu Steingríms sjálfs. Steingrímur ber þó af sér sakir um að hann hafi reynst undanláts-samari en forveri hans fyrir þrýstingi um fjölgun skipa og stækkun flotans. Samt viðurkennir hann að hvorki fjöldi skipa né brúttórúmlestir sé rétti mælikvarðinn á skipastólinn heldur afkastagetan í heild. Og þrýstingurinn kom ekki bara frá einstökum útgerðarmönnum heldur einnig þingmönnum, ekki sist fyrirgreiðslumönnum í stjórnnum Framkvæmdastofnunar ríkisins og hjá Byggðasjóði (þingmönnum úr hans eigin flokki og samstarfsflokkinum). Og ekki er laust við að sjá megi flokkspólitískan lit á þeim leyfisveitingum, hvað svo sem leið allri arðsemi eða hagkvæmni.

Hver er niðurstaðan? Hvers vegna réðst verkfræðingurinn Steingrímur ekki til atlögu við þetta ónýta kerfi? Hvers vegna kaus hann að dansa línudansinn eftir pípu hagsmunaaðilanna? Og hvað með stefnu Framsóknarflokksins? Hvað með niðurtalninguna? Hvers vegna var ekki gengið hart fram í því að höggva á hnút hinnar sjálfvirku víxlhækknaverðbólgu sem gróf jafnt og þétt undan stöðugleika og rekstrarskilyrðum atvinnuvega? Hvers vegna var Alþýðubandalagið látið ráða ferðinni í þeim efnum? Hvernig gat Steingrímur varið það fyrir sinni verkfræðilegu hugsun að þetta pólitíska skömmunarkerfi gæti komið í staðinn fyrir að atvinnurekendur stæðu eða féllu með þeim ákvörðunum sem þeir tækju um áhættu og arðsemi? Kerfið bauð spillingunni heim. Hvar lærði Steingrímur það að pólitískt úthlutunarkerfi af þessu tagi gæti gengið undir nafninu skipulagshyggja? Hvers vegna hafnaði hann ítrekað tillögum Alþýðuflokksins sem allar snerust um uppstokkun og kerfisbreytingu í þessu vonlausa ástandi?

Og það er nokkrum spurningum enn ósvarað: Hvers vegna leitaði Framsóknarflokkurinn ævinlega fóstbræðralags við Alþýðubandalagið á framsóknaráratugnum, vitandi að Alþýðubandalagið útilokaði „niðurtalninguna“? Og hvers vegna féllust Steingrímur og félagar á þá kröfu Alþýðubandalagsins að samstarfsstjórnir þeirra skyldu vera settar í gislingu verkalyðshreyfingarinnar (les: Alþýðubandalagsforystunnar), þrátt fyrir bitra reynslu Hermanns Jónassonar af pólitískri gislatöku af því tagi haustið 1958, þegar það kostaði ríkisstjórn hans lífið? Hvers vegna gekk Steingrímur vasklega fram fyrir desemberkosningarnar 1979 og visaði „leiftursókn“ íhaldsins á bug sem þjóðhættulegri – vegna hættu á atvinnuleysi og kreppu – en tók síðan að sér sem forsætisráðherra að vali Sjálfstæðisflokksins að framkvæma þá stefnu upp úr kosningum 1983? Og hvers vegna náði sú ríkisstjórn þrátt fyrir allt ekki tilætluðum árangri? Það er vegna þess að verðbólgan – sjúkdómseinkenni hagkerfis sem er úr jafnvægi – verður

aldrei kveðin niður með einu saman afnámi verðbóta á laun. Þar þurfti miklu meira til. Það þurfti „uppstökkun á ónýtu kerfi“ (eins og því sem Steingrímur upplifði á ráðherraárum sínum) og „kerfisbreytingu í átt til markaðskerfis og samkeppni“, eins og við jafnaðarmenn prédikuðum fyrir daufum eyrum yfir hausamótum framsóknarmanna á framsóknaráratugnum.

Það átti svo eftir að koma í ljós þegar við Steingrímur sórumst í fóstbræðralag við óblið skilyrði undir lok níunda áratugarins að þá náðum við sameiginlega umtalsverðum árangri á öllum þeim sviðum þar sem við gátum beitt okkur í að brjóta niður þetta úrelta kerfi. Undantekningin var eftir sem áður landbúnaðarkerfið, hinar heilögu kýr framsóknarmanna þriggja flokka. Samt tókst mér í Gatt-samningunum árið 1989 að koma útflutningsbótunum fyrir kattarnef – þessum matargjöfum handa ríku útlendingum – og þá með stuðningi Steingríms.



## KAFLI XV

# Rödd hrópandans í eyðimörkinni

Eitt var það mál sem Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra lagði metnað sinn í að reyna að koma í höfn áður en hann yfirlæti vígvöll stjórnmalanna: Það var endurskoðun stjórnarskrár og í tengslum við hana endurskoðun kosningalaga. Hinn 6. maí 1978 ályktaði Alþingi að tilnefna níu menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmalaflokka sem fulltrúa áttu á Alþingi. Með erindisbréfi var nefndinni falið að skila álitserð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaganna, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Nefndin skilaði til þingflokka fjórum skýrslum, þar á meðal skýrslu um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og sérstakri skýrslu um kjördæmamál.

Þótt doktor Gunnar væri orðinn forsætisráðherra og færi létt með það, sagði hann ekki af sér formennsku í þessari virðulegu nefnd. Reyndar held ég að Gunnar hafi verið í stjórnarskrárnefnd allan lýðveldistímann. Þegar hér var komið sögu hafði nefndin verið skipuð að nýju í forsætisráðherra-tíð Ólafs Jóhannessonar. Doktor Gunnar var formaður, við Gylfi Þ. Gíslason voru fulltrúar Alþýðuflokksins og Ólafur Ragnar og Ragnar Arnalds voru fulltrúar Alþýðubandalagsins, frá Framsókn voru Þórarinn Þórarinsson og Sigurður Gíslason og frá Sjálfstæðisflokknum Matthías Bjarnason og Tómas Tómasson. Dr. Gunnar G. Schram var starfsmaður nefndarinnar.

Það var á vettvangi stjórnarskrárnefndar sem ég kynntist Gunnari Thoroddsen í návígi. Metnaður hans var að ljúka marglofaðri endurskoðun stjórnarskrárinnar sem farist hafði fyrir allan lýðveldistímann og skila sameiginlegum tillögum til þings fyrir lok kjörtímabilsins. Ég held að Gunnar hafi litið á það sem verðugan svanasöng sinn.

Engu breytti þótt ríkisstjórnin rambaði á þriggja mánaða fresti á barmi

glötunar og doktor Gunnar yrði að eyða ómældum tíma í að halda saman hinni sundruðu hjörð sem að stjórninni stóð. Alltaf gaf hann sér tíma til að halda fundi í stjórnarskrárnefnd. Meira að segja gaf hann sér tíma til að boða nefndina til fundar úti á landi um helgar. Þótt þjóðfélagið væri allt á hvolfi og fjölmiðlar væru fullir af frásögnum um yfirvofandi þjóðargjaldþrot sat doktor Gunnar fyrir borðsendanum sallarólegur, yfirvegadur og háttvís; og höfðinglegur, eins og yfirvofandi stórslys kæmi honum ekki við.

Vinnunni miðaði áfram, hægt en örugglega. Mál voru rædd kerfisbundið, lið fyrir lið og nefndarmenn skiluðu tillögum. Doktor Gunnar hélt mönnum hægt og hljóðlega við efnið. Það var auðfundið að hann bjó yfir ótrúlegri þekkingu, ekki bara á stjórnarskránni, sögu hennar og merkingu, heldur nánast allri löggjafarsögu landsins. Stjórn málasöguna hafði hann á hraðbergi og þekkti út í æsar. Hann kryddaði mál sitt með gamansögum sem einkenndust af finlegum húmor. Ef við hinir yngri menn ætluðum að fara í hár saman eða ágreiningur þótti keyra úr hófi kunni Gunnar ævinlega ráð til þess að bera klæði á vopnin og létta mönnum gedið með góðlátlegu gamni. Það var ómögulegt annað en að dást að þessum fágáða og aðlaðandi persónuleika.

Mér var mikið í mun að varðveita þá grein gömlu stjórnarskrárinnar þar sem kveðið var á um landvarnarskyldu þegna lýðveldisins með óförgengilegu orðalagi. Þar sagði eitthvað á þá leið að hverjum þeim manni sem hestfær og ölfær gæti talist væri skylt að koma fósturjörðinni til varnar ef á hana væri ráðist. Doktor Gunnar hafði lúmskt gaman af innblásinni málsvörn minni fyrir þessu fyrnskulega ákvæði úr gömlu dönsku stjórnarskránni.

Í minningarorðum um doktor Gunnar að honum látnum 30. september 1983 segi ég eftirfarandi:

„Hverra mannkosta leitum við í fari þeirra manna sem örlagadísirnar kjósa að leiða í fremstu víglínu stjórnámálanna? Um það höfum við aðeins óljóst hugboð. Samt vitum við að slíkur maður þarf að búa yfir víðtækri þekkingu, án þess þó að vera aðeins fræðimaður eða fangi tillærðra kennisetninga á þröngu sérsviði. Hann þarf að sameina rökvisi málflytjandans og galdur rithöfundarins, án þess þó að tynast í aukaatriðum eða láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur. Hann þarf að vera gæddur atorku, stjórnssemi og mannþekkingu athafnamannsins, án þess þó að falla í þá freistni að láta eigin hag sitja í fyrirrúmi.

Fyrst og síðast þarf hann trúlega að þekkja sitt fólk, án þess þó að loka augunum fyrir göllum þess og veikleikum. Honum er lífsnauðsyn að skilja

hugsunarhátt þjóðar sinnar, vonir hennar og drauma. Og hann þarf að kunna þá vandlærðu list að laða saman ólíka einstaklinga til sameiginlegra átaka, framkalla fórnfýsi þeirra og hrifa þá með út í baráttuna. Og samt er þetta til lítils ef þessir ólíku eðliskostir falla ekki saman í einn farveg, heldur brjótast hver í sína áttina, glutrast niður og týnast á við og dreif.

Það sem þarf til að stilla saman svo ólíka strengi er listamannseðli. Það er innsæi listamannsins sem eitt getur rætt saman brotabrotum mannlífsins í eina heild; það er þetta sjötta skilningarvit listamannsins, sem eitt getur lyft huganum yfir hið hversdagslega og skynjað heildardrættina í samhengi og sögu samtíðar. Það var þetta listamannseðli sem gerði Gunnar Thoroddsen að eftirminnilegum stjórnmálamanni.“

Gunnar Thoroddsen var í essinu sínu þar sem hann sat við borðsendann í gamla stjórnarráðshúsinu á fundum stjórnarskrárnefndar. Þar naut hann ríkulegrar lagabekkingar sinnar og langrar pólitískrar reynslu. Á þessum fundum hreifst ég af frásagnarlist hans og faguðu skopskyni. Gunnar var ekki einasta langminningur á lög og dóma heldur líka á það tvíræða og kímilega við alvöru lífsins. Eins duldist mér ekki yfirveguð mannþekking hans og verkstjórnarhyggindi þótt hægt miðaði á köflum. Það er undarleg þversögn í lífi stjórnmálamannsins að nái hann ekki hylli fjöldans fær hann litlu áorkað. Sé hann ekki einfari í innsta eðli sem sækir sér andlegan styrk í einveru og ihygli hefur hann litlu að miðla öðrum. Þessa þversögn yfirvann Gunnar Thoroddsen í pólitísku starfi sínu. Þeir sem þekktu hann fundu brátt að hann var maður dulur að eðlisfari og átti sinn einkaheim sem flestum öðrum var lokaður. Það var heimur listamannsins, fagurkerans og fræðimannsins. Og þótt allur almenningur hafi lítt kynnst þessum þætti í fari Gunnars skynjaði hann einmitt þess vegna eitthvað við hann sem hreif og heillaði og var honum ráðgáta í senn.

Gunnar Thoroddsen heldur áfram að vera okkur flestum talsverð ráðgáta. Hver sem verður dómur sögunnar um síðir er það víst að hann verður okkur lengi minnisstæður sem mikill pólitískur sjarmör. Hann hóf feril sinn sem yngsti þingmaður þjóðarinnar og lauk honum sem aldursforseti íslenskra stjórnmála. Enginn samtímamanna hans á hinu pólitíska leiksviði hefur haldið athygli leikhúsgesta jafnlengi. Við leikslok, þegar sviðið stóð eftir autt, fundum við að margbrotinn og fjölkunnugur listamaður hafði skilað sínu seinasta hlutverki.

## Mannréttindaskrá

Í tillögum stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild var að finna fjölmörg nýmæli. Meðal þeirra þýðingarmestu má nefna tillögur um gagngerar umbætur á störfum Alþingis, til dæmis að Alþingi skuli framvegis starfa í einni deild; um aukið vald og verksvið þingnefnda; um að þingrofsrétturinn færist frá forsætisráðherra og ríkisstjórn til meirihluta Alþingis; um að heimild ríkisstjórnar til útgáfu bráðbirgðalaga verði verulega þrengd frá því sem nú er; stórum ítarlegri mannréttindaákvæði, til dæmis um bann við afturvirkni skattalaga og um umboðsmann Alþingis. Þá er þar að finna ákvæði um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu og ný ákvæði um það, hvernig stjórnarskránni verði breytt. Þetta eru nokkur dæmi af mörgum nýmælum og tillögum stjórnarskrárnefndar sem lúta að styrkingu löggjafarvaldsins og auknum réttindum íslenskra ríkisborgara.

Það var á allra vitorði að forystumenn Sjálfstæðisflokksins báru slíkan hefndarhug til Gunnars Thoroddsens að þeir gátu ekki unnt honum þess að réttarbætur til handa almenningi í landinu yrðu framvegis tengdar nafni hans. Gunnar skildist því þannig við þetta mál að hann birti heildartillögur stjórnarskrárnefndar sem starfað hafði undir hans forystu í formi þingsályktunartillögu undir þinglok 1983, þar sem tillöguna dagaði uppi og hún mátti vikja fyrir hugaræsingi flokksformanna í aðdraganda kosninga.

Í fyrstu skýrslu stjórnarskrárnefndar segir að nefndarmenn hafi rætt hugsanlegar breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi út frá því sjónarmiði að þær fullnægi þremur skilyrðum: 1) Auknu jafnvægi atkvæðisréttar kjósenda milli kjördæma, eða án tillits til búsetu; 2) auknu jafnræði milli stjórnsmálaflokka og þar með stjórnsmálaskoðana, hvað varðar atkvæðamagn að baki hverjum þingmanni; 3) og að réttur kjósenda til persónukjörs verði aukinn.

## Atkvæðisréttur og verslunarvara

Í hugum flestra snerist stjórnarskrármálið um það, hversu Alþingi skyldi skipað. Með öðrum orðum um kjördæmaskipan og kosningarétt. Umræðan snerist aðallega um tvennt: Hvort réttlátt gæti talist að til dæmis Strandamenn hefðu fimmfaldan atkvæðisrétt á við Suðurnesjamenn. Eða, öðruvísi orðað, hvort kjósandi í Höfnum væri fullsæmdur af fjórða parti úr atkvæði á við frænda sinn á Hofsósi. Sá sem flutti búferlum frá Suðureyri til Suðurnesja varð að skilja eftir 4/5 hluta atkvæðisréttar síns, áður en

hann fór fyrir Gilsfjarðarbotn. Þetta þótti mér löngum sköndin stjórnлагаfræði. Jafnframt var spurt, hvort eðlilegt gæti talist að meirihluti þingmanna sæti í því sem kallað var „öruggum sætum“. Með þessu fyrirkomulagi var það ekki fjarri lagi að sumir þingmenn hafi haft þingsæti sín að léni, líkt og konunghollir furstar á miðöldum. Samkvæmt þessu kerfi voru kosningar að verulegu leyti formsatriði, hvað varðaði val þingmanna að stórum hluta. Þess vegna vildum við leita leiða til að auka rétt kjóсандans til persónuvals, í stað þess að hann ætti þann kost einan að krossa við stafrófið, það er listabókstaf eins flokks.

Mér var mikið í mun að markmiðum stjórnarskrárnefndar yrði náð án fjölgunar þingmanna sem leysti engan vanda, nema þá þingmanna sjálfra. Upphaflega var þeim þó ætlað að leysa vandamál, en ekki að vera vandamál. Niðurstaða umræðna í stjórnarskrárnefnd og rannsókn á gildandi kosningakerfi með öðrum þjóðum benti til þess að þessum markmiðum yrði ekki náð nema með róttækum breytingum á kjördæmaskipaninni sjálfri. Þeir sem hagvanastir voru í Alþingishúsinu við Austurvöll fullyrtu hins vegar að þingmenn myndu daufheyra við róttækum breytingatillögum. Samkvæmt stjórnarskránni hafa þingmenn nánast sjálfðæmi í málinu. Þess vegna var hætta á því að samnefnari málamiðlunarinnar milli flokka yrði einungis fjölgun þingmanna.

Ýmsir talsmenn landsbyggðarinnar vildu réttlæta ríkjandi mismunun atkvæðisréttar með vísan til þess að sumir þjóðfélagshópar, einkum þeir sem í dreifbýli búa, beri skardan hlut frá borði í samfélagslegri þjónustu. Menn nefndu til dæmis háan kyndingarkostnað á olíusvæðum, lélegar samgöngur, bágborna heilbrigðisþjónustu, takmarkað skólalald og svo framvegis. Sumir létu jafnvel á sér skiljast að þeir væru reiðubúnir til pólitískrar verslunar með atkvæðisréttinn gegn auknum fjárframlögum ríkisins til þessara hluta. Landsbyggðarþingmenn létu sér sæma að tala um það opinskátt á Alþingi að grundvallarmannréttindi einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi mættu gjarnan verða að pólitískri verslunarvöru.

Þeir sem helst tíunduðu ókosti þess að búa í dreifbýli slepptu gjarnan að minnast á kostina. Þéttbýlið hefur sína ókosti, eins og til dæmis tímafrek ferðalög til og frá vinnu, meiri bensinkostnað vegna lengri vegalengda sem aka þarf daglega, torveldara samneyti við óspjallaða náttúru, meiri hraða, ys og þys og streitu. Engan heyrði ég samt nefna þetta sem röksemd fyrir auknum kosningarétti þéttbýlisbúa. Enda jafnfráleitt.

Fjölmargir þjóðfélagshópar búa við skerta aðstöðu til að njóta félagslegrar þjónustu. Manni verður fyrir að nefna sjómenn sem eru langdvölum fjarri heimilum sínum. Einnig mætti nefna til sögunnar hreyfihamlaða og

fatlaða sem eiga óhægara um vik en aðrir að komast leiðar sinnar um opinberar þjónustustofnanir. Leiða má rökin fyrir misvægi atkvæðisréttar, landsbyggðarbúum í hag, til fráleitrar niðurstöðu með því að spyrja: Eigum við að bæta sjómönnum og hreyfihömludum það upp með til dæmis fimmföldum atkvæðisrétti á við þá sem vinna í landi eða á við þá sem Guð hefur gefið óskerta líkamlega heilsu? Og það má spyrja áfram: Konur eru áberandi fáar á Alþingi. Eigum við að bæta þeim það upp með því að þrefalda atkvæðisrétt kvenna? Aldrei heyrði ég Samtök um kvennalista bera fram þá kröfu.

Því heyrðist fleygt í þessu sambandi að Íslendingar myndu una því illa, til dæmis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að fara þar með minna en eitt atkvæði á móti þúsund milljón kinværskum. Hvers vegna þá að gera verður út af bara fimmföldu atkvæðamisrétti í okkar eigin þjóðfélagi? Hér er enn og aftur verið að rugla saman óskyldum hlutum. Samvinna fullvalda ríkja á alþjóðavettvangi felur í sér eins konar samning. Alþjóðasamvinna fullvalda ríkja felur í sér nokkurt afsal fullveldis. Þar á móti kemur að þessi samvinna er gagnkvæm og tekin upp af frjálsum og fúsum vilja og á jafnréttisgrundvelli. Íslendingar vilja ekki að Kinværjar ráðskist með sín mál og breytir engu þótt okkur gangi það brösótt sjálfum. Trúlega er þetta gagnkvæmt.

### Landið eitt kjördæmi

Um svo augljós rök á ekki að þurfa að deila. Þess er skemmst að minnast að það var ríkjandi skoðun íhaldsmanna í eina tíð að atkvæðisréttur ætti að vera bundinn eign og efnahag. Menn urðu að vera gildir bændur, eiga nokkur kýrhundruð í landi eða nokkrar spesiur í handraðanum til þess að fá að neyta atkvæðisréttar. Sömuleiðis þótti þeirrar tíðar íhaldsmönnum fráleitt að konur teldust fullgildir þegar. Það var sögulegt hlutverk jafnaðarmanna og annarra frjálsslyndra afla að kveða niður slíka fordóma. Ásamt með almannatryggingum var það helsta baráttumál Alþýðuflokksins fyrsta hálfan annan áratug sögu sinnar að tryggja ungu fólki og efnalitlu þau almennu mannréttindi sem felast í óskertum og jöfnum kosningarétti. Héðinn Valdimarsson lét sig ekki muna um það að flytja árið 1927 frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá sem gerði ráð fyrir *fækkun þingmanna um þriðjung*. Hins vegar hvarflaði aldrei að honum að gera kosningarétt öreiga í þéttbýli að verslunarvöru við sveitaafturhald þeirrar tíðar. Þess vegna þótti mér það ósæmandi jafnaðarmönnum, hvar sem þeir hafa valið sér búsetu, að vekja upp slíkar afturgöngur sem við héldum að löngu væri búíð að kveða niður.

Við mættum gjarnan minnst þess að þegar Héðinn Valdimarsson flutti fyrst frumvarp um byggingu verkamannabústaða í Reykjavík risu mosa-vaxnir íhaldsfauskar upp á afturfætturna og mótmæltu því. Röksemdirnar áttu að heita þær að verkamannabústaðir á mölinni myndu ýta undir fólksflóttu úr sveitum, þar sem væri að finna allt það besta sem til væri með þjóðinni. Nær væri að verkamenn flyttu upp í sveit. Ef fjallið vildi ekki koma til Múhameds, átti Múhamed að koma til fjallsins.

Þvilikar röksemdir höfðu ekki heyrst í hálfra öld þar til þáverandi formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Páll Pétursson frá Höllustöðum, sagði í útvarpsviðtali að Reykvikingar og Suðurnesjamenn gætu bara flutt upp í sveit ef þeir gerðu kröfur til sama atkvæðisréttar og Húnvetningar. Aulafyndni af þessu tagi er tæpast svara verð. Grundvallarreglan: Einn maður – eitt atkvæði, er hvorki meira né minna en hornsteinn lýðræðis-legrar þjóðfélagsskipunar. Atkvæðisrétturinn er hverjum einstaklingi óafsalanleg mannréttindi. Hann á ekki að vera pólitísk verslunarvara. Hann á ekki að vera falur. Menn sem kenna sig við lýðræðisjafnaðarstefnu geta undir engum kringumstæðum léð máls á stuðningi við þvilik íhaldssjónarmið.

Árið 1932 gaf Alþýðuflokkurinn út í bæklingi greinargerð Jóns Baldvinssonar fyrir störfum hans í millipinganevnd um kjördæmamálið. Stefna Alþýðuflokksins í málinu kemur fram í heiti bæklingins: „Landið eitt kjördæmi.“ Með því móti, segir Jón Baldvinsson í niðurlagsorðum greinargerðarinnar, „er viðurkennt á borði jafnrétti kjósenda til að hafa áhrif á skipun Alþingis, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Þá fellur það niður, sem nú er algengast, að alþingismenn telji sig fulltrúa fyrir tiltekinn fjölda ferhyrningsmílna af meira eða minna hrjóstrugu landi, jöklum og eyðisöndum. Þá verða þeir fulltrúar þjóðarinnar, fulltrúar fólksins, sem landið byggir.“

### Lægsti samnefnarinn

Formenn stjórnmalaflokkanna náðu málamiðlun sín í milli um lægsta samnefnara lágkúrunnar í þessu mannréttindamáli. Það var Kjartani Jóhannssyni, formanni Alþýðuflokksins, til sóma að hann neitaði að skrifa upp á modsuduna. Í stað hans lét Magnús H. Magnússon, varaformaður flokksins, tilleiðast að ábekja vixilinn. Formennirnir fluttu „frumvarp til stjórnskipunarlaganna“, þar sem þeir sniðgengu allar tillögur stjórnarskrárnefndar um réttarbætur almenningi til handa og sameinuðust um tvennt: Að fjölga þingmönnum um þrjá og að binda kosningarétt við 18 ára aldur í stað 20

ára áður. Það var allt og sumt. Þrátt fyrir fjölgun þingmanna náðist ekki meiri árangur í átt til jafnari atkvæðisréttar en þegar hafði náðst með kjördæmabreytingunni árið 1959: Misvægi atkvæðisréttar var áfram 1:2,6. Sú skipan var þannig staðfest að um 60% kjósenda ættu aðeins að kjósa 29 þingmenn af 63; 40% þjóðarinnar áttu áfram að kjósa meirihluta þingmanna. Og það sem verra var: Frumvarpið gerði ráð fyrir að binda þetta misvægi atkvæðisréttar í *stjórnarskrá*. Sá meirihluti þingmanna sem þetta samþykkti samanstóð af þingmönnum sem minnihluti þjóðarinnar hafði kosið. Kröfum um aukinn rétt kjósenda til persónuvals við kosningar var í engu sinnt. Þetta staðfesti hversu óeðlilegt og óvæðigandi það er að þingmenn, sem margir hverjir eiga endurkjör sitt undir margföldu misvægi atkvæðisréttar kjósenda, skuli hafa síðasta orðið um breytingar á kjördæmaskipun, kosningalögum og almennum reglum um úthlutun þingsæta. Æskilegra væri að þjóðin sjálf hefði hér síðasta orðið með almennri þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar itarlegrar umræðu með þjóðinni allri, fyrir öllum tjöldum.

Ég var gersamlega andvígur fjölgun þingmanna. Eftir stutta þingreynslu hafði ég komist að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að fækka þingmönnum. Á sama tíma ætti að bæta starfsaðstöðu þeirra, einkum að því er varðar greiðari aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf á sviði löggjafar og ýmissa tæknilegra málefna; það mætti flokka undir gæðastjórnun og ætti að skila raunverulegum árangri í bættri löggjöf og skynsamlegri niðurstöðu í þingstörfum. Auk þess taldi ég það lágmarksskilyrði til að sætta sig við tapaða orrustu í þessu máli að um leið yrði bundið í stjórnarskrá ákvæði sem fæli í sér sjálfvirka leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu fyrir hverjar kosningar í framtíðinni. Ákvæði um lágmarkstölu þingsæta í hverju kjördæmi ætti því að vera að finna í kosningalögum alveg eins og þær almennu reglur sem beita á við skiptingu þingsæta milli flokka. Þannig mætti breyta fjölda þingmanna með einföldum meirihluta á Alþingi sem ekki kallaði á viðamikla og vandmeðfarna stjórnarskrárbreytingu. Þetta mál er eitt af eilífðarmálunum í íslenskum stjórnámálum. Það verður viðvarandi vandamál þangað til landið verður gert að einu kjördæmi á grundvelli þeirrar ófrávikjanlegu mannréttindareglu að jafn atkvæðisréttur sé hornsteinn lífðæðislegur stjórnskipunar. Ef til vill þokumst við í þá átt með hraða snigilsins eftir að menn hafa áttað sig til fulls á klúðrinu í kringum seinustu kjördæmabreytingu.

## Prófkjör í aftakaveðri

Fulltrúaráð Alþýðuflokksins í Reykjavík ákvað að efna til opins prófkjörs um skipun fjögurra efstu sæta á framboðslista okkar jafnaðarmanna í Reykjavík fyrir kosningarnar vorið 1983. Prófkjórið fór fram helgina 27.–28. nóvember 1982. Þátttökurétt höfðu allir sem voru á kjörskrá í Reykjavík og ekki voru flokksbundnir í öðrum stjórnmalaflokkum. Ég ákvað strax að taka þessa prófkjörsbaráttu alvarlega og lýsti því yfir að ég stefndi á forystusætið. Ég hóf kosningabaráttuna með opnum fundi á Hótel Borg 14. nóvember, þar sem ég flutti stefnuskrárræðu. Ræðan var gefin út í bæklingi undir heitinu: „Málstaður til að berjast fyrir.“ Auk þess gaf ég út bækling undir heitinu „Stefna í stað stjórnleysis“ þar sem ég dró saman í hnitmiðuðu máli gagnrýni okkar jafnaðarmanna á ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og lýsti í þrjátíu greinum hvað Alþýðuflokkurinn vildi gera í staðinn í helstu málaflokkum. Með þetta veganesti fór ég á um þrjátíu fjölmennustu vinnustaði í Reykjavík og kynnti stefnumálin.

Enn einu sinni sýndi minn gamli félagi, Björn Jónsson, fyrrverandi forseti Alþýðusambandsins, mér vinarbragð. Hann sendi út bréf í eigin nafni til flokksbundins alþýðuflokksfólks og trúnaðarmanna í verkalyðshreyfingunni. Í bréfi sínu sagði Björn: „Að minnu mati hefur Jón Baldvin sýnt það í þessari kosningabaráttu, að hann er best til forystu fallinn. Hann hefur sterkt pólitískt aðdráttarafl, langt út fyrir raðir flokksmanna. Það sanna fjölsóttir fundir hans að undanfögnu og frammistaða hans á vinnustöðum fólksins. Verði efnt til klofningsframboðs gegn flokknum, reynir á það meira en ella, að stafnbúinn sé hvort tveggja, vígfimur og vígreifur.“

Helgina fyrir prófkjórið efndi Alþýðuflokkurinn til fjölskylduhátíðar á Broadway. Samkvæmt frásögn *Alþýðublaðsins* sóttu milli 1.200 og 1.500 manns samkomuna, „varlega áætlað“. Skorað var á foreldra að taka börnin með, enda sáu sjálfboðaliðar um að hafa ofan af fyrir þeim í anddyrinu. Eitt nýmælið var að bæklingar og kynningarrit um stefnumál voru seld fyrir andvirði sigarettupakka til að hafa upp í kostnað. Reynt var með ýmsum ráðum að skapa notalega fjölskyldustemmningu: Atli Heimir sat við flygilinn og spilaði ragtime; ýmsir listamenn, vinir okkar, tróðu upp með stutt skemmtiatriði, þeirra á meðal Bryndís og Laddi (í gervi Þórðar húsvarðar úr *Stundinni okkar*), Róbert Arnfinnsson, Sigfús Halldórsson, Haukur Morthens og Karlakór Reykjavíkur undir stjórn Guðmundar Gilssonar. Frambjóðandinn gekk um sviðið með hljóðnema í hönd og lét gamminn

geysa. Ég sagði sögur af brautryðjendum hreyfingarinnar í árdaga: Héðni og verkamannabústöðunum, Haraldi og almannatryggingunum – til þess að rifja upp fyrir fólki um hvað þetta stríð hefði staðið og til að sýna að það hefði skilað árangri. Ég gerði góðlátlegt grin að andstæðingunum og lagði út af Jóni Hreggviðssyni: „Vont er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti.“ Ég reyndi að blása fólki í brjóst bjartsýni á framtíðina, þrátt fyrir stundarmótlæti; með vísan til Vilmundar varaði ég við klofningsframboði og sagði sögur af geðshræringum fyrr á tíð sem ollu usla og urðu að engu en voru þó óvinafagnaður; og ég talaði um hreyfingu okkar jafnaðarmanna sem hluta af alþjóðlegri mannréttindahreyfingu og vitnaði í félagi Willy Brandt og Olof Palme og reyndi að fá áheyrendur mína til að lyfta huganum og stækka sjóndeildarhringinn.

Rósin og hnefinn – hið alþjóðlega tákn jafnaðarstefnunnar – blasti við hvert sem litíð var, innan dyra og utan. Ég var orðinn bjartsýnn á góða þátttöku í prófkjörinu. En þegar prófkjörshelgin rann upp var ég minntur á að skjótt skipast veður í lofti bæði í náttúrunni og pólitíkinni. Það gerði aftakaveður um allt land þessa helgi. Þátttakan reyndist verða innan við 2.000 manns. Það olli okkur vonbrigðum. Við höfðum búist við þátttöku allt að 6.000 manns sem hefði gefið okkur blásandi byr í upphafi kosninga-baráttunnar. Niðurstaða prófkjörsins varð sú að við Jóhanna Sigurðardóttir skipuðum tvö efstu sætin en Bjarni Guðnason prófessor hafði 26 atkvæði umfram Ágúst Einarsson í þriðja sætið. Þetta þýddi að knattspyrnufélagið Víkingur hafði naumlega yfirhöndina yfir AKOGES, félagsskap brottfluttra Vestmannaeyinga á höfuðborgarsvæðinu. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með það hvað Ágúst Einarsson tók úrslitunum illa. Hann neitaði að taka sæti á listanum og gekk síðar til liðs við Vilmund í Bandalagi jafnaðarmanna. Marianna Friðjónsdóttir, þritug dagskrárgerðarkona hjá Sjónvarpinu, tók fjórða sætið en Guðríður Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og þáverandi framkvæmdastjóri Bandalags háskólanna, það fimmta. Með Rögnu Bergmann, formann Verkakvennafélagsins Framsóknar, í sjötta sæti varð niðurstaðan sú að konur skipuðu fjögur af sex efstu sætum framboðslistans. Það þótti mér ekki lakara með hliðsjón af væntanlegu þingframboði Samtaka um kvennalista. Það eina sem fréttastofum útvarps og sjónvarps þótti hins vegar frétt næmt við þessi prófkjörsúrslit var að Vilmundur Gylfason var ekki í framboði.

Ég fann það fljótlega að þrátt fyrir skýra stefnu (að minnsta kosti í Reykjavík) átti Alþýðuflokkurinn á brattann að sækja í þessari kosninga-baráttu. Vígstaðan var að vísu nokkuð góð því viðskilnaður fráfarandi ríkisstjórnar blasti við kjósendum. Bæði framsóknar- og alþýðubandalags-

menn lágu vel við höggi. Það þurfti varla mikið meira en að fá kjósendur til að dæma þá af verkunum. Sjálfstæðisflokkurinn hafði klofnað í upphafi kjörtímabilsins og birtist því kjósendum sem tvíhöfða þurs. Engu að síður var „liðhlaupunum“, það er að segja þeim þingmönnum flokksins sem gengið höfðu til liðs við Framsókn og Alþýðubandalag í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, nú tekið opnum örmum og vegnaði sérlega vel í prófkjörum á vegum flokksins. (Hluta)félagshyggjan sýndi enn einu sinni styrk sinn. Alþýðuflokkurinn hafði látið mikið að sér kveða í stjórnarandstöðu á Alþingi gegn þessari lánlausu ríkisstjórn. Við gáfum út kynningarrit undir heitinu „Betri leiðir bjóðast“ þar sem við lögðum áherslu á nauðsyn kerfisbreytingar og uppstokkunar; stefnufestu í stað stjórnleysis.

En nýju framboðin, Bandalag jafnaðarmanna undir forystu Vilmundar og Samtök um kvennalista, sem buðu fram til þings í þremur kjördæmum í fyrsta sinn, drógu athygli fólks og fjölmiðla frá ágreiningi stjórnar og stjórnarandstöðu. Vilmundur naut samúðar að svo miklu leyti sem hann dró upp þá mynd að hann væri fórnarlamb „flokkeigendafélagsins“ í Alþýðuflokki – þrátt fyrir þá staðreynd að sá félagsskapur var ekki lengur til, eins og ég upplifði sjálfur mér til nokkurrar undrunar. Margir mundu enn eftir hinum vaska krossfara gegn spillingunni frá árunum fyrir 1978, auk þess sem ungir og athyglisverðir frambjóðendur, eins og til dæmis Guðmundur Einarsson og Stefán Benediktsson, gengu til liðs við hann. Kvennalistinn var óskrifað blað en helstu talsmenn listans sem völdust til að leiða framboðin, þær Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, minn gamli kennari við MÍ, og Kristín Halldórsdóttir, komu vel fyrir í fjölmiðlum og skírskotuðu sterklega til ungra kvenna, ekki síst millistéttarkvenna með háskólamenntun. Fyrstu skoðanakannanir bentu til þess að nýju framboðin myndu draga að sér verulegt fylgi.

### Frambjóðendur og fjölmiðlar

Frambjóðanda sem liggur mikið á hjarta er almennt nokkur vandi á höndum að svara þessari einföldu spurningu: Hvernig get ég náð til kjósenda? Hvernig get ég náð fjölmiðlaathygli? Hvernig get ég vakið umræður um og áhuga á þeim stefnumálum sem ég vil setja í fókus? Hvernig get ég náð málefnalegu frumkvæði? Þeir stjórnmálaflokkar sem eiga greiðari aðgang en aðrir að fjármagnseigendum og forstjórum fyrirtækja geta farið þá einföldu en kostnaðarsömu leið að ráða sér auglýsingastofu og skapa sér mynd í krafti peninganna. Sá kostur var ekki fyrir hendi að því er varðaði Alþýðuflokkinn. Við urðum einfaldlega að leita annarra ráða.

Þetta vekur upp sigildar spurningar um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi. Ég hafði verið búsettur í Bretlandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum og fylgst býsna náð með kosningabaráttu með þessum þjóðum eins og hún birtist í fjölmiðlum. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er strax sá munur á að þessar þjóðir búa við tveggja flokka kerfi (í Bretlandi er að visu þriðji flokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, en hann mætir nokkuð afgangi í umfjöllun fjölmiðla). Þrátt fyrir það að fjölmiðlaathyglin beinist í vaxandi mæli að persónu og málflutningi flokksleiðtoganna er engan veginn látið þar við sitja. Helstu fjölmiðlar hafa á að skipa sérfróðum mönnum sem fara rækilega ofan í saumana á stefnuskrám flokkanna og fjalla ítarlega um hvort tveggja, stefnuyfirlýsingar þeirra og afstöðu til helstu mála, í ljósi reynslunnar. Fjölmiðlamenn í þessum löndum, sem vandir eru að virðingu sinni, láta ekki bjóða sér það að eta upp úr lófa leiðtoganna, eða að gerast einfaldlega framlenging á talfærum þeirra.

Með þessum hætti geta fjölmiðlar beinlínis haft áhrif í þá átt að beina umræðum fyrir kosningarnar að helstu vandamálum sem við er að fást og að knýja stjórnmalaleiðtoga til að tjá skýra afstöðu. Fjölmiðlar gegna með öðrum orðum því hlutverki að upplýsa kjósendur í lýðræðisþjóðfélagi um hvað kosningar snúast. Sjálfsgagt má það heita svo að fjölmiðlar hér á landi sýni að minnsta kosti vidleitni eða tilburði í þá átt að gegna þessu hlutverki. En þeir hafa engum slíkum sérfræðingum á að skipa. Fjölmiðla skortir bæði mannafla, tíma og peninga til að gegna þessu hlutverki svo að gagn sé að. Billegasta lausnin er því einatt sú að fylla upp í dálkinn eða tímarammann með „andarteppuviðtölum“ eða „hljóðbitum“ frá degi til dags eða bjóða upp á umræðuþætti þar sem fulltrúar allra flokka eru leiddir að einu bordi, þar sem stjórnandinn er með hugann bundinn við skeiðklukkuna til þess að verða ekki sakaður um mismunun.

Í Bretlandi hefði ferill ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens verið brotinn til mergjar af sérfróðum mönnum um hagstjórn og efnahagsúrræði. Í framhaldi af því hefði talsmönnum stjórnarflokkanna verið gert að standa fyrir máli sínu frammi fyrir mönnum sem vissu um hvað þeir voru að tala. Stjórnarandstaðan hefði verið krafín um að leggja spilin á bordið: Til hvaða ráða vildi hún grípa í staðinn? Með þessum hætti er umræðan sett í fókus og frambjóðendur komast ekki upp með það að hlaupa út um við-an völl og fordast eins og heitan eldinn að taka skýra afstöðu til vandamála sem krefjast úrlausnar. Á mínum stjórnálaferli var einn fréttamaður útvarps sem bar af starfsbræðrum sínum í þessu tilliti. Hann var alltaf vel undirbúinn og aðgangsharður í viðtölum. En hann bar jafnframt þá virðingu fyrir sjálfum sér og sínu hlutverki og inntaki stjórnálaumræð-

unnar að gefa viðmælendum sínum þann lágmarkstíma sem þarf til að fjalla um mál af viti. Þessi fréttamaður heitir Atli Rúnar Halldórsson.

Lítið mál sem varpar ljósi á grundvallarreglur í samskiptum stjórnmalanna og fjölmiðla kom upp í þessari kosningabaráttu. Guðjón Einarsson, umsjónarmaður *Kastljóss*, bauð mér til þátttöku í viðræðum við Vilmund Gylfason um efnið: „Jafnaðarstefnan – tveir flokkar – hvers vegna?“ Ég þáði, en Vilmundur hafnaði. Þar með var þátturinn látinn niður falla. Í framhaldinu bauð Ingvi Hrafn Jónsson Vilmundi í annan umræðuþátt um sama efni. Eins og við var að búast snerist *Hraðbergspáttur* Ingva Hrafns meðal annars um viðskilnað Vilmundar við Alþýðuflokkinn, auk þess sem okkur alþýðuflokksmönnum voru þrúfaldlega gerðar upp skóðanir á mikilvægum málum, þótt enginn væri til andsvara. Lítið mál, en varðar samt grundvallarreglu: Eiga valdhafar eða stjórnmalamenn að ráða umræðuefnum fjölmiðla? Ef stjórnmalamaður getur treyst því að hann geti með synjun um þátttöku ráðið því að umræðuefnið verði fellt niður – þá er hann orðinn ritstjóri eða ritskóðandi fjölmiðilsins. Þetta er aðalatriðið og þetta skiptir máli. Enginn fjölmiðill í lýðræðisþjóðfélagi með snefil af sjálfsvirðingu lætur misnota sig með þessum hætti. Þetta var hins vegar á tímabili orðið að vinnureglu fremur en undantekningu á íslenskum fjölmiðlum og er kannski enn.

Eftir stjórnarslitin árið 1995 báðu fulltrúar útvarps og sjónvarps mig þrúfaldlega að mæta Davíð Oddssyni forsætisráðherra til rökræðna af einhverju gefnu tilefni. Ég þáði í öllum tilvikum, Davíð afþakkaði í öllum tilvikum. Í öll skiptin var umræðuþátturinn látinn niður falla. Einhverju sinni var ég spurður hvort ég myndi ekki sætta mig við að Hannes Hólmsteinn Gissurason kæmi í stað forsætisráðherra. Það fauk svo í mig að ég bað viðkomandi aldrei þrúfast. Þetta er í einasta skiptið, eftir því sem ég best man, sem ég hef neitað að standa fyrir máli mínu, við hvern svo sem við var að eiga – og það voru auðvitað mistök. Það er auðvelt að gagnrýna íslenska fjölmiðla fyrir getuleysi og fúsk, en málsbæturnar eru jafnan þær að það vanti hvort tveggja, mannskap og peninga. Samkvæmt því ættu rikustu fjölmiðlarnir að vera bestir. Því er nú samt sem áður, samkvæmt minni reynslu, oftast þveröfugt farið. Vilji er allt sem þarf. Það versta við ljósvakamiðlana og þá einkum sjónvarpið, en þó alveg sérstaklega Stöð 2 undir stjórn Páls Magnússonar, var ekki getuleysið heldur dómgreindarleysið sem birtist í tilefnislausri sjálfsupphafningu í bland við forakt á stjórnmalum sem viðfangsefni og stjórnmalamönnum sem ævinlega voru sekir fundnir þar til annað sannaðist.

### Þagnarmúrinn

Úr því að sjónvarpið var ófánlegt til að bæta fyrir mistök sín með því að bjóða mér til viðræðna um sama efni og Vilmundi: „Jafnaðarstefnan – tveir flokkar – hvers vegna?“, skrifaði ég Vilmundi og skoraði á hann að mæta mér á opnum umræðufundi um þetta efni um leið og ég lagði til að Guðjón Einarsson fréttamaður yrði fundarstjóri. Í bréfinu til Vilmundar sagði ég æskilegt að jafnaðarmenn fengju upplýst hvaða málefnaágreiningur, ef nokkur, fengi réttlætt sundrunu jafnaðarmanna á svo viðsjárverðum tímum, þegar „þjóðin þarf fyrst fremst á að halda meiri stjórnfestu og styrkari pólitískri forystu“. Vilmundur hafnaði enn og aftur.

Úr því að fjölmiðlar útilokuðu stjórnmálaumræður og andstæðingar reyndust ófánlegir til að þekkjast boð um rökræður um ágreiningsmálin var ljóst að ég yrði að grípa til nýrra ráða til að rjúfa þagnarmúrinn sem virtist umlykja Alþýðuflokkinn. Við héldum að visu uppteknum hætti að heimsækja vinnustaði í því skyni að ná milliliðalaus sambandi við kjósendur. Ég þekkti orðið frá fyrri tíð trúnaðarmenn á mörgum vinnustöðum. Nú leitaði ég til þeirra um að fá boð um heimsókn og fékk þá til að kynna frambjóðendur og dreifa kynningarefni úr kosningabaráttunni. Þetta gaf betri raun heldur en að koma óboðinn á vinnustað í matar- eða kaffitíma því að óneitanlega urðum við þess vör að starfsfólk var stundum þreytt á þessum pólitísku boðflennum sem röskuðu ró manna á hvíldartímum. En þótt þetta væri nauðsynlegt dugði það hvorki til að brjótast í gegnum þagnarmúr fjölmiðla né heldur til að ná fangstaðar á andstæðingum.

Í eitt skipti vildi þó svo til að við Vilmundur mættum samtímis í mötuneytið hjá Vélsmiðjunni Héðni, þar sem ég mundi að við tveir höfðum mætt saman sem málsvarar Alþýðuflokksins fyrir kosningarnar í desember 1979. Ég heilsaði Vilmundi vinsamlega og sagði að nú bæri vel í veiði: Nú gætum við rætt spurninguna: „Jafnaðarstefnan – tveir flokkar – hvers vegna?“, sem hann hefði hingað til verið ófánlegur að ræða við mig eða aðra jafnaðarmenn, hvort heldur var í sjónvarpi eða á fundi. Vilmundur sagðist ekkert eiga vantalað við mig og strunsaði á dyr. Ég notaði auðvitað tækifærið til að brýna fyrir Héðinsmönnum sorgarsöguna af sundrunu jafnaðarmanna fyrr á tíð og nauðsyn þess að varðveita einingu hreyfingarinnar, ef hún ætti að vera til nokkurs nýt til að gæta hagsmuna almennings í landsstjórninni.

## Hólmganga við vin litla mannsins

Þegar hér var komið sögu hafði Ámundi Ámundason skipað sjálfan sig kosningastjóra í þessari kosningabaráttu. Ámunda hafði ég fyrst séð og heyrt í hópi frambjóðenda og stuðningsfólks Alþýðuflokksins fyrir desemberkosningarnar 1979, þar sem menn sátu og ræddu um málflutning og vinnubrögð í þeirri kosningabaráttu sem þá var framundan. Ámundi hafði þá lýst þeirri skoðun sinni að Alþýðuflokkurinn ætti að boða afnám styrkja til Sinfóníuhljómsveitar, Þjóðleikhúss og annarra „þjattrófustofnana“; fina fólkinu væri ekki of gott að borga aðgöngumiðana sína sjálfst á kostnaðarverði. Ég man að ég hellti mér yfir þennan kjaftfora strák með óbóta-skömmum af þessu tilefni: Ég fullyrti að tónlist og leiklist væru hvort tveggja ómissandi þættir í þjóðaruppeldinu og að jafnaðarmenn gætu aldrei fallist á að þátttaka í menningarlífi yrði aðeins á færi fárra útvalinna; þvert á móti ættum við að tryggja með öllum ráðum að almenningur hefði greiðan aðgang að menningarstofnunum og menningarlífi; við ættum að gera menninguna að almenningsseign. Búrasjónarmið eins og hann hefði lýst væri upp úr postillu Hannesar Hólmsteins og frjálshyggjutrúboðsins og sennilega væri hann á vitlausum stað; hvort hann vildi ekki bara hypja sig upp í Valhöll? Strákurinn glotti við tönn og lét þetta yfir sig ganga – en fór hvergi. Nú var hann kominn aftur sem sjálfskipaður kosningastjóri og sagði að úr því að fjallið vildi ekki koma til Múhameds yrði Múhamed að fara til fjallsins. „Þú átt að skora á andstæðingana í kappræður: Ef þeir þora, þá bakarðu þá; ef þeir þora ekki, sitja þeir uppi með skömmina. Þar að auki munu fjölmiðlar hafa áhuga á svona hasar.“ Ég tók hann á orðinu. Fyrst skoraði ég á Albert Guðmundsson, sem þá var orðinn leiðtogi sjálfstæðismanna í Reykjavík, að mæta mér á kappræðufundi um efnið: „Hvað á að taka við að kosningum loknum?“

Albert var hvergi banginn, enda keppnismaður, svo að fundurinn var haldinn í Sigtúni að kvöldi dags, mánudaginn 28. mars. Guðjón Einarsson fréttamaður var fundarstjóri. Fundarformið kvað á um stuttar framsögu-ræður, fundarboðendur höfðu hálf tíma hvor til að spyrja hvor annan út úr; auk þess tilnefndu framsögumenn þrjá menn sem spyrla og skriflegar fyrirspegnir voru heimilaðar úr sal. Þetta hafði marga kosti. Í fyrsta lagi reyndist það rétt að fjölmiðlar höfðu áhuga á hasar svo að sjónvarpsmyndavélarnar mættu á staðinn. Í öðru lagi sá hulduher Alberts um að smala á fundinn, enda reyndist aðsóknin vera hátt í tvö þúsund manns. Ekki sakaði að knattspyrnukappinn lá býsna vel við höggi. Með bréfi Alberts þar

sem hann hét því að verja ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens vantrausti gafst forseta Íslands fyrst formlegt tilefni til að fela doktor Gunnari stjórnarmyndun. Nú hafði hulduherinn tryggt Albert forystusætið á framboðslista sjálfstæðismanna í Reykjavík með þeim afleiðingum að formaður flokksins, Geir Hallgrímsson, hafði fallið niður í sjöunda sæti listans og þar með út af þingi, eins og síðar kom á daginn. Albert þurfti því bæði að verja viðskilnað ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens og að halda uppi gagnrýni flokkseigendafélags Sjálfstæðisflokksins gegn sömu stjórn. Ég ákvað að beita háðinu fremur en þungavopnum og láta salnum ekki leiðast. Í framsöguræðu minni sagði ég meðal annars:

„Ég átti þess kost að fylgjast með seinasta landsfundi sjálfstæðismanna, sem þáverandi ritstjóri *Alþýðublaðsins*. Þarna var samankomið mikil mannaval, máttarstólpar margra byggðarlaga. En það fór ekki framhjá neinum að margur maðurinn átti bágt. Ég minnst þess, þegar Gisli Jónsson, menntaskólakennari á Akureyri, lyfti báðum örmum hátt á loft og sagði: „Ég hef tvo arma; ég tilheyri hvorugum; en báðir tilheyra mér. En hefði ég þrjá arma, sagði hann, verð ég varla lengur í mannsmynd.““ Tilefnið var orðræður manna um það hvort Sjálfstæðisflokkurinn væri bara tviarma – eða hvort hann væri yfirleitt lengur í mannsmynd: Gunnarsarmurinn eða Geirsarmurinn; frjálslyggjuflokkurinn hans Hannesar Hólmsteins eða Framsóknarflokkur „rauðu akurliljunnar“, Pálma á Akri; ríkisforsjárflokkur Sverris Hermannssonar eða góðverkabasar „litla mannsins“, sem kenndur væri við Albert Guðmundsson þótt honum væri haldið úti á kostnað annarra.

### Er kristinn dómur (al)íslenskur?

Þegar kom að spurningaleiknum var af nógu að taka. Í eldhúsdagsumræðum á Alþingi hafði Albert sagt að „Sjálfstæðisflokkurinn hefði aldrei brugðist stefnu sinni og skyldum“. Hins vegar hefði „einn og einn flokksmaður tekið víxlspor“. Af þessu tilefni spurði ég Albert: „Viðurkennir þú nú að uppáskrift þín á stjórnarmyndunarumboð dr. Gunnars, hafi verið víxlspor? Og hvernig er það: Hefur þessi ríkisstjórn, sem þú og fjórir aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafði stutt lengst af, aldrei brugðist stefnu Sjálfstæðisflokksins?“

Í sömu eldhúsdagsræðunni hafði Albert sagt Sjálfstæðisflokkinn eina flokkinn með „alíslenska stefnu“. Hins vegar sagði hann að Alþýðubandalagið ætti „rætur að rekja til Sovétríkjanna“. Þetta gaf tilefni til margra spurninga: Eru hugmyndir eins og kapítalismi, markaðskerfi og frjáls sam-

keppni alislenskar hugmyndir? Er stefna Verslunarráðsins (þar sem Albert var í stjórn), sem sækir fyrirmyndir sínar til Friedmans og Hayeks, Reagans og Thatchers, alislensk stefna? Eða hvernig getur alislenskur flokkur varið það fyrir samvisku sinni að lyfta mönnum sem eiga rætur að rekja til Sovétríkjanna til æðstu valda í ríkisstjórn og í verklýðshreyfingu? Og ég stóðst ekki mátið og bætti við að í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins „Frá upplausn til ábyrgðar“ væri talað um að „áhrif kristindóms og kirkju verði aukin í þjóðlífinu“: „Hvernig getur alislenskur flokkur borið hag kristindóms fyrir brjósti, þar sem hann er af erlendum rótum runninn?“ spurði ég.

Albert var á þessum tíma líka formaður bankaráðs Útvegsbankans. Um það leyti sem hann tók við formennskunni í bankaráðinu fékk bankinn riflegt óafturkræft framlag úr ríkissjóði sem eins konar tannfé fyrir hinn nýja bankaráðsformann. Af því tilefni spurði ég: „Er bankastjórn af þessu tagi í samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins um sjálfstæði og ábyrgð fyrirtækja á eigin rekstri?“ Ég hélt áfram að láta spurningunum rigna yfir Albert, til dæmis hvernig hann gæti varið það fyrir „litla manningum“ að tíunda hver króna af skattpeningi almennings færi í matargjafir (það er útflutningsbætur) handa ríki um útlendingum með vísun til landbúnaðarkerfisins; eða hvers vegna hann hefði ekki samþykkt tillögu okkar Jóhönnu Sigurðardóttur í stjórnarskrármálinu um að skjólstæðingar „vínar litla mannsins“ nytu lágmarks mannréttinda með jöfnum atkvæðisrétti á við frændur þeirra og frænkur á landsbyggðinni, og svo framvegis.

Ég hefði seint gerst svo djarfur að ætla mér í mannjöfnuð við Albert Guðmundsson um boltaleikni þar sem gamlir atvinnumenn leika listir sínar á opnum velli til að sýna að þeir kunni enn gömlu taktana. En hér var Albert á mínum heimavelli: Ég vissi allt um pólitík (sem var þess virði að vita) en af svörum hans mátti ráða að hann vissi nánast ekki neitt. Hann svaraði engum rökum og engum spurningum öðruvísi en út í hött. En þarna stóð hann, foldgnár og keikur, og fór með rulluna sína. Ræða hans var eitthvað á þessa leið: Ég er ekki hér til að ganga til spurninga hjá þessum strák; þið vitið hver ég er – þið getið treyst mér. Ég er *vinur litla mannsins* og ég er stoltur af því. Sjálfstæðisflokkurinn er stór og sterkur og ég er leiðtogi hans. Ég er það af því að þið treystið mér. Og hana nú. Þetta var eins og að skvetta vatni á gæs. Eða eins og að tefla skák við mann sem kann ekki mannganginn. Báðir höfðu þó náð sínum tilgangi. Ég hafði rofið þagnarmúrinn sem umlukti kosningabaráttu Alþýðuflokksins; og hann hafði lifað af og sýnt að hann var hvergi banginn við að mæta orðháku andstæðinganna, á þeim velli sem þeir hösluðu honum.

### Tófuvinafélagið hleypur í skarðið

Við Ámundi vorum komnir á bragðið. Næst kom röðin að Svavari Gestssyni, formanni Alþýðubandalagsins og málsvara „verkalýðshreyfingar, þjóðfrelsis og sósíalisma“, að standa fyrir máli sínu. Ég gekk á fund Svavars, sem leiddi lista Alþýðubandalagsmanna í Reykjavík og afhenti honum bréf þar sem ég skoraði á hann að mæta mér á kappræðufundi um þau málefni sem efst væru á baugi í kosningabaráttunni. Ég gaf Svavari viku fyrirvara en tilkynnti jafnframt að fundurinn yrði haldinn hvort sem að hann mætti eða ekki. Svavar kvartaði sáran undan dónaskap og ódrengrskap. Ég vísaði því öllu á bug. Ég beindi þeim tilmælum til Svavars, ef hann gæti ekki mætt sjálfur, að hann tilnefndi einhvern fulltrúa sinn, Ólaf Ragnar, Guðmund jaka eða jafnvel Einar Olgeirsson, sem var í heidurssætinu, til að mæta í stadinn. Síðan auglýstum við stórfund í Sigtúni 7. apríl 1983 undir risafyrirsögnum: Jón Baldvin skorar á Svavar Gestsson (eða einhvern hinna 23ja frambjóðenda AB í Reykjavík) að mæta til KAPPRÆÐU UM KOSNINGAMÁLIN. Svavar, sem samkvæmt auglýsingum í *Þjóðviljanum* var hvergi bókaður til fundar þetta kvöld, sýndi sig ekki og enginn hinna 23ja frambjóðenda Alþýðubandalagsins í Reykjavík.

Við stilltum upp auðum stól á sviðinu sem var merktur Svavari stóru lettri. Ég las Alþýðubandalagsforystunni pistilinn fyrir svikin kosningaloforð, viðáttuvanefndir og árangursleysi í þremur ríkisstjórnnum á verðbólguáratugnum. Um leið og fundarstjóri, Pétur Guðjónsson, benti á hinn auða stól Alþýðubandalagsins sagði hann:

„Það er reyndar algengt við gjaldþrotaskipti að sá sem orðinn er gjaldþrota sýni sig ekki fyrir skiptarétti. Sama máli virðist gegna um pólitísk þrotabú.“

Þess má geta að framsóknarmenn í Reykjaneskjördæmi höfðu skorað á Alþýðubandalagið að mæta til kappræðu um hermál og álmál – þjóðfrelismál Alþýðubandalagsins – en það var sama sagan: Alþýðubandalagið þorði ekki að mæta til leiks. Flokkurinn virtist ekki lengur vera til viðtals við kjósendur – fyrir kosningar. Ræða mín yfir hinum auða stól Alþýðubandalagsins stóð í um þrjá stundarfjórðunga.

Ég skemmti fundarmönnum með því að spyrja: Hvað er svona róttækt við það að vera allaballi? Síðan rakti ég með dæmum afstöðu Alþýðubandalagsins í hverju stórmálinu á fætur öðru og sýndi fram á að flokkurinn væri ekki það sem hann segdist vera. Hann væri í reynd þjóðernissinnaður ihaldsflokkur sem stæði vörð um óbreytt ástand og væri fulltrúi

úreltra hugmynda og úreltra kenninga, enda afleiðingarnar eftir því. Löng valdaseta þessa flokks byggðist ekki á fjöldaþylgi eða trausti, hvorki hjá þjóðinni í kosningum né heldur innan verkalýðshreyfingarinnar, heldur á hræðslu andstæðinganna sem til þessa hefðu verið trúaðir á kenninguna um „að heiðra bæri skálkinn svo að hann skaði þig ekki“; að Alþýðubandalagið ylli minni skaða innan ríkisstjórnar en utan.

Þessa kenningu hefði Alþýðubandalagið nú afsannað í verki.

Um fimmhundrað manns mættu til fundarins, þeirra á meðal einn sem reyndi að bera í bætifláka fyrir Alþýðubandalagið á þeirri forsendu að það væri á móti skotglöðum veidimönnum. Þessi maður reyndist vera formaður Tófuvinafélagsins.

### Týndi saudurinn – og hinir 99 réttlátu

Einn fundarmanna benti þó á, Svavari til afbötunar, að hann hefði sent Mitterand Frakklandsforseta heillaóskaskeyti eftir að Mitterand vann það afrek að leiða sameinaða jafnaðarmenn í Frakklandi til valda eftir langa eyðimerkurgöngu – og spurði hvort þetta benti ekki til þess að maðurinn væri að iðrast og væri kannski á batavegi. Ég rifjaði upp að Mitterand væri harður andkommúnisti; hann væri gallharður í stuðningi við NATO og hefði verið fremstur í flokki vestrænna leiðtoga að styðja þá ákvörðun að setja upp ný skammdræg eldflaugakerfi í Evrópu og að láta þannig hart mæta hörðu gagnvart fjölgun þeirra kjarnaodda sem Kremlverjar beindu nú að skotmörkum í Vestur-Evrópu. Síðan spurði ég: Ætli Svavari þyki þetta góð stefna, þegar erlendir jafnaðarmannaflokkar eiga í hlut?

Hins vegar notaði ég tækifærið til að rifja upp dæmisöguna um týnda saudinn til þess að minna á að umburðarlyndi gagnvart breyskleika mannsins væri snar þáttur í lífsskoðun jafnaðarmanna. Þegar tollheimtumenn, farísear og fræðimenn ávítuðu Krist fyrir að samneyta syndurunum, þá talaði hann til þeirra þessa dæmisögu: „Nú á einhver yðar 100 saudi og týnir einum þeirra; skilur hann þá ekki þá 99 eftir í óbyggðum og fer eftir þeim sem týndur er, þangað til hann finnur hann? Og er hann hefur fundið hann, leggur hann þá týnda saudinn ekki glaður á herðar sér? Og er hann kemur heim, kallar hann saman vini sína og nágretta og segir við þá: Samgleðjist mér! Því ég hef fundið saudinn minn sem týndur var. Ég segi yður, þannig mun verða meiri gleði á himnum yfir einum syndara sem gjörir iðrun, en yfir 99 réttlátum, er ekki þurfa iðrunar við.“

Þannig lauk þessum fundi, þar sem fulltrúi þrotabúsins mætti ekki hjá skiptaráðanda, á tóni hins kristilega umburðarlyndis.

## Dagur í lífi stjórnmálamanns

Þessi útrás dugði til að breyta andrúmsloftinu. Við vorum orðnir umtalaðir. Viðmótið á vinnustöðunum var orðið léttara og jákvæðara. Þingmenn af landsbyggðinni – einkum af Vestfjörðum og Austfjörðum – líktu oft fundaleiðöngurum sínum fyrir kosningar við eins konar mannraunir og töldu að þeir hefðu mun þyngri byrðar að bera en frambjóðendur í Reykjavík, sem hlytu að hafa það náðugt. Ég hafði reynslu af hvoru tveggja og vissi betur. Ég vissi sem var, að fjórtán fundir á Vestfjörðum voru eins og hver annar sunnudagaskóli í samanburði við vinnuálagið við að leiða framboðslista flokks sem átti í vök að verjast í höfuðborginni.

Til er grein eftir mig sem birtist í *Helgarpóstinum* í miðri kosningabaráttunni og lýsir stemmningunni í kringum þessa vinnustaðafundi. Hún sýnir betur en endursögn seinni tíma það hugarástand sem ríkti á þessum upplausnartímum. Ég held það sé ómaksins vert að gripa niður í henni þótt ekki sé nema til að lýsa þíslarvætti stjórnmálamanns í návigi kosningabaráttu.

„Ég fór niður á höfn um daginn. Þetta var fimmtugasti vinnustaðafundurinn fyrir páska. Þrír á dag er „normið“, ef menn sjá eitthvað „normalt“ við þessa iðju. Fimm er hámarkið. Þá geturðu líka undið skyrtna þína, áður en þú skreiðist í sjóðandi heitt bað, rétt fyrir kvöldsnaarlið. Áður en ég vatt mér niður á Sundahöfn, barst *Þjóðviljinn* upp í hendurnar á mér. Þar var Svavar húsnæðiskommisar að byggja hundruð íbúða handa ungu fólki – þarna á forsiðunni. Kvöldið áður hafði ungur frændi minn, hálfþriðtugur maður með fjögur börn á framfæri, 10 stunda vinnudag og útivinnandi konu borið undir mig húsnæðisdæmið sitt. Hann verður að fara að byggja. En þetta er vitavonlaust. Dæmið sýndi að 90% af tekjum beggja færi í afborganir og vexti, jafnvel þótt lánin fengjust. Honum er úthýst – eins og allri hans kynslóð í þessu verðbólguþilaviti – sem kallar sig velferðarríki, sjálfu sér til háðungar.

Ég dreifði *Þjóðviljanum* niðri á höfn og hellti úr skálum reiði minnar yfir öllu því róttæka kjaftæði, sem *Þjóðviljinn* er málsvari fyrir og hefur fyrir löngu komið óorði á alla vinstristefnu. Svo fékk ég mér snarl á eftir og útbýtti rauðu kveri, sem heitir: „Betri leiðir bjóðast.“ Sumir glugguðu í kverið. Aðrir bönduðu því frá sér og hreyttu út úr sér: „Iss, þið eruð allir eins þessir andskotar. Þetta er allt komið til helvítis, hvort sem er. Það væri rétt mátulegt á ykkur, að við kysum bara hann Vimma. Þetta getur ekki orðið vitlausara, hvort eð er.“

Ég spurði nokkra gamla kreppukarla, herta í eldi lífsbaráttunnar, hvort þeir tryðu virkilega lengur á „einingu um íslenska neyð“? – Þeir voru þreyttir. Þetta er allt svo skelfing vonlaust. Auðvitað er búið að koma óröð á alla vinstri stefnu. Þetta ástand er óverjandi. Hvers vegna getum við ekki haft almennilegan krataflokk eins og í Skandinavíu?

Hálfrar aldar saga um klofning og aftur klofning í nafni byltingarinnar, sovétrúboðsins, misskilningur og lífslygi tveggja kynslóða menntamanna endar hér í sárum vonbrigðum yfir öllu þessa róttæka kjaftæði, sem hefur ekki staðið við neitt og stendur ekki fyrir neinu. Verkalýðshreyfingin í rústum. Og ráðherrasósíalisminn hefur endað í verðbólguþilaviti þar sem þeir einir lifa af, sem hafa hreiðrað um sig í neðanjarðarhagkerfi, skyndigróða og braski og ungu kynslóðinni hefur verið úthýst. Svo byggja kommisararnir í blöðunum og endurprenta kosningaloforðin frá 1978 um „Samningana í gildi“. Svei því öllu saman.

Sumir mundu ennþá Héðin, aðrir nefndu Hannibal. „Þetta voru finir karlar. Við eigum ekki lengur svona menn.“

„Nú, var það ekki Héðinn, sem klauf þetta allt í tætlur og eyðilagði þennan krataflokk, sem þig var að dreyma um upphátt rétt áðan? Og endaði ekki Hannibal sem pólitískur flóttamaður, viðskila við þann krataflokk, sem hann hafði reynt að byggja upp í 30 ára stríði, og þú varst að harma áðan að væri ekki til?“

„Mér er alveg sama. Þetta voru finir karlar fyrir því. Þá var það harkan sex sem gildi og ekkert andskotans gaf. Nú er þetta allt búið að vera. Við treystum engum lengur.“

„Það versta er að þið treystið ekki sjálfum ykkur lengur. Kreppan var ekki bara flokkadrættir og barsmiðar. Hún var líka samstaða – neyðin kenndi mönnum að standa saman. Héðinn byggði ekki verkamannabústaðina einn. Verkalýðurinn í Reykjavík stóð með honum. Hannibal slóst ekki einn í fjöruborðinu fyrir vestan. Þá hefði hann fljótlega verið kaffærður. Þeir fylgdu honum fast eftir. Þið eigið ekki að bíða neins lausnara. Þið eigið að taka málin í eigin hendur. Hvað ætlið þið lengi að horfa upp á þessi dauðyfli í Dagsbrún? Það er ekki nóg með að þið sofnið sjálfir á fundunum hjá þeim, tvisvar á ári; þeir eru farnir að sofna sjálfir í miðjum ræðum. Þið þurfið ekkert lengur að bíða eftir kreppunni. Hún er komin – hún bíður herna fyrir utan dyrnar. Og hún var kölluð yfir ykkur af „þeim“, sem þið hafið stutt gegnum þykkt og þunnt – hingað til. Nú dugir ekki lengur þessi sofandaháttur.“

Svo kvöddumst við. Um kvöldið dró Bryndís mig niður í lönó til að rifja upp kynnin af Guðrúnu Ósvífursdóttur og „þeim var ég verst“. *Laxdæla*

stendur fyrir sínu, þótt hún hafi aldrei orðið að leikriti þarna uppi á sviðinu. „Skilja þeir ekki að þetta er kvikmyndahandrit, ekki stofudrama?“ Þá gæti líka landslagið leikið aðalhlutverkið, rétt eins og í *Á hjara veraldar*. Á meðan ég svaf af mér sýninguna var spurningin í hjarta mínu ekki lengur, hverjum Guðrún var verst? Bræðravígin eru verst.“

### Kosningaúrslit: Dagur reiðinnar

Og kosningaúrslitin – hver urðu þau? Hinn örpreytti en vonsvikni framþjóðandi lýsir þeim með eigin orðum í *Helgarpóstinum* á eftirfarandi hátt:

„Allt í einu eru byssurnar þagnaðar. Það er aftur stund milli stríða. Þúðurreykinn hefur lagt frá og tími er til kominn að kanna valinn. Ætli það sé ekki mest missa í Víga-Grimssyni þeirra allaballanna, sem nú liggur óbættur hjá Garði [Ólafur Ragnar Grímsson féll í kosningunum]. Vimmi fór á taugum og stökk fyrir borð og Ágúst Einarsson hins ríka ergðist með og lagðist til sunds eftir honum. Úthaldið reyndist svo sem engin stórúngerð. Þeir félagar verða fiskaðir upp einhvern tíma seinna af stærri júffertu með haffærniskeytið í lagi. Þannig fór um sjóferð þá.

Tuttugu ára trúlofun maddömu Framsóknar og allaballa við hirð Loðvíks er lokið í bili. Hermannsson er genginn í Heinaberg íhaldsins, enda kjörinn til ríkiserfða eftir föður sinn af meirihluta þingflokks sjálfstæðismanna. Þannig hafa þeir sjálfstæðismenn afneitað formanni sínum þrisvar: Einu sinni í prófkjöri, einu sinni í kosningum og loksins þegar þeir „kusu forsætisráðherrann beint“ – eins og Vilmundur sagði fyrir kosningar að væri allra meina bót.

Kommarnir vildu ólmir fresta „degi reiðinnar“, „Dies irae“, sem fólst í verðbótum á laun samkvæmt hinni sjálfvirku vísitölu 1. júní, til þess að freista „sögulegra sátta“ við íhaldið. Það hefði þá orðið í fimmtánda sinn af sautján mögulegum sem þessir varðhundar vísitölukerfisins sviku mál og vog varðandi kaup og kjarasamninga á valdaferli sínum. En íhaldið nennti ekki að breyta almanakinu til að þóknast komnum í þetta skiptið.

Áður en fylkingar sigu saman var almælt að við kratar værum taldir af í pólitískum óbyggðum. En okkur Ámunda tókst að snúa vörn í sókn og skutum bæði Vilmundarvinum og femínistum ref fyrir rass. Þar með hafa kratar eignast nýtt líf og eiga ólifað níu.

Hvað gerðist fleira? Jú, gamli Ayatollah Thoroddsen felldi fánann og sliðraði sverðið eftir hálfu öld á hafi úti. Og heldur hnakkakerrtur af strandstaðnum sem heiðurskapteinn um borð í Eddu m.s. áleiðis í mildara loftslag. Var það nokkuð fleira? Jú, Geirsarmurinn er genginn inn í fyrrverandi

ríkisstjórn með sjálfan „Guðföðurinn“ í fararbroddi [Albert Guðmundsson] og liðhlaupana við hirð Thoroddsens í halarófu á eftir – í staðinn fyrir alla-balla, sem nú vikja sæti. Þetta er allt og sumt. Þar með eru orðin kaflaskipti í þessari Sturlungu tuttugustu aldar um ættarsamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga.

Þegar guðfaðir þeirra framsóknarmanna, Jónas frá Hriflu, spurði þau tíðindi, að Hermann glímukóngur hefði fellt Tryggva Þórhallsson, forsætisráðherra, í kosningum í Strandasýslu árið 1934, er sagt að honum hafi orðið að orði: „Ö-hö, það var ekki kollurinn (á honum Hermanni) – það var kollan.“ Um líkt leyti orti Hermann sjálfur vísu, sem er nútíma Íslendingasaga í fáeinum hendingum og flaug vítt og breitt um landsins byggð: „Ævi mín er eintóm leit/eftir villisvani./En ég er eins og alþjóð veit/áðeins kollubani.“ Steingrímur sonur hans nam það ungur við föður kné, að „allt væri betra en íhaldið“. Nú er hann orðinn ráðsmaður á höfuðbóli íhaldsins. Skyldi hann hafa tómstundir í ráðsmannsönnunum til að yrkja um örlögin?

Strandamenn hafa mörgum manningum forðað úr greipum „réttvísinnar“. Kollubani í gervi lögreglustjóra var einhvern veginn þeim að skapi. Miklir sérvitringar, Strandamenn, enda allir frændur mínir. Kannski maður láti verða af því að bregða sér vestur til að safna kröftum undir næstu orrustu,“ sagði ég við sjálfan mig í Helgarpistli að kosningum loknum.

## Ný helmingaskiptastjórn

Steingrímur Hermannsson sendir samstarfsflokki sínum á framsóknaráratugnum eftirfarandi kveðju: „Úrslit kosninganna breyttu því þó ekki að ég taldi Alþýðubandalagið ekki eiga nokkurt erindi í ríkisstjórn. Ég taldi óhugsandi að ná mætti niður verðbólgunni í samstarfi við þann flokk. Ekki voru þó allir á sama máli. Ýmsir trúðu því enn að Íslandi yrði aldrei stjórn að í andstöðu við verkalýðshreyfinguna og því þyrfti Alþýðubandalagið að vera innanborðs. Áður hafði ég fyllt þennan hóp. Nú var ég á öndverðum meiði.“

Fyrir kosningarnar höfðu stjórnar- og stjórnarandstöðuarmer Sjálfstæðisflokksins skriðið saman í eina sæng með þeim árangri að þessi tvíhöfða þurs taldist vera sigurvegari kosninganna. Stjórnarflokkarnir, Framsókn og Alþýðubandalag, höfðu farið halloka. Samtals töpuðu þeir fjórum þingmönnum; þar af slapp Alþýðubandalagið með skrekkin og tapaði áðeins einum. Þrátt fyrir vonbrigði Vilmundar með hlut Bandalags jafnaðarmanna lá fyrir að sameiginlega höfðu Alþýðuflokkurinn og Bandalagið styrkt stöðu jafnaðarmanna, ef eitthvað var, miðað við kosningarnar 1979, fengu sam-

anlagt 24.703 atkvæði á landsvísu eða um 19%. Það var nokkurn veginn borðleggjandi að engin ríkisstjórn yrði mynduð án þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Mér þótti liggja í augum uppi hvernig ætti að spila úr þessari stöðu: Ég átti hlut að viðræðum við hina nýkjörnu þingmenn Bandalagsins og tók, ásamt Vilmundi og félögum, þátt í viðræðum við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, þá Ólaf G. Einarsson, formann þingflokksins, Friðrik Sophusson og Lárus Jónsson. Á meðan fóru formenn Sjálfstæðisflokks, Geir Hallgrímsson, og Framsóknarflokks, Steingrímur Hermannsson, með stjórnarmyndunarumboð forseta samkvæmt ritúalinu.

Mér varð brátt ljóst að litill hugur fylgdi máli í þessum viðræðum. Ég heyrði það í einkaviðræðum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins að menn treystu ekki Vilmundi. Óformlegar viðræður við þingkonur Kvinnalistsans gáfu til kynna að þær væru ekki komnar niður úr skýjunum. Mér fannst þær ekki gera sér nokkra grein fyrir því að framundan væri björgunarleiðangur til að losa þjóðarskútuna af strandstað fremur en helgarferð fjölskyldunnar þar sem til stæði að raða krásum á hvítan dúk.

Svavar Gestsson virtist vera áfjáður í að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Hann var reiðubúinn að fresta yfirvofandi verðbótum á laun 1. júní 1983. Alþýðubandalagið var með öðrum orðum reiðubúið sem fyrr að fórna „grundvallarsjónarmiðum“ fyrir ráðherrastóla. „Geir hefði aðeins þurft að sýna mér ögn meiri þolinmæði,“ segir Svavar. Geir er sennilega einhver þolinmóðasti maður sem nokkru sinni hefur leitt stjórnmalaflokk á Íslandi. En öllu má nú ofbjóða. Auk þess álpaðist Svavar til að senda hinum þingflokkunum spurninga- eða tossalista sem var til þess eins fallinn að rifja upp fyrir lesendum hvers vegna Alþýðubandalagið væri óstjórnshæfur flokkur.

Það varð smám saman ljóst að út úr þessum þreifingum myndi koma ný helmingaskiptastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Alþýðuflokkurinn, með sinn sex manna þingflokk, hafði einfaldlega þvilíka hunda á hendi í þessu spili að honum var um megn að taka frumkvæðið. Fyrir lá að þingflokkur Alþýðuflokksins yrði „óþarft þriðja hjól undir vagni“ í ríkisstjórn með Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki, nema því aðeins að sú ríkisstjórn yrði mynduð undir forsæti Alþýðuflokksins. Mér var hins vegar í mun að þreyta þetta tafl til enda. Ástæðan var einfaldlega sú að Alþýðuflokkurinn var málefnalega *langsamlega best undirbúinn* allra þingflokka með raunhæfar tillögur um lausn á fyrirliggjandi vanda. Þetta kom rækilega fram í stjórnarmyndunarviðræðunum. Með því að leggja þessar tillögur fram í viðræðum við sjálfstæðis- og framsóknarmenn og rökstyðja þær rækilega taldi ég að Alþýðuflokkurinn myndi styrkja mjög stöðu sína í stjórnarand-

stöðu á komandi kjörtímabili, eins og síðar kom á daginn. Við lögðum því mikla vinnu í að setja þessar tillögur fram á hnitmiðaðan og heildstæðan hátt og að færa rök fyrir því máli okkar að „Betri leiðir byðust“ en þær málamiðlanir sem urðu niðurstaðan í hrossakaupum helmingaskiptaflokkanna.

Það veikti stöðu okkar í þessum viðræðum að formaður Alþýðuflokksins, Kjartan Jóhannsson, hafði orðið fyrir heilsubresti og gekk ekki heill til skógar. Kjartan er prýðilega vel menntaður hagverkfræðingur úr sænskum og bandarískum skólum, glöggur á aðalatriði máls og vel verki farinn. Hann var hins vegar ekki þrekmaður. Sem sjávarútvegsráðherra í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar (1978–1979) hafði hann beinlínis ofboðið heilsu sinni, í því andrúmslofti illdeilna og óheilinda sem stýrði samskiptum manna á því stjórnarheimili. Andvökurnar og áhyggjurnar tóku sinn toll. Hinn sári viðskilnaður við Vilmund og klofningur Alþýðuflokksins í kjölfarið tók einnig sinn toll. Krafan um forsætisráðherrastólinn við þessar kringumstæður var því ótrúverðugri en ella.

### Stjórnarmyndunarviðræður

Þingflokkur Alþýðuflokksins lagði fram tvö skjöl í þessum stjórnarmyndunarviðræðum. Hið fyrra hét: „Nokkur áhersluatriði“ og skiptist í: Fyrstu aðgerðir, sem hrinda átti í framkvæmd í upphafi stjórnarsamstarfs, síðan framhaldsaðgerðir og stjórnkerfisumbætur. Loks drógum við alla tillögugerðina saman í mikið skjal undir heitinu „Drög að málefnsamningi“, sem var lagt fram 19. maí 1983. Í þessu skjali eru tillögur um aðgerðir flokkadur í þrennt: (1) Brýnustu verkefni á fyrstu mánuðum, (2) mikilvæg verkefni á fyrsta starfsári og (3) stjórnskipun og stefnumótun til lengri tíma. Þar er að finna urmul umbótatillagna sem kerfistregðan hafði staðið gegn og náðu ekki fram að ganga fyrr en við jafnaðarmenn náðum loksins völdum aftur á árunum 1987–1995.

Við neituðum auðvitað ekki staðreyndum um hversu illa væri komið í stjórn efnahagsmála. Við vissum sem var, að gengisfelling og afnám vísitölukerfis væri hvort tveggja óumflýjanleg nauðsyn. En við vorum ósamhála verðandi stjórnarflokkum um afnám frjálsra kjarasamninga með lögum. Við féllumst heldur ekki á það að unnt væri að leysa skulda- og vanskilavanda verst reknu fyrirtækjanna í sjávarútvegi (til dæmis „Steingrímstogaranna“) með gengisfellingu einni saman. Þess í stað gerðum við tillögur um að Fiskveiðasjóði yrði heimilað að gera samninga við skuldugustu útgerðarfyrirtæki um tímabundna rekstrarstöðvun þeirra skipa, sem

komin væru í rekstrarprot. Þá yrðu gerðar skjótar ráðstafanir til að greiða fyrir eigendaskiptum, ef það væri talið tryggja betri rekstur. Þannig féllumst við ekki á tillögu um jafnmikla gengislækkun og ráðgerð var í upphafi, fyrst og fremst vegna skaðlegra verðbólguáhrifa slíkra aðgerða.

Auk þessa lögðum við fram fjölda tillagna um raunhæfar kjarajöfnunaraðgerðir til þess að milda óumflýjanlega kjaraskerðingu almennings. Þannig gerðum við tillögur um verulega hækkun barnabóta, lækkun tekjuskatts með auknum persónuafslætti, hækkun lægstu launa fyrir dagvinnu og hækkun tekjutryggingar almannatrygginga; frestun á hluta greiðslu afborgana og vaxta af fullverðtryggðum húsnæðislánum og lengingu á láns tíma. Tillögur okkar um umbætur á skatta- og tollakerfi komust ekki til framkvæmda fyrr en ég náði húsbóndavaldi í fjármálaráðuneytinu fjórum árum síðar. Við lögðum til afnám verndar- og fjáröflunartolla og samræmingu tollkerfisins við reglur Evrópubandalagsins. Við lögðum til lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum og lækkun jafnarskatta og að virðisaukaskattur yrði tekinn upp í stað söluskatts. Auk þess lögðum við áherslu á nýjan skattadómstól og hert eftirlit með skattundandrætti og skattsvikum.

Þarna er líka að finna tillögur um sameiningu ríkisbankanna; um að Framkvæmdastofnun ríkisins verði lögð niður og verkefni stofnunarinnar flutt til félagsmálaráðuneytis en önnur til bankakerfis. Fé til styrkingar byggðar verði framvegis veitt á fjárlögum og framkvæmd byggðamála falin félagsmálaráðuneyti og Samtökum sveitarfélaga, en Bygðasjóður í þáverandi mynd aflagður. Við lögðum til afnám einokunar í útflutningsverslun og endurskoðun landbúnaðarstefnu.

Að sjálfsgöðu lögðum við til afnám útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir sem og afnám á einkasöluleyfi Grænmetisverslunar landbúnaðarins og heildarendurskoðun á hinu úrelta og óskilvirka miðstýringarkerfi landbúnaðarins. Meðal fjölda annarra umbótatillagna má nefna: Frjáls verslun og samkeppni í innflutningi átti að leysa af hólmi bundna álagningu og verðlagseftirlit, sem hafði haft þveröfug áhrif á við það sem til var ætlast; við lögðum til fækkun og stækkun sveitarfélaga og verkefnaflutning til þeirra frá ríkinu; við lögðum áherslu á heildartillögur um samræmd lifeyrisréttindi allra landsmanna; við settum fram tillögur um trausta fjármögnun húsnæðislánakerfisins; við boðuðum lagasetningu um aukið jafnræði karla og kvenna; við boðuðum heildarúttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu; fjögurra ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila; sveigjanlegan vinnutíma í opinberri þjónustu; endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og aukna áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir

til að koma í veg fyrir atvinnuleysi; við boðum nýtt kerfi kaupleigubúða að erlendri fyrirmynd; lög um atvinnulýðræði, meðal annars um rétt launþega til að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja yfir vissri stærð; við lögðum áherslu á kostnaðaraðgát í heilbrigðiskerfinu og að hver skattþegn fengi árlega sent yfirlit um þann kostnað sem sjúkratryggingar hefðu greitt hans vegna á árinu fyrir læknisaðstoð, lyf, sjúkrahúslegu og svo framvegis.

Að því er varðaði stjórnskipun og stefnumótun til lengri tíma var hver umbótatillagan annarri merkari. Við lögðum til að boðað yrði til þjóðfundar innan tveggja ára til að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar; við lögðum til endurskoðun á þingsköpum Alþingis, aukna sérfræðiaðstoð við þingmenn og nýtingu tölvutækni í skjálamedferð þingmanna og starfsmanna þingsins; við lögðum til að þingmönnum yrði framvegis bannað að sitja í stjórnnum þeirra stofnana sem Alþingi á að hafa eftirlit með; við boðum samruna iðnaðar-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta í sameinad atvinnuvegaráðuneyti er fjallaði meðal annars um verndun náttúruauðlinda, starfsskilyrði atvinnuvega og fjárfestingarstefnu; við boðum afnám æviráðningar í opinberri þjónustu; aðskilnað framkvæmdavalds og dómvalds og aðgerðir til að gera afgreiðslu dómstóla hraðvirkari og öruggari; við boðum endurskoðun vinnulöggjafarinnar, skipulagsbreytingar á verkalýðshreyfingunni í samræmi við yfirlýsta stefnu Alþýðusambandsþinga og aukid lýðræði innan hreyfingarinnar og um niðurstöður kjarasamninga.

### Kynslóðareikningar úr skorðum

Allt byggdist þetta á þeirri grundvallarsannfæringu okkar að ekki yrði ráðið niðurlögum verðbólgu á Íslandi með því eina móti að skerða kaup og kjör. Því aðeins væri árangurs að vænta að beitt yrði samræmdum aðgerðum sem tækju til allra lykilþátta þjóðarbúskaparins. Til þess að nauðsynleg samstada og sæmilegur friður skapist um slíkar aðgerðir verður allur almenningur að sannfærast um að launþegar einir séu ekki látnir bera byrðarnar. Þess vegna lögðum við fram tillögur um að teknar yrðu bindandi ákvarðanir um uppstokkun á sjálfvirku verðmyndunarkerfi búvara og fiskverðs; að fram færi allsherjar uppstokkun á sjóðakerfi, stýrikerfi fjárfestinga, landbúnaðarstefnu og stjórnun fiskveiða, þar sem við þá þegar lögðum fram tillögur um veidileyfakerfi. Auk þessa lögðum við fram milli þrjátíu og fjörutíu tillögur um róttækar kerfisbreytingar í stjórnsýslu og hagstjórn til þess að tryggja frambúðarárangur þeirra aðgerða sem ráðist

yrði í strax í upphafi. Um leið og verðbótakerfi yrði afnumið með lögum tiltekið tímabil, krafðist Alþýðuflokkurinn þess að sams konar uppstokkun færi fram á öðrum sjálfvirkum verðhækkunarþáttum í þjóðarbúskapnum, svo sem ákvörðunum búvöruverðs og fiskverðs. Jafnframt færi fram endurskoðun á „öllum sjálfvirkum útgjaldaákvörðunum ríkisins eins og útlutningsbótum, jarðræktarstyrkjum, framlögum til lánasjóða og svo framvegis“.

Að okkar mati hafði hvorugur viðræðuaðilinn, hvorki sjálfstæðis- né framsóknarmenn, á því skilning að það er fyrirfram vonlaust verk að ætla að ráðast til atlögu við ódaverðbólgu af þeirri stærðargráðu sem ríkisstjórn þessara flokka og Alþýðubandalagsins skildi eftir sig, nema með því að beita samræmdum aðgerðum af þessu tagi. Allar tilraunir til þess að láta launþega eina bera allan herkostnað af viðureigninni við verðbólguna væru fyrirfram dæmdar til að mistakast. Þær myndu fyrr eða síðar springa í loft upp í heiftúðugum stéttaátökum. Forsenda árangurs væri því sú að eitt og hið sama væri látið yfir alla ganga, líka brjóstmylkinga ríkisvaldsins í stétt atvinnurekenda, hvort heldur væri um að ræða útgerðarmenn, framleiðendur hefðbundinna búvara eða aðra atvinnurekendur, sem hingað til hefðu notið óafturkræfra framlaga eða niðurgreiddra lána úr sjóðum skattgreiðenda, sjálfum sér til eignaaukningar.

Allt reyndust þetta vera orð að sönnu, eins og kom á daginn þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar (1983–1987) var sest í ráðherrastóla og hafði gripið til nauðsynlegra fyrstu aðgerða, en vanrækti allar þær framþúðarlausnir sem Alþýðuflokkurinn hafði lagt á borðið. Ég var stoltur af tillögugerð flokksins. Samkvæmt langri kennarareynslu minni treysti ég mér til að gefa Alþýðuflokki á gættiseinkunn fyrir raunsæjar og réttlátar tillögur. Hinir flokkarnir, allir með tölu, féllu á því prófi. Í leiðinni höfðum við skapað okkur sterka vígstöðu til málefnalegrar stjórnarandstöðu sem byggðist á traustri tillögugerð á komandi kjörtímabili.

Forystumenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks höfðu ekki þá framsýni til að bera sem þurfti til að fylgja fram svo róttækri umbótaáætlun. Þeir létu sér nægja að fella gengið og afnema vísitölukerfið og að lögbinda laun til 31. janúar 1984. Þeir ætluðu því launþegum einum að bera fórnarkostnað framsóknaráratugarins. Af þessu hlaust hið fræga „misgengi“ sem lýsti sér í því að lán héldu áfram að hækka með verðbólgu en launin ekki. Þetta átti eftir að kosta heilu árganga ungs fólks eignamissi og í sumum tilvikum gjaldþrot. Kynslóðareikningarnir voru heldur betur komnir úr skordum. Þetta var unga kynslóðin sem var ætlað að standa undir verðtryggðum lánnum til viðbótar afborgunum af námslánnum, meðan kynslóð

foreldra þeirra hafði fengið gjafalán í skjóli niðurgreiddra vaxta sem stóðu undir eignaaukningu hennar. Forystumenn stjórnarflokkanna virtust bundnir á höndum og fótum af tillitssemi við hagsmunahópana sem stóðu vörð um óbreytt kerfi.



## KAFLI XVI

### Formaður í (deyjandi) flokki

Einn þessara kyrrlátu vordaga að loknum kosningum og stjórnarmyndunarviðræðum, þegar þreyttum stjórnámálönnum gafst stund milli stríða, barst mér andlátsfregn Vilmundar Gylfasonar. Það fylgdi sögunni að Vilmundur hefði svipt sig lífi. Ég fór orðalaust út í bil og ók eitthvað út í buskann. Þegar ég var kominn upp á Kjalarnes lagði ég bílnum og gekk niður í fjöru, settist á stein og hlustaði þögull á sjávarniðinn. Mér varð hugsað tæpan áratug aftur í tímann, til þeirra daga þegar við Vilmundur leiddum fyrst saman hesta okkar á framboðsfundum vestur á fjörðum. Frá þeim fyrstu kynnum hafði kunningsskapur okkar vaxið upp í náð pólitískt fóstbræðralag. Vilmundur var í blóma lífs, andlegur fjörkálfur sem þurfti að því er virtist lítið fyrir því að hafa að hrifa aðra með sér til fylgilags. Hann var ungur maður með stóra drauma og viðkvæmt hjarta. Á þessari stundu fann ég að mér hafði þótt raunverulega vænt um hann. Þess vegna voru vinslitin þeim mun sárari. Ég harmaði örlög hans. Innst í hugarfylgsnum mínum fannst mér blóðið renna til skyldunnar að sameiginlegur málstaður okkar, sem við báðir trúðum á af djúpri alvöru, skyldi ekki falla með Vilmundi.

„Man ég okkar fyrri fund ...“

„Þingstörfin þennan fyrsta vetur [það er í tíð ríkisstjórnar Steingrims Hermannssonar] einkenndust öðru fremur af hatrömmum árásum Svavars Gestssonar á ríkisstjórnina og mig sérstaklega,“ segir Steingrimur í endurminningum sínum. Í útvarpsumræðum um stefnuræðu forsætisráðherra 18. október 1983, sagði ég af þessu tilefni:

„Sú var tíð, að ekki komst hnífurinn í milli þeirra fóstbræðra, núv[erandi] hæstvirts forsætisráðherra, og formanns Alþýðubandalagsins, Svavars

Gestssonar. S[íðast][íðin] fimm ár sátu þeir og flokkar þeirra saman í ríkisstjórn. „Guðfaðir“ þeirrar ríkisstjórnar, sá sem firrti hana vantrausti, var Albert Guðmundsson, núv[erandi] hæstvirtur fjármálaráðherra. Nú hefur heldur betur slest upp á venskapinn. Nú geta þeir fóstbræður tekið sér í munn orð Vatnsenda-Rósu af svipuðu tilefni:

*Man ég okkar fyrri fund  
forn þótt ástin réni;  
nú er líkt og hundur hund  
hitti á tófugreni.*

Nú eigum við allt í einu að trúa því að þeir flokkar, sem áður voru eins og samvaxnir siamstvíburar, hafi aldrei átt neitt sameiginlegt. En það sem tengir þá saman, Steingrím og Svavar, órjúfandi böndum, er sameiginleg ábyrgð þeirra á stærsta þrotabúi lýðveldissögunnar – sem ríkisstjórnir Framsóknar og Alþýðubandalags, með aðstoð Sjálfstæðisflokksins að hluta, hafa skilið eftir sig. Sameiginlega voru þeir Steingrímur og Svavar helstu ábyrgðarmenn þess vöðalega vanskilavíxils, sem nú er gjaldfallinn á þjóðina og við verðum að borga næstu misseri og ár.

Upp á hvað hljóðar reikningurinn? Hann hljóðar upp á 30 milljarða í erlendum skuldum (um það bil byggingarverð Breiðholtsins); 3ja milljarða viðskiptahalla (um það bil byggingarverð Kópavogs); hallarekstur og skuldasöfnun Steingrímstogaranna (um það bil helminginn af útflutningstekjunum); offramleiðsluna í landbúnaðinum (1,5 milljarðar á fjárlögum); stærsta bankarán Íslandssögunnar, sem er glötuð sparifjármýndun upp á 20 milljarða; öll arðlausu fjárfestingarmistökin, tapaðar tekjur af orkusölu í tíð Hjörleifs, glatað fé í Grundartanga, og svo framvegis. Allt er þetta fórnarkostnaður framsóknaráratugarins; fallnir víxlar frá stjórnartíð Steingríms og Svavars, sem núverandi ríkisstjórn hefur framvísað þér til greiðslu – og hún gefur engan greiðslufrest.“

Þegar kom fram á haustið 1984 og þjóðfélagið var að leysast upp í verkföllum kom Guðmundur jaki, formaður Dagsbrúnar, á fund hjá Alþýðuflokksfélögum í Reykjavík. Í ræðu sinni spurði Guðmundur: „Hvers vegna fær fiskvinnslukona hjá BÚR 62,00 kr. á tímann, en starfssystir hennar á Borgundarhólmi fær 180,00 kr. á vinnustund? Hvers vegna er ekki hægt að borga vinnandi fólki í framleiðslu- og útflutningsgreinum á Íslandi hærra kaup?“ spurði Dagsbrúnarformaðurinn kratana. „Er það veðrið eða skammdegið?“ spurði hann. „Ef atvinnurekandi er spurður svarar hann: Það er of lítil framleiðni, of lítil afköst, miðað við tilkostnað. En

hvers vegna er framleiðnin, arðsemin, svona lág? Bera atvinnurekendur kannski enga ábyrgð á fjárfestingunni?"

Ég sé það af minnisblöðum mínum að ég hef tekið að mér að svara Dagsbrúnarformanninum á umræddum fundi. Útdráttur úr svarinu er á þessa leið: „Það er af því að of mikið hefur farið í fjárfestingu, sem hefur skilað alltof litlu. Það er af því að þessi offjárfesting er að mestu fjármögnuð með erlendum gengistryggðum lánnum, sem þýðir að arðurinn hrekkur ekki fyrir skuldum. Það er af því að innflutningsverðlag til Íslands er miklum mun hærra en til annarra landa, af því að hér ríkir ekki markaðsverðmyndun við samkeppnisskilyrði. Það er af því að olía fiskiskipaflotans er miklum mun dýrari en í öðrum löndum. Það er af því að orka til iðnaðar og almenningsnota á Íslandi er nú orðin dýrari hér en annars staðar á Norðurlöndum, af því að við höfum fjárfest í orkumannvirkjum, án þess að hafa samið við stóra orkunotendur til að selja raforkuna. Það er af því að skattgreiðendum er gert að greiða með offramleiðslu landbúnaðarins sem svarar 450 þús. á ári á hvert lögbýli, eða þingmannslaun á hverjum mánuði. Það er af því að markaðsöflun og sölumennska hefur verið bundin í viðjar einokunar áratugum saman. Það er af því, í fáum orðum sagt, að valdhafar vitlausa áratugarins lögðu íslenskt atvinnu- og efnahagslíf í rúst. Þetta eru afleiðingar af yfirlýstri stefnu bandalags framsóknarmanna þriggja flokka – þar á meðal þíns eigin flokks. Og yfirleitt var þetta allt saman ákveðið með þínu eigin atkvæði á Alþingi. Þess vegna sitja Dagsbrúnarmenn núna í súpunni.“

„Hvað hefur ríkisstjórnin gert þér?“

Á þessu hausti átti ríkisstjórnin mjög í vök að verjast. Í upphafi septembermánaðar og fyrir þingbyrjun birtu formenn flokkanna, Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og Þorsteinn Pálsson, sem þá hafði tekið við formennsku í Sjálfstæðisflokknum af Geir Hallgrímssyni, samkomulag stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Þar var lofað að tekjuskattur af almennum launatekjum yrði afnuminn í þremur áföngum og að virðisaukaskatti yrði komið á í stað söluskatts. Efnidirnar urðu reyndar mjög í skötulíki. En af þessu tilefni hafði Þorsteinn Pálsson látið eftirfarandi orð falla: „Ég er sannfærður um það, að auðnist okkur að viðhalda því verðbólgujafnvægi, sem náðst hefur, og *þjóðin eyðileggur ekki þann árangur*, er hægt á grundvelli þessa samkomulags að hefja sókn til bættra lífskjara.“

Á umræðufundi á vegum Stúdentafélags Reykjavíkur á Hótel Borg

20. september á þessu hausti tók ég upp þessa kostulegu kenningu hins nýkjörna formanns og spurði: „Hvað hefur þjóðin gert á hlut formannsins og ríkisstjórnarinnar, fyrir utan það að kjósa hana yfir sig? Hvaða verðbólgujafnvægi er formaðurinn að tala um? Og meðal annarra orða – hvaða þjóð ætli formaðurinn sé að tala um? Sú þjóð sem ég þekki vinnur lengsta vinnudag í heimi á lægstu launum í Evrópu, en kaupir nauðsynjar sínar við hæsta verði sem þekkest. Þessi þjóð hefur sætt sig við það, möglunarlaust hingað til, að lækka kaupíð sitt um fjórðung, til að bjarga þjóðinni og kannski ríkisstjórninni. Henni var sagt að þessar fórnir væru óumflýjanlegar. Þessi þjóð var fullvissuð um að fórnirnar yrðu ekki færðar til einskis. Er það þessi þjóð, sem Þorsteinn Pálsson á við, þegar hann segir að þessi ólánsþjóð ætli að eyðileggja árangur ríkisstjórnarinnar? Þetta er hins vegar mjög frumleg kenning hjá formanninum, gott ef ekki „tímamótamarkandi kenning“. Hún er sú að bregðist þjóðin ríkisstjórninni og eyðileggi árangur hennar, þá verði skipt um þjóð; að þjóðin fari frá, en ríkisstjórnin sitji. En hvaða þjóð ætli formaðurinn eigi við? Nú er nefnilega svo komið að það búa tvær þjóðir í landinu. Er það hin þjóðin, sem hann á við? Sú þjóð, núorðið kennd við Stigahliðina, sem hefur engar fórnir fært, heldur þvert á móti makið krókinn. Hvor þjóðin hefur notið betur „verðbólgujafnvægis“ ríkisstjórnarinnar? Hvor þjóðin er það, sem hefur eyðilagt árangurinn fyrir Steingrími, Þorsteini og Albert? Við hvora þjóðina eiga þeir sökótt, þessir þremmenningar? Valdi ríkisstjórn ekki verkefnum sínum, þykir ekki tiltökumál í lýðræðisríkjum að skipta um stjórn. Hitt er óneitanlega „tímamótamarkandi kenning“ – svo notuð séu eftirlætisorð Þorsteins Pálssonar – að bregðist þjóðin ríkisstjórninni, þurfi að skipta um þjóð. Reyndar má lesa um það í Reykjavíkurbréfi *Morgunblaðsins*, eftir Styrmi Gunnarsson, að haldi ríkisstjórnin sínu striki, hér eftir sem hingað til, muni henni sennilega að lokum takast þetta ætlunarverk sitt. Hin þjóðin – hinir snauðu, hinir ungu og hinir vonsviknu, kjósi þá að segja sig úr lögum við hina þjóðina, sem hefur allt sitt á þurru og virðist vera hæstánægð með ríkisstjórnina sína.“

Þegar hér var komið sögu og áfram hallaði undir fæti fyrir ríkisstjórninni skar forsætisráðherrann upp herör og fór í fundaleiðangur um landið undan fyrirsögninni: Hvað hefur ríkisstjórnin gert fyrir þig? Við, þingmenn Alþýðuflokksins, skiptum með okkur verkum og heimsóttum sömu staði og Steingrímur og efndum til funda undir fyrirsögninni: Hvað hefur ríkisstjórnin gert þér? Svarið er einfalt, sögðum við. Ríkisstjórnin er að framvísa gjaldföllnum óreiðuvíxlum framsóknaráratugarins til þín. Það eru ekki bara „Steingrímstogararnir“ sem eru á uppboði. Stefna Framsóknarflokks-

ins í áratug er á uppboði. Hún var tekin til gjaldþrotaskipta eftir kosningarnar á síðastliðnu vori og nú hefur kröfunum í þetta gjaldþrotabú öllum verið framvísað til þín. Sjálfir þykjast þeir framsóknarmenn enga ábyrgð bera orða sinna né gerða. Það er umhugsunarverð staðreynd að Framsóknarflokkurinn er gerður út af öflugasta einokunarhring í sjávarútvegi og landbúnaði á Íslandi sem heitir SÍS. Hlutverk flokksins er að sjá um það í ríkisstjórn að hagsmunum þessa auðhrings, þessa milliliðakerfis, sé þjónað, hvað sem það kostar. Það er það sem forsætisráðherrann og ríkisstjórn hans er að gera þér.

Ég sé af minnisblöðum um ræður á Húsavík og Saudárkróki af þessu tilfni að ég hef notað tækifærið og tíundað rækilega allar umbótatillögur Alþýðuflokksins úr stjórnarmyndunarviðræðunum. Í framhaldi af því sagði ég við áheyrendur: Ef allar þessar umbótatillögur hefðu náð fram að ganga í stjórnarmyndunarviðræðunum væri ólíkt bjartara umhorfs í íslensku þjóðfélagi en það er í dag. En hverjum er þetta ástand að kenna? Það er ekki okkur að kenna, sem lögðum tillögurnar fram og börðumst fyrir þeim. Það er ykkur að kenna, sem kusuð yfir ykkur óbreytt ástand.“

Þessu fylgdi ég eftir með greinaflokk í *Morgunblaðinu* undir fyrirsögnunum: „Að moka flór framsóknar“ og „Hinar heilögu kыр framsóknar“. Í þessum greinum lét ég mér ekki nægja að gagnrýna gerðir og aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar. Ég bar gerðir hennar rækilega saman við umbótatillögur Alþýðuflokksins í stjórnarmyndunarviðræðunum og hamraði á því að Alþýðuflokkurinn væri eini stjórnarandstöðuflokkurinn sem léti sér ekki nægja neikvæðni og nöldur heldur fylgdi ævinlega eftir gagnrýni sinni með uppbyggilegum tillögum sem kjösendum væri í sjálfsvald sett að samþykkja eða hafna.

### Pólitískt sprengiefni

Þrátt fyrir skýran og afdráttarlausan málflutning okkar, sem stóðum í forsvari fyrir Alþýðuflokkinn í Reykjavík, blés svo sannarlega ekki byrlega fyrir flokknum þegar leið fram á haustið 1984. Skoðanakannanir sýndu að þrátt fyrir stjórnarandstöðu gegn óvinsælli ríkisstjórn, sem sætti vaxandi gagnrýni, hélt Alþýðuflokkurinn áfram að tapa fylgi. Allt frá því að flokkurinn vann sinn stærsta kosningasigur í uppsveiflunni 1978 hafði línuritið sem sýndi fylgi flokksins stöðugt hallast niður á við. Viðskilnaður Vilmundar og stofnun Bandalags jafnaðarmanna fyrir kosningarnar 1983 reyndist flokknum enn eitt áfallið eins og kosningaúrslitin staðfestu. Samanlagt fylgi Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna sýndi þó að sam-

eiginlega höfðu sjónarmið jafnaðarmanna í íslenskum stjórnámálum engan veginn galdið afhroð. Forystu Alþýðuflokksins hafði einfaldlega mistekist að halda liðinu saman. Og skoðanakannanir sýndu að fylgi flokksins í stjórnarandstöðu var komið niður úr öllu valdi. Þar með mátti Alþýðuflokkurinn, sem hafði verið stofnaður fyrir sjö áratugum til að vera sverð og skjöldur vinnandi fólks í landinu, sætta sig við að vera orðinn samkvæmt skoðanakönnunum minnsti stjórnmálaflokkurinn með þjóðinni – minni en nýstofnuð samtök Bandalags jafnaðarmanna og Samtök um kvennalista. Alþýðuflokksfólk varð einfaldlega að horfast í augu við þá bitru staðreynd að sjálft líf flokksins hékk á bláþræði. Með sama áframhaldi var engan veginn útilokað að flokkurinn hreinlega þurrkaðist út af þingi. Niðurstaðan var allavega sú að með óbreyttri forystu var Alþýðuflokkurinn orðinn að áhrifalausum jafnaðarflokki, sem vart var hugað framhaldslíf og skipti nánast engu máli lengur, þar sem tekist var á um hin stóru mál samtímans á vígvelli íslenskra stjórnmála.

Metnaði mínum fyrir hönd jafnaðarstefnunnar á Íslandi var stórlega misboðið. Mér fannst þessi staða mála óþolandi og auðmýkjandi. Ég minntist þess að átta árum áður hafði birst svört skýrsla fiskifræðinga um yfirvofandi hrun helstu nytjastofna á fiskimiðunum í kringum landið. Nú settist ég niður og samdi „svarta skýrslu“ þar sem ég braut til mergjar orsakir og skýringar á óförum flokksins og velti upp spurningunni um yfirvofandi hrun „kratastofsins“. Skýrslan hefur allt til þessa dags verið því sem næst leyniskjal; allavega komu fjölmiðlar á þessum tíma ekki höndum yfir hana. Ég gerði mér fullkomlega ljóst að ég var með sprengiefni í höndunum. Það var ekki reynt að fela neitt. Staðreyndir mála voru einfaldlega settar á blað og látnar tala sínu máli og gat hver tekið til sín þá sök sem honum eða henni bar. Ég var á þessum tíma farinn að velta því alvarlega fyrir mér að nú væri rétti tíminn og tækifærið fyrir mig til þess að bjóða mig fram til formennsku. Alþýðuflokkurinn væri einfaldlega svo aðframkominn að trúnaðarmenn flokksins, sem kjörnir væru á flokksþing, yrðu að horfast í augu við sjálfa sig, hvort þeir kysu óbreytt ástand sem leiddi til hægfæra dauða. Eða væru þeir reiðubúnir að taka áhættu sem gæti þó gefið flokknum von um uppreisn æru?

Það voru liðin fjögur ár frá því ég tók að hasla mér völl innan raða Alþýðuflokksins í Reykjavík haustið 1979; ég hafði tekið við ritstjórn *Alþýðublaðsins* og var þar með orðinn ein helsta rödd flokksins í stjórnarandstöðu; ég hafði lagt mig allan fram í kosningabaráttu fyrir hönd flokksins í tvennum kosningum, árið 1979 og 1983. Í þessu stríði hafði ég að sjálfsgöðu eignast marga trúnaðarvini og stuðningsmenn í hópi alþýðuflokksfólks í

Reykjavík. Einn þessara manna var Birgir Dýrfjörð rafvirki. Birgir er ætt-  
aður frá Siglufirði og reyndar að vestan og hafði um skeið alist upp austur  
á Seyðisfirði. Um tíma var hann búsettur á Saudárkróki þar sem hann var  
einn helsti forystumaður Albýðuflokksfólks á staðnum. Hann hafði um  
skeið farið halloka í viðskiptum sínum við Bakkus konung. En þegar hér  
var komið sögu var hann „frelsaður“ frá því böli og mjög virkur í flokks-  
starfi, reyndar bæði í Reykjavík og Kópavogi því að hann bjó á landamær-  
um Reykjavíkur og Kópavogs. Birgir er maður ihugull og greindur, en fyrst  
og síðast ósvikinn jafnaðarmaður að hugsjón fram í fingurgóma. Hann  
þekkti flokkinn eins og lófana á sér og hafði víða öflug tengsl innan verka-  
lýðshreyfingarinnar. Nú leitaði ég til Birgis og ræddi ítarlega við hann efni  
svörtu skýrslunnar, sem eftir atvikum gat skoðast sem „dánarvottorð“ eða  
„sjúkdómsgreining og læknisráð“ fyrir Albýðuflokkinn. Niðurstaða okkar  
Birgis varð sú að við efndum til fundar í Félagsmiðstöð jafnaðarmanna  
(Rósinni) í Albýðuhúsinu, þar sem Birgir flutti efni svörtu skýrslunnar,  
þótt hann lagaði það í hendi sér eftir þörfum. Þar með var þeirri hættu  
bægt frá, ef skýrslan læki út, að ég yrði sakaður um allsherjarárás á flokks-  
forystu og trúnaðarmenn Albýðuflokksins. Skýrslan var svo áhrifamikil í  
flutningi Birgis að fundarmenn setti næstum hljóða. Síðar spunnust um  
hana miklar umræður. Þegar nær dró flokksþingi hafði efni hennar borist  
víða svo að Birgir ákvað að lokum að senda hana, ásamt trúnaðarbréfi, til  
líklegra flokksþingsfulltrúa, en sem algert trúnaðarmál. Svörtu skýrsluna,  
eins og ég gekk frá henni upphaflega í handriti, er að finna í bókarauka.

### Framboð til flokksformanns

Í byrjun nóvember ákvað stjórnarandstaðan að leggja fram vantraust á ríkis-  
stjórn Steingríms Hermannssonar. Þingflokkurinn valdi mig til þess að  
gerast aðaltalsmann Albýðuflokksins í þessum umræðum. Ræða mín við  
þessar vantraustsumræður var allt í senn: Römm ádeila á stefnu og störf  
ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar; hnitmiðuð lýsing á þeirri stefnu  
og þeim úrræðum sem jafnaðarmenn legðu fram í staðinn; og heit áskorun  
til Albýðuflokksfólks og jafnaðarmanna um að reka af sér slyðruorðið  
og hefja nýja sókn undir merkjum jafnaðarstefnunnar á Íslandi. Ég lagði  
mikla vinnu í þessa ræðu, ekki síst með það í huga að flokksþing Albýðu-  
flokksins stóð fyrir dyrum rúmlega viku síðar. Í þessari ræðu kvað við þann  
nýja tón sem ég vildi að bærist til þjóðarinnar út frá flokksþinginu. Þessi  
ræða réð mestu um það að flokksmenn fóru í vaxandi mæli að leita til mín  
og skora á mig að gefa kost á mér í formannskjöri á væntanlegu flokksþingi.

Þess vegna er ræða birt í heild í bókarauka, auk þess sem hún kemur til skila kjarnanum í stjórnarandstöðupólitik Alþýðuflokksins á þessum árum.

Á morgni dags 11. nóvember, fimm dögum fyrir flokksþing, gekk ég á fund Kjartans Jóhannssonar, formanns flokksins, á skrifstofu hans á Alþingi, og tilkynnti honum þá ákvörðun mína að bjóða mig fram gegn honum til formanns flokksins. Kjartan tók þeim tíðindum stillilega. Hann spurði einnar spurningar: Væri ég reiðubúinn til að lýsa því yfir fyrirfram, ef ég næði ekki kjöri, að ég myndi gefa kost á mér sem varaformaður flokksins, með hann sem formann? Ég svaraði því neitandi. Ég hafði áður sagt Jóhönnu Sigurðardóttur að ég væri reiðubúinn að styðja hana til formennsku. Hún sagðist ekki vera reiðubúin til formannsframbóðs, eins og ég þóttist vita fyrirfram, en ákvað hins vegar að gefa kost á sér sem varaformaður. Ég sagði Kjartani að ég hefði ákveðið að styðja Jóhönnu í það starf. Hins vegar fullvissaði ég Kjartan um það að ég myndi taka úrslitunum með jafnaðargeði á hvorn veginn sem færi. Ég myndi ekki hlaupa í neina fylu. Að samtali okkar Kjartans loknu efndi ég til blaðamannafundar þar sem ég tilkynnti ákvörðun mína og gerði grein fyrir forsendum og málalíbúnaði.

Eins og ævinlega, þegar stefnir í persónuleg átök manna í millum, fylltust fjölmiðlar skyndilega áhuga á málefnum Alþýðuflokksins. Fyrirhugað formannskjör á flokksþinginu yfirskyggaði allt annað og vakti mikla athygli og umfjöllun í fjölmiðlum.

### Ég á mér draum

Í yfirheyrslu í *Helgarpóstinum* vildi Ómar Friðriksson fá að vita hvað ég ætti við með því að Alþýðuflokkurinn ætti að hasla sér völl sem forystuflokkur vinstra megin við miðju íslenskra stjórn mála. Svarið var á þessa leið: „Til vinstri við okkur eru tveir flokkar. Lengst til vinstri er Kvinnalistinn ... með femínisma sem grundvallarhugmynd; „apartheid“ – aðskilnaðarstefnu – kynjanna. Af þingstörfum Kvinnalistans má ráða að hann er „vinstra megin“ við Alþýðubandalagið í utanríkismálum, í atvinnumálum og hugmyndafræðilega. Alþýðubandalagið er að minnsta kosti tvískiptur flokkur. Annars vegar eru þar vinstri róttæklingar; hins vegar fólk sem ég kenni við verkalyðshreyfingu og raunsæi. Þetta fólk á, að fenginni reynslu, æ minni samleið með Alþýðubandalaginu. Um Framsókn þarf ekki að segja margt: Hún mun halda sig þar sem völdin eru hverju sinni. Hægra megin við okkur er Sjálfstæðisflokkurinn. Hann samanstendur af að minnsta kosti fjórum flokkum. Þar er frjálshyggiusöfnuðurinn sem er að taka völdin í flokk-

um. Í öðru lagi eru þar framsóknarmenn, sem leiðist í Framsókn. Því næst eru þar pilsfaldakapitalistar og fyrirgreiðslupólitikusat, það er að segja fulltrúar stórfyrirtækja og atvinnuvega. Loks finnur þú í kjósendahópi Sjálfstæðisflokksins fjöldann allan af frjálslyndu fólki sem í raun og veru á samleið með okkur sósíaldemókrötum, jafnaðarmönnum, en hefur ekki fundist það eiga heima í Alþýðuflokknum eða ekki getað treyst honum. Því flokkurinn hefur verið of veikburða. Loks er svo Bandalag jafnaðarmanna sem að eigin sögn og mínu álitu er jafnaðarmannaflokkur.

Alþýðuflokkurinn á fyrst og fremst að leita samstarfs við Bandalag jafnaðarmanna og þessi sósíaldemókratisku öfl í Sjálfstæðisflokknum og verkalyðssinnana og raunsæismennina í Alþýðubandalaginu. Ég á mér draum um að breyta þessu flokkakerfi þannig að þetta stjórn málafl, vinstra megin við miðju, verði stjórn mála flokkur með 20-30% fylgi í flokkakerfinu. Það er forsendan fyrir því að hann verði ráðandi afl í ríkisstjórn. Þetta er mitt markmið.“

Ég lauk viðtalinu með því að lýsa sjálfum mér sem sannfæringarpólitíkusi og sóknarmanni í pólitik. Og spurði í framhaldinu:

„Hvernig hafa þeir þetta í landsliðinu? Ekki hola þeir Pétri Péturssyni aftast í vörnina? Hann skorar ekki mikið þaðan, er það?“

Þetta sumar hafði ég sest niður og samið drög að ítarlegri stefnuskrá fyrir nútímalegan jafnaðarmannaflokk. Verkefnið var auðvelt: Ég þurfti ekki annað en að draga saman í sémilega hnitmiðudum texta niðurstöðurnar af þeirri stjórn málastefnu sem ég hafði verið talsmaður fyrir, í ræðu og riti, sem ritstjóri *Alþýðublaðsins* og þingmaður og frambjóðandi Alþýðuflokksins á undanförunum misserum og árum. Ég gaf þessari stefnuyfirlýsingu heitið: *Hverjir eiga Ísland?*

## Hverjir eiga Ísland?

Þessi stefnuyfirlýsing var frá minni hendi hugsuð sem vegvisir fyrir nútímalegan jafnaðarmannaflokk, miðað við þáverandi aðstæður í íslensku þjóðfélagi. Þetta var tilraun til að marka flokknum skýra og afdráttarlausa stefnu í öllum helstu málum; ekki var látið við það sitja að benda á veilur og gagnrýna stjórnarstefnu og aðra flokka heldur sett fram heildstæð stefna í staðinn. Þetta var um leið tilraun til að marka Alþýðuflokknum sérstöðu svo að ekki færi á milli mála hvað við jafnaðarmenn vildum, né heldur hverjir væru andstæðingar okkar og með hverjum við ættum samstöðu. Millifyrirsagnirnar gefa nokkra hugmynd um efni og efnisskipan: Fyrsti kaflinn undir fyrirsögninni „Tvær þjóðir“ fjallaði um vaxandi misskiptingu

auðs og tekna og um vaxandi félagslegt misrétti í þjóðfélaginu í kjölfar hins vitlausa áratugar óðaverðbólgunnar. Undir fyrirsögninni: „Áratugur hinna glötuðu tækifæra“ var sjúkdómsgreining verðbólguþjóðfélagsins birt og sýnt fram á hvernig langvarandi óðaverðbólga hafði brenglað allt verðmætamat og staðið heilbrigðu atvinnulífi fyrir þrifum. Sérstakur kafli bar heitið: „Hvers vegna eru launin svona lág?“ Einn kafli hét: „Að breyta þjóðfélaginu.“ Þar var fjallað um leiðir innan skatta- og velferðarkerfisins til þess að draga úr misskiptingu tekna og félagslegu misrétti og treysta undirstöður velferðarríkisins. Þá var sett fram áætlun um hvernig ætti að bæta lífskjörin á grundvelli heilbrigðs atvinnulífs og koma á stöðugleika í efnahagsumhverfinu. Í lokakaflanum var sett fram hugmyndafræði okkar jafnaðarmanna um hagkvæmni og jöfnuð, en stefna okkar jafnframt skýrt aðgreind frá einfeltningslegum lausnum frjálshyggjutrúboðsins. Þessa ítarlegu stefnuýfirlýsingu lagði ég fyrir fund Albýðuflokksfólks í Reykjavík fáeinum dögum fyrir flokksþing. Stefnuýfirlýsingin var þar einróma samþykkt sem tillaga þessa hóps að stefnuýfirlýsingu fyrir flokkinn í heild.

42. flokksþing Albýðuflokksins kom saman í húsakynnum Hótel Loftleida í Reykjavík dagana 16.-18. nóvember 1984. Flokksþingið var óvenju fjölmennt. Þrátt fyrir þá spennu sem byggð hafði verið upp kringum formannskjorið fór vel á með flokksþingsfulltrúum, stemmningin einkenndist af eftirvæntingu og bjartsýni. Það var frá upphafi ljóst að á hvorn veginn sem formannskjorið færi væri engin hætta á flokkadráttum eða kloffningi. Umræður voru málefnalegar. Fjölmiðlar fylgdust grannt með hverju orði – ekki af áhuga á pólitík heldur til þess að finna einhverja vísbendingu um niðurstöður formannskjörs. Fréttamenn sátu um flokksþingsfulltrúa og reyndu að spá með þeirra aðstoð í úrslitin. Flestir virtust vera þeirrar skoðunar að sitjandi formaður myndi ná endurkjöri, þótt það kynni að verða mjótt á mununum. Ég lyfti ekki svo mikið sem síma til að biðla til flokksþingsfulltrúa eftir atkvæðum. Seinna frétti ég að smiður að norðan hefði tekið sér frí úr vinnunni og sest við símann hjá vini sínum syðra og hringt kerfisbundið í þingfulltrúa, einkum af Reykjanesi og landsbyggðinni, og reynt að snúa þeim til fylgis við Jón Baldvin. Hann hafði upptendrast af leiðurum mínum í *Albýðubladinu* og málflutningi frambjóðandans á fundum nyrðra. Þessi maður heitir Stefán Gunnarsson frá Hofsósi.

Sjálfur er ég reyndar þeirrar skoðunar að úrslitin hafi ekki ráðist fyrr en eftir að þingfulltrúar höfðu hlýtt á frambóðsræður beggja frambjóðenda. Ræða Kjartans var formföst en skýrslukennd eins og búast hefði mátt við af stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra fyrirtækis sem var að leggja

ársskýrsluna fyrir hluthafafund. Oft og iðulega hef ég heyrt því haldið fram af vinum mínum og samstarfsfólki innan Alþýðuflokksins að framboðsræða mín á þessu flokksþingi sé sú besta sem ég hafi nokkru sinni flutt. Um það þori ég ekki að dæma. Ég er hins vegar sammála því að hún hafi ráðið úrslitum. Og þar með haft nokkur áhrif á stjórnmalabróun íslenska lýðveldisins næsta áratuginn eða svo. Ræðan fer hér á eftir:

*Texti dagsins er Predikarinn, II kapituli, 3. vers:*

*Öllu er afmörkuð stund og sérhver hlutur undir himninum hefur sinn tíma,  
 að fæðast hefur sinn tíma og að deyja hefur sinn tíma,  
 að gróðursetja hefur sinn tíma og að rífa það upp, sem gróðursett hefur verið,  
 hefur sinn tíma.  
 að deyða hefur sinn tíma og að lækna hefur sinn tíma,  
 að rífa niður hefur sinn tíma og að byggja upp hefur sinn tíma,  
 að gráta hefur sinn tíma og að hlæja hefur sinn tíma,  
 að kveina hefur sinn tíma og að dansa hefur sinn tíma,  
 að fadmast hefur sinn tíma og að halda sér frá fadmlögum hefur sinn tíma,  
 að leita hefur sinn tíma og að týna hefur sinn tíma,  
 að geyma hefur sinn tíma og að fleygja hefur sinn tíma,  
 að rífa sundur hefur sinn tíma og að sauma saman hefur sinn tíma,  
 að þegja hefur sinn tíma og að tala hefur sinn tíma,  
 að elska hefur sinn tíma og að hata hefur sinn tíma, ófriður hefur sinn tíma,  
 og friður hefur sinn tíma.*

*Hvern ávinning hefur þú starfandinn af öllu striti sínu?*

*Öllu er afmörkuð stund, líka okkur, sem hér erum saman komin til að ráða ráðum okkar um framtíð jafnaðarstefnunnar á Íslandi; og til að kjósa mönnum örlög.*

*Nú eru tímamót.*

*Þjóðfélagið er á tímamótum.*

*Alþýðuflokkurinn er á tímamótum.*

*Þær ákvarðanir sem þið takið hér, munu mjög sennilega skipta sköpum um stjórnmalabróun á Íslandi fram að næstu aldamótum.*

*Hvorki meira né minna.*

*Ég treysti dómgreind ykkar; ég treysti á ábyrgðartilfinningu ykkar, gagnvart þeim hinum dýra arfi forfedra og brautryðjenda, sem ykkur hefur verið falið að ávaxta.*

*Ég treysti á ábyrgðartilfinningu ykkar gagnvart framtíð íslenska lýðveldis-*

ins, lífskjörum og hamingju niðja okkar, borinna og óborinna.

Þessa ögurstund sitjið þið í dómarsæti; í höndum ykkar er fjöregg Alþýðuflokksins og jafnaðarstefnunnar; ekkert ykkar fær undan því vikist að kveða upp sinn dóm. Ekkert ykkar fær að sitja hjá; og enginn dauðlegur maður er yfir það hafinn að hlíta ykkar dómi.

Alþýðuflokkurinn er á tímamótum.

Þjóðfélagið er á tímamótum. Á næstu misserum og árum göngum við á vit sjaldgæfra umbrotatíma í íslenskum stjórnámálum.

Það eru þúsundir Íslendinga, karla og kvenna, ungra og aldinna, sem nú eru knúin til að leita nýrra svara við gömlum spurningum; um rétt og rangt, um gott og illt.

Ög minnumst þess: Það er ekki ranglæti hinna illviljuðu sem er verst; heldur afskiptaleysi og þögn – hinna góðviljuðu.

Það er vel fylgst með þessu flokksþingi. Það er gott. Öll þjóðin beinir augum sínum hingað þessa helgi. Öll þjóðin leggur við hlustir og vill heyra hvað hér er sagt. Það er gott. Þannig á það að vera. Ekki bara í þetta skiptið heldur ævinlega.

Minumst brautryðjendanna sem lögðu blóð sitt, svita og tár fram í fórnfúsri baráttu til að breyta þessu þjóðfélagi í anda frelsis, jafnréttis og bræðralags.

Við eigum langa leið að baki; við eigum að leggja rækt við virðulega sögu okkar. Hún geymir margar óafmáanlegar minningar um glæsta sigra fyrir málstað alþýðunnar í landinu; hún geymir líka sorgarsögu um beiska ósigra, um stórar hafvillur, brotsjó, sundurlyndi, kjarkleysi og uppgjöf.

Við eigum brautryðjendunum skuld að gjalda.

Gleymum því aldrei að frá og með þeim degi sem sjómáðurinn við færð, verkamaðurinn við byggingarkranann og uppfærðari æskunnar finna það ekki í hjarta sínu lengur að okkar flokkur sé þeirra flokkur þá hefur okkur mistekist. Þá höfum við hreinlega brugðist skyldum okkar og ætlunarverki.

Jafnaðarmenn hafa ekki áratugum saman átt brýnna erindi við fólkid í landinu en einmitt nú. Það er okkar verkefni þegar við hverfum af þessu þingi, hvert til síns heima, að sannfæra vini okkar og samstarfsmenn um það, að án virks stuðnings vinnandi fólks í landinu er Alþýðuflokkurinn ekkert; og að án Alþýðuflokksins er vinnandi fólk á Íslandi illa sett til að heyja ójafnan leik við eigendur fjármagnsins og atvinnutækjanna, fulltrúa valdsins, um réttmætan hlut í þeirri verðmætasköpun sem vinnan skapar.

Vitnum í Einar Pveræing þegar erlent konungsvald vildi þiggja Grimsey að gjöf og gera hann sér síðan handgenginn. Hann sagði: „Þá ætla ég að mörgum kotbóndanum muni þykja þröngt fyrir dyrum.“

Frá og með þeim degi að Alþýðuflokkurinn er ekki lengur það baráttutæki

*í höndum vinnandi fólks sem brautryðjendurnir vildu smíða sér þá mun verða þröngt fyrir dyrum alþýðu manna á Íslandi.*

*Góðir samherjar.*

*Hin ósvikna og upprunalega rödd Alþýðuflokksins hefur of lengi ekki heyrst vítt og breitt um fiskiþorp og verstöðvar þessa vogskorna lands með þeim kraftbirtingarhljómi að undir taki í fjöllunum svo að bergmálið berist fjarða á milli og út á miðin þar sem einvala lið íslenskra karlmanna, okkar landvarnarmenn heyja lífsbaráttu allrar þjóðarinnar við sjálf náttúruöflin.*

*Alþýða manna á Íslandi gerir eina kröfu til ykkar í dag – aðeins eina: Að þið hafið manndóm til að sópa burt þessari lognmollu þannig að framvegis hljómi rödd jafnaðarstefnunnar í margradda kór íslenskra stjórnmála – há og tær, þýð og blið og með þeim þunga undirtóni sem með áleitni sinni krýr hinn vinnandi mann til að líta upp frá verki sínu og leggja við hlustir.*

*Afmáum þann stimpil að við séum flokkur lítillátra kyrrsetumanna sem una sér best bak við gljábónað skrifborð í palisanderhöllum kerfiskarla og möppuðýra.*

*Ég segi: Við vorum, erum og eigum að vera róttækur umbótaflokkur, gallhardir andstæðingar kyrrstöðu, ranglætis og spillingar, baráttumenn fyrir frelsi einstaklingsins, jöfnum tækifærum allra til að njóta lífsins gæða og bræðralagi og samábyrgð með þeim sem höllum fæti standa og þurfa að finna hlýja og trausta hjálparhönd þegar mótlæti og miskunnarleysi umhverfisins leggur manneskjunni of þungar byrðar á herðar.*

*Ég legg hér fyrir ykkur eitt mál: Það er spurningin: Hverjir eiga Ísland? – Fámenn stétt fjármagnseigenda eða hinn vinnandi fjöldi? – Þetta er hugsað sem stefnuyfirlýsing Alþýðuflokksins um mál málanna í íslensku þjóðfélagi í dag: Hvaða leiðir eru færar til að jafna eigna- og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og studla að þjóðfélagslegu réttlæti.*

*Þetta er mál málanna. Þetta er svarið við þeim spurningum sem nú leita á hug alþýðuheimilanna í landinu: Hvers vegna eru launin okkar svona lág? Hefur þjóðfélagið ekki efni á að borga laun sem nægja til lífsframsfærís fjölskyldu fyrir heidarlegt vinnuframlag? Hvar eru peningarnir? Hverjir eiga Ísland?*

*Hérna er svarið: Þetta er róttækasta yfirlýsing sem komið hefur frá nokkrum stjórnmálaflokki á Íslandi um langt skeið. Þetta svar sýnst um kjarnann í boðskap jafnaðarstefnunnar: Um jöfnud og réttlæti. Þetta er pólitískur vegvisir sem visar okkur leið fram á ókomna tíð.*

*Það er þetta sem ég á við þegar ég set fram kröfuna um að Alþýðuflokkurinn hasli sér völl sem róttækur umbótaflokkur og sameiningarafl jafnaðarmanna í íslenski pólitík.*

Það kemur í hlut þess manns sem þetta flokksþing velur sér til forystu að leggja nú upp í langferð vitt og breitt um byggð ból á Íslandi með þennan röttæka boðskap í höndunum og á vörunum til þess að berja það inn í hausinn á verkamanninum við höfnina, sjómanninum við færð og já – bóndanum við orfið – að við erum þeirra menn; að án þeirra getum við ekkert; og að án okkar mun þeim mistakast að tryggja sinn hlut í þeim verðmætum sem þeir skapa í sveita síns andlits og með sínum högu höndum.

Þetta er málið.

Góðir félagar: Í upphafi vitnaði ég í Predikarann þar sem segir að allt hafi sinn tíma og öllu sé afmörkuð stund. Á þessari stundu mæna augu þjóðarinnar á ykkur. Þjóðin væntir svars. Hún væntir aðeins einna tíðinda frá þessu flokksþingi Alþýðuflokksins: Þorum við – eða þorum við ekki? Hvort mun kviði hinna tvíráðu frammi fyrir óhjákvæmilegum breytingum vega þyngra á meta-skálunum en krafa hinna framsæknu um röttækar breytingar: Á Alþýðuflokknum, á flokkakerfinu, á hinu íslenska þjóðfélagi?

Spurt er: Mun Alþýðuflokkurinn þekkja sinn vitjunartíma – eða láta tæki-færð sér úr greipum ganga?

Ég geri aðeins eina kröfu: Að svarið – hvert sem það verður – verði einfalt, auðskilið og afdráttarlaust. Þannig að enginn hugsandi maður velkist framvegis í vasa um það hvort Alþýðuflokkurinn ætlar enn að biða átekt og velta vöngum eða hvort hann er altygjadur til bardaga og ódfús að kenna á ný til í stormum sinnar tíðar.

Félagar: Minnumst þess: Nú er allt að vinna – en engu að tapa.

Vappar ósyndur ungi á bakka  
með augun blikandi af þrá -  
en sumir þorfa ei til þess að hlakka,  
sem þeim er annast að fá.  
Gegn svo mörgu sem guð þeim sendir  
mun gera kviðann að hlíf,  
og kviða oft því sem aldrei hendir,  
og enda með kviða sitt lif.

Þannig kveður Guðmundur Kamban, ærlegur Vestfirðingur, skáld drenglundar, áræðis og karlmennsku. Ég kveð ykkur með þessum orðum hans.

### Allt að vinna – engu að tapa

Formannskjörið fór fram strax að framsöguræðum loknum. Úrslitin urðu þau að ég náði kjöri með 142 atkvæðum gegn 92 atkvæðum Kjartans Jóhannssonar. Jóhanna Sigurðardóttir var kjörin varaformaður, Árni Gunnarsson alþingismaður ritari, Geir A. Gunnlaugsson verkfræðingur var kjörinn gjaldkeri og Guðmundur Oddsson, oddviti jafnaðarmanna í Kópavogi, var kjörinn formaður framkvæmdastjórnar. Þar með hófst nýtt tímabil í lífi mínu – og Alþýðuflokksins.

Löngu seinna birti tímaritið *Heimsmynd* glefsur úr viðtölum við okkur feðga, mig og Glúm son minn. Allt var það í léttum dúr, enda gerði Glúm-ur máturegt grín að föður sínum fyrir ofþroskaðan messiasarkomplex. Þar lýsir hann formannskjöri föður síns með eftirfarandi orðum: „Hann breyttist þegar hann var kosinn formaður. Hann var á einhverjum fundum daginn sem hann var kosinn, kom heim og fór syngjandi í bað, stóð upp og klæddi sig og bretti upp ermarnar og fór út og hefur ekki sést síðan.“



## Eftirmáli við Tilhugalíf

Þeir sem náð hafa að lesa aftur á þessa bladsíðu ættu ekki að velkjast í vafa um það úr þessu að hér er leitast við að segja þroskasögu stjórnámamanns, sem kenndi til í stormum sinnar tíðar og fór víða að leita fanga. Samt er þetta sagan um manninn sem fór að heiman til þess eins að finna aftur leiðina heim. Ég lagði upp í þessa ferð með gott veganesti úr heimahúsum – samhygdina með meðbræðrum og systurum sem ég drakk í mig með móðurmjólkinni. Um skeið, á unglings- og uppreisnarárum, fór ég villur vega undir áhrifum frá hinum „hundgrimmu ofvitum Stórasannleiks“, til þess eins að uppgötva að ég hafði leitað langt yfir skammt. Vegurinn að heiman varð að lokum vegurinn heim.

Frásagnir hafa vaxið svo í þessum meðförum að bókin hefur breyst í eins konar Íslendingasögu í nútímastíl. Þetta er orðið að pólitískri ættarsögu þar sem bræður berjast og fóstbræður berast á banaspjót. Mikil mannþyrping kemur við sögu og það úir og grúir af mannlífsmýndum aldarfarsins. Hér stiga fram á sögu sviðið ástvinir og andstæðingar, féndur og fóstbræður, keppinautar og kaldrifjaddir samsærismenn – konur og karlar, ungir og aldnir.

Flestir hafa þeir til síns ágætis nokkuð. Ég ber flestum samferðamönnum mínum vel söguna, þótt ég segi á þeim kost og löst, frá mínum eigin bæjardyrum séð. Frá því er aðeins ein undantekning: Gamla Sovéttrúboðið er tekið rækilega til bæna. Og sú kynslóð jafnaldra minna og ívið eldri samferðamanna, sem gekkst undir jarðarmen mannanna frá Moskvu, fær óblið eftirmæli. En það er ekki við mig að sakast heldur þá sjálfa. Þá brast einfaldlega kjark til að horfast í augu við staðreyndir og þeir urðu þess vegna þeim bitru örlögum að bráð að daga uppi við dagsbrún nýrrar aldar og verða að grjóti. Öll skuldum við reikningsskil gerða okkar frammi fyrir dómi samtíðar og sögu. Og þeim dómi verður víst ekki áfrýjað til æðra

tilverusviðs. En mannskepnan í þessu voru jarðlifi er breysk og brothætt. Og auðvitað var að finna mikilhæfa menn í röðum þeirra andstæðinga sem skjátlaðist hvað hrapallegast um satt og logið í samtíð sinni. Samt eru tilfinningar mínar í þeirra garð blendnar. Það sem á skortir um virðingu er bætt upp með samúð – jafnvel vorkunnsemi. Satt að segja veit ég ekki hvort er verra.

Það fer heldur ekki framhá lesendum – að minnsta kosti þeim sem kunna að lesa á milli línanna – að *Tilhugalíf* er öðrum þræði ástarsaga – óður til konunnar í lífi mínu. Þetta er ástarsaga um ballerínuna sem geislandi af sakleysi brosti til mín í Gaggó Vest forðum, brosi sem lýsti upp sólkerfið, svo ég var ekki síðan með sjálfum mér. Þetta er sagan um fegurðardrottninguna sem, þrátt fyrir misjafnt orð sem fór af hinum óstýriláta byltingarmanni, þóttist sjá í honum mannsefni sem vafðist fyrir öðrum að koma auga á. Þetta er sagan af stúðinunni sem af örlæti sínu reyndi að miðla fúxinum af námsefni til stúdentsprófs – grunlaus um afleiðingarnar fyrir líf okkar beggja. Þetta er sagan af ungu konunni sem hélt til Parísar með barn okkar undir belti, staðráðin í að segja engum frá því til að koma í veg fyrir að það myndi binda enda á námsframa hins væntanlega föður. Þetta er sagan af ástkonunni sem tók líf okkar afdráttarlaust í eigin hendur þegar við lá að stundarvonbrigði hefðu látið mér hugfallast í vonleysi og sjálfsmeðaumkun. Þetta er sagan um hina ungu leikkonu sem hikaði ekki við að fórna eigin frama á fjöllum leikhússins, sem hún unni, til að fylgja ástvinum sínum í óvissa útlegð. Þetta er sagan um lærdómskonuna sem kenndi nemendum okkar með brosi á vör, frönsku, þýsku og jafnvel latínu; og munaði ekki um að reka kvöldskóla að auki og að stýra leiklistarnám-skeiðum og að leikstýra og leika í leikritum með nemendum okkar.

Þetta er sagan um hina ungu móður fjögurra barna sem annaðist ekki einungis uppeldi þeirra heldur opnaði líka heimili sitt fyrir gestum og gangandi, þeim sem sóttu hinn unga skóla heim; og opnaði dyr sínar fyrir öllum sjálfboðaliðum Alþýðuflokksins sem verðskulduðu viðurkenningu og uppörvun; og gerði löngu síðar heimili sitt að íslenskri menningarmiðstöð í höfuðborg heimsins, þótt hún hefði ekki fimmeyring á fjárlögum til að standa undir kostnaði. Og þetta er sagan um konuna útivinnandi, sem í viðbót við barnaupveldi og heimilisrekstur og fullt starf utan heimilis, hljóp í skardið fyrir bónda sinn við að reka skólann til þess að hann mætti njóta orlofs til andlegrar endurnýjunar í annarri heimsálfu. Þetta er sagan um valkyrjuna sem hikaði ekki við að fara í framboð til borgarstjórnar til að bjarga því sem bjargað varð, þegar sýnt þótti að öðrum brygðist bogalístin um að vekja traust og áhuga kjósenda.

Þetta er sagan um nútímakonuna sem vann utan heimilis við ritstjórn og dagskrárgerð í sjónvarpi og útvarpi, en galt þess oftast en einu sinni að vera gift umdeildum stjórnálamanni, með því að vera sagt upp starfi. Þetta er sagan um hina hugsandi konu sem alla tíð, til viðbótar öðrum störfum, hefur fengist við skriftir, þýðingar, leiklistargagnrýni, dálkaskrif eða hugvekjur til þjóðar sinnar frá framandi slóðum eins og í Washington DC.

Þetta er sagan um heimskonuna sem hefur svo oft fyllt mig stolti fyrir hönd lands og þjóðar, þar sem hún hefur setið sem húsfreyja eða heidursgestur við háborð erlendra fyrirmenna og heillað þau upp úr skónum með fjölkynngi málakunnáttunnar eða persónutöfrunum einum saman. Þetta er sagan um konuna sem segja má um það sem fegurst er sagt í fornum sögum um samband karls og konu, að með þeim var fullt jafnræði. Að vísu veit ég vel að það hefur hallað á mig í okkar viðskiptum. En einmitt þess vegna hef ég reynt að leggja mig allan fram.

Þetta er sagan um konuna sem hefur mótttekið mörg hundruð ástarbréf, bæði frá hinum unga draumóramanni og hinum lífsreynda stjórnálamanni, en ævinlega endurgoldið það allt rikulega.

Allt þetta er *Tilhugalíf* – seinasta sendibréfið til Bryndísar að sinni og það lengsta í blaðsíðufjölda talið, hingað til. Ég ætla að ljúka þessu langa sendibréfi til konunnar í lífi mínu með sömu orðunum og ég sendi henni á jóla-korti stúdentsprófsárið okkar í MR, 1957–1958, úr vísun Bergþóru sem voru ortar að handan:

*Vorið  
sínur laufsprotur  
á ljórann þer;  
ég fer á fund  
við ástina  
í fylgd með þér  
- og er  
aldrei síðan  
með sjálfum mér.*

Washington DC, 10. október 2002  
Jón Baldvin

## Um verkið

*Tilhugalif* er fyrra bindi ævisögu Jóns Baldvins Hannibalssonar. Í bókinni er leitast við að draga upp mynd af manningum og sjórnmalamaninum Jóni Baldvini og lýsa afstöðu hans til manna og málefna. Meginheimildin við samningu þessarar bókar er heilabú Jóns Baldvins sem býr yfir gnægð af sögum sem tengjast persónum og tímabilum. Það sem hér kemur á prent er einungis brot af þeim sögum. Einnig er stuðst við margvísleg gögn í förum Jóns Baldvins, svo sem minnisblöð hans frá ýmsum tímum og einkabréf auk fjölmargra blaða- og tímaritsgreina.

Fjölmargir veittu aðstoð við samningu þessarar bókar. Kona Jóns Baldvins og börn lásu handritið yfir og vinir hans og kunningjar miðluðu upplýsingum. Þarfar ábendingar komu frá Arnóri Hannibalssyni, Agli Helgasyni, Styrmi Gunnarssyni og Þresti Ólafssyni og er þeim þakkaður yfirllestur. Ég á skarpskyggni Guðmundar Andra Thorssonar mikið að þakka en hann las handritið í lokagerð. Sömmuleiðis átti ég mikla og góða samvinnu við Bjarna Guðmarsson sagnfræðing sem las handritið á öllum stigum þess. Sigríður Rögnvaldsdóttir færði einnig margt til betri vegar. Jakob Frimann Magnússon var góður liðsmaður við samningu þessarar bókar og þegar ég hafði ekki tök á að leita uppi gamlar blaðagreinar eða aðrar heimildir tók hann að sér þau verk ásamt Mörtu Jónsdóttir og vann fljótt og vel. Að lokum þakka ég Önnu Sigríði Alfreðsdóttur mikla og góða aðstoð. Og vinum mínum þakka ég hvatningu og uppörvun.

Kolbrún Bergþórsdóttir

# Bókarauki



# Vantraustsræða

Pólitik er að vilja. Ef við við vitum hvað við viljum getum við í sameiningu breytt þjóðfélaginu. Þess vegna hefur verið sagt að stjórnmálaflokkur sé „skipulögð skoðun“. Þess vegna getur þátttaka í stjórnmálum verið skapandi starf, þrátt fyrir að ýmsir fjölmiðlar láti ganga róginn um stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka. Minnumst þess að það er ekki ranglæti hinna illviljuðu sem er verst; það versta er afskiptaleysi hinna góðviljuðu.

## I Að skilgreina vandann

Hvernig vill Alþýðuflokkurinn breyta þjóðfélaginu?

Áður en ég svara því þarf að skilgreina vandamálin sem okkur varðar mestu að finna lausn á. Ég nefni tvö:

1. Síðastliðinn tvö ár höfum við sameiginlega orðið fyrir tekjumissi (vegna minna sjávarfangs, óhagstæðari aflasamsetningar og markaðserfiðleika). Tekjutapið má áætla á bilinu 5-6 milljarða króna. Þessu tapi þarf að jafna niður á þjóðina, eftir eignum og ástæðum. Það er af óviðráðanlegum orsökum.
2. Hitt vandamálið þarfnast skýringa. Bestu hagfræðingum okkar ber saman um að við erum nú að minnsta kosti 25 milljörðum króna fátækari en við værum ef verðbólgunni hefði ekki verið sleppt lausri á síðastliðnum áratug, ef erlendu lánin sem við slógum eins og nýríkir flotræflar í innkaupaleiðangri hefðu skil að okkur lágmarksarði.

Sumir kalla þetta vitlausu áratuginn; aðrir framsóknaráratuginn. Allavega var þetta „áratugur hinna glötuðu tækifæra“.

- Ef Kröfluflokkarnir þrír hefðu aldrei fengið að reisa íslensku hugviti niðstöng við Kröflu, allt í skuld ...
- Ef þessir fjárglæfrar hefðu ekki kostað okkur jafnmikið í vöxtum og afborgunum á ári og að reka Háskóla Íslands ...

- Ef seinustu 20 „Steingrímstogarárnir“ sem nú eru undir hamrinum hefðu aldrei verið keyptir ...
- Ef við hefðum ekki sökkt helft erlendu lánanna í járnbentar virkjanir í óbyggðum án þess að vita fyrirfram hvernig við breyttum þessum erlendu skuldum í hvítagull ...
- Ef lífræðingurinn frá Leipzig hefði ekki í fimm ár haft af okkur 2,5 milljarða í erlendum gjaldeyri frá erlendum auðhring ...
- Ef við hefðum varið þeim 13-14 milljörðum sem við höfum greitt síðastliðinn 6 ár með offramleiðslu og milliliðakerfi landbúnaðarins á arðvænlegri hátt ...
- Ef við hefðum í tæka tíð stöðvað „fjárflóttann“ frá heilbrigðu atvinnulífi í bankahallir, sláturhús (sem rekin eru einn mánuð á ári), undanrennumusteri, verslunarhallir og villur hinna nýriku ...
- Ef við byggjum ekki við fimmtungi hærra innflutningsverð en aðrar Norðurlandþjóðir, þrisvar sinnum hærrí farmgjöld, okurverð á olíu ...
- Ef við hefðum ekki hegðað okkur eins og nýrikir olíufurstar í gleðihúsi værum við nú 25 milljörðum króna ríkari en við erum.

Þá gætu íslenskir atvinnuvegir greitt laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag sem hægt væri að lifa af. Þá gætu tryggingarbætur til hinna öldruðu og sjúku verið rausnarlegri. Þá væru lífskjör okkar enn á borð við það besta sem þekkist með öðrum þjóðum.

Þetta gekk meðan sjávarútvegurinn malaði gull. En ekki lengur. En pólitik er að vilja. Þetta sýnist vera það sem meirihlutinn vildi. Við jafnaðarmenn vörudum við í tæka tíð. En þjóðin vildi ekki trúá viðvörunarorðum okkar. Því fór sem fór.

## II Leið ríkisstjórnarinnar

Áður en ég lýsi stefnu og úrræðum jafnaðarmanna er nauðsynlegt að meta hvernig ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem hér er borin vantrausti, hugðist leysa vandann:

1. Hún hefur ekki hróflað við rótum vandans. Þær liggja í hinu pólitíska fyrirgreiðslukerfi kerfisflokka; þessu samábyrga „velferðarkerfi fyrirtækjanna“, sem okkur hefur reynst svo dýrt. Enda er það ær og kýr framsóknarmanna í báðum stjórnarflokkunum.
2. Ríkisstjórnin brást við 5–6 milljarða tekjutapi þjóðarbúsins með því að færa 7–8 milljarða úr launaumslögunum til fjármagnseigenda. Með öðrum orðum, launafólk hefur þegar greitt fyrri skakkaföllin – og 40% í viðbót, upp í skuld frá stjórnartíð þeirra fjandvina Steingríms og Svavars.
3. Ríkisstjórnin hefur horft í hált annað ár aðgerðalaus á hið hripleka tekju- og söluskattkerfi. Því til viðbótar hefur hún lækkað skattbyrði fyrirtækja um 1–2 milljarða og annarra fjármagnseigenda um 6-700 milljónir. Á sama tíma hefur skattbyrði launafólks, vegna beinna skatta, útsvara og óbeinnar skattlagningar, hækkað um rúma 2 milljarða.

En ekki nóg með það: Hluti útgerðar og fiskvinnslu er sokkinn í skuldir. Ríkisstjórnin býður smávegis greiðslufrest og ný lán. Það er eins og að lengja hengingaról hins dauðadæmda. Þessu fylgir hún eftir með ránsvöxtum á la Reagan. Þannig hefur hún gert fjármagnskostnað útflutningsatvinnuvega og húsbyggjenda að drápsklyfjum. Innanlands er kostnaðinum velt út í verðlagið án þess að sparifjármyndun hafi aukist.

Skuldafjötrar – ránvextir – hengingaról.

Á það að vera líflinan?

### III Tvær þjóðir

Þessi pólitik stjórnarflokkanna hefur afhjúpað alvarlega bresti í undirstöðum íslensks samfélags. Gliðnunin sem byrjaði á vitlausu áratugnum er að verða að óbrúanlegri gjá. Nú er svo komið að landið byggja tvær þjóðir.

Við höfum tvö hagkerfi: Opinbert hagkerfi (sem gefur okkur rangar upplýsingar um lífskjör og afkomu fólks og fyrirtækja). Og neðanjarðarhagkerfi (þar sem tekjur eru faldar og lúxuslífsstill afhjúpar tilbúnar tölur hins opinbera hagkerfis um raunveruleg lífskjör).

Það er aðeins hluti þjóðarinnar sem ber byrðarnar fyrir alla. Því að til er önnur þjóð í þessu landi: Hún hefur engar fórnir fært. Hún skammtar sér sjálf lífskjör. Hún greiðir ekki sinn hlut í sameiginlega sjóði landsmanna. Hún lifir um efni fram. Og hún styður hæstvirta ríkisstjórn. Það er þessi þjóð sem er að byggja í Stigahliðinni. Þessar tvær þjóðir eru nú í þann veginn að segja sig úr lögum hvor við aðra.

Skrifað stendur: Hús mitt á að vera bænahús en þér hafið gjört það að ræningja-bæli.

Nú spyr ég ykkur, þúsundirnar sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í seinustu kosningum: Vissuð þið hvað þið vilduð? Sáuð þið fyrir hvað þið hreptuð? Er þetta það sem þið vilduð?

Hver eru svörin? Einn kjósandi Sjálfstæðisflokksins í seinustu kosningum hefur gert hreint fyrir sínum dyrum. Svar hans er svohljóðandi:

„Staðreyndin er sú að fólki er nóg boðið, því er misboðið og því er ofboðið.“

### IV Hvað vill Alþýðuflokkurinn?

Pólitik er að vilja. Ég er málsvari Alþýðuflokksins, flokks íslenskra jafnaðarmanna. Hvað viljum við? Hvernig viljum við breyta þessu þjóðfélagi?

1. Við viljum brjóta á bak aftur spillt fyrirgreiðslu- og skömmunarkerfi kerfisflokka og hagsmunasamtaka í lánasjóðum og bankakerfi. Í staðinn viljum við leysa úr læðingi áræði, hugvit og atorku nýrrar kynslóðar og brjóta okkur braut í nýjum framtíðargreinum atvinnulífs.
2. Við viljum afnema „velferðarkerfi fyrirtækjanna“. Við erum tilbúnir að draga úr ríkisrekstri þar sem hagkvæmnisrök sanna að sá rekstur væri betur kominn í höndum annarra. Við viljum enga „bakdyraþjóðnýtingu tapsins“.
3. Einmitt vegna þess að jafnaðarmenn voru og eru baráttumenn fyrir þeim af-

skiptum ríkisvaldsins sem stuðla að tekjujöfnun og félagslegu öryggi (almanna-tryggingar, heilsugæsla, skólakerfi og fleira) viljum við forðast það að atvinnulífið lendi á framfæri skattgreiðenda. Það á þvert á móti að skila þeim verðmætum sem samfélagið óskar að verja til nauðsynlegrar sameiginlegrar þjónustu.

- Þegar fullyrt er að atvinnulífið geti ekki greitt laun sem nægja til framfærslu fjölskyldu er okkar svar: Þá ber að breyta því.

Hvernig?

Með því að færa fjármuni frá þeim sem hafa makið krókinn til hinna sem fært hafa fórnir; frá milliliðunum til framleiðslugreinanna. Við viljum ekki liða það að allsnægtir og örbirgð þrífist hlið við hlið í okkar litla samfélagi. Enda munu þá dagar íslenska lýðveldisins brátt taldir.

## V Fimm vegvísar

Hvernig verður þetta gert?

- Við viljum afnema tekjuskatt á launatekjur allt að 35.000 á mánuði. Fyrir því höfum við barist á hverju þingi í áratug. Nú vildu allir þá Lilju kveðið hafa.
- Við erum reidubúin að mæta tekjumissi ríkisins af þessum sökum með niðurskurði ríkisútgjalda og sölu ríkisfyrirtækja þar sem það styðst við hagkvæmnisrök.
- Við erum eini flokkurinn á Alþingi sem síðastliðin tvö ár hefur haldið uppi látlausri umræðu um skattsvikin og aðgerðir gegn þeim. Tillögur okkar í þeim efnum liggja fyrir. Fleiri eru í smiðum. Ég vil nefna tvö dæmi:
- Við viljum afnema undanþágur frá söluskatti að stærstum hluta, við viljum taka söluskatt af innflutningi í tolli. Í svari við fyrirspurn minni á Alþingi síðastliðinn þriðjudag upplýsti fjármálaráðherra að tekjuauki af þessum aðgerðum gæti numið 8 milljörðum króna. Það þýddi tvöföldun á tekjum ríkissjóðs af söluskatti. Því til viðbótar má nefna 2-4 milljarða vegna stórhertar innheimtu. Það er meira en helmingur áætlaðra heildartekna ríkissjóðs 1985. Við þetta vinnst brennt: (1) Ríkissjóður fær auknar tekjur. Seðlaprentun og lántökur erlendis verða stöðvaðar. (2) Unnt er að verja hluta af þessum fjármunum til að lækka söluskatt verulega og þar með vöruverð sem þjóðin á heimtingu á. (3) Hækkun matvöru, sem nú eru undanþegin söluskatti, má mæta með því að endurgreiða barnafjölskyldum riflegar fjölskyldubætur.
- Á næstunni munum við alþýðuflokksmenn leggja fram tillögu um nýjan stighækkandi eignarskatt til tveggja ára. Hverjir eiga að greiða hann? Þau fyrirtæki og þeir stóreignamenn sem á verðbólguáratugnum fengu stóreignir í meðgjöf frá almenningi í skjóli verðbólgu, neikvæðra vaxta og hripleks skattakerfis. Tekjunum á að verja til þess að gera stórátak í húsnæðismálum unga fólksins sem nú hefur verið úthýst eða sætir afarkostum á leigumarkaðinum.

Þetta væru kjarabætur í ósvikinni mynt án verðbólgu. Þetta væru umbætur í réttlætisátt.

Stefnu Alþýðuflokksins má draga saman í þessum niðurstöðum:

- Að létta skattbyrði launafólks.
- Að uppræta skattsvik forréttindahópa.
- Að tryggja lækkun verðlags.
- Að létta skuldabyrði húsbyggjenda.
- Að lækka vexti og fjármagnskostnað atvinnulífs og einstaklinga.
- Að auka jöfnuð og réttlæti í þjóðfélaginu.

Fleiri róttækar umbætur á skattakerfinu eru aðkallandi. Til dæmis:

- Að lækka jaðarskatta þar sem ein fyrirvinna aflar fjölskyldutekna.
- Að herða skattlagningu banka, lánastofnana, tryggingarféлага og fleira.
- Að stöðva útpenslu og bruðl Seðlabankans með því að gera árlegan hagnað bankans upptækan í rikissjóð.
- Að endurskoða ákvæði um skattfrelsi vaxtatekna af stóreignum.
- Að færa tekjustofna frá ríki til sveitarféлага um leið og sveitarfélög verði stækkuð og framkvæmdageta þeirra eflid.

Allar þessar umbætur stefna að meiri valddreifingu og virkara lýðræði.

## VI Frelsi, jafnrétti og bræðralag

Hver er munurinn á stefnu okkar jafnaðarmanna og til dæmis frjálshyggju-postulanna sem eru að ryðja sér til rúms í Sjálfstæðisflokknum? Ágreiningurinn er ekki um ágæti einkaframtaks og samkeppni á markaði. Sagan sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn styður hvorugt heils hugar þar sem hann fer með völd. Jafnaðarmenn vilja ekki útrýma hagnaðarvoninni heldur beisla hana í almannaþágu. Aðalágreiningsefni er þetta: Jafnaðarmenn vilja beita samtakamætti fólksins og lýðræðislega fengnu valdi Alþingis og ríkisstjórnar til þess að koma í veg fyrir þá misskiptingu auðs og tekna sem hlýst af óheftum markaðsbúskap, fái hann að hafa sinn gang samkvæmt hugsjón markaðshyggjunnar. Óheftur markaðsbúskapur leiðir til samfélagsgerðar sem er siðferðilega fordæmanleg. Þess háttar þjóðfélag fær ekki staðist. Það leysist upp í harðvitugum stéttaátökum ef ekki nýtur við fyrirbyggjandi, félagslegra umbóta í anda jafnaðarstefnu. Þess vegna er hugsjónin um frelsi, jafnrétti og bræðralag enn í fullu gildi.

## VII Hvað vilt þú?

Nú hef ég nefnt dæmi um hvað við jafnaðarmenn höfum gert og viljum gera; hverju við viljum breyta. Nú er röðin komin að þér: Hvað vilt þú? Hverju vilt þú breyta?

Ég beini máli mínu til ykkar, þúsundanna sem kusuð Sjálfstæðisflokkinn í góðri

trú í seinustu kosningum. Og til ungu kynslóðarinnar í landinu sem þessi ríkisstjórn lofadi gulli og grænum skógum í húsnæðismálum. Leyfið mér að leiða fram eitt vitni um vonbrigði þessara þúsunda um hinn nýja Sjálfstæðisflokk Þorsteins Pálssonar, Alberts Guðmundssonar og Davíðs Oddssonar. Þorgeir Ibsen skólastjóri segir í viðtali við Morgunblaðið (25. október síðastliðinn):

„Sú ríkisstjórn sem sat á undan þessari var vond ríkisstjórn (ég er sammála). Þessi sem nú situr fór vel af stað (það er nokkuð til í því), en hefur brugðist hrapallega, meðal annars með þeim afleiðingum að misrétti og ranglæti í þjóðfélaginu er nú meira en verið hefur um langt skeið.“

Og hann bætir við:

„Ef ríkisstjórnin hefði þekkt sinn vitjunartíma og strax í vetur eða vor undirbúið að eigin frumkvæði verulegar lækkanir á tekjuskatti á einstaklinga og lækkun okurvaxta, er ég sannfærður um að það ófremdarástand sem nú er hefði aldrei skapast. Almennigur veit að skattalækkun og lækkun á almennu verðlagi er eina raunhæfa kjarabótin. Stéttarfélögin hefðu fegin farið þá leið ef ríkisstjórnin hefði sýnt lit nógu snemma. Og mér er til efs að til nokkurra verkfalla hefði komið. En nú er of seint í rassinn gripið, stjórnin hefur misst tiltrú mikils hluta almennings og getur því miður aðeins sjálfri sér um kennt.“

Ég spyr: Hvernig má það vera að forystumenn stjórnarflokkanna eru slegnir slíkri blindu á afleiðingar gerða sinna að sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki raddir stuðningsmanna sinna sem blygðast sin fyrir framferði þeirra?

Ein skýringin er sú að forystumenn þessara flokka tilheyra sjálfir forrættindastéttinni og hafa fjarlægst fólkið í landinu svo mjög að þeir þekkja kjör þess aðeins af afspurn.

Önnur skýring er sú að báðir eru þessir flokkar pólitískt verkfæri öflugra sérhagsmunahópa sem verja hagsmuni sína í kerfinu með kjafti og klóm.

Það er ekki einleikið að þetta er í annað sinn á einum áratug sem ríkisstjórnnum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks mistekst gersamlega stjórn efnahagsmála, vegna skilningsleysis á kjörum almennings og óbilgirni í samskiptum við venjulegt fólk. Það spáir ekki góðu um framtíð lýðveldisins ef stjórnmalapróun verður áfram með þeim hætti að annar hvor þessara flokka hljóti óhjákvæmilega að hafa forystu fyrir samsteypustjórnnum margra flokka. Út úr þeim víthring þurfum við að brjótask.

Ég spyr: Hvaða samleið á maður sem hugsar líkt og Þorgeir Ibsen með þeim Sjálfstæðisflokki sem orðinn er með hans eigin orðum að „gullastokki til að fá útrás fyrir hégómlegan metnað og valdagræðgi?“

Ég skora á ykkur sem þúsundum saman standið í sömu sporum og Þorgeir Ibsen að hugsa það til enda: Eigið þið ekki samleið með íslenskum jafnaðarmönnum? Þarf þetta þjóðfélag okkar ekki nauðsynlega á að halda sameiningarafli jafnaðarhugsjónarinnar, ekki aðeins í orði heldur líka í verki?

Og ég spyr þig ungi Íslendingur: Átt þú ekki samleið með eina flokknum á Alþingi sem:

1. Varaði við afleiðingunum af framferði kerfisflokkanna á „áratug hinna glötuðu tækifæra“?

2. Sem hefur einn flokka lagt fram framkvæmanlegar tillögur um skilvirkt og réttlátt skattakerfi?
3. Sem þorir í stjórnarandstöðu að leggja fram tillögur um að skattleggja hina ríku til að bæta fyrir misgerðir þjóðfélagsins við hina ungu?

Hugsid þið málið.

### VIII Framtíð jafnaðarstefnunnar

Sumir segja að Alþýðuflokkurinn sé of veikburða. Það er auðvelt að kippa því í liðinn því að það er ykkar að breyta því. Því að pólitik er að vilja og framkvæma.

Íslenskir jafnaðarmenn halda senn flokksþing sitt. Við eigum nú brýnna erindi við þjóðina en löngum fyrr. Þess vegna þurfum við að taka af tvímæli um hverjir við erum, hvar við stöndum og hvað við viljum. Í því efni sýnist mér þetta mikilvægast:

1. Við eigum að hasla okkur völl vinstra megin við miðju í hinu pólitiska flokka-kerfi.
2. Við eigum að gera Íslendingum það ljóst að við erum róttækur umbótaflokkur í efnahags- og félagsmálum og í stjórnsýslu.
3. Við eigum að vera íhaldssamir á farsæla og ábyrga stefnu í öryggis- og varnarmálum; stefnu sem forystumenn flokksins frá fyrri tíð áttu drjúgan hlut í að móta og nýtur stuðnings yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.
4. Við eigum að vísa á bug öllum kenningum um Alþýðubandalagið sem sameiningar- og forystuafli vinstri manna, þótt ekki væri nema vegna hörmulegrar reynslu þjóðarinnar af ríkisstjórnarþátttöku þess flokks árum saman.
5. Við eigum að taka af tvímæli um að við erum ekki gamaldags ríkisforsjárflokkur; við erum róttækur umbótaflokkur en ekki kerfisflokkur; við viljum breyta þjóðfélaginu í átt til valddreifingar og virkara lýðræðis gegn vaxandi miðstjórnarvaldi og ríkisforsjá.
6. Við eigum að lýsa okkur reiðubúna til samstarfs um stjórn landsins með þeim öflum sem leggja vilja þessari stefnu lið.

Við lýsum ábyrgð á hendur þeim einstaklingum sem á orlagastundu rufu einingu íslenskra jafnaðarmanna og bera því ábyrgð á hörmungum þjóðarinnar undir núverandi stjórnarstefnu. Það voru mistök. Enn er hins vegar ekki of seint að bæta fyrir þau. Þeir sem viðurkenna mistök sín og vilja bæta fyrir þau verða menn að meiri. Við skulum vona að menn beri gæfu til þess.

Í *Gerplu* Laxness segir frá landstjórnarmanni sem svo var heillum horfinn að hann telgdi fogla í friði en seldi upp í ófriði og bauð aldrei liði út nema á hendur sínum eigin þegnum. Þá kemur mér í hug þegar ég horfi úr þessum ræðustól á þá Steingrím Hermannsson og Albert Guðmundsson – þessi vandræðabörn íslenskra stjórn mála.

Þeir telgdu fogla í friði sumarsins en seldu upp stjórnarstefnuni í ófriði haust-

mánaða. Nú geta þeir ekki einu sinni boðið út liði lengur gegn þegnum sínum því að það er brostinn flótti á liðið. Þann flótta þurfum við að reka.

Við skulum ekki láta okkur vaxa það í augum. Minnumst orða Þorgeirs Íbsens þegar hann lýsir flokknum sínum: „Nú virðist mér hann farinn að líkjast stórum slöttólfi. Hann er mikill vexti en linkulegur; og er það mikið harmsefni því vissulega hefur flokkurinn fram til þessa átt erindi við þjóðfélagið.“

Vissulega var sú tíð. En með sama áframhaldi getur það orðið liðin tíð.

# Svarta skýrslan

## Óþægilegar spurningar handa Alþýðuflokksfólki.

Fyrir seinustu kosningar komu frambjóðendur Alþýðuflokksins í öllum kjördæmum saman til að undirbúa kosningabaráttuna og samræma sjónarmiðin. Þá spreyttu þeir sig á að svara löngum lista: *Óþægilegar spurningar handa frambjóðendum Alþýðuflokksins*. Nú þegar skoðanakannanir benda til að flokkurinn nái engum árangri í stjórnarandstöðu og sé að fjara út er tími til kominn að alþýðuflokksfólk horfist í augu við staðreyndir og svari hispurslaust óþægilegum spurningum um flokkinn, starf hans, stefnu, menn og málefni. Þessi listi er settur saman til þess.

### I Orsakir fylgishruns

Fylgishrun.

Frá 1978 hefur fylgi flokksins hrunið jafnt og þétt:

1978: 22 % (14 þingmenn)

1979: 17,5 % (10 þingmenn)

1983: 11,7% (6 þingmenn)

Seinasta skoðanakönnun DV:

3,3% (6,2% þeirra sem afstöðu tóku) 3 þingmenn (4 þingmenn með breyttum kosningareglum)

Óþægilegar spurningar:

1. Hvers vegna þetta fylgishrun?
2. Hverjir bera ábyrgðina?  
(Formaður, flokksstjórn, þingflokkur, framkvæmdastjórn eða aðrir?)
3. Hvað er gert til sjós ef skipstjóri fiskar ekki?
  - a) Áhöfnin rekin.
  - b) Skipstjórinn rekinn.
  - ) Hætt að gera út?

- 4 Verða flokksmenn ekki augljóslega að komast að sameiginlegri niðurstöðu um:
- Hvað er að?
  - Hverju ber að breyta?

Stóra sveiflan frá 1978

- Núna eru Sjálfstæðisflokkur og Framsókn í stjórn – eins og 1978.
- Ríkisstjórn þeirra hefur mistekist – eins og 1978.
- 1978 sveiflaðist fylgið til AB og A – núna bara til AB, þrátt fyrir herfilega reynslu af ríkisstjórnarferli AB í átta ár.

Hvað er öðruvísi nú en 1978?

- Flokkum hefur fjölgað sem róa á sömu mið.
- Fylgið fer frá stjórnarflokkum til nýju flokkanna.
- Hvers vegna fer „flóðið framhjá“ Alþýðuflokknum.
- Stóra sveiflan til Alþýðuflokksins 1978 endaði með gifurlegum vonbrigðum. Flokkurinn náði engum árangri. Hvers vegna?
- Alþýðuflokkurinn fór inn í vitlausu ríkisstjórn 1978.
- Flokkurinn fór úr ríkisstjórn á vitlausum forsendum og vitlausum tíma.
- Stóri þingflokkurinn 1978 brást.
- Síðan vantroystir kynslóðin 25-35 ára flokknum.

## II Skýrari stefnumörkun: Nokkur grundvallaratriði

Spurningar og svör um stefnuna:

Hver eru stærstu vandamál íslensks þjóðfélags?

- Vaxandi misskipting tekna og eigna.
- Hrun sjávarútvegs.
- Hrikaleg skuldabyrði.
- Aðrlaus offjárfesting.
- Léleg framleiðni.
- Léleg framsleiðslugæði.
- Óréttlátt skattakerfi.
- Ónýtt sölu- og markaðskerfi.
- Úrelt landbúnaðarpólitik.
- Of mikil ríkisforsjá.
- Of veikt einkaframtak.
- Galin byggðastefna.
- Sólund og eyðsla um efni fram.

Spurning: hefur Alþýðuflokkurinn markað nógu skýra og afdráttarlausu stefnu? (Hver er sérstaða hans?)

Veist þú hvað Alþýðuflokkurinn vill í þessum málum:

- Endurskipulagning sjávarútvegs?
- Endurskipulagning landbúnaðar?

- Breytt byggðastefna?
- Niðurskurður ríkisfjármála?
- Sparnaður í heilbrigðis- og menntakerfi?
- Er stefnan klár í skattamálum?
- Meiri samkeppni á markaði eða harðara verðlagseftirlit?
- Stuðningur við vaxtargreinar í atvinnulífi?
- Breytt skipulag verkalýðshreyfingar vinnumarkaðsmála, kjaradeilna?
- Róttækar breytingar á húsnæðislánakerfi?

Fleiri spurningar:

- Segja talsmenn Alþýðuflokksins eitt í Reykjavík – annað á Húsavík?
- Tala alþýðuflokksmenn tungum tveim í utanríkismálum?
- Endurspeglar skrif Alþýðublaðsins pólitík Alþýðuflokksins – eða Alþýðubandalagsins?
- Er byggðastefna Karvels allt önnur en Karls Steinars?
- Hefur Alþýðuflokkurinn vikið frá áratuga gamalli baráttu sinni fyrir jöfnun kosningaréttar?
- Segir Alþýðuflokkurinn: Einn maður – eitt atkvæði í Reykjavík, en einn Vestfirðingur – fimmmaldan atkvæðisrétt vestur á fjörðum?
- Var rétt af Alþýðuflokknum að taka þátt í óvinsælli málamiðlun gömlu flokka-anna í þessu máli?
- Hverjir móta stefnu Alþýðuflokksins í málefnum verkalýðshreyfingarinnar?
- Vill Alþýðuflokkurinn sem mesta kauphækkun í krónutölu (présentuhækkana-leið) eða „skattalækkunarleið“?
- Vill hann annað hvort eða hvort tveggja eða hvorugt eða hefur hann enga skoðun á málinu?
- Er Alþýðuflokkurinn róttækur umbótaflokkur á móti kerfinu (skömmtunarstjórn stjórnámálanna á fjármagni, sjóðakerfi, Framkvæmdastofnun, byggðapotí, offjárfestingu, atkvæðakaupum – eða hefur hann tvær skoðanir á málinu?)
- Er Alþýðuflokkurinn 100% með BSRB í framkvæmd verkfallsins eða leyfist honum að gagnrýna framkvæmd þess?

### III Stjórnlist – áróðurslína – afstaða til annarra flokka

Markmið og leiðir: Með hverjum á að vinna?

- Er Alþýðuflokkurinn „vinstri sinnður félagshyggjuflokkur“ sem á að vinna með Alþýðubandalagi og Framsókn?
- Hver er reynslan af stjórnarsamstarfi Alþýðuflokks með AB og Framsókn (vinstri stjórnnum)?
- Hvað má læra af þeirri reynslu?
- Á Alþýðuflokkurinn að vinna með núverandi stjórnarandstöðu: AB, BJ og Kvinnalista? (Hver er þá sérstaða hans?)
- Hvers vegna er Alþýðuflokkurinn búinn að vera á annan áratug í stjórnarandstöðu? Þorir hann hvorki að starfa til hægri eða vinstri?

Hvert á Alþýðuflokkurinn að sækja sér fylgi?

- a) Frá hinum vinstri flokkunum?
- b) Frá Alþýðubandalagi eða Kvinnalista?
- c) Frá Bandalagi jafnaðarmanna?
- d) Á að stefna að sameiningu með BJ?
- e) Á að sækja fylgið frá Sjálfstæðisflokknum?
- f) Hvað gerir Alþýðuflokkurinn til að vinna sér fylgi hjá ungu fólki?

Aðrir flokkar hafa „áróðurslinu“: En hefur Alþýðuflokkurinn nokkra?

- AB boðar sameiningu vinstri aflanna undir forystu AB og tryggir sér valdaaðstöðu þótt flokkurinn sé ekki í stjórn, í toppstöðum verkalyðshreyfingarinnar.
- Kvinnalistinn reynir að afla fylgis hjá konum og ungu fólki.
- BJ reynir að sækja fylgi í þéttbýliskjördæmum (andbyggðastefna), meðal ungs fólks (anti-kerfisflokkur) og meðal óánægðra sjálfstæðismanna (móti ríkisfor-sjá).
- Sjálfstæðisflokkurinn telur sig vera brimbrjót borgaralegra afla gegn ríkisforsjár-flokkunum til vinstri.
- Framsókn er pólitískur armur öflugra hagsmuna og atvinnurekendavalds tengt SÍS og byggðastefnu.
- En Alþýðuflokkurinn? Hvað er hann:
- Vinstri flokkur (hver er munurinn á honum og AB þegar fram í sækir?)
- Ríkisforsjárflokkur eða valddreifingarflokkur?
- Kerfisflokkur ( í verkalyðsforystu og ríkisstofnunum) eða umbótaflokkur? Vantar hann reisu og stíl?

Hver er sérstada Alþýðuflokksins?

- Með hvaða flokkum er líklegast að Alþýðuflokkurinn nái fram stefnumálum sínum í ríkisstjórn?
- Er líklegt að Alþýðuflokkurinn nái til sín óánægðum kjósendum frá Sjálfstæðisflokki ef:
  - a) Þeir sjá engan mun á Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu?
  - b) Þeir treysta Alþýðuflokknum ekki í utanríkismálum?
  - c) Ef talsmenn flokksins tala tungum tveim í helstu málaflokkum?

Innri gerð: Skipulag, vinnubrögð, samstarfsandi

Talsmenn Alþýðuflokksins hafa gert stórar kröfur til annarra í þjóðfélaginu um til dæmis:

- Upplýsingaskyldu
- Lýðræðisleg vinnubrögð
- Málefnalega umræðu
- Ábyrgð á rekstri
- Skussar taki afleiðingum gerða sinna
- Aðhaldssemi í rekstri
- Skynsamlegar fjárfestingar
- Strangari viðurlög við bókhaldsbrotum og rekstrarsjúski

Spurning: Hvernig hefur alþýðuflokksmönnum gengið að halda heilræðin?

- Geta þeir sem ekki geta stjórnað sínum eigin litlu málefnum vænst trausts almennings til að stjórna þjóðfélaginu?

Afar óþægilegar spurningar

- Hvernig hefur gengið að koma „eignamálum“ Alþýðuflokksins á hreint?
- Hafa almennir flokksmenn verið upplýstir um stöðu þeirra mála?
- Hverjir bera ábyrgð á 10-14 milljóna skuldum Alþýðublaðsins sem nokkrir flokksmenn hafa orðið að taka á sig persónulega?
- Hafa þeir sem ábyrgðina bera tekið afleiðingum gerða sinna og gert hreint fyrir sínum dyrum?
- Hefur framkvæmdastjórn flokksins, sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á eignum flokksins og rekstri, gert hreint fyrir sínum dyrum gagnvart almennum flokksmönnum?
- Verður Alþýðuflokkurinn ekki að gera meiri kröfur til sjálfs sín og forystumanna sinna en annarra – til að verðskulda traust?

Fleiri óþægilegar spurningar um vinnubrögðin

- Er Alþýðuflokkurinn ekki greinilega ofskipulagður til dæmis í Reykjavík: Þar eru þrjú félag og fulltrúaráð, hvert með sína stjórn: En hvar er starfið?
- Eru ekki flest öll Alþýðuflokksfélögin út um land „dauð“?
- Hvers vegna eru flokksstjórnarfundir „leiðinlegustu samkundur í heimi“? (Er það ekki vegna þess að mál eru aldrei lögð fyrir, hvorki í flokksstjórn né á félagsfundum, fyrirfram; heldur er til þess ætlast að þær stimpli teknar ákvarðanir – eftir á? Er það hugmynd lýðræðisjafnaðarmanna um lýðræði?)
- Hvernig hefur tekist að virkja sérfróða menn meðal óbreyttra liðsmanna við mótun stefnu?
- Hvar er félagsstarf á vegum Alþýðuflokksins (spilakvöld, fjölskylduhátíðir, ferðalög, dansleikir og annað sem er til gamans gert) í lagi?
- Er nokkurt markvisst starf unnið meðal ungs fólks til dæmis í framhaldsskólum eða í háskóla á vegum Alþýðuflokksins?
- Hvað með markvissa fræðslu- og upplýsingastarfsemi (stjórnmalaskóli, námskeið, bæklingaútgáfa)?
- Hvers vegna hefur hugmyndinni um útgáfumiðstöð aldrei verið hrundið í framkvæmd?
- Hvers vegna fást aldrei teknar ákvarðanir um hvernig eigi að haga útgáfu- og útbreiðslustarfsemi flokksins í stað Alþýðublaðsins sem er löngu gagnslaust sem dagblað?
- Hverjir eru það sem ráða í Alþýðuflokknum – taka ákvarðanir – þá sjaldan ákvarðanir fást teknar?
- Hver hefur heyrt um kerfisbundna fjáröflunarstarfsemi á vegum flokksins?
- Hvað halda menn að yrði eftir af álitum Alþýðuflokksins út á við ef staðreyndir um fjármál flokksins og rekstur yrðu opinberar?

#### IV Hvað er til ráða? Nýjar leiðir í flokksstarfi:

Eigum við að setta okkur við þetta ástand lengur?

– Við getum haft ólíkar skoðanir á því hvað hægt sé að gera og hvað eigi að gera til úrbóta. En okkur greinir væntanlega ekki á um eftirfarandi staðreyndir:

1. Að flokkurinn hefur sífellt tapað fylgi, áltí, trausti og áhrifum.
2. Að stefna flokksins í veigamiklum málum er hvergi nærri nógu skýr og afdráttarlaus (þess vegna veldur hún ekki deilum; þess vegna er Alþýðuflokkurinn ekki í umræðunni).
3. Að útbreiðslustarf og tengsl flokksins við kjósendur er í molum.
4. Að innra starf (upplýsingamiðlun, málefnaverki og félagslíf) er ekki í lagi.
5. Að fáeinir einstaklingar hafa með glæfraleghum fjárfestingarmistökum og subbúskap í rekstri eyðilagt fjárhag flokksins og velt þungum skuldabyrðum yfir á herðar félaga sinna.
6. Að í seinustu stjórnarmyndunarviðræðum varð flokkurinn fyrir álitshnekki meðal forystumanna annarra flokka sem hann geldur enn.
7. Að útgáfa Alþýðublaðsins í óbreyttri mynd er flokknum til skaða og minnkunar.
8. Að flokkinn skortir jarðsamband við ungt fólk og hann endurnýjast því ekki af hæfileikafólki.
9. Að róttækra breytinga er þörf ef Alþýðuflokkurinn á að eiga sér viðreisnar von.

Hvað á að gerast á flokksþingi?

Flokksþing hefur verið ákveðið 16. nóvember – eftir þrjár vikur. Hvað á að gerast þar? Hvernig hefur það verið undirbúið? Hverjir taka ákvarðanir um undirbúning flokksþings? Hafa flokksmenn verið undir það búinir að taka nauðsynlegar ákvarðanir um óumflýjanlegar breytingar? Hafa þeir fengið nægilegar upplýsingar? Hefur verið til þeirra leitað um lausn vandamála: Skarpari stefnumörkun, breytt vinnubrögð – nýja sókn? Eða verður flokksþingið sárafámennt og skipulagt af fáeinum mönnum til þess að það leggi blessun sína yfir óbreytt ástand? – Er ekki augljóst mál að óbreyttir flokksmenn verði að leita eftir sem mestri samstöðu um gagngerar breytingar á starfsháttum, vinnubrögðum, stefnumörkun í einstökum málum, áróðurslínu, almannatengslum, útbreiðslustarfi og fleiru? Hvað viljum við að gerist á flokksþinginu, þú og ég og félagar okkar hér í Reykjavík og annars staðar á landinu? Við þurfum að taka afstöðu til ótal mála, til dæmis:

1. Ef við viljum skýrari stefnumörkun í einstökum málaflokkum (utanríkismál, endurskipulagning sjávarútvegs, fjárfestingarpólitik, stuðningur ríkisvaldsins við nýjar atvinnugreinar, annars konar byggðastefnu, sparnaði í heilbrigðis- og skólakerfi, niðurskurði ríkisútgjalda, minnkun kerfisins, virkara lýðræði í atvinnulífinu, málefnalegri umræðu um vandamálin og svo framvegis). Þá verðum við að leggja slíkar ályktanir fyrir flokksþingið og berjast fyrir þeim.

2. Ef við viljum breytt vinnubrögð í innra starfi flokksins verðum við að setja fram þær kröfur og tillögur um það. (Taka ákvörðun um framtíð Alþýðublaðsins, koma á fót útgáfumíðstöð, ráða erindreka, ráða snjalla fjáröflunarmenn til starfa, skipuleggja herferð til að fjölga félögum, skipuleggja áróðursstarfsemi með ungu fólki og setja flokknum skýrar prófkjörsreglur og fleira).
3. Ef við viljum að Alþýðuflokkurinn marki sér stað vinstra megin við miðju í íslenskum stjórnámálum og stefni markvisst að því að sækja sér fylgi frá óánægðum fyrri kjósendum Sjálfstæðisflokksins og meðal ungs fólks þá verðum við að setja stefnu okkar fram í samræmi við það og haga áróðurslínunni í samræmi við það.
4. Ef við viljum að þjóðin taki eftir slíkum breytingum og að þær gagnist okkur í starfi og áróðri, er þá ekki ráðlegt að fela framkvæmdina nýjum mönnum með sannfæringu og baráttuhug? Það versta sem við gerum sjálfum okkur er að þora ekki að horfast í augu við staðreyndir, slá „óþægilegum“ ákvörðunum á frest og lognast út af og verða fáum harmdaði.

Ástandið krefst þess að við höfum kjark til þess að taka afdráttarlausar ákvarðanir. Það er betra að taka áhættu – og berjast til þrautar en að skriða í skjól og gefast upp fyrirfram.

# Að skapa skóla

Heillaóskir á þritugsafmælinu  
til Menntaskólans á Ísafirði  
frá  
Jóni Baldvini og Bryndísi

Þegar kallið kom vorið 1970, hélt ég að það væri forsending; ferð sem ég ætti ekki afturkvæmt úr. Pólitísk útleð, því að Ísland væri ekki nógu stórt fyrir okkur Hannibal báða. En smám saman rann upp fyrir mér að þetta væru forlögin – að kenna mér þarfa lexíu: Sælla er að gefa en þiggja. Þegar upp var staðið – einum áratug síðar – vorum það við Bryndís sem höfðum lært mest af nemendum okkar, um það sem máli skiptir: Mannlegt eðli og þroskaleiðir. Ævintýrið okkar á Ísafirði var því ekki vegartálmi heldur tækifæri til að gera gagn. Og þakka fyrir sig.

Við höfðum hvorugt okkar búið okkur undir þetta verkefni. Ég hafði bara „lært til forsætisráðherra“; Bryndís var ballerína og leikkona – og elskaði Ítalíu umfram Ísafjörð. Hvað áttum við svo sem að kenna? En menn sem læra til forsætisráðherra hafa auðvitað – að eigin álit – vit á öllu. Þar með talið hvernig skólar eigi að vera til að búa ungvíðið undir lífið: Það á að kenna fólki að læra – ævilangt. Til þess þarf að vera agi í hernum – til þess að breysku fólki lærist sjálfsagi. Og það á að vera gaman að læra. Leiðinlegur skóli er letigarður.

Þetta var formúlan. Allt hitt kom nánast af sjálfu sér. Og auðvitað var það ekki forsending heldur forréttindi að fá þritugur sjálfðæmi um að skapa skóla eftir eigin höfði og standa eða falla með dómi reynslunnar. Ég hafði fyrirmynd í næsta nágrenni: Skóla Ragnars H. og Siggú. Okkar skóli var ekki eins góður – en þeir bættu hvor annan upp. Við Ragnar áttum allavega eitt sameiginlegt: Við höfðum takmarkaða trú á skólum. Við vissum sem var að allt nám er sjálfsnám. Það sæði sem fellur í grýtta jörð ber engan ávöxt.

Það er annarra að dæma hvernig til tókst. Sjálf getum við bara sagt að þetta var skapandi og skemmtilegt tímabil á okkar æviferli. Og af því að við sitjum nú í sjálfviljugri útleð vestanhafs er freistandi að vitna í ameríska godsögn og segja: „We did it our way“!

Einu má þó bæta við: Nemendur okkar hafa víða ratað til framhaldsnáms með framandi þjóðum og staðið þar jafnfætis hinum bestu. Heimanmundurinn virðist því hafa nýst þeim vel. Og nemendur okkar hafa víða látið að sér kveða á akri þjóðlífsins og skilað dagsverki sínu með sóma. Fyrir það erum við þakklát. „Þitt er menntað afl og önd/eigirðu fram að bjóða/hvassa hugsun, haga hönd/hjartað sanna og góða.“

Með þessum orðum Klettafjallaskáldsins biðjum við fyrir kveðjur heim, til skóla-meistara, kennara og nemenda Menntaskólans á Ísafirði að fornu og nýju. Við óskum skólanum til hamingju með að hafa náð sama aldri og við þegar dyr skólans voru opnaðar nemendum í fyrsta sinn. Það er góður aldur til að skapa.

## Nafnaskrá

- Adams, John 111  
Adda Bára Sigfúsdóttir 216  
Adler, Alfred 123  
Aðalbjörg Sigurðardóttir 181  
Aðalheiður Birgisdóttir 366  
Aðalsteinn Jónsson 204, 205  
Aðalsteinn Pálsson 200  
Agnar Agnarsson 48, 49  
Agnes Bragadóttir 264  
Albert Guðmundsson 166, 373, 397,  
402, 419, 443-5, 451, 460, 462  
Aldís Baldvinsdóttir 131, 136, 168,  
193, 194, 196, 198, 252, 348  
Aldís Brynjólfsdóttir Schram 134, 143,  
195-8  
Alfred Gíslason 218  
Amalrik, Andrei 126  
Andersen, H.C. 40  
Andri Ísaksson 71, 192  
Anna Áslaug Ragnarsdóttir 253  
Anna Helga Schram 134, 198  
Ari Arnalds 55  
Ari Magnússon 35, 38,  
Arnar Geir Hinriksson 48,  
Arnór Hannibalsson 11, 14, 17, 35,  
59-61, 149, 152, 186, 220, 227,  
264, 399  
Arnór í Vatnsfirði 16  
Arnór Sigurjónsson 190  
Askhenazy, Vladimir 258  
Atlee, Clement 109, 110, 186  
Atli Heimir Sveinsson 63, 82, 131,  
203, 350, 437  
Atli Rúnar Halldórsson 441  
Auðólfur Gunnarsson 86  
Auður Eydal 58  
Auður Rútsdóttir 283, 284  
Auður Eir Vilhjálmsdóttir 99  
Ágúst Einarsson 389, 438, 450  
Ágúst Eliasson 20, 32  
Ámundi Ámundason 443, 446, 450  
Árni Bergmann 149  
Árni Gunnarsson 413, 473  
Árni Jóhannsson 44  
Árni Snævarr 226, 227  
Árni Þórarinsson 18, 399  
Árni Þórðarson 188, 217, 273  
Ása Hafliðadóttir 36  
Ásberg Sigurðsson 302  
Ásgeir Ásgeirsson 43, 44, 164, 235,  
304  
Ásgerður Júníusdóttir 185  
Ási í Bæ sjá Ástgeir Ólafsson  
Áslaug Ágústsdóttir 135  
Ásmundur Jónsson 263, 264  
Ástgeir Ólafsson 334  
Bagehot, Walter 96  
Baldur Möller 135  
Baldur Óskarsson 310  
Baldur Símonarson 99  
Baldur Vilhelmsson 14  
Balzac, Honoré de 68

- Bardal, Neil 319  
 Barraclough, Geoffrey 269  
 Barzun, Jacques 96  
 Bárður Halldórsson 296, 297  
 Beauvoir, Simone de 349  
 Beckett, Samuel 312  
 Benedikt Gröndal 338-41, 366, 368,  
 369, 371, 373, 390, 391, 401  
 Benedikt Sveinsson 276  
 Benedikt Valgeirsson 306  
 Benjamin Eiríksson 32, 126, 130, 158,  
 163, 180, 181, 315, 322, 382  
 Bergman, Ingmar 14  
 Bergur Sigurbjörnsson 185  
 Beria, Lavrenti Pavlovitsj 303  
 Berlin, Isaiah 96  
 Bernstein, Carl 316  
 Bernstein, Edward 124, 363  
 Bevan, Aneurin 108, 186  
 Bidsted, Erik 240  
 Birgir Árnason 29  
 Birgir Dýrfjörð 465  
 Birgir Finnsson 27  
 Birgir Ísleifur Gunnarsson 69  
 Birgir Kjaran 149  
 Bismarck, Otto von 379  
 Bjarni Bachmann 47, 104  
 Bjarni Benediktsson 55, 71, 73, 75,  
 149, 164, 179, 186, 397, 402  
 Bjarni Bjarnason 23, 25,  
 Bjarni V. Danielsson 20  
 Bjarni Guðnason 61, 286, 292, 438  
 Bjarni Helgason 279, 280  
 Bjarni Ingimarsson 200  
 Bjarni Jónsson 43, 129, 135  
 Bjarni P. Magnússon 366, 389, 392,  
 399  
 Bjarni Pálsson 308  
 Björgvin Bjarnason 90  
 Björgvin Schram 134, 135, 143, 196-8,  
 306  
 Björgvin Schram yngri 198  
 Björgvin Sighvatsson 47, 50, 296, 335  
 Björn Bjarnason frá Steinnesi 61  
 Björn Bjarnason ráðherra 56, 190  
 Björn Fr. Bjarnason 282  
 Björn Jónsson 183, 184, 187, 209,  
 221, 224, 232, 236, 284, 285, 289,  
 290, 292, 293, 295, 297, 310, 314,  
 333, 335, 336, 362, 437  
 Björn Vignir Sigurpálsson 399  
 Björn Þorsteinsson 61-3  
 Björnson, Björnstjerne 160  
 Blair, Tony 109, 110, 118, 173, 366,  
 377  
 Blok 146  
 Bobrowski 146  
 Bogi Ólafsson 67  
 Bolli Kjartansson 262  
 Bonaparte, Napóleon 256  
 Borghildur Óskarsdóttir 99  
 Bourne, Peter G. 325  
 Bóas Emilsson 204, 205  
 Bólu-Hjálmar sjá Hjálmar Jónsson  
 Bragi Jósepsson 368  
 Bragi Sigurjónsson 368  
 Brandt, Willy 322, 438  
 Branting, Hjalmar 173  
 Brezhnev, Leoníd 148, 167, 226  
 Brittingham 285  
 Bryndis Schram 15, 20, 27, 24, 42, 51,  
 58, 62, 68, 70, 79, 85-9, 94, 95,  
 100, 102, 127-32, 134-8, 140, 143,  
 153, 163, 168, 169, 190, 193-204,  
 220, 223, 239, 241-3, 249, 251-3,  
 255-9, 261, 264, 267-70, 277-80,  
 285, 296, 299, 300, 315, 316, 320,  
 322, 332, 335, 347-9, 387, 388,  
 395, 437, 449, 477  
 Brynja Benediktsdóttir 51  
 Brynjólfur Bjarnason 75, 100, 160,  
 207, 209, 215, 216, 227, 228, 230,  
 231  
 Brynjólfur Jónsson 143  
 Brynjólfur Sigurðsson 267  
 Bukharín, Nikolái Ivanovitsj 158  
 Burkhardt, Jacob 96  
 Burns, Robert 131

- Bush, George W. 329  
 Callaghan, James 109, 117  
 Carlquist, Axel 262  
 Carnegie, Dale 304  
 Carter, Jimmy 324-6,  
 Caruso, Enrico 45  
 Castro, Fidel 331  
 Cesar sægarpur 351-3  
 Chomsky, Noam 330  
 Churchill, Winston 66, 108, 109  
 Clinton, Bill 118, 296, 345, 366  
 Cohen, Leonard 352  
 Cole, C.D.H. 81, 96  
 Conquest, Robert 112  
 Crosland, Anthony 87, 88  
 Dagur B. Eggertsson 422  
 Dagur Sigurðarson 89  
 Daley, Richard J. 170  
 Darwin, Charles 265  
 Davíð Gíslason 319  
 Davíð Oddsson 56, 75, 129, 130, 409,  
 441  
 Davíð Stefánsson 16, 18, 300  
 De Gaulle, Charles 128, 129, 140,  
 232  
 Dickermann, Bob 268, 269  
 Dickinson, Lowes 96  
 Djilas, Milovan 84, 85  
 Dóra Bjarnadóttir 200  
 Dubinski, David 83  
 Dubček 146, 148  
 Dusenberry 321, 322  
 Eðvarð Sigurðsson 66, 218  
 Eggert G. Þorsteinsson 338  
 Eggert Haukdal 371, 373, 414  
 Eiður Guðnason 413  
 Einar Ágústsson 88  
 Einar Benediktsson sendiherra 233  
 Einar Benediktsson skáld 44, 184, 185,  
 273, 300  
 Einar Bragi 218  
 Einar Guðfinnsson 257, 271, 308, 309  
 Einar Hannesson 218  
 Einar H. Kvaran 55  
 Einar Magnússon 192  
 Einar Oddur Kristjánsson 313  
 Einar Olgeirsson 53, 61, 75, 77, 78,  
 85, 100, 143, 160, 183, 187, 209,  
 215, 216, 218, 221, 223, 225, 228-  
 31, 271, 272, 371, 402, 414, 416,  
 446  
 Einar Þveræingur 470  
 Einstein, Albert 119, 123  
 Eiríkur Eiríksson 387  
 Eisenhower, Dwight 71, 316  
 Eliot, T.S. 112  
 Elías Snæland Jónsson 308  
 Elin Hannibalsdóttir 17, 35,  
 Elísa Jónsdóttir 140  
 Ellert Schram alþm. 197, 198  
 Ellert Schram eldri 195  
 Elli í Heydal 42  
 Emil Jónsson 73, 211, 235, 302, 382  
 Engels, Friedrich 78  
 Engilbert Ingvarsson 266  
 Erla Hafliðadóttir 36  
 Erlander, Tage 173, 174, 175, 300  
 Erling Sörensen 295  
 Erlingur Gíslason 51  
 Erlingur Þorsteinsson 24  
 Ester Jónatansdóttir 257  
 Eysteinn Jónsson 75, 361, 373, 402  
 Faruk, al-Awwal 73  
 Finnbjörn Þorvaldsson 39  
 Finnbogi Rútur Valdimarsson 16, 23,  
 34, 47, 74, 75, 81, 152, 158, 165,  
 186, 187, 193, 207-9, 215, 224,  
 279, 280, 283, 285, 306, 354-62,  
 394, 398, 402  
 Finnur Jónsson 27, 49  
 Finnur Torfi Hjörleifsson 191, 261  
 Ford, Gerald 324  
 Foreman, George 105, 106  
 Franklin, Benjamin 111, 239  
 Franz E. Pálsson 199  
 Freud, Sigmund 97, 123  
 Friðfinnur Ólafsson 14, 16, 17, 42, 75,  
 76, 77, 257

- Friðrik Sophusson 397, 452  
 Friedman, Milton 117, 323  
 Friedman, Natan 194  
 Friða Árdal 100  
 Galbraith, John Kenneth 323, 331,  
 Gandhi, Mahatma 326  
 Garðar Einarsson 267  
 Garðar Sverrisson 390  
 Geir A. Gunnlaugsson 473  
 Geir Gunnarsson 406  
 Geir Hallgrímsson 216, 266, 311, 333,  
 336, 337, 339, 368, 370, 371, 373,  
 397, 401, 409, 444, 452, 461  
 Geir Rögnvaldsson 202  
 Gerhardsen, Einar 186, 300  
 Gerhardsen, Rolf 300  
 Gide, André 157  
 Gils Guðmundsson 182  
 Gisli Gunnarsson 98, 224  
 Gisli Jónsson frá Bildudal 302  
 Gisli Jónsson menntaskólakennari 444  
 Gisli Jónasson skipstjóri 80  
 Glazer, Joe 269  
 Glúmur Baldvinsson 34, 106, 199,  
 252, 348, 349, 473  
 Goldwater, Barry 51  
 Gomulka, Wladyslaw 147  
 Gorbatsjov, Mikhail 226  
 Gore, Al 329  
 Greenspan, Alan 118  
 Grettir Árnason 317  
 Grettir Engilbertsson 266, 271  
 Grímur Árdal 100  
 Grímur Magnússon 31, 32  
 Grímur Kristgeirsson 309  
 Guðbergur Bergsson 204  
 Guðfinnur Einarsson 260  
 Guðjón Einarsson 441, 442, 443  
 Guðjón Friðriksson 257, 264  
 Guðjón Samúelsson 29  
 Guðjón Sigurjónsson 330-2  
 Guðlaugur Rósinkranz 16, 139  
 Guðmundur Alfredsson 329  
 Guðmundur Arnlaugsson 65  
 Guðmundur Ágústsson 20  
 Guðmundur Einarsson 393, 439  
 Guðmundur Gilsson 437  
 Guðmundur Guðmundsson 66, 186,  
 209, 212, 216, 218, 446, 460  
 Guðmundur Guðmundsson í Gufudal  
 27, 28  
 Guðmundur Guðmundsson skólaskáld  
 18  
 Guðmundur H. Ingólfsson 276  
 Guðmundur G. Hagalín 28-30, 34, 69,  
 300  
 Guðmundur Halldórsson 36  
 Guðmundur Hjartarson 209  
 Guðmundur Í. Guðmundsson 73, 164,  
 165, 235  
 Guðmundur Jónsson frá Melum 307  
 Guðmundur Jónsson píanókennari 82  
 Guðmundur Jónsson kennari 261, 263  
 Guðmundur Kamban 302, 472  
 Guðmundur Oddsson 473  
 Guðmundur Ólafsson 257  
 Guðmundur Sigurðsson 29, 37, 171  
 Guðmundur Skaftason 265  
 Guðmund Thorsteinsson 203  
 Guðmundur Valgeirsson 307  
 Guðmundur Vigfússon 209, 216  
 Guðmundur G. Þórarinnsson 417  
 Guðni Guðmundsson 66, 67, 270, 366  
 Guðni Jónsson 61  
 Guðný Guðjónsdóttir 14,  
 Guðriður Hafliðadóttir (yngri) 36  
 Guðriður Hafliðadóttir 11, 13, 15, 24,  
 76  
 Guðriður Hannibalsdóttir 17, 35, 72  
 Guðriður Þorsteinsdóttir 438  
 Guðrún Agnarsdóttir 439  
 Guðrún Finnbogadóttir 152  
 Guðrún Helgadóttir 99, 218  
 Guðrún Jónsdóttir 317  
 Guðrún Laxdal 52  
 Guðrún Ólafsdóttir 14, 35,  
 Guðrún Pétursdóttir 73  
 Guðrún Valdimarsdóttir 284

- Guðrún Vilmundardóttir 89  
 Guevara, Che 31  
 Gunnar Árnason 51  
 Gunnar Flóvenz 187  
 Gunnar Gunnarsson 40  
 Gunnar Snorri Gunnarsson 266  
 Gunnar Huseby 39  
 Gunnar Jónsson skíðakappi 256, 257  
 Gunnar Jónsson, forstöðumaður  
 Brunabótafélagsins 247, 276  
 Gunnar Karlsson 224  
 Gunnar Norland 66, 94  
 Gunnar G. Schram 20, 140, 429  
 Gunnar Sigurjónsson 47  
 Gunnar Thoroddsen 43, 44, 56, 223,  
 271, 279, 305, 336, 339, 341, 368,  
 372, 373, 386-8, 395, 397, 401,  
 402, 413, 414, 416, 419, 421, 429,  
 430-2, 437, 439, 440, 444, 450,  
 451  
 Gunnlaugur Finnsson 306  
 Gunnlaugur Jónasson 247  
 Gylfi Ásmundsson 98, 100  
 Gylfi Þ. Gíslason 67, 70, 74, 75, 89,  
 140, 180, 181, 186, 192, 208, 209,  
 222, 23-6, 246, 247, 293, 294, 296,  
 302, 311, 327, 338, 342, 360, 361,  
 371, 375, 382, 394, 402, 429  
 Gylfi Gröndal 72  
 Hafliði molla 12, 13, 37  
 Hafliði Ólafsson 14, 21, 28, 34, 37,  
 42, 76  
 Haines, Jimmy 138  
 Halldór Blöndal 51, 55, 56, 65  
 Halldór Þorsteinn Briem 149  
 Halldór Hafliðason 36, 37-9  
 Halldór Haraldsson 65  
 Halldór Kiljan Laxness 30, 31, 34, 45,  
 61, 78, 125, 156-62, 226-8, 248,  
 300, 303  
 Halldór S. Magnússon 224  
 Halldór Þorgeirsson 319  
 Halldóra Eldjárn 281, 282  
 Hallgrímur Helgason 126  
 Hallgrímur Pétursson 67  
 Hallgrímur Snorrason 346  
 Hallgrímur Sveinsson 200  
 Halvorsen, Dag 145, 146  
 Hamilton, Paul 111  
 Hamsun, Knut 159, 160  
 Hannes Hafstein 184, 300  
 Hannes háleggur 25  
 Hannes Hólmsteinn Gissurarson 55,  
 271, 378, 441, 443, 444  
 Hannes Pétursson 300  
 Hannibal Valdimarsson 11, 13-17, 19-  
 23, 28-34, 37, 42, 44, 47, 49, 50,  
 65, 66, 71-6, 83, 87, 89, 90, 92,  
 94, 132-4, 139, 181, 187, 195, 203,  
 205, 207-10, 212, 215, 218-25,  
 246, 275, 279, 281, 284-7, 289,  
 290, 292-303, 305, 310, 314, 348,  
 360-2, 393, 394, 402, 449  
 Hannibal Þúnverjakappi 354  
 Hans G. Andersen 129, 130  
 Hans Haraldsson 264  
 Hansen, H.C. 186  
 Hanson, Per Albin 173  
 Haraldur Guðmundsson 28, 29, 73,  
 74, 302, 357, 438  
 Haraldur J. Hamar 166  
 Haraldur Hannesson 398  
 Haraldur Henryrýsson 71, 223  
 Haraldur Jóhannsson 139  
 Haraldur Leósson 264  
 Haraldur Nielsson 181, 194  
 Haraldur Ólafsson 171  
 Hardy, Thomas 172  
 Harpa Árdal 100  
 Haukur Clausen 39  
 Haukur Dór 99  
 Haukur Hauksson 285  
 Haukur Jóhannsson 148  
 Haukur Morthens 437  
 Haukur Snorrason 285  
 Hayek, Friedrich 116, 117, 378  
 Healey, Denis 88  
 Hedtoft, Hans 186, 300

- Hegel, Georg Wilhelm Friedrich 124  
 Heilbroner, Robert 268  
 Helgi Már Arthúrssón 262, 366, 390  
 Helgi Hjálmarsson 270  
 Helga Egilson 202, 203  
 Helga Magnúsdóttir 194  
 Helga Þórarinsdóttir 330  
 Helgi Bergs 283  
 Helgi Haraldsson 148, 167, 168, 262  
 Helgi í Dal 14  
 Hemingway, Ernst 30  
 Herdis Hübner 262  
 Hermann Jónasson 28, 43, 74, 75, 87,  
 103, 139, 180, 210, 235, 305, 357,  
 382, 426  
 Hermann Pálsson 93, 99, 101, 108  
 Herta Schenk Leósson 264  
 Hertz, Vera 158  
 Héðinn Valdimarsson 74, 54, 209,  
 212, 227, 301, 356, 357, 358, 394,  
 434, 435, 438, 449  
 Hildur Bjarnadóttir 262  
 Hildur Eiríksdóttir 266  
 Hill, Joe 269  
 Hitler, Adolf 11, 105, 123, 125, 126,  
 146, 159, 160, 161, 228, 356  
 Hjalti Kristgeirsson 78, 149, 151, 181  
 Hjálmar Jónsson 18, 298  
 Hjálmar Helgi Ragnarsson 253, 265,  
 266  
 Hjörleifur Guðmundsson 294  
 Hjörleifur Guttormsson 140, 149, 153,  
 230, 311, 412, 414-18, 460  
 Hobson, John Atkinson 96  
 Hoffmann, Stanley 321  
 Holm, Bill 237  
 Hook, Sidney 96  
 Hoonard, Willi van den 251, 319  
 Hulda Jakobsdóttir 47, 279, 280, 358,  
 359  
 Hulda Stefánsdóttir 16  
 Hume, David 96, 97, 100  
 Humphrey, Hubert 316  
 Högni Þórðarson 29, 276  
 Hörður Bergmann 191, 218, 223  
 Hörður Einarsson 71  
 Hörður Erlingsson 269  
 Höskuldur Einarsson 163  
 Höskuldur Jónsson 69, 70, 78  
 Höskuldur Þráinsson 330  
 Ibsen, Henrik 160, 240  
 Indriði G. Þorsteinsson 26, 171, 409  
 Ingi R. Helgason 218, 229  
 Ingi T. Lárússon 204  
 Ingibjörg Björnsdóttir 279, 280  
 Ingimar Jónsson 357  
 Ingimundur Sveinsson 276  
 Ingjaldur Hannibalsson 190  
 Ingólfur Árnason 184  
 Ingólfur Helgason 98, 99  
 Ingólfur Margeirsson 18  
 Ingólfur A. Þorkelsson 191, 270  
 Ingvar Brynjólfsson 68  
 Ingvi Hrafn Jónsson 441  
 Irving, Frederick 315  
 Jackovich, Vic 269  
 Jackson, Jesse 105  
 Jagger, Mick 400  
 Jakob Hallgrímsson 252  
 Jakob Frimann Magnússon 400  
 Jefferson, Thomas 111  
 Jevons, William Stanley 113  
 Johnson, Lyndon B. 51, 83  
 Joyce, James 189  
 Jóhann Páll Árnason 148, 149  
 Jóhann Briem 61  
 Jóhann Jónsson 18  
 Jóhann Möller 79  
 Jóhann Sigurjónsson 18, 44  
 Jóhanna Sigurðardóttir 368, 393, 405,  
 413, 438, 445, 466, 473  
 Jóhannes Guðmundsson 366  
 Jóhannes Kjarval 318  
 Jóhannes Nordal 163, 180, 181, 234,  
 309, 388, 418  
 Jóhannes Pálmason 60  
 Jóhannes úr Kötlum 18, 44, 71, 156,  
 300

- Jón Arnalds 52  
 Jón Auðuns 30  
 Jón Múli Árnason 132, 133  
 Jón Ben. Ásmundsson 298  
 Jón B. á Gunnvöru 259  
 Jón Baldvinsson 17, 26, 301, 356, 357,  
 394, 397, 398, 399, 435  
 Jón Blöndal 28, 360, 361  
 Jón Brynjólfsson 195  
 Jón Böðvarsson 163, 191, 270  
 Jón Guðmundsson skrifstofustjóri 29  
 Jón Guðmundsson kennari 65, 66, 199  
 Jón H. Guðmundsson 47, 50  
 Jón Gunnarsson 148  
 Jón Ormur Halldórsson 271  
 Jón Páll Halldórsson 247  
 Jón Helgason 184  
 Jón Hróbjartsson 317  
 Jón Laxdal 55  
 Jón Leifs 63  
 Jón Magnússon fréttastjóri 57  
 Jón Magnússon forsætisráðherra 404  
 Jón Nordal 82  
 Jón Ólafsson heimspékingur 227  
 Jón Ólafsson bankastjóri 398  
 Jón Rögnvaldsson 184  
 Jón Sigurðsson 29, 37, 39, 75, 171,  
 172, 313, 342  
 Jón Sigurðsson skólastjóri 49  
 Jón Karl Sigurðsson 256  
 Jón Skaftason 282, 283  
 Jón Snorri Þorleifsson 218  
 Jón Sólnes 282, 283  
 Jón Sæmundur Sigurjónsson 413  
 Jón Trausti 40  
 Jón Valdimarsson 245  
 Jón Þorláksson 26, 191  
 Jón Þórarinnsson 82, 202, 349  
 Jóna Hansen 191  
 Jónas Árnason 131-4, 163, 347  
 Jónas Guðlaugsson 18  
 Jónas Hallgrímson 18, 300  
 Jónas Haralz 163, 180, 181, 234, 235,  
 369  
 Jónas Jónsson frá Hriflu 15, 26, 29,  
 59, 60, 75, 99, 182, 252, 279, 404,  
 451  
 Jónas Tómasson 247, 253, 277  
 Jónatan Einarsson 260  
 Júníus Kristinsson 185  
 Jökull Jakobsson 259, 260  
 Kai-shek, Chiang 147  
 Kant, Immanuel 96  
 Karl Bjarnason 317  
 Karl Guðjónsson 224  
 Karl Guðmundsson 53  
 Karl Steinar Guðnason 413  
 Karvel Pálmason 287, 294, 295, 298,  
 302, 307, 308, 311, 335, 413  
 Katrín Viðar 49  
 Kennedy, John F. 83, 170, 269, 287  
 Kenyatta, Jomo 103, 104  
 Ketill Guðmundsson 29  
 Keynes, John Meynard 88, 109, 112,  
 114-16, 118, 119, 122, 130, 139  
 Khrústsjov, Nikíta 140, 141, 147, 228  
 Kiddi í Kiddabúð 306  
 King, Martin Luther 84, 105, 317  
 Kirkeby, Per 145, 146, 147  
 Kissinger, Henry 322  
 Kjartan Gunnarsson 271  
 Kjartan Jóhannsson 50, 302, 335, 341,  
 346, 367, 368, 388-91, 401, 413,  
 435, 453, 466, 468, 473  
 Kjartan Ólafsson verslunarstjóri 14  
 Kjartan Ólafsson alþingismaður 218,  
 229, 303, 415, 357  
 Kjuregej, Alexandra 57  
 Klemens Jónsson 129  
 Kolfinna Baldvinsdóttir 34, 199, 252,  
 278, 349, 387  
 Kossuth, Lajos 150  
 Kristine Engilbertsson 266  
 Kristinn E. Andrússon 61, 78, 150,  
 228, 229, 230  
 Kristinn Ármannsson 68  
 Kristinn Kristmundsson 270  
 Kristin í Odda 35

- Kristín Halldórsdóttir 439  
 Kristín Oddsdóttir 261  
 Kristín Ólafsdóttir 29  
 Kristín Anna Þórarinsdóttir 259  
 Kristjana Helgadóttir 35  
 Kristján Eldjárn 43, 281, 282  
 Kristján frá Djúpalæk 184, 300  
 Kristján frá Garðstöðum 287, 288  
 Kristján Gíslason 80  
 Kristján Guðbjartsson 149  
 Kristján Ragnarsson 425  
 Kristján Rögnvaldsson 80  
 Kristján Schram 200  
 Kristófer Már Kristinsson 394  
 Krupskaya, Nadezhda Konstantinova  
     146  
 Krzyzanowski, Henryk 145, 146, 147  
 Laddi sjá Þórhallur Sigurðsson  
 Lagerlöf, Selma 40  
 Lange, Oskar 146  
 Larsen, Aksel 229  
 Laufey Sigurðardóttir 330  
 Laufey Þorbjarnardóttir 171  
 Lára Hafliðadóttir 36  
 Lára Oddsdóttir 261  
 Lára Schram 200  
 Lára Veturliðadóttir 348  
 Lárus Jónsson 452  
 Lárus Pálsson 240  
 Lenín, Vladimir Iljits 60, 100, 116,  
     146, 154, 158  
 Leontiev, Vasili 321  
 Leopold 182  
 Lewis, Bernard 320  
 Lie, Hákon 186  
 Lincoln, Abraham 348  
 Lindgren 249  
 Líneik Árnadóttir 34-7  
 Lobasjevskí, Nicolai Ivanovitsj 263  
 Locke, John 96  
 Loftur Guttormsson 140  
 Lumumba, Patrick 105  
 Lúðvig Guðmundsson 17  
 Lúðvík Jósepsson 89, 91, 103, 187,  
     188, 216, 221-4, 228, 233, 236,  
     289, 291, 306, 311-14, 339, 360,  
     396, 401, 402, 450  
 Lýður Jónsson 22, 42-4  
 Machiavelli, Niccolo 73, 96  
 Madison, James 111  
 Magdalena Schram 198, 268, 269, 296  
 Magnús Ásgeirsson 300, 356  
 Magnús Brynjólfsson 194  
 Magnús Gíslason 89  
 Magnús Grímsson 32  
 Magnús Reynir Guðmundsson 236,  
     276  
 Magnús Jónsson eymingi 51, 57, 68,  
     69, 77, 79, 89, 90, 91  
 Magnús Jónsson frá Mel 233, 282, 283  
 Magnús Kjartansson 218-20, 222, 224,  
     225, 357  
 Magnús Magnússon 108  
 Magnús H. Magnússon 341, 345, 367,  
     368, 414, 435  
 Magnús Torfi Ólafsson 216, 217, 218,  
     219, 224, 226, 286, 293, 297, 307,  
     311  
 Magnús Pétursson 266, 342  
 Magnús Skúlason 71, 72  
 Magnús Þórðarson 149  
 Maja Árdal 100  
 Makaríos erkibiskup 103, 104, 291  
 Malthus, Thomas 96  
 Maó Zedong 150, 152  
 Margrét Eggertsdóttir 51, 270  
 Margrét Magnúsdóttir 143, 194, 195,  
     197, 203  
 Margrét Schram 198, 285  
 Marianna Friðjónsdóttir 438  
 Marx, Karl 78, 81, 96, 116, 120, 123,  
     124  
 Mathias, Bob 39  
 Matthías Bjarnason 88, 90, 302, 303,  
     304, 337, 397, 425, 429  
 Matthías Jochumsson 55, 300  
 Matthías Johannessen 166, 189  
 Matthías Jónasson 80, 192

- McCarthy, Eugene 316  
 McTaggart 104  
 Mengistu, Haile Mariam 324  
 Mill, John Stuart 96  
 Milosz, Czeslaw 126  
 Mitterand, François 128, 447  
 Montesquieu, Charles Louis 96  
 More, G.E. 100  
 Mosaddeq, Mohammad 103  
 Móeiður Júníusdóttir 185  
 Muggur sjá Guðmundur Thorsteinsson  
 Munchhausen, Karl Friedrich von 426  
 Mussolini, Benito 125  
 Múhameð Ali 105, 106  
 Myrdal, Jan 152  
 Nader, Ralph 329  
 Naguib, Muhammad 73  
 Nasser, Gamal Abdel 73  
 Nelson, Horatio 412  
 Niebuhr, Reinhold 83, 97  
 Nietzsche, Friedrich Wilhelm 97, 372  
 Nixon, Richard M. 170, 316, 324  
 Novak, Helga 153  
 Nyasi 102  
 Oddný Einaradóttir 306  
 Orwell, George 125, 126, 158  
 Ottó Jónsson 71  
 Ólafía Sveinsdóttir 261  
 Ólafur Björnsson 163, 181, 234, 382  
 Ólafur G. Einarsson 368, 452  
 Ólafur Erlingsson 276  
 Ólafur Friðriksson 54, 57, 194  
 Ólafur Ragnar Grímsson 180, 276, 307, 309-11, 369, 414, 415, 417, 429, 446, 450  
 Ólafur Guðmundsson 305, 306  
 Ólafur Bjarni Guðnason 366  
 Ólafur Hannibalsson 17, 35, 72, 73, 148, 185, 186, 223, 249, 250, 285, 286, 287, 303  
 Ólafur Hansson 67, 68, 182  
 Ólafur Jóhannesson 74, 143, 216, 220, 254, 290, 291, 293, 297, 310, 312, 313, 333, 336, 338, 339, 341, 344, 346, 401, 406, 429, 453  
 Ólafur Jónsson gagnrýnandi 29, 69, 72, 140  
 Ólafur Jónsson skipstjóri 350  
 Ólafur Kristjánsson 258, 259  
 Ólafur M. Schram 198  
 Ólafur Sigurðsson 285  
 Ólafur Jóhann Sigurðsson 300  
 Ólafur Thors 31, 43, 53, 75, 161, 271, 381, 382, 402, 414  
 Ólafur Þ. Jónsson 418  
 Ólafur Þórðarson 13,  
 Ólína Þorvarðardóttir 268  
 Ólöf Bjarnadóttir 129, 130  
 Ómar Friðriksson 466  
 Ómar Ragnarsson 302  
 Óskar Þórarinsson 35  
 Palme, Olof 174, 176, 438  
 Patursson, Erlendur 89  
 Páll S. Árdal 66, 67, 99, 100, 104  
 Páll Einarsson 199, 200  
 Páll Ísólffsson 63, 82  
 Páll Magnússon 441  
 Páll Pétursson 340, 422, 423, 435  
 Pálmar Ólason 70  
 Pálmi Hannesson 70, 80, 81, 87  
 Pálmi Jónsson alþingismaður 56, 444  
 Pálmi Jónsson í Hagkaupum 420  
 Peacock, Alan T. 111  
 Pelikan, Jiri 148  
 Pétur Benediktsson 55, 233  
 Pétur Guðjónsson 330, 331, 446  
 Pétur Pétursson 467  
 Pétur Sigurðsson 281  
 Pilsudski, Jozef 146  
 Planck, Max 112  
 Popper, Karl 123, 124  
 Powell, Colin 105  
 Presley, Elvis 170  
 Qichen, Qian 201  
 Quisling, Vidkun 159  
 Ragna Aðalsteinsdóttir 41  
 Ragna Bergmann 438

- Ragnar Arnalds 51-3, 55, 62, 77, 79, 86, 139, 165, 166, 311, 338, 34-8, 414, 415, 419, 429
- Ragnar Tómas Árnason 53
- Ragnar H. Ragnar 30, 82, 251-3, 258, 265, 266, 317
- Ragnar Jónsson í Smára 248-50
- Ragnar Stefánsson 77
- Ragnheiður Möller 57
- Ragnhildur Hafliðadóttir 36
- Ragnhildur í Ögri 36, 40, 44, 45
- Rannveig Ágústsdóttir 20
- Reagan, Ronald 117, 118
- Rebekka Jónsdóttir 28
- Reshetov, Juri 165-7
- Ricardo, David 96
- Rigmor Hanson 62
- Ríkharður Kristjánsson 203
- Rolland, Romain 129
- Roosevelt, Franklin D. 83, 116, 123, 154, 161
- Rousseau, Jean-Jacques 96
- Róbert Arnfinnsson 437
- Russell, Bertrand 96, 112, 145, 158
- Rögvaldur Rögvaldsson 184
- Rögvaldur Sigurjónsson 63, 82, 202
- Sakharov, Andrei 126
- Schumpeter, Joseph A. 119-23, 130, 176, 181, 322
- Selassie, Haile 323
- Shaw, George Bernard 89, 93, 118, 412, 413
- Sigfús Björnsson 62
- Sigfús Daðason 129, 220
- Sigfús Halldórsson 437
- Sighvatur Björgvinsson 47, 296-8, 306, 307, 335, 337-9, 342, 367, 368, 405, 413
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 265, 439
- Sigríður Gróa Þorsteinsdóttir 184
- Sigríður Jónsdóttir 251, 252, 253, 258
- Sigríður María Jónsdóttir 23
- Sigríður Siemsen 199
- Sigríður Snævarr 189
- Sigrún Finnbogadóttir 51
- Sigrún Valgeirsdóttir 320
- Sigtryggur Guðlaugsson 16
- Sigurbjörn Einarsson 272
- Sigurður Einarsson 273
- Sigurður Gissurarson 429
- Sigurður Greipsson 205
- Sigurður Guðmundsson bakari 29
- Sigurður Guðmundsson skólastjóri 16
- Sigurður Helgason 330
- Sigurður Jóhannsson 276
- Sigurður Jónsson 256
- Sigurður Kristjánsson 132, 347
- Sigurður Magnússon 72
- Sigurður A. Magnússon 397, 398
- Sigurður Nordal 33,
- Sigurður Ólafsson 47
- Sigurður H. J. Sigurðsson 267
- Sigurður Steinþórsson 59, 99
- Sigurjón Björnsson 216
- Sigursteinn Magnússon 94, 95, 108
- Sik, Ota 146
- Simon Jóhann Ágústsson 193
- Sjabakajeva, Dina 167, 168, 262
- Sjólóköff 40
- Skeggi Ásbjarnarson 49
- Skúli Halldórsson 71
- Skúli Magnússon 149, 150, 151, 152
- Smith, Adam 96, 97
- Snorri Hjartarson 300
- Snorri Sturluson 61, 81, 156, 160
- Snæfríður Baldvinsdóttir 34, 199, 278, 349
- Solzhenitsyn, Aleksandr 126
- Sóleig Ólafsdóttir 11, 14
- Spaak, Paul Henri 186
- Stalín, Jósef 33, 60, 71, 84, 119, 125, 126, 146, 147, 154, 156, 158, 159, 161, 208, 220, 221, 228, 303
- Stauning 300
- Steblin-Kaminski, Mikhail 167
- Steele, David 99
- Stefán Benediktsson 393, 439

- Stefán Gunnarsson 468  
 Stefán Íslandi 202, 203  
 Stefán Jónsson 267  
 Stefán Snævarr 189  
 Stefán Stefánsson 25, 30  
 Stefán Jóhann Stefánsson 73, 360  
 Stefán Valgeirsson 406, 407, 423  
 Steindór Árdal 100  
 Steindór Steindórsson 133, 134, 184, 297  
 Steingerður Gunnarsdóttir 256  
 Steingrímur Hermannsson 26, 302-5, 310, 325, 326, 336-8, 340, 346, 357, 367, 369, 371, 373, 386, 401, 402, 409, 414, 415, 420, 421, 423-7, 450-2, 456, 459-62, 465  
 Steingrímur Pálsson 224  
 Steingrímur Thorsteinsson 18, 300  
 Steinn Steinarr 14, 18, 81, 112, 238, 300, 356  
 Steinson, Aage 251  
 Stella Þorbjarnardóttir 101  
 Stephan G. Stephansson 44, 300, 388  
 Stevenson, Adlai 316  
 Styrmir Gunnarsson 51, 52, 71, 83, 87, 139, 186, 190, 219, 339, 372, 462  
 Svavar Gestsson 216, 218, 225, 228, 230-2, 311, 336, 340, 386, 396, 401, 414-16, 418, 446-8, 452, 459, 460  
 Svavar Sigmundsson 224  
 Sveinbjörn Egilsson 70  
 Sveinn Benediktsson 55  
 Sveinn Björnsson 398  
 Sveinn Einarsson 171  
 Sveinn R. Eyjólfsson 57, 58  
 Sveinn Skorri Höskuldsson 163  
 Sveinn snikkari 200  
 Sveinn Þórðarson 131  
 Sverri Ögurvíking 397  
 Sverrir Hermannsson 418, 444  
 Sverrir Hestnes 276  
 Sverrir Kristjánsson 61, 67, 156  
 Sørensen, Sture 89, 169  
 Tage Ammendrup 349  
 Tawney 96  
 Thatcher, Margaret 115, 117, 378, 445  
 Tito, Josip 84  
 Tocqueville, Alexis de 96, 111  
 Torfi Bryngeirsson 39  
 Toynbee, Arnold 97  
 Tómas Árnason 233, 234, 414, 421  
 Tómas Guðmundsson 18, 300  
 Tómas Tómasson 429  
 Truman, Harry S. 105  
 Tryggvi Gíslason 51, 80, 270  
 Tryggvi Helgason 184  
 Tryggvi Þórhallsson 26, 132, 188, 304, 451  
 Twain, Mark 177  
 Ulbricht, Wlater 153  
 Vala Thoroddsen 44, 279, 387, 388  
 Valdi víðátta 351, 352, 353  
 Valdimar Björnsson 317  
 Valdimar Lúðvík Gíslason 294  
 Valgerður Bjarnadóttir 334, 394  
 Valgerður Gunnarsdóttir Schram 20  
 Valgerður Kristjánsdóttir 20  
 Valur Gíslason 240  
 Valur Ingimundarson 226, 227, 381, 382  
 Vatnsenda-Rósa 18, 460  
 Vésteinn Ólason 223, 224  
 Viðar Ágústsson 264  
 Vigdís Finnbogadóttir 86, 91, 128, 163  
 Vilberg Vilbergsson 133, 258  
 Vilhjálmur Egilssonar 407  
 Vilhjálmur Einarsson 98  
 Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt 98, 99, 201, 270  
 Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra 347  
 Vilmundur Gylfason 165, 262, 296, 297, 307, 309, 333, 334, 336, 338, 342, 344, 346, 349, 366-70, 385, 388-94, 399, 402, 412, 413, 438,

- 439, 441, 442, 448, 450-3, 459,  
463
- Vilmundur Jónsson 29, 30, 34, 296,  
297, 301, 356, 360, 361
- Vifill Oddsson 201, 270
- Webb, Beatrice 93
- Webb, Sidney 93
- Weber, Max 96
- Welles, Orson 53
- Wells, Gordon 91
- Wilson, Harold 109, 110, 117
- Wittvogel 152
- Woodward, Bob 316
- Woodward, John 320, 321
- Þorbergur Þorbergsson 261, 262
- Þorbjörg Bjarnadóttir 255
- Þorgeir Þorgeirson 148
- Þorsteinn Erlingsson 44, 300
- Þorsteinn Hannesson 100
- Þorsteinn Pálsson 56, 397, 409, 461,  
462
- Þorsteinn Valdimarsson 297, 300
- Þorvaldur Garðar Kristjánsson 303,  
304, 306
- Þorvaldur Gylfason 130
- Þór Guðmundsson 277
- Þór Rögnvaldsson 202
- Þór Vigfússon 153, 193
- Þóra Kristjánsdóttir 171
- Þóra Rósinkransdóttir 13
- Þórarinn Björnsson 129, 149, 150
- Þórarinn Þórarinsson 282, 283, 429
- Þórbergur Þórðarson 34, 107, 156, 300
- Þórður Jónsson 329
- Þórður Ólafsson 14, 35,
- Þórður Sigurðsson 98, 99, 169
- Þórhallur Sigurðsson 437
- Þórhallur Tryggvason 132
- Þórir Sigurðsson 37, 39, 47, 171, 247
- Þórkatla Óskarsdóttir 99
- Þórunn Karitas Þorsteinsdóttir 264
- Þráinn Hallgrímsson 264, 366
- Þröstur Ólafsson 419, 420
- Þuríður Magnúsdóttir 32
- Þuríður Pálsdóttir 82
- Þuríður Pétursdóttir 264
- Örn Clausen 39









